FYRSTI FUNDUR, laugardag 26. júlí. Eftir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum samkvæmt fyrirmælum þingskapanna, settist neðri deild að í þingsal sínum og tók til starfa.

Þessir þingmenn áttu sæti í deildinni:

1. Ari Brynjólfsson, 2. þm. S.-Múl.
2. Árni Jónsson, þm. N-Þing.
3. Björn Bjarnarson, þm. Dal.
4. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
5. Eggert Benediktsson, 2. þm. Árn.
6. Guðlaugur Guðmundsson, þm. V.-Sk.
7. Hannes Þorsteinsson, 1. þm. Árn.
8. Hermann Jónasson, 1. þm. Húnv.
9. Jón Jónsson, 2. þm. N.-Múl.
10. Jón Magnússon, þm. Vestm.
11. Klemens Jónsson, 1. þm. Eyf.
12. Lárus H. Bjarnason, þm. Snæf.
13. Magnús Andrésson, þm. Mýr.
14. Ólafur Briem, 1. þm. Skagf.
15. Ólafur Davíðsson, 1. þm. N-Múl.
16. Pétur Jónsson, þm. S.-Þing.
17. Sighvatur Árnason, 2. þm. Rangv.
18. Sigurður Stefánsson, 2. þm. Ísf.
19. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
20. Stefán Stefánsson, 2. þm. Skagf.
21. Tryggvi Gunnarsson, þm. Rvík.
22. Þórður J. Thoroddsen, 2. þm. G-K.
23. Þorgrímur Þórðarson, þm. A-Sk.
24. Þórhallur Bjarnarson, þm. Borgf.

Samkvæmt áskorun landshöfðinga, gekk elzti þm. deildarinnar, Sighvatur Árnason., 2. þm. Rangv., til forsetasætis, og stýrði hann kosningu forseta og kvaddi sér til aðstoðar Jón Magnússon þm. Vestm., og Árna Jónsson, þm. N.-Þing.

Forsetakosning féll þannig, að Klemens Jónsson, 1. þm. Eyf., var kosinn með 22 atkv.; Þórhallur Bjarnarson, þm. Borgf., fekk eitt atkv.

Hinn nýkosni forseti gekk þá til sætis síns og stýrði fundinum, en aldursforseti gekk til sætis síns á þingbekknum.

Forseti: Eg leyfi mér hér með að færa h. deild mínar virðingarfylstar þakkir fyrir það traust og þá virðingu, sem hún hefir sýnt mér, með því, að kjósa mig á ný til forseta, og eg vona að mér framvegis megi hlotnast að halda því trausti og þeirri velvild, sem þingdeildin þannig hefir sýnt mér. Að svo mæltu vil eg biðja h. þingd. um að ganga til kosningar á varaforseta.

Varaforseti var kosinn Þórhallur Bjarnarson, þm. Borgf., með 22 atkv.; Tryggvi Gunnarsson, þm. Rvík., fekk 1 atkv. Skrifarar voru kosnir: Árni Jónsson, þm. N-Þing., með 23 atkv., og Jón Magnússon, þm. Vestm., með 22 atkv. Guðlaugur Guðmundsson, þm. V-Sk., fekk 1 atkv.

Þá lagði landshöfðingi fram til meðferðar í deildinni þessi stjórnarfrumv. og var þeim útbýtt í deildinni:

1. Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin

sérstaklegu málefni Islands, 5. jan. 1874.
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903.
3. Frv. til laga um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Islands.
4. Frv. til laga um breyting á lögum um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi 7. júní 1902.

Breyting á stjórnarskránni.

FRUMVARP til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 (C. bls. 1); 1. umr.; 28. júlí.

Landshöfðingi: Eg skal leyfa mér að benda h. þingd. á tvö atriði í athugasemdunum við frv. það, sem hér liggur fyrir. Fyrra atriðið er það, að stjórnin tekur það fram, að eigi beri að skoða frv. þetta sem samningagrundvöll, sem megi gera frekari breytingar á, heldur eins og tilboð, sem alþingi er í sjálfs vald sett að taka eins og það er, eða kjósa heldur frumvarpið frá í fyrra. Þetta sama, sem hér er tekið fram, er nákvæmlegar útskýrt í bréfi ráðgjafans til mín, og til þess að eigi verði hægt síðar að segja, að eg hafi eigi skýrt alls kostar rétt frá orðum hans, skal eg leyfa mér að lesa þau upp úr bréfinu eins og þau standa þar á dönsku, og eru þannig: — — »er den ikke sindet at indgaa paa Forslag til Ændringer i sit Forslag, herunder ogsaa Redaktionsændringer af den Beskaffenhed, at der kan være Tvivl underkastet, om Meningen efter dem i Virkeligheden forbliver den selvsamme som før«. Hér er það skýrt tekið fram, að stjórnin vilji ekki ganga inn á neinar breytingar á frv., ekki einu sinni orðabreytingar, ef nokkur vafi leiki á að þær haggi efninu; þó mun þetta þannig að skilja, að ekki hafi hún á móti því, þótt orðfærið væri lagað, ef þörf þykir, sé hins að eins gætt, að efnið breytist að engu leyti.

Annað atriðið sem eg vildi minnast á er það, að í athugasemdunum við frv. beinir ráðgjafinn því að þinginu, að heppilegt væri, að það léti í ljósi til leiðbeiningar fyrir stjórnina skoðun sína á því, hvernig heppilegast mundi vera að koma í kring breytingum þeim á æðstu umboðsstjórn landsins, sem samfara hljóta að verða eða samfara geta orðið stofnun hins innlenda ráðgjafaembættis og niðurlagning landshöfðingjaembættisins. Vil eg skjóta því til h. þingd. til yfirvegunar, áður en hún kýs nefnd þá, sem eg geri sjálfsagt ráð fyrir að skipuð verði í stjórnarskrármálinu, hvort hún vilji fela hinni sömu nefnd á hendur, að taka líka til yfirvegunar breytingarnar á umboðsstjórninni, eða skipa sérstaka nefnd til að íhuga þetta.

Lárus H. Bjarnason: Þá er nú loksins upp runninn sá dagur, er vér heimastjórnarmenn höfum lengst þráð. Þingi og þjóð er þrátt fyrir alt gefinn kostur á heimastjórn af þeirri stjórn, sem meiri hluti alþingis, eða að minsta kosti meiri hluti E.d., bar ekki meira traust til en svo, að hann lagði fyrir hana 13. ágúst í fyrra sama frumv., Hafnarstjórnarfrumvarpið, og hann bauð íhaldsstjórninni sálugu í þingbyrjun. Skýjaborgirnar, sem svo voru kallaðar í fyrra, eru komnar niður á jörðina, eru orðnar að kastala, kastala, sem vonandi enginn lengur þorir að ráðast á, kastala, sem allir nú þykjast elska, sem allir nú þykjast hafa bygt.

Eg skal fúslega kannast við það, að það skiftir minstu máli um faðernið, sé barnið að eins efnilegt, en það verð

eg þó jafnframt að segja, að foreldrinu er ekki láandi, þótt það vilji ekki láta óviðkomandi menn eigna sér efnisbarnið þess, eins og aftur á móti hitt er auðskilið, að sá, sem ekki hefir átt barnaláni að fagna, gjarnan vill eigna sér efnisbarnið. Það leiðir heldur ekki til neins, að þrátta um faðernið. Vér eigum hvort sem er ekki von á Salomon með sverðið, til þess að bjóða oss upp á að skifta króanum. Rauði þráðurinn í baráttu okkar heimastjórnarmanna hefir alt af verið tvíþættur: annar sá, að stjórn sérmálanna ætti heima í landinu, og hinn sá, að þing og þjóð hefði hæfileg tök á stjórninni.

Fyrri þátturinn er fenginn oss, rauð ur og traustur. Ráðherrann okkar hefir með Alexanders-egg skynseminnar höggvið sundur Gordíumshnútinn, sem útlendir og innlendir íhaldsmenn hnýttu löndunum, Danmörku og Íslandi, saman með. Ráðherrann verður alt af að vera við hlið konungs, sögðu kreddumennirnir. Það eru 350 milur milli konungs og Íslendinga, svo að ráðherrann getur ekki alt af verið við hlið konungs, úr því að hann á að mæta á alþingi; en hvort hann er lengur eða skemur við hlið konungs, skiftir ekki máli, sagði ráðherrann; því má hann sitja á Íslandi. Þetta er svo skýrt og skorinort, að það hlýtur að ganga inn í hvert höfuð.

Hinn þráðurinn er ekki alveg blá-þráðarlaus; þingið verður að hafa tök á stjórninni, ef vel á að fara, bæði siðferðisleg tök, og haldi þau ekki, þá líka lagatök. Siðferðislegu tökin eru þegar fengin, úr því að stjórnin á að sitja hér í landinu, og sækja laun sín og virðingu sína í hendur þinginu; en það vantar ekki lítið á lagalegu tökin.

Vér heimastjórnarmenn höfðum hugsað oss, að stjórnin ætti að bera ábyrgð gerða sinna í landinu sjálfu, en því miður verður nú væntanlega ekki girt fyrir það í þessu frumv., en frumv. opnar möguleika til þess, að bæta úr því með sérstökum lögum.

Vér heimastjórnarmenn, eða að minsta kosti nokkur hluti vor, hefðum og helzt kosið, að stjórnin hefði ekki getað gefið út bráðabirgðafjárlög ofan í þingið, en þess eigum vér heldur ekki kost.

Vér hefðum og margir hverir helzt kosið, að ráðherrann okkar hefði ekki getað heimtað eftirlaun, að minsta kosti ekki alt af. Það vakti ekki fyrir oss, að búa til hálaunaðan embættismann, er kannske gæti setið von úr viti, og þó jafnframt farið, þegar hann vildi með háum eftirlaunum. Vér hefðum helzt stutt að því, að í það sæti fengist sá maður, er þjónaði þjóð sinni meðan hann hefði traust hennar, en teldi sig jafnframt ekki ófúsan til að taka upp gamla starfið, er þjóðin ekki kysi lengur leiðsögu hans; en þetta verður nú líklega því miður að bíða betri tíma.

Eg áfelli ekki stjórnina, þótt boð hennar sé ekki alveg gallalaust. Hún býður oss betri kosti en vér gátum búist við, eftir breytni meiri hluta alþingis í fyrra. Vér gátum ekki búist við, að fá neitt betra en vér báðum um, svo sem margtekið hefir verið fram af vorri hálfu. Vér höfum fengið miklu meira, aðal krafa vor er fylt, og það er að þakka góðvild stjórnarinnar, og skjótum og góðum úrræðum heimastjórnarflokksins í fyrra.

En eins og eg get ekki áfelt stjórnina, eins vil eg ekki áfella meiri hluta alþingis eða efri deildar í fyrra; þjóðin er búin að því; hún er búin að fella sinn dóm, og eg er ánægður með þann dóm.

Það er svo margur klæðlítill í þessu landi, svo margur svangur, svo margur þyrstur, svo margur illa mentaður,

svo margur sjúkur, og svo margur hryggur, að vér höfum ekki ráð á, að eyða þeim auðnum, sem vér einum eigum jafnmikið af og aðrar þjóðir, tímanum, í innbyrðis stríð um það, sem vér megum án vera, enda búumst vér við að ná því seinna, sem nú er ekki gefinn kostur á.

Því göngum vér heimastjórnarmenn að frumvarpinu, um leið og vér þökkum stjórninni boð hennar, og viljum reyna að gleyma eldri gerðum andstæðinga vorra, án þess þó að vér teljum köllun vorri lokið.

Heimastjórnarflokkurinn ætlar sér ekki að eins að koma heimastjórn á í landinu, hann ætlar líka að styrkja heimastjórnina til bóta á atvinnuvegum landsins fyrst og fremst, en jafnframt til allra góðra og þjóðlegra framkvæmda.

Mér er sagt, að það sé hæstv. landsh. að þakka, að oss eru nú fengin sömu umráð yfir útgjöldunum til vorrar æðstu stjórnar, sem yfir öðrum gjöldum landssjóðs, og kann eg honum og stjórninni góðar þakkir fyrir þá góðu bragarbót. En um leið vil eg geta þess, að vér þingmenn mundum flestir hafa tekið eftir því svigrúmi, sem stjórnin hefir markað oss í þessu máli í athugasemdunum við frumv., þótt vér ekki hefðum verið mintir á það úr stjórnarfulltrúastólnum.

Að svo mæltu leyfi eg mér að leggja það til, að sett verði 7 manna nefnd í málið, þegar umræðunum lýkur.

Guðlaugur Guðmundsson: Málið gefur eins og það nú horfir við ekki tilefni til að fara neitt dýpra inn á sögu þess hin síðustu 7 ár né rekja sundur gang þess eða feril. Eg skal lýsa því yfir, að það gladdi mig mjög mikið, að heyra h. þm. Snæf. (L. H. B.) lýsa því yfir fyrir sína eigin hönd og flokksmanna sinna, að hann mundi ganga að frumv. óbreyttu; fyrir hönd þeirra manna, er greiddu frumv. 1901 atkv. sitt, get eg einnig lýst því yfir, að þeir munu ganga að frumv. sömuleiðis óbreyttu. —

Viðauka þann, sem frv. hefir fengið, verð eg að telja til verulegra verklegra umbóta, að því er snertir búsetu ráðherrans, og sömuleiðis það ákvæði, að þingið skuli ákveða laun hins æðsta íslenzka embættismanns. Aftur á móti er það eitt ákvæði í frumv., sem þingið áður hefir látið í ljósi, að það ekki teldi heppilegt eða fyllilega réttmætt. En með því að það ákvæði hefir fremur »theoretiska« en verulega praktiska þýðingu, þá viljum við ekki gera það að þrætuefni, eins og málið nú horfir við. — Eg á við það ákvæði frumv., að málin skuli borin fyrir konung í ríkisráðinu. Með því mun eiga að slá því föstu, að sú skoðun, sem stjórnin hingað til hefir haldið fram um þetta, sé rétt, en ekki skoðun þingsins.

Ræðu háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) að öðru leyti, sem hann raunar beindi dálítið persónulega að mér, þar sem hann vitnaði í orðtak, sem eg notaði á þingi 1901, finn eg ekki ástæðu til að svara á þessu stigi málsins, enda býst eg ekki við því, að það hafi verið tilgangur hans og allra sízt flokksmanna hans, að þau orð yrðu nú að deiluefni.

Hæstv. landsh. vék að því í ræðu sinni, hvort ekki ætti við, að hin fyrirhugaða nefnd tæki til athugunar tilhögun á hinni nýu stjórn. Mér finst þetta einmitt hljóta að verða aðalhlutverk þessarar nefndar, að koma með einhverjar tillögur í þessa átt. — Það virðist vera fremur hægt verk, að laga málið á þessu frumv., þar sem frumv. frá 1901 er hér óbreytt tekið

upp; en það frumv. var vandlega og ítarlega athugað bæði að máli til og öðru, og þar sem þau nýmæli, sem stjórnin hefir bætt við þetta frv., sýnast öll heppilega orðuð, þá sýnist svo sem þingið hafi lítið annað að vinna en að koma með tillögur í þessa átt, sem stjórnin hefir farið fram á. — Aðal-atriðið er að taka til athugunar fyrirkomulagið á hinni nýju stjórn. — Mér finst ráðgjafinn fara nokkuð djúpt inn á hin einstöku atriði, ef til vill dýpra en hyggilegt er. Nefndin finst mér ætti að takast aðallega fyrir hendur, að koma með ákveðnar tillögur um þau embætti, sem ættu að leggjast niður, og þau, sem ætti að stofna; aftur ætti nefndin ekki að fara inn á einstaka liði, því það yrði hlutverk stjórnarinnar, að koma með sundurliðaðar ákveðnar tillögur fyrir þingið 1903 eða 1905.

Að öðru leyti skal eg sem sagt ekki fara neitt dýpra inn á málið í þetta sinn né sögu þess, en leyfi mér að styðja till. háttv. þingm. Snæf. (L. H. B.) um, að sett verði 7 manna nefnd í málið.

Lárus H. Bjarnason: Það eru að eins örfá orð, sem eg vildi segja. — Eg get tekið undir með háttv. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.) um það, að rétt sé, að nefndin taki til athugunar fyrirkomulag hinnar nýju, umboðslegu stjórnar. Annars stóð eg upp til að leiðrétta eitt orð í ræðu þingmannsins, sem mér féll ekki alls kostar. Hann sagði, að frv. frá 1901 hefði verið tekið upp óbreytt í frumv. stjórnarinnar. Það er alveg rangt. Frumv. stjórnarinnar flytur ráðherrann og ráðaneyti hans hingað heim; það leggur honum laun hans úr landssjóði og fær alþingi umráð yfir kjörum hans og ráðaneyti hans.

Þetta atriði heyrði eg h. þm. V.-Sk (Guðl. Guðm.) ekki minnast á (*Guðlaugur Guðmundsson*: Eg nefndi það), og leyfi mér þess vegna að vekja enn á ný athygli á því.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

7 manna nefnd samþ. í einu hlj.

Að viðhafðri hlutfallskosningu hlutu þessir kosningu:

Lárus H. Bjarnason,
Guðlaugur Guðmundsson,
Sigurður Stefánsson,
Hannes Þorsteinsson,
Jón Jónsson,
Pétur Jónsson,
Ólafur Briem.

Önnur umr., 6. ágúst (frv. bls. 1, nefndarál. þgskj. 39).

Framsögumaður meiri hl. (Lárus H. Bjarnason): Eg veit varla hvort það er réttnefni, að kalla mig framsm. meiri hlutans, þótt háttv. forseti nefndi mig svo, og þótt eg sé svo kallaður í undirskriftinni undir nefndarálitinu. Hér er eiginlega ekki um neinn meiri hluta og minni hluta að ræða, því að öll nefndin er sammála um það, að taka beri frumv. stjórnarinnar efnisbreytingalaust, og satt að segja bjuggumst vér meiri hluta menn ekki við því, að nefndin mundi þurfa að klofna.

Vér bjuggumst við, að háttv. minni hluti mundi geta skrifað undir nefndarálitið, að minsta kosti með skilorði.

Það er í rauninni óþarft að rekja nú sögu máls þessa það hefir svo oft verið gert áður. Þó skal eg víkja nokkrum orðum að meðferð þess utan þings og innan.

Fyrst var slegið til hljóðs fyrir kröfunni um landsstjóra. Flaggið var dregið í fulla stöng; það var flaggað fyrir idealinu, fyrir hugsjóninni. Seinna urðu menn að játa, að þessi stefna væri lítt aðgengileg fyrir stjórnina, og nokk-

uð íburðarmikil fyrir þjóðina og jafnframt var flaggið lækkað nokkuð. Þá kom fram miðlunin; og er sú stefna varð eigi heldur til þess, að leiða málið til lykta, þá var enn breytt til. Þá var flaggið dregið niður, heimastjórnarkröfunni var slept. Valtýskan kom til sögunnar.

Fylgismenn þeirrar stefnu hafa alt af varið hana með því, að ekki væri til neins að berjast fyrir því, er vissa væri fyrir að ekki fengist, en hins vegar bæri ekki að sleppa neinu tækifæri til þess að fá sem mest. Þessi stefna er ekki fundin upp af andstæðingum vorum. Henni er beitt út um allan heim af samningamönnunum í pólitíkinni, og hún getur verið praktisk stundum.

En þessari stefnu fleygðu andstæðingar vorir fyrir borð 13. ág. í fyrra sumar. Andstæðingar vorir samþyktu þann dag valtýskuna svokölluðu í Ed. og vissu þó, að þá var komin til valda í Danmörku frjálslynd stjórn, er var fús á að fylla allar sanngjarnar kröfur vorar. Þann dag henti oss mesta slysið í allri vorri löngu, krókóttu stjórnarbaráttu, það slys, að standa tvístraðir frammi fyrir hinni nýju stjórn, og af því slysi megum vér nú súpa seyðið nú, er oss er að vísu boðið meira en meiri hluti Alþ. fór fram á í fyrra, en miklu minna en minni hlutinn þá krafðist.

Oss er nú boðið að ráðgjafinn skuli vera búsettur hér á landi, og vér eigum að fá að launa honum, sem öðrum starfsmönnum vorum. Vér eigum að hafa sömu umráð yfir launakjörum hans, sem yfir öðrum gjöldum landssjóðs. En hins vegar lítur þó frumv. nokkuð öðruvísi út en vér mundum hafa óskað.

Fyrst skal eg taka það fram, að því verður ekki neitað, að stjórnin hefir afmarkað þinginu helzt til þröngt svið, sett því tvo kosti, annaðhvort að samþykkja frumvarpið óbreytt, eða þá frv. frá 1901, og má þar að minni hyggju sjá fyrstu afleiðingarnar af sundurþykki þingsins 1901.

Í annan stað hefir stjórnin nú í fyrsta skifti tekið það beint fram, að sérmál vor skuli borin fram í ríkisráðinu.

A þinginu 1901 voru báðir flokkar sammála um að láta þetta atriði liggja á milli hluta, og eg hygg að báðir flokkarnir séu enn sammála um, að þetta ákvæði hefði ekki átt að standa í frumvarpinu, enda þótt það hefði litla praktiska þýðingu, hvort það er nefnt eða ekki, úr því að mál vor hafa verið borin þar upp og mundu framvegis hafa verið flutt þar. Að minsta kosti get eg fullyrt það um heimastjórnarflokkinn, að hann óskar þess af heilum hug, að vér hefðum getað verið lausir við það, og aldrei hefði honum dottið í hug að koma að fyrra bragði fram með slíkt.

Það er ekki ólíklegt, að stjórnin hafi tekið þetta upp hjá sér, er hún sá, hve skoðanir þingsins voru skiftar 1901, og væri þetta þá önnur afleiðingin af sundrung þingsins.

Í þriðja lagi sést það á 2. og 13. gr. frumv., að hæstarétti er að minsta kosti fyrst í stað ætlað að dæma gjörðir ráðherrans, enda þótt krafan um landsdóminn væri eitt af aðalatriðunum fyrir oss minni hluta mönnum í fyrra og sé það enn.

Í fjórða lagi er ekkert tillit tekið til óska minni hlutans í fyrra um, að stjórnin geti ekki gefið út bráðabirgðafjárlög ofan í fjárlög þingsins, og það eru ekki lítil vonbrigði fyrir þá, sem unna þingræðinu.

Í fimta lagi er hallað á bændur í niðurlagi 6. gr., en um það verður stjórninni ekki kent. Þaraðlútandi ákvæði er tekið upp úr frumvarpi þingsins 1901.

Þar segir, að afnema megi með lögum aukaútsvar og greiðslu eftir staflið b, útsvar lausamanna og húsmanna, sem skilyrði fyrir kosningarrétti, en eigi látið hið sama ganga yfir bændur. Að vísu mun ákvæði þetta naumast fá mikla praktiska þýðingu, því að það mun leitun á þeim bændum, er eigi greiða eitthvað aukaútsvar; en hér er þó principielt hallað á þá stétt, sem sízt ætti á að halla, og óviðkunnanlegt er það, að svo skuli um hnútana búið, að húsmaðurinn geti orðið rétthærri en bóndinn.

En þótt frumvarpið sé þannig engan veginn gallalaust og allófullkomið, get eg þó lýst því yfir fyrir hönd heimastjórnarflokksins, að flokkurinn gengur allur að því.

Nú hafa báðir stjórnflokkar, er ráða munu í Danmörku um langan aldur, lýst því yfir, hve langt þeir séu leiðanlegir, en vér hins vegar fengið það, sem vér alt af höfum lagt aðaláherzluna á, búsetu hinnar æðstu stjórnar í landinu, og væri því óforsvaranlegt að tefla þessari miklu bót í tvísýnu með því að leggja á ný út í langa og vonlitla eða vonlausa baráttu, enda göngum vér að frumvarpinu í fullu trausti þess, að síðar muni auðnast að fá það lagað, sem nú er ábótavant, og sérstaklega göngum vér að frumv. í því trausti og með þeirri von, að frá þinginu 1903 muni verða afgreidd lög um ábyrgð ráðherrans, og að þau lög nái konunglegri staðfesting; því að þótt þetta frv. veiti þinginu síðferðisleg tök á ráðgjafanum, þá brestur mikið á, að það hafi fengið lagatök á honum.

Reyndar vona eg, að seint komi til þess að þeim þurfi að beita; en það er eigi að síður mikilvægt að eiga ábyrgðarákvæðin til, og aðhald fyrir ráðgjafann eru þau að minsta kosti. Eg hefði persónulega búist við því, að úr því að vér eigum að fá ráðgjafann búsettan hér, þá mundi ekki vikið jafnlangt frá almennum varnarþingsreglum sem hér er gert.

Þótt háttv. minni hluti hafi ekki orðið oss samferða með orðabreytingar þær, sem vér höfum lagt til að gerðar væru, mun eg mega fullyrða, að honum líki ekki prýðisvel orðalag það, sem vér viljum breyta. Orðið ráðherra er bæði fallegra orð en ráðgjafi og táknar betur vald hans. Á meðan konungur var einvaldur, þá var orðið ráðgjafi réttnefni, en eins og valdinu er nú háttað, þá á ráðherranafnið betur við. Þá leggjum vér það til, að orðin í 6. gr. b. »í kaupstöðum og hreppum« falli burt; þeim er ofaukið, því að þeir menn, sem um er að ræða, hljóta að eiga heima á öðrum hvorum staðnum.

Í þriðja lagi höfum vér áskilið oss rétt til að breyta nafninu landritari síðar meir, og setja annað nafn í staðinn; það er af tveim ástæðum, að vér vildum fá því breytt; fyrst af því, að landshöfðingjaritaranum hefir að undanförnu verið gefið þetta heiti. En vald þess manns og verksvið, sem eftir frumv. á að heita landritari, er alt annað og stórum meira en hins núverandi landshöfðingjaritara. Í öðru lagi hefir ritara nafnið ekki fólgna í sér neina bendingu um, að sá, sem það á að bera, sé valdsmaður. En um leið og eg læt þetta í ljósi, þá skal eg geta þess, að hvorki mér né meðnefndarmönnum mínum hefir hepnast að finna nafn á þessum valdsmanni, er vér höfum getað orðið fullánægðir með. Vér höfum og leitað til þeirra manna hér í bæ, er vér þektum orðhagasta, en þar hefir farið á sömu leið. Það hefir að vísu verið stungið upp á ýmsum heitum á honum, svo sem höfuðsmaður,

lögmaður, kanzlari o. s. frv., en að svo stöddu höfum vér ekki komist að neinni fastri niðurstöðu, en vera má, að h. deild hepnist að finna eitthvert það heiti á manni þessum, er viðkunnanlegt þyki.

Framsögum. minni hl. (Guðl. Guðmundsson): Eg finn ekki verulega ástæðu til að flytja langa ræðu að sinni um mál þetta, hvorki um nefndarálit h. meiri hluta né um ræðu háttv. framsm. (L. B.).

Það var eðlilegt, að nefndarálitið hlyti að skiftast í meirihluta-álit og minni hluta, þegar ástæður þær, er annar hluti nefndarinnar bar fram, voru þannig, að hinn hlutinn gat með engu móti aðhylst þær. Eg ætla ekki að fara út í það, að rekja sögu máls þessa nú, en að eins geta þess, að eg lít nokkuð öðrum augum á atkvgr. þá, sem fram fór 13. ágúst 1901, en háttv. ræðumaður, sá er síðast talaði (L. H. B.); hann vildi telja hana hafa farið eins og hún fór af því, að kapp hefði verið komið í málið, og taldi hana slysalega. Þetta er hvorttveggja alveg fjarstætt því, sem rétt er. Það var eftir mjög ítarlega athugun og af fullkominni sannfæring um, að þannig væri bezt borgið þessu velferðarmáli, að atkvæðin voru greidd, og hins vegar skal eg taka það fram skýrt og hiklaust, að eg er nú sannfærður um, að þessi atkvgr. 13. ágúst 1901 er svo langt frá því, að vera slys fyrir þetta mál, að það er hið hyggilegasta verk, sem unnið hefir verið í stjórnbótarmálinu á hinum síðustu 7 árum, síðan breytt var um aðferð í rekstri þess.

Að öðru leyti þarf eg ekki að minnast sérstaklega á gang málsins, en vil að eins taka það enn einu sinni fram, að meiri hlutinn á þingi 1901 lét það jafnframt í skýrum orðum og í löglegu og þinglegu formi í ljósi við stjórnina, að hann væri ekki fyllilega ánægður með frumv. það, sem þá var afgreitt frá þingu, þótt hann eftir atvikum ekki vildi tefla öllu málinu í hættu með því að fara lengra að því sinni, enda hefir nú ráðgjafinn tekið það tillit til óska síðasta þings, að hann hefir bætt inn í frumv. þess búsetuákvæðinu. Í áliti okkar minnihluta-manna er það skýrt tekið fram, að þetta beri að skoða sem svo mikinn kost, að kostnaðarauki sá, sem hún hefir í för með sér, verði léttur á metunum. Þessar undirtektir og þessi skoðun er í fullu samræmi við þá stefnu, sem vér höfum fylgt síðan 1895, þá stefnu, að reyna að ná með samningum við stjórnina öllum þeim verklegum umbótum, sem unt væri að fá, án þess að landsréttindum vorum væri í nokkuru hallað. Deiluatriðunum hefir verið haldið utan við málið alt til þessa, að stjórnin hefir nú tekið eitt af þeim upp í frumv. sitt, og gert það að skilyrði fyrir því, að frumv. næði staðfestingu, að þing ð gengi að því. Eg skal ekki fara að rekja sundur, hvaðan það er komið inn í frumv., en það get eg fullyrt, að þeir sem á hverju þingi hafa tekið það fram sem samningaskilyrði, að því væri haldið fyrir utan málið, hafa ekki getað gefið tilefni til þess; eg á hér við það atriði, að sérmál vor skuli borin upp í ríkisráði Dana. Vitaskuld hefir stjórnin fyrir munn fulltrúa síns látið oss vita það á þinginu 1899, að hún áliti, að hún þyrfti enga nýja lagaheimild til að bera sérmál vor upp í ríkisráðinu; en annari gagnstæðri skoðun á þessu hefir aftur verið haldið fram af hálfu Íslendinga. Eg hefi þegar 1896 og oft síðan tekið það fram, að þetta deiluatriði hefir fremur teoretiska þýðingu en verklega, og vonandi hefir það ekki stórvægilega þýðingu, þótt gengið sé að þessu atriði nú. Eg hefi sterka trú á því, að stjórnin muni fyrr eða síðar láta þessa

kreddu falla niður. Þegar nú stjórnin setur oss tvo kosti, annaðhvort að verða af stjórnarbótinni, eða samþ. frv. með ríkissetuákvæðinu, þá sé eg ekki betur en að vér verðum að beygja oss fyrir nauðsyninni; vér gerum það að vísu ekki af fúsu geði, heldur af því að mikið skal til mikils vinna.

Um orðabreytingar háttv. meira hluta hefi eg það að segja, að eg álít þær meinlausar, en gagnslausar og ástæðulausar. Í raun og veru má oss á sama standa, hvort landritarinn er kallaður höfuðsmaður, kanzlari, lögmaður, skriffinnur eða landráðamaður; höfuðatriðið er það, að verksvið hans sé afmarkað; sé svo þá stendur á litlu með nafnið.

Ritaranafnið mun embættismanni þessum vera gefið með hliðsjón til þess, sem á Englandi tíðkast að nefna þess háttar menn, Secretary of State.

Að svo stöddu skal eg ekki fjölyrða um málið, og mun eg ekki meira um það tala við þessa umr., nema mér gefist nýtt tilefni til þess.

Hannes Þorsteinsson: Háttv. framsm. meiri hlutans (L. H. B.) hefir gert skýra og ljósa grein fyrir flestum atriðum nefndarálitsins, og get eg verið honum að mestu leyti samdóma. Þó skal eg taka það fram, að frumv. þetta fullnægir eigi þeim stjálfstjórnarkröfum, sem vér hinir gömlu endurskoðunarmenn frá 1893 og 1894 jafnan höfum haldið fram. Eigi að síður skal því játað, að stjórnin hefir hér stigið mikilvægt spor í rétta átt til heimastjórnar, spor í þá átt, að vænta má, að vér síðar meir getum öðlast fulla sjálfstjórn, ef stefnunni er haldið beint áfram. Frumv. þetta er því þýðingarmikið, óg eg mun gefa því atkvæði mitt, þótt mér þyki vanta margt í það, og eg sé óánægður með sum ákvæði þess; sérstaklega með þá viðbót ráðgjafans, að ráðherra Islands skuli sitja í ríkisráði Dana, og bera þar fram sérmál Íslands. Þegar eg sá þetta ákvæði í frv., varð eg bæði hryggur og reiður. Eins og kunnugt er, þá hefir lengi verið háð deila um þetta atriði, og þar hafa komið fram tvær gagnstæðar skoðanir, annars vegar skoðun stjórnarinnar að hann ætti að lögum þar að sitja, og hins vegar skoðun hinna merkustu og beztu Íslendinga, að ríkisráðsetan væri ólögleg og óheimil. Menn hafa síðustu árin reynt að synda hjá þessu ásteytingarskeri með því að minnast sem minst á það, og í 10-manna-frv. var þetta atriði látið liggja á milli hluta. En þótt svo væri, fann eg mig knúðan til að taka sérstöðu að því er þetta snerti á þingi í fyrra, og varð einn míns liðs til þess að láta upp skoðun mína um það, hvernig eg liti á ríkisráðssetuna í sambandi við frumv., þá skoðun, að samkvæmt því mundi ráðgjafinn í raun réttri losast úr ríkisráðinu. Þótt eg kvæði einn upp úr með þessa skoðun í það sinn, þá mun mér óhætt að fullyrða, að þar hafi eg leyst bundna hugsun margra í mínum flokki.

Háttv. framsm. minni hlutans (G. G.) tók það fram, að ákvæðið um ríkisráðssetuna mundi hafa meiri teoretiska en praktiska þýðing. Eg skal nú ekki beinlínis mótmæla þessari skoðun; en nokkuð öðru vísi virðist þó ráðgjafinn líta á málið, þar sem hann telur ríkisráðssetuna stjórnarfarslega nauðsyn. En þar sem um jafnmikilvægt atriði er að ræða sem búsetu ráðgjafans hér á landi, þá get eg tekið undir með háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að eg beygi mig fyrir valdboði ráðgjafans, til að missa ekki af þessari mikilvægu stjórnarbót, sem nú er í boði. Þá er um þetta stærsta velferðarmál lands vors er að

ræða, greiði eg frumv. óhikað atkvæði mitt, því að eg vil ekki leggja stein í götu þess, en vil jafnframt taka það skýrt fram, að skoðun mín á setu ráðgjafans í ríkisráðinu helzt óbreytt. Eg tek þetta svona skýrt fram til þess að fyrirbyggja misskilning, og til að slá úr höndum andstæðinga minna vopni, sem beitt hefir verið gegn mér, og búast má við að enn verði beitt. Eg skal geta þess, að í ónefndu málgagni hafa nýlega birzt tvær nafulausar, næmar æsingagreinar, ritaðar í þeim tilgangi, að spilla friði og samkomulagi í þessu máli, en eg skal ekki víkja frekara að því hér; getur verið að það verði gert á öðrum stað, en minni að eins á, að það er illa gert gagnvart ættjörð sinni, að vera að erta menn og spana til ófriðar og sundurlyndis einmitt nú, þegar mál þetta er að komast í rétt horf. Þetta getur ekki verið gjört til annars en til að sundra og tvístra, til að vekja úlfúð og ósamlyndi; en það skal ekki takast.

Að endingu skal eg minnast á það, að eg kann því ekki vel, í hvaða tón ráðgjafinn talar til þingsins, löggjafarþings lands vors; hann vill valdbjóða frumv. sitt, þar sem svo er fjarri því að nokkra efnisbreytingu megi gera á því, að hann vill varla leyfa orðabreytingar.

Eg kann betur við orðið »ráðherra« en ráðgjafi; en þó geri eg það ekki að neinu kappsmáli, hvort orðið verður tekið.

Framsögumaður meiri hlutans (Lárus H. Bjarnason): Eg þakka háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) fyrir það, hve liðlega hann — að hljóðfallinu til — tók í það, sem og hefi sagt. — Eg hafði þó ekki búist við, að heyra þá rödd hér á alþingi Íslendinga, er barst að eyrum mér áðan. Eg hefði ekki búist við, að nokkrum mundi detta í hug, að hæla sér af atkvæðagreiðslunni 13. ágúst 1901; en svo lengi lærir, sem lifir. — Annað atriði, er háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) vék að, var ríkisráðssetan. Hann þóttist ekki vita, hverir ættu upptökin að því, að hún er tekin beint upp í stjórnarfrumvarpið. Um það skal eg ekkert segja. En mér er spurn: Hvor er líklegri til, að hafa stutt að því, sá flokkurinn, er jafnan taldi það mikinn kost, að ráðgjafinn ætti sæti í ríkisráðinu, eða hinn, er taldi það galla? Heimastjórnarflokkurinn hefir alt af talið ríkisráðsetuna athugaverða, en úr hinum flokknum hafa heyrst raddir, er hafa talið hana töluverðan kost. Annars getur vel verið, að ráðgjafinn hafi tekið hana upp hjá sjálfum sér. Að minsta kosti dettur mér ekki í hug, að drótta henni að h. þm. V. Sk. (Guðl. Guðm.). Að öðru leyti þóttist eg haga orðum mínum svo liðlega, bæði í nefndarálitinu og framsögu minni, að engin ástæða væri til, að fara að kasta eldi inn í deildina út af þeim.

Ari Brynjólfsson: Vegna þess að eg er nýsveinn hér á þinginu, og þeir því nokkrir, sem þekkja ekki skoðun mína í þessu máli, þá finn eg mig knúðan til, að tala fáein orð, og það því fremur sem eg ímynda mér, að til séu þeir menn utan þings og innan, er álíti að það sé ef til vill ekki af sannfæringu, að eg hefi gengið inn í þann flokk, sem eg er talinn til.

Undir eius er eg athugaði frv. það til stjórnarbreytingar, er borið var fram á þingi 1897, þá var eg þeirrar skoðunar, að það mundi ekki geta orðið til bóta né frambúðar fyrir hina íslenzku þjóð; eg hefi svo jafnan síðan leitast við, að yfirvega málið hlutdrægnislaust frá öllum hliðum, en mig hefir ætíð borið að sama brunni. Það er alls ekki sú stefna, er Íslendingar hafa haldið

fram frá því fyrsta, er Jón Sigurðsson hóf mótmæli sín gegn hinu útlenda valdi. Aðal-markmiðið var það, að fá valdið inn í landið, að fá æðsta valdsmanninn búsettan í landinu sjálfu. — Þetta munu allir viðurkenna. Þegar svo sú breyting við valtýska frumv. kom fram, að æðsti valdsmaður landsins skyldi vera búsettur í Reykjavík, félst eg strax á þá skoðun.

Eg skal ekki lengja umræður með því, að rekja kosti þessa frumvarps; þeir eru og ættu að vera öllum kunnir. Það er sjálfsagt að taka því. Reyndar hefði það eflaust verið miklu heppilegra, að ráðherrann ekki bæri upp vor sérstöku mál í ríkisráðinu. En samt, eins og það er, er það ekki berandi saman við valtýska frumv.

Það liggur í augum uppi, að maður, sem er búsettur hér, lifir með þjóðinni og kynnist hugsunarhætti hennar og atvinnuvegum, mun gera henni meira gagn en hinn, sem ætti heima í Kaupmannahöfn undir áhrifum danskra hugsana og sjá mundi alt með annara augum, og þar að auki launaður af ríkissjóði Dana. Af því er full ástæða til, að fylgja frumv., enda veit eg ekki betur en að allir hinir háttv. þingmenn, er hér eru saman komnir, hafi þegar fyrir kosningu lýst því yfir, að þeir ætluðu að fylgja því fram.

Aftur á móti skal eg geta þess, að þetta frumv., er stjórnin svo að segja neyðir upp á oss, alls ekki fullnægir þörfum vorum; en góður vísir er það eigi að síður. Seinna mun ef til vill sá tími koma, er vér getum fengið betra og agnúarnir verði sniðnir af. — Það er því sjálfsagt, að samþykkja það; en athugasemdir vorar verðum vér að taka fram. — Vér þingmenn allir, er hér erum saman komnir, munum líka kosnir í þeim tilgangi, að vér skulum leggja með frumvarpi þessu grundvöll undir þá byggingu, er hlífi þjóðinni við kuldanæðingum og hretviðrum einokunar og ófrelsis og í hverrar skjóli frjóangar frelsis og framfara eiga að blómgast. Það er mín öfluga von, að ef vér tökum einarðlega höndum saman, þá muni oss auðnast fýr eða síðar að höndla það hnoss, er feður vorir mistu 1262, þegar Norðmenn hremdu helgidóm vorn, frelsissólina íslenzku. Eg vona, að vér þurfum ekki lengi hér eftir, að mæna eftir henni út yfir pollinn, því ef vér sameinum krafta vora, þá mun frelsissól hinnar íslenzku þjóðar bráðlega skína svo skært og fagurt á hinum pólitiska himni. Það er kominn tími til, að þjóðin fari að trúa á mátt sinn og megin, og treysta á það land, er hún byggir. (*Forseti*: Eg vil leyfa mér að benda hinum háttv. 2. þm. S.-Múl. (A. Br.) á, að þetta er 2. umr. málsins). Eg þakka háttv. forseta fyrir bendinguna; enda get eg lokið ræðu minni með því, er eg þegar hef sagt.

Magnús Andrésson: Af þeim 6 þingm., er greiddu atkvæði í efri deild í fyrra með stjórnarbreytingarfrumv., er eg sá einasti, sem hér á sæti í neðri deild. Þess vegna vil eg víkja nokkrum orðum að því, er háttv. framsm. meiri hlutans (L. H. B.) sagði áðan. — Hann kvaðst hafa skilið stefnu vora til 13. ágúst í fyrra, en þá hefði hún orðið sér óskiljanleg. Hann kvað úrslit atkvæðagreiðslunnar í efri deild hafa stafað af kappi. Það þykir mér þung ásökun, að vér höfum greitt atkvæði vor af kappi, en ekki sannfæringu í svo mikilsverðu máli. Eg vil nú leyfa mér að koma fram með nokkrar afsakanir gegn þessari ásökun með hógværum orðum, til þess ekki að raska friði þingsins, er vér allir teljum áríðandi. Þegar hingað barst fréttin um stjórnarskifti í Danmörku, að vinstri

menn væri komnir til valda í stað hægri manna, þá var frumv. að vísu en ekki samþykt í Ed.; en oss var allsendis ókunnugt um, hvaða skoðun hin nýja stjórn hefði á málum vorum. Hefðum við vitað það, sem nú er komið á daginn, og þrátt fyrir það þó ekki hagað atkvæðum vorum öðru vísi, þá hefði mátt segja, að kappið hafi ráðið — En nú vissum við ekki vilja hinnar nýju stjórnar.

Hvað mig snertir persónulega, þá var eg vonlaus eða vonlítill um, að hin nýja stjórn mundi finna nokkur önnur ráð til þess, að innlend stjórn kæmist á, en þau, er áður hafði verið stungið upp á hér á landi. Mér datt ekki í hug, að hún mundi geta leyst þann hnút, er vér ekki höfðum ráðið við. — Það voru 3 aðferðir, er stungið hafði verið upp á: 1) Hin svo nefnda benedizka, og hún mátti heita fallin úr gildi; að minsta kosti var mikill hluti þjóðarinnar á móti henni, vegna þess afarmikla kostnaðar, er slíkt stjórnarfyrirkomulag mundi hafa haft í för með sér. 2) Miðlunin frá 1889, er segja má hið sama um. 3) Tíumanna-frumvarpið, sem hvorugur flokkurinn gerði sig á nægðan með, og fremur var að skoða sem tilraun en sem viðunanlegt fyrirkomulag. — Svona voru ástæðurnar í mínum augum. Eg óttaðist, að hin nýja stjórn mundi ekki verða fundvísari á innlent stjórnarfyrirkomulag en vér sjálfir. Þess vegna fanst mér sjálfsagt að greiða atkvæði með frumvarpinu, er hafði í sér fólgnar miklar réttarbætur. Þannig hugsaði bæði eg og fleiri, er atkvæði greiddu með frumv. Oss fanst óhyggilegt, að fella það upp á óvissar vonir. En jafnframt hugsuðum vér oss hitt, að stjórnin væri oss ekki illviljuð stjórn, er sætti færi, ef hún sæi sér leik á borði, til að gjöra oss ilt, heldur hugsuðum vér oss hana velviljaða oss, og að þá mundi hún, ef hún á annað borð liti öðru vísi á mál vor en hægrimannastjórnin hafði gjört, engu síður fyrir það, þó þetta frumv. væri samþykt, veita oss innlenda stjórn, ef vér að eins jafnframt létum hana vita á formlegan hátt, að frumv. hefði ekki í sér fólgnar fullnaðaróskir hinnar íslenzku þjóðar. Vér samþyktum því frumv., en skýrðum jafnhliða stjórninni frá í ávarpi til konungs, — er eftir mínu áliti var hin eina rétta leið —, að Íslendingar myndi ekki fyllilega ánægðir fyr en þeir hefðu fengið innlenda stjórn. Því fór fjarri, að vér létum leiðast af kappi einu. Vér hugsuðum einmitt mjög vel og rækilega um málið þau dægur. Ef illar afleiðingar hefðu hlotist af þessari aðferð vorri, þá hefði eg getað skilið, að menn væri gramir við oss sexmenningana. En nú hafa afleiðingarnar ekki reynst skaðlegar.— Vér höfum þvert á móti fengið það, sem farið var fram á í frumv., og í viðbót það, sem óskað var eftir í ávarpinu, sem sé innlenda stjórn. — Að tilboð stjórnarinnar nú hefði orðið fullkomnara, ef frumv. í fyrra hefði ekki verið samþykt, tel eg mjög ósennilegt. — Það var að eins þessi afsökun gagnvart ásökun þeirri, er borin hefir verið á mig eða oss 6, sem eg vildi koma fram með.

Atkvæðagreiðsla okkar stafaði ekki af neinni kappdrægni, heldur höfðum vér ítarlega íhugað málið eftir því, sem föng voru á, bæði á fundum og hver með sér. Hvað hefði oss líka átt að ganga til þess? Hér var að eins um það eitt hugsað, hvað þjóðinni mundi vera til mestra heilla, og ekkert annað.

Forseti: Eg get vel skilið það, að h. þingmenn komist ekki hjá því, að

koma með nokkrar almennar athugasemdir um málið, en eg vildi biðja þá að takmarka þær sem mest, og geyma þær heldur til 3. umr.

Framsögum. meiri hl. (Lárus H. Bjarnason): Eg skal reyna að fylgja réttmætum leiðbeiningum forseta. En með því, að háttv. þm. Mýr. (M. A.) hefir gefið mér ástæðu til þess, þá get eg ekki komist hjá að líta nokkuð á málið alment, en þó skal eg gjöra það það sem minst. Það gildir hér sem endranær, að ekki tjáir að fást um orðinn hlut.

Háttv. þm. Mýr. (M. A.) skildi orð mín svo, sem eg vildi kenna atkvæðagreiðsluna í Ed. 13. ágúst 1901 í kappi einu, en ekki sannfæringu. — Það er misskilningur, að eg hafi vænt hann um sannfæringarleysi. Sannfæring og kapp getur vel farið saman, en kappið sljóvgar alt af glöggskygnina.

Það eitt, að háttv. þm. Mýr. (M. A.) fann ástæðu til, að standa upp og tvíeða þrítaka afsakanir sínar fyrir atkvæðagreiðslu þeirra 6 manna, er samþyktu stjórnarbreytingarfrumv. í Ed. í fyrra, er nóg til að sanna orð mín. — Hann hefði ekki farið til þess að ástæðulausu.

Hann bar það fram sem ástæðu, að þeir hefðu ekki vitað um skoðanir hinnar nýju stjórnar. En höfðu þeir þó ekki ástæðu til að halda, að skoðanir hennar gengu í frjálslynda stefnu einnig á vorum málum? Jú, sannarlega, og það því fremur, sem einn mikilsvirtur landi vor sagði oss þingmönnum í þingbyrjun frá hlýjum undirtektum allra helztu vinstrimanna undir sjálfstjórnarkröfur vorar.

Og hverju hefði verið spilt þótt málið hefði eigi verið afgreitt frá þinginu í fyrra? Vér buðumst til þess, að senda nefnd manna á fund stjórnarinnar. — Við það hefði ekkert tapast, en mikið getað unnist. — Þegar í þingbyrjun í fyrra var það í almæli, að stjórnarskifti mundu verða innan skamms, en þeirri áreiðanlegu fregn var af andstæðingum vorum tekið sem það væri að eins gamall hvinur; þegar svo stjórnarskiftin fréttust, var því haldið fram af andstæðingum vorum, að vinstrimenn mundu eigi verða oss betri en hægri menn, og borið fyrir, að vinstri menn hefði reynst oss illa kringum 1850, enda þótt þeir réðu þá ekki einir, og þótt alt öðru vísi stæði þá á bæði í Danmörku og á Íslandi.

Háttv. þm. Mýr. (M. A.) kvaðst ekki hafa búist við, að stjórnin mundi finna viðunanlegt fyrirkomulag á innlendu stjórninni úr því, að hvorki benedizkan, miðlunin eða 10 manna-frumvarpið hefði líkað, og kvað engu spilt, þótt flokksmenn hans hefði samþykt frumv. 1901, stjórnin hefði eins getað boðið okkur góða kosti fyrir það, og hefði nú líka gjört það. En má eg spyrja: Gátum við búist við, að stjórnin færi að bjóða okkur, færi að troða upp á okkur meira en við óskuðum eftir? Háttv. þm. Mýr. (M. A.) vék að ávarpinu til konungs. Hann sagði, að flokksmenn sínir hefði í því látið stjórnina vita, að þjóðin væri ekki full-ánægð með frumv. Eg hefði ekki minst á ávarpið í hans sporum. — Eg skoða það sem nokkurs konar Janus eða mann með 2 andlitum, er snýr sínu andlitinu að hvorum, kjósendum og stjórninni. Með andlitinu, sem horfir að stjórninni, segir ávarpið, að frumv. þingsins 1901 bezt samsvari högum vorum, en með andlitinu, sem horfir að kjósendunum, segir það, að þjóðin muni enn æskja eftir innlendri stjórn. Þeir, sem sömdu ávarpið, vissu, að þegar á kjörfund kæmi 1902, mundi ekki vera »praktiskt« að koma svo fram, að hægt væri að segja, að maður hefði viljað standa þjóðinni fyrir þrifum. —

Hvað þeim hefði átt að ganga til slíkrar kappdrægni? Ja, eg skal ekki segja. En jafnan er hætt við því, að kapp sigi í menn eftir því, sem glíman harðnar. Og svo virtust þeim vera nokkurt áhugamál, að ráðherrann yrði skipaður sem fyrst, og að valið tækist vel. — Það skal fjarri mér, að leggja nokkrar óhreinar hvatir inn í atgjörðir efri deildar þingmanna, er samþykki luku á frv. 15. ágúst í fyrra, en jafn fjarri mér er það, að telja aðgjörðir þeirra réttmætar af þeirri ástæðu, að þolanlega hefir ræzt úr, enda þykist eg vita, að háttv. þm. Mýr. (M. A.) vilji ekki í alvöru skrifa undir þá setningu, að árangurinn helgi stefnuna.

Framsögum. minnihl. (Guðlaugur Guðmundsson): Í rauninni hefir mér verið mikil skemtun í, að hlýða á þær ræður, er nú hafa farið fram. — Eg stend upp að eins til málamynda, að eins til þess að sýna, að eg sé ekki mállaus. Það gleður mig, að menn flytja ræður sínar með þeirri ró og stillingu, er málið á skilið. Örfá orð og athugasemdir hefi eg þó hent á lofti, rétt að eins til þess, að láta sjást, að eg tók eftir. Það var t. d. eitt atriði í ræðu hins háttv. þm. Snæf. (L. H. B.). Hann benti á, að einhverir væri þeir í vorum flokki, er teldu það kost, að ráðgjafinn sæti í ríkisráðinu. Þessu vil eg mótmæla. Sérhver í þeim flokki er og hefir verið eindregið þeirrar skoðunar, að það væri ókostur; því er eg gagnkunnugur. (*Lárus H. Bjarnason*: Eg sagði ekki, að það væri þingmaður). Ef hann vill drótta því að einhverjum ákveðnum manni utan þings, þá kemur það ekki oss þingmönnum við. — Eg býst við, að háttv. flutningsm. meiri hlutans (L. H. B.) mundi heldur ekki viðurkenna ræður né gjörðir, sem ekki eru ritaðar né framkvæmdar í hans nafni. Annars sé það fjarri mér, að varpa eldi inn á þingið, en þó vonaði eg, að háttv. flutningsm. meiri hlutans (L. H. B.) væri ekki svo eldfimur, að mönnum væri ekki leyfilegt, að bera ljós um salinn.

Háttv. 2. þm. S.-M. (A. B.) hélt því fram, að skökk stefna hefði verið tekin upp í stjórnarskipunarmálinu 1897. — Þá var reynt að leita samkomulags við stjórnina, en þess þó jafnframt vandlega gætt, að sleppa ekki neinum landsréttindum. Þetta hefir alt af verið álitin rétt og hyggileg stefna, og það er hún, sem loks varð ráðandi í landinu, og alt þingið nú er gengið inn á.

Að þessu sinni ætla eg ekki að koma fram með fleiri athugasemdir; tel réttara, að geyma þær til 3. umr.

Ari Brynjólfsson: Eg held að h. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) hafi ekki tekið rétt eftir orðum mínum. Eg sagði, að eg vildi ekki breyta út af þeirri stefnu, sem Íslendingar hefðu hingað til haldið; en sú stefna vona eg að sé öllum svo kunn, að það sé óþarfi fyrir mig, að fara að lýsa henni hér.

ATKV.GR.: Br.till. á þskj. 39 sþ. m. 15 atkv. (ráðherra).

1. gr. með áorðinni breyt. samþ. í einu hljóði.

2. gr. samþ. í einu hlj.

3. gr. samþ. í einu hlj.

4. gr. samþ. í einu hlj.

5. gr. samþ. í einu hlj.

Breyt.till. við 6. gr. á þingskj. 39 samþ. með 15 atkv.

6.—7., 8., 9., 10., 11., 12. og 13. gr. samþ. í einu hlj.

Inngangurinn samþ. í einu hlj.

Fyrirsögnin samþ. í einu hlj.

Málinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umr., 8. ág. (þgskj. 57. og 78)

Framsögumaður meiri hlutans (Lárus H. Bjarnason): Eftir þeim undirtektum að dæma, er breyt.till. á þgskj. 78 hefir fengið hjá háttv. deildarmönnum, mun hún eiga sér lítils byrjar að vænta.

Eg tek hana því aftur. Ef Ed. finst ástæða til, getur hún tekið upp eitthvert af þeim orðum, er stungið hefir verið upp á, t. d. »höfuðsmaður« eða stallari, eða þá fundið nýtt.

Sighvatur Árnason: Mér datt í hug, að láta í ljósi álit mitt á þessu frumv., áður en það fer úr deildinni. Eg veit að það mun verða samþykt, enda þótt það sé ekki fullnægjandi til þeirrar heimastjórnar, er landsmenn hafa óskað og eiga heimting á.

Í nefndarálitinu er réttilega bent á ýmislegt, er oss þykir ábótavant.

Í fyrsta lagi, að þingræðið er ekki nægilega trygt að því, er fjármál landsins snertir.

Í öðru lagi, að ráðherrann skuli ekki vera látinn bera ábyrgð á gjörðum sínum í landinu sjálfu, engin breyting gerð á skipun Ed. og ýmislegt fl.

Í þriðja lagi, að það er tekið fram í frumv., að sérmál landsins skuli borin upp í ríkisráðinu, án þess að ákveðið sé, að hinir dönsku ráðherrar skuli engin áhrif á þau hafa. Þessu atriði hefir nefndarálitið,að mínu áliti, gefið of lítinn gaum. Eg hefði óskað, að menn legðu mikla áherzlu á þetta; það sakar ekki að athugasemdir vorar komi fram, þar sem oss er settur nauðugur einn kostur, að ganga annaðhvort að eða frá frv. Það er sannarlega nýtt ákvæði í allri stjórnarskrárbaráttu vorri, og að mínu áliti sannarlega gagnstætt því, er stendur í stjórnarskránni, »að Ísland skuli hafa löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig«, að slá því nú föstu með lagaákvæði, að sérmál vor skuli borin upp í ríkisráðinu. Það væri ekki að hafa löggjöf og stjórn út af fyrir sig í stjórnmálum vorum, ef danskir ráðherrar mættu fjalla um þau á einn eða annan hátt. Eða getur nokkur af hinum h. deildarmönnum fullvissað mig um það, að danskir ráðherrar hafi engin áhrif á sérmál Íslands, ef þau verða borin fram í ríkisráðinu?

Þó þessu sé nú því miður þannig háttað, bæði um þetta eina atriði og fleiri, þá er málið því miður komið í þær skorður fyrir þolleysi undanfarinna þinga o. fl., að í þetta sinn verður þingið að segja annaðhvort já eða nei. Af því að baráttan er komin í þetta óhorf og landsmenn berjast sjálfir innbyrðis um málið, svo að segja með oddi og egg, þá er að mínu áliti mjög ískyggilegt, að gjöra annað en að samþykkja frumv. eins og það liggur fyrir. Það er ískyggilegt, að fara að halda út í nýja baráttu, eftir því sem sakir standa, með því líka að vér verðum að játa, að þetta er spor, jafnvel gott spor, í áttina til heimastjórnar í landinu.

Eg fyrir mitt leyti vil samþykkja frumv. í því trausti, að það muni reynast til verulegra umbóta, og lofa reynslunni að sýna og sanna, hvernig það gefst í framtíðinni.

Guðl. Guðmundsson: Eg hefi, eins og háttv. framsögumaður meiri hl. tók fram fyrir sitt leyti, ekki neinu við að bæta fram yfir það, er sagt var við 2. umr.

Eg vil óska að umr. verði sem rólegastar, og að frumv. komist sem greiðast og sem fyrst út úr deildinni og út úr þinginu, og sem fyrst í verklega framkvæmd, til happa og hagsælda fyrir land og lýð. Eg sé enga ástæðu

til að fara að þrátta um persónulegar skoðanir, eins og háttv. 2. þm Rangv. byrjaði á.

ATKVGR. Frumv. á þgskj. 57 samsamþ. með nafnakalli með öllum atkv. og afgreitt til forseta Ed.

Heimullegar kosningar.

FRUMV. til laga um kosningar til alþingis (C. nr. 9); 1. umr., 31. júlí.

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Frumv. það, sem við flutnm. höfum leyft okkur að koma fram með, er mjög líkt frumv. því, er lá hér fyrir deildinni í fyrra, eins og háttv þm. mun kunnugt um. Frumv. það var mjög rækilega íhugað á síðasta þingi, bæði í nefnd og eins við þrjár umr. hér í deildinni, og, að mig minnir, samþ. með öllum atkv. við 3. umr.

Aðalbreytingar þær, er frumv. fer fram á að gerðar verði á núgildandi kosningalögum, eru fólgnar í því, að kosningar til alþ. verði leynilegar og kosið verði í hverjum hreppi, til þess að kjósendur eigi hægra með að neyta kosningarréttar síns. Það sem við flutnm. höfum breytt frá því á síðasta þingi, er fólgið í þeirri viðbót, að við höfum skift þeim kjördæmum, sem hingað til hafa kosið tvo þingmenn, í tvö sjálfstæð kjördæmi, og önnur viðbót, er við höfum gert á frumv., er það, að við höfum gert þeim manni, sem flutt hefir sig búferlum, mögulegt að neyta kosningarréttar síns, þótt hann ekki hafi haft fast aðsetur heilt ár á hinum nýja bústað sínum.

Viðvíkjandi kjördæmaskiftingunni, þá skal eg geta þess, að hana ber að skoða einungis sem uppkast frá okkur flm. hendi, og að við alls ekki munum gera hana að neinu kappsmáli.

Að öðru leyti skal eg taka það fram um kjördæmaskiftinguna, að inn í hana hafa læðst nokkrar smávillur; þannig hafa t. d. fallið úr því hreppar í Árnessýslu, og í Eyjafjarðarsýslu er eitt kjördæmi rangt nefnt; það er kallað Vallakjördæmi, en á að vera Svarvaðardalskjördæmi.

En þessar og aðrar fleiri villur mætti auðveldlega laga, þegar nefnd væri sett í málið. Sem sagt, þá er það alaðatriðið fyrir okkur flutnm., að kosningarnar verði leynilegar, og að kjörstaður verði settur í hverjum hreppi; en alt annað er okkur ekkert kappsmál um. T. d. getum við vel gengið að því, að kjördæmaskiftingin yrði tekin fyrir sem alveg sérstakt frumv. eða ef til vill látin alveg bíða þetta þing; og svo er um ýmisleg einstök atriði; en af því að ekki er leyfilegt að fara út í einstakar greinar frumv. við þessa umr., þá skal eg ekki fara frekara inn á þau atriði nú; með því líka eg vænti þess, að nefnd verði sett í málið nú þegar.

Áður en eg sezt niður, skal eg að eins leyfa mér að bæta því við, að eftir því sem eg vissi bezt, þá var á síðasta þingi almennur vilji fyrir því, að fá þessum lögum framgengt, og eg hygg, að það sé einnig allmennur vilji allra kjördæma landsins.

Eg veit ekki til, að ein einasta rödd hafi heyrst á móti því.

Ari Brynjólfsson: Eins og háttv. flutnm. (B. Kr.) tók fram, þá er frumv. þetta ekki nýtt, þar sem það lá hér fyrir deildinni á síðasta þingi og var þá rækilega rætt og athugað frá ýmsum hliðum, enda hefir það fengið góðar undirtektir hjá þjóðinni. En nú inniheldur þetta frumv. svo miklar breytingar að því er skiftingu kjördæma landsins snertir, að eg er hræddur um það nái eigi fram að ganga á þessu þingi, og tel eg það mjög óheppilegt, en á það verð eg þó að leggja mikla áherzlu.

En enda þótt það yrði samþykt á

þinginu nú með áorðinni breytingu, þá mundu bráðlega koma fram óskir frá kjósendum um breyting á kjördæmaskiftingunni, og auk þess bætist þar við, að verði stjórnarskrárbreytingin staðfest, þá þarf að bæta við fjórum nýjum kjördæmum, og mundi þess vegna réttast, að fresta kjördæmaskiftingunni þangað til.

Þar að auki sýnist mér skifting sú á kjördæmunum, sem farið er fram á í frumv., ekki í alla staði heppileg. Eg skal t. d. benda á Vestmanneyjar, sem látnar eru fylgja Fljótshlíðarkjördæmi, þótt það sé vitanlegt, að atvinnuvegir Rangvellinga og Vestmanneyinga séu mjög ólíkir. Það er engin ein sveit til á landinu, þar sem hagar eins sérstaklega til og í Vestmanneyjum. Fólkið lifir þar eingöngu af fuglatekju og fiskiveiðum, og því eðlilegt, að það vilji halda sínum þingmanni.

Hvað kosningalögin sjálf að öðru leyti snertir, þá vil eg taka það fram, að allir kjósendur mínir í S.-Múlasýslu voru þeim af alhuga hlyntir, og eg verð að fylgja því fast fram, að þau nái fram að ganga á þessu þingi, enda er meir en mál komið að það ranglæti hverfi, sem kjósendur hafa til þessa orðið að búa við.

Eg vil því leyfa mér að skjóta því til háttv. flutnm., hvort þeir eigi eru fáanlegir til að nema burt úr þeim þann kafla, er snertir kjördæmaskiftinguna; hinu sama vil eg einnig skjóta til þeirrar nefndar, er væntanlega kann að verða sett í málið.

Þórhallur Bjarnarson: Eg bað um orðið, þegar eg heyrði h. flm. (B. Kr.) minnast á, að setja nefnd í málið, til þess eindregið að ráða frá nefndarkosningu; málið væri rækilega rætt hér í deildinni í fyrra og eins og bæði flm. (B. Kr.) sjálfur og þm. S-Múl. (A. B.) véku að, þá má kippa burt úr frumv. kaflanum um kjördæmaskiftinguna, og annaðhvort sleppa henni alveg eða þá láta hana koma fram sem sérstakt frv. Verði henni haldið í frumvarpinu, er það fyrirsjáanlegt, að málið nær ekki fram að ganga á þessu þingi, því að um það atriði yrði mikill ágreiningur og miklir vafningar, og að sjálfsögðu þarf Ed. að setja nefnd í málið, hún hefir ekki haft það til meðferðar, en tíminn leyfir ekki löng nefndarstörf í báðum deildum. Ef skýlaus yfirlýsing kæmi frá flutnm. um það, að þeir muni fella burt kaflann um kjördæmaskiftinguna, og þá í sambandi við hann einnig niðurlag frv., sem hvorttveggja stendur ekki í neinu sambandi við aðalkjarnann í frv., sé eg ekki annað en að frv. geti fengið rækilega og vandaða meðferð, enda þótt engin nefnd sé sett í það hér í deildinni.

Ef til vill er, að stjórnarskrármálinu sleptu, ekkert mál núna, sem almenningur ber eins fyrir brjóstinu eins og þetta mál, og því meira kapp, sem farið er að leggja á kosningarnar, því meiri nauðsyn er að fá því framgengt, strax. Leynilegu hreppakosningarnar mundu t. d. taka fyrir þann sið, sem nú er að tíðkast, að ferðakostnaður er greiddur kjósendum, og þó að leyfilegt sé talið, munum vér kannast við, að þar er komið á hálan ís. Eg vík hér að eins að þessu sem nýju atriði, til að herða á því, að frv. nái fram að ganga beint nú á þessu þingi, svo það gæti verið orðið að lögum áður en næstu kosningar fara fram.

Sem sagt, eg vík því að h. flutnm., hvort þeir ekki vilja gefa skýlausa yfirlýsingu um, að þeir muni fella burtu kaflann um kjördæmaskiftinguna, og vona svo að komist verði hjá því að setja nefnd í málið, því það væri mjög

illa farið, ef það þyrfti að daga uppi nú; en það verð eg að óttast, ef nefnd er sett í það í þessari deild.

Guðl. Guðmundsson: Af því að eg er málinu dálítið kunnugur, þar sem eg var skrifari og framsögumaður í nefndinni, sem sett var í það hér í deildinni 1901, þá vil eg leyfa mér að segja fáein orð út af till. h. þm. Borgf. (Þ. B.) Eins og h. flutnm. (B. Kr.) tók fram, þá hafa flutningsmennirnir, auk kjördæmaskiftingarinnar, breytt frumv. í fáeinum öðrum atriðum. Eg efast um að það séu margir þm. í þessari deild, sem hafa kynt sér mál þetta betur eða eins vel og eg varð að gera, en þó efast eg um, að eg geti nægilega vel áttað mig á viðbótum og breytingum sem flutnm. hafa gert á frv. og sambandi þeirra við frv. eins og það var samþykt hér í deildinni á síðasta þingi, án þess að nefnd verði sett í málið. Það getur verið að eg geti það, og getur verið að eg geti það ekki. Eg vil þó ekki halda því fram, að mín vegna sé beinlínis nauðsynlegt að setja nefnd í málið, því ef allir hinir aðrir h. þingdm. treysta sér til að mynda sér glögga og skýra hugmynd um þessi atriði, án þess að kjósa nefnd, þá skammast eg mín satt að segja fyrir að segja, að eg treysti mér ekki til þess. Það þyrfti heldur ekki að vera málinu til hinnar minstu fyrirstöðu eða tefja það að nokkurum mun, þó nefnd yrði kosin, ef málið að öðru leyti gengi mótmælalaust fram; en hins vegar væri það heppilegt, að nefndin tæki einnig til athugunar kjördæmaskiftinguna og léti í ljósi athuganir sínar þeim viðvíkjandi í framhaldsáliti, sem væri laust við aðalatriði málsins. Þetta álit, ásamt þeim umræðum, sem mundu spinnast um það, gæti svo verið mjög leiðbeinandi fyrir stjórnina, þegar hún tæki til að undirbúa málið síðar, því það er enginn efi á því, að áður en kjördæmaskiftingin yrði samþykt, þá þyrfti að leita álits allra hlutaðeigenda, bæði hreppsnefnda, sýslunefnda og amtsráða, svo þeim gæfist kostur á að koma með sínar tillögur. Sem byrjun á slíkum undirbúningi gætu umræður um málið og nefndarálit hjálpað mikið til sem grundvöllur fyrir stjórnina til að byggja á. Þó nefndin gæti lokið fljótt starfi sínu hvað aðalmálið snertir, þá er enginn efi á því, að hún hefir ærið verk að vinna að því er til kjördæmaskiftingarinnar kæmi. Ef nefndin hagaði verki sínu á þennan hátt, þá þyrfti ekki að verða nein töf að henni, en hins vegar álít eg það vera varkárlegast, þótt eg auðvitað sé h. þm. Borgf. (Þ. B.) mjög þakklátur fyrir það traust, sem hann ber til nefndarinnar á síðasta þingi.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. þm. V.-Sk. (G. G.) hefir að mestu tekið fram það, sem eg vildi sagt hafa. Eg skal að eins bæta því við, að eg hafði ekki búist við, að sumir vinir leynilegra kosninga og fjölgunar kjörstaða hefðu farið að fleyga frv. þingsins frá í fyrra með því að bæta við það kjördæmaskiftingunni, jafn-óhugsuð og ótímabær sem hún er.

Annars get eg ekki séð, að það verði komist hjá að setja nefnd í málið, nema því að eins, að h. flutnm. vilji biðja forseta um að taka málið út af dagskrá, og skeri svo burtu úr frumv. allan kaflann um kjördæmaskiftinguna.

Eg fyrir mitt leyti hallast þó heldur að till. h. þm. V.-Sk. (G. G.), um að setja nefnd í málið.

Eg man ekki betur en að framsm. einn tæki til máls um frv. í fyrra. Annars get eg lýst því yfir, að eg legg mikla áherzlu á og tel sjálfsagt, að leynilegar kosningar og fjölgun kjörstaða komist sem fyrst á. Kosningin í

Isafjarðarsýslu 11. f. m. sýnir, að það er sannarleg þörf á því, að menn fái að kjósa í friði. Aftur verð eg að álíta það vert athugunar, hvort kjörstaði eigi að miða við hreppaskiftingu eingöngu, og sömuleiðis það atriði, að eigi þurfi ávalt árlangdvöl til að neyta kosningarréttar síns. Með því væri farið inn á hála braut. Það virðist ennfremur eigi vanþörf á að athuga málið á frumv. Það er ekki sem bezt.

Flutningsmaður (Björn Kristjánsson): Eg er þakklátur þeim h. þm., sem tekið hafa til máls, fyrir þá velvild, sem þeir hafa borið til frv.

Eg get fyrir hönd okkar flutnm. lýst því yfir, að við gerum það að alls engu kappsmáli, að kjördæmaskiftingin verði samþykt nú á þessu þingi. Hins vegar get eg ekki séð neina ástæðu til að taka málið út af dagskrá; það ætti að vera nóg, að flutnm. falli frá tillögu sinni um kjördæmaskiftinguna, og nefndin getur svo felt þar að lútandi kafla burtu. Eg verð að álíta það hyggilegra, að kjósa nefnd, því ef kjördæmaskiftingin yrði tekin úr frumv., þá þyrfti að gera ýmsar smábreytingar á því, eg skal nefna t. d. 50. gr. Eg leyfi mér því að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

5 manna nefnd samþ. með 22 atkv.

Að viðhafðri hlutfallskosningu voru þessir kosnir í nefndina:

Hannes Þorsteinsson,
Hermann Jónasson,
Björn Kristjánsson,
Eggert Benediktsson,
Árni Jónsson.

Önnur umr., 11. ágúst (C. nr. 9, nefndarálit 90).

Framsögumaður (Árni Jónsson): Nefndin hefir komið fram með allmargar breyttill., en, eins og deildin sér, er það mestmegnis orðabreyt., sem hér er um að ræða og eru þessar breyt. komnar fram eftir þeim óskum, er komu fram við 1. umr. málsins.

Eg skal nú ekki fara að rekja þessar brt., en að eins minnast lítið eitt á einstöku atriði.

Viðvíkjandi 1. brt. við 1. gr. frumv., þá leggur nefndin það til að orðin: »um hin sérstaklegu málefni« falli burt. Nefndin kom fram með þessa till. til að stytta þessa fyrirsögn og hugði þá, að það væri fullnægjandi að nefna »stjórnarskrá Íslands«, en hinu mætti sleppa: »um hin sérstaklegu málefni«.

3. brt. er að eins orðabreyting; þótt greininni sé vikið við, er þó ekki meiningin þar með að raska ákvæð. frv.

Viðvíkjandi brt. 12—13, þá hafði nefndin ekki athugað kjördæmaskiftinguna, svo nokkur ósamkvæmni hefir læðst inn í frv. við þessa gr. Mun því nefndin taka þessar breytt. aftur, og athuga greinina betur til 3. umr.

Aðalbreytingin kemur þar á móti fram við 44. brt., sem viðvíkur 23. gr. frv., og fer hún fram á, að kjördæmaskiftingin falli niður, en í stað hennar komi sú kjördæmaskipun, er stendur í gildandi lögum. Nefndinni þótti það eðlilegt, að athuga þetta í sambandi við stjórnarskrárbreyting þá, sem í vændum er. Þar sem nú þar er gjört ráð fyrir fjölgun þingmanna og auknum kosningarrétti, þá áleit nefndin, að þetta hvorttveggja mundi þurfa að taka til greina við kjördæmaskiftinguna, og leggur því til, að láta hana bíða.

71. brt. við 47. gr. er dálítil efnisbreyting. Er þar ákveðnara tekið fram, hve langur tími skuli líða frá því, er kosning hefir farið fram og þangað til atkvæði skulu verða talin. Nefndin

hefir lagt það til, að það skuli ekki seinna vera en 10 dögum á eftir.

92. brt. við 61. gr. er tekin aftur.

91. brt. við 59. gr., er líka efnisbreyting, þar sem nefndin hefir lagt það til, að gjöra ákvæði lútandi að því, að hegna þeim, er uppvís yrði að því, að hafa kosið á tveimur stöðum; en sú hegning virðist að vísu vera nokkuð hörð.

Eg skal að lokum játa það, að sumum kann að sýnast sem ýmsar af brt. séu ekki sem heppilegastar, og sumar óþarfar; það finnast nokkur nýmæli og breytingar frá því, sem áður var. Öðrum kann máske að virðast að breytingarnar séu ekki nógu margar og mikilvægar. En eg vil þó geta þess, að jafnvel þótt nefndin hafi unnið að málinu, eftir því sem henni vanst tími til frá öðrum störfum, þá eru greinarnar svo margar, að erfitt hefir verið að gera málið svo vel úr garði, sem skyldi, á svo stuttum tíma. Þess vegna tekur nefndin vel og vingjarnlega á móti öllum góðgjarnlegum bendingum og mun gera sér far um að laga svo mikið sem unt er við 3. umr. málsins.

Einu atriði vil eg þó vekja athygli á áður en eg lýk máli mínu, nefnilega viðvíkjandi því, hvar opna skuli kjörseðlakassana, hvort þeir skuli opnaðir á kosningarstaðnum og atkvæðin talin þar af undirkjörstjórninni, eða hún forsigli þá og sendi svo til yfirkjörstjórnarinnar. Mér virðist eðlilegast, og eg álít það einnig réttast, að yfirkjörstjórnin telji saman atkvæðaseðlana og rannsaki þá. Mér finst næsta athugavert, að leggja þetta þýðingarmikla atriði í kosningunum í hendur allra undirkjörstjórna. Nefndin vildi samt ekki sökum hinna mörgu breytinga, sem mundu standa í sambandi við þetta, koma fram með breyt.till. þessu viðvíkjandi; en mér fyrir mitt leyti finst nauðsynlegt, að hreyfa við því, og bera það fram fyrir háttv. þm., í von um, að þeir muni hugleiða það vandlega.

Að lokum vænti eg þess, að frumv. fái góðar viðtökur í deildinni, og sömuleiðis breyt.till., sem eg vil mæla með að verði samþ., og svo frumv. í heild sinni.

Guðlaugur Guðmundsson: Eins og háttv. deild mun reka minni til, þá kom þetta mál fyrst fram á þinginu 1901, en var þá bygt á talsverðum öðrum grundvelli hvað snertir tilhögun á sjálfum kosningunum. Eins og háttv. þingdm. munu kannast við, þá var kosningaaðferð þess frumv., er fyrst lá fyrir deildinni, aðallega bygð á því, að það skyldi vera ein sameiginleg yfirkjörstjórn fyrir alt landið, en í hverri sýslu sæti undirkjörstjórn. Þessu var svo breytt í þá átt, að yfirkjörstjórn skuli vera í hverju kjördæmi fyrir sig, og afleiðingin af því var sú, að öllu fyrirkomulaginu við kosningarnar varð að breyta. Þetta var aðalstarf nefndarinnar í þessu máli 1901, og þegar eg lít á tillögur nefndarinnar, sem á þessu þingi hefir fjallað um málið, þá sé eg ekki að hún hafi hreyft við einu einasta af meginatriðum þeim, er nefndin 1901 stakk upp á. Flestar af breyt.-till. nefndarinnar eru orðabreytingar tómar eða um lítilfjörleg aukaatriði, og eru, þótt þær séu allmargar talsins, fæstar til nokkurra verulegra bóta, flestar gagnslitlar og sumar til skaða. Sem framsm. nefndarinnar í fyrra tók eg það fram, að það gæti vel verið, að nefndinni hefði sést yfir einhver atriði, sem betur hefðu mátt fara, og skal eg leyfa mér að benda á tvö atriði, sem eg nú hefi rekið augun í; þessi nefnd hefir vitaskuld ekki tekið eftir þeim; það er öðru nær. Annað atriðið snertir sambandið milli 16. og 58. gr. Í

16. gr. stendur, að landshöfðingi hafi eftirlit með, að kjörskrár séu samdar og sendur út í tæka tíð, og í 58. gr. stendur, að sýslumaður úrskurði dagsektir, ef hreppsnefnd hafi eigi fullgerða kjörskrá í tæka tíð og geri aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að kjörskrár séu samdar svo fljótt, sem kostur er á. Verksvið sýslumanns og landshöfðingja er hér ekki nægilega glögt afmarkað, og hefir nefndin ekki tekið eftir þessu, því 16. gr. er ein af þeim fáu greinum, sem hún ekkert hefir hreyft við.

Hitt atriðið snertir undirkjörstjórnir. Í frumv. frá 1901 er gert ráð fyrir, að kaupstöðum geti verið skift í fleiri kjördæmi, og að í hverju kjördæmi skuli vera undirkjörstjórn ein fyrir kjördæmið, en jafnframt er gert ráð fyrir því, að bæjarstjórnir hafi heimild til að skifta kaupstað í 2 eða fleiri kjördeildir (27. gr.), en þá hefði jafnframt átt að ákveða, að undirkjörstjórn skyldi setja í hverri kjördeild. Þetta hefir auðvitað nefndinni nú einnig yfirsést að lagfæra, og skal eg ekki áfella hana fyrir það, en hún hefir gert annað verra; hún hefir flaskað á að blanda saman kjördeildum og kjördæmum, eins og breyt.till. hennar undir stfl. 11 og 12 við 10. gr. sýna, þar sem hún fyrir orðið kjördeild, sem á þessum tveim stöðum í gr. er alveg rétt, vill setja orðið kjördæmi, auðsýnilega í þeirri meiningu, að orðin í frumv. eigi að tákna hið sama.

Það eru aðallega þessi tvö atriði, er nefndinni í fyrra sást yfir, og sem þyrfti að ákveða nákvæmar. Eg hefi ekki tekið eftir fleiri atriðum, sem laga þyrfti, en auðvitað mál er það, að eg get hafa hlaupið yfir eitthvað í svo margbrotnu og athugaverðu máli.

Þá hefi eg orðið var við eitt nýmæli í þessu frumv., sem ekki var í frumv. 1901. Það er niðurlag 1. málsgr. 5. gr. um, að sá, sem heimilisfastur hefir verið í kjördæmi skemur en eitt ár, megi neyta þar kosningarréttar síns, ef hann leggur fram vottorð oddvita undirkjörstjórnar í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem hann er á kjörskrá, um, að hann hafi afsalað sér réttinum til að kjósa þar. Þetta ákvæði var víst ekki í frumv. í fyrra, og það gæti ef til vill verið full ástæða til að hafa það í lögum, sem, eins og fyrsta frumv., ákvæðu að kjörskrárnar skyldi leiðrétta í nóvembermánuði, en þar sem eftir þessu frumv. á að semja kjörskrárnar ekki fyr en í janúarmánuði, og þær eiga að liggja frammi til leiðréttingar 3 vikur af febrúar, þá er litlu meiri ástæða til að skjóta þessu ákvæði inn í þetta frumv. en í núgildandi kosningalög, sem fyrirskipa að leiðrétta kjörskrárnar í marzmánuði. Eg álít þetta ákvæði varhugavert, og þó það sé í enskum lögum, þá er í þeim svo margt, sem ekki er við okkar hæfi, enda sé eg líka, að nefndin hefir verið hrædd við að þetta ákvæði gæti orðið misbrúkað, því í 91. breyt.till. sinni við 59. gr. hefir hún komið með það kátlega ákvæði, að »100 kr. sekt«, hvorki meira né minna, skuli sá sæta, sem uppvís verði að því að kjósa á tveim stöðum. Eg álít bæði ákvæðið sjálft og eins hegninguna mjög óaðgengilega.

Eg hefi ítarlega gengið í gegnum breyt.till. nefndarinnar, og finst mér tilhlýðilegast að flokka þeim í 3 flokka. Í fyrsta flokki eru þær fáu, sem eru heldur til bóta, þá þær sem eru gagnslausar og loks þær sem eru til skemda. Br.-till. undir stfl. 8 og 18 eru fremur til bóta og enda stfl. 34 við 19. gr., um að orðin »Góð spássía — skal vera« falli burt, en hún er svo óglögt orðuð, að einn háttv. þingdm. flaskaði á henni

og hélt að greinin yrði tóm vitleysa. Orðin: »skal vera« eru sem sé á tveim stöðum í greininni; sé því breyt.till. skilin svo, að hún eigi við orðin á fyrri staðnum, þá verður greinin tóm vitleysa; en skilji maður aftur á þann veg, að hún eigi við þau á seinni staðnum, þá gefur greinin góða meiningu.

45. breyt.till. nefndarinnar hefi eg hvergi rekið mig á; nefndin hefir að öllum líkindum týnt henni á leiðinni.

61. breyt.till. á að sjálfsögðu að falla, ef niðurlag 1. málsgr. 5. gr. verður felt; en verði það látið standa, þá er hún heldur til bóta.

Sömuleiðis er 65. breyt.till., um að eftir: umboðsmanni, bætist inn í: eða þingmannsefni; það er betra að taka það skýrt fram, að þingmannsefnið hafi sama rétt og umboðsmaður þess.

80. og 81. breyt.till. eru orðbreyt. og fara heldur betur hjá nefndinni.

84. breyt.till. er þýðingarlaus, en ekki til skaða, og 85. breyt.till. er fremur til bóta það sem það er.

Sömuleiðis 93. breyt.till., um að fella burtu 64. gr. frumv. um hin nýju kjördæmi.

Þessar 7—8 breyt.till.: 8., 18., 34., 65., 81., 84., 85. og 93 eru að mínu áliti til bóta, og þær vildi eg leggja til að deildin samþykti, en feldi svo allar hinar. Megnið af þeim eru algjörlega þýðingarlausar. Það er líkast því, að unglingar væru að leika sér að orðum, og sú $^1/_2$ mánaðar vinna 5 manna er sannast að segja ekki mikils virði. Það lítur ógn vel út, að koma með yfir 90 breyt.till., en þegar þær eru flestar þýðingarlausar, fáar til örlítilla bóta og enda sumar til spillis, þá sé eg ekki, til hvers það er gert, nema til að tefja fyrir málinu og koma glundroða á það, en til þess er málið of þýðingarmikið. Eg skal játa það, að nefndin í fyrra sumar hafði of mikið að gera við að laga hin reellu atriði í frumv. til þess, að hún gæti eytt löngum tíma í það að laga og hefla orðfærið, og að það því hefir ekki orðið svo gott sem skyldi, en hins vegar get eg heldur ekki séð, að nefndinni í ár hafi tekist að koma neinu snildarmáli á frumv. Annars er eg þeirrar skoðunar, að fult eins mikið sé undir því komið að málið á lögum vorum sé skýrt, og ítarleg ákvæði þeirra, eins og því, hvort betur fari á því að nota »enn« eða »enn þá« í einhverju orðasambandi.

Hvaða þýðingu eignar nefndin brtill. sínum undir stfl. 1 og 4, um að fella burtu úr titlinum á stjórnarskipunarlögum vorum orðin: »um hin sérstaklegu málefni«? Lögin heita: »Stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands« og koma til að heita það framvegis (*Pétur Jónsson*: Smagsag). Það á að vera til að laga málið, en það er ekki »Smagsag«, hvort lög, sem vitnað er í, eru nefnd réttu heiti eða ekki.

Svo skal eg snúa mér að þeim brt. sem eg tel villandi. Það er þá fyrst breyt.till. undir stfl. 11, sem eg áðan mintist á. Vilji menn athuga frumv.gr. þá stendur í henni: »Hafi bæjarstjórn skift kaupstaðnum í kjördeildir, skal semja sérstaka kjörskrá fyrir hverja kjördeild«. Í staðinn fyrir »kjördeildir« vill nefndin setja »kjördæmi«, en gætir þess ekki, að það er löggjafarvaldsins hlutverk, að ákveða kjördæmin, en alls ekki bæjarstjórnarinnar í hinum einstöku kaupstöðum. Aftur á móti heimilar 27. gr. bæjarstjórninni að skifta einu kjördæmi í 2 eða fleiri kjördeildir, og það gæti því verið full ástæða til þess jafnframt, er svo stæði á, að setja undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild, til þess að atkvgr. gæti gengið greiðara. Þetta hefir nefndin ekki athugað; en eg skal ekki áfella hana mikið fyr-

ir það; hún hefir ekki fundið það, sem ofar hefir legið.

Eg skal heldur ekki áfella nefndina sérlega fyrir breyt.till. 13 við 11. gr. Hugmyndin er ný, sem sé sú, að undirkjörstjórn skuli, um leið og hún semur kjörskrárnar í janúarmánuði, jafnframt semja viðaukaskrá til 1. júlí. Á þessa viðaukaskrá eiga þá allir þeir að komast, sem öðlast geta kosningarrétt frá 1. jan. til 1. júlí. Hugmyndin er sem sagt ný, eins og hún kemur fram í breyt.till., vegna þess, að t. d. þegar semja á kjörskrá í janúar 1903, þá á að taka á hana alla þá menn, er öðlast kosningarrétt fyrir 1. júlí 1903, en í janúar 1902 hefir verið samin kjörskrá, sem gildir frá 1. júlí 1902 til 1. júlí 1903. Er það nú meiningin, að þá menn, sem stóðu á aukaskrá 1902, eigi að taka upp á aðalskrá í janúar 1903 og þeir þannig að standa á tveimur kjörskrám, eða á enga aukaskrá að semja fyrir 1902? Eg er ekki að mæla á móti þessu í sjálfu sér, ef hugsunin væri skýr og orðuð ljóst, því breyt.till. stefnir í rétta átt, að fyrirbyggja það, að þeir, sem öðlast kosningarrétt í jan. — júní incl., tapi honum. Þetta er í sjálfu sér heilbrigð hugsun, en hún er ekki nægilega skýrt tekin fram.

Eg vil ekki fara að rekja í sundur allar orðabreyt. nefndarinnar, því þá yrði eg ekki búinn fyr en í nótt; en þær eru, eins og eg hefi tekið fram, þýðingarlausar og sjálfar sér ósamkvæmar. Þannig eru t. d. orðin »frambjóðandi« og »þingmannsefni« notuð sitt á hvað. Þingmannsefni er rétt, en frambjóðandi ekki, því það er sá, sem eitthvað annað eða annan býður fram en sjálfan sig. Í orðinu þingmannsefni er hugsunin aftur rétt.

Svo skal eg víkja fáeinum orðum að 62. breyt.till., um að fella burt: »og nákvæmlega af sama tægi«. Þessi brtill. sýnist ekki stór, en er þó til skemda fremur en til bóta. Tilgangurinn í greininni er sá, að gera það ómögulegt, að komast fyrir, hvernig sá eða sá hafi kosið, og í þá átt hefir það talsverða þýðingu, að ritföngin séu nákvæmlega af sama tægi.

Ósamkvæmni er í 10. breyt.till., um að fella burtu orðið: »Hreppsnefndar« borið saman við 3. breyt.till. við 5. gr. um vottorð frá oddvita hreppsnefndar. Eftir 35. gr. heimilar nefndin það sem skilyrði fyrir því, að hægt sé að neyta kosningarréttar þar, sem maður eigi stendur á kjörskrá, að lagt sé fram vottorð frá sýslumanni, um að nafn manns standi á annari kjörskrá í kjördæminu, en eftir breyt.till. 3 við 5. gr. er það nægilegt, að leggja fram vottorð undirkjörstjóra um, að maður hafi afsalað sér kosningarrétti, þar sem hann stendur á kjörskrá. Þetta er »flagrant« mótsetning hvað við annað.

71. breyt.till. um að binda það við fastákveðna dagatölu, að allir kjörseðlar skuli komnir í hendur yfirkjörstjórnarinnar, álít eg óheppilega. Það getur farið svo, að ekki sé hægt að uppfylla þessa kröfu ætlið. Ákvæði frv. sjálfs eru rýmri og miklu heppilegri. Þessi ákvæði geta orðið til þess, að kosningin verði ólögleg fyrir þá sök eina, að ekki hefir verið hægt að koma kjörseðlunum á þessum ákveðna 7 daga fresti vegna ófærðar eða óveðurs eður annara tálmana.

Auðvitað eru það margfalt fleiri brt. nefndarinnar, sem ástæða væri til að fara út í; en eg vil ekki vera að þreyta deildina lengur með því. Að eins vil eg leyfa mér að benda deildinni á það, að þar sem nefndin í 92. breyt.till. leggur til að fella burtu orðið »fangelsi« úr 61. gr. um eftirlíkingu á kjörseðlum,

þá þýðir þessi breyt.till. þó stutt sé, nokkuð, þar sem hún sviftir burtu hámarki hegningarinnar. Hegningin getur því farið upp úr öllu valdi, orðið ef vill annaðhvort æfilangt tugthús eða líflát. Hvort nefndin hefir hugsað sér þar að auki einhverja frekari hegningu, skal eg láta ósagt.

Svo skal eg einnig benda á 91. brt., sem eg mintist á áðan, um að sá, er uppvís verði um að hafa kosið á tveim stöðum, skuli borga »100 kr. sekt« hvernig sem á stendur, hvorki meira né minna. Að einmarka þannig hegninguna er alveg óþekt princip í hinni íslenzku löggjöf, að undanteknum einum þrem tilfellum í hegningarlögunum, nokkuð ólíkum þessu þó. Eg man ekki eftir því, að hegning sé svo einmörkuð nema fyrir manndráp að yfirlögðu ráði, banatilræði við Hans Hátign konunginn og fyrir landráð. Það er algjörlega bannað að sveigja til um einn eyri úr 100 kr., hvaða atvik svo sem að liggja.

Það er annars svo hraður gangur á þessu máli nú, að örðugt er að átta sig á því, og eg býst því við því, að mér hafi láðst að geta um margar brt. háttv. nefndar, sem virkilega væru þess verðar, að þær væru ofurlítið athugaðar.

Ólafur F. Davíðsson: Það eru að eins fá atriði, sem eg vildi gera athugasemdir við. Eg hefi eigi haft tækifæri til að setja mig nógu vel inn í þetta mál, og er ekki eins skarpur og h. þm. V.-Sk. (G. G.) Það er þá fyrst við 13. gr., þar sem sagt er: »kjörskrá skal semja í janúarmánuði«, o. s. frv. Eg get ekki verið ánægður með þá breyt. frá gömlu lögunum og skil ekkert í, hvers vegna þetta tímatakmark er fært svo mikið til baka. Eg hefi aldrei rekið mig á, þótt kjörskráin væri samin í marz, að það væri ofstuttur tími. Aftur á móti álít eg það óhentugt, að semja kjörskrána í janúar, sérstaklega fyrir hreppsnefndirnar. Menn fara að búa í fardögum, en hreppsnefndin veit oft og tíðum ekkert um það í janúar; það má reyndar segja líka, að hún viti það ekki heldur í marz, en betur veit hún þó um það þá, heldur en í janúar. Eg álít, að ekki þurfi hálft ár til þess að búa kjörskrána til.

Eg ímynda mér helzt, að tíminn sé ætlaður svo langur, vegna ákvæðanna, sem standa í 16. gr. Eftir henni á að senda sýslumanni kjörskrárnar fyrir 1. apríl, og á hann svo að skýra landsh. frá fyrir 1. maí, hvort hann hafi fengið þær allar, og nú á landshöfðingi að sjá um, að hreppsnefndirnar uppfylli skyldu sína, og beita sektum, ef með þarf. Þetta mundi auðvitað taka langan tíma, enda sýnir 58. gr., að ekki hefir verið ætlast til, að það yrði svo í framkvæmdinni. Þar stendur: »Nú hefir hreppsnefnd eigi fullgerða kjörskrá í tæka tíð og varðar það hvern nefndarmann alt að 2 kr. sekt fyrir hvern dag, sem fram yfir líður. Sýslumaður úrskurðar dagsektir«, o. s. frv. Þegar nú sýslumaður getur úrskurðað dagsektirnar, þá finst mér það fullnægjandi ákvæði, og get ekki ímyndað mér annað en það mundi reynast vel hér eftir eins og hingað til. Ef sýslumaður hefir ekki fengið kjörskrárnar í tæka tíð, þá gerir hann gangskör að því sjálfur, að fá þær, og veit eg ekki til, að það hafi neitt rekið sig á, þó ekki sé byrjað að búa skrárnar til fyr en í marz. Eg vona því, að nefndin vilji gera brtt. um þetta við 3. umr.

Eg vildi líka gera fyrirspurn um 19. gr. Þar stendur: »Á hvern seðil (þ. e. kjörseðil) skal skrá með skýru og stóru prentletri nöfn allra frambjóðenda«, o.

s. frv. En í 21. gr. er ákvæði um það, að allir kjörseðlarnir skuli fullgerðir 7 dögum eftir að framboðsfrestur er útrunninn. Hvernig hugsar nefndin sér þetta gert á 7 dögum? Hvernig ætti það að geta verið gert t. d. í Vestur-Skaftafellssýslu? Þaðan þarf að senda seðlana til prentunar annaðhvort til Seyðisfjarðar eða Reykjavíkur; en það gerist ekki á 7 dögum. Eg get að vísu hugsað mér, að þetta megi gera með stimpli; en þá vantar ákvæði um, að yfirkjörstjórnunum verði lagðir stimplar til.

Svo er það viðvíkjandi breyttill. 44 við 23. gr. frumv. Nefndin hefir lagt til, að feld sé niður kjördæmaskiftingin, en í staðinn sé tekin upp orðrétt 18. gr. úr lögum 14. sept. 1877 og sett inn í þessi lög. Eg hafði ekki hugsað mér, að þetta ætti að vera svo, og get ekki álitið það hentugt. Ástæðan til þess að kjördæmaskipunin er feld burtu, er víst sú, að menn vilja ekki setja í þessi lög neitt það, sem breyta þarf þegar aftur, og er það rétt. En því vill háttv. nefnd þá setja inn annað í staðinn, sem líka þarf að breyta? Það er víst enginn efi á því, að þegar stjórnarskrárbreytingin er komin í gildi, og fjölgun þingmanna komin á, þá verður að gera gagngerða breyting á kjördæmaskipuninni, og væri því betra, að hafa hana alls ekki í þessum lögum, heldur láta 18. gr. í lögum 14. sept. 1877 standa þar óbreytta, og nema þau lög úr gildi að þeirri grein undantekinni. Þá hefðum vér til tvenn lög um kosningar, önnur að eins um kjördæmaskipun, sem nema mætti úr gildi þá er henni yrði breytt, en hin um kosningaraðferðina sjálfa, og við þeim þyrfti þá ekkert að hrófla.

Eg vildi því leggja til, að bæði 23. gr. frv. og breyttill. nefndarinnar við hana séu feldar, en verði það ekki, þá mun eg koma með brt. í þá átt við 3. umr.

Sjálfsagt er margt fleira að athuga við frumv., en þetta er það sem eg hefi tekið eftir. Lög þessi eru mikilsverð, og væri óskandi, að þau gætu gengið fram og orðið sem bezt úr garði gerð.

Hannes Þorsteinsson: Af því að eg var formaður í nefndinni, sem kosin var til að íhuga þetta frv., þá álít eg það skyldu mína að minnast á þetta mál og svara þeim mönnum, sem hafa gert lítið úr gerðum vor nefndarmanna, enda þótt h. framsm. standi það næst, og eg vilji ógjarnan taka fram fyrir hendurnar á honum; það verða þá að eins fá atriði, sem eg tek til athugunar. Það er aðallega gegn háttv. þm. V.-Sk. (G. G.), sem eg vildi beina orðum mínum. Það var ekki lítill hvinur í honum yfir því, hve nefndarál. væri lítilfjörlegt og fæstar eða engar brt. nefndarinnar til bóta, og réð því hinni háttv. deild til að fella þær. Hinn háttv. þm. getur þó varla búist við því í jafnstórum lagabálki sem þessum, að mönnum geti ekki sést yfir að lagfæra eitthvað, einkum þar sem enginn lögfræðingur var í nefndinni. Það var leiðinlegt, að hann, sem þykist að minsta kosti vera glöggur lögfræðingur, skyldi ekki komast í nefndina. Af því stafar líklega þessi mikli hvellur og hávaði. Með því að finna frv. alt til foráttu nú, játar þessi háttv. þm. einmitt, að honum hafi yfirsést í mörgu í fyrra, því að þá var hann sjálfur í nefndinni, sem kosin var í málið, og frv. er nú að öllu verulegu eins og nefndin skildi við það í fyrra. Tilgangur h. þm., þá er hann er að reyna að slá sig til riddara á brt. okkar nú, virðist því vera að eins sá, að

sundra málinu og spilla fyrir framgangi þess. En í fyrra varði hann auðvitað nefndarál. og fór ómjúkum orðum um einn h. þm., er vék því að nefndinni, að hún hefði dregið málið og litlu afkastað.

Eg get ekki séð að neinar aðfinningar háttv. þm. V-Sk. (G. G.) við brtill. okkar séu á neinum rökum bygðar; meiri hluti aðfinninganna er bygður á hártogunum og útúrsnúningum eða bygt á misskilningi. Háttv. framsm. var búinn að taka það fram, að tilætlun nefndarinnar hefði verið að fella burtu síðari málslið 10. gr. í samræmi við brt. við 27. gr., en við samanburðinn á eftir sást yfir þetta, en verður lagfært til 3. umr., svo að þetta er ekki mikið að gera sig gildan yfir. Það er satt, að dálítil mótsögn er á milli 16. og 58. gr., um sektarákvæðin, vald landshöfðingja og sýslumanna, en þessi mótsögn sat í fyrra óhreyfð hjá h. þm. V-Sk. (G. G.), þótt glöggur þykist. Hann kveðst og kunna illa við brtill. nefndarinnar á 5. gr., og var að tala um ósamhljóðan milli hennar og 35. gr., sem ekki er fólgin í öðru en því, að í 5. gr. er talað um vottorð, er kjósandi eigi að fá hjá »kjörstjóra», en í 35. gr. vottorð frá sýslumanni. Með því að setja »yfirkjörstjóra« í stað »kjörstjóra« í 5. gr. er úr þessari litlu ósamkvæmni bætt, en h. þm. hefir ekki athugað það, að honum hefir skotist yfir í fyrra einmitt í sambandi við 35. gr. Ef engin önnur ákvæði stæðu í frv. um kosningarrétt þeirra manna, er ekki eiga lögheimili þar sem kosið er, önnur en þau, sem standa í 35. gr., þá væri að eins heimil kosning þeim mönnum, er flytja hreppa á milli í sama kjördæmi, en alls ekki þeim mönnum, er flyttu úr einu kjördæmi í annað áður en kosning færi fram; en það væri misrétti ef þessum mönnum væri ekki gert jafnhátt undir höfði. Þetta hefir h. þm. ekki athugað í fyrra, en úr þessari yfirsjón er bætt með brt. við 5. gr. Auðvitað er mjög erfitt að setja fullnægjandi tryggingarákvæði í lögunum gegn því, að þessi heimild sé ekki vanbrúkuð. En fyrir þetta höfum vér reynt að girða með sektarákvæðunum við 5. gr. (91. brt.), sem h. þm. V.-Sk. (G. G.) gerði sig svo gildan yfir, ekki af neinu öðru en því, að þar vantar orðin: »alt að« framan við 100 kr. Hann spreytti sig mjög mikið á þessu atriði, sagði, að nefndin ætlaði að leiða menn á höggstokkinn m. fl. kringilyrðum. En þetta verður alt að vindi og reyk. Annars er það ekkert undarlegt, þótt alþektir lagasnápar geti fett fingur út í hitt og þetta, er þeir fara í lúsaleit í jafnstórum lagabálki. Til þess þarf hvorki lögvizku né skarpskygni. Það er svo margt í þessum lögum, sem ómögulegt er að girða fyrir að vanbrúkað verði, ýmisleg atriði, sem ekki er unt að setja nægilega tryggingu fyrir. Það er reynslan ein, sem getur skorið úr því og verður að skera úr því, hvað það er, sem einkum þarf lagfæringar í lögum og hvernig eigi að lagfæra það. Eg er sannfærður um, að þótt h. þm. V.-Sk. (G. G.) legði sig allan fram og sæti með sveittan skallann yfir lögum þessum heilt ár, þá gæti hann ekki gert þau svo úr garði, að reynslan sannfærði hann ekki um síðar, að honum hefði í ýmsu yfir sést.

Að því er snertir þá fyndni h. þm., að 45. brt. hefði týnzt á leiðinni hjá nefndinni, af því að þessa tölu vantar inn í röðina á hinu prentaða þingskj., þá sér líklega hver heilvita maður, að þetta er ekki nefndinni heldur prófarkalesaranum að kenna, ekkert annað en venjuleg prentvilla, sem hlægilegt er að gera veður út af. Það úir svo

og grúir af prentvillum í þingskjölunum, eins og í þingtíðindunum síðast, svo að það er sannarlegailla varið landsins fé, að fylla þingtíðindin með löngum hrókaræðum um annað eins.

H. þm. V.-Sk (G. G) gerði líka mikið veður út af 34. brt. og þóttist ekki skilja hana, þ. e. þessi orð: »Góð spássía — — skal vera«. Hann hefir víst ekki gætt að því, að strik stendur á milli, sem táknar það, að úr setningunni er slept aftur að orðunum »feitur hringur« o. s. frv. Strikið á að sýna, eins og venja er til, að einhver orð standi á milli og eigi að falla burtu. Eg hélt að h. þm. hefði svo mikið vit á próförkum, að hann hefði þó vit á þessu. Þetta er því einungis hártogun og útúrsnúningar, sem ekki er orðum eyðandi að.

Hann var líka að tala um breytingu, er nefndin hefði gert áhrærandi kjörskrárnar; en við höfum sniðið þá breytingu eftir núgildandi kosningalögum frá 14. sept. 1877, að auk þeirra, sem hefðu kosningarrétt, þá er kjörskráin væri samin, væru einnig þeir teknir á aðalskrána, sem vitanlegt væri um, að öðluðust kosningarrétt fyrir 1. júlí það ár, en aðrir, sem öðlast kosningarrétt einhvern tíma á því ári, er kjörskráin gildir fyrir, þ. e. frá 1. júlí—30. júní árið eftir, skuli settur »á kjörskrá sér« eða aukakjörskrá. Það sem fyrir okkur vakti var, að reyna að bægja sem fæstum frá kosningu, þótt þeir öðluðust ekki kosningarrétt fyr en rétt fyrir kjörfund.

Háttv. 1. þm. N.-Múl. (Ól. D.) tók það fram viðvíkjandi kjördæmaskiftingunni, að það væri ekki rétt að taka gömlu kjördæmaskiftinguna upp úr eldri lögum. En okkur þótti viðkunnanlegra að taka þenna kafla upp úr eldri lögum, til þess að þessi lög yrðu breyting á öllum kosningalögunum í heild sinni. Eg fyrir mitt leyti legg samt enga áherzlu á þetta og er fús á að fallast á þá breyttill. við 3. umr., að því sé slept, að taka þessa gömlu kjördæmaskifting upp í þetta frv., en þá verður að taka það jafnframt fram, að 18. gr. laga 14. sept. 1877 standi í fullu gildi, þangað til ný kjördæmaskifting verður lögleidd.

Það var fúrðu-undarleg ásökun hjá h. þm. V. Sk. (G. G.), að við nefndarmennirnir værum að gera glundroða í málinu og spilla fyrir því með breytingartill. okkar, því að ef nokkur hefir gert glundroða í þessu máli og reynt að hnekkja því, þá er það einmitt h. þm. sjálfur með hinum órökstuddu og smásmyglislegu aðfinningum sínum. En mér finst það ekki rétt né fallega gert, að vilja spilla fyrir svo miklu áhugamáli þjóðarinnar. Við gerðum alt, sem í okkar valdi stóð í nefndinni, til að greiða fyrir málinu og hraða því, höfðum það ekki nema 9 daga til athugunar, en ekki hálfan mánuð, eins og þm. V.-Sk. sagði; en með því að við vorum bundnir í ýmsum nefndum öðrum, þá gátum við ekki haldið oftar fundi en við gerðum. Eg vísa því algerlega þeim áburði á bug frá mér og öðrum nefndarmönnum, að við höfum gert nokkurn glundroða í málinu. Það mun öðrum hættara við því en okkur.

Að síðustu skal eg geta þess, að nefndinni kom til hugar, að gera eina brt. við frv., og það getur verið, að hún komi fram við 3. umr., en hún er sú, að banna yfirkjörstjórum (ɔ: sýslumönnum) að bjóða sig fram í sinni eigin sýslu. Eg er reyndar ekki viss um, hvort þessi brt. mundi falla h. þm. V.-Sk. (G. G.) sérlega vel í geð. Það sést þá við 3. umr., ef hún skyldi koma þá fram.

Pétur Jónsson: Eg er samdóma 1. þm. N.-Múl. (Ó. F. D.) viðvíkjandi

því, er hann sagði um 44. brtill. nefndarinnar; það væri vafalaust heppilegast að engin slík ákvæði, sem tekin eru fram í 23 gr. frumv., væru látin standa í lögum um kosningar til alþingis.

Sama máli er að gegna um 62. gr. frumv., þar sem talað er um laun alþm. og ferðakostnað; mér þætti ákjósanlegast að henni yrði slept úr frv. Mér mundi sem sé finnast það réttast, að kosningalögunum yrði haldið sér á parti, og svo væri hægt að semja sérstök lög síðar um skifting kjördæmanna og laun til alþingismanna Eg skal aðeins taka það fram, að mér finnast orðabreytingar nefndarinnar optast nær til bóta.

Eg skal svo ekki orðlengja meir um þetta mál; eg hef heldur ekki átt kost á að kynna mér það til hlítar, því málið er bæði stórt og vandasamt.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Eg skal ekki vera langorður. Eg skal kannast við, að það sló út um mig við byrjun ræðu háttv. þm. V.-Sk., því eg hafði eitthvert hugboð um, að ekki mundi von á góðu; en eg náði mér til allrar hamingju aftur, áður en ræðunni lauk, þrátt fyrir létt orðatak þm. og mælsku um smámuni.

Hann játaði sjálfur, bæði í upphafi og enda ræðu sinnar, að hér væri um svo mikið vandamál að ræða, að það gæti margt verið í frv., sem hann hefði ekki athugað.

Honum er auðsjáanlega í nöp við nefndina og álit hennar, og vill nú ekki styðja málið, enda þótt hann hafi sjálfur átt þátt í frv.

Eg skal viðvíkjandi 3. brtill. nefndarinnar við 5. gr gefa þá skýringu, að það er átt við kjósendur utanhéraðs, kjósendur, sem fluzt hafa búferlum úr einu kjördæmi í annað, en ekki hafi búið þar svo lengi, að þeir væru þar lögtækir kjósendur; þeir eiga þá að útvega sér vottorð kjörstjóra um, að þeir hafi afsalað sér kosningarrétti þar, sem þeir áður voru.

Hér stendur þó öðruvísi á en um kjósendur innan kjördæmis. En þetta hefir eigi hinn h. þm. V.Sk. athugað eða viljað athuga. Þess vegna er þessi brtill. nefndarinnar fram komin, að hún vildi gera þessum mönnum, sem ef til vill væru langt að komnir, hægra að útvega sér vottorð hjá undirkjörstjóranum, þ. e. hreppstjóranum, heldur en að þurfa að leita sýslumanns eða bæjarfógeta til þess.

Það er ekki rétt að segja, að þetta mál hafi setið hálfan mánuð í nefndinni, því að nefndin var skipuð 31. júlí og nefnarálitið er undirskrifað 9. ágúst; í nefndinni sat þess utan enginn lögfróður maður, sem gæti flýtt verkum hennar. Auk þess höfðu nefndarmenn mörgum öðrum málum og nefndum að sinna samtímis.

Málið hefir verið nefndinni vandasamt, og það því fremur, sem meiri hluti nefndarmanna hafði eigi fjallað um málið áður, þó að menn auðvitað hafi séð ýmislegt um það í blöðum og alþt. Það verður því að virða nefndinni til vorkunnar, þótt glöggir lögfræðingar sjái einhverja annmarka á verkum hennar, og eg get lýst því yfir, að hún muni ekki taka þar að lútandi aðfinningar stint upp, ef þær eru hógværlega fram bornar og á réttum rökum bygðar.

Guðl. Guðmundsson: Eg skal ekki neita, að mér þótti útúrsnúningar h. 1. þ. Arn. (H. Þ.) nokkuð undarlegir; mér fanst eg ekki gefa neina ástæðu til þeirra með orðum mínum; en hins vegar geta menn alt af vænst slíks úr þeirri átt.

Háttv. þm. talar um, að eg hafi sett glundroða í þetta mál; en eg vil snúa þeirri hnútu aftur að honum og meðnefndarmönnum hans, sem sjálfir hafa

sett mestan glundroða í málið með öllum sínum þýðingarlausu orðabreytingum og brtill. við frv.; það er nefndin, sem hefir verið að þyrla upp moldryki og þar með gera tilraun til að eyðileggja málið, en eg vildi einmitt vinna málinu gagn og bjarga því, með því að bægja þessu moldroki burt, af því að eg hef viljað að málið fengið framgang.

Eg vil því óska, að þm. taki ásökun sína aftur og snúi henni í staðinn til nefndarinnar og sjálfs sín.

Hlutverk þessarar nefndar, eins og allra nefnda, var að skýra málið og laga það, svo að deildin ætti hægt með að glöggva sig á því, en nú liggur málið til atkv. hér með öllum glundroðanum.

Eg skal játa, að það er ekkert hægðarverk að semja og undirbúa annað eins frumv. og hér liggur fyrir. Mál eins og þetta ætti að koma með fullum undirbúning frá stjórninni, og þingið ætti að eins að hafa kontrol með því, að till. stjórnarinna væru heppilegar og gengju í rétta átt.

Háttv. þm. Árn. (H. Þ.) sagði, að eg hefði misskilið 11. gr. en hann hefir einmitt sjálfur gert það. Í 11. gr. er gert ráð fyrir aukaskrá, en ekkert þesshátt stendur í brtill. Þm. hlýtur að sjá, að annaðhvort er brtill. þýðingarlaus og að sami maður getur staðið á 2 kjörskrám í senn. Nefndin hefir flutt brtill. að 12. gr., sem er, til skýringar á 11. gr.

Viðvíkjandi því ákvæði, að kjörstjórinn geti ekki boðið sig fram í sínu eigin héraði, þá taldi eg í fyrra, að það væri nauðsynlegt; en eg man ekki hvað þm. Árn. áleit um það þá. Mér heyrðist þá, að hans mesta áhugamál væri að afmá Vestmanneyjar úr kjördæmatölunni.

Framsögumanni hefi eg að engu svara. Eg skal láta þá von mína í ljósi, að megnið af brtill. verði felt; það eru mest orðabreytingar, sem nefndin hefði getað sparað sér, og þá hefðu umr. orðið minni hér í dag og jafnframt glundroðinn minni í málinu. Eg vona, að frv. sjálft fái að ganga sína leið gegnum deildina.

ATKVGR. 1. brtill við 1. gr. frv. feld með 12 : 10; 4. brtill. þar með fallin.
1. gr. frv. óbreytt samþ. í e. hlj.
2.—3. gr frv. óbreytt. samþ. í e. hlj.
2. brtill. við 4. gr. frv. samþ. 15 : 1.
4 gr. frv. breytt samþ. í e. hlj.
3. brtill. við 5. gr. 1. lið samþ. 15.
3. — — — — 2. — — 16.
5 gr. frv. þar með fallin.
6. gr. frv. samþ. í e. hlj.
5. brtill. v. 7. gr. frv. samþ. 15
6. — — — — — — 17.
7. — — — — — — 15.
7. gr. frv. breytt samþ. 20.
8. gr. frv. óbreytt samþ. í e. hlj.
8. brtill. við 9. gr. frv. samþ. án atkvgr.
9. brtill. við 9. gr. frv. feld með 11 : 11, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	nei:
Árni Jónsson,	Jón Magnúson,
Ari Brynjólfsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Benediktss.,	Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinss.,	Lárus H. Bjarnason,
Hermann Jónasson,	Magnús Andrésson,
Jón Jónsson,	Ólafur Briem,
Ólafur F. Davíðss.,	Sigurður Stefánsson,
Pétur Jónsson,	St. Stefánss. þm. Skf.
Sighv. Árnason,	Tryggvi Gunnarss.,
St Stefánss þm. Eyf.	Þórður J. Thorodds.
Þórh. Bjarnarson.	Þorgr. Þórðarson.

Guðlaugur Guðmundsson greiddi eigi atkv.

10. brtill. við 9. gr. frv. samþ. án atkv.
9. gr. frv. breytt samþ. í e. hlj.
11—12. brtill. við 10. gr. frv. teknar aftur.
10. gr. frv. óbreytt samþ. í e. hlj.
13. brtill. við 11. gr. frv. samþ. 15.

11. gr. frv. þar með fallin.
14. brtill. við 12. gr. frv. samþ. án atkv.
12. gr. frv. breytt samþ. í e. hlj.
15. brtill. við 13. gr. frumv. samþ. með 16 atkv.
13. gr. frv. breytt samþ. með 21 atkv.
16. brtill. við 14. gr. frv. samþ. án atkv.
17. brtill. við 14. gr. frv. samþ. án atkv.
18. brtill. við 14. gr. frv. samþ. í e. hlj.
19. brtill. við 14. gr. frv. samþ. í e. hlj.
20. brtill. við 14. gr. frv. samþ. án atkv.
14. gr. frv. breytt samþ. í e. hlj.
21.—23. brtill. við 15. gr. frv. samþ. án atkv.
15. gr. frv. breytt. samþ. með 22 atkv.
16. gr. frv. óbreytt samþ. með 22 atkv.
24. brtill. við 17. gr. frv. samþ. án atkv.
17. gr. frv. breytt samþ. með 22 atkv.
25.—26. brtill. við 18. gr. frv. samþ. án atkv.
18. gr. frv. breytt samþ. í e. hlj.
27. brtill. við IV. kafla frv. samþ. án atkvgr.
28.—31. brtill. við 19. gr. frv. samþ. án atkv.
32. brtill. við 19. gr. frumv. samþ. með 16 atkv.
33.—35. brtill. við 19. gr. frumv. samþ. án atkv.
19. gr. frv. breytt samþ. í e. hlj.
20. gr. frv. óbreytt samþ. í e. hlj.
36.—37. brtill. við 21. gr. frumv. samþ. án atkv.
38. brtill. við 21. gr. frv. samþ með 17 atkv.
21. gr. frv. breytt samþ. í e. hlj.
39. brtill. við 22. gr. frv. samþ. með 16 atkv.
40.—43. brtill. við 22. gr. frumv. samþ. án atkv.
22. gr. frv. breytt sþ. í e. hlj.
44. brtill við 23. gr. frv. samþ. með 12 : 11 atkv, að viðhöfðu nafnakalli.

Já sögðu:	Nei sögðu:
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Ari Brynjólfsson,

Já:	Nei:
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson,
Eggert Benediktss.,	Lárus H. Bjarnason.
Guðl. Guðmundss.,	Ólafur Briem,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur F. Davíðsson,
Hermann Jónasson,	Pétur Jónsson,
Magnús Andrésson,	Sighv. Árnason,
Sig. Stefánsson,	St. Stefánss. þm. Eyf.
Þórður J. Thorodds.	St. Stefánss. þm. Skf.
Þorgrímur Þórðars.	Tryggvi Gunnarss.
Þórh. Bjarnarson.	

Greinin þar með fallin.

46.—47. brtill. við 24. gr. frumv. samþ. án atkv.
24. gr. frv. breytt sþ. með 20 atkv.
48. brtill. við 25. gr. frumv samþ. með 13 : 10 atkv.
25. gr. frv. breytt sþ. með 20 atkv.
Viðaukatill. við 25. gr frv. samþ. með 20 atkv.
50. brtill. við 26. gr. frv. sþ. án atkv.
26. gr. frv. breytt sþ. í e. hlj.
51. brtill. við 27. gr. frumv. samþ. með 19 atkv.
52. brtill. við 27. gr. frumv. samþ. með 19 atkv.
27. gr. frv. breytt sþ. með 15 atkv.
53. brtill. við 28. gr. frv. sþ. með 18 atkv.
54. brtill. við 28. gr. frv. samþ. með 15 atkv.
55. brtill. við 28. gr. frv. samþ. með 15 atkv.
56. brtill. við 28. gr. frv. sþ. án atkv.
28. gr. frv. breytt sþ. í e. hlj.
57. brtill. við 29. gr. frumv. samþ. án atkv.
29. gr. frv. breytt. samþ. í e. hlj.
30.—32. gr. frv. óbreytt sþ. í e. hlj.
58. brtill. við 33. gr. frv. sþ. án atkv.
33. gr. frv. breytt sþ. í e. hlj.
59. brtill. við 34. gr. frv. sþ. án atkv.
34. gr. frv. breytt sþ. í e. hlj.
60. brtill. við 35. gr. frv. sþ. með 17 atkv.
35. gr frv. breytt sþ. með 20 atkv.

Viðaukatill. við 35. gr. frv. samþ. með 15 atkv.
62. brtill. við 36. gr. frv. feld með 12:8 atkv.
36. gr. frv. óbreytt samþ í e. hlj.
37.—40. gr. frv. óbreytt samþ. í e. hlj.
63. brtill. við 41. gr. frv. sþ. án atkv.
41. gr. frv. breytt sþ. í e. hlj.
64. brtill. við 42. gr. frv. sþ. án atkv.
45. brtill. við 42. gr. frv. sþ. í e. hlj.
42. gr. frv. breytt sþ. í e. hlj.
66. brtill. við 43. gr. frv. sþ. án atkv.
67. brtill. við 43. gr. frv. sþ. án atkv.
43. gr. frv. breytt samþ. í e. hlj.
44. gr. frv. óbreytt sþ. í e. hlj.
68. brtill. við 45. gr. frumv. samþ. með 18 atkv.
45. gr. frv. breytt sþ. í e. helj.
69. brtilt. við 46. gr. frumv. samþ. með 17 atkv.
70. brtill. við 46. gr. frumv. samþ. með 18 atkv.
46. gr. frv. breytt sþ. í e. hlj.
71. brtill. við 47. gr. frumv. feld með 14:7 atkv.
47. gr. frv. óbreytt samþ. í e. hlj.
72. brtill við 48. gr. frumv. samþ. með 14:9 atkv.
73. brtill. við 48. gr. frv. sþ. án atkv.
74. brtill. við 48. gr. frv. sþ. án atkv.
75. brtill við 48. gr. frumv. samþ. með 12:3 atkv.
76. brtill. við 48. gr. frv. sþ. án. atkv.
77. brtill. við 48. gr. frumv. samþ. með 13
48. gr. frv. breytt sþ. í e. hlj.
78. brtill við 49. gr. frumv. 1. lið samþ. með 13:10 atkv.
78. brtill. við 49 gr. frumv. 2. lið samþ. með 13 atkv.
79. brtill. við 49. gr. frumv. samþ. með 22 atkv.
49. gr. frumv. breytt samþ. í e. hlj.
80. brtill. við 50. gr. frumv. samþ. án atkv.
50. gr. frv. breytt sþ. í e. hlj.
81. breyt.till. við 51. gr. frumv. samþ. án atkv.gr.
51. gr. frumv. breytt samþykt í einu hlj.
82. breyt.till. við 52. gr. frumv. samþ. með 15 atkv.
83. breyt.till. við 52. gr. frumv. samþ. með 19 atkv.
84. breyt.till. við 52. gr. frumv. samþ. án atkv.gr.
52. gr. frumv. breytt samþykt í einu hljóði.
85. breyt.till. við 53. gr. frumv. samþ. með 18 atkv.
86. breyt.till. við 53. gr. frumv. samþ. án atkv.gr.
53. gr. frumv. breytt samþykt í einu hljóði.
87. breyt.till. við 54. gr. frumv. samþ. án atkv.gr.
88. breyt.till. við 54. gr. frumv. samþ. án atkv.gr.
54. gr. frumv. breytt samþykt í einu hljóði.
89. breyt.till. við 55. gr. frumv. samþ. án atkv.gr.
55. gr. frumv. breytt samþykt í einu hljóði.
56. gr. frumv. óbreytt samþykt í einu hljóði.
90. breyt.till. við 57. gr. frumv. samþ. með 17 atkv.
57. gr. frumv. breytt samþykt í einu hljóði.
58. gr. frumv. óbreytt samþykt í einu hljóði.
91. breyt.till. við 59. gr. frumv. feld með 13 : 9 atkv.
59. gr. frumv. óbreytt samþ. með 18 atkv.
60. gr. frv. óbreytt samþ. í einu hlj.
92. breyt.till. við 61. gr. frumv. tekin aftur.
61.—63. gr. frumv. óbreytt samþ. með 22 atkv.

93. breyt.till. við 64. gr. frumv. samþ. með 15 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr. (þgskj. 121, 122, 129), 13. ágúst.

Framsögumaður (Arni Jónsson): Nefndin hefir leyft sér, að koma fram með nokkrar breyt.till., og miða þær mestmegnis að því, að koma meira samræmi á frumv. en á því var, eftir að það var samþykt hér við 2. umr.

Fyrsta breyt.till. er við 5. gr., að í staðinn fyrir kjörstjóra kemur yfirkjörstjóra; þessi breyting er gjörð með tilliti til 35. gr.

Önnur brt.till. er í sjálfri sér að eins orðabreyting; inn í frumv. hafði slæðst »orsökum« fyrir ástæðum, og vill nefndin leiðrétta það með breyt.till. sinni.

Þriðja breyt.till. »hafi bæjarstjórn« o. s. frv., er fram komin af því, að eftir því sem umræður féllu við 2. umr., og við nánari yfirvegun, þótti nefndinni það réttast, að láta það óákveðið, hvort bæjarstjórn semdi eina kjörskrá eða fleiri.

Fjórða breyt.till. miðar að því, að koma á samræmi milli 16. gr. og 58. gr. — Eins og tekið var fram við 2. umr., er það sjálfsagt réttast, að sýslumaður úrskurði sektirnar, en landshöfðingi hafi að eins eftirlit með, að fyrirmælum greinarinnar sé fylgt.

Fimta breyt.till. er komin fram af því, að nefndinni finst vera ósamkvæmni í 47. grein, eins og hún var samþykt síðast. — Nefndin hafði komið áður með breyt.till. við þessa grein, en hún var feld, máske af því, að 10 daga frestur-inn hafi ekki þótt hæfilegur; hún hefir því nú reynt að laga greinina á þann hátt, sem breyt.till. sýnir, og vonar að háttv. deild fallist á þessa nýju br.till. — Nefndin hafði, eins og háttv. deild er kunnugt, komið með viðaukatillögu við 59. gr., en hún var feld í deildinni við 2. umr., líklega af því, að hafi þótt vanta inn í hana orðin »alt að«. — Nú hefir nefndin ráðið bót á þessu, og vonar, að breyt.till. verði samþykt í hinni nýju mynd.

Einnig er fram komin frá nefndinni viðaukatillaga þess efnis, að aftan við frumv. bætis ákvæði um stundarsakir, sem tekur það fram, eftir hvaða kjörskrám skuli kosið, ef nýjar kosningar fara fram fyrir 1. júlí 1903 og lög þessi verða þá komin í gildi. — Þetta ákvæði er sett til að fyrirbyggja allan vafa um það atriði.

Eg skal geta þess, að nefndin hafði gert þá breyt.till. við 36. gr., að orðin: »og nákvæmlega af sama tægi« féllu burtu.

Þessi breyt.till. var feld við 2. umr., en eigi að síður hafa þessi orð fallið burtu, þegar frv. var prentað að nýju, eins og það var samþ. við 2. umr.

Það þarf því við endurprentun frv., að bæta inn í 36. gr. eftir orðunum: »alla samlita«, þessum orðum: »og nákvæmlega af sama tægi«.

Nefndin hefir ekki getað athugað í sameiningu breyt.till. þær, sem útbýtt var í fundarbyrjun, en eftir því sem mér hefir virzt í fljótu bragði, munu þær yfir höfuð vera fremur til bóta og til að koma meira samræmi í frv.

Þá eru og komnar fram breyt.till. á þgskj. 121; það lítur út fyrir, að breyt.-till. þessar muni hafa allmikið fylgi, eftir orðum manna að dæma og atkvæðum við 2. umræðu, og meiri hluti nefndarinnar getur því fallist á þær.

Eg býst við, að frv. sé enn eigi svo vel úr garði gert, sem skyldi, og að enn mætti koma betra samræmi á milli hinna einstöku ákvæða þess, ef tími væri til að taka það til nýrrar yfirvegunar í góðu næði.

Þannig hefi eg t. d. athugað, að ekki er svo gott samræmi milli 19. og 20. gr., sem gæti verið. Það hefði verið eðlilegra, að ákvæðið um, að landshöfð ingi ætti að annast um prentun á eyðublöðum undir kjörseðlana, hefði staðið á undan ákvæðinu um skyldu yfirkjörstjórnar til að láta búa til kjörseðlana, en svo mikilvægt er þetta þó ekki, að það eigi að geta spilt fyrir málinu, enda auðgert að færa það í lag af h. efri deild.

Að endingu skal eg taka það fram, að því betur sem eg íhuga það, því betur finst mér það við eiga, að það væru yfirkjörstjórnir, en eigi undirkjörstjórnir, sem opnuðu atkvæðakassana. — Sú skoðun hefir styrkst hjá mér, að undirkjörstjórnir ættu að senda þá yfirkjörstjórn óopnaða og vandlega innsiglaða; það eru engir verulegir örðugleikar á því, að því er flutning kassanna snertir, en tryggir að mun betur, að eigi verði uppvíst, hvernig einstakir menn eða einstakar kjörsveitir hafa kosið, heldur en ef seðlarnir eru athugaðir í hverri kjörsveit.

Eg geng nefnilega út frá því, að væri þessi skipun á höfð, þá ætti yfirkjörstjórn að blanda saman seðlum úr öllu kjördæminu, áður en hún færi að athuga hina einstöku kjörseðla.

Jón Magnússon: Eg ásamt nokkrum öðrum h. þingd.m. hef komið fram með fáeinar breyt.till. við frv.

Breyt.till. þessum er þannig varið, að eg geri ráð fyrir, að háttv. deild sé ljóst, að hverju hver þeirra stefnir, og að því sé óþarfi að fara mörgum orðum um þær.

Fyrsta breyt.till. er við 5. gr. Eins og greinin er nú orðuð og samanborin við 35. gr., þá getur maður eftir frv. kosið í kjördæmi því, sem hann er ekki búsettur í, né hefir verið búsettur í. — Til þess að fyrirbyggja þetta, leggjum vér til, að aftan við 5. gr. bætist inn í orðin: »enda sé hann orðinn heimilisfastur í því kjördæmi, þar er hann ætlar að neyta kosningarréttar síns«.

Fyrri breyt.till. við 7. gr. miðar að því, að ráða bót á því, að frumv. gerir ekki ráð fyrir, að kaupstaður og sýsla geti verið í kjördæmi saman.

Síðari breyt.till. við 7. gr. fer að eins fram á, að í stað orðsins formaður skuli koma oddviti á þeim staðnum, sem það er ekki, og er það eins til þess, að koma á samræmi í frumv.

Breyt.till. við 9. gr. er af sömu rótum runnin, sem fyrri br.till. við 7. gr. Í 10. gr. frumv. stendur: »Hafi bæjarstjórn skift kaupstaðnum í kjördeildir« o. s. frv.; en í frumv. er bæjarstjórnum hvergi veitt heimild til skiftingar í kjördeildir.

Til þess að bæta úr þessu, höfum vér sett síðari hluta breyt.till. við 9. gr. frá orðunum: »Heimilt er bæjarstjórn«. Það er því meiri ástæða til að leyfa þetta, sem eg tel það muni geta verið heppilegt, að skifta kaupstaðnum í kjördeildir, fleiri eða færri.

Í 14. gr. vantar auðsjáanlega inn í, að nefna oddvita bæjarstjórnar, jafnframt því, sem oddviti hreppsnefndar er nefndur.

Það getur verið álitamál með breyt.till. vora við 39. gr.; þó finst mér réttara og viðkunnanlegra að segja um seðilinn, að hann skuli ógildur, en að hann skuli talinn ógildur.

Að því er breyt.till. við 44. gr. og 45. gr. snertir, þá fanst oss sjálfsagt, að þingmannsefninu væri gefinn sami réttur í þessu efni eins og umboðsmanni þess, enda mun það og hafa vakað fyrir háttv. nefnd.

Inn í 51. gr. viljum vér fá bætt því ákvæði, að yfirkjörstjórn fái hverjum

kosnum alþingismanni kosningarbréf. — Það er gert ráð fyrir kosningarbréfum í þingsköpunum, og það virðist eiga við, að þingmaðurinn fái formlega tilkynningu um kosningu sína, þegar er kosningarúrslitin eru orðin kunn.

Vér viljum að skotið sé inn í 59. gr. orðunum: »eða bæjarsjóð, er í hlut á«. Það er víst af vangá, að þetta stendur ekki í frumv., því að eg geri ekki ráð fyrir, að það hafi verið tilætlun nefndarinnar, að t. d. úr Reykjavík væri farið að greiða sektir þær, sem hér ræðir um í, sýslusjóð Gullbringu og Kjósarsýslu.

Að því er 13. brt.till. vora snertir, þá finst mér það sjálfsagt, að á einhvern hátt verði að laga það, sem þar er farið fram á að laga, því að í frv. stendur á víxl frambjóðandi og þingmannsefni. — Orðið frambjóðandi er óheppilegt orð um þann, sem sig býður fram, og ætti betur við að hafa það um þann, sem annan býður; aftur er orðið þingmannsefni glögt orð og gott, að sínu leyti eins og biskupsefni. — Væri um tvent að velja, þá sýndist nær vera, að viðhafa orðið framboði en frambjóðandi; það er myndað í líkingu við sjálfboði.

Ólafur F. Davíðsson: Eg gerði við 2. umr. grein fyrir því, hvers vegna mér fyndist 23. gr. frumv. ætti ekki að standa í lögum þessum. — Mér finst, að vér eigum ekki að taka neitt það upp í þau, sem vér sjáum fyrir víst fyrir, að breytt verði innan skamms. — Þá var þó greinin samþykt við atkvæðagreiðsluna; en af því að mér finst það mjög óheppilegt, að hún standi í frumv., þá hefi eg nú komið með br.-till. í þá átt, að hún sé numin burtu úr því.

Af sömu ástæðu hefi eg komið með breyt.till. um, að 62. gr. frv., um laun og þingfararkaup alþingismanna, falli burtu; því að ekki er ósennilegt, að innan skamms muni þessu haggað. — Það hefir t. d. oft verið vakið máls á, að fastákveða þingfararkaup þingmanna, og get eg vel ímyndað mér, að svo verði gert bráðlega.

Eg skal geta þess, að þegar eg bjó til þessa breyt.till., þá tók eg eftir því, að 23. gr. er sérstakur kafli í kosningalagafrumvarpinu; það verður því ekki einungis greinatalan frumv., sem breytist, ef breyt.till. er samþykt, heldur líka kaflatalan.

Hannes Þorsteinsson: Breyt.till. nefndarinnar þarf eg ekki að gera grein fyrir; það hefir framsm. þegar gert.

Að því er snertir hinar breyt.till., er fram eru komnar (á þgskj. 137), þá hefir nefndin alls eigi haft kost á, að kynna sér þær, því að þeim er útbýtt nú í þessari svipan, um leið og málið er tekið til umræðu. En eftir því sem mér í fljótu bragði sýnist, býst eg við, að nefndin muni fallast á flestar þeirra, því að þær munu vera heldur til bóta og miða til að gera ákvæði frumvarpsins skýrari í stöku atriðum. — Þannig er viðbótin við 5. gr. (breyt.till. 1 á þgskj. 137) gleggri en kveðið er á í frumv. Þegar breytingin var gerð eftir till. nefndarinnar við 2. umr., varð þetta atriði nokkru óljósara en það hafði verið í hinni upphaflegu grein; en þó fanst oss eigi ástæða til, að fara að koma með nýja breyt.till., álitum, að greinin yrði ekki misskilin, eins og hún nú er. En úr því þessi breyt.till. er komin fram, þá mun fjarri því, að nefndin hafi nokkuð á móti henni. — Hinar breyt.till. ganga í sömu stefnu: að kveða ljósara á um einstök atriði í frumv., t. d. breytingartill. við 9. gr. — Þar er farið fram á, að bæjarstjórn skuli heimilt að skifta hverju kaupstaðarkjördæmi í kjördeildir. Eins og kunn-

ugt er, var við 2. umræðu samkvæmt breyt.till. nefndarinnar felt úr 27. gr. ákvæðið um þetta sama. Við álítum þess ekki beina þörf, að kaupstöðum væri skift í kjördeildir, og við tókum það fram, að úr því þetta ákvæði væri felt úr 27. gr., þá þyrfti líka að nema burt seinni málslið 10. greinar; um það hefir því nefndin borið fram breyt.till. (þgskj. 129, 3.), til þess að koma á samræmi í ákvæði frumvarpsins. — En verði breyt.till. 4 á þgskj. 137 samþykt, þá er sjálfsagt, að þessi síðari málsgrein 10. greinar standi. — Breyt. till. nefndarinnar um þá úrfellingu (3. á þgskj. 129) mun þá tekin aftur. — Það sakar að minsta kosti ekki, þótt kaupstöðunum sé veitt þessi heimild í lögunum, enda þótt hún mundi verða lítið notuð. — Á fleiri af hinum framkomnu breyt.till. þarf eg ekki að minnast; þær raska ekkert efni frumvarpsins.

Háttv. þingm. Vestm. (J. M.) þótti »frambjóðandi« ljótt orð og óhafandi, og vildi heldur taka upp »þingmannsefni«. — Orsökin til þess, að nefndin kaus ekki heldur þetta orð, var ekki sú, að henni þætti það ónákvæmt eða ljótt, heldur hitt, að henni fanst óvíð kunnanlegt, að hvorugkenna manninn; í framhaldi þeirra málsgreina, þar sem orðið »þingmannsefni« kemur fyrir, þá mundi koma »það« en ekki »hann«, og til að sneiða hjá því, þá var sett karlkynsorðið »frambjóðandi«. Annars er okkur þetta ekkert kappsmál.

Að því er snertir viðaukatill. nefndarinnar á þgskj. 136, þá var hún í nokkrum vafa um, hvort brýn þörf væri á slíku ákvæði, og lögfræðingunum ber að minsta kosti ekki saman um það; þó munu fleiri álíta, að vissara sé að ákveða í lögunum, eftir hvaða kjörskrám kjósa skuli, ef alþingiskosningar fara fram fyrir 1. júlí næsta ár, og lög þessi yrðu staðfest af konungi í vetur. — En lýsi hæstv. landshöfðingi því t.d. yfir, að óþarft sé að taka þetta fram, þá mun nefndin taka breytingartill. aftur.

Þá eru breyt.till. háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.) á þgskj. 121. Nefndin gat þess við 2. umr. málsins, að hún mundi fús á, að taka til greina athugasemd þá, er hann þá hreyfði, og samkynja er þessari breyt.till, er hann nú flytur. — Eg ímynda mér því, að nefndin, eða að minsta kosti meiri hluti hennar, samþykki 1. breyt.till. á þgskj. 121, um að taka ekki gömlu kjördæmaskiftinguna upp í frumv., svo að ekki þurfi að fara að hrófla neitt við þessum lögum, þá er ný kjördæmaskifting verður ákveðin. Sömuleiðis mun nefndin fallast á 3. breyt.till. á þgskj. 121, er fer fram á, að XV. kaflinn um laun alþingismanna og fleira falli burt. — Eg álít eins hagfelt, að koma ekki með bein lagaákvæði um þetta efni. Það eru nefnilega margir á þeirri skoðun, að réttast væri að ákveða fast þingfararkaup o. s. frv. með lögum, og þá væri óþægilegra, að breyta þessu síðar, ef því nú væri slegið föstu.

Eg get ekki ímyndað mér annað en að frumv. eins og það verður nú, ef meiri hluti breyt.till. kemst að, sé nú nokkurn veginn viðunanlega úr garði gjört, þó margt geti auðvitað verið enn að athuga við jafn-umfangsmikinn og vandasaman lagabálk, er stjórnin í rauninni hefði átt að undirbúa. — Frumv. þetta kemur eflaust aftur hingað til deildarinnar með einhverjum breytingum frá efri deild, enda er nægur tími til þess, að frumv. verði samþykt hér á þingi í þetta sinn, ef óvinir þess gera ekki því meiri glundroða í því.

Að þessu sinni þarf eg ekki að fara fleiri orðum um það, svo framarlega

sem nýjar og frekari árásir eru ekki gjörðar á frumv. og breyt.till. nefndarinnar við þessa umr., svipaðar þeim, sem gerðar voru við 2. umr. af háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) en urðu vindhögg eitt.

Jón Magnússon: Eg vildi að eins benda á, að 5. liður á þgskj. 137 er ekki réttur. Orðið á að standa eins og það er í frumv. — Við tökum því þá tillögu aftur.

Framsögumaður (Arni Jónsson): Það var einmitt þetta, er háttv. þm. Vestm. (J. M.) tók fram, sem eg ætlaði að benda á.

Yfir höfuð telst eg á breytingartill. Að því er snertir 6. breyt.till. á þgskj. 137 (við 14. gr.), að á eftir »oddviti hreppsnefndar« komi »eða bæjarstjórnar«, þá skal eg geta þess, að nefndin mun hafa ætlast til, að fella burtu orðið »hreppsnefndar«, til þess að losast við endurtekningu á »oddviti hreppsnefndar og bæjarstjórnar«, er stendur fyr í sömu grein.

En álíti háttv. deild þessa viðbót nauðsynlega, þá hefir nefndin ekkert á móti tillögunni.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. á þgskj. 129 samþ. með 22 atkv.

1. breyt.till. á þgskj. 137 (viðaukatill.) samþ. með 22 atkv.

2. breyt.till. á þgskj. 129 samþ. án atkv.gr.

2. breyt.till. á þgskj. 137 samþykt í einu hljóði.

3. breyt.till. á þgskj. 137 (»in fine«) samþ. í einu hlj.

4. breyt.till. á þgskj. 137 samþykt í einu hlj.

3. breyt.till. á þgskj. 129 tekin aftur.

5. breyt.till. á þgskj. 137 tekin aftur.

6. breyt.till. á þgskj. 137 samþykt í einu hlj.

4. breyt.till. á þgskj. 129 samþ. í einu hljóði.

1. breyt.till. á þgskj. 121 samþ. með 13 : 9 atkv.

2. breyt.till. á þgskj. 121 samþ. án atkvæðagr.

7. breyt.till. á þgskj. 137 samþ. án atkvæðagr.

8. breyt.till. á þgskj. 137 samþ. með 22 atkv.

9. breyt.till. á þgskj. 137 samþ. án atkv.gr.

5. breyt.till. á þgskj. 129 samþ. með 16 samhlj. atkv.

10. breyt.till. á þgskj. 137 samþ. með 22 atkv.

11. breyt.till. á þgskj. 137 samþ. án atkvæðagr.

6. viðaukatill. á þgskj. 129 samþykt með 21 atkv.

12. viðaukatill. á þgskj. 137 samþ. með 22 atkv.

13. breyt.till. 1. liður á þgskj. 137 samþ. með 16 atkv.

Þar með eru hinir liðirnir fallnir.

3. breyt.till. á þgskj. 121 samþ. með 14 : 1 atkv.

4. breyt.till. á þgskj. 121 samþ. með 14 atkv. samhlj.

Viðaukatill. á 136 samþykt með 16 samhlj. atkv.

Frumv. með áorðnum breytingum samþykt í einu hljóði og afgreitt til forseta Ed.

Ein umr., 25. ágúst (þgskj. 203, 206 nefndarál.).

Framsögumaður (Arni Jónsson): Það er engin ástæða til að fara mörgum orðum um frumv. nú, er þingtíminn er að þrotum kominn, og því ekki til neins að fitja upp á neinum breytingum. Það er tekið stuttlega fram í nefndarálitinu, að þýðingarmesta breytingin, er gjörð var á frumv. í Ed., var sú, að í stað þess, að undirkjörstjórnir áttu að opna atkvæðakassana og kanna atkvæðin og telja þau sam-

an, hefir verið sett svohljóðandi ákvæði, að atkvæðakassarnir skuli, þegar atkvæðagreiðslu er lokið, þegar í stað innsiglaðir í hendur yfirkjörstjórnar, er ein annast um skoðun og talning kjörseðlanna. Þessi breyting hafði líka komið til orða við framsögu málsins hér í deildinni, enda aðhyllist nefndin hana fyllilega, og telur hana miða til hagkvæmlegrar tryggingar fyrir því, að kosningarnar geti farið fram svo leynilega, sem kostur er á. — Fyrir nefndarinnar hönd vil eg jafnframt geta þess, að enda þótt frumv. í sjálfu sér gefi allítarlegar reglur um tilhögun kosninganna, þá vill þó nefndin, um leið og hún ræður til samþyktar á frv., láta það álit sitt í ljósi, að vel væri til fallið, að landsstjórnin gæfi út enn þá nákvæmari reglur sérstaklega fyrir undirkjörstjórnirnar.

Eg vil ítreka það, að nefndin telur það miklu skifta, að frumv. þetta nái samþykki hinnar háttv. deildar og verði afgreitt sem lög frá þessu þingi.

ATKV.GR.: Frumv. á þingskj. 209 samþ. í einu hlj. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Skifting kjördæmis.

FRUMVARP til laga um breyting á 18. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877; 1. umr., 15. ágúst (þgskj. 144).

Lárus H. Bjarnason: Enda þótt mál þetta sé ekki nýr gestur hér á þingi, og þótt frv. sé ekki langt, finn eg ástæðu til að fara um það fáum orðum.

Það kann sumum að þykja undarlegt, að þingmenn þess kjördæmis, sem hér á hlut að máli, skuli ekki hafa orðið til að flytja mál þetta inn á þing. En það hefir nú ekki lánast, að þeir hafi gjört það. Eg hefi spurt þann h. þingmann, sem á sæti í þessari deild (S. St.), hvort hann mundi vilja taka að sér að flytja málið, og skildist mér hann vera ófús á það. (*Sigurður Stefánsson*: Ósannindi.). Eg hafði að vísu ekki vitni að samtali okkar, en háttv. þm. (S St.) veit mikið vel, að eg segi satt. Eg veit líka, að háttv. þm. Strand. (Guðj G.) hefir spurt þann af h. þm. Ísfirðinga, sem á sæti í Ed., hvort hann vildi flytja málið, og að undirtektirnar voru þar ekki ljúfari.

Þetta mál er borið hér fram af því, að sýslufélag það, sem hér ræðir um, óskar eftir að verða kjördæmi út af fyrir sig, og á síðasta sýslunefndarfundi í Vestur-Ísafjarðarsýslu var það samþykt, að fela þingmönnum sýslunnar að bera mál þetta að nýju upp á alþingi. Af þessu er það, að málinu er nú hreyft hér, og þegar það er athugað, verður eigi annað séð, en að það hafi góð og gild rök við að styðjast.

Fyrst er það, að Ísafjarðarkjördæmi er öðru vísi sett en öll önnur kjördæmi á landinu. Því er skift í tvö sýslufélög, sem eiga að kjósa tvo þingmenn; alstaðar annarstaðar á landinu kýs hvert sýslufélag sinn þingmann eða sína þingmenn út af fyrir sig, en hér eru bæði sýslufélögin látin kjósa þingmennina í sameiningu. Þetta eitt ætti að nægja til þess, að beiðni Vestur-Ísfirðinga yrði tekin til greina, og sýslufélagi þeirra veitt sömu réttindi eins og öllum öðrum sýslufélögum landsins, þau réttindi, að fá að kjósa alþingismann sinn út af fyrir sig.

Enn svo bætist annað við. Ísafjarðarsýslu er þannig háttað, og hún er þannig úr garði gerð af náttúrunni, eins og til væri ætlast, að hún væri tvö kjördæmi, eigi síður en hún er nú orðin

tvö sýslufélög. Ástæðurnar fyrir því, að henni var skift í tvö sýslufélög, voru þær, að bæði eru atvinnuvegir eigi alls kostar hinir sömu í vestursýslunni, sem í norðursýslunni, og í öðru lagi greinir Breiðadalsheiði sýsluna sundur í tvo hluta; hún er sá þröskuldur milli þessara tveggja sýsluhluta, sem allerfitt er að stíga yfir.

Helzta ástæðan móti skiftingunni býst eg við að verði sú, að þessu kjördæmi liggi ekki meir á en öðrum kjördæmum, sem ástæða kann að vera til að skifta öðru vísi en nú er. En til þessa liggja hér þau svör, að sé hér borin fram réttlát krafa, eins og eg tel vera, þá sæmir það ekki fyrir þingið, að daufheyrast við henni. Sé málinu frestað af þessum ástæðum, þá liggur á bak við frestunina líkur hugsunargangur eins og kæmi fram hjá mér, ef eg hitti skipbrotsmenn úti á sjó og vildi ekki bjarga einum þeirra, þótt eg gæti, af því að eg gæti ekki bjargað þeim öllum.

Mál þetta er prýðisvel undir búið. Í fyrra fór það héðan úr deildinni með nægum atkvæðafjölda, en var felt í h. Ed. með 6 : 5 atkv., og nú liggur fyrir beiðni um skiftinguna frá sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu, með öðrum orðum: frá kosnum umboðsmönnum úr öllum hreppum sýslufélagsins.

Af framangreindum ástæðum vona eg, að háttv. deild taki þessu sanngjarna frumv. vel, enda er hér farið fram á sömu skiftinguna og háttv. flm. kosningalaganna, þm. G.-K., gjörðu ráð fyrir, og eru þó báðir úr mótflokknum.

Eg vænti því að frumv. fái að ganga tálmunarlaust til 2. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg vil byrja með því að koma með ofurlitla athugasemd snertandi formhlið þessa máls, og vil eg bera hana undir h. forseta. Neðri deild hefir með atkvæðagreiðslu sinni um kosningalögin sýnt það, að hún vill ekki að svo stöddu ákveða neitt um kjördæmaskifting í landinu. Eg sé því ekki betur en að þetta frumv. fari í bága við áður gerðar samþyktir deildarinnar, og að því beri að vísa því frá umræðum.

Þetta er það sem eg leyfi mér að bera undir h. forseta.

Forseti: Áður en eg svara þessari áskorun, vil eg leyfa mér að spyrja h. þm. (Guðl. G.), á hvaða grein í stjórnarskránni eða þingsköpunum hann byggir þessi tilmæli sín.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg byggi þau á eðli málsins og þingvenjunni.

Forseti: Eg finn ekki í þingsköpunum neina heimild fyrir forseta að vísa lagafrumv. frá, nema þá sem gefin er í 20. gr. þeirra, þar sem um stjórnarskrárbreytingu er að ræða; en einmitt það, að það er skýrt tekið fram, að í þessu tilliti eigi forseti að vísa máli frá, en annarsstaðar finst engin heimild til þess, sérstaklega ekki í 3. kaflanum um lagafrumv., þá verður að draga þá ályktun af þessu, að forseti hafi aldrei heimild til að vísa lagafrv. frá, nema þegar svo stendur á, eins og segir í 20. gr. Eg neita því ekki, að það kunni einhvern tíma að hafa komið fyrir, að máli hafi verið vísað frá sökum skyldleika þess við annað mál, sem jafnhliða hefir legið fyrir þinginu; en það er að minni hyggju ekki rétt. Loks vil eg taka það fram, að ráðgjafinn hefir í athugasemdum sínum við stjórnarskrárfrumv. það, sem nú liggur fyrir, gert ráð fyrir, að tvö frumv. um sama mál, enda stjórnarskrármál, gætu legið samtímis fyrir þinginu. Eg sé mér því sökum vantandi heimildar eigi fært að vísa málinu frá.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg skal þá gera nokkrar athugasemdir um málið sjálft, en skal fyrst taka það skýrt fram, að h. forseti vefengdi það ekki, að h. Nd. hefði nýlega samþykt ákvæði um sama efni og frv. þetta hefir að geyma, ákvæði, sem einmitt fara í bága við frv. Að öðru leyti skal eg ekki krítisera úrskurð h. forseta; en snúa mér beint að málinu. H. þm. Snæf. (L. B.) sagði, að þetta mál væri öðru vísi undirbúið en önnur mál. Eg er þessu fyllilega sammála. Hér liggur ekki fyrir nein beiðni eða neitt álit frá öðrum málsaðila, og það einmitt frá hinum stærra hluta kjördæmisins, sem svifta á rétti. Vestur-Ísafjarðarsýsla er ekki nema þriðjungur alls kjördæmisins að íbúatölu til. Frá þessum þriðjungi liggur að vísu fyrir beiðni um kjördæmaskiftinguna, og frá þröngsýnu sjónarmiði er það ofur-eðlilegt, að þessi þriðjungur vilji fá rétt sinn aukinn, að hann öðlist jafnrétti við hina tvo þriðjunga kjördæmisins. En eftir er að vita, hvort meiri hlutinn vill sleppa rétti sínum; það liggur ekki fyrir nein bending í þá átt frá honum; og eg sé ekki betur en að það sé varúðarvert mjög fyrir þingið, að bera fyrir borð rétt þessa meiri hluta, og það því varhugaverðara, sem engin knýjandi ástæða er til þess að drífa þessa kjördæmaskiftingu fram að svo vöxnu máli.

Þetta er nú afstaða málsins, og þessi afstaða þess gerir það alt annað en árennilegt, að greiða atkvæði með frv., ef réttarins á að gæta. H. þm. Snæf. (L. B) sagði, að þetta væri eina kjördæmið á landinu, sem væri eitt kjördæmi, en tvö sýslufélög. En eg skal leyfa mér að benda á annað kjördæmi, þar sem mjög líkt stendur á; það er Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þótt þar sé enn eigi komin á sýslufélagaskifting, þá er það fyrir atvik, sem þarf ekki að rifja upp; en víst er um það, að svo ólíkt hagar til að ýmsu í þessum tveim sýsluhlutum, Gullbringusýslu og Kjósarsýslu, að fult svo mikil ástæða er til, að búið væri að skifta þeim í tvö sýslufélög, eins og Ísafjarðarsýslu. Það væri því frá almennu sjónarmiði fult svo mikil ástæða til þess að farið væri fram á, að því kjördæmi væri skift í tvö kjördæmi eins og Ísafjarðarsýslu. Þó álít eg eigi rétt, að farið væri fram á slíka skifting nú eða rétt af þinginu, að styðja hana, þar sem fyrir liggur skýr yfirlýsing neðri deildar um, að hún vilji ekki eiga við kjördæmaskiftinguna að þessu sinni, heldur taka á næsta þingi landið alt fyrir í heild sinni, enda gæti kák við einstök kjördæmi nú orðið til þess að spilla málinu síðar, og gera það erfiðara viðfangs. Slík skifting gæti komið í bága við síðari kjördæmaskifting.

Einkennilegt er það, að áhrifin frá frv. þessu bárust hingað til Nd. þegar á meðan það var á ferðinni í Ed. Fylgismenn þessa frv. hér í deildinni vildu vinna það til, að aflaga og limlesta sjálf kosningalögin áður en þau fóru héðan, til þess að geta þvingað áfram þetta frumv., þannig, að kosningalögin voru óframbærileg handaskömm fyrir formgalla, þegar vér sendum þau frá oss til h. Ed. Þeir vildu vinna til, að taka út úr þeim ákvæðin í 23. gr., einmitt af því, að þessi hin sömu ákvæði hefðu gert það að verkum, ef þau hefðu fengið að standa, að þetta mál mundi naumast hafa fengið aðgang í þessari deild.

Það mun flestum hafa verið ljóst — að minsta kosti var mér það full-ljóst — að tillit til þessa frv. mun hafa ráðið því, að 23. gr. kosningalagafrv. var feld í burtu við 3. umr. hér í deild.

Eg hefi meir að segja góð og gild rök fyrir því, að svo var. Eg tel það mjög misráðið, að tefla kosningalagamálinu, þessu áhugamáli þjóðarinnar, í vanda fyrir persónulegt kapp. Eg tel það illa farið, að þingið gefi minsta tilefni til, að nokkur grunur geti vaknað um slíkt, og sannarlega má það mál vera mikilsvert fyrir land og lýð, sem menn vilja leggja það í sölurnar fyrir, að koma öðrum eins glundroða á kosningalögin eins og gert var áður en þeim þeim var slept héðan úr deild, glundroða, sem orðið getur þeim að falli, ef illa fer. Eg veit það, að það eru ekki þær ástæður, sem h. þm. Snæf. (L. B.) nefndi, sem ráðið hafa gangi málsins gegnum þingið; það eru alt aðrar ástæður, ástæður, sem h. þm. Snæf. (L. B.) nefndi ekki, og hefir líklega síður þótt eiga við að nefna.

Eg geri ráð fyrir, að kjördæmaskifting sú, sem hér er farið fram á, sé gerð með ákveðinn mann fyrir augum, gerð til þess að skapa honum kjördæmi. Það sé fjarri mér, að hreyta hnjóðsyrðum í garð þess heiðursmanns; hann á það ekki skilið af mér; en það verð eg að segja, að þeir sem á þessu þingi þykjast vilja styðja mál manns þessa, þeir koma ekki fram sem vinir hans, heldur sem óvinir. Með atferli sínu kasta þeir þeim óþægilega skugga á mann þenna, sem hefir reynst vel, og eigi á slíkt skilið, að hér sé um persónulegt kappsmál hans að ræða, og að málið sé borið fram með hans vilja, og að með hans vilja sé það gert, að beita flokks-ofbeldi á þingi í jafn þýðingarlitlu máli, sem engin rök né rétt hefir fyrir sér, eins og nú lítur út fyrir að eigi að gera.

Það er langt frá mér, að eg vilji varpa nokkrum slíkum grun á hann; en fylgjendur þessa máls gefa fulla ástæðu til að grunurinn falli á hann.

Það er annars ekki fyrsta tilraun þessara manna, nú á þingi, til að gera manni þessum þá þénustu, sem hann má vera þeim alt annað en þakklátur fyrir. Þeir hafa ekki getað látið vera, að draga inn á löggjafarþing vort þá gerð hans, sem honum getur að vísu verið vansalans, á meðan henni er markaður réttur bás, en verður honum að mestum vansa við það, að farið var að nota hana hér á alþingi til að gera öðrum smán. Þessir herrar gæta þess ekki, að þeir eru þar að leika sér að tvíeggjuðu vopni.

Eg hika ekki við að segja það, að sá flokkur, sem hamrar þetta mál fram hér á þingi með persónulegum samsærum og ofbeldi, gegn öllum rétti og sanngirni, sá hinn sami flokkur gerir manninum stóran ógreiða, en ekki greiða. Það skal eg taka skarpt fram, að vér framfaraflokksmenn eigum engan þátt í þessari aðferð og viljum ekki eiga hann. Málið er þannig vaxið, að það hlýtur að veikja traust þjóðarinnar á þinginu, og rýra virðinguna fyrir því. Framknúning þess á þennan hátt hlýtur að setja svartan blett á þann þingflokk, sem að því vinnur. En það er hinn svo kallaði meiri hluti á þingi, sem verður að bera ábyrgðina á þessu máli og afdrifum þess, eins og á fleiri málum nú. Það mun betur koma í ljós síðar, hve heillavænleg framkoma flokksins mun reynast fyrir land og lýð, og augu þjóðarinnar munu fyr eða seinna opnast fyrir því, hve ólíklegur hann er til að verða frömuður verklegra framfara í landinu. Helzta afreksverk flokksins til þessa má sjálfsagt telja hið alkunna meirihluta-nefndarálit í stjórnarskrármálinu í Nd., og má hver öfunda hann af því, sem vill; eg geri það ekki. Samsæri flokksins í málinu um Ölfusárbrúarlánið fórst fyrir þegar til atkvæðanna kom,

svo það mál getur flokkurinn ekki talið sér til gildis, og að öðru leyti hefir dugnaður flokksins mest lýst sér í því, að traðka ýmsum þörfum málum, sem upp hafa verið borin á þinginu. Þetta er því auðsjáanlega fremstu og æðstu prógram-mál meiri hlutans.

En það verð eg að segja, að það eyðileggur traust þjóðarinnar á þinginu og rýrir virðingu stjórnarinnar fyrir því, þegar það er þannig að draga löggjafaratkvæði þess niður í sorpið, þegar farið er með samsærum og ofstæki að beita því eftir óskum einstakra manna, þvert ofan í það sem rétt er, og til þess að spilla fyrir sjálfum kosningalögunum, þvert ofan í óskir þjóðarinnar. Þetta er þinginu stórkostlegur vansi og álitsspillir. Sá »flokkur«, sem slíkt aðhefst, ætti með því að hafa ritað forsendurnar fyrir sínum eigin dauðadóm.

Sigurður Stefánsson: Mér finst að mér, sem kunnugum manni, liggi nærri að fara fám orðum um þetta mál. Háttv. þm. Snæf. (L. B.) sagði, að eg hefði verið beðinn um að flytja það á þessu þingi. Það eru ósannindi, en ósannindi, sem mér ekki bregður við úr þeirri átt, samkvæmt gamalli reglu. Hitt er satt, að háttv. þm. kom til mín og spurði mig með sínum vanalega reigingi: »Hafið þér nokkura skriflega áskorun úr Ísafjarðarsýslu um að bera fram á þingi frv. um skiftingu sýslunnar í tvö kjördæmi?« (*Lárus H. Bjarnason*: Ósatt!) Víst er það satt. Slíka áskorun hefi eg enn ekki séð, og því eru það líka ósannindi, er h. þm. fer þar með. Eg stend ekki upp til að tala í þessu máli af því, að eg sé innihaldi frv. ósamþykkur; krafa þess er að mörgu leyti sjálfsögð, en munur er á, hvar og hve nær hún er borin upp. H. þm. Snæf. (L. B.) studdi mál sitt með því, að þetta væri vilji þeirra, er hlut eiga að máli. Það er satt og ekki satt. Það er satt að því leyti, sem þessum óskum hefir verið hreyft í héraði, en hitt er ósatt, að kjósendum Vestur-Ísafjarðarsýslu sé það nokkurt kappsmál, að málið sé knúð fram á þann hátt sem hér er gert. Þeir vita sem sé fullvel, að kosningalagamálið muni tekið fyrir í heild sinni og því máli að sjálfsögðu ráðið til lykta á næsta þingi. Það er sem sé viðurkent af öllum, að nauðsyn beri til að breyta kjördæmaskiftingunni um alt land; það beri að hafa kjördæmin sem jöfnust, bæði að viðáttu og kjósendafjölda, og að einn þingmann beri að kjósa fyrir hvert kjördæmi. H. þingd. þóttist ekki hafa tíma til að taka kjördæmaskiftinguna til nógu rækilegrar íhugunar á þessu þingi, en hún hefir samt tíma til þess, að taka þetta eina kjördæmi út úr öllu kosningalagamálinu og með því halla rétti meiri hluta kjósenda í Ísafjarðarsýslu. Hún brýtur það niður í dag, sem hún vill byggja á morgun.

Eg kippi mér ekki upp við það, þótt h. þm. Snæf. (L. B.) lýsi orð mín ósannindi. Því er nú einu sinni svo háttað um þann mann, að það er vissara að hafa votta við, ef maður skiftir orðum við hann. Enda er hætt við, að Ísfirðingar muni kunna honum harla litlar þakkir fyrir þennan málaflntning, þar sem farið er á bak við báða þingmenn kjördæmisins, og sýslumaður sendir þingmanni úr öðru kjördæmi þessa merkilegu áskorun, skrifaða með eigin hendi.

Í Ed. var það sagt málinu til stuðnings af flutnm. þess, háttv. varafors. deildarinnar, að hann á ferðum sínum hefði orðið mjög kunnugur óskum manna í vestursýslunni í þessu máli. Eg veit ekki einu sinni, hvort hann

nokkurn tíma hefir komið vestur fyrir Breiðadalsheiði, — jú, hann mun hafa komið einu sinni á næstu bæina við Breiðadalsheiði í hvalsníkjum hérna um árið.

Háttv. þ. Snæf. (L. B.) sagði, að þetta kjördæmi væri öðruvísi sett en önnur kjördæmi. Það er satt, að því sem það er sett í Ísafjarðarsýslu, sett sem einn partur af sýslunni. En það er ekki svo illa sett, að ástæða sé til á þessu þingi að taka það fyrir fremur hinum kjördæmum landsins, sem eins mikil þörf er á að skifta, er kjördæmaskiftingin í heild sinni verður tekin fyrir.

Vestur-Isfirðingar vilja að vísu vera sérstakt kjördæmi, en þeim er það ekkert áhugamál að verða það nú þegar, og því síður mun það vilji þeirra, að samsýslungum sínum sé óréttur ger. Þessi áskorun sýslunefndarinnar, er h. þm. Snæf. (L. B.) ber fyrir sig, mun fremur hafa verið gerð til þess, að halda málinu vakandi, og fá þingmenn sýslunnar, er til almennrar kjördæmaskiftingar kæmi, til þess að sjá um, að Vestur-Ísafjarðarsýsla yrði 1 kjördæmi, Norður-Ísafjarðarsýsla 1 og kaupstaðurinn sérstakt kjördæmi. Fyr en þessi jöfnuður er kominn á, eru það hrein og bein rangindi, að gera þetta að lögum, er frv. fer fram á, þar sem hér er að eins um $^1/_3$ kjósenda kjördæmisins að ræða, sem eftir því á að fá jafnan rétt og $^2/_3$ hlutar þess.

Háttv. þm. Snæf. (L. B.) mintist á, að þetta mál hefði verið flutt hér á þingi í fyrra. Já, það var flutt og það með miklu kappi af þáverandi 2. þm. Ísf., en eg efast um að hann hafi gert það í umboði kjósenda sinna, að minsta kosti í norðurhlutanum, því að þá var ekkert um það talað. Það hefði og ekki mátt ætlast til minna af honum, en að hann hefði hreyft því eitthvað síðan. En á hringsóli sína um alla sýsluna í vetur, til þess að halda þingmálafundi hreyfði hann því ekki einu orði á neinum þeirra. Og þetta sannar nú bezt þennan mikla áhuga hans, þar sem hann hirðir ekki um að leita álits kjósenda sinna í þessu efni. En það sannar líka, að áhugi kjósenda er ekki eins mikill og látið er í veðri vaka, þar sem engin rödd í þessa átt heyrðist frá þeim á þessum fundum. Þeim er það ekkert áhugamál, að þetta nái fram að ganga á þessu þingi, heldur vilja þeir bíða þess, er kosningalögin yrðu tekin fyrir í heild sinni. Og fyr er réttlætisins ekki fyllilega gætt en Ísafjarðarsýslu og kaupstað verður skipt í 3 kjördæmi.

Það sýnir og bezt, að Vestur-Ísfirðingar eru þessum fyrverandi þingm. ekki sérlega þakklátir fyrir málaflutning hans, að líta meir en helmingur þeirra, sem kusu hann í fyrra, gáfu honum atkvæði sitt nú. Enda ætti líka hugsast, að Vestur Ísfirðingar, er þeir sjá að löggjafarvaldið fer að búa til hjá þeim sérstakt kjördæmi handa einstökum manni, mundu ekki reynast þakklátari en í fyrra.

Það hefir verið borið fyrir, að örðugt væri fyrir vesturhreppana að sækja kjörfund á Ísafjörð, en það er ekki örðugra þar en úr sumum hreppum Norður-Ísafjarðarsýslu. Auk þess er það, að ef kosningalögin, sem nú liggja fyrir Ed., verða samþykt á þessu þingi, þá hverfa alveg þessar örðugleika-ástæður, sem sífelt er verið að klifa á, þar sem samkvæmt þeim á að kjósa í hverjum hreppi. Það eru að eins næstu kosningar, sem hér er um að ræða, því að eg geng að því vísu, að lögin um kjördæmaskiftinguna verði afgreidd frá næsta þingi; það er beinlínis nauðsynleg afleiðing, ef stjórnarskrárfrv. verður samþ. nú.

Hví vill nú þingdeildin fyrir eina kosningu rífa þetta mál út úr kosningamálinu og gera með því meiri hluta þess kjördæmis, er hér er um að ræða, stóran órétt? Og hverjar eru ástæðurnar til þess?

Erfiðleikarnir við að sækja kjörfund eru það ekki, þar sem ganga má að því vísu, að við næstu kosningar verði kosið í hverjum hreppi. Vilji kjósendanna er það ekki. Hvað er það þá? Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) hefir ekki sagt það enn. Ástæður hans fóru fyrir ofan garð og neðan.

Í báðum hlutum sýslunnar eru atvinnuvegirnir þeir sömu, fiskiveiðar jafnhliða landbúnaði. Munurinn er að eins sá, að í vestursýslunni eru fiskiveiðar mestmegnis stundaðar á þilskipum, í norðursýslunni á opnum bátum. Háttv. þingm. hélt því fram, að þetta væri eðlileg skifting. Já, eðlileg að vísu þegar kjördæmaskiftingin í heild sinni er komin á, en nú er hún bæði óeðlileg og ranglát.

Hann kvað það sömu skiftinguna og í kosningalögunum. Hvaða kosningalögum? (*L. H. B.*: Í frumv. til kosningalaga, 23. gr.!). Sú skifting sagði háttv. þingm. Snæf. að væri feld burtu og sjálfur greiddi hann atkvæði með því. Þetta eru því líka ósannindi. Og yfir höfuð var sá rauði þráður, er gekk í gegnum ræðu hins háttv. þm., helber ósannindi. Við skulum ekki vera að skirrast við að nefna hlutina þeirra réttu nöfnum í þessu máli, sérstaklega þar sem margir af þeim, er þann flokk fylla, hafa gert mál þetta að kappsmáli og flokksmáli, hafa játað í votta viðurvist, að þetta væri gert til þess, að koma vissum manni að í þessu nýja kjördæmi við næstu kosningar.

Þessar ástæður get eg að vísu vel skilið, en hvort þær eru frambærilegar á löggjafarþingi þjóðarinnar, er annað mál. Að minsta kosti vil eg frábiðja mér að eg af slíkum ástæðum greiði atkvæði með eða mót nokkru máli hér á þingi, og eg býst við, að margir góðir menn hér í deildinni taki undir með mér um það.

Það er opinber leyndardómur — sem við allir vitum vel — að sú afturhaldsstjórn, sem að undanförnu hefir ráðið lögum og lofum á Íslandi, vill reyna að koma sem flestum af vinum sínum og vildarmönnum í löggjafasessinn, til þess að geta haldið sem lengst í völdin. Og hins vegar er það eðlilegt á þessum tímamótum, að þeir menn vilji komast í löggjafasessinn, er langar til að ná í æðstu tignarsætin, þegar hin nýja stjórnarskipun er komin á, því úr þingmannssætinu halda þeir að sporið sé skemmra upp í sjálfan ráðherrasessinn; við skulum segja það hreint út.

Það er líka opinbert leyndarmál, að margir eru þeir hér á landi, sem þegar renna blóðugum vonaraugum eftir ráðherratigninni, og nú þegar ganga þeir með þingherra-upppembing, ráðgjafafeber og stjórnhöfðingjakveisu.

Eftir því stjórnarfari, er vér höfum átt við að búa hin síðari árin, kemur oss það reyndar ekki á óvart, þótt afturhaldsstjórnin hér á landi fari ekki í nákvæman reikning við samvizkusemi og réttlæti, er um það er að gera að koma einhverjum af gæðingum sínum að til meiri vegs og metorða. Hinu kynni þjóðin ef til vill heldur að furða sig á, ef löggjafarvald hennar léti óhlutvanda menn eða valdsjúka afturhaldsstjórnarklíku hafa sig fyrir verkfæri til þess að geta haldið í völdin.

Að knýja þetta frumv. nú fram af þessum ástæðum, verð eg því að telja mjög blygðunarlausa misbrúkun á löggjafarvaldi þjóðarinnar. Og þegar vér vitum, hvaða hvatir liggja á bak við,

þá má með sanni segja, að það sé að flytja svívirðing foreyðslunnar inn á helgan stað, og það er vottur þess, hve sorgleg áhrif afturhaldsstjórnin einnig hefir á löggjafarvald Íslendinga.

Eg veit mikið vel, að þetta er flokksmál; en guð hjálpi þeim flokki, sem gjörir það að nr. 1 á prógrammi sínu. Það er ekki líkt því, að geta verið flokksmál hjá þeim flokki, sem samvizkusamir menn skipuðu. Það er líkara pólitisku klíkumáli, þar sem að eins er hugsað um stundarhag og persónulegar hvatir. Nú vantreysta sumir gæðingarnir og leiðtogarnir því, að lógur, ósannindi og getsakir muni duga lengur til að villa þjóðinni sjónir, og því verður að taka til þeirra ráða, að láta löggjafarvaldið hjálpa sér. Þetta er ekkert annað en barátta um völd, barátta »fas nefasque« um það, hverir á sínum tíma eigi að skipa æðstu tignarsætin.

Eg skal svo ekki að sinni fara frekari orðum um þetta mál. Því fer fjarri, að eg skammist mín fyrir að hafa sagt meiningu mína. Eg vona að sá tími komi, að þjóðin sjái, hver svívirðing er framin með svona löguðum málaflutningi á alþingi.

Lárus H. Bjarnason: Eg hygg, að ræður þær, sem hér hafa fallið, bæði h. háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) og h. háttv. 2. þm. Ísf. (S. St.), hafi sannfært menn um það, að hér sé um rökseindaþrot að ræða fyrir þeim. — Þær hafa ekki verið til annars en að þeyta eldi inn á þingið, ef þess væri kostur, en eg skal gleðja alla með því, að eg ætla ekki að bera olíu í þann eld.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) kom strax upp um sig, er hann heimtaði málinu frávísað, en háttv. forseti (Kl. J.) tók af skarið um það, og þá var ekki annað hendi nær en að gera hvell út af málinu með staðlausum stóryrðum.

Hann sagði, að kosningalagafrumv. hefði verið limlest til þess, að greiða götu þessa frumvarps, og átti þar líklega við, að kjördæmaskiftingin hefði verið tekin út úr því. Þetta nær, eins og háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sjálfur veit, engri átt. Nefndin í kosningalagamálinu var öll á einu máli um það, að geyma kjördæmaskiftinguna. — Háttv. framsögum. (Á. J.) tók það strax fram. 23. gr. slæddist af ógáti inn í frumv. nefndarinnar, og þess vegna var hún numin burt. — Allir voru samdóma um, að leita álita héraðanna, áður en sú skifting væri gerð.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) bar það líka fyrir sig, að það hefði ekki komið fram nein heiðni frá Norður Ísfirðingum, en það hafa heldur ekki komið fram nein mótmæli frá þeim. Það var öllum Ísfirðingum kunnugt, að frumv. þetta hefir legið fyrir þinginu áður, og þá var þeim það ekki síður kunnugt, að málinu mundi verða hreyft nú.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði, að Vestur-Ísafjarðarsýsla væri ekki nema 1/3 partur af allri sýslunni að fólksfjölda, og hún yrði þannig eitthvert fólksfæsta kjördæmið; en þetta er ekki rétt; mörg kjördæmi eru fólksfærri t. a. m. 1899 var fólkstal í Vestur-Ísafjarðarsýslu 2409, í kjördæmi hans sjálfs Vestur Skaftafellssýslu, þar sem fólkstal var að eins 1876, í Strandasýslu 1999, í Dalasýslu 2226, í Norður-Þingeyjarsýslu 1345, í Mýrasýslu 1941 og í Austur Skaftafellssýslu 1216, að eg sleppi alveg Vestmannaeyjasýslu. —

Auk þess væri það alveg rangt, að fara að eins eftir fólksfjölda. Náttúra og landslag verður líka að ráða miklu, enda er munurinn á Vestur- og

Norður-Isafjarðarsýslu ekki svo stór. — Þegar kaupstaðurinn er talinn frá, sem hefir 1000 íbúa, þá yrði í Norður-Ísafjarðarsýslu 3500 manna.

Háttv, þm. V.-Sk. (Guðl. G) sagði, að Ísafjarðarsýsla væri ekki eina sýslan, sem væri eitt kjördæmi, en tvö sýslufélög, og nefndi til Gullbringu- og Kjósarsýslu sem annað dæmið, en það er rangt. Sú sýsla er eitt sýslufélag, en vel má vera, að hún ætti líka að verða tvö kjördæmi, en það mál er ekkert undirbúið, og getur því ekki komið til mála nú, en eg mundi taka afstöðu til þess máls síðar, þegar það væri komið fram.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) gat þess, að fylgjendur þessa frv. mundu hafa aðrar ástæður til þess en látnar væri uppi. — Eg þekki engar leynilegar ástæður til þess. Aðrir geta sagt fyrir sig.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði og, að þessi lög mundu spilla fyrir kosningalögunum, en það er ekkert nema fyrirsláttur. Háttv. efri deild er jafnstaðráðin í, að láta kjördæmaskiftinguna bíða og háttv. neðri deild.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði, að heimastjórnarflokkurinn hefði traðkað ýmsum þörfum málum, og á þar líklega við botnvörpumálið eitt. Vonandi sér flokkurinn svo sóma sinn, að hann fylgi ekki því máli, en það hefir enn ekki reynt á það. Málið er ekki enn komið úr nefndinni. Annars er óþarfi, að bendla þetta mál við flokkinn. Í efri deild voru ekki nema 2 atkvæði gegn því, og atkvæðagreiðslan hér mun sýna, að það er ekki flokksmál.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) var eitthvað að »skjana« upp á meiri hluta nefndarinnar í stjórnarskrármálinu, en við nefndarmenn tökum þau orð hans okkur til inntektar. — Það hefir aldrei verið ills viti, að líta öðru vísi á málin en háttv. þm.

Háttv. 2. þm. Ísf. (Sig. St.) byrjaði ræðu sína með því, að lýsa það ósannindi, að eg hefði spurt sig að því, hvort hann vildi flytja þetta frumv., og bætti við, að honum brygði nú raunar ekki við það; hann hefði jafnan vitað, að bezt væri að tala við mig undir votta. Það væri nú kannske réttast, að svara ekki þessari gömlu, slitnu Þjóðvilja uppfundningu, en þó get eg ekki varist að geta þess, að eg hefði ekki búist við annari eins frekju af háttv. 2. þm. Ísf. (Sig. Stef.). Eg þykist að vísu áður hafa séð það á manninum, að hann talaði ósatt. Eg hefi haft hann fyrir rétti. En nú veit eg það fyrst, að hann skirrist ekki við, að segja vísvitandi ósatt, þegar svo ber undir. Hann veit vel, að eg sagði satt frá samtali okkar hér í þingsalnum í byrjun þingsins.

Það nær engri átt, að farið hafi verið á bak við háttv. þm. Ísf. með þetta frumv., eða vissu þeir ekki af því, að það var borið fram í fyrra, og að Vestur-Ísafjarðarsýsla hreyfði því á seinasta sýslufundi?

Háttv. 2. þm. Ísf. (S. St.) sagðist ekki vera innhaldi frumvarpsins ósamþykkur; en af hverju kemur þá þessi lífróður hans á móti frumvarpinu? Er hann hræddur um, að Vestur Ísfirðingar muni ekki kjósa sig eða samþingismann hans?

Háttv. 2. þm. Ísf. (S. St.) sagði, að Vestur-Ísfirðingum væri þetta ekkert kappsmál; en því hefir þá sýslunefndin þar einum munni farið fram á skiftinguna?

Háttv. 2. þm. Ísf. (Sig. St.) sagði, að við værum að búa til kjördæmi handa Hannesi Hafstein, og þótti honum það illa gert, þó svo væri að heyra, sem honum þætti ósköp vænt um hann. — En eg get fullvissað háttv. 2. þm. Isf. (S. St.) um það, að þetta er ástæðulaus ótti, því að eg hefi sannfrétt, að hann ætlar

ekki að bjóða sig fram í Ísafjarðarsýslu. — Eg ímynda mér, að hann sé ekkert upp á þá kominn, eða þurfi að fara í atkvæðasnikjur þangað. — Eða fóru háttv. þm. Kjósar- og Gullbringusýslu fram á, að Vestmanneyjasýsla væri lögð við Rangárvallasýslu, til þess, að straffa Vestmanneyinga fyrir kosningarnar síðast?

Háttv. 2. þm. Isf. (S. St.) sagði, að Norður-Isafjarðarsýslu sé gert rangt. — Eg leyfi mér að spyrja: Hvernig? Hér er farið fram á nákvæmlega sömu skiftingu og flokksbræður hans tveir, háttv. þm. Kjósar- og Gullbringusýslu, ætluðust til, að kæmist á á þessu þingi í kosningalagafrumvarpinu.

Eg sagði, að öðru vísi væri ástatt um Ísafjarðarsýslu en önnur kjördæmi, og meinti með því, að atvinnuvegir og ýms önnur áhugamál væri sundurleit í vestursýslunni og norðursýslunni. — Í vestursýslunni er meiri landbúnaður og meiri landvegir. — Hitt var útúrsnúningur, að látast skilja orð mín svo, sem eg hefði átt við afstöðu héraðsins á landabréfinu.

Háttv. 2. þm. Isf. (S. St.) sagði, að engin meining væri í, að skifta kjördæminu nú, úr því að líkindi væri til, að kosið yrði í hverjum hreppi við næstu kosningar; en þetta er ekki rétt. — Að vísu tel eg víst, að kosningalögin verði samþykt af þinginu; en það er ólíklegt, að kosið verði eftir þeim næst. Það er ekki líklegt, að allur sá undirbúningur, er þau útheimta, verði kominn í kring þá, enda þarf stjórnin ekki að staðfesta lögin fyr en rétt fyrir næsta þing.

Og hvað sem því líður, væri engin meining í því, að láta skifting Ísafjarðarsýslu, sem allir eru sammála um, hvernig beri að skifta, bíða eftir skiftingu annarra kjördæma, sem líklega á langt í land, úr því að leita verður undirtekta sýslunefndanna um það.

Það er ósatt, að eg hafi greitt atkv. með kjördæmaskiftingunni eða 23. gr. kosningalaganna. — Eg greiddi atkv. móti henni undir eins og upplýst var, að nefudin hefði haldið henni af vangá. — Eg hafði annars búist við því, að presturinn, háttv. 2. þm. Isf. (S. St.), hefði að minsta kosti reynst nokkuð sannsöglari en raun er orðin á.

Það verð eg og að telja ósatt, að nokkur flokksmaður hafi játað, að þetta frumv. væri borið fram bara til þess, að útvega ákveðnum manni sæti á þingi. — Það er borið fram eftir beiðni Vestur-Isfirðinga, er hafa haft þetta mál ofarlega á dagskrá seinustu 10 árin.

Háttv. 2. þm. Isf. (Sig. St.) sagði, að þetta væri gert til þess, að útvega »afturhaldsstjórninni« fleiri sæti á þingi, og til þess að koma með því móti fleiri hennar gæðingum í æðstu tignarsætin. — Hér væri ekki barist um annað en völdin. Það situr illa á háttv. 2. þm. Ísf. (S. St.), að bregða heimastjórnarflokknum um þetta, því að vinur hans, ritstjóri »Þjóðviljans«, hefir játað, að flokkur hans berðist að eins um völdin. Það má lesa þá játningu svart á hvítu í blaðinu. — Annars mótmæli eg því, að heimastjórnarflokkurinn, sem í eru 9 bændur af 11 þingbændum, standi í nokkru sambandi við þá, sem völdin hafa hér á landi. — Hann hefir tekið boði hinnar frjálslyndu stjórnar, rétt eins og hinn flokkurinn. Það er alt og sumt, enda er mér ekki kunnugt um, að þingmenn séu nokkursstaðar nær valdasessunum en aðrir menn, heldur þvert á móti öllu fjær.

Annars er það meir en undarlegt, að heyra þann flokkinn, er barist hefir með hnúum og hnefum á móti búsetu

stjórnarinnar hér, á móti okkar eigin peningastofnun, landsbankanum, en hamast hefir fyrir því, að selja útlendingum landhelgi vora, kalla sig »framsóknarflokk«, en okkur, sem varið hafa landsréttindi vor, »afturhaldsmenn«. — Það eru sannkölluð hausavíxl.

Og það kastar sannarlega ekki fallegra ljósi á flokk þingmannsins, að fyrverandi höfðingjar flokksins skuli hafa staðið jafn-nærri fleygnum, sem einn ónefndur bæjarmaður skaut inn í stjórnarskrármálið á fundinum sæla 11. þ. m. — Eg segi ekki, að þingflokkurinn hafi átt þar hlut að máli, en skugga hefir það tiltæki kastað á flokkinn.

Eg þekki svo marga góða menn í flokknum, að eg trúi því ekki, að þeir hafi átt þar hlut að máli.

Annars þakka eg háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) og háttv. 2. þm. Isf. (S. St.) fyrir þá umhyggjusemi fyrir virðingu heimastjórnarflokksins, er þeir létu í ljósi. — Mér dettur ekki í hug, að gruna jafn-hreinlynda menn sem þá um, að þeir hafi talað öðru vísi en þeim bjó í brjósti.

Guðlaugur Guðmundsson: H. þm Snæf. (L. H. B.) byrjaði með því, að segja, að ræða mín og háttv. 2. þm. Isf. (S. St.) um þetta málefni hefðu borið vott um, að hjá oss væru röksemdaþrot. — Þetta er all-einkennileg skoðun hjá h. þm. Snæf. (L. H. B.). — Hann hefir tekið að sér fyrir flokksins hönd, að mæla fyrir þessu máli hér, en hann hefir alls engar ástæður fært fyrir málinu. Röksemda-bresturinn er hjá honum sjálfum, en eigi hjá oss.

Það er dálítið einkennilegt, að háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) er alt af að vitna í óskir Vestur-Isafjarðarsýslu, sem er að eins 1/3 af kjördæmi því, er skifta á, en vill ekki láta Norður-Isafjarðarsýslu með kaupstaðnum hafa neitt atkvæði um málið, og þó er sá hlutinn helmingi stærri. Þetta er undirbúningurinn! Og hvar er sönnunin fyrir því, að þeim hluta kjördæmisins hafi verið nokkuð kunnugt um það, að málið skyldi borið fram nú á þessu þingi?

Hverjum mundi detta í hug, að svo sérstaklega lægi á að þröngva fram skiftingu þessa kjördæmis, framar öllum öðrum á landinu, og það, ef til vill, þvert ofan í vilja meiri hlutans í kjördæminu?

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) vildi véfengja, að málið gæti komið í bága við kosningalögin; en hann veit það sjálfur, að þetta er talað út í hött hjá honum. — Honum er nefnilega vel kunnugt um, að 23. gr. í frumv. um kosningar til alþingis hefir verið numin burt hér í deildinni til þess að koma þessu máli að, en yrði sú grein aftur tekin upp í efri deild, þá gæti kosningalögin lent í glundroða milli deildanna, og þetta auðvirðilega mál hefði þá þessi flokkur gert að þröskuldi í götu hinna þýðingarmiklu kosningalaga. Slíkt er heimskulegt ofurkapp.

Hinn háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) vildi ekki kannast við, að þetta mál hefði verið tekið upp og því þröngvað fram sem »flokksmáli«. — Eg skal þá taka það enn skýrara fram, að eg veit það, að það eru gerð samtök af hendi þess flokks, er hann telur sig til, persónulegt klíkusamsæri, um að þröngva þessu máli fram með meiri hluta ofbeldi, og hinn háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) er einn af þeim, sem þessi samtök hafa gert. — Eg skal strax, þegar þess er óskað, nefna þrjá háttv. þm. úr þessum hans eigin flokki sem vitni að því, að eg hermi rétt. Hinn háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) fer því með ósannindi, og, það sem meira er, hann veit það sjálfur, að hann talar ósatt. — Sem lögfróður

maður þekkir hann sjálfsagt, hvert nafn slíku á að gefa. — Eg á erfitt með að skilja þann hugsunarhátt, sem ekki þorir að segja sannleikann hér í þessum sal.

Hinn háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) var með ýmsar útúrdúra-slettur til mín og þess þingflokks, sem eg hefi talið mig til, og barist hefir fyrir stjórnarbót í landinu. — Hann sagði, að við hefðum barist á móti búsetu stjórnarinnar í landinu, að við vildum leggja niður landsbankann, og að við vildum selja útlendingum réttindi landsins. — Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) veit það sjálfur, að þetta eru alt eintóm staðlaus ósannindi. Ekkert af þessu hefir neinum okkar til hugar komið, og hver sá maður, sem nennir að kynna sér af þingtíðindunum það, sem af okkar hálfu hefir verið sagt og gert í stjórnarskrár- og bankamálinu, hann getur sannfært sig um, að þetta eru mjög frekjuleg ósannindi. — Satt að segja gat eg varla látið mér detta í hug, að nokkur þingmaður léti sér slík orð um munn fara hér í salnum, orð, sem hver einasti maður, sem hefir kynt sér framkomu stjórnbótarflokksins, veit, að eru á alls engum rökum bygð. — Af því að mér þar að auki eru sérstaklega kunnar aðgerðir þess þingflokks utan þessa sals síðan 1895, þá get eg staðhæft það afdráttarlaust, að þetta er hreinn og beinn rógburður og ekkert annað, og ósæmilegur hverjum einasta þingmanni.

Eg hef síður orðið hissa, þó að eg hafi séð slíkar álygar og rógburð í dálkum ýmsra sorpblaða hér á landi, sérstaklega síðan þingi sleit 1901. — Það eru blöð, sem þurfa að lifa á því, að fóðra alþýðu manna í stóryrða-froðu og ósanninda-reyk, og þau gera náttúrlega alt sem þau geta til þess, að bera róg, getsakir og dylgjur út meðal þjóðarinnar; þau gera náttúrlega alt sem þau geta til þess, að rugla meðvitund þjóðarinnar, og deyfa siðferðistilfinning hennar. Annars gæti þau ekki lifað. En allir skynsamir menn sjá, hversu heiðvirð starfsemi þetta er og hvað hún er þjóðinni holl.

Hið sama má segja um þá slettu h. þm. Snæf. (L. H. B.), að stjórnbótarflokkurinn hafi átt þátt í framkomu þeirrar flugu, er reynt hefir verið að blása upp hér í bænum gegn ríkisráðssetu ráðherrans. Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) veit líka, að hann í þessu efni fer með ósannindi. Maður sá, sonur Benedikts sál. Sveinssonar, er fyrir þessu hefir gengist, hefir fylt andstæðingaflokk málsins til þessa, fylt stefnu háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), en ekki okkar, og hann gerir það enn þá. — Það er alt og sumt. Með slíkum getsökum kastar háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) að eins óþægilegu ljósi á sig sjálfan.

Hin óeðlilega flokkaskifting, sem á sér stað á þessu þingi, og sem háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) hefir verið fremstur í flokki til að skrúfa saman og halda við, er ekki grunvölluð á neinum skoðanamismun á því aðal-máli, sem til þessa hefir skift mönnum í flokka, því nú er alt þingið og þjóðin gengin inn á þá stefnu, sem við höfum fylgt, að taka því bezta, sem býðst. — Flokkur hins háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) hefir nú einróma samþykt ríkisráðssetuna, þótt hann 1897—1901 kallaði það »landráð« af okkar hendi, að við ekki vildum taka upp í frumv. blátt bann gegn ríkisráðssetunni. Hvernig stendur á þessu? Jú, það hefir fyrir sér skýr rök og eðlileg. Afturhaldsmennirnir, sem eru þeir ráðandi menn í flokknum, sjá það nú, að móti breytingunni er nú ómögulegt að spyrna, þegar búið er að sveigja bæði stjórnina og þjóðina til samkomulags. En til þess samt að

fyrirbyggja, að system-breytingin færi lengra en þeir vilja, þá hafa þeir skrúfað saman þennan óeðlilega meirihluta-flokk, í von um, að geta ráðið því, hverir við völdum taka, og á þann hátt heft breytinguna. — Annars hefði þeir ekki haft endaskifti á sjálfum sér í ríkisráðsspursmálinu. — Það er ekki af því, að eg álíti afturhaldspólitík neitt óheiðarlega stefnu, að eg bendi á þetta; það er langt frá; því gætinn íhaldsflokkur er alstaðar nauðsynlegur; en það er ekki heiðarlegt, ef menn látast vera annað en þeir eru. Það er að berjast »undir fölsku flaggi«.

Sigurður Stefánsson: Háttvirtur þm. V.-Sk. (Guðl. G.) hefir svarað þm. Snæf. (L. H. B.) svo rækilega, að það má segja um ræðu hins síðarnefnda þm., að þar standi eigi lengur steinn yfir steini. Ræða háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) var næsta skipuleg, en í ræðu h. þm. Snæf. (L. H. B.) mun enginn einu sinni geta fundið, að hann snerti nokkuð við því, sem er aðalatriðið í þessu máli; en nógu sléttmáll var hann. Mér datt alveg ósjálfrátt í hug, er eg heyrði á ræðu þm. Snæf., þetta vers eftir Hallgrím Pétursson:

»Ábatavon og vina hót
verkin dylja, þótt séu ljót.
Líka kemur sú fordild fram,
sem forsvarað getur Barrabam«.

Já, h. þm. Snæf. (L. H. B.) gerist sannur prokúrator fyrir Barrabas. Þm. tók ekkert fram af því, sem var aðalatriðið. Hér er eigi verið að deila um það, hvort þetta mál sé áhugamál fyrir Vestur-Ísf., heldur, hvort vert sé á þessu þingi að knýja það áfram af þeim ástæðum, sem eg nefndi áðan, og enginn hefir dirfst að bera brigður á. Þetta forðast h. þm. Snæf. (L. H. B.) sem heitan eld; já hann má það líka, — mér dettur í hug kötturinn, sem ráfar í kringum heitan grautardiskinn — því hann óttast að brenna sig.

Það var einnig rangt hjá þm. Snæf. (L. H. B.), er hann talaði um það, hve atvinnuvegir Vestur- og Norður-Ísf. væru ólíkir, því í sumum hreppum Norður-Ísf. er landbúnaður fult eins mikill og í hreppum Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Hvað því viðvíkur, er þm. Snæf. sagði að Norður- og Vestur-Ísf. hefði hver sín áhugamál og tilnefndi vegamálið, þá er þetta eigi heldur rétt, að því er kjördæmaskiftinguna snertir. Landvegir eru að vísu meiri í Vestur-Ísafjarðarsýslu, er sýslufjelagið verður að kosta, en það kemur þessu máli lítið við, og sá vegur, sem mestra og bráðra bóta þarfnast, er handbendi beggja sýslufélaganna, og báðum því skylt að kosta hann; eg á hér við Breiðadalsheiði, enda hafa þm. kjördæmisins fylgt því fram hér á þingi, að þessi vegagjörð væri styrkt af landssjóði; það hefir enginn ágreiningur verið milli þessara sýslufélaga eða þm. kjördæmisins.

Þar sem þm. Snæf. (L. H. B.) tók það fram, að viss maður er hann nefndi ekki mundi bjóða sig fram í Ísafjarðarsýslu, þá snertir það í raun og veru ekki beinlínis aðalatriði málsins, sem er það, hvers vegna þetta eina atriði kosningalagamálsins er slitið út úr heildinni og gert að slíku kappsmáli, sem raun er á orðin, og það að eins fyrir þessa einu kosningu að vori; það er spurningin sem h. þm. og flokkur hans veigrar sér við að svara á þann eina hátt, sem gerir þetta miklə fylgi við þetta mál skiljanlegt.

Hvað snertir það ágreiningsatriði okkar þm. Snæf. (L. H. B.), hvað hvor okkar hafi sagt í samtali okkar, þá er ekki til neins að vera að þrátta um það. En það, sem eg átti tal við hann

í sæti mínu, þá er það jafn-satt og rétt fyrir það, hvort sem eg talaði við hann sem prestur eða sem þingmaður.

Annars er það hægt fyrir þm. Snæf. (L. H. B.) að áminna menn um að vera rólega, hann sem stendur með guðræknis- og sakleysissvip, um leið og hann kastar inn á þingið því mesta ófriðar- og sundrungarefni. Það er ekki öllum lánað, að geta komið fram eins og þm. Snæf. (L. H. B.), enda dettur manni ósjálfrátt í hug persónan, sem sagt er um, að stundum hafi til að bregða sér í ljóssengilsins líki.

Lárus H. Bjarnason: Það er svo fjarri mér, að eg vilji gera nokkra tilraun til að níðast á háttv. mótstöðumönnum mínum í þessu máli nú, er þeir eru dauðir. Eg vildi að eins leyfa mér að taka upp aftur þær þrjár aðalástæður fyrir þessu frv., er eg áðan tók fram í ræðu minni. Það virðist svo, sem þær hafi ekki gengið inn í þeirra góðu höfuð, hvort sem það er af getuleysi eða öðru. Eg skal láta það ósagt vera.

Fyrsta ástæðan er sú, að hér liggur fyrir beiðni frá hlutaðeigandi sýslunefnd. Önnur, að hér er um tvö sýslufélög að ræða, sem er 1 kjördæmi, en kýs í sameiningu 2 þingmenn, enda þótt þau hafi ólík áhugamál.

Þriðja, að allir hafa játað, að skiftingin sé í sjálfu sér eðlileg. Það er sama skiftingin, sem farið var fram á í kosningalagafrumv. og öllum þá ótti sanngjörn.

Hermann Jónasson: Mér kemur mjög undarlega fyrir það kapp og sá hiti, sem komið hefir í ljós í þessu máli. Þegar málið lá hér fyrir deildinni á síðasta þingi, þá fanst mér það svo sanngjarnt og eðlilegt, að eg furðaði mig á því, að það skyldi ekki hafa komið fram löngu fyr ósk um að skifta þessu kjördæmi í tvent, eins og brýn þörf knúði fram, að Ísafjarðarsýslu var skift í tvö sýslufélög. Það verða allir að sjá, að það er hreinasta ranglæti, að hver einn og einasti kjósandi úr Vestur-Ísafjarðarsýslu verði að fara í aðra sýslu til þess, að geta notið kosningarréttar síns. Þetta finst mér svo ósanngjart, að eg þess vegna hefi ekki skoðað huga minn um eitt einasta augnablik að vera með þessu frumv., því þótt segja megi, að Norður-Ísafjarðarsýsla sé fjölmennari, þá má með miklu meiri rétti segja þetta um önnur kjördæmi, t. d. Reykjavík borna saman við Vestmanneyjar, sem kosið hafa sinn þingmanninn hvort um sig, og er þó miklu meiri munur á mannfjölda þessara tveggja kjördæma. Hér liggur fyrir bein beiðni frá vestursýslunni, og norðursýslan hefir ekki hreyft neinum mótmælum, enda hlýtur hún líka að sjá þann rétt, sem vestursýslan hefir, ef sannsýni er viðhöfð. Að komið hafi fram óskir í þessa átt frá norðursýslunni stendur ekki til, því það getur ekki verið í hennar »interesse«, að kjördæminu sé skift í tvent.

Eg skil ekki þau stóru orð, sem hér hafa fallið í dag, en þar sem báðir h. þm., er þau komu frá, eru nú dauðir, þá vil eg ekki níðast á þeim; enda er ekki sæmilegt að taka þau upp aftur.

Það hefir verið sagt nú, og var einnig sagt á síðasta þingi, að þessi skifting væri gerð fyrir vissan mann; eða með öðrum orðum að meiri hlutinn á síðasta þingi hefði ekki viljað samþykkja skiftinguna, af því að þá kæmist að þingmannsefni úr þeim flokki, er heyrði til minni hlutanum; en ef hann fótum tryði réttlætið og feldi frumv., þá mundu komast að tvö þingmannsefni í norðursýslunni úr hans flokki, eins og raun hefir líka gefið og fram er komið. Þannig var þetta sagt; en eg segi alls ekki, að mér hafi dottið í

hug, að svo lúalegar hvatir hafi stjórnað gjörðum þingmanna þeirra, er þá feldu frumv., heldur tek eg þetta að eins fram í sambandi við það, sem h. þm. Ísf. (Sig. St.) nefnir.

Það hefir verið sagt, að það væri einkennilegt að vera að hreyfa þessu máli nú, þar sem líklegt væri, að bráðlega mundi komast á breyting á kjördæmaskiftingunni. Það er svo alvanalegt að heyra slíkar mótbárur; en það gengur svo oft þing eftir þing, að mál hafast ekki fram, og hver segir, að ekki geti eins farið með þetta mál? En þótt svo væri, að kjördæmaskifting yfir alt land gengi síðar fram, þá vil eg ekki vera með því, að stuðla að því, að traðka rétti heils sýslafélags, þó ekki væri nema um eina þingkosning að ræða.

Árni Jónsson: Það eru að eins örfá orð út af þeim ummælum háttv. þm. Ísf. (Sig. St.), er hann sagði, að menn blygðuðust sín fyrir að segja þær ástæður, sem þeir hefðu til að gefa þessu frumv. atkvæði sitt. Eg álít að þessi ummæli sé eigi rétt. Eg blygðast mín ekkert fyrir að horfa framan í h. þm., hvort sem er hér í þingsalnum eða hvar sem er, og segja honum hvers vegna eg mun greiða atkv. með þessu frumv.

Eg geri það af tveim ástæðum, og skal nú segja honum hverjar þær eru.

Önnur ástæðan er sú, að mér fanst það æskilegt, að þegar sýslu væri skift í tvö sýslufélög, þá væri einnig eðlilegt að skifta henni í tvö kjördæmi. Þannig hefir einnig ætíð verið gert þegar svo hefir staðið á, og skal eg nefna t. d. Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu og Austur- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Hin ástæðan er sú, að þegar eg las þingtíðindin frá í fyrra og umr. um þetta mál, og sá enn fremur, að það hafði gengið fram í Nd., en strandað í Ed. á einu einasta atkv., þá fanst mér þetta mál vera svo sanngjart, að eg mundi hafa greitt því atkvæði mitt, ef til minna kasta hefði komið.

Eg vísa því frá mér þeim ummælum, sem þm. Ísf. (Sig St.) sagði, að menn úr flokk meiri hluta þingsins hefðu sagt honum að væri ástæðan til þessa frumv., vísa þeim frá sem mér að öllu leyti óviðkomandi og sömuleiðis öllum öðrum aðdróttunum frá báðum þeim 2. þm. Ísf. (Sig. St.) og þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.).

Niðurlagið á fyrstu ræðu háttv. þm. Isf. (Sig. St.) minti mig á boðorð, sem eg hugsa að hann þekki eins vel og eg, sem segir: »Þú skalt ekki leggja nafn Drottins guðs þíns við hégóma«. Eg held eg þurfi ekki að minna háttv. þm. á, að þetta boðorð á eins að gilda hér í þingsalnum sem hvarvetna annarsstaðar.

ATKV.GR.: Rökstudd dagskrá feld með 13 : 9 atkv.

Málinu vísað til 2. umr. með 13 : 8 atkv.

Felt að vísa málinu til kosningalaganefnd. með 12 : 10 atkv.

Önnur umr., 18. ágúst (þgskj. 144).

Þórhallur Bjarnarson: Eg lít svo á, að hefði frv. þetta komið fram á þingi um sama leyti og sýsluskiftingin komst á, það var árið 1895 að því er mig minnir, þá hefði það gengið nokkurn veginn greitt, að fá sérstakan alþingismann í vestursýslunni, eins og það þá gekk greitt, að fá sérstakt sýslufélag, og í annan stað er það viðurkent, að krafan er í sjálfu sér réttmæt.

Þetta, að kjördæmin séu jafnmörg á landinu og þingmennirnir, er þýðingarmikil og góð breyting, og frá mínu sjónarmiði hefi eg sérstaklega ástæðu

til þess að óska þess. Eg treysti því að sú breyting verði til þess, að landbúnaðurinn fái fleiri fulltrúa á þingi og er sérstök ástæða að hugsa um það nú, er það er talið víst, að 4 nýju kjördæmin, er við bætast eftir endurskoðuðu stjórnarskránni, verði í kaupstöðunum. Þegar kosningum er hagað eins og nú, er víða eru kosnir 2 þm. í einu kjördæmi, er hætt við að sjávarplássin vegna fjöldans beri hærri hlut, og kjósi tvo fulltrúa sjávarútvegarins, þar sem slíkt kjördæmi skift kysi annan landbúnaðarfulltrúa, og nægir mér að minna á Kjósar- og Gullbringusýslu.

Hvað sjálft efni frv. snertir, hefi eg því ekkert að athuga; innihald þess er og í sjálfu sér ekkert deiluefni hér á þinginu. Það sem deilunum veldur, er það, að frv. er einmitt núna á ferðinni.

Eg þykist vera svo settur hér í deildinni, að eg geti talað það í þessu máli, sem aðrir vilja ekki eða geta ekki talað. Eg kemst eigi hjá því, að fara út fyrir það svið, sem markað er við 2. umr., en vona að hæstv. forseti sýni mér umburðarlyndi, ekki sízt vegna þess, að eg þykist sjaldan gera mig sekan í þeim efnum.

Það veldur mér nefnilega kvíða og áhyggju, hvað mikið þetta mál, ekki stærra en það nú er, virðist ætla að magna pólitíska fjandskapinn, sem verið hefir í landinu, en sem von væri til að færi að sefast, er allir hafa í einu hljóði samþykt stjórnarskrárendurskoðun, málið, sem rimman er risin af.

Það er ekki svo að skilja, að eg ætli mér hér að að fara að halda neina sáttaprédikun milli flokkanna. Það yrði eflaust skoðað sem hégómi einn. En spursmálið er þetta, hvort ekki væri tilvinnandi að leggja dálítið í sölurnar til að draga heldur úr flokkadráttarfjandskapnum, láta nú undir þinglokin heldur anda friði en ófriði til þjóðarinnar. Það er ótrúlegt, hvað þessi ófriður nær langt inn í allar greinar félagslífsins, og spillir mörgum málum, sem ekkert eiga skylt við pólitík.

Eg þekki þetta sjálfur, og hefi reynt það, og gæti nefnt dæmi, en geri það ekki; eg býst við, að hver og einn kannist við það.

Mér finst eg geta litið á þetta mál jafn hita- og fylgislaust og söguritarinn sem dæmir um liðinn viðburð. Eg kannast fúslega við, að það er náttúrlegt, að málið er fram komið nú, og sótt fast; eg felli því engan ámælisdóm yfir fylgjendum frv,, en hygg að þeir vinni gott verk með því, að þeir sjálfir af frjálsum vilja, nú eftir að hafa sýnt það, að þeir hafa fult afl til að koma því fram, lofi því að hvíla sig að sinni.

Þegar frv. þetta var flutt hér í fyrra, gekk það liðugt fyrst í stað, hafði hér í deild allan þorra atkvæða til 3. umr., varð síðan að kappsmáli, og féll með eins atkv. mun í Ed. Eg fylgdist með í því máli þá, og áleit það ekki rétt, er það var felt, áleit að þetta sérstaka sýslufélag hefði réttarkröfu á að fá sérstakan þingmann. Aftur skal eg svo játa það, að málið stendur nokkuð öðru vísi af sér nú en í fyrra, af því að almenn kjördæmaskifting er nær nú en þá.

Nú skil eg afstöðuna í þessu máli svo, að kappið stafi eingöngu þaðan, að menn vilja nú hafa það fram, er þeim fanst ranglega vera felt fyrir sér á síðasta þingi. Eg fyrir mitt leyti er fullviss um það, að það eru rangar getsakir, að þetta frumv. sé nú fram komið til að útvega vissum manni kjördæmi; sá h. þm. sem mest hefir talað fyrir frv, hefir lýst því yfir, að sá maður, sem til hefir verið nefndur, muni ekki leita þar kosningar, þó þetta sér-

staka kjördæmi verði stofnað, og eg trúi því; enda væri það sennilega ekki til annars en spilla fyrir kjörfylgi, kæmist það inn hjá kjósendum, að kjördæmaskifting væri gerð fyrir vist þingmannsefni, líkt og sagt er um prestskosningar, ef kjósendur þykjast vita, að veitingarvaldið ætli þeim einhvern vissan umsækjanda.

Við þá, sem andmælt hafa frv., vil eg hafa það talað, að þeir hafa farið of geyst í getsökunum, skilja það ekki, að nú er bara glímukappið að hefna byltunnar, sem hinir fengu í fyrra í þessu máli. Svo finst mér og, að andmælendurnir hafi farið alt of langt í því að telja kjördæmisskiftinguna alveg sjálffengna með samþyktri stjórnarskrá og væntanlega samþyktum kosningalögum. Það er sennilegt, og vonandi, að það gangi bráðlega fram, að einn þingmaður verði fyrir hvert kjördæmi; en engin ákvæði eru um það í þessum tveim frumv. sem frá þinginu fara núna, og mögulegt og hugsanlegt er, að það dragist um óákveðinn tíma.

Það er fornkveðin íslenzka, að ofin eru jafnan skammæ. Eg lít svo á, að á síðustu þingum hafi meirihluta-valdi verið beitt of freklega á stundum, og hvor flokkurinn um sig hafi fengið að kenna á því eftir á. Það var um of, er stjórnarskrárfrv. 1899 var felt frá 2. umr., og það var aftur um of, að mínum dómi, þegar frv. var knúð í gegn 1901, þrátt fyrir stjórnarfarsumskiftin í Danmörku. Eg taldi það í fyrra um of, er meiri-hluta-valdi var beitt til að fella frumv., sem hér liggur fyrir til umr., og eg tel það nú um of, eins og á stendur, að gera kappsmál úr því, að knýja það fram í þetta sinn.

Eg geng hér milli tveggja flokka og reyni að gera þeim það skiljanlegt, að um of er farið hjá báðum. Eg bið andstæðinga frv. að kannast við það, hve eðlilegt það er, að hinir vilja nú neyta afls í glímunni í þetta sinn, og svo bið eg fylgjendur frv. að sýna þá sjálfsafneitun, mér finst hún ekki vera svo stór, að láta nú við það sitja, að þeir hafa sýnt það og sannað, að þeir hafa tögl og hagldir að fá frv. samþ. Eg hygg, að þjóðin, sem yfirleitt óskar að fá meiri frið í landinu, muni meta vel þá sjálfsafneitun. Mögulegleikinn til slíks samkomulags felst í þessu, að hér er bara um aflraun að ræða; verði það viðurkent frá báðum hliðum, þá stendur til vonar, að það viðurkennist líka, að málið sé of smátt til þess að hleypa af stað svo miklum hita.

Vér megum ekki við því, að ala á ófriðnum í landinu á þeim grundvelli, sem hann nú stendur. Það er sjálfgefið, að flokkaskifting verður að eiga sér stað, og þá verður heldur eigi komist hjá meiri og minni flokkarig; en flokkaskiftingin, sem nú er, hlýtur að ummyndast.

Hvað greinir menn í þessa flokka?

Ekki er það framsókn og atturhald, eyðsla og sparnaður, alþýðuvald og embættavald, landbúnaður og sjávarútvegur, einstaklingsfrelsið og félagsforræðið, skattamál, tollmál, skólamál, kirkjumál eða hvað eg á að nefna, sem flokka myndar um víðan heim. Í öllum þessum greinum eru menn sitt á hvað beggja megin.

Eg treysti því öruggur, og vona þar sérstaklega góðs af hinu nýja stjórnarfari, að hjá oss myndist eðlileg flokkaskifting um höfuðmálin, og því er mér svo ant um að sem minst verði til að ala áfram þá flokkagreining, sem nú er.

Sé mér borið á brýn, að þetta hefði átt að segjast við 1. umr., þá skal eg ekki þrátta um það, en bæði óttaðist eg þá fremur að vera tortrygður, og

svo fanst mér það ekki nema eðlilegt, að fylgismenn frv. vildu einnig sýna það í þessari deild, að þeir hefðu frv. í hendi sér. Eg tala hér við flokkana, og reyni ekki að hafa áhrif á atkvæði neins einstaks þm. í þessu máli í dag, eg get vitnað það undir alla, að eg hefi eigi reynt það utan funda, og það er öllum að óvörum, það sem eg nú tala. Eg veit vel, að frá flokki getur ekki komið neitt svar í þá átt, sem eg beiðist nú þegar á fundinum; til þess þarf að bera sig saman. Það eina, sem eg beiðist núna, er að tekinn sé umhugsunarfrestur, hann þarf ekki að vera nema einn dag, og allir sjá, að málinu er ekki stefnt í neinn vanda við það, ef sá flokkur, er ræður úrslitum þess, vill halda því áfram; þingtíminn er yfirfljótanlega nægur enn. Eg veit að hæstv. forseti verður við þeirri beiðni minni, að taka málið út af dagskrá í dag, ef engin mótmæli koma fram á fundinum gegn því; komi þau, þá er hið góða tækifæri tapað, og eg beiðist ekki atkvæðagreiðslu um það atriði.

Lárus H. Bjarnason: Eg verð að segja, að mér virðist það undarlegt, að það hefir verið talað nú við 2. umr. málsins, eins og málið hefði verið til 1. umr.

Annars skal eg að eins geta þess, að heimastjórnarflokkurinn hefir ekki gengið með kappi að þessu máli, og hinn flokkurinn hefir heldur ekki gert það að flokksmáli, hvorki hér í deildinni né í h. Ed. Í Ed. var það samþykt með 7 atkv. gegn 2, og hér fór það til 2. umr. með 14 atkv. gegn 9.

Annars botna eg ekkert í því, hví ætti að fresta málinu nú um 1 dag. Það líða að sjálfsögðu 2 dagar milli 2. og 3. umr., og þá fá þeir, sem þess þurfa, nægan umhugsunarfrest.

Að öðru leyti tel eg ræðu háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) ekki svaraverða. Hann var auðsjáanlega að fóðra væntanlegt fráhvarf sitt frá málinu, og tókst það illa.

Pétur Jónsson: Tilmæli háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) skildi eg svo, að hann færi fram á, að flokkurinn tæki málið aftur. Þetta álít eg að geti ekki komið til greina svona á miðjum þingfundi. Aftur á móti mætti náttúrlega taka þetta til íhugunar þangað til við 3. umr. málsins fer fram.

Forseti: Háttv. varaforseti hefir nú heyrt, að mótmæli hafa komið fram gegn því, að málið væri tekið út af dagskrá, og þar sem mér skildist á honum, að hann óskaði ekki borið undir atkvæði, hvort málið skyldi tekið út af dagskrá, þá verður það ekki gert, og heldur ekki tek eg málið upp á eigið eindæmi út af dagskrá.

ATKV.GR.: Frumv.gr. samþ. með 12 gegn 9 atkvæðum.

Fyrirsögnin samþ.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 gegn 9 atkv.

Þriðja umr., 20. ágúst (þgskj. 144)

ATKVGR.: Frumvarpið í heild sinni samþ. með 12 atkv. gegn 9, og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Undirbúningur kjördæmaskiftingar.

TILL. til þingsályktunar um breyting á kosningalögunum; ein umr., 21. ág. (þgskj. 182, 201).

Flutningsmaður (Sig. Stefánsson): I frv. því til kosningalaga, sem borið var upp í byrjun þings, var 1. kaflinn um það, hvernig skifta ætti kjördæmunum. Var sá kafli svo feldur burt, því að það var álitið, að þingið hefði ekki nægan tíma til að athuga

það að þessu sinni, sem þörf væri á.

En eg verð þó að álíta, að tíma þingsins hefði verið fult svo vel varið til að athuga það, eins og til margs annars, sem það hefir verið að vasast í. En vegna þess að eg álít að nauðsyn beri til að gera sem fyrst nýja kjördæmaskipun, þá hef eg leyft mér að koma fram með þessa tillögu.

Eg hefði helzt kosið, að þar sem nú stjórnarskráin verður afgreidd næsta ár, þá yrðu kosningalögin sömuleiðis afgreidd um leið. Þó að menn kvarti um það, að undirbúningstími stjórnarinnar til þessa sé ekki nægur, þá álít eg það ástæðulaust; hún hefir nógan tíma til næsta þings að undirbúa þetta mál, og tími næsta þings verður varla heldur mikið betri til þess að ljúka við lögin heldur en nú í sumar, ef ekki er undinn bráður bugur að því, að undirbúa málið sem bezt.

Eg álít því það þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta, því eg býst við að þingmenn viðurkenni, að þessi kafli kosningalaganna þurfi breytinga og umbóta við. Það hefir nú í byrjun fundar komið fram brtill. á þgskj. 201, sem fer fram á, að leitað sé álits sýslunefnda og bæjarstjórna um það, hvernig kjördæmaskifting muni verða haganlegust. Í rauninni hef eg ekkert að athuga við þessa tillögu, nema ef verið gæti að afleiðingarnar af henni. yrðu þær, að stjórnin gæti ekki undirbúið málið svo fljótt, að hún gæti lagt frumv. fyrir næsta þing, því að vel getur verið, að álit sýslunefnda og bæjarstjórna yrði ekki komið nógu snemma til stjórnarinnar og þá gæti hún ekki lagt það fyrir næsta þing.

Þrátt fyrir þetta skal eg samt ekki greiða atkvæði á móti tillögu þessari, því eg álít, að þó að þetta álit sýslunefnda og bæjarstjórna verði ekki komið til stjórnarinnar svo snemma, að hún geti lagað frumvarp sitt eftir því, þá gæti hún samt samið frumvarpið, en álit sýslunefndanna gæti þá legið fyrir þinginu og það tekið það tillit til þeirra í meðferð frumv., er nauðsynlegt virðist. Eg hygg því, að stjórnin væri vítalaus, ef hún leitaði álits sýslunefnda og bæjarstjórna og legði það svo fyrir þingið. Það gleður mig sérstaklega í sambandi við þessa breyt.till., að eg sé af henni, að flutnm. hennar ætla sér að verða sanngjarnari eftirleiðis en þeir hafa verið hingað til á þessu þingi.

Það var þó seinast, þegar þeir hömruðu fram frumv. um skiftinguna á Ísafjarðarsýslu, að sanngirninnar gætti ekki, og þá var ekki verið að tala um að spyrja sýslunefnd eða bæjarstjórn um álit þeirra, heldur var það hamrað fram án alls því líks undirbúnings. Eg álít því, að þessi till. þeirra sé gleðilegur vottur um sinnaskifti.

Ólafur F. Davíðsson: Eg þarf ekki að mæla mikið með þessari brtill. á þgskj. 201, því að háttv. flutnm. aðaltill. á þskj. 182 (Sig. St.) hefir gert það svo vel sjálfur.

Aðalástæðan fyrir því, að kjördæmaskiftingin var tekin út úr frumv., var sú, að málið þótti ekki nóg undirbúið, sérstaklega að því leyti, að eigi hefir verið leitað álits héraðsbúa. Hjá þessu atriði fer nú till. á þskj. 182 alveg, því hún vill skora á stjórnina, að leggja frv. fyrir næsta þing, án þess að þar sé nokkuð talað um undirbúning málsins í héruðum.

Af þessum ástæðum höfum við komið fram með þessa brtill. Við hugsum okkur með þessu, að málið geti orðið vel undirbúið og þó að stjórnin geti ekki lagt það fyrir næsta þing, þá álítum við betra þó að það dragist eins og eitt þing enn þá, en að því væri

varpað óundirbúnu inn á næsta þing. Annað er það ekki, sem eg hef að segja viðvíkjandi þessari tillögu, nema ef vera skyldi lítið eitt um það, sem háttv. flutnm. vék að mér og mínum flokki, viðvíkjandi öðru máli, sem búið er að afgreiða frá þessari háttv. deild, sem sé skiftingunni á Ísafjarðarsýslu.

Eg get ekki kannast við, að þau lög fari neitt í aðra stefnu en hér er farið fram á. Eg veit ekki betur en að fyrir þinginu hafi legið bæði nú og í fyrra áskorun frá sýslunefnd þess hluta Ísafjarðarsýslu, sem nú er búið að gera að sérstöku kjördæmi. (*Guðl. Guðms.*: Ekki úr Norður-Ísafjarðarsýslu).

Eg get ekki kannast við, að sýslunefnd Norður-Ísafjarðasýslu hafi haft rétt til, að eiga atkvæði um það mál; annars ætla eg ekki að deila um það mál nú, því það liggur ekki hér fyrir, en eg vil að eins taka það fram, að það stendur svo fyrir mér, sem hér sé ekki um neina ósamkvæmni að ræða.

ATKVGR.: Brtill. á þskj. 201 samþ. með 19 samhljóða atkv. Þar með var aðaltillagan á þskj. 182 fallin, en hin afgr. til landsh. sem *þingsályktun frá neðri deild.*

Kjörgengi kvenna.

FRUMV. til laga um kjörgengi kvenna (þgskj. 59); 1. umr., 8. ágúst.

ATKVGR.: Vísað til 2. umr í e. hlj.

Önnur umr., 11. ág.

ATKVGR.: Grein frv. sþ. með 21 atkv. Málinu vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Þriðja umr., 14. ágúst.

ATKVGR.: Frv. á þskj. 59. sþ. með 20 samhlj. atkv. og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Fjáraukalög 1902—1903.

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1902—1903 (C. bls. 8); 1. umr., 28. júlí.

Landshöfðingi: Í athugsasemdunum við frumv. þetta er minst á, að þinginu muni gefinn kostur á að kynna sér bréf nokkur um Lagarfljótsbrúna, er farið hafi milli stjórnarráðsins í Kaupmannahöfn, verkfræðings landsins og ráðunauts stjórnarinnar í Kaupmannahöfn í máli þessu, og leyfi eg eg mér að afhenda h. forseta skjöl þessi.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr.

Þm. S.-Þing. (P. J.) stakk upp á að 7 manna nefnd væri skipuð í málið og var það samþ.

Þm. Snæf. (L. B.) og þm. V.-Sk. (G. G.) báru fram þá tillögu, að nefndarmenn væru tilnefndir af þingflokkunum, án þess kosning færi fram.

Landshöfðingi: Eg álít þá aðferð ekki heimila samkvæmt þingsköpunum.

Lárus H. Bjarnason: Þetta er sama aðferð og forseti viðhafði á síðasta þingi. Að öðru leyti er mér þetta ekkert kappsmál.

Landshöfðingi: Þá voru tveir ákveðnir flokkar á þinginu, en nú í dag hefir h. forseti skýrt frá, að hann hafi ekki fengið neina tilkynning um slíka flokkaskifting né um hlutfallið milli flokka þeirra, er vera kunni.

Sigurður Stefánsson: Eg kannast ekki við, að hér séu neinir tveir andvígir flokkar, né að hér séu til kosnir flokksforingjar, er mæti með umboð hvor frá sínum flokki, og eigi hefi eg gefið neinum umboð mitt til að útnefna menn í nefnd þá, sem hér er rætt um.

Forseti: Þegar í þingbyrjun í fyrra voru tveir ákveðnir flokkar á þingi, og þegar þetta var orðið fullvíst, og kunnugt orðið um afl flokka þessara,

þá fyrst, um 12. júlí, var tekin upp aðferð sú, sem nú er verið að ræða um, og var það gert með fullu samþykki h. d. En vegna þess, að eg sem forseti veit ekki um neina slíka flokkaskifting enn sem komið er, þá er sjálfsagt að viðhafa hana ekki í þetta sinn, og það því síður, sem mótmæli hafa komið fram gegn henni. Að öðru leyti bið eg h. d. að gæta þess, að þessi aðferð hefir í för með sér töluverðan tímasparnað, og er að því leyti heppilegt, að hægt væri að koma sér saman um að nota hana, einkum á þingi, sem þarf svo mjög tímans við. Þetta er sama aðferðin, sem höfð er á ríkisþing inu danska; þar þykir vel hlýða að hafa hana, og eru þó þingsköp Dana eins í þessari grein sem vor.

Guðl. Guðmundsson: Eg sé ekki ástæðu til að hafna hlutfallskosningunni fyrir þá sök, þótt menn viti ekki, hve margir menn séu í hverjum þeim þingflokki er til kann að vera. Eins og hér stendur á í þetta sinn, þar sem hlutfallstalan er 3, nægir það, að 3 menn komi sér saman um einhvern mann, til þess að hann komist í nefnd.

Lárus H. Bjarnason: Eg sé reyndar ekki, að sú aðferð sem við fórum fram á, sé óheimil, en samt mun eg beygja mig undir úrskurð h. forseta. Að öðru leyti hygg eg, að heimastjórnarflokkurinn — eg kinoka mér ekki við að nefna hann —, telji á þingmannabekkjunum hér í deild minst 12 atkvæði, og 7 atkvæði á atkvæðabekkjum Ed.

ATKVGR.: Þegar hér var komið, óskuðu þessir 8 þingmenn að hafðar væru hlutfallskosningar:

Guðlaugur Guðmundsson, Magnús Andrésson, Ólafur Briem, Stefán Stefánsson 2. þm. Skagf., Björn Kristjánsson, Jón Magnússon, Þorgrímur Þórðarson og Sigurður Stefánsson.

Kosningu hlutu þessir:

Stefán Stefánsson 2. þm. Skagf.
Árni Jónsson,
Hermann Jónasson,
Magnús Andrésson,
Björn Kristjánsson,
Ólafur F. Davíðsson,
Tryggvi Gunnarsson.

Önnur umr., 9. ágúst (C. bls. 8, þgskj. 64, 65 n., 85, 86).

Framsögumaður (Árni Jónsson): Eg ætla fyrst að geta þess, að áliti nefndarinnar í þessu máli var útbýtt í gær, en vegna þess, að það voru svo margar prentvillur í því, hefir það verið leiðrétt og er því útbýtt nú lagfærðu. Það er nú í byrjun umræðu ekki nauðsynlegt fyrir mig að tala langt mál, að svo miklu leyti sem í nefndarálitinu er gerð grein fyrir skoðun nefndarinnar á frv. En eg ætla þó stuttlega að minnast á einstöku atriði og þá sérstaklega á tölul. 1 undir 4. gr. Þar er langhæsta upphæðin, sem farið er fram á, en þar sem þetta er að öðru leyti svo mikilsvert mál, þá hefir nefndin, eins og bent er til í áliti hennar, viljað að veitt verði nægilegt fé til þess að fullgera Lagarfljótsbrúna. En hún hyggur hins vegar, að 23 þúsund krónur mundu nægja til þess að verkið kæmist á, svo vel úr garði gert, sem kostur er á. Skjöl þau, sem snerta þetta mál, eru prentuð sérstök. Þau skýra málið bezt, eins og það lá fyrir nefndinni. Að öðru leyti en þessu hefir nefndin fallist að mestu á frumv. stjórnarinnar. Við 2. gr., hefir nefndin ekkert haft að athuga, en þóknunina, sem farið er fram á í 3. gr. hefir nefndin fært niður um 100 kr. Aðrar breyt-

ingar hefir nefndin ekki gert á frumv. stjórnarinnar. En nú seinna, eftir að nefnd þessi var kosin, hafa komið fram ýmsar málaleitanir, sem óskað hefir verið eftir að nefndin tæki til greina; hefir hún tekið nokkrar, en ekki allar, því að hún hefir ekki álitið að það væri rétt, að taka þetta sem regluleg fjárlög, þar sem þau voru samin á síðasta þingi; en slíkt á ekki við á aukaþingi; þó hefir nefndin orðið að koma með nokkrar viðauka- og breytill. Auk þess hafa komið enn fremur fram 5 brt. frá h. þm.; en af því að 3 af þeim þeim hafa komið nú í fundarbyrjun, þá hefir nefndinni ekki gefist kostur á að taka þær til yfirvegunar og get eg því ekki skýrt frá afstöðu nefndarinnar gagnvart þeim. Eg skal þó fara nokkrum orðum um 1. brt. á þgskj. 85, því að nefndin hafði haft það málefni með höndum, en gat ekki fallist á það. Það er styrkurinn til Þorkels Hreinssonar, til að kosta mállausa og vitskerta dóttur sína á stofnun í Höfn. Nefndin áleit, að að því leyti sem landssjóður ætti að annast uppfræðslu þessarar stúlku, þá mætti gera það í þeirri stofnun, sem er hér á landi; en ef farið væri að styrkja stúlku þessa, þar sem hún er, þá myndu fleiri verða til að biðja um það sama. Næsta brt. á þgskj. 86 er um það, að 19. gr. fjárlaganna, 3. málsliður, orðist svo: »Úr viðlagasjóði má verja alt að 65 þús. kr. til lánveitinga handa hlutafélagi á Seyðisfirði, til að stofna klæðaverksmiðju«, o. s. frv. Nefndin gat heldur eigi fallist á þessa tillögu; hún kunni ekki við, að fara að breyta ákvæðunum í gildandi fjárlögum og vildi að meginósk þessarar till. væri tekin fram á annan hátt, sem væri rétt og formlegt, og gat því ekki fallist á þess brt. eins og hún liggur fyrir. Þá er viðaukatill. á þgskj. 87, sem fer fram á 20 þús. kr. útgjöld. Það hefði nefndinni auðvitað fundist ástæða til að íhuga, ef þessi brt. hefði komið fyr; en þar sem hún er komin frá annari nefnd á þinginu, þá býst eg við, að þeir, sem sitja í þeirri nefnd, geri grein fyrir því, sem till. fer fram á; það er auðvitað áætluð upphæð sem þar er nefnd; en þar sem þetta mál er svo mikilsvert, nefnilega útflutningur á kældu keti, þá hefði nefndin gjarnan viljað athuga það mál. En þetta mikilsvarðandi verzlunarmál er nú óðum að færast í það horf, að útflutningur á lifandi fé er að hverfa, og þá verður nauðsynlegt, að finna aðra leið en senda saltað kjöt til útlanda, því að sú hætta er á, að það falli í verði, þótt það standi nú hátt, og það ef til vill bráðlega, og þá kreppir að þeim, sem byggja verzlun sína á þeirri vöru. En nú orðið má sauðféð heita aðalvara landbændanna. Þetta mál verður því að athugast rækilega.

Þá er breyt.till. á þgskj. 88 frá h. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.), þess efnis, að í staðinn fyrir að nefndin hafði farið fram á, að vextirnir af láninu til fyrirhleðslunnar í Þverá yrði gefnir upp, þá fer þessi tillaga fram á, að alt lánið sé gefið upp. Þessa málaleitun hafði nefndin einnig með höndum, og athugaði rækilega, en komst að þeirri niðurstöðu, að veita að eins uppgjöf á vöxtunum, eins og sést í nefndarálitinu. — Með því væri þó mikið létt undir með lánið, svo að það yrði ekki svo tilfinnanlegt, og því getur nefndin ekki fallist á þessa breyt.till.

Þá er ein breyt.till. enn á þgskj. 89 frá 2. þm. Isf. (S. St.), sem fer fram á, að veita 600 kr. hvort árið til vitans á Arnarnesi, til þess að honum verði haldið áfram. Mál þetta hefir nefndin álitið að vísu mikilsvarðandi, úr því að vitinn er kominn upp; en þar sem

það skilyrði var sett á síðustu fjárlögum og tekið fram, að sýslan tæki þátt í kostnaðinum, þá gat nefndin ekki fallist á þessa breyt.till.

Eg hef nú þannig í stuttu máli skýrt afstöðu nefndarinnar, og læt þetta nægja í bráð, þar til eg fæ ástæðu síðar að gefa frekari upplýsingar.

Landshöfðingi: Eg get ekki sagt, að eg sé að öllu leyti glaður yfir áliti nefndarinnar. Sumar fjárhæðir, sem stjórnin fer fram á, hefir nefndin veitt, en aðrar hefir hún fært niður svo, að þær eru ekki fullnægjandi, og álít eg sumar breytingar nefndarinnar ekki sem heppilegastar. Það er þá í fyrsta lagi að því er snertir Lagarfljótsbrúna. Nefndin hefir áætlað, að 23 þús. krón. myndu nægja til þess, að fullgera brúna. Eg skal nú ekki um það segja, af því, að eg hefi ekki næg skilríki í höndum um það, hvort þetta muni verða nóg; en svo mikið mun þó mega telja víst, að óhætt sé að ætla 25 þúsund kr. til þess, eins og stjórnin fer fram á. — Eg get ekki séð, að það sé neitt á móti því, að veita þessa upphæð, því að eg álít, að þingið þurfi ekki að bera það vantraust til stjórnarinnar, að hún brúki meira en þarf til þess, að fullgera verkið. — Á hinn bóginn er það nokkur bót í máli, að nefndin hefir sagt í nefndarálitinu, að þessi niðurfærsla sé ekki bygð á þeim ástæðum, að hún vilji spara fé svo mjög, að nein hætta geti orðið fyrir því, að brúin komist ekki upp, heldur af því, að hún álíti, að 23 þús. muni nægja; en eg held, að hin háttv. nefnd fari þar ekki nema eftir ágizkun sinni.

Eg vil líka leyfa mér, að vísa þeim áburði á bug gagnvart stjórninni, að hún hafi sýnt tómlæti í þessu máli, — það var eiginlega ekkert sérlegt fyrir stjórnina að gera í því, frá því í nóvember og þangað til stjórnin sendi frv. — Sömuleiðis getur nefndin þess í nefndarálitinu, að stjórnin hefði átt að gefa verkfræðingi landsins kost á, að sjá bréf félagsins Smith, M. & Hüttemeier og umsögn Windfeld Hansens, en stjórnin áleit það þýðingarlaust og alls enga nauðsyn á því, og um það hlaut hún að vera einfær að dæma. — En það, sem er sérstaklega ófullnægjandi hjá nefndinni, er tillaga hennar við 5. gr frumv. undir staflið a, um þráðlaus loftskeyti milli Íslands og útlanda; nefndin vill þar leyfa stjórninni að verja upphæð þeirri, sem er veitt í fjárlaganna 12. gr. B. til þess, að koma á samningum um þráðlausa firðritun milli Íslands og útlanda. En þessu er svo varið, að stjórnin hefir aldrei beðið um heimild til að nota féð til þess, að undirbúa samninga, heldur um heimild til að mega gera samninga um þráðlausa firðritun, þar sem landið sé skuldbundið til, að leggja fram árlegan styrk til hennar um tiltekið árabil, ekki bærri styrk og ekki lengri tíma en tiltekið er í gildandi fjárlögum um þráðartelegraf; þar sem tilboð er þegar komið til stjórnarinnar um, að koma á þráðlausum telegraf, þá gætu samningar fullgerst jafnvel þegar í ár, ef stjórnin fær heimild þá, sem hún fer fram á nú með þessum fjáraukalögum; því hún getur fengið sams konar heimild hjá ríkisþinginu nú þegar í haust eða að vetri, og þá gæti líka undirbúningur á lagningu loftritans byrjað strax að vori, og hann verið kominn langt á leið um næsta þing. En eigi alþingi 1903 að samþykkja samning stjórnarinnar um loftritun, þá yrði félag það, sem ætti að taka lagning hans að sér, að bíða eftir samþykki þingsins, og gæti ekkert aðhafst málinu til framkvæmdar fyr en eftir þing 1903. — Undanfærsla þingsins, að veita stjórninni heimild þá, sem hún fer fram á að fá, mundi því valda

all-miklum drætti á því, að fá það telegrafiska samband við útlönd og innanlands, sem menn svo lengi hafa þráð. — Þess ber líka að gæta, að ef stjórnin fær ekki heimild hjá alþingi til þess, að gera samning um tillag úr landssjóði til telegrafsins nú á þessu þingi, þá er hætt við því, að þegar ríkisþingið kemur saman að hausti, og stjórnin leitar samþykkis þess til þess, að mega verja fé því til þráðarlauss telegrafs, sem þegar hefir verið veitt úr ríkissjóði til þráðartelegrafs, þá mun ríkisþingið vilja fá að vita, hvernig alþingi að sínu leyti hafi tekið í málið, og þegar ríkisþingið fær vitneskju um, að alþingi hafi ekki viljað veita stjórninni heimild til þess, að verja til þessa fyrirtækis því fé, sem þegar var veitt úr landssjóði til telegrafs, þá muni undirtektir alþingis spilla mjög fyrir málinu hjá ríkisþinginu.

Stjórninni er það því, sem sagt, mjög nauðsynlegt, að hafa yfirlýsing alþingis um það, að henni sé óhætt að verja fé því, sem lagt var af alþingi til þess að leggja ritsíma, til þess að koma á þráðlausum rafskeytum milli Íslands og útlanda. — Þetta vona eg að menn sjái að er óhjákvæmilegt til þess, að samningar geti komist á sem fyrst. — Eg vildi því biðja háttv. deild, að íhuga, hvort hún vill eiga á hættu, að draga það, að telegrafinn komist á, því að ef þetta verður ekki samþykt, sem stjórnin fer fram á, þá getur málið dregist von úr viti. Alþingi ætti því nú þegar, að fallast á það, að fjárhæð þeirri, sem ætluð er til sæsimans í 12. grein fjárlaganna, mætti verja til þráðlausra rafskeyta, og stjórninni gefin heimild um leið til þess, að gera samninga og greiða fyrir málinu. — Ef þetta verður ekki samþykt nú við þessa umræðu málsins, þá mun eg koma með breyt.-till. til 3. umræðu, þannig lagaða, að stjórninni veitist bein heimild til að verja því fé, sem veitt er til ritsíma í fjárlögum 12. gr. B, til þráðarlausrar firðritunar, og verði sú breyt.till. feld, þá ber þingið eitt alla ábyrgð á þeim drætti, sem kynni að verða á því, að Ísland komist í telegrafiskt samband við hinn mentaða heim.

Um hin önnur atriði í nefndarálitinu ætla eg ekki að tala; en eg vona, að upphæðin, sem lögð er til sóttvarnarhúsanna, reynist nægileg. — Eg hafði hana nú líka í bréfi mínu heldur í ríflara lagi af gamla vananum að hafa vaðið fyrir neðan sig, og taka nokkuð djúpt í árinni, til þess að færi gæfist á, að láta prútta sig niður.

Viðvíkjandi breyt.till. þeim, sem fram hafa komið, þá hefi eg ekkert að segja; eg vil fyrst heyra, hvað flutningsmenn þeirra hafa fram að bera þeim til stuðnings, áður en eg geti nokkuð frekara um þær sagt.

Sigurður Stefánsson: Eg fyrir mitt leyti hefði nú helzt kosið, að við hefðum ekki haft nein fjáraukalög á þessu þingi; en fyrst þau eru einu sinni komin, þá munu þau verða að ganga sinn gang gegn um þingið.

Eg hefi leyft mér að koma fram með viðaukatillögu á þgskj. 89. Framsögumaður fjáraukalaganefndarinnar (Á. J.) hefir þegar getið um, hvers efnis hún sé, nefnilega þess, að viðhaldið á vitanum á Arnarnesi verði lagt á landssjóð. — Saga þessarar vitabyggingar er dálítið einkennileg að því leyti, að sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hafði svo að segja ekki hugmynd um, að mál þetta kæmi á dagskrá hennar, fyr en á aðalfundi sýslunefndarinnar í vetur, að oddviti hennar bar það upp, að hún tæki að sér byggingu þessa fyrir 4200 kr. tillag úr landssjóði, og jafnframt allan

viðhaldskostnað. — Það er svo langt frá, að sýslunefndin hafi beðið um einn eyri til þessarar vitabyggingar, að hún vissi ekkert um hana fyr en hún sá alþingistíðindin í fyrra. Það er því æði-lítil ástæða til, að ætla, að sýslunefndin vilji taka að sér þennan kostnað, þar sem aldrei hefir um þennan vita verið beðið né til nokkurra framlaga til hans boðist, sem henni, sem sýslunefnd, ekki getur verið neitt kappsmál að fá. — Það er líka annað, sem mælir móti því, að þessum viðhaldskostnaði sé dembt upp á sýslufélagið, nefnilega það, að það er alveg gagnstætt þeirri venju, sem tíðkast hefir um aðra vita. — Hér er ekki einu sinni um innsiglingarvita á Isafjörð að ræða, sem sést bezt á því, að það er búið að byggja þann vita áður á kostnað hafnarsjóðs Isafjarðarkaupstaðar. — Þessi viti er að vísu ekki stór, en hann leiðbeinir þó ekki einungis öllum skipum, sem á Isafjörð sigla, heldur líka öllum skipum, sem sigla norður og vestur um land fyrir Isafjarðardjúp. Hann lýsir fimm kvartmílur til hafs frá yztu annesjum, auk þess sem hann lýsir öllum skipum, sem um Djúpið fara.

Hér er því ekki um lítilfjörlegan innsiglingarvita að tala, heldur um vita, sem hefir ákaflega mikla þýðingu fyrir allar siglingar til norður- og vesturlandsins, og er það önnur ástæðan til þess, að landssjóði ber að standa straum af honum að öllu leyti. — Mér dettur ekki í hug, að áfella þm. sýslunnar, sem flutti þetta mál í fyrra; það var gert í góðri meiningu, enda tók oddvitinn það fram á sýslunefndarfundinum, að hér væri ekki nema um bráðabirgða-fyrirframgreiðslu að ræða, því hann skildi ekki annað en þingið með orðinu mundi veita þetta fé í fjáraukalögum. — Til þess að styðja það, sem eg hefi sagt um afstöðu sýslunefndarinnar við þetta mál, þá skal eg með leyfi háttv. forseta lesa upp kaflann úr sýslufundargerðunum, sem að þessu lýtur. — Þar segir svo, eftir að búið er að samþykkja, að taka að sér byggingu vitans:

»Því var mótmælt af sýslunefndinni, að það bæri undir hana með réttu, að annast vita þennan að neinu leyti, heldur ætti vitinn að öllu leyti að vera landssjóðsviti. — En sakir þeirrar þarfar, sem hún álítur vera fyrir því, að hann komist sem allra fyrst á, þá vill hún veita sína forgöngu til þess, að hann sé bygður með ofangreindum kjörum. — En hún neitar að greiða vitavarðarlaun og árlegan kostnað nema kaupstaðurinn taki þátt í því«.

Eftir að þrír fulltrúar fyrir kaupstaðarins hönd höfðu tekið sæti á sýslufundinum í umræðunum um mál þetta, þá segir svo enn fremur:

»En bæði þeir og öll sýslunefndin tekur fram, að fulltrúarnir vænti þess, að þessi kostnaður verði með fjáraukalögum endurborgaður af landssjóði, með því að honum einum beri, að inna öll þessi gjöld af hendi, eftir því, sem tíðkast um alla aðra slíka vita, sem bygðir hafa verið af opinberu fé til þessa, og öll vitagjöld renna í landssjóð. — Sýslunefndin og bæjarstjórnin skoðar því þau útgjöld, sem á þær leggjast af vita þessum, að eins sem bráðabirgðagreiðslur fyrir landssjóðsins hönd«.

Þannig hefir nú sýslunefndin og bæjarstjórn Isafjarðarkaupstaðar litið á málið. Hún tekur að sér bygginguna, en þverneitar að bera viðhaldskostnaðinn. — Eg hefi sömuleiðis kynt mér umræður um þetta mál á síðasta þingi, og sé af þeim, að hæstv. landsh. hefir verið á sama máli: að það væri hvorki rétt né sanngjarnt, að sýslufélagið bæri kostnaðinn af vitanum. Hæstv. landsh. kemst svo að orði:

»Mér finst það ekki »consequent«, að láta Isafjarðarsýslu bera kostnaðinn af þessum vita, þar sem landssjóður annarsstaðar ber árlegan kostnað af vitunum, en fær aftur á móti tekjur af öllum skipum, sem hafa gagn af þeim«.

Enn fremur er líka þess að gæta, að hér er um fremur litla upphæð að ræða fyrir landssjóð, sem hann auðveldlega gæti fengið endurgoldna með því, að hækka dálítið vitagjaldið, sem nú er, og eins með því, að leggja vitagjald á skip, sem hingað til hafa verið laus við það, sem sé þau, sem sigla vestur og norður um land. — Það er ekki nema sanngjarnt, að fyrst kveikt er fyrir þau á þessum vita, þá borgi þau einnig fyrir það. — Það sýnist auk þess ekki vera nein frágangssök, að hækka vitagjaldið um 5 aura. Ef mig minnir rétt, þá er vitagjaldið af Reykjanesvita nú 20 aurar af hverri smálest, og væri það nú hækkað um 5 aura, þá mundi sú hækkun gera miklu meir en borga þennan kostnað, því að eins sá hluti hennar, sem kæmi á tonnatal þeirra skipa, sem kæmu til Isafjarðar, mundi meir en nægur til að standast þennan kostnað.

Eftir umræðum á síðasta þingi að dæma, þá er svo að sjá, sem ýmsir af háttv. þingmönnum hafi staðið í þeirri meiningu, að þessi viti væri innsiglingarviti, en eg þykist nú hafa fullkomlega upplýst, að svo er ekki.

Eftir lauslegri áætlun hefi eg gert ráð fyrir, að viðhaldskostnaðurinn nemi 600 kr.; þar af eru 400 kr. laun vitavarðar, og 200 kr. til ljósmetis o. fl. — Auk þess er fyrirsjáanlegt, að það kemur til að vanta fé fyrir gangstétt að sjálfum vitanum.

Hinn háttv. framsm. (Á. J.) tók það fram, að nefndin vildi ekki sinna þessari breyt.till. af því, að féð til vitabyggingarinnar hefði verið veitt með þessu skilyrði, að sýslufélagið tæki að sér viðhaldskostnaðinn; en þetta er alls ekki rétt. — Þessi upphæð var veitt með því einu skilyrði, að sýslufélagið annaðist bygginguna, en það var ekki með einu einasta orði vikið að viðhaldskostnaðinum, og það getur því ekki komið til tals, að hér sé um neina lagaskyldu að tala, enda get eg fullvissað bæði hann og aðra háttv. þingdeildarm., að það kemur ekki til mála, að kveikt verði á vitanum nema næsta vetur, ef vitinn verður ekki tekinn í tölu þeirra vita, sem landssjóður kostar að öllu leyti. — Það var fyrir góð orð sýslunefndarinnar í Isafjarðarsýslu, að kveikt verður á vitanum í vetur, og í öruggri von um, að fá þann kostnað endurgoldinn.

Eg held líka, að það sé ekki gott að verja það, að aðrar reglur séu látnar gilda um þennan vita en alla aðra, ef þessi breyt.till. er feld.

Þórhallur Bjarnarson: Það er út af breyt.till. á þgskj. 87, sem eg vildi tala fáein orð fyrir hönd verzlunarmálanefndarinnar. Að sjálfsögðu hefði það verið heppilegra, að tillögunni hefði fylgt sérstakt nefndarálit, þar sem hér er um stórt mál og nýstárlegt að ræða, en nefnd þessi var fyrst kosin fyrir 2 dögum síðan, og þess vegna var enginn tími til, að skrifa og prenta nefndarálit. Eg býst líka við, að þetta verði síður að sök, af því að málið sjálft hlýtur að vera öllum háttv. þingdeildarm. áður kunnugt.

Tillögur nefndarinnar eru bygðar á bendingum herra stórkaupmanns Zöllners, er hann hefir gefið Landsbúnaðarfélaginu, og þar sem þær hafa birzt í blaði, þá geng eg út frá því, að háttv. þingdm. hafi kynt sér þær bendingar. — Þess gerist og varla þörf, að fara að tala langt mál um nauðsyn þessarar till.

Eg þykist ekki þurfa að lýsa horfunum á sölu á lifandi sauðfé, og hve viðsjárverð og stopul saltkjötssalan er. — Eg skal að eins taka það fram, sem mitt álit, að fáist ekki minst 20 aura netto-prís fyrir pundið af bezta kjöti, þá er landbúnaðurinn í fullum voða. — Það er full nauðsyn og skylda fyrir fjárveitingarvaldið, að rétta hér hjálparhönd. Um það getur enginn vafi leikið; vandinn er að eins sá, að gera það af viti og forsjá.

Nefndin hneigðist að því, að bezt væri að fara sem næst eftir bendingum herra Zöllners; hún treystir honum manna bezt til þess að geta orðið forvígismaður fyrir þessu fyrirtæki á Englandi, meðfram vegna þess, að það er jafnt hans hagur, sem alls landsins, að þessi tilraun takist. Tilraunin er fólgin í því, að senda alfermi af kjöti í kældu skipi, og þar sem tilraunin verður að gerast í svo stórum stíl, sem er talið óhjákvæmilegt til þess hún geti borgað sig, þá er ekki von á því, að nokkuð einstakt hérað fari að taka að sér alla áhættuna, nema landssjóður vilji hlaupa undir bagga með, ef salan tekst illa. Og þessa áhættuábyrgð þarf að fá nú á aukaþinginu, eigi tilraunin að gerast haustið 1903, því að öllum er auðsætt, að það þarf langan undirbúningstíma til að tryggja sér, að sauðasalan sé fengin, og þá ekki síður fyrir umboðsmanninn á Englandi til að útvega upplýsingar og gefa bendingar hingað, og yfir höfuð undirbúa málið sem tryggilegast.

Það má auðvitað deila um það, hvað langt ætti að fara í þessari hluttöku landssjóðs í áhættunni við söluna. Nefndin áleit, að ábyrgðin gæti ekki verið lægri en sem svaraði 1/4 af kjötverðinu eða í hæsta lagi 5 a. af hverju pundi, gengið út frá 20 a. netto fyrir bezta kjöt, og þessi upphæð, 20 þús., er þá miðuð við það, að skipið mundi taka fram að 10 þús. kroppum. Það er ekki sérlega stórt fjárskip, sem tekur 4—5 þús. á fæti, og þó þessu skipi fylgi sérstakur útbúnaður, þá er óhætt að gera ráð fyrir, að það rúmi að minsta kosti tvöfalt meira í kroppum. Enda tók herra Zöllner það fram, að það mætti ekki gera tilraunina með minna en 8—10 þús. kroppum.

Eg fyrir mitt leyti hefi hina beztu von um, að það þurfi alls ekki til þessarar ábyrgðar landssjóðs að taka; en fyrst það er álitið, að áhætta geti verið við þessa sölutilraun, þá stendur engum nær að bera hana en einmitt landssjóði.

Nefndin hefir búist við því, að ekki fáist nógir sauðir í skipið, enda gott að reyna með fleira; en það hefir hún hugsað sér, að ekki yrði útflutt af öðru fé en veturgömlu og dilkum, og þar miðar hún við 18 aura verð.

Eg skal í sambandi við þetta mál minnast á það, að Landsbúnaðarfélaginu hefir verið veitt nokkurt fé í fjárlögunum til þess að koma upp slátrunarhúsi. Hvort þetta slátrunarhús getur verið komið upp, þegar kjötsala þessi byrjar að hausti, er ekki gott að segja; en það er ekki ólíklegt að það yrði þá helzt á Seyðisfirði, og það er einmitt staðurinn, sem bæði Zöllner og nefndin hafði hugsað sér líklegastan fyrir útflutninginn á kjötinu.

Eg vona að allir h. þingdm. sjái það og skilji, að það er hin mesta nauðsyn á, að þessi tilraun verði sem bezt vönduð í alla staði, svo að ekki þurfi að gera tilraunina nema einu sinni, og að á næsta ári á eftir fáist nóg sauðfé til sölu á þennan hátt, án ábyrgðarhluttöku landssjóðs; og því má þingið eigi

skera við neglur sér áhættuábyrgðina að þessu sinni.

Þar sem nú h. fjáraukalaganefnd hefir tekið vel í málið og mér skilstað þessi háttv. deild sé hlynt því að styðja landbúnaðinn, eins og raunar er sjálfsagt, þá þykist eg ekki þurfa að tala meira með breyttill.

Eggert Benediktsson: Eg hefi leyft mér ásamt h. þm. V-Sk. (G. G) að koma fram með brt. á þgskj. 85, um að veita Þorkeli Hreinssyni 300 kr. styrk til að kosta mállausa dóttur sína á »Aandsvageanstalten paa Gl. Bakkehus« í Danmörku.

Eg vona að h. þingdm. hafi kynt sér erindi það, sem um nokkurn tíma hefir legið hér frammi á lestrarstofunni um þetta mál, og skal eg því leyfa mér að skýra að eins stuttlega frá tilefni þessarar fjárbeiðslu.

Þorkell þessi Hreinsson er duglegur og reglusamur maður, en félítill, sem á fyrir 4 börnum að sjá, en gat ekki haft þessa dóttur sína heima vegna þess, að hún, sem ekki er að eins mállaus, heldur líka hálfviti, mátti ekki vera með hinum börnunum, heldur var maður útgefinn við að gæta hennar. Hann réðst því í það, að senda hana til Danmerkur og koma henni fyrir á þessari stofnun. Til þess að halda hana þar, hefir hann fengið 300 kr. styrk úr ríkissjóði; en þar sem meðlagið er 600 kr. á ári, þá vantaði hann enn 300 kr., sem hann ekki treystir sér til að geta borgað. Hann sneri sér því til sýslusjóðs Árnessýslu; en þar sem hann hefir svo margt á sinni könnu, þá sá hann sér ekki fært að leggja fram neitt verulegt að mörkum, en fanst þó hins vegar hér vera um nauðsyn að ræða, og veitti Þorkeli 30 kr. styrk. Síðan sneri Þorkell sér til amtssjóðs Suðuramtsins, en það bar það fyrir sig, að þetta mál mundi nú heyra til þinginu og landssjóði, en ekki jafnaðarsjóði, með því að lög $^{8}/_{11}$ 98 hefðu lagt yfir á landssjóð þá skyldu, sem samkvæmt tilsk. 26. febr. 1872 áður var á jafnaðarsjóðum, að kosta kenslu heyrnar- og málleysingja. Auðvitað er það hér við að athuga, að stúlka þessi, sem hér er talað um, er ekki heyrnarlaus, og að þess vegna getur leikið vafi á því, hvort hún falli inn undir þessi lög og tilsk. frá 1872, og það er líka aðallega þetta, sem hefir komið okkur til að leita þingsins, að úr því að ríkissjóður kostar veru barnsins að hálfu leyti, þá fanst okkur það ekki vera nema eðlilegt, að landssjóður tæki að sér hinn helminginn. Eg skal í því efni leyfa mér að benda á, að á þessari stofnun eru um 600 sjúklingar, en af þeim eru einir 25, sem kostaðir eru af einstökum mönnum að nokkru leyti, hinir eru allir kostaðir af ríkissjóði, amtssjóðum og styrktarsjóðum. Eg vona því, að h. deild kannist við, að hér er ekki farið fram á nema eðlilega kröfu, og að hún þess vegna leyfi till. okkar að ganga fram.

Sighvatur Árnason: Eg ætla að eins í fám orðum að minnast á brt. mína, sem eg hefi gert við 5. tölulið b, nefnilega að í stað orðanna: »eftirgjöf á vöxtum af 6000 kr. láni«, komi »eftirgjöf á 6000 kr.« sem sýslusjóður Rangárvallasýslu varð að fá lánað úr landssjóði til þess að reyna að girða fyrir vatnsflóðið í Valalæk í Vestur-Landeyjum. Þetta hefi eg gert í tilefni af bréfi, sem sýslumaðurinn þar hefir skrifað okkur þingmönnum sýslunnar og sem er til sýnis á lestrarsalnum. Þessi brt. mín er á þgskj. 88, og fer eg þar fram á, að lánið sé að öllu leyti gefið eftir. Eg skal líka geta þess, að með lánveitingunni fylgdi bréf frá landsh., sem gaf góða von um, að þingið mundi gefa lánið eftir, og að hann

vildi styðja það, að því leyti sem í hans valdi stæði. Skjöl þau, sem eru þessu máli viðkomandi, hafa verið lögð fram á lestrarsalnum, og vona eg að h. þm. hafi kynt sér þau. Þar er líka skýrsla frá verkfræðingnum, sem stóð fyrir verkinu í vor, sem að nokkru leyti mishepnaðist. Þetta lán úr landssjóði hefir verið brúkað til fyrirtækisins og mikið fé þar fyrir utan. En nú er ekki búið með því; verkinu er ólokið enn, eins og sjá má af skýrslu verkfræðingsins, og er mönnum því mikið áhugamál, að verkinu verði haldið áfram í haust enn á ný og fá þann herzlumun, sem vantar til þess að fullgera þetta bráðnauðsynlega fyrirtæki; það er þó talsvert óskemt enn af því sem búið er að gera og er því nauðsynlegt, að haldið sé áfram í haust til þess að það ónýtist ekki í vetur komandi. Það gefur að skilja, eftir skýrslu verkfræðingsins, að það er mjög mikið fé, sem þarf við að bæta enn á ný, þar sem hann gefur góða von um að það muni takast með sama lagi og í vor. Mér er kunnugt um það, að rétt er frá sagt í skýrslunni og yfir höfuð að ráðdeild og dugnaður hefir verið brúkaður við þetta verk, sem er mikilsvert, og finst mér þingið ætti að hlynna að því og hlaupa vel undir bagga með hlutaðeigendum, því að það er ljóst, að þeim verður ókleifur þessi kostnaður annars. Eg veit til að þeir hafa þó lagt mikið fé til fyrirtækis þessa, bæði hefir það verið stutt af sýslusjóði, auk þess sem sveitirnar hafa lagt til í vinnu, cg þeir, sem lönd eiga að ánni. Eg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, en bera það traust og von til háttv. deildar, að hún taki mjúkum höndum á þessari brt., þegar til atkvæða kemur.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg ætla að leyfa mér að fara fám orðum um þær brt., sem eg er við riðinn, og þá sérstaklega brt. á þgskj. 86, þar sem talað er um skilyrðið fyrir lántöku til stofnunar klæðaverksmiðju á Seyðisfirði. Slík lánsheimild er nú í 19. gr. fjárlaganna 1901, 3. málslið, en mismunandi skilningur hefir verið lagður í þetta ákvæði. Skilningur sá, sem stjórnin hefir lagt í þessi ákvæði greinarinnar, hefir orðið félagi, sem verið er að stofna á Seyðisfirði, nokkuð örðugur. Að vísu getur enginn sagt, að skilningur stjórnarinnar á þessari gr. sé rangur, en hann er þó nokkuð annar en þingið 1901 ætlaðist til. Auðvitað er greinin óheppilega orðuð, og skilyrðið fyrir lánsheimildinni óljóst orðað. Það er víst óljóst, hvað eigi að skilja við orðið »stofnfé« í greininni, sem á dönsku er nefnt »Aktiekapital«, og eftir því ætti að vera = »hlutafé«.

Eftir fjárlögunum í fyrra er ástæða til að halda, að meiningin hafi verið að »stofnfé« ætti að þýða: lánið (þ. e. 65 þús.) + hlutafénu. Hið sama er um »ábyrgð hluthafa«, að það ákvæði er mjög óljóst. Mín tillaga fer nú fram á, að skýra betur skilyrðin fyrir láninu. Hún fer fram á að lánið skuli veitt gegn 1. veðrétti í stofnuninni og að hlutafé eða stofnfé nemi að minsta kosti tvöfaldri upphæð lánsins.

Að því er ábyrgð hluthafa snertir, þá hefi eg í brt. farið fram á, að hún væri bundin við upphæð hlutafjárins, en að hluthafar ábyrgðust eigi að eins hver sinn hlut, heldur og að alt hlutafé greiðist, en ábyrgðin nái þó eigi lengra en hlutafé nemi. Eins og brt. liggur fyrir, verður lán landssjóðs ekki ótryggara, sérstaklega ef maður leggur þann skilning í orðin, er deildin þá lagði í þau. Full »garanti« er fengið fyrir láninu, þar sem það er trygt með

1. veðrétti í stofnuninni. Eftir skilningi fjárlaganefndarinnar þurfti hlutaféð ekki að nema nema 65 þús., en það er hvergi tekið fram, hvort stofnféð eigi að vera meira eða minna en hlutaféð. Brt. mín fer ekki fram á að rýra þá tryggingu, er vér viljum að sett sé fyrir lánveitingunni. Það má vera, að fyrsta tilraunin mishepnist, en landið í heild sinni á von á ágóðanum, ef hepnin er með, en hér er að eins að ræða um að gera tilraun. Þegar koma skal á fót nýjum fyrirtækjum, eins og t. d. klæðaverksmiðju, útflutningi á kældu kjöti, o. s. frv., hvað er þá eðlilegra en að sameiginlegur sjóður þjóðarinnar taki á sig fyrstu tilraunina, en það stendur oft slíkum fyrirtækjum fyrir þrifum, þegar félög þau, sem haginn hafa, skerast úr leik í byrjun með að bera ábyrgðina. Eg hefi nú ekki getað borið mig saman við þá menn, er báðu mig að flytja þessa brt., um orðalag hennar, og það má vera að þeir séu ekki ánægðir með, hvernig eg hef »formulerað« hana, en eg álít þó, að hún sé aðgengilegri í þessu formi fyrir hlutafélagið, en hún er í fjárlögunum.

En skýrt skal eg taka það fram, að mín till. fer alls ekki fram á að raska ákvæðinu í 4. málslið fjárlaganna að neinu leyti. Eg vona að hæstv. ldsh. hafi heldur ekki tekið hana á þann veg.

Þá er brt. á þgskj. 85, sem eg er dálítið viðriðinn. H. 2. þm. Árn. (E.B.) hefir nú þegar skýrt það mál fyrir deildinni. Þetta mál hefir verið borið upp í amtsráði Suðuramtsins og þar farið fram á, að amtsráðið veiti málausri og vitskertri stúlku styrk til þess að geta haldið áfram að vera á líknarstofnun í Danmörku. Ástæðan til þess, að farið er fram á þetta, er sú, að amtsráðið, sem áður hefir annast kenslu heyrnar- og málleysingja, vísaði málinu af sér til alþingis, sem nú hefir tekið að sér þetta málefni. Amtsráðið beindi því af sér, en viðurkendi þó, að ástæða væri til að hjálpa að einhverju leyti og vildi leggja með sín beztu meðmæli. Stúlka þessi er nú á »Aandsvageanstalten paa Gl. Bakkehus«, henni eru lagðar á ári 300 kr. úr ríkissjóði, en faðir hennar verður sjálfur að borga það sem vantar, til þess að hún geti haldið áfram að vera á þessari líknarstofnun. Sýslunefndin hefir líka lagt til 30 kr. Maður þessi á fyrir mörgum ómögum að sjá, auk þessarar stúlku og treystist því ekki til af eigin rammleik að halda stúlkuna á stofnuninni.

Eg býst við, að sumir muni ef til vill segja: Getur hann þá ekki snúið sér til sveitarinnar? En hverju svarar sveitarnefndin? Hún segir: Ómagann skulum við annast, ef við fáum hann fluttan til okkar.

Þessu svarar hún, sem við er að búast, enda er ekki eðlilegt að hún geti lagt það gjald á sína menn, að þeir kosti þennan ómaga í Danmörku. Ef því farið er fram á það, að sveitin annist hana, heimtar hún stúlkuna til sín og setur hana svo niður, svo að hún fer á mis við það, að geta dvalið á þessari líknarstofnun, og missir þá um leið alla aðhjúkrun og kenslu, sem slíkir aumingjar njóta þar, og tillagið úr ríkissjóði fellur niður.

Ef stúlkan væri heyrnarlaus, mundi hún sjálfsagt eiga rétt á styrk, en sá galli er nú á, að hún er ekki heyrnarlaus, og því á hún að fara á mis við að njóta styrksins. Eða finst mönnum slíkt sanngjarnt eða mannúðlegt? Eg vil beina þeirri spurningu til hinna h. þingdeildarmanna, hvort þeim finst ekki ástæða til að mæta hér á miðri leið líknarhug útlendinga, sem kosta helminginn til þess að hjálpa íslenzk-

um aumingja til þess að verða þeirrar hjúkrunar aðnjótandi, sem hún getur ekki fengið hér.

Hér er verið að tala um að veita styrk til þess að hægt sé að fara með þennan aumingja á mannúðlegan og skynsamlegan hátt. Mér virðist því öll atvik mæla með því, að helmingurinn sé lagður úr landssjóði.

Hæstv. landsh. mintist á till. nefndarinnar gagnvart telegrafmálinu og vildi að stjórninni væri gefin heimild til að mega verja þeim 35 þús. kr., sem lagt var í síðustu fjárlögum til sæsíma á milli Íslands og útlanda, til þess að semja um og koma á þráðlausri fjarritun á milli Isl. og útlanda, og ætti þá stjórnin að hafa heimild til að gera samning um málið fyrir næstu 20 ár.

Það er nú kunnugt, að tilboð hefir komið til stjórnarinnar frá telegraffélagi í Brüssel um það að koma á þráðlausri fjarritun milli Íslands og útlanda, en jafnframt hefir og komið bréf frá Marconifélaginu í London, sem það hefir skrifað utanþingsmanni hér, og býðst það til að semja um þetta sama, og ég veit að þingmenn hafa margir tekið þessu líklega, enda nefnd sett með það fyrir augum.

Allir óska þess, að tilboðin verði sem allrabezt og æskilegust fyrir Íslendinga, og vilja svo sitja við þau boð, sem bezt verða, hvort sem þau eru frá Brüssel eða London.

Hæstv. landsh. vill herða að þinginu með það, að gefa stjórninni fullkomna blanko-heimild til að gera samning fyrir 20 ár.

Hér er því spursmál um, hvort hætta skuli á, að veita slíka heimild, eins og málið nú liggur fyrir. Mér finst það talsvert varhugavert, þar sem um svo langan tíma er að ræða, málið svo stórt og þýðingarmikið og upplýsingar um tilboðin liggja engar fyrir. Heimildin væri því blindandi veitt. Mér finst að engin hætta sé á því, að samningar við félagið í Brüssel þyrftu að missast, þótt það yrði samþ. hér með fyrirvara, að veita stjórninni þessa heimild, og ekki nema eðlilegt, að þingið vilji gjarnan hafa úrskurðarvald í því efni.

Því er barið við, að stjórnin megi þá engin tilboð gera af Íslands hálfu, en það er ástæðulaus mótbára. Það er mesta áhugamálið, að þetta fyrirtæki geti sem fyrst komist á, og verði svo ódýrt fyrir landið, sem kostur er á, en þó ekki svo, að fyrirtækið bíði af því skaða, eða að framgangi þess sé tálmað.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Það er nú búið að skýra málið frá ýmsum hliðum, og eg hefi því ekki miklu við það að bæta.

Hæstv. landsh. sagðist ekki hafa mikið að athuga við gjörðir fjáraukalaganefndarinnar, og gladdi það mig, að hann var ekki mjög óánægður með starf hennar, að undanteknum till. í síðasta stfl. 5. a, um styrkveitinguna til þráðlausu rafmagnskeytanna. H. þm. V.-Sk. (G. G.) hefir svarað þessum athugasemdum hæstv. landsh. svo ítarlega, að hann hefir algerlega tekið það ómak af mér, og eg skal að eins bæta því við, að nefndinni var allri ljóst, hve mikilsvert mál hér væri um að ræða, en að öðru leyti skýrði háttv þm. svo rækilega frá þeirri skoðun, sem lá til grundvallar fyrir till. nefndarinnar, að það er óþarfi að fara frekar út í það atriði.

Háttv. þm. Ísf. (Sig. St.) gaf í ræðu sinni mikið fyllri skýringu viðvíkjandi Arnarnesvitanum en nefndin hafði tök á, þar sem hann upplýsti, hvaða þýðingu þessi viti hefði, ekki að eins fyrir Ísafjarðarsýslu, heldur einnig fyrir allar siglingar suður og norður um land, fyrir öllum nyrðri hluta Ísafjarðarsýslu.

Að vísu hafði þetta að nokkru leyti verið bent á, í beiðni umsækjandanna, en hvergi nærri eins skýrt tekið fram. Háttv. þm. benti einnig á, að hér væri ekki að ræða um bein útgjöld fyrir landssjóð, nema að eins í bráð, því með hækkun á vitagjaldinu og með því að leggja á nýtt vitagjald gerði landssjóður meira en vinna þetta upp.

Það var einmitt þetta, sem meðfram vakti fyrir nefndinni, að það þyrfti að taka til íhugunar öll vitamál landsins. Háttv. þm. sagði enn fremur, að það hefði ekki verið sett sem skilyrði fyrir styrknum til Arnarnesvitans, að sýslan tæki að sér viðhaldskostnaðinn, og er það að vísu satt; það var ekki beint tekið fram, heldur óbeinlínis, þar eð ekkert fé var veitt til vitans úr landssjóði. Annars get eg lýst því yfir, að nefndin mun taka þetta atriði til nýrrar meðferðar og íhugunar, nema svo fari, að brtill. háttv. þm. verði samþ. nú við þessa umr.

Viðvíkjandi 2. brtill. nefndarinnar, um útflutning á kældu kjöti, þá mintist eg nokkuð á það mál áður, og nú hefir háttv. þm. Borgf. (Þ. Bj.) skýrt svo rækilega frá henni, að eg sé ekki ástæðu til að bæta neinu þar við frekara en eg hefi gert áður. Ef til vill væri meiri ástæða til að fara nokkrum orðum um aðra málaleitun frá Búnaðarfélaginu, nefnilega styrkinn til Jóns Þorlákssonar til að halda áfram rannsóknunum á byggingarefnum landsins.

Nefndin var öll einhuga um það, að þessar rannsóknir væru ákaflega þýðingarmiklar fyrir alt landið, og jafnframt um það, að þar sem við hefðum verið svo sárt leiknir, að missa hinn efnilega mann, sem byrjað hafði á þessum rannsóknum, en hins vegar væri nú í boði mjög efnilegur maður, sem að afloknu námi sínu um nýár væri fús til að halda þessu starfi áfram, þá bæri að nota tækifærið nú, því að öðrum kosti væri ástæða til að ætla, að við ættum á hættu, að þessi maður mundi snúa sér að öðru starfi í útlöndum, sem honum mundi ekki veitast örðugt að fá, og við þannig gætum orðið neyddir til að láta ónýtast þær rannsóknir, sem þegar er búið að gera, og sem hefðu verið talsverðar, þar sem búið var að leita upplýsinga bæði til sýslunefnda og víðsvegar um landið. Nefndinni fanst af þessum ástæðum vera rétt, að taka til greina þessa málaleitun Búnaðarfélagsins.

Um brtill. á þgskj. 85 hafa verið talsverðar umr. frá hendi beggja flm., og er ekki nema eðlilegt þótt svo hafi verið, enda alveg rétt tekið fram það, sem þeir mintust á, frá þeirra hlið; en málið hefir einnig aðra hlið, sem sömuleiðis verður að líta á, nefnilega hvort það sé rétt, og ekki töluvert athugavert, hvort landssjóður eigi að hlaupa hér undir bagga. 2. þm. Árn. (E. B.) vildi halda því fram, að tilskipunin frá 1872 gildi líka fyrir landssjóð, og er það víst vafalaust rétt, en væri svo, að tilskipunin næði til þessarar stúlku, sem hér er um að ræða, þá hefði ekki verið nein þörf á að leita til þingsins, heldur verið nóg að snúa sér til landsstjórnarinnar. Háttv. þm. V.-Sk. (G. G.) lýsti svo átakanlega hinu bágborna ástandi þessarar veslings stúlku, að manni gat ekki annað en runnið það til rifja, en því miður er þetta ekki eins dæmi; við höfum svo mörg sams konar tilfelli; það eru svo margir veslingar, sem meira eða minna skortir vit eða skilning, sem verða að vera hælislausir. Þó það sé tilfinnanlegt, þá hafa hlutaðeigandi ættingjar orðið að standa straum af þessum aumingjum, því við höfum ekki fundið neinn veg til að komast hjá því. Við höfum hvorki neitt sérstakt hæli fyrir þessa

vesalinga né heldur neina sjóði, sem hægt sé að fá styrk úr handa þeim nema sveitarsjóðina. En alt um það, er það þó varhugavert að veita þennan styrk, einmitt frá þessu sjónarmiði, að þá mundi á eftir koma fram svo mörg svipuð tilfelli. Auk þess kemur það til athugunar, að hér er ekki að tala um styrkveitingu til eins árs, heldur til margra ára, því eins og kunnugt er, þá eru því miður ekki líkindi til bráðs bata fyrir fólk, sem komið er á geðveikraspítala.

Að öllu þessu athuguðu fanst nefndinni það athugavert, að taka þessa umbeiðni til greina, og verður, þó það sé leiðinlegt að þurfa þess, að leggja móti því, að hún verði samþykt.

Eins og eðlilegt var, þá vildi háttv. 2. þm. Rangv. (Sighv. Á.) gjarnan að brtill. sín næði fram að ganga. Nefndin hefir eftir, því sem henni virtist, tekið liðlega í þetta mál, þar sem hún, með því að gefa Rangæingum eftir vextina af láninu, hefir séð fyrir að fyrst um sinn verði þeim lánið ekki til byrði, en eftirgjöfin á láninu sjálfu sá hún sér ekki fært að leggja til að væri sþ. nú. Eg skal í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að nefndinni hefði þótt betur hlýða, að legið hefði fyrir einhver umsögn eða jafnvel skuldbinding frá eigendum þessara jarða, sem undir vatnsvoðanum liggja, um það, að hve miklu leyti þeir vildu taka að sér ábyrgð á láninu.

Nefndinni virtist það harla einkennilegt, að sýslunefnd Ranæinga skyldi fara að kasta svo þungri byrði upp á sýslusjóð sinn, án þess að láta hlutaðeigandi landsdrotna taka nokkurn þátt í ábyrgðinni fyrir láninu. Nefndin varð sem sé að líta svo á, að ef þessir menn, sem að minsta kosti sumir hverir eru efnaðir menn, ekki vildu taka neinn þátt í kostnaðinum, þá hlyti það að stafa af vonleysi um nokkurn árangur af þessum tilraunum, og að þá væri lítil ástæða fyrir sýslusjóð að ráðast í þessa lántöku og því síður fyrir landssjóð að kosta hana að öllu leyti. Enn fremur er það nú komið fram, að þessum tilraunum verður að halda áfram, ef þær eiga að koma að nokkru gagni, og þá þarf víst að taka nýtt lán, sem svo á sínum tíma einnig verður farið fram á að gefa eftir.

Nefndin leit nú svo á, að það gæti verið efasamt, hvort gerlegt væri að halda þessu verki áfram.

Að vísu er það tilfinnanlegt, að sjá margar jarðir leggjast í eyði, en hér frammi í lestrastofunni liggja skjöl frá prestinum á Staðarstað, sem sýna það, að í einni af blómlegustu og grösugustu sveitum landsins, Staðarsveitinni, liggur fjöldi jarða í eyði vegna fólkseklu. Væri nú ekki einmitt hugsanlegt að því væri miklu betur ráðið, að fá þetta fólk á þessum jörðum í Rangárvallasýslu, sem liggja undir vatnsvoðanum úr Þverá, til þess að flytja sig vestur?

Eg fyrir mitt leyti hefði verið miklu fúsari til þess að leggja eitthvað af mörkum til þess að þessi grösuga sveit gæti bygst á ný, og það því fremur, sem landssjóður er eigandi mikils hluta þeirra jarða, sem eru undir Jökli. Það er tilfinnanlegt að vita, hvernig þessi ágæta sveit er farin, og vil eg benda háttv. þm. á að lesa hér um skjöl og umbeiðni prestsins frá Staðarstað, sem nefndin ekki sá sér fært að taka til greina.

Fyrir nefndarinnar hönd get eg ekkert sagt um þessa brtill. við 19. gr. 3. málsgr., en eg skal að eins benda á það, að þótt landssjóður vilji styðja og hlynna að gagnlegum fyrirtækjum, þá er ekki nema eðlilegt, þó hann vilji fá aðgengilega tryggingu fyrir lánum sínum.

Annað mál er það, hvort þingið vilji láta sér nægja sem tryggingu veð í sjálfri verksmiðjunni, eða krefjast annarar fyllri; um það skal eg ekkert segja.

Tryggvi Gunnarsson: Hæstv. lh. mintist á það í ræðu sinni áðan, hvort nefndin hefði athugað svo vel reikninga viðvíkjandi brúargerðinni á Lagarfljóti, að hún þyrði að ábyrgjast að upphæðin væri nægilega há. Eg þori auðvitað ekki að ábyrgjast það, þar sem upphæðirnar hjá nefndinni eru eftir ágizkun, en upphæðirnar hjá félaginu Smith, M. & Hüttemeier eru eigi minna eftir ágizkun; það getur eigi vitað hvaða verð verður á trjám, járni og öðru efni, þegar sá tími kemur að þarf að kaupa, og heldur eigi, hve langur tími gengur til brúarsmíðarinnar o. fl., en eg er sannfærður um það, að hæstv. landsh. og þingd. er nefndinni sammála um það, að heldur beri að hafna lægri upphæðina en þá hæstu.

Annars stóð eg upp til þess, að minnast á niðurlagsatriðið í nefndarálitinu um þráðlausu loftritunina. Nefndin var í hinum mesta vanda stödd. Annars vegar vildi hún gjarnan sýna ráðgjafanum viðurkenningu og þakklæti fyrir áhuga hans á þessu máli, en hins vegar fanst henni varhugavert að sleppa öllu atkvæði þingsins um þetta mál; og fari svo, að tillaga hæstv. lh. verði samþ., þá þyrfti þingið að segja álit sitt um þetta mál miklu nákvæmar. Þannig minnir mig að á núgildandi fjárlögum standi, að styrkveitingin til sæsímans sé bundin því skilyrði að hann verði lagður á land á Seyðisfirði. Nú gæti hugsast, að stjórnin áliti að þetta ætti einnig að gilda um þessi þráðlausu rafmagnsskeyti, af því hún skoði svo, að þetta væri sameiginlegur vilji þings og þjóðar; en það ímynda eg mér að öllum sé kunnugt, að svo er ekki, — heldur munu flestir óska, að Reykjavík verði aðalstöðin og að útlendu fréttirnar komi fyrst þangað. Eg hefi þá skoðun, sem sagt, að ef þingið veitti þessa fjárupphæð, sem á að standa yfir 20 ár, þá þyrfti jafnframt að fylgja henni nákvæmlega ákveðin ummæli um það, hvernig þingið óskar að loftritunarviðtökustöðum og fl. hér á landi sé háttað. Hins vegar er líka ekki svo bráð nauðsyn að flýta þessu, svo sem það þoli ekki að bíða eitt ár enn eftir næsta þingi; vér höfum orðið að vera án hraðfrétta alt til þessa tíma hvort sem er. Umræður hér í deildinni sýnast mér geta verið nægilegar til þess, að sýna ráðgjafanum, að þingið sé nú og muni verða fúst á að leggja fram hið umbeðna fé, þegar nægilegar upplýsingar liggi fyrir. Eg skal að vísu fúslega játa það, að það er mikil trygging fyrir því, að þessu fé verði vel varið, bæði vegna þess, að stjórnin hefir sýnt okkur svo mikinn velvilja bæði í þessu máli og öðrum, og sömuleiðis vegna þess, að danska ríkisþingið leggur fram 54 þús. árlega, sem stjórninni auðvitað væri umhugað að yrði vel varið, og eg skal bæta því við og taka það fram, vegna ræðu háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að tillögur nefndarinnar eru ekki að nokkru leyti sprotnar af nokkurri tortrygni til stjórnarinnar, heldur að eins af því, að henni finst óviðkunnanlegt, að þingið sleppi öllu atkvæði um þetta mál, og álítur ennfremur, að stjórnin sé því ókunnugri en þingið, hvað Íslendingum væri haganlegast í þessu máli.

Þá skal eg minnast með fáum orðum á vitann á Arnarnesi. Í sjálfu sér var nefndin ekki á móti því, að viðhaldskostnaðurinn hvíldi á landssjóði; en hún hafði tekið sér þá stefnu, að

samþ. ekki í þessum fjáraukalögum aðrar fjárveitingar en þær, sem stjórnin bað um og henni virtist óhjákvæmilegar. Annars var það tekið fram í nefndinni, að þetta mundi verða samþ. þegar á næsta þingi. Mig minnir að það standi í bréfinu til þingsins um þessa fjárbeiðslu, að kveikt muni verða á vitanum næsta vetur, upp á væntanlega eftirveitingu, svo hvað það snertir, ímynda eg mér, að engin hætta sé, þótt fjárveitingin bíði næsta þings.

Um breyt.till. þm. Rangv. (S. Á.), um eftirgjöf á láni til sýslusjóðs Rangvellinga er hið sama að segja, að nefndinni fanst það mál verða að bíða aðalþings, þegar regluleg fjárlög verða samin. Annars voru margir í nefndinni á því, að það væri sanngjarnt að landssjóður hlypi undir bagga, þegar eitthvert sýslufélag verður fyrir svo stórkostlegu tjóni, sem þessi sýsla hefir orðið fyrir af vatnagangi, og hefir þess utan stóran skuldabagga.

Eg gleymdi að geta um það áðan viðvíkjandi þráðlausu rafmagnsskeytunum, að svo er ástatt með þau, sem aðrar nýjar uppgötvanir, að eftir því sem lengra líður frá byrjun þeirra, því fullkomnari og ódýrari verða þær; það er þess vegna engin hætta á því, að vér getum eigi síðar náð jafn-ódýrum og hagfeldum samningum, sem nú, þótt málið verði látið bíða fullnaðarúrslita til næsta þings. Eg var í fyrstu á þeirri skoðun, að við ættum að svara ráðgjafanum því, að hann skyldi fara með málið eins og honum bezt sýndist, en því betur sem eg athugaði það, því meir sannfærðist eg um, að málið mundi frekara batna á því að bíða.

Sighvatur Árnason: Eg vildi leyfa mér að segja nokkur orð til stuðnings breyt.till. minni á þskj. 88, er fer fram á að alt lánið til Valalækjar verði gefið upp, en ekki vextirnir einir. Háttv. framsm. nefndarinnar gat þess, að hlutaðeigandi sýslufélag hafi lagt mjög lítið í kostnaðinn til þessa fyrirtækis. Mér er óhætt að fullyrða, að sýslubúar hafa lagt mikið til, bæði peninga og vinnu. Lánið gekk mestmegnis til að kaupa efni ti fyrirtækisins, bæði timbur og annað, og til flutnings á því frá Eyrarbakka til vinnustöðvanna. Þess ber líka að gæta, að það stendur til í haust, að fullgera þetta fyrirtæki, sem þarf mjög mikið fé til samkvæmt skýrslu verkfræðingsins, sem sé alt að 6000 kr. Það virðist því brýn nauðsyn að hlaupa strax undir bagga með hlutaðeigendum, því það gæfi þeim sterka hvöt til að halda fyrirtækinu áfram með sama kappi og fylgi sem fyr. Það er því ekki sanngjarnt, eins og háttv. framsm. gerði, að kasta steini á héraðsbúa og hlutaðeigendur í þessu tilliti. Þeir hafa einmitt gert sitt ítrasta til, og meira er ekki hægt að heimta.

Ólafur F. Davíðsson: Eins og h. deildarmenn hafa séð, skrifaði eg undir nefndarálitið með fyrirvara. Fyrirvari þessi átti að eins við viðaukatill. um þráðlausa fjarritun, sem eg gat ekki orðið háttv. meðnefndarmönnum mínum samþykkur um. Eg skildi bréf stjórnarinnar á sama hátt og hæstv. landsh. hefir gert, að stjórnin leitaði þar með andsvara þingsins um það eitt, hvort það vildi veita stjórninni heimild til að verja til þráðlausrar fjarritunar þeirri fjárupphæð, er veitt var í fjárlögunum fyrir árin 1902 og 1903 til ritsímalagningar, og til að gera um þetta fastan samning. Þessu álít eg að þingið verði að svara annaðhvort játandi eða neitandi, þ. e. annaðhvort að leyfa samningsgerðina skilyrðislaust eða ekki. Það er auðskilið mál, að stjórin getur

engan samning gert, ef hann síðan á að leggjast fyrir þingið; hún gæti þá að eins leitað fyrir sér; en til þess þarf hún ekki neina heimild.

Mér getur því ekki blandast hugur um, að annaðhvort ber þinginu að segja hreint og beint nei, eða þá veita heimildina skilyrðislaust. Það lítur svo út sem hér sé verið að gera leik til þess, að stjórnin geti ekkert gert málinu til framgangs.

Hæstv. landsh. lýsti því yfir, að hann mundi koma með breyt.till við 3. umr. í þá átt, er gæfi stjórninni ákveðin svör. Eg mun greiða atkvæði með þeirri breyt.till.

Lárus H. Bjarnason: Eitt atriði er það í nefndarálitinu, sem mér virðist stefna í þá átt, að innleiða nýtt »princip«. Nefndin leggur til, að til Vallaprestakalls verði veitt: af álagi staðarins kr. 222,56 og hálf úttektarlaun, kr. 9,00, þ. e. samtals kr. 231,56, en alls var beðið um fyrir vantandi álag, innstæðufé, kúgildi og úttektarlaun 590 kr. 56 a.

Eg get nú ekki annað skilið en að búskaparlaginu á nefndu prestssetri hafi verið þannig varið, að kirkjustjórninni hefði verið innan handar, að kippa þessu í lag; hún hefði átt að geta varnað því, að þannig hefði farið, sem fór. — Eg fyrir mitt leyti get ekki verið með því, að verið sé að leggja fé úr landssjóði til þess, að bæta það upp, er eftirlitsmennirnir hefðu átt að geta varnað.

Það vantar ekki æði-mikið á, að segja mætti um viðskilnaðinn á Völlum, eins og sagt var í vísitazíunni: »Staðarins hús eru niðurfallin, kirkja fyrirfinst engin og kúgildin kveður prestur sig uppetið hafa«. — Eg vík að þessu af því, að prestssetrin hér á landi eru sumstaðar hvað verst setin. — Það eru til prestsetur, þar sem enginn sést túngarður, ekki borið á túnið til fulls, ekki heldur unnið á því til fulls, þar sem torf er skorið í sjálfu túninu, þar sem húsin eru fallin og kúgildin því nær horfin.

Mig hefir furðað á því, að jafn-glöggir menn og jafn-fastheldnir á landsfé, sem hinir háttv. nefndarmenn eru, skuli ráða til slíkra uppgjafa. — Að minsta kosti er hálf-kynlegt, að fara að borga prófasti úttektarkaupið, meðan ósannað er, hvort eftirlitsleysi hans sé um að kenna eða ekki. — Verði þessar bætur veittar, er líklega hætt við, að fleiri prestar mundu ríða á vaðið með líkar kröfur. Og þá yrði auðvitað að sýna þeim sömu skil.

Um breyt.till. háttv. þm V.-Sk. (Guðl. Guðm.) á þgskj. 85 þarf eg ekki að fara mörgum orðum. — Eg get ekki gengið inn á, að rýra nú í aukafjárlögunum það veð, er aðalfjárlögin hafa ákveðið landssjóði fyrir láninu, hvort sem ábyrgðin nú er sjálfskuldarábyrgð eða einföld ábyrgð. — Breyt.till. ætlast til, að landssjóður fái að eins fyrsta veðrétt í stofnuninni; en ábyrgð hlutaðeigenda á að falla burtu. — Í orði kveðnu er fyrsti veðréttur í verksmiðjunni ekki svo lítil trygging, en hann er minni á borði, því að það er ótrúlegt, að slík hús sem verksmiðjuhúsin mundu fara með háu verði á uppboði.

Í annan stað þurfa hluthafar á engri lántöku að halda, úr því að breyt.till. ætlast til, að hlutaféð nemi helmingi hærri upphæð en lánið og verði alt innborgað.

Breyt.till. háttv. 2. þm. Isf. (S. St.) á þgskj. 89 hefir að miklu leyti við góð rök að styðjast. En gangi hún fram, mun eg leyfa mér síðar að bera upp sams konar breyt.till. fyrir vitann á Elliðaey.

Að því er snertir fjarritunarmálið, þá lýsti eg við 1. umr. þess gleði minni

yfir, að því hefði verið hreyft, en gat þess jafnframt, að þýðingarlítið væri, að setja nefnd í það, enda þótt eg héldi að það væri nokkurn veginn meinlaust. — En síðan hefir komið fram tilboð frá stjórnarráðinu um, að taka málið að sér, og það hefði átt að verða til þess, að botninn hefði dottið úr nefndinni. — (*Sigurður Stefánsson*: Nei, botninn er ekki dottinn úr henni). Þá hefir hann heldur enginn verið. Eg get vel skilið það, þó þingið vilji ekki algerlega fela stjórninni þetta áhugamál sitt, heldur óski að hafa hönd í bagga um samningana. En er ekki hugsanlegur neinn millivegur milli tillögu hæstv. landshöfðingja og nefndarálitsins? — Mætti ekki fela stjórninni, að leita undirboðs um verkið og leggja síðan samningana með fylgiskjölum fyrir þingið? Þetta er alment gert í sveitamálum; nefndin ákveður að vinna verkið, en oddvita er falið að haga framkvæmdunum á þann hátt, er bezt gegni.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.: Það sem eg helzt hefði viljað minnast á, er þegar tekið fram. Sérstaklega ætlaði eg að víkja að tillögum fjáraukalaganefndarinnar um fjárveitinguna til Vallaprestakalls. Mig furðar stórlega á því, að alt það fé, sem þar er talið, skyldi vanta, er presturinn féll frá. — Mér er kunnugt, að prófasturinn í Eyjafjarðarsýslu hefir nú um langa tíð farið vísitazíuferðir um alt prófastsdæmið annaðhvort ár, og athugað ástand og reikninga jafnt á þessu prestakalli, sem öðrum í prófastsdæminu. — Báðir þeir prófastar sýslunnar, er hafa haft á hendi eftirlit með ábúð á Völlum og annari umsjón prestakallsins allan þann tíma, er hér er um að ræða, eru viðurkendir sem sérlega skyldurækir embættismenn, og mér það því öldungis óskiljanlegt, að þeir hafi ekki tilkynt biskupi, að fjárhald staðarins á Völlum og umsjón með kúgildum kirkjugarðanna fyrir löngu síðan færi í ólestri. — Eg vildi því vekja máls á, hvort ekki kynnu að vanta einhver ákvæði um eftirlit frá biskups hálfu, eða, séu þau til, hvort ekki þyrfti á einhverjum slíkum ákvæðum að herða. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Ákvæðin eru til!). Eg verð að játa, að mér er ókunnugt um þau augljósu ábyrgðar-ákvæði, og svo mun einnig hafa verið fyrir hinni háttv. fjáraukalaganefnd. En sé svo, að sú beina fjárhagslega ábyrgð í þessu falli hvíli á prófasti eða biskupi, þá er næsta óeðlilegt, að láta landssjóð greiða þetta fé; en eg hygg, að það verði bæði seinfært og erfitt að krefjast þessa af þeim, er eftirlitið hafa haft á hendi. — En jafnframt finst mér, að svo framarlega sem landssjóður borgar álag staðarins, að þá væri líka mikil ástæða til, að borga niðurfallin kúgildi, og sömuleiðis innstæðuna. — Þar sem viðkomandi prestur hefir nýlega tekið við brauðinu, þá hefir hann fulla heimting á að fá þessar upphæðir. — Verði svo álitið, að landssjóður greiði það, sem nefndin ræður til, þá er líka þar með gefin bending um, að hann sé skyldur til, að borga alla upphæðina. — Mér er kunnugt um, að það fjártap, sem um er eð ræða, hefir orðið á mörgum árum, og því hefi eg mikla ástæðu til að halda, að vanrækslu prófasts sé ekki hér um að kenna, heldur stafi það frá æðra embættisvaldi, biskupsvaldinu. — Þetta atriði álít eg löggjafarvaldinu skylt að rannsaka.

Eg skal svo ekki eyða fleiri orðum um þetta, en að eins ítreka þá skoðun mína, að verði þetta greitt, er nefndin fer fram á, þá sé þar með viðurkent réttmæti þeirrar kröfu, að allar ávantandi tekjur verði greiddar.

Svo vildi eg minnast örfáum orðum á uppgjöf á 6000 króna láni, er farið er fram á fyrir hönd Rangvellinga. — Þetta þykir mér næsta undarleg beiðni. — Lánið er nýfengið úr landssjóði til jarðabóta, er gersamlega hafa mislukkast. Þessu fé hefir þannig verið kastað í athugaleysi til fyrirtækis, er fyrirsjáanlegt var, að ekki mundi hafa minstu þýðingu, eftir þeim upplýsingum, er eg hefi fengið um málið. — Eg er því allsendis andstæður því, að þetta fé sé gefið eftir, og það er jafnvel hæpið, að eg greiði atkvæði með, að vextirnir verði látnir falla niður. — Mér finst engin ástæða til, að vera að veita sýslubúum verðlaun fyrir glappaskot sín. Slíkt er helzt til mikil miskunnsemi.

Að því er snertir breyt.till. á þgskj. 86, þá hafði eg hugsað mér, að sjálfsagt væri að fylgja fjárlögum síðasta þings, er ákveða fullkomna trygging fyrir láninu. Eg get ímyndað mér, að ef Eyfirðingum veittist heimild til, að fá slíkt lán, þá mundi það sýslufélag eður lántakendur fullkomlega ganga að þeim skilyrðum, er landsstjórnin hefir sett.

Um fjáraukalögin í heild sinni skal eg taka það fram, að mér finst hálfóviðfeldið, að greiða atkvæði með því, að enn sé bætt á tekjuhalla landssjóðs. — Á síðustu fjárlögum var sjáanlegur stór tekjuhalli; en því bágari verður fjárhagur landsins, sem nú er farið fram á stór útgjöld í þessum fjáraukalögum.

En sakir þess, að nokkrar af þeim tillögum, sem nú eru fram bornar um aukin útgjöld á landssjóði, eru svo nauðsynlegar til gagns og framfara, þá mun eg þó greiða sumum þeirra atkvæði.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Það er sérstaklega út af ýmsum ummælum, er fallið hafa um fjárveitingu til þráðlausra skeyta, að eg tek til máls að þessu sinni. — Í þessu augnabliki hefir verið útbýtt breyt.till. frá hæstv. landshöfðingja, er fellir burt það, sem nefndinni þótti nauðsynlegt skilyrði fyrir samþykt þingsins. — Í annað stað er að vísu orðalagið heppilegra. — Mér datt í hug, að skjóta því til nefndarinnar, hvort ekki mundi heppilegt, að hún kæmi fram með svo lagaða breyt.till., að á eftir »verja« komi inn orðin: »að nokkru leyti«. — Þingið lýsti þá yfir því, að verja mætti ritsímafénu til þráðlausrar fjarritunar, að svo miklu leyti sem þörf krefði. — Með því væri stjórninni gefin full vissa fyrir því, að þessi fjárveiting mundi samþykt á næsta þingi. Stjórnin gæti þá sagt við félagið: »Vér getum nokkurn veginn fullvissað yður um, að það sem vér göngum inn á, verður samþykt af þingi Íslendinga 1903«. — Eg kann ekki við, að gefa stjórninni svona alveg út í bláinn takmarkalausa heimild. Þingið hefir enga hugmynd um, hvað fyrirtækið muni kosta; engar upplýsingar liggja yfir höfuð fyrir þinginu um málið, og auk þess eru þessar uppgötvanir á sífeldri framrás, og sífeldum breytingum háðar. — Það má vel vera, að kostnaðurinn yrði miklu minni en hér er farið fram á, og verður það að öllum líkindum; því eg get ekki hugsað mér, að umbúnaður sá, er nauðsynlegur er til þráðlausra skeyta, sé nándar-nærri eins dýr og sæsími. — En ef vér gefum stjórninni alveg óbundnar hendur, þá höfum vér enga óyggjandi vissu fyrir því. að vér fáum komið þessu á svo ódýrt, sem unt er, þó líkindi séu til þess, að hún leiti fyrir sér.

Háttv. 1. þm. N.-Múl. (Ó. F. D.) fanst stjórnin ekkert geta gert, nema hún fengi skilyrðislausa heimild til samninga, eða að minsta kosti ekki meira en áður.

— Það er ekki rétt. Þegar hún hefir fengið slíka yfirlýsingu frá þinginu, er eg benti á, getur hún ekki einungis leitað samninga, heldur líka fullgert samninginn að öllu leyti nema undirskriftinni.

Þá liggur fyrir frá nefndinni viðaukatill. um, að veita 3000 kr. til rannsókna á byggingarefnum. — Á næst síðasta þingi var veitt fé til slíkra rannsókna. Þá var völ á góðum og duglegum manni (Sig. Péturssyni), og töldu allir fyrirtækið hið nauðsynlegasta. — Veitingin hljóðaði upp á 3000 krónur hvort árið 1900 og 1901. En eins og kunnugt er, dó þessi efnilegi maður ári síðar en hann tók til starfa, svo að honum var aldrei útborguð nema upphæðin fyrir fyrra árið. — Þannig er þessi fjárupphæð eiginlega veitt þegar áður, og því ekki hér nema um endurveitingu að ræða. Nú hefir mjög efnilegur maður, að minsta kosti mjög gáfaður og góður námsmaður, boðið sig fram til þess, að taka upp rannsóknirnar á ný. — Hann hefir nú bæði skrifað mér og sérstaklega stjórn Búnaðarfélagsins þessa efnis. — Stjórn Búnaðarfélagsins hefir tekið vel í þetta og skrifað áskorun til þingsins um veitinguna. Eg vona að háttv. deild veiti þessari viðaukatillögu góðar undirtektir, þar sem um svo mikið nauðsynjamál er að ræða. — Það er ekki efamál, að á ári hverju fer svo tugum þúsunda króna skiftir til ónýtis fyrir vanþekkingu manna á byggingarefnum í landinu

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) kvað það nýtt »princip«, að bæta upp tekjuhalla á prestaköllum, fallið álag og innstæður, úr landssjóði. Eg man þó svo langt, að á þingi 1899 var veitt fé til þess, að bæta upp kúgildi á brauði einmitt úr umdæmi háttv. þm. Snæf. (L. H B.). (*Ldrus H. Bjarnason*: Þá stóð öðru vísi á). Hvers vegna ætli kúgildin hafi verið keypt, nema af því, að presturinn gat ekki int þau af hendi? Má vera, að háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) geti gefið einhverjar sérstakar upplýsingar um þetta, en meðan þær eru ekki fram komnar, þá verð eg að álíta svo, sem þetta sé ekki nýtt »princip«.

Að ekki beri að borga prófasti fyrir úttektina fyr en hann hefir verið »hreinþveginn« af allri sök um eftirlitsleysi, getur hér ekki átt við. — Hann hefir sem sé aldrei óhreinkast, með því þessi óreiða á fjárhaldi Vallaprestakalls hefir ekki komist á í hans prófaststíð. — Það skyldi þá vera næsti prófastur á undan, sem um mætti kenna. — En eins og háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) tók fram, þá verður honum ekki heldur gefin sök á þessu. Hann gat ekki búið fyrir viðkomandi prest, og heldur ekki lagfært óreiðuna öðru vísi en að gera yfirmanni sínum viðvart um það. Og það veit eg til að hann gerði oftar en einu sinni.

Ari Brynjúlfsson: Það er ekki margt sem eg þarf að taka fram, því háttv. þm. Snæf. (L. B.) og 2. þm. Eyf. (St. St.) hafa þegar tekið það fram, sem eg vildi sagt hafa.

Eg get þó ekki látið hjá líða að minnast á fjárupphæð þá, sem nefndin leggur til að veitt sé Vallaprestakalli. Sú fjárveiting ætti ekki að eiga sér stað, því ef sá rekspölur kæmist á, að landssjóður ætti að bæta upp allan skaða, sem orðið getur af trassaskap og eftirlitsleysi yfirboðaranna, þá yrði það sá baggi, sem vart yrði undir risið. Því ef byrjað er á slíku, má búast við að það komi fleiri bænir á eftir; þetta er að smeygja inn höfðinu, en búkurinn kemur á eftir; og þó fjárveitingin sé ekki stór, þá verð eg samt að greiða atkvæði móti henni af principi.

Háttv. nefnd hefir þóknast að færa fjárveitinguna til að fullgera Lagar-

fljótsbrúna niður um 2000 kr. Það er að vísu lofsvert að spara fé landssjóðs, en það má þó ekki spara sér í óhag. Brúin verður að komast á og það sem allra fyrst, því allur sá fjöldi sem þarf yfir fljótið, hefir nógu lengi mátt mæna vonaraugum eftir þessari nauðsynlegu brú, sem nú væri fullger, ef alt hefði farið eins og það átti að fara. Það er sorglegt að vita til þess, ef landssjóður tapar stórfé fyrir tóman klaufaskap.

En þótt landssjóður verði nú í svip að borga þessa upphæð, vonast eg til þess, að landsstjórnin geri sitt til að rannsaka málið og leiða sannleikann í ljós, og þeir fái svo að borga brúsann, sem til þess hafa unnið.

I nefndarálitinu eru tilfærðar 1960 kr. sem laun og ferðakostnaður verkamanna, er urðu að hætta vinnu við brúna í fyrra. Nú langar mig til að vita, hvort ekki felst í þessu fé það sem tapast hefir fyrir klaufaskap og vanhirðu, þegar vinnunni var hætt; verkamennirnir stukku frá öllu í reiðileysi, og byggingarefni, svo sem járn, plankar, borðviður og fl., sem alt fór í fljótið og hefir svo verið að smáreka upp á land; en járnið og hamarinn hafa mjúka sæng í leðjunni á fljótsbotninum. Frézt hefir að fundist hafi til hamarsins, en eg hygg hann hvílast þar til dómsdags.

En ef þetta er satt, þá ber þeim, sem skildu þannig svívirðilega við, að bæta skaðann að fullu, eða hver sá sem ábyrgðina ber.

Eg vona sem sagt, að landsstjórnin láti nú til sín taka og skipi rannsókn í málinu, og láti þá sem sekir eru, borga fyrir þennan óheyrilega trassaskap.

Eg skal ekki lengja umr. um of, en eg vildi gjarnan minnast á þessar 3000 kr., sem veittar eru til þess að rannsaka byggingarefni landsins. Þessi upphæð hefir verið veitt áður og ekkert vantað annað en manninn til þess að rannsaka þau. Því verð eg að vera mjög hlyntur þessari fjárveitingu, sökum þess, að þetta er svo afarþýðingarmikið fyrir húsabyggingar hér á landi, sem er yfirleitt mjög ábótavant. En eg legg mesta áherzlu á, að maður sá, er fé þetta fær, sé því vaxinn að leysa starf þetta vel af hendi.

Það hafa komið fram fleiri en ein skoðun um breyttill. á þgskj. 85, um styrkinn til Þorkels Hreinssonar, til að kosta mállausa dóttur hans á málleysingjaskóla. Sumum hefir þótt þetta óþarfi; en þess ber að gæta, að maðurinn er bláfátækur og eg sé ekkert á móti því, að þingið geri undantekningar, þegar svo sérstaklega stendur á eins og hér, og mun eg hiklaust greiða atkvæði með þessari fjárveitingu sem eigi er nema einar 300 kr., og álít að ekki þurfi að óttast, að þetta verði að reglu, þó þessi fjárveiting verði samþykt í þetta skifti.

Sigurður Stefánsson: Brt. mín á þgskj. 89 hefir að vísu mætt góðum undirtektum, en þó hefir þar verið dálítill hængur á, nefnilega að nú sé ekki sá rétti tími til að útkljá þetta. H. þm. hefir þótt fjárveiting þessi í alla staði sanngjörn, en vilja bara ekki veita hana á þessu þingi. En því má ekki eins veita féð nú, ef á annað borð á að veita það, því það hækkar hvorki né lækkar í landssjóði fyrir það, hvort það er veitt í ár eða að ári.

Eina ástæða h. þm. Rvík (Tr. G.) var sú, að nefndin hefði ekki viljað veita fjárupphæð nema þá, sem óhjákvæmileg væri.

Eg hefði getað trúað þessu, ef eg hefði ekki séð nefndarálitið, því að þar hefir nefndin vissulega vikið frá þessari reglu.

Eg get ekki séð að óhjákvæmilegra

sé að veita á þessu þingi uppgjöf á lánum, sem tekin hafa verið nú nýlega, fjárupphæðir til álagsborgunar á prestssetur, fjárveitingar til uppdrátta af húsum, sem aldrei hafa verið bygð, o.s.frv., heldur en að veita þessa fjárupphæð. Þessum vita var í raun og veru octroiað upp á Ísafjarðarsýslu í fyrra; hún hafði aldrei um hann beðið, og er því alls ekki skyldug til að veita einn eyri til hans.

Mér þykir framkoma h. þm. Rvík. (Tr. G.) nokkuð einkennileg í þessu máli, þar sem hann í fyrra var með því að veita þetta fé.

Arnarnesvitinn verður dimmur minnisvarði yfir þessu aukaþingi, fáist ekki þessi fjárveiting. Sýslunefnd Ísafjarðarsýslu hefir bygt vitann eins og áskilið var. Það er skrítið, ef hún á að gjalda þess hjá þinginu. Ef þingmaðurinn sem mest barðist fyrir þessu máli í fyrra, hefði nú borið þessa brt. upp, þá efast eg ekki um, að h. þm. Rvík (Tr. G) hefði verið með að samþykkja þessa fjárupphæð, og mér þykir það leitt, ef mál þetta geldur mín að þessu sinni.

Háttv. þm. Snæf. (L.B.) kvaðst mundi koma með brt. um að að veita 300 kr. til vitavarðar, ljósmetis o. fl. á Elliðaey, og eg get vel verið með að samþykkja þetta, þótt ekki standi alveg eins á með þennan vita eins og Arnarnesvitann. Elliðaeyjarvitinn er innsiglingarviti, og sést eigi eins langt að eins og Arnarnesvitinn, og svo kemur það til greina, að Snæfellingar báðu um vitann, en það gerðu Ísfirðingar ekki. En úr því háttv. þm. játa, að það sé rétt að veita fé þetta til Arnarnesvitans, því má þá ekki eins veita það í ár, til þess að kveikt verði á vitanum framvegis? H. þingd. má ekki skilja orð mín sem neina ógnun; eg segi þetta sem kunnugur maður í sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu. En eg vona að hún sjái, að öll sanngirni mælir með því að fé þetta sé veitt.

Þórhallur Bjarnarson: Háttvirti 2. þm. Eyf. (St. St.) veldur því, að eg stend upp.

H. þm. sagði, að til þess að verjast vatnaágangi í Rangárvallasýslu hafi verið gengið fyrirhyggju og undirbúningslaust; en þeim ummælum verð eg einbeittlega að mótmæla, vegna þess þess, að mér er persónulega kunnugt um, að fáar ráðstafanir hafa verið betur undirbúnar en einmitt þessar.

Eins og kunnugt er, fór Knud Zimsen þangað austur fyrst til að skoða verkið, og síðan til að stjórna því, og liggja skýrslur um athafnir hans fyrir þinginu; og þó að allar þessar ráðstafanir mishepnuðust svo sorglega, þá var það hvorki af ónógum undirbúningi, né af handvömm verkfræðingsins.

Búnaðarfélagi landsins þótti, sem vonlegt var, sárt að horfa upp á það, þegar 16 góðar jarðir voru í eyðileggingu, og lét því ekkert til sparað, með undbúning eða hjálpartilraunir sínar, enda bjóst það við því, að landsstjórnin mundi ekki láta sitt eftir liggja með að hlaupa undir bagga, og sýslunefnd Rangárvallasýslu hafði og fulla ástæðu til að vona það.

Með leyfi háttv. forseta skal eg lesa upp örstuttan kafla úr bréfi sýslumannsins í Rangárvallasýslu til landshöfðingja, þar sem hann beiðist 6000 kr. lánsins.

Þar segir svo:

»Eg leyfi mér að bera upp fyrirspurn um, hvort þér fyrir yðar leyti munduð leggja til að gefinn yrði upp á sínum tíma mestur hluti lánsins, því ella er engin von til að sýslunefndin treystist til að taka lánið«.

Og þessu svarar landshöfðingi þannig:

»Eg fyrir mitt leyti mun leggja það

til, að mikill hluti að minsta kosti af þessu láni verði á sínum tíma gefinn upp af fjárveitingarvaldinu«.

Þegar svona standa sakir, er náttúrlegt að sýslan treysti því, að fjárveitingarvaldið hjálpi hér verulega, og því er eg fylgjandi.

Aftur á móti finst mér breyttill. h. þm. Rangæinga, um að gefa eftir alla skuldina, fara nokkuð langt; jarðaeigendur verða þó að sjálfsögðu að bera hæfilegan part af kostnaðinum.

Viðvíkjandi rannsókn á byggingarefnum landsins, þá er eg þakklátur nefndinni fyrir það, hve greiðlega hún hefir orðið við ósk Búnaðarfélagsins, og eg hygg gott til fjárveitingar þessarar, þar sem hún kemst í hendur þessa unga efnismanns, sem fyrir utan það, að hann er hinum frábærustu námsgáfum gæddur og hefir lokið fyrri hluta prófs síns með einhverjum þeim bezta vitnisburði, sem nokkur maður hefir hingað til fengið í danska ríkinu, þá er hann alþýðunnar barn, og getur svo vel sett sig inn í kjör hennar og hugsunarhátt, og er því líklegur til að sníða sér og oss stakk eftir vexti í þessum efnum. Eg vonast til, að mál þetta komist nú aftur í gott horf, eftir að við urðum að sjá á bak einhverjum efnilegast og áhugamesta ungum manni, sem eg hefi kynst, nefnilega Sigurði heitnum verkstjóra Péturssyni, sem mér er ógleymanlegur sökum gáfna hans og áhuga á framförum lands og þjóðar.

Því skal skotið til nefndarinnar, hvort ekki væri fult eins lögulegt að nefna ekki neitt sérstakt nafn við fjárveitinguna; svo var gjört í fjárlögunum á þingi 1899, og get eg lýst því yfir, að stjórn Búnaðarfélagsins ætlar þessum manni, sem hér er til nefndur, og engum öðrum starfið, svo að eigi þarf að nefna hann til þess að binda hendur Búnaðarfélagsstjórnarinnar.

Fjárveitingunni til þráðlausra rafskeyta gef eg hiklaust jákvæði mitt, í því formi, sem haldið er fram af hæstv. landshöfðingja. Það er stöðugt viðkvæðið, að stjórnin sé aðgerðalítil og vanti »initiativ«, og nú þegar hún sýnir rögg af sér, ættum vér að taka því fegins hendi.

Landshöfðingi: Eg ætla að eins að gjöra örstutta athugasemd. H. þm. Borgf. (Þ. B.) las upp kafla úr bréfi, er eg hafði skrifað sýslumanninum í Rangárvallasýslu, þar sem eg lofa að mæla með einhverri eftirgjöf á láninu til Rangárvallasýslu, og vil eg út af því gera þá skýringu á orðum mínum, að þau geta ekki verið öðru vísi að skilja en svo, að eg á sínum tíma mæli með því við ráðgjafann, að uppástunga um slíka uppgjöf verði tekin inn í fjárlög fyrir árin 1904—05. Sjálfur hefi eg engan myndugleika til að koma fram með tillögu um uppgjöfina, og get ekki mælt með henni á annan hátt; en eg mun standa við það sem eg hefi sagt, enda þótt mér sé það máske ekki eins ljúft nú, eftir að eg hefi fengið vitneskju um, hvernig málið gekk fram á sýslunefndarfundi sýslunnar.

Ólafur F. Davíðsson: Eg vildi leyfa mér að gera stutta athugasemd við fjárveitinguna undir 5, staflið a. í nefndarálitinu. Eg er sem sé ekki sannfærður um, að uppást. háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) sé að nokkuru betri eða heppilegri en þar er farið fram á. Hér er um það að ræða, hvort stjórnin eigi að hafa óbundnar hendur til samninga eða eigi. Eg skal nú ekki neita því, að mér virðist það hálf undarlegt, að svo lítur út sem margir hinna háttv. deildarmanna gangi út frá því sem gefnu, að stjórnin muni misbeita þess-

ari heimild. Það lítur svo út sem menn haldi, að hún muni fleygja þessu fé í þann fyrsta þann bezta, sem hafa vill. Að mínu áliti er engin hætta á slíku. Stjórnin hefir sjálf tekið það fram, að hún muni gera sér far um, að útvega svo góð kjör, sem hægt væri. Og þingið hefir næga tryggingu fyrir því, að heimildinni verði eigi misbeitt, sem sé bæði í loforði stjórnarinnar og einnig því, að hún eftir á verður að standa þinginu reikningsskap ráðsmensku sinnar í þessu sem öðru. Ef því þingi og þjóð er það áhugamál, að fá þessu framgengt sem fyrst, þá virðist mér sjálfsagt að veita stjórninni þessa heimild.

Viðvíkjandi breyt.till. á þskj. 86, skal eg strax taka það fram, að eg álít eigi svo mjög nauðsynlegt, að þetta lán verði veitt, og mjög efasamt, hvort það mundi verða til nokkurs góðs. En ef þingið vill veita lánið á annað borð, þá vil eg að það geri það með þeim kjörum, að það verði ekki frágangssök fyrir lánbeiðendur að taka lánið, en til þess útheimtist að mínu áliti, að hinir einstöku hluthafar ekki standi í ábyrgð fyrir láninu, nema að svo miklu leyti, sem hlutafé þeirra nemur. Hins vegar löguð ábyrgð hluthafa er óhugsandi, því þá væri félagið ekki hlutafélag í venjulegum skilningi. Annars skal eg geta þess, að í breyt.till. stendur að eins allir fyrir einn, en ekki einn fyrir alla og allir fyrir einn, eins og venjulegt er að hafa það, þegar um sjálfskuldarábyrgð er að ræða. Þetta, sem að líkindum stafar af gleymsku flutnm., mun þó ekki breyta eðli ábyrgðarinnar.

Pétur Jónsson: Það er ekki mikið, sem eg hefi að leggja til í þessu máli; að eins datt mér í hug, að minnast lítið eitt á eitt atriði, nefnilega breyt.till. háttv. 2. þm. Ísf. (Sig. Stef.). Af því eg er einn af þeim, sem var í fjárlaganefndinni hér í deildinni í fyrra, þá get eg gefið upplýsingar um, hvað fyrir henni vakti í þessu máli þá. Eins og háttv. Nd. mun kunnugt, lá hér fyrir þinginu í fyrra beiðni um, að landssjóður léti byggja vita á Arnarnesi. Þessa beiðni gat nefndin ekki tekið til greina þá, af þeirri ástæðu, að þá voru eigi fram komin ljós rök fyrir því, að viti þessi stæði svo framarlega í röð þeirra vita, sem sjálfsagt er að byggja. Vitamálið hefir nú verið á döfinni í allmörg ár, og hefir lengi verið búist við, að það kæmi »plan« yfir þá vita, sem nauðsynlegir væru, svo hægt væri að byggja þá í samræmi, og þá vitana fyrst, sem mest á riður. Þetta plan lá ekki fyrir þinginu í fyrra, og því sá nefndin sér eigi fært að sinna þessu máli. En þm. sýslunnar fylgdu málinu fast fram, og nefndin skildi það svo, að þetta væri mikið áhugamál sýslubúa. Varð sú niðurstaðan, að hún lagði það til í framhaldsáliti sínu, að landssjóður legði fé til byggingar vitans, gegn því, að sýslufélagið annaðist hann að öðru leyti. Þetta varð að samþykt í Nd. og var einnig sþ. í Ed. eða í 6. umr. alls. En þegar fjárlögin komu aftur til Nd. var þessu breytt á þann hátt, að sýslufélagið annaðist bygginguna að því leyti, sem fjárveitingin úr landssjóði ekki nægði. Aftur á móti var ekkert ákveðið um, hver annast skyldi vitann framvegis, og að því er mig minnir, eftir samkomulagi við 2. þm. Ísf. (H. H.), til þess að binda það ekki fastmælum, að það skyldi vera sýslufélagið eitt, heldur var meiningin að láta það lenda bæði á sýslufélaginu og hafnarsjóði Isafjarðarkaupstaðar. Þm. sýslunnar fylgdu því að vísu happsamlega fram, að árskostnaðurinn við vitann yrði borgaður úr landssjóði, svo það var

ekki þeim að kenna, þó það yrði ekki ofan á. Eins og eg áður hefi tekið fram, vakti það fyrir nefndinni, að nægar skýrslur væri eigi fyrir hendi um vitamálið í heild sinni, og hún áleit því rétt, að sýslufélagið bæri kostnaðinn við vitann, þangað til plan væri komið, sem sýndi, að vitinn væri nauðsynlegur fyrir almennar siglingar. Það er nú enn þá ekkert það fram komið, sem geti haggað þessari skoðun, og get eg því fyrir mitt leyti ekki verið með þessari breyt till., án þess þó að þetta sé mér nokkurt kappsmál, því eg býst við, að landssjóður muni, áður langt um líður, taka að sér þenna vita eins og vitana við Faxaflóa. En að mínu áliti er ekkert á móti því og talsvert eðlilegra, að sýslufélögin leggi nokkuð af mörkum til þeirra vita, er aðallega gagna þeim.

Hvað málinu um þráðlausu rafskeytin viðvíkur, þá skal eg leyfa mér að geta þess, að fyrir þinginu lá ekkert það, er sannaði, að málið væri komið á þann rekspöl, að stjórninni væri nauðsynlegt að geta gjört fullnaðarsamninga nú þegar, enda líka býst eg við, að svo bráð nauðsyn beri eigi til, að eigi sé hægt að bíða þangað til þingið 1903 er búið að kynna sér málið. Nú sé eg, að hæstv. landsh. álítur nauðsynlegt, að stjórnin hafi með öllu óbundnar hendur til samninga, og er það náttúrlegt, ef það er meiningin, að koma þessu á sem fyrst, jafnvel á þessu ári. Eg hefi því hugsað mér, að hægt muni vera að fara einhvern milliveg, þannig, að stjórninni yrði veitt heimild til fullnaðarsamninga; en þá jafnframt settar einhverjar skorður, sem trygðu hagsmuni landsins. Eg vildi gjarnan geta komið með breyt.till. í þá átt til 3. umr., og get því eigi verið með breyt.till. hæstv. landsh. nú.

Björn Kristjánsson: Það er brt. hæstv. landsh., sem er tilefni þess, að eg stend upp. Eg skal játa, að mér er ekki vel við þessa breyt.till. Mér fellur hún illa í geð af þeirri ástæðu, að hún, með því að fella burt þenna síðasta lið, sem stendur í tillögu nefndarinnar: að því áskildu, að þessir samningar verði lagðir undir atkv. alþingis áður en þeir eru fullgjörðir, gefur fyllilega í skyn, að þingið muni veita þessar 35,000 kr., sem áætlaðar eru í 12. gr. D. fjárlaganna 1902 og 1903, sem 1. útborgun, í 20 ár, án þess að samþykki þingsins þurfi að koma til síðar. Eg fyrir mitt leyti er eigi svo mjög hræddur um, að stjórnin muni misbeita því valdi, sem henni þannig væri veitt; en eg álít það bæði óheppilegt og rangt, að þingið varpi frá sér öllum rétti til þess að hafa hönd í bagga við þessa fjárveitingu; en því verður eigi neitað, að breyt.till. eins og hún er orðuð, gefur stjórninni heimild að verja þessum 35 þús. kr. á ári í 20 ár. En það er líka fleira en þessa eina að gæta. Ef þingið samþ. þessa breyt till., þá er jafnframt þeim félögum, sem þessu vilja sinna, gefið í skyn, að við viljum veita þessa peningaupphæð, sem mundi gefa þeim ofmikinn vind í seglin til að heimta alla fjárhæðina. Og það geta þau svo vel, þegar þau fyrir fram ekki þurfa að láta uppi, fyrir hvað minst þau vilja koma loftritunarsambandinu á. Öðru máli væri að gegna, ef við styngjum því prívat að ráðgjafanum, að við mundum tilleiðanlegir til þess að veita þessa upphæð; þá væri félögunum eigi gefið undir fótinn og mundu því koma með sín lægstu boð. Það er heldur eigi víst, að þingið mundi gera sig ánægt með að firðritun yrði komi á að eins milli 3—4 stöðva á Íslandi, eins og líka eigi er hægt að sjá á ráðgjafabréfinu, hvernig meiningin er að koma þessu fyrir, hvort heldur ætti að leggja

hann beint fá útlöndum til þessara staða, eða hafa eina höfuðstöð á Íslandi, sem svo aftur stæði í sambandi við hinar stöðvarnar. Þetta hefir að mínu áliti mikla þýðingu, því ef þingið veitir fé til þessa fyrirtækis, þá er auðvitað nauðsynlegt að fá sem beztar innanlandssamgöngur, og eg tel ekki ólíklegt, að fá mætti frekari innanlands-sambönd fyrir sama fé, sem ráðgjafabréfið gefur í skyn að í boði sé.

Hæstv. landsh. gat þess, að stjórnin gæti ekkert gert í þessu máli ef hún hefði bundar hendur og heimildin eigi skilyrðislaust veitt. Þetta getur kannske verið að nokkru satt; en mér finst þinginu sannarlega vorkunn, þó það eigi vilji veita fé út í bláinn, og mér virðist það undarlegt, ef ráðgjafinn ætlast til, að þingið sleppi öllum tökum á þessari fjárveitingu. Þegar um eyjasöluna í vetur var að ræða í Danmörku, var það ekki stjórnin ein, sem réð; nei, það var bæði þing og þjóð, sem þar hafði hönd í bagga með. Þetta er þó miklu stærra fjármálaatriði fyrir okkur en eyja-salan var fyrir Dani, og um viljaleysi í þessu máli virðist mér eigi hægt að tala frá þingsins hálfu, þar sem það hefir veitt 35,000 kr. til undirbúnings undir málið. Það sem fyrir mér vakir, og eg álít heppilegast í þessu máli, er, að þingið hafi að fullu óbundar hendur til að samþ. eða hafna samningunum, þegar þeir koma fram, ákveðin tilboð koma. Ef stjórnin vill flýta málinu, gæti hún kallað þingið saman til aukafundar, nefndin hefir áætlað nægt fé til þess að aukafundur gæti orðin haldinn, ef stjórnin sæi það bráðnauðsynlegt.

Það er ennfremur eitt atriði, sem hæstv. landsh. mintist á, það sem sé, að Danir mundu tregir til fjárveitinga, ef við ekki veittum fé nú þegar, og yrðum fyrri til. Þetta á eg bágt með að skilja. Mér sýnist hér engu síður um hagsmuni Dana að ræða en okkar, þar sem svo að segja öll verzlun í landinu er í þeirra höndum. Þingið hefir að þessu sinni að mínu áliti gert hreint fyrir sínum dyrum, þegar það hefir lýst því yfir, að það vilji eindregið sinna málinu. Við þurfum heldur varla að óttast, að við missum af tækifærinu, þó þessu tilboði, sem stjórnin hefir fram að bjóða, sleppi. Það má þvert á móti búast við, að þeim félögum, sem þessu vildu sinna, fjölgaði. Nú eru þegar 3 félög, sem um mætti velja, en stjórnin nefnir ekki nema eitt, og það félag er ekki stærsta félagið. Það er líka æðilíklegt, að fleiri félög mundu vilja keppa um, að koma á þessu loftritunarsambandi; því það er kunnugt, að það hefir verið notað í útlöndum til að spilla fyrir loftrituninni, að hún væri hættuleg fyrir líf og heilsu manna. Hér gæti því orðið tækifæri til að sýna, að svo er ekki; og þar sem félögin þannig gætu svift aðalvopninu úr höndum mótstöðumanna sinna, er líklegt, að þau mundu bjóðast til að gera þetta fyrir minna verð en ella.

Eg vil því vona, að hin háttv. deild samþykki ekki þessa breyt.till.

Björn Bjarnarson: H. þm. Ísf. (Sig. St.) sagði í dag, að vitinn á Arnarnesi hafi verið oktroieraður upp á Ísafjarðarsýslu. Það var svo fjarri því, að þótt Ísfirðingum væru veittir peningar til að byggja fyrir vita, með vissum skilyrðum, að þeir væru neyddir til að nota þessa peninga; þeir hefðu getað látið það ógert að byggja vitann, ef þeim hefði sýnst svo. En fyrst nú sýslufélagið hefir þegið peningana og tekið að sér að koma upp vitanum, þá hefir það um leið í raun réttri tekið upp á sig siðferðilega skyldu til að

fullnægja þeim skiyrðum, sem fjárveitingunni voru samfara, tekið að sér að annast viðhald vitans.

Það er því skiljanlegra, að Ísfirðingum sé ant um að fá vitann, og það þótt þeir þyrftu að leggja nokkuð í sölurnar til þess, sem hann er sérstaklega ætlaður þeim. Ef svo hefði eigi verið, þá mundi hann eigi hafa verið bygður inni á Arnarnesi, heldur miklu utar. Hann er einmitt settur þarna, sem hann er, af því að honum er sérstaklega ætlað að lýsa fiskiskipum Ísfirðinga og bátum. Fyrir því finst mér það svo eðlilegt, að Ísafjarðarsýsla standir straum af vitanum.

Brtill. á þgskj. 87 er eg í raun réttri mjög hlyntur; að eins þykir mér það óþarflega hátt, að ábyrgjast útflytjendum 18—20 aura fyrir pundið í kjötinu.

Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, hefir íslenzkt sauðakjöt selst á Skotlandi fyrir 35—40 a. pundið; þeir sem málið hafa rannsakð, hafa ætlað að ísvarið kjöt mundi seljast þar 5 a. minna pundið, og enn fremur að flutningskostnaður á pundinu mundi nema 5 aurum. Eftir þessu ættu seljendur að geta haft von um að fá 20—25 aura fyrir pundið í kjöti sínu, og þegar svo er, þá sýndist nóg að útflytjendum væri ábyrgst, að þeir fengju minst 16—18 a. fyrir pundið, því að bæði er það, að kjöt hefir að undanförnu ekki selst fyrir hærra verð hér, og það gegn vörum, en ekki peningum, eins og hér er um að ræða, og það vörum, sem óhætt má segja að hafi verið alt að 1/5 dýrari fyrir kjöt en ef peningar hefðu verið í boði; og í öðru lagi finst mér það ekki nema eðlilegt, þótt seljendur tæki upp á sig einhvern dálítinn hluta áhættunnar, þar sem þeir annars vegar hafa vonina um að geta fengið hærra verð fyrir kjöt sitt en hér gerist.

Mín afstaða í málinu verður því þessi, að sjálfsagt sé að styðja fyrirtæki þetta af landsfé, en að það sé ekki eðlilegt, að landsjóður taki upp á sig alla áhættuna.

Um till. á þskj. 86 er það að segja, að eg hefði helzt viljað, að lánið væri eigi veitt fyr en stofnféð væri borgað út að fullu; við það yrði trygging landssjóðs fyllri. Eins og till. er, gæti líka komið til málaferla, ef stofnféð er ekki borgað alt út. Lánið gæti komið að fullu gagni, þótt búið væri að greiða út alt stofnféð áður en það væri útborgað, því að þá mætti brúka lánið sem driftskapital, og mundi ekki af veita.

Að því er tillögu á þsk. 91 snertir, get eg ómöguleg skilið í því, að það hafi verið meining háttv. nefndar, að verja skuli alt að 35000 kr. til þess eins að undirbúa rafskeytamálið; eg skil ekki í, að stjórnin þurfi að kosta nándarnærri svo miklu fé til þess, að gera samninga um það.

Það hafa nú margir verið á því, að láta stjórnina fá all-óskorað vald yfir 45000 kr. til að byggja skólahús fyrir. Mér þykir það ólíklegt, að þeim hinum sömu þyki það mjög varhugavert, að trúa stjórninni fyrir 35000 kr. til að koma rafskeytamálinu í framkvæmd.

Eg hygg, að það sé óhætt að treysta því, að ráðgjafinn sem umboðsmaður þings og þjóðar muni ekki binda sig við fyrsta tilboð, sem hann fær, heldur leita fyrir sér og reyna að ná sem hagfeldustum samningum, og eftir allri framkomu hins núverandi ráðgjafa vors mun óhætt að treysta því, að hann muni eigi kasta út 35000 kr., ef hann sér sér kost á, að koma málinu jafntryggilega fram t. d fyrir 25000 kr.

Mér þykir till. fara fram á of fáar firðritunarstöðvar, þar sem hun tekur ekki til nema 2—4, og færi svo, að þær yrðu ekki nema 3, þá býst eg við, að þær yrðu í Reykjavík, á Seyðisfirði

og á Akureyri, en að Ísafjörður yrði út undan. Þetta veit eg að háttv. þm. Ísf. (Sig. St.) þætti illa farið.

Yfir höfuð óska bæði eg og sjálfsagt flestir aðrir, að sem flestir staðir hér á landi kæmust í samband sín á milli og helzt einnig við útlönd, og verði till. þessi samþ., þyrfti um leið að láta ráðgjafann vita um óskir vorar, bæði að því er þetta atriði snertir og hvernig vér yfir höfuð viljum að máli þessu verði komið í framkvæmd og hagað, og eg er viss um, að hann muni við samningana taka alt það tillit til óska vorra, sem honum framast er unt.

Landshöfðingi: Þegar eg talaði síðast, gerði eg ráð fyrir að gera brtill. við till. háttv. nefndar, undir staflið 5. a í nefndarálitinu; en er eg sá að umræða þessi mundi dragast lengi, tók eg það ráð, að koma með brtill. nú þegar, svo að hún yrði athuguð við þessa umræðu. Að vísu hefir till. mín ekki fengið sérlega góðar undirtektir; þó vil eg þakka háttv. 1. þm. N.-Múl. (Ó. D.) fyrir hin skýru og hlýju orð, sem hann talaði um málið, og það gladdi mig, að það var þó að minsta kosti einn maður í nefndinni, sem skildi það rétt, hvað stjórnin óskaði að fá samþ., og hvers vegna hún vildi fá það samþ. nú á þessu þingi.

Eg býst varla við, að aðrir háttv. nefndarmenn muni breyta skoðun sinni að svo stöddu, og er því ekki annað sýnna en að brtill. mín muni því miður falla.

Mig furðar á því, að heyra það borið fram hér, að þingið afsali sér atkvæðisrétti sínum um firðritunarmálið og öllum afskiftum af því, ef það samþ. brtill., og eg get ekki annað en álitið, að þingið sýni lítinn áhuga á málinu, ef það gengur frá því á þann hátt, sem nefndin hefir stungið upp á.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði, að deildin sýndi einmitt mikinn áhuga á málinu, með því að leyfa stjórninni að verja alt að 35000 kr. til að undirbúa það.

Mér hefir ekki komið til hugar að fara fram á, að 35000 kr. væru veittar til undirbúningsins eins, og eg bjóst hvorki við, að þingið mundi vilja ausa þannig út landsfé, né heldur býst eg við, að stjórnin muni leyfa sér slíkt. Það er alt annað, að veita fé frá upphafi, en þótt stjórninni sé veitt heimild til að verja fé, sem hún þegar hefir fengið til umráða, ofurlítið öðruvísi en fjárlögin ákveða, en þó alveg í sama tilgangi.

Eg verð að halda því fram, að ef till. háttv. nefndar verða samþ., þá sé því þar með frestað, að minsta kosti um eitt ár, að þetta nytsama fyrirtæki fái framgang, og að það geti meira að segja spilt fyrir framgangi málsins síðar.

Að öðru leyti geta umræðurnar í dag orðið til leiðbeiningar fyrir stjórnina, og þegar eg ber málið fram fyrir hana, þá mun eg skýra henni frá því, að það hafi verið eindregin ósk þingsins, að hún gæfi öllum félögum, sem um getur verið að ræða, kost á að koma fram með tilboð sín, svo að hún geti valið það sem ódýrast er og haganlegast, ef það þá jafnframt má teljast fulltryggilegt.

Eg get ekki séð, hverju er í spilt með því, þótt þingið veiti stjórninni heimild til að verja alt að 35000 kr. í alt að 20 ár, til þess að koma Íslandi í firðritunarsamband við útlönd, ef þingið á annað borð trúir stjórninni fyrir fénu, og fyrir því, að gera samningana. Eg þykist fyrir mitt leyti sannfærður um, að hún bæði muni spara féð eins og má, og leitast við að komast að sem hagfeldustum samningum fyrir oss.

Þá skal eg leyfa mér að minnast á brtill. á þskj. 89. Eg verð að vera á því, að þingið 1901 hafi fullkomlega gefið undir fótinn með það, að árlegur kostnaður við Arnarnesvitann skyldi greiddur úr landssjóði; bæði man eg eftir umræðunum um málið í fyrra, enda sést það ljóslega á þingtíðindunum, að þetta er svo.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) skýrði frá því, hvernig fjárlaganefndin á síðasta þingi hefði litið á málið, og er það sjálfsagt allsendis rétt hermt; en fjárlaganefndin er ekki — mér liggur við að segja: lof sé guði — sama sem þingið allt. Það sést greinilega á þingtíðindunum, að framan af fetaði þingið í fótspor fjárlaganefndarinnar; og vildi láta Ísafjarðarsýslu líka annast árlegt viðhald vitans; þetta sést á 2. og 3. umr. fjárlaganna í nd. En á meðan málið var í ed., þá er eins og h. nd. hafi emanciperað sig frá fjárlaganefndinni, því að þegar málið kom aftur til nd., var sú breyting gerð, að sýslan skyldi að eins annast bygging vitans. Að öðru leyti var það gefið í skyn, að landssjóði bæri að annast viðhaldið, því að það var tekið fram, að landssjóður þyrfti ekki að bíða neitt tjón af því; því að eigi væri nema sanngjarnt, að gert yrði að lögum, að skip sem gagn hefðu af þessum vita, greiddu sama vitagjald og þau skip, sem fara fram hjá Reykjanesvitanum og hafna sig í Faxaflóa, enda hafa Ísfirðingar sjálfir látið það í ljósi, að þeir væru boðnir og búnir til að borga þetta vitagjald.

Eg skal taka það upp aftur, að mér getur ekki öðru vísi skilist en að skoðun þingsins í fyrra hafi verið sú, að landið skyldi borga árlegan kostnað við vitann og viðhald hans, og þar sem háttv. deild hefir heyrt það af vörum háttv. 2. þm. Ísf. (Sig. St.), að vitabyggingin muni nú komin langt á leið, þá ætti þingið nú að veita fé það, sem farið er fram á, svo að vitinn gæti sem fyrst orðið að gagni.

Framsögumaður (Arni Jónsson): Meðnefndarmenn mínir hafa gert mér framsögumannsverkið létt, með því að þeir hafa skýrt ýms atriði, og svarað ýmsum mótbárum gegn gerðum nefndarinnar. Þó skal eg leyfa mér að bæta fáeinum athugasemdum við.

Háttv. 1. þm. Rangv. (Sighv. Á.) var að leitast við að sýna fram á, að Rangvellingar hefðu sýnt mikinn dugnað, og lagt fé og vinnu í sölurnar við að hlaða í Valalæk. — Eg hef enga ástæðu til að rengja þetta. En það sem eg enn vil taka fram, er þetta, að það sést hvergi, að landeigendurnir hafi lagt nokkurt fé fram eða skuldbundið sig til að gera það. Það lítur út fyrir, að þeir hafi ekkert lagt í sölurnar til að verja eignir sínar, og það var einmitt þetta, sem nefndinni þótti svo undarlegt og einkennilegt.

Það hafa að minsta kosti þrír háttv. þingdeildarmenn látið í ljósi, að þeim líkaði það ekki, að nefndin hefði að nokkru leyti sínt beiðni stiftsyfirvaldanna, að því er snerti Vallaprestakall í Svarfaðardal.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) mintist á málið, og gaf ófagra lýsing á prestssetrunum og því, hvernig þau væru setin. — Sem betur fer kannast eg ekki við, að sú lýsing sé rétt, þar sem eg þekki til, og vona eg, að hún eigi harla óvíða við.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) vildi leggja á móti því, að prófasti væru borgaðar þessar 9 kr., sem honum ber fyrir úttektina, af þeirri ástæðu, að hann mundi ekki hafa gætt skyldu sinnar að því er eftirlit með staðnum snertir.

— Það hefir nú verið upplýst af öðrum háttv. þingmönnum, að hér muni ekki hafa verið um neina vanrækslu að ræða af prófasts hálfu, heldur hafi hann gert það, sem í hans valdi stóð, og er því eigi ástæða til, að fallast á tillögu háttv. þm. Snæf. (L. H. B.). — Nefndinni var það full-ljóst, að hér er um vandamál að ræða, og að eigi er skemtilegt, að til þessarar fjárveitingar þurfi að koma. En hér var ekki gott viðgerðar; það var ekki þægilegt, þar sem um fátækan mann var að ræða í erfiðum kringumstæðum, að reka hann frá embættinu, og vísa honum út á klakann, enda ósýnt, að nokkuð hefði fengist af því, sem nú vantar, þótt svo hefði verið farið að, þá sýnist það eigi eðlilegt, að hinn nýkomni prestur verði fyrir öllu skakkafallinu, og það því síður, sem hann er fremur félítill. — Nefndin hefir tekið það ráð, að fara eins konar milliveg, og leggur það til, að hann fái borgað úr landssjóði hið vantandi álag.

Háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) tók það fram, að ef álagið yrði borgað úr landssjóði, þá mundi líka koma fram krafa um, að kúgildin yrðu endurgoldin þaðan. — Eg skal nú ekkert um það segja, en eigi mun eg fylgja því máli fram. Og hvernig sem kann að fara með þau, þá sá nefndin sér ekki fært að ganga lengra en hún gerði, þótti betra fyrir prestinn, að bíða hálfan skaða en allan, og bjóst því við, að háttv. deild mundi fúsari á fjárveitinguna, þegar skaðanum er þannig skift niður.

Háttv. 2. þm. S. Múl. (A. Br.) bar fram þá spurningu, hvort fólgin mundi vera í 1960 kr. reikningi þeim, er félagið Smith Mygind & Hüttemeier gerði fyrir laun og ferðakostnað verkamanna sinna, krafa fyrir endurgjald á áhöldum og verkfærum, sem misfarist hafi, þegar hætt var við brúargerðina, af því að þjónar félagsins hafi skilið þetta eftir í reiðileysi. Það er auðsætt, að svo muni ekki vera. — H. 2. þm. S.-Múl. (A. Br.) hefði getað fengið svar upp á spurningu sína með því, að athuga betur málsskjölin, því að eins og eg nefndi áðan, þá er þar einmitt tekið fram, í hverju þessar 1960 krónur séu fólgnar. — Það er all-sennilegt, að félaginu sé enn ókunnugt um, hvað mikið skemst hafi eða misfarist af efni því og áhöldum, sem það skildi eftir heima á Íslandi, því að eftir lýsingu h. 2. þm. S. Múl. (A. Br.) að dæma, þá lítur út fyrir, að félagið hafi ekki mikið hirt um það, sem eftir varð af eigum þess, þegar hætta varð við brúargerðina.

Viðvíkjandi vitanum á Arnarnesi, þá skal eg geta þess, að nefndin hefir tekið málið til nýrrar íhugunar, og get eg lýst því fyrir hennar hönd, að eftir þeim upplýsingum, sem fram eru komnar, þá mun hún geta gengið að breyt.-till. og mundi hafa gert það þegar í upphafi, ef hún hefði þá haft þær upplýsingar við að styðjast, sem hún hefir nú fengið.

Háttv. þm. Borgf. (Þ. Bj.) kvað rétt vera, mundi, að nema burt hið ákveðna nafn, sem stendur undir 4. breyt.till. við 6. gr. — Nefndin mun taka þetta til íhugunar. Það, sem fyrir henni vakti, var að sameina það tvent, að fenginn væri ákveðinn maður, sem nefndur er, og hins vegar, að Búnaðarfélaginu væri fengið málið til frekari aðgerða, og hefði hönd í bagga með því.

Þá er loks að minnast á stórmálið, sem valdið hefir svo miklum umræðum í dag, og sem svo lengi hefir verið á dagskrá þjóðarinnar, og búið svo ríkt í huga hennar og hjörtum. — Eg játa það, að það hefir alt af vakað fyrir mér, að gætum vér tengst ritsímaböndum við umheiminn, þá væri það svipað og að draga heitan suðrænan blæ inn

yfir kalda landið okkar; svipað eins og ef að oss hefði tekist að draga það margar mílur suður á bóginn.

Þetta mál hefir því jafnan verið mér ríkt áhugamál; mér hefir verið það áhugamál, að vér útkjálka-búarnir gætum tengst þeim böndum við umheiminn, er leiddu fjör og hita og framkvæmdasemina til vor þaðan, sem svo mikið er til af öllu þessu.

Nefndin var öll samhuga um — það er mér óhætt að segja — að vilja greiða sem bezt fyrir málinu; en það kom henni svo óvænt, rétt eins og þegar björtu leiftri slær inn á niðamyrkur, að hún átti nokkuð erfitt með að átta sig.

En það get eg sagt með fullri vissu, að hún vill greiða fyrir málinu sem allra bezt, og að því munu allar tillögur hennar í því máli stefna.

Nú liggja fyrir 2 tillögur um þetta efni: tillaga *nefndarinnar* og tillaga hæstv. landshöfðingja. — Eg vil fyrir nefndarinnar hönd lýsa því yfir, að vér erum ekki alls kostar ánægðir með till., og hugsum því til, að koma fram við 3. umræðu með heppilegri tillögu, er meiri hluti deildarinnar geti fallist á. Þess skal getið, að því er ekki þannig varið, að vér mistreystum stjórninni til að leiða málið til heillavænlegra lykta og gæta vel hagsmuna landsins. — Nefndin er fús á að styðja málið og vill sízt vera því til fyrirstöðu.

Um viðaukatill. á þgskj. 87, er áætlar 20,000 kr. upphæð til ábyrgðar á útfluttu kjöti, hefir verið rætt margt og mikið. Það hefir verið tekið fram, hve nauðsynlegt og gagnlegt væri, að reyna að koma slíkum útflutningi á, en að það hins vegar væri of vaxið einstökum mönnum eða félögum, að hefja tilraunirnar á eigin ábyrgð. — Að vísu þótti háttv. þm. Dal. (B. B.) upphæðin of mikil, en eg tel þýðingarlaust að fara að breyta henni.

Eg vona að hin háttv. deild greiði atkvæði með þeirri viðaukatill.

Pétur Jónsson: Eg stend upp með fram til þess, að bera af mér grun hæstv. landshöfðingja um, að eg skoðaði fjárlaganefnd sama sem þingið í heild sinni. — Eg skil eigi, hvaða ástæðu hæstv. landshöfðingi hefir til þess, að ætla mér slíkt fjárlaganefndardramb, sérstaklega þar sem eg átti ekki sæti í nefndinni. En að því er þrætuatriðið snertir, þá finst mér það hafa dálítið að þýða, hver hugsun fjárlaganefndarinnar hafi verið, at því, að tillagan í fyrra var frá henni. Þar sem nú tillagan gekk í gegnum 6 umræður, og valdið á þinginu félst á hana, þá er þó líklegt, að þessi hugsun hafi verið vel vakandi fyrir meiri hluta deildarinnar. Þetta má sjá af Alþingtíðindunum. — Tillagan var borin fram í neðri deild af háttv. 2. þm. Ísf. (H. H.), og fyrst hún var samþykt þá, mun deildin hafa fallist á þær ástæður, er nefndin tilfærði.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) gat þess, að því er Vallaprestakall snertir, að þingið viki ekki inn á nýja braut, þótt uppgjöfin yrði samþykt. — Hann kvað þingið 1899 hafa bætt fallin kúgildi. Það er að svo miklu leyti rétt, sem prestinum til Hellnaþinga þá voru veittar 300 kr. fyrir fallna prestsmötu á eyðijörðinni Laugabrekku. — En þar stóð öðru vísi á. Í fyrsta lagi var jörðin bændaeign. — Í öðru lagi var uppbótin fyrst veitt eftir að ómögulegt var orðið að ná bótunum inn á réttum stað. Bóndinn var látinn, prófastur var látinn og jörðin reyndist óseljanleg; það fekst að eins 10 króna boð í hana, enda var því

alment játað, að prestur hefði enga lagakröfu átt til uppbótarinnar.

Háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) kvað sökina liggja hvorki hjá hinum núverandi né hinum fyrverandi prófasti. — Um það skal eg ekkert segja.

Háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) kvað prestssetrið lengi hafa verið illa setið. Hafi prófasturinn staðið vel í stöðu sinni, þá hlýtur sökin að liggja á æðri stað. —Og því fer fjarri, að eg vilji fremur borga fyrir eftirlitsskort hjá æðri en hjá óæðri embættismönnum.

Þingið gengur hér inn á meira en nýja, það gengur inn á hála braut. — Veiti þingið nú þessa uppbót, þá má búast við sams konar beiðni frá fleirum prestaköllum, og jafnvel frá fleirum embættisstéttum, því það játa eg, að það er ekki prestastéttin ein, er segja má um að: »misjafn sauður sé í mörgu fé«. — Það tjáir ekki, að hver sem fyrir fjártapi verður af hendi embættismanna, geti farið til landssjóðs og sagt: »Borga þú mér fyrir þjóninn þinn«.

Hitt skal eg fúslega viðurkenna, að þingið er illa sett í þessu efni. — Viðtakandi prestur á auðvitað bágt, að fá ekki uppbótina. En brjóstgæðin ein mega ekki opna of víðan aðgang að landssjóði; við megum láta þau opna okkar eigin buddu. Það væri líka bezt fyrir embættisstéttina sjálfa, að þingið »statueraði exemplum« og segði: »Hingað og ekki lengra«. Segjum við prestinn, er níðir ábýlið sitt: »þetta gengur ekki. Þú situr á jörð, er landið á. — Getir þú ekki tekið þér fram, þá byggjum við hana öðrum«. Það mætti gefa honum hæfilegt svigrúm, til dæmis 1—2 ár.

Háttv. 2. þm. Ísf. (Sig. St.) hélt því fram, að alt öðru vísi stæði á með Elliðaeyjarvitann en Arnarnesvitann. — Elliðaeyjarvitinn væri innsiglingarviti, en Arnarnesvitinn ekki. — Hann sæist ekki eins langt að, enda hefðu Snæfellingar beðið um hann, en Ísfirðingar ekki.

Það er ekki rétt, að Elliðaeyjarvitinn sé innsiglingarviti. Elliðaey liggur 1 mílu út frá Stykkishólmi, og ljósið horfir út til hafs, en ekki til Stykkishólms; það á enda að byggja skíðgarð þeim megin, sem að Stykkishólmi veit, svo að ekkert ljós falli þangað.

Eg hygg það og, að vitinn á Elliðaey lýsi eins langt og Arnarnesvitinn. — Sýslunefndin hefir upp á sinn kostnað látið auka ljósmagnið svo, að hann á nú að lýsa 18 sjómílur. Og þó vitinn væri innsiglingarviti, því ætti landssjóður síður að standa straum af honum en af innsiglingarvitanum við Reykjavík og Hafnarfjörð? Það er að vísu svo, að Snæfellingar báðu um vita á Elliðaey, en í því trausti, að farið yrði með vita þeirra sem aðra vita, enda get eg ekki kannast við, að Arnarnesvitanum hafi verið »octrojerað« upp á Ísfirðinga. Þeir þurftu ekki að nota hið veitta fé.

Eg hefi í hyggju, svo framarlega, sem deildin samþykkir þessa tillögu h. háttv. 2. þm. Ísf. (S. St.), að bera þá fram við 3. umræðu sams konar tillögu viðvíkjandi Elliðaeyjarvitanum. — Vitahaldið þar kostar miklu minna en á Arnarnesi.

Að því er Marconi-fréttaritunina snertir, þá get eg ekki gefið breyt.till. nefndarinnar atkvæði mitt. — Það er líkast því, sem Li Hung Chang hefði samið hana. (*Sigurður Stefánsson*: Það væri þá engin skömm að því!). Nei, en ekki var hann sérlega ljós, þótt »diplomat« væri. Öllu heldur gæti eg hallast að breyt.till. hæstv. landshöfðingja, þó mér líki hún ekki fyllilega,

því að mér finst sjálfsagt að heimta, að stjórnin leggi samninginn með öllum fylgiskjölum undir dóm þingsins. — Enn fremur ætti að skylda stjórnina til, að leita undirboðs, og svo mætti binda fjárveitinguna því skilyrði, að nokkrir staðir innanlands, svo sem 1 í hverjum fjórðungi, yrði settir í samband innbyrðis.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Eg kann hálf-partinn illa við, að segja ekki fáein orð út af ummælum hæstv. landshöfðingja áðan. — Mér finst það óviðfeldið af hverjum þingmanni og ekki sízt af hæstv. landshöfðingja, að bregða heilli nefnd um skilningsleysi, þótt hún sé eigi á sama máli og hann. — Nefndin skildi vel, hvað stjórnin fór fram á, og vissi, hvað henni bar að gera. Eg tók áðan fram, að ekki væri rétt af þinginu, að veita svo mikið fé svona alveg út í bláinn. Það er ekki rétt, að sýna stjórninni svo mikið traust, að afsala sér öllum afskiftum af málinu. Að vísu er féð áður veitt til ritsíma.— En það er nokkuð annað. Eg hefði búist við, að þráðlaus fjarritun yrði ódýrari, eins og eg hefi áður drepið á, og það munu flestir vera mér sammála um. Og þó á að taka til eins mikla upphæð, og það á þessu stigi málsins, er vér vitum ekki, hvað þessi tæki kosta, né hvar til landsins fréttirnar eigi að koma. — Stjórnin fær fulla vissu fyrir því, að þingið sé fúst til að veita það fé, sem þarf, ef breyt.till. nefndarinnar verður samþykt. Hún getur þá fullgert samninginn, að eins ekki undirskrifað hann. — Mér fyrir mitt leyti mundi ekki detta í hug, að greiða atkvæði móti samningnum, nema því að eins, að stjórnin hefði gert bersýnilegar vitleysur. Það kom fram í nefndarálitinu, að nauðsynlegt væri að bjóða fleirum félögum, að gera tilboð. — Hæstv. landsh. hefir líka lofað að taka það fram í bréfi til stjórnarinnar, að hún leiti til fleiri félaga, og bætir það mikið úr skák. Einnig er tekið fram í nefndarálitinu um, að Marconi-félagið í Lundúnum hafi tjáð sig fúst til, að koma á fjarritun til Íslands, enda hafa og margir þingmenn skrifað undir yfirlýsingu um, að þeir mundu eigi ófúsir til, að semja við það félag. (*Lárus H. Bjarnason*: Þannig lagað var það nú ekki!). Eg veit vel, hvað eg hefi skrifað undir. (*Lárus H. Bjarnason*: Veit það líka!). Þingið sýnir með þessu, að það sé fúst til, að sinna málinu. — Mér fyrir mitt leyti er það mjög mikið áhugamál, að landið komist sem fyrst í fjarritunarsamband við útlönd, og vænti mér af því stórvægilegra framfara, þó eg álíti ekki rétt, að hrapa óhugsað að samningunum um það efni.

Svo hefi eg ekkert frekara að segja um þetta efni, nema því að eins, að eg færi að taka það upp, sem áður hefir verið sagt, eins og háttv. 1. þm. N.-M. (Ó. F. D.) gerði, enda þótt hann að dómi hæstv. landshöfðingja talaði bæði vel og viturlega, og væri sá eini, er skildi málið. Eg fyrir mitt leyti skil vel bæði hann, sjálfan mig, hæstv. landshöfðingja og stjórnina.

Um breyt.till. viðvíkjandi lánveitingu til klæðaverksmiðju á Seyðisfirði skal eg geta þess, að mér getur ekki skilist að það, er breyt.till. fer fram á, sé betra fyrir lántakendur en hitt, er í fjárlögunum stendur. — Að eins eru skilyrðin tekin skýrara fram. En eg sé ekki betur en að stjórninni sé vorkunnarlaust, að skilja það eins og það stendur í fjárlögunum. — Reyndar lítur út fyrir, að einhver misskilningur eigi sér hér stað, þar sem hæstv. landshöfðingi hefir skilið ákvæðin á einn veg og ráðgjafinn á annan. — Í fjárlaganefndinni í fyrra, þá var það tekið fram, að stofnféð yrði

130,000 kr., og var búist við, að félags menn skrifuðu sig fyrir þessari hlutaupphæð, en svo yrði að eins helmingurinn borgaður út, en hinn helmingurinn tekinn að láni til þess að koma stofnuninni upp. — En geti félagið ekki borið sig, þá verður að sjálfsögðu hver hluthafi, að borga hlut sinn að fullu, svo að landssjóður fái þannig lánið endurgreitt. — Ef félagið t. d. færi um koll eftir 5 ár, þá gengi landssjóður að hluthöfum að svo miklu leyti sem verksmiðjan sjálf gæti eigi borgað skuldina.

Eg leyfi mér að skjóta því til hinna háttv. meðnefndarmanna minna í fyrra, hvort þetta sé ekki sá rétti skilningur á ákvæðum fjárlaganna.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg ætla mér ekki að fara að halda neina stóreflis-ræðu. Að eins vildi eg vikja fám orðum að »telegrafmálinu«, og þá taka í sama strenginn og háttv. 2. þm. Borgf. (Þ. B.). Því verður ekki neitað, að þingið er hér sett í óþægilegt »dilemma«. En það er líka óþægilegt að fara að binda sig hálfblindandi. Spurningin er mikilsvarðandi, þar sem úrslitin verða gildandi um 20 ár. Öll slík mál eiga að vera löggjafarmál, og þess vegna ekki rétt að fela þau »administrationinni«, án þess að áskilja sér ályktarrétt um úrslitin.

Gagnvart skoðun h. 2. þm. Skagf. (St. St.) á brt. 86 skal þess getið, að stjórnin hefir skilið ákvæði fjárlaganna á annan veg. Samkvæmt hennar skilningi eiga hluthafar ekki einungis að bera ábyrgð á hlutaupphæðinni, heldur einnig á lánsupphæðinni. Og því var haldið fram af hæstv. landsh., að þá ábyrgð beri þeir »in solidum«, en af ráðgjafa er það skilið svo sem þeir beri hana »pro rata«. Til þess nú að fá þetta atriði tekið skýrara fram, hefi eg orðað br. þannig. Og það skal tekið fram gagnvart h. þm. Snæf. (L. B.) að eftir þessari tillögu verður tryggingin betri en eftir fjárlögunum.

ATKV.GR.: 2. gr. frv. samþ. í e.hlj.

1. br. nefndarinnar við 3. gr. frv. samþ. með 18 atkv.

2. brt. nefnd. við 3. gr. frv. sþ. með 18 atkv.

3. gr. frv. þar með fallin.

Brt. nefnd. við 4. gr. frv. samþ. með 21 atkv.

4. gr. frv. 2. lið. samþ. með 20 atkv.

4. gr. frv. 3. lið. sþ. með 19 atkv.

Viðaukatill. nefnd., er verður 5. gr. 1, samþ. með 13 gegn 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	nei:
Árni Jónsson,	Jón Magnúson,
Björn Kristjánsson,	Ari Brynjólfsson,
Hannes Þorsteinss.,	Björn Bjarnarson,
Lárus H. Bjarnason,	Eggert Benediktss.,
Magnús Andrésson,	Guðl. Guðmundss.,
Sighv. Árnason.	Hermann Jónasson,
Sigurður Stefánss.,	Ólafur Briem,
St. Stefánss þm. Eyf.	Ólafur F. Davíðss.,
St. Stefánss. þm. Skf.	Pétur Jónsson,
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórður J. Thorodds.	
Þorgr. Þórðarson.	
Þórh. Bjarnarson.	

Viðaukatill. nefndarinnar, er verður 5. gr. 2 samþ., með 12:10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	nei:
Árni Jónsson,	Ari Brynjólfsson,
Jón Magnússon,	Eggert Benediktss.,
Björn Bjarnarson,	Guðl. Guðmundsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Þorsteinss.,
Hermann Jónasson,	Lárus H. Bjarnason.
Magnús Andrésson,	Ólafur Briem,
Ólafur F. Davíðsson,	Pétur Jónsson,
Sig. Stefánsson,	Sighv. Árnason,
St. Stefánss. þm. Eyf.	Þorgrímur Þórðars.

já: nei:
St. Stefánss. þm. Skf. Þórh. Bjarnarson.
Þórður J. Thorodds.

Tryggvi Gunnarsson greiddi eigi atkvæði og telst því til meiri hlutans.

Viðaukatill. á þgskj. 85 feld með 12 gegn 6 atkv.

Viðaukatill. á þgskj. 86 feld með 13 gegn 9 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: nei:
Jón Magnússon, Árni Jónsson,
Ari Brynjólfsson, Björn Kristjánsson,
Björn Bjarnarson, Hannes Þorsteinss.,
Eggert Benediktss., Lárus H. Bjarnason,
Guðl. Guðmundss., Magnús Andrésson,
Hermann Jónasson, Sighv. Árnason,
Ólafur Briem, Sigurður Stefánsson,
Ólafur F. Davíðsson, St. Stefánss. þm. Eyf.
Pétur Jónsson, St. Stefánss. þm. Skf.
Tryggvi Gunnarss.,
Þórður. J. Thorodds.,
Þorgr. Þórðarson,
Þórh. Bjarnarson.

Viðaukatill. á þgskj. 89 samþ. með 13 gegn 2 atkv.

4. viðaukatill. nefnd. sþ. með 17atkv.

Brt. á þgskj. 91 viðaukatill. nefnd. feld með 11 gegn 9 atkv.

Viðaukatill. nefnd. 5 a. samþ. með 12 gegn 5 atkv.

Brt. á þgskj. 88 viðaukatill. nefnd. feld með 19 gegn 1 atkv.

Viðaukatill. nefnd. 56 samþ. með 16 atkv.

Viðaukatill. á þgskj. 87 viðaukatill. nefndarinnar samþ. með 19 atkv.

1. gr. með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 12. ágúst (þgskj. 95 99, 115, 118, 120).

Ólafur F. Davíðsson: Um brt. okkar á þgskj. 120 get eg verið stuttorður. Við 2. umr. þessa máls gerði eg grein fyrir, hvers vegna eg ekki gat verið með brt. nefndarinnar. Eg lít svo á, að stjórnin fari fram á að hafa óbundnar hendur, til þess að geta fullgert samninga um þetta mál.

Sama er að segja um þá brt. (þgskj. 119), er nú er komin frá nefndinni; eg get ekki séð, að hún veiti stjórninni heimild til að gera samninga; hún veitir henni að eins heimild til að leita samninga, og það gæti hún gert hvort eð er. Eg lít svo á, að með brt. á þgskj. 120 sé helztu félögum, sem við loftritun fást, gefinn kostur á að keppa um fyrirtækið; hún slær varnaglann við því, að stjórnin fari ráðlauslega með féð, því auðvitað tekur hún lægsta og bezta boðið. Og þar er ákveðið, að stjórnin skuli leggja samninginn fyrir þingið með öllum fylgiskjölum, svo að það geti fullvissað sig um, hvort ráðlauslega er að farið eða ekki, og hlýtur það að vera þó nokkurt aðhald. Eg get annars ekki annað sagt, en að mér þykir hálfskrítin þessi tortrygni við stjórnina, þá einu sinni sem hún hefst handa til að koma á framfarafyrirtæki, sem um mörg ár er búið að álasa henni fyrir, að hún hafi látið um sig afskiftalaust. Og í annan stað verð eg að segja, að þó álasa megi stjórn vorri fyrir margt og mikið, þá verður varla með réttu sagt um hana, að hún hafi farið ráðlauslega með fé, sem hún hefir haft með höndum. Ef h. d. því er nokkurt kappsmál, að koma þessu fyrirtæki á sem fyrst, þá álít eg, að hún ætti heldur að samþykkja brt. á þgskj. 120 en brt. nefndarinnar.

Framsögumaður (Árni Jónsson): Hér hefir nú meðal annars verið útbýtt nokkrum brt. frá nefndinni, og er það aðaltillagan, er háttv. 1. þm. N.-Múl. (O. F. D.) gat um. Hún hljóðar um sama efni og brt. sú, er hann flutti. Þessi brt. frá meiri hluta nefndarinnar kveður skýrara á um, hvernig nefndin

óskar að stafliðurinn sé orðaður, og verður hún að leggja það undir dóm háttv. deildar, hvora brt. hún heldur kýs. Sérstaklega er í niðurlagi till. nefndarinnar tekið fram eitt nauðsynlegt ákvæði, sem sé það, að þingið vænti þess, að stjórnin í þessu efni gæti vel hagsmuna landsins. Efast eg raunar ekki um, að það verði gert í þessu máli; en ákvæði nefndarinnar er til frekari tryggingar.

Hinar brt. nefndarinnar eru gerðar til þess að lagfæra 7. gr. Með því að brt. við 2. umr. voru svo margar, komust þar inn ósamkynja fjárveitingar, er breyta þurfti til um, og færa á sinn rétta stað í frv. Sama er að segja um brt. 4. Að vísu er það dálitil efnisbreyting, því að staflíðurinn er orðaður nú eins og í fjárlögunum fyrir 1900—1901, samkvæmt því, er fram kom við 2. umr. Að öðru leyti er sá liður óbreyttur.

Hitt í brt. nefndarinnar miðar að eins til að koma frv. í hyggilegra horf.

Þá eru og framkomnar 2 brt. við 5. gr. (á þgskj. 118 og 99). Önnur þeirra fer fram á að 5. gr. falli burt, hin að bætt verði við gjöld þau, er talin eru í 12. gr. fjárlaganna E. og k., 300 kr. hvort árið (= 600 kr.) til viðhalds á Elliðaeyjarvita. Nefndin lýsti því yfir við 2. umr., að hún við nánari athugaun hefði fallist á þá grein, er nú er farið fram á (í brt. á þgskj. 118) að falli burt. Þá vissi nefndin eigi að það, sem krafist er á brt. 99, gæti staðið í sambandi við hana. Það varð henni fyrst kunnugt nú eftir að fundur var settur, og því hefir hún ekki getað athugað þetta enn. Líklegt er þó, að jafnt gangi yfir báðar vitatillögurnar.

Þá er að minnast á brt. á þgskj. 115, er fer fram á, að 6. gr. falli burt. Um þetta efni var rætt svo mikið við 2. umr., að eg finn enga ástæðu til að tala um hana fyr en flutningsmenn hennar hafa látið nánari rök fyrir henni í ljósi. Þó vænti eg að háttv. d. láti svo búið standa, sem nefndin lagði til og samþ. við 2. umr.

Pétur Jónsson: Eg á eina af þeim brt., er fram eru komnar, nefnil. brt. á þgskj. 118, sem er þess efnis, að fella burtu 5. gr. Eg talaði á móti þessari fjárveitingu við 2. umr. En þá hafði eg ekki enn aflað mér nægilegra upplýsinga um það efni, er 5. gr. hljóðar um. Nú veit eg, að fjárveitingin á síðasta þingi til vitans var alls ekki veitt í því skyni, að landssjóður skyldi annast viðhaldið. Þetta get eg sannað. Með leyfi háttv. forseta vil eg skírskota til orða framsögumanns fjárlaganefndarinnar við síðustu umr. fjárlaganna í Nd., þegar tillagan var orðuð eins og hún nú hljóðar í fjárlögunum. Hann segir við brt. þeirri, er 2. þm. Ísf. (H. Hafstein) bar fram:

»Þetta er nú töluverð efnisbreyting; en svo framarlega sem ekki er meint með henni, að landssjóður eigi að annast hann (þ: vitann), heldur aðrir sjóðir, eins og t. d. kaupstaðarsjóðurinn (H. H.: Það er meiningin), þá getur nefndin ekki verið því mótfallin« (Alþt. 1901 B. 1699). Því til frekari sönnunar, að það hafi verið meining H. Hafsteins, er hér kom fram, vil eg benda á hans eigin orð (Alþt. 1901 B 1715—16): »Þá er önnur brt. á sama þgskj. um það, að breyta skilyrðinu fyrir tillaginu til vitabyggingar á Arnarnesi þannig, að í stað: »gegn því að hlutaðeigandi sýslufélag annist hann að öðru leyti« komi: »gegn því, að hlutaðeigandi sýslufélag annist byggingu hans að öðru leyti«. Þetta er að eins gert til þess, að vera ekki bundinn við það, að greiða úr sýslusjóði kostnaðinn við að kveikja á vitanum. Því það er

ekki víst, að nægilegt fé verði fyrir hendi í sýslusjóði; en eg mun sjá um að þessi kostnaður verði greiddur úr einhverjum öðrum sjóði t. d. hafnar sjóði, ef þess þarf með«

Eg vil vekja athygli á því, að þessi síðari till. 2. þm. Ísf. í fyrra hafi ekki ekki verið samþykt í því skyni, að láta það milli hluta, hvort landssjóður eða héraðið annaðist viðhaldið, heldur hafi beinlínis verið ætlast til, að sýslufélagið og jafnframt kaupstaðurinn sæi fyrir viðhaldinu Skylda landssjóðs að annast viðhald þessa eina vita get eg ekki séð að sé sjálfsögð. Hvernig er það ekki með vitann á Dalatanga? Viðhald hans hygg eg að sé kostað af hlutaðeigandi sýslufélagi og ef til vill kaupstað.

En það varðar þó mestu í þessu efni, er tekið var fram við 2. umr., að inn an skamms hlýtur löggjafarvaldið að taka fyrir vitamálin í heild sinni. Álít eg fyrir mitt leyti, að það sé skylda landssjóðs, að sinna þeim og yfir höfuð siglingum landsins sem bezt. Auðvitað má þá hækka vitagjöldin; en hætt er við að það nægi þó ekki fyrir slíkum kostnaði. Kæmi þá til mála, að héruðin önnuðust þá vita, sem sérstaklega væri fyrir þau, en landssjóður hina.

Mér er sérstaklega ant um þetta, vegna þeirrar grundvallarreglu sem eg álít rétt að fylgja í vitamálinu. Afleið ingin af því, að taka upp þessa fjárveitingu, hefir og sýnt sig í brt. á þgskj. 99, þar sem farið er fram á, að viðhald Ellíðaeyjarvitans komi á landssjóð. Tóku þó héraðsbúar fúslega á sig þann kostnað í fyrra. Haldist nú þessi veiting til Arnarnesvitans, sýnist engin ástæða til, að fella veitinguna til Ellíðaeyjarvitans.

Ari Brynjólfsson: Vegna þess að eg er einn af flutningsmönnum brt. á þgskj. 115, þá verð eg að fara um hana nokkrum orðum. Brt. þessi fer fram á, að 6. gr. fjáraukalagafrv. falli burt, þar sem veitt er til lúkningar álagi á prestssetrið Velli í Svarfaðardal kr. 222, 56. og til prófasts Eyfirðinga hálfur kostnaður hans við úttektina, þ. e. 9 kr.

Svo mikið eftirlit ætti að vera haft með prestum af hálfu yfirboðara þeirra, að ekki færi alt í óreglu. Eg veit mörg dæmi til þess, að þegar fátækir leiguliðar á kirkjujörðum ekki hafa getað staðið í skilum, þá hefir presturinn borgað úr eigin vasa það, sem vantaði á álag kirkjujarðanna, alveg umsvifalaust; engum þeirra hefir dottið í hug að leita til þingsins. Það hefir líka komið fyrir, að þegar fátækur leiguliði á kirkjujörð hefir dáið og búið ekki getað borgað álagið, þá hefir presturinn greitt það. Eins ætti það að vera þegar prestarnir geta ekki staðið í skilum; þá ættu yfirboðarar þeirra, er eftirlitinu eiga að sinna, að borga hallann, hvort heldur er prófastur eða biskup.

Af þessari ástæðu hefi eg farið fram á, að umrædd grein falli burt, enda vona eg að fleiri séu þeir meðal h. deildarmanna, er telji gjöld þessi óþörf.

Þá vildi eg lítillega minnast á brt. á þgskj. 118, er fer fram á 600 króna fjárveitingu til Arnarnesvitans. Við 1. umr. greiddi eg atkvæði með þessari fjárveitingu, af því að eg áleit hana sanngjarna. Eg get ekki betur séð en að vitar megi teljast meðal þess, er landssjóður ætti helzt að kosta. Vitarnir eru gerðir ekki einungis fyrir sýslubúa, heldur einnig til leiðbeiningar útlendum þjóðum, er til landsins sigla, og því tel eg það sjálfsagða skyldu landssjóðs, að kosta þá alla.

Að því er snertir brt. á þgskj. 120, um fjárveiting til loftritunar, er eg

samdóma h. 1. þm. N-Múl. (Ó. F. D.) Vér megum ekki binda svo hendur stjórnarinnar, að ekkert verði af framkvæmdum. Eg ber engan ótta í brjósti fyrir því, að hún muni brúka meira en þörf krefur. Að minsta kosti mun hún hika sér við því, svo framarlega sem þess verður krafist, að hún leggi saman inginn með öllum fylgiskjölum fyrir þingið að ári.

Lárus H. Bjarnason: Eg á hér eina brt. (á þgskj. 99), er eg gaf loforð um við 2. umr. Þess gerist eigi þörf, að fara um hana mörgum orðum, með því að háttv. framsm. nefndarinnar hefir tekið henni hlýlega. Við 2. umr. sýndi eg fram á, að hér er ekki um innsiglingarvita að ræða. Viti þessi er landsviti, engu síður en Arnarnesvitinn. Að eins var nokkuð öðru vísi ástatt um byggingu hans. Snæfellingar lögðu svo mikið kapp á að koma honum upp, að þeir vildu vinna til að kosta viðhaldið, en þó í því trausti — þess ber vel að gæta — að þeir mundu fá styrk bæði frá Austur-Barðastrandarsýslu og Dalasýslu. Þessi von þeirra hefir nú brugðist. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu hefir tilkynt mér, að þess væri enginn kostur, að sýslufélagið vildi leggja til slíkan styrk. Í Dalasýslu hefir styrkbeiðslan að vísu ekki verið borin upp fyrir sýslunefndinni, en sýslumaðurinn þar hefir tjáð mér, að þaðan mundi heldur ekki nokkur styrkur fást.

Eigi nú að fara að taka upp Arnarnesvitann — og því er eg hlyntur — þá vona eg að vitinn á Elliðaey verði ekki settur hjá. Eigi Ísfirðingar svo í búi, að þeim sé ofvaxið að annast viðhald á vitanum, þá má víst segja, að Snæfellingar eigi ekki hægra með að bera kostnað af sínum vita.

Að vísu skal eg ekki fullyrða, svo sem 2. þm. Ísf. (Sig. St.), að ekki verði kveikt á vitanum nema því að eins, að landssjóður taki hann að sér. Sýslubúar mundu reyna að klífa þrítugan hamarinn til þess. En búast mætti við, að þeir gæti ekki risið undir kostnaðinum, úr því von þeirra um styrk úr Barðastrandarsýslu og Dalasýslu hefir brugðist.

Satt er það, að Snæfellsnessýslu hefir verið ánefnd til vitans eigi alllítil upphæð (1000 kr.) úr búi eins heiðursmanns. En »legat« þetta verður kannske ekki útborgað fyr en eftir 26 ár, og svo tók sýslunefndin upp hjá sjálfri sér, að auka ljósstyrkleikann til muna. Hvað mikið fé verður afgangs, er þessi kostnaður er fallinn á, veit eg ekki, en sjálfsagt verður það ekki nægilegt til viðhaldsins í mörg ár.

Mín skoðun er, að vitamál séu landsmál. En falli þessi tillaga mín, neyðist eg þó til að greiða atkv. á móti Arnarnessvitanum.

Um breyt.till. á þskj. 115, er háttv. 2. þm. S.-Múl. (A. Br.) hefir flutt, þarf eg ekki að halda langan lestur. Mér væri það mikið gleðiefni, að hún yrði samþ. Það sæti sannarlega illa á þjóðkjörnum þm., að vilja skylda landssjóð til að borga fyrir eftirlitsskort embættismanna, enda hræðist eg afleiðingarnar af því, ef við veittum það, sem hér er farið fram á. Mér er sagt, að von muni vera á sams konar fjárbón úr sama prófastsdæmi, og það kynni að verða kvakað víðar.

Um breyt.till. á þskj. 120 og 119 hefi eg litlu við að bæta það, er háttv. 1. þm. N.-Múl. (Ól. D.) tók fram. Eg get ekki betur séð en að hendur stjórnarinnar verði töluvert bundnar, ef ákvæðið verður orðað eins og breyt.till. á þskj. 120 fer fram á, þar sem það er tiltekið, að stjórnin skuli leita til allra helztu félaga, er við loftritun fást, og síðan verja gjörðir sínar fyrir þinginu. Að vísu ber stjórnin enga lagaábyrgð

eftir tillögunni, en fulla siðferðislega á-byrgð ber hún eftir henni. Auk þess er engin hætta á, að stjórnin mundi fara að taka dýrasta tilboðinu; hún mundi auðvitað sæta því ódýrasta og að öðru leyti bezta. Hitt er mér ver við, að binda fjárveitingu vora því skilyrði, að ríkissjóður leggi til ákveðna upphæð. Eg kann illa við, að þingið sé að skamta ríkisvaldinu, hvað mikið því beri að leggja til, enda þótt eg játi, að því að eins beri að ráðast í þetta fyrirtæki, að ríkissjóður leggi meiri hluta til.

Sigurður Stefánsson: Eg verð að segja, að eg varð hissa þegar eg sá breyt.till. á þskj. 118. Þessi litla veiting, sem hér er um að ræða, var samþ með miklum meiri hluta við 2. umr.; og eg skil ekki, hvert kappsmál flm. breyt.till. það geti verið, að veitingin sé nú strikuð út úr frumv. Flm. breyt.till. hefir þó sjálfur sagt, að það væri praxis, að láta landssjóð bera þann kostnað, er vitarnir hefðu í för með sér. En hvers vegna eiga Ísfirðingar þá ekki heimting á, að þessi praxis gildi einnig um þá, og það því fremur, sem þeir hafa alls ekki beðið um þennan vita né gengist undir að bera nokkurn kostnað við hann? Þess vegna er því minni ástæða til að demba þessum kostnaði á sýsluna, enda þótt sýslunefndin hafi annast um byggingu vitans, eins og áskilið er í fjárlögunum. Þessi viti verður heldur ekki eingöngu til nota fyrir Ísafjarðarsýslu, heldur einnig fyrir verzlunar- og fiskiþilskipaflota landsins í heild sinni.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) segist vilja að mikið fé sé lagt til vita, en berst samt af öllum kröftum á móti þessum litla vita. Þetta þykir mér harla undarlegt. Annars ættu þeir, sem ekkert þekkja til staðhátta í Ísafjarðarsýslu og þýðingar þessa vita, alls ekki að leggja neitt hér til mála. Þessi viti á Arnarnesi er ekki fremur fyrir Ísafjarðarsýslu en svo margir aðrir vitar fyrir þau héröð, sem þeir standa í. Hvað kostnaðinn snertir, bæði af þessum vita og öðrum, þá er mjög hægt að bæta landssjóði hann upp með því, að hækka vitagjaldið eins og bent var á við 2. umr. Hér er því ekki um nein aukin útgjöld fyrir landssjóð að ræða, er stundir líða fram; hann getur þvert á móti haft allmiklar tekjur af vitanum, eins og reyndar hann hefir haft hingað til.

Háttv. þm. talaði um, að menn ættu ekki að taka svona mál út úr aðalheildinni; en ætli ekki fari svo á þessu þingi, að hann sjálfur geri sig einmitt sekan í því? Það sést bráðum er kjördæmaskiftingin í Isafjarðarsýslu kemur á dagskrá.

Þm. var líka eitthvað að tala um skoðun fjárlaganefndar Nd. á þessari fjárveiting til Arnarnesvitans; eg get nú ekki skilið að þetta þing sé nokkuð bundið við skoðanir eða hugsanir fyrri fjárlaganefnda hér á þingi, sem hvergi sjást nema ef til vill í umr., jafnvel þótt eins djúpvitur maður hafi verið í henni og þm. S.-Þing. þykist vera.

Eg vil nú að eins leyfa mér að skora á hina háttv. deild, að hún lofi þessari fjárveiting að standa.

Að því er snertir loftritunina milli Íslands og útlanda, þá skal eg láta það í ljós, að eg er samdóma nefndinni í áliti hennar. Þetta er stórt mál og vandasamt, og eg vil ekki að stjórninni sé gefnar svo óbundar hendur, sem farið er fram á í brttill. á þgskj. 120. Það gæti farið svo, að þingið iðr. aði þess. Þetta má þó ekki skiljast svo, að eg beri neitt vantraust til stjórnarinnar; en eg álít að hún, sam-

kvæmt breyt.till. geti gert það sem gera þarf og gera á í þessu máli, þótt þingið setji þessi skilyrði.

Stjórnin þarf nokkurn tíma til að undirbúa mál þetta. Hún hefir ekki enn þá skýrt frá nema einu tilboði; eg álít að stjórnin megi ekki hrapa að samningum um þetta mál; það má búast við, að þeim félögum fjölgi óðum, sem koma vilja á loftritunarsambandi við Ísland; við það myndast eðlileg samkepni, og hún styður að því, að því betri tilboð geti fengist, sem lengra líður frá, og að því leyti finst mér miklu réttara, að sjá nú fyrst um sinn, hvað setur í þessu máli, heldur en að vera mjög bráðlátur í fasta samninga. Eg gæti bezt trúað því, að svo gæti farið, að þessi loftritunarfélög sæktust beinlínis eftir að komast í samband við Ísland, svo vér þyrftum mjög lítið af mörkum að leggja. Ef stjórnin því fær ekki nein aðgengileg tilboð til næsta þings, verðum vér að bíða betri tíma, enda munar minstu, þó málið kynni að dragast dálítið enn þá; vér höfum hvort sem er orðið að vera svo lengi án þessa sambands við umheiminn. Eg skal þessu máli viðvíkjandi að eins bæta því við, að eg ber það traust til þingsins, að það á sínum tíma samþ. alla sanngjarna samninga stjórnarinnar í þessu máli.

Eg skal þá fara nokkrum orðum um fjárveitinguna til Vallaprestakalls. Eg er samdóma h. þm. Snæf. (L. H. B.) og 2. þm. S. Múl. (A. Br.) um, að það sé leiðinlegt að löggjöfin skuli þurfa að skifta sér af svona máli. Eg get ekki betur séð en það sé enda bein lagaskylda landssjóðs sem eiganda kirkjujarðanna, að greiða vantandi álög á þessar jarðir; hann stendur hér alveg eins að vígi og hver annar landsdrottinn, og það er jarðeigendum talið skylt að lögum, að ábyrgjast leiguliðum full álög á jörðum sínum; annars geta þeir vart búist við að fá þær bygðar. Í þessu tilliti hlýtur hinn viðtakandi prestur að eiga lagaheimting á fullu álagi á staðinn, og þetta álag verður landssjóður að borga, úr því það er ófáanlegt úr búi fráfaranda prests. Menn kunna að segja, að hægt væri að fresta þessari fjárveiting, en mér finst sjálfsagt að þessari réttlátu kröfu sé fullnægt nú strax. Eg verð því að mæla á móti þeirri breyt.till., sem fram hefir komið, um, að veitingin yrði feld úr frv., og gefa málinu atkv. mitt.

Sighvatur Árnason: Eg skal verða stuttorður. Eg stend upp til þess að skýra frá því, að þótt nafn mitt standi undir breyt.till. á þgskj. 118, sem miðar að því, að 5. gr. í frv. verði feld burt, þá var það helzt í því augnamiði, að breyt.till. kæmist að við þessa umr., og mönnum þannig gæfist kostur á að ræða hana, ef nýjar upplýsingar kynnu að gefast í málinu um leið, eða meira af því en að eg mundi verða breyt.till. samþykkur.

Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Eg vildi að eins fara nokkrum orðum um breyt.till. á þgskj. 115 og svara flm. hennar. Hann kvaðst ekki sannfærður um, að það væri rétt, að leggja þessa skyldu á landssjóð, nefnilega að borga prestinum í Vallaprestakalli þessar c. 220 kr., eins og fjáraukalaganefndin hefir lagt til. En þá vil eg spyrja h. flm.: Getur hann þá sagt, hvaðan viðkomandi prestur á að fá þetta fé? Eg get ekki dulist þess, að mér finst það ranglátara, að láta viðkomandi prest verða fyrir þeim halla, sem hann hlýtur að bíða, ef það fé ekki verður goldið, heldur en þótt honum sé það nú goldið af því opinbera eða af landssjóði, í fullu trausti þess, sem eg hefi áður

tekið fram, að þetta mál verði rannsakað, og ábyrgð þá gerð á hendur þeim, er sannast að hún hvíli á. Synji þingið þessarar litlu uppbótar, þá er mjög líklegt, að mál verði höfðað af viðtakandi presti, og þá væntanlega á hendur landssjóði. Máske væri það heppilegt, því þá mundi einnig sjást, hvar ábyrgðin hvíldi í þessu efni, en aftur á hina hliðina þá get eg ekki neitað því, að mér þykir sú aðferð málsins eður rannsóknarinnar nokkuð óviðfeldin, eins og hér liggur fyrir.

Í konungsbréfi frá 1708 er það tekið fram, að prestar séu eigi að eins skyldir að halda ábúðarjörðum sínum í góðu og gildu standi, heldur einnig að byggja þær upp og bæta, svo sem framast er unt. Umsjón á þessu er falin biskupi eða próföstum, og verði prestar sekir í þar að lútandi vanrækslu »tvisvar eða þrisvar«, varðar það prestinn því, að hann missir brauðið. Sú skylda, að þessu sé framfylgt, sýnist hvíla á biskupi, eða prófasti fyrir hans hönd. Í þetta sinn var prófasti fullkunnugt, hvað ábúðinni leið á Völlum, og get eg því ekki, — eins og eg hefi áður tekið fram — vænst annars en hann hafi skýrt biskupi frá málavöxtum, og einmitt þess vegna kemur það mér undarlega fyrir, að um svo mörg ár skyldi vera fram hjá þessu gengið. Þessu viðvíkjandi þá vil eg biðja hæstv. landsh. að gefa upplýsing um, hvort prófastar hafi heimild til, að svifta presta ábúð og umráðum á prestsetrinu eður gera þá ræka frá brauðinu, án þess þeir fái skipun um það frá biskupi. Mér finst þetta allmikilsvert atriði, jafnvel þótt það sýni máske ekki fullkomlega þá fjárhagslegu ábyrgð, sem hér er um að ræða.

Landshöfðingi: Eg vil leyfa mér að mæla sem bezt með brtill. á þgskj. 120 viðvíkjandi loftrituninni.

Eg fæ ekki betur séð en að hún veiti fulla trygging fyrir því, að stjórnin gangi eigi inn á neina samninga, sem óhentugir séu fyrir Ísland, heldur muni hún leitast við að ná þeim samningum, sem hún telur aðgengilegasta og hagfeldasta. Frá þingsins sjónarmiði hlýtur að vera mikil trygging í því fólgin, að stjórnin gefi sem flestum loftritunarfélögum kost á að koma með tilboð sín; þá er það eigi síður trygging, að stjórnin leggi samningana fyrir þingið til athugunar; það er aðhald fyrir hana, þyrfti hún á annað borð á slíku að halda, sem eg þó mun mega fullvissa um að hún þurfi eigi. Það er aðhald að því leyti, að kæmi það í ljós, að illa væri frá samningunum gengið, og að stjórnin hefði ekki gætt hagsmuna Íslands, þá hefði hún með því bakað sér þunga siðferðislega ábyrgð, sem hver góð stjórn vill forðast að baka sér.

Eg vil taka það upp aftur, að eg mæli sem bezt með brtill. á þsk. 120, svo að stjórnin geti sem fyrst leitt málið til lykta. Menn hafa svo lengi þráð það, að komast í rafskeytasamband við útlönd, að það má telja illa farið, að það dragist jafnvel nokkurn dag fram yfir það, sem brýn nauðsyn krefur.

Um aðrar brtill. hef eg fátt að segja. Þó vildi eg mæla á móti því, að brtill. á þskj. 115 og 118 séu samþ.; sérstaklega þó á móti brtill. á þskj. 115.

Eg er samdóma h. 2. Ísf. (S. St.) um, að það sé mjög ranglátt gagnvart hinum nýja presti á Völlum, ef hann á ekki að fá það álag á staðinn, sem ákveðið hefir verið með löglegri úttektargjörð, og það liggur landssjóði næst, að greiða það, fyrst eigi er hægt að fá það úr dánarbúi hins fyrverandi prests á Völlum. Að vísu get eg ekki sagt, að sama samband sé milli landsjóðs og prestsetranna og landssjóðs og þjóðjarðanna,

en svo svipað er það þó, að ástæða er til að bera það saman málinu til skýringar, og það vitum vér, að það er föst regla að landssjóður borgi vantandi álag á þjóðjarðir. Sömuleiðis er það beint tekið fram í 100. gr. skiftalaganna að landssjóður skuli greiða það fé, sem fara kunni forgörðum fyrir afskifti sýslumanna af skiftum búa, sé eigi hægt að fá það fé frá sýslumanninum sjálfum eða úr búi hans.

Eg er máli þessu ekki fullkunnugur til þess að geta sagt um það, hvort hér sé um nokkurn eftirlitsskort að ræða. Að eins skal eg taka það fram, að það er sjálfsagt skylda prófasts, að tilkynna yfirboðurum sínum, ef hann verður þess var, að prestsetur eða aðrar kirkjujarðir eru níddar niður, og áminningum hans engin gaumur gefinn; annað getur hann ekki gert.

En það er annars ekki svo hægt viðgerða, þegar svo er komið, að einhver prestur er búinn að níða niður stað og kirkju, eyða kúgildum staðarins eða öðru innstæðufé; það er ekki mikið umlið við það að setja hann frá embætti; ekki munu líkindin fyrir því, að hann geti greitt skuld sína fremur, vaxa fyrir það. Helzta ráðið mundi vera, að setja slíkan mann undir að administration, og reyna að ná þannig aftur því, sem hann hefir sóað, en til þess hefir prófastur ekki myndugleika; það mun eigi annar geta gert en æðsti embættismaður landsins.

Það hefir verið gripið til þess, þegar vanskil hafa orðið á árgjaldsgreiðslum frá prestaköllum, að setja umboðsmann til að heimta inn preststekjurnar, og hefir það gefist vel. Það var einu sinni gripið til þess við prest þann, sem hér ræðir um, og var sagt, að honum hefði aldrei liðið jafnvel í efnalegu tilliti eins og á meðan svo stóð.

Tryggvi Gunnarsson: Eg ætla að tala fáein orð um vitamálið.

Það eru fá mál, sem hafa fengið betri byr bæði hjá fjárlaganefnd og þinginu en einmitt vitamálið; þingið hefir í sjálfu sér verið fúst á að fjölga vitum, enda fer vitaþörfin alt af vaxandi, því að bæði stórfjölgar skipum, sem eru á siglingum við strendur landsins, og nú eru þau farin að verða á ferðinni á öllum tíma ársins, í stað þess, að fyr voru nálega engar siglingar hingað til lands að vetrinum.

Það væri líka óviðkunnanlegt, ef vér værum ekki vitamálinu hlyntir, þar sem landinu eru svo áríðandi samgöngur frá útlöndum, og það hefir, enn sem komið er, beinar tekjur af vitum sínum; að undanförnu hafa nefnilega tekjurnar verið rúmar 8000 kr. á ári, en gjöldin eigi nema um 6000 kr. Öll önnur lönd verða að leggja mikið fé til vita sinna; þar vantar mikið á að tekjurnar hrökkvi fyrir gjöldunum.

Eg vil segja, að æskilegt væri, að auk þessara vita, sem nú er verið að reisa á vesturlandi, kæmu sem allra fyrst að minsta kosti tveir vitar á norður- og norðausturlandi, annar við Siglufjörn og hinn á Sléttu; en tekjur vitanna mætti svo aftur auka með því, að leggja vitagjald á skip þau, sem sigla fyrir norðurland og vesturland, þar sem nú er að eins lagt vitagjald á þau skip, sem sigla sunnan við landið, og mundu þá allir vitar á landinu að líkindum bera sig.

Þegar eg lít nú þannig á vitamálið sé eg ekki annað en að að því hljóti að reka, að landið taki að sér vitann á Arnarnesi bráðlega, og þá sé eg sannarlega ekki neina ástæðu til þess að vera að fresta því um eitt eða tvö ár.

Eg hafði ætlað mér að tala nokkuð um brtill. á þskj. 115, en hæstv. lh. og

háttv. 2. þm. Ísf. (S. St.) hafa að mestu tekið af mér ómakið. H. þm. (S. St.) sagði, að jarðeigandi yrði að svara til, ef viðtakandi gæti ekki fengið alt álag hjá fráfaranda, og að hin sama skylda hvíldi hér á landssjóði. Mér finst þessi skoðun rétt. Viðtakandi þarf að fá sitt. Það mætti máske segja, að hægt væri að koma fram ábyrgð á hendur prófasti, en bæði er það vafasamt mjög, og auk þess nokkuð hart að ganga fast að honum, sem hefir svo lítil laun fyrir prófastsstarf sitt, og er þar að auki langt frá því að vera efnamaður. Þess vegna varð það niðurstaðan í nefndiuni, að leggja það til að landssjóður greiddi álagið, en kúgildin væru látin falla niður. Vera má að réttara hefði verið, að leggja það til, að prófastur fengi ekki borgaðar sínar 9 kr. Það veltur á því, hvort um nokkra forsómun hefir verið að ræða frá hans hendi eða ekki.

Þá skal eg minnast lítið eitt á loftrituninna. Það er langvandasamasta málið, sem vér höfum um að fjalla í þessum fjáraukalögum. Eg skal játa það, að mér líkar hvorug brtill. alls kostar. Eg held það liggi ekki svo á með þetta mál, að eigi megi láta sér nægja með að undirbúa það til næsta þings, þótt ekki séu fullnaðarsamningar gerðir um það fyr en þingið hefir fengið að sjá samninga þá og tilboð, sem fram koma.

Mér þykir það nærri því heimtufrekja af stjórninni, að ætlast til þess, að þingið leggi fram skilyrðislaust fé, þar sem heita má að engar upplýsingar séu komnar frá hennar hendi; hún bendir að eins á í bréfi sínu, að með því fylgi skjal; en það skjal hefir hún svo gleymt að senda. Mér líkar sem sagt hvorug tillagan; en þó mun eg heldur fylgja till. nefndurinnar; þó vil eg mega mælast til þess við h. forseta, að hann beri upp sér á parti 2½ síðustu línur hennar, því að eg kann illa við, að vér takmörkum fjárveitinguna frá Íslandi við það, hvað önnur lönd veiti til fyrirtækisins.

Eg þykist viss um, að þingið muni fúst á, eins og undanfarandi þing, að veita 35000 kr., telji það fyrirkomulagið á loftritunarsambandinu hentugt fyrir landið, og sú von og vissa ætti að vera stjórninni fullnægjandi.

Lárus H. Bjarnason: Eg verð að segja fáein orð út af Vallaprestakallinu enn. Eg verð að játa það, að hvorki ræða h. 2. þm. Isf. (S. St.) né hæstv. landsh. hefir getað sannfært mig um það, að ástæða sé til að samþ. fjárveitingu þá, sem nefndin fer fram á, nú að óprófuðu málinu.

Dæmi h. 2. þm. Isf. (S. St.) var ekki óhalt; hér verður að skoða, að fráfarandinn sé kirkjustjórnin, viðtakandi presturinn, en landsdrottinn landsjóður. Og það virðist ekki geta komið til greina, að prestur fái sitt úr landssjóði, fyr en búið er að sanna, að kirkjustjórnin sé sýkn saka, alveg eins og viðtakandi á jörð verður fyrst að taka það, sem fæst hjá fráfaranda, áður en hann getur heimtað nokkuð af landsdrotni.

Presturinn hefir þegar beðið nokkurn tíma eftir að fá fé það, sem hann heimtar, og það virðist ekki frágangssök fyrir hann né stór hnekkir, þó hann verði að bíða eitt ár enn, á meðan verið er að rannsaka málið; að minsta kosti finst mér afstaða þingsins í málinu eigi geta verið önnur en sú, að leggja það til.

Um loftritunarmálið verð eg það að segja, að eg veit ekki, hvað þingið 1903 á við það að gera. Vér höfum áttað oss á aðaldráttunum.

Það á að komast á loftritunarsamband milli Islands og útlanda, og milli

ýmissa staða innanlands. Eg hygg líka að þingmenn flestir hefðu ekki mikið vit á því, þótt fyrir þingið væri lagt uppdrættir af vélum og lýsingar á þeim; það skyldi vera að h. þm Rvk. (Tr. G.) héldi sig hafa vit á slíku. Viðvíkjandi því, sem háttv. 2. þm. Isf. (S. St.) sagði, að ekki væri periculum in mora — ekkert í hæ'tu þótt beðið væri, — þá skal eg taka það fram, að það getur einmitt verið stór skaði að bíða. Nú sem stendur er Marconi í stórvandræðum með að fá að gera tilraunir sínar á landi eða landa í milli; hann verður mestmegnis að gera það á skipum úti. Það mætti því búast við, að hann mundi vilja rétta hendina langt fram í samningunum við oss, lengra nú en síðar, til þess að fá svæði, þar sem hann gæti hindrunarlaust reynt uppgötvun sína til fullnustu.

Framsögumaður (Árni Jónsson): H. 2. þm. S.-Múl. (A. Br.) og sérstaklega h. þm. Snæf. (L. H. B.) eru mjög óánægðir með eftirlitið með Vallaprestakalli. Þetta er undarlegt, þar sem það er upplýst orðið, að hlutaðeigandi prófastur muni hafa gert það, sem í hans valdi stóð, og eins og hæstv. lh. tók fram, eru slík mál erfið viðfangs, og vantar skýr lagaákvæði til að fara eftir. Eg vil nú beina þeirri spurningu að háttv. þm. (L. B. og A. Br.), hvort þeir ætlist til að prófastur og stiftsyfirvöld beri fulla ábyrgð á vanhöldum, sem fyrir kunna að koma á prestsetrum, þrátt fyrir það, þótt þau hafi gert alt, sem þau gátu, til að afstýra vanhöldunum? Mér finst það óneitanlega nokkuð hart, að krefjast þessa.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) kvað víðar mundi líkt ástatt og á Völlum. Fyrir það fyrsta eru engar sannanir komnar fram fyrir því, að svo sé, og í öðru lagi tel eg það víst, að umræðurnar um þetta mál muni verða til þess, að öll varúð verði við höfð.

H. þm. Rv. (Tr. G.) þótti það óviðkunnanlegt, að prófastur fengi þessar 9 kr., þar sem ekki væri víst, nema hann kynni að eiga einhverja sök í ólaginu. En þessu er ekki til að dreifa; eg verð enn að taka það fram, sem svo oft hefir komið fram undir umræðunum, að það má álítast fullkomlega upplýst, að prófastur hafi óaðfinnanlega gætt eftirlitsskyldu sinnar með Vallaprestakalli.

Landshöfðingi: Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) gaf það í skyn, að presturinn í Vallaprestakalli gæti vel beðið til næsta þings eftir því, að fá greitt fé það, sem hann gerir tilkall til. — Eg sé ekki ástæðu til þessa, því að sé það viðurkent, að prestur þessi eigi að fá endurgoldið að meira eða minna leyti það, sem upp á vantaði, að hann fengi staðinn í fullgildu ástandi, þá veit eg ekki, af hverju hann á að þurfa að bíða eftir því fram yfir þing 1903.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B) sagði, að hann væri nú búinn að bíða svo lengi eftir því, að minst gerði til, þó hann biði eitt árið enn. — Þetta er ekki heppilegur hugsunarháttur, og það má jafnvel búast við, sé þessari stefnu fylgt, að þingið 1903 segi, að hann geti beðið úrslita og endurgjalds til 1905 eða jafnvel þangað til 1907. — Eg get nefnilega búist við, að málið dragist nokkuð lengi, ef fyrst á að sanna, að það sé ekki að kenna eftirlitsleysi biskups og prófasts, að svo er komið, sem komið er. — Það er annars undarlegt, að heimta það af biskupi og prófasti, að þeir komi svona að fyrra bragði fram með sönnunargögn fyrir því, að þeir hafi ekki vanrækt eftirlitsskyldu sína; slíkt verður ekki af þeim heimtað; það hvílir á öðrum að sanna

það, að þeir hafi sýnt eftirlitsleysi. — (*Lárus H. Bjarnason:* En ef biskup hefir komið að Völlum skömmu áður en presturinn þar dó?). — Þótt svo hafi verið, þá er ekki auðvelt fyrir biskup við stutta dvöl þar, að fá fulla vitneskju um hag prestsins; hann getur að vísu komið á stöðulinn, og séð þar ær prests og kýr; en honum er ekki unt að sjá það á þeim, hvort prestur muni eiga þessar skepnur, eða það sé að meira eða minna leyti leigu peningur eða lánsfé á annan veg. — Sama er um húsin að segja, — biskup á ekki gott með að glöggva sig á því, þótt hann komi snöggvast á staðinn, hversu mikið þeim sé ábótavant, eða hvort presturinn muni hafa ráð á, að bæta þau eða greiða álag á þau.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Það voru einkum orð háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) um, að presturinn á Völlum gæti beðið, sem komu mér til að standa upp. — Það er sannarlega ekki mikil samgirni, sem háttv. þm. Snæf (L. H B.) vill, að presti þessum sé sýnd. — Er veit eigi betur en það sé algild regla, að viðtakandi eigi heimting á, að fá útborgað álag það, sem honum ber, jafnskjótt sem úttekt er lokið. — Ef nú landssjóður er hér skyldugur til, að borga prestinum álagið, eins og eg álít hann sé, þá er hann líka skyldugur til, að borga það strax. — Annað mál er það, þótt þingið heimtaði það jafnframt því, sem það legði til, að féð væri greitt, að málið sé rannsakað, og ef svo skyldi reynast, að hér væri um skeytingarleysi að ræða, þá sýnist það sjálfsagt, að þeir borgi landssjóði hallann, sem það hafa sýnt. — Þetta sýnist vera eina rétta aðferðin, en eigi hin, að láta prestinn bíða von úr viti eftir því fé, sem hann á að fá.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) lagði það til, að stjórninni væru gefnar alveg óbundnar hendur með samninginn um loftritunar-samband milli Íslands og útlanda, og færði það sem ástæðu fyrir þessari tillögu sinni, að Marconi ætti nú svo erfitt með að koma við tilraunum sínum í öðrum löndum, og því mundi hann teygja sig sem lengst oss í vil í samningum sínum við stjórnina. — Þetta sé eg ekki, að sé fullgild ástæða til þess, að þingið afsali sér öllum afskiftum af málinu. Þótt stjórnin fái ekki alveg óbundnar hendur, þá getur hún byrjað á samningunum; hún getur útvegað tilboð frá þeim loftritunarfélögum, sem málinu vilja sinna; hún á yfir höfuð að geta hrundið því svo langt áleiðis, að hún geti lagt ákveðin tilboð fyrir þingið.

Eg vona, að háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) gefist kostur á því, að skýra frá því, hvers vegna hann heldur því fram, að Marconi og aðrir muni ekki eins koma með tilboð sín, þótt þingið eigi að fjalla um þau, eins og ef það á ekki að gera það, og hvaða líkindi séu fyrir því, að tilboðin muni verða oss hagfeldari, ef þingið á ekkert að segja um það. — Mér þykir reyndar leitt, að geta ekki nú þegar gefið ráðgjafanum óskoraða heimild til þess, að gera fullnaðarsamninga um loftritunarmálið, því að frá því, að eg hafði fyrst vit á málinu, þá hefi eg jafnan þráð það, að Ísland kæmist í telegrafiskt samband við önnur lönd; en þrátt fyrir þetta verð eg þó að meta það meira, að þingið kasti ekki þessu máli frá sér út í bláinn, en hitt, þótt vér þurfum fyrir það, ef til vill, að bíða árinu lengur eftir, að ná þessu sambandi við umheiminn. — Eg verð því að vera á móti breyt.till. háttv. 1. þm. N.-Múl. (Ó. F. D.), en greiða atkvæði með tillögu nefndarinnar.

Magnús Andrésson: Af því að eg er einn í fjáraukalaganefndinni, þá

skal eg fara fáum orðum um viðaukatillöguna um loftritunina. — Stjórnin hefir með bréfi til landshöfðingjans falið honum á hendur, að útvega henni heimild frá alþingi til þess, að mega verja meira eða minna af fé því, sem í 12. gr. D. fjárlaganna er veitt til ritsíma, — að mega verja meira eða minna af því til þess, að koma á loftritunarsambandi milli Islands og útlanda, og á milli 3—4 staða á Íslandi sjálfu. — Upp á þetta verður að gefa stjórninni beint svar, og það er gert í viðaukatillögu nefndarinnar á þgskj 119. — Uppgáfa vor er sú, að sameina það tvent, að einu leytinu að setja ekki slagbrand fyrir það, að fyrirtækið geti fengið framgang, og í annan stað hitt, að tryggja það, að stjórnin eyði ekki meira fé en nauðsyn krefur til fyrirtækisins, og að því verði sem haganlegast fyrir komið fyrir oss. — Eg set svo, að fyrirtækið skyldi kosta alls 1,000,000 kr. Af þessari upphæð legði nú Ísland fram, eftir því sem farið er fram á, 20×35000 kr. eða 700,000 kr. — Ríkisþing Dana er enn eigi farið að veita neitt til þessa loftritunar-sambands. — Eg get nú hugsað mér, að ef vér veitum féð skilyrðislaust nú, þá mundi stjórnin koma til ríkisþingsins og segja: »Nú hafa Íslendingar lofað 700,000 kr. til þess að koma á loftritun til Íslands; viljið þér veita það, sem á vantar?«.— Færi svo, þá legðu Danir fram minna fé til fyrirtækisins en vér. Þetta finst mér óeðlilegt; mér finst það óeðlilegt, að vér leggjum til helming á móti Dönum, og þá enn óeðlilegra, að vér leggjum fram meira en helminginn; því að öllum mun koma saman um, að á Dönum einum hvíli skyldan, að koma Færeyjum í loftritunar-sambandið við umheiminn, og sé litið til eiginhagsmuna Dana, þótt ekki sé annað tekið til greina, þá er líklegt, að þeir mundu vilja nokkru kosta til, að komast í rafskeytasamband við Ísland.

Vér höfum með breytingartill. viljað tryggja það, að ekki yrði ranglátt hlutfall milli tillagsins frá Islandi og tillagsins frá Danmörku. — Vér höfum ekki verið að skamta fé úr hnefa, eins og áðan var að orði kveðið. — Tilgangur vor var sá einn, sem eg hefi bent á.

Eg hefi heyrt því haldið fram, að ríkisþingið mundi að sjálfsögðu leggja fram sinar 54,000 kr. — Þetta er óvíst, því að eins og stjórnin verður að fá nýja fjárveiting hjá oss til fyrirtækisins í þessari nýju mynd þess, eins verður hún að fá hana hjá ríkisþinginu, og ef vér veitum skilyrðislaust 700,000 kr., þá er hætt við, að Danir veiti eigi meira en það sem á vantar til þess að koma fyrirtækinu fram, hvað sem það nú kann að verða.

Þetta var það, sem fyrir oss vakti, að tillagið frá Islandi stæði í eðlilegu hlutfalli við tillagið frá Danmörku, og vér lítum svo á, að þegar tillag vort stæði í ákveðnu hlutfalli við tillag Dana, þá væri með því einnig fengin trygging fyrir því, að ríkisþing Dana héldi eftirlit með því, að eigi yrði veitt meira fé til fyrirtækisins en full nauðsyn krefur, og einmitt fyrir það atvik er í rauninni minni þörf á því ákvæði í viðaukatillögunni, að samningarnir skuli, áður en þeir eru fullgerðir, lagðir undir atkvæði alþingis. — Þetta ákvæði var þó haft til samkomulags við þá þingmenn, er töldu óráðlegt, að þingið áskildi sér ekki ályktunar-atkvæði um málið.

Hér er því sameinað þetta tvent: »Vér lofum alt að 55,000 kr. í 20 ár, ef á þarf að halda, svo að stjórnin getur byrjað á samningunum og lokið þeim, að undirskriftinni einni undanskilinni, og hitt: að þingið fær þó að

segja álit sitt um þá, áður en þeir eru til lykta leiddir.

Mér finst það því tryggilegra, að samþykkja breyt.till. nefndarinnar, en breyt.till. á þgskj. 120.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. sessunautur minn (St. St.) 2. þm. Skagf. sagðist ekki skilja í því, að vér fengjum betri kosti, þótt stjórninni væri nú fengið fullnaðarvald, og þó er það svo. — Marconi mundi nú líklega setja upp lítið, fengi hann að eins leyfi til að byrja strax. — En gæti stjórnin ekki samið við hann til fulls, þá yrði hann að vera sér úti um tilraunasvæði annarsstaðar, og fengi það kannske áður en þingið hefði samþykt samningana, og þá væri tækifærið tapað.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 120 við 7. gr. a. feld með 15 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Ari Brynjúlfsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Lárus H. Bjarnas.,	Eggert Benediktss.,
Ó. F. Davíðsson,	Guðl. Guðmundss.,
Sighv. Árnason,	Herm. Jónasson,
Þórh. Bjarnarson.	Magnús Andrésson,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,
	Sig. Stefánsson,
	Stefán Stefánsson,
	Stefán Stefánsson,
	Tr. Gunnarsson,
	Þ. J. Thoroddsen,
	Þorgr. Þorðarson.

Breyt.till. á þgskj. 119 1. lið samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 119 2. lið. samþ. með 14 : 6 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 99 samþ. með 17 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 118 feld með 12 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 115 feld með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eftir ósk 8 nafngreindra þingmanna, og sögðu

já:	*nei*:
Ari Brynjólfsson,	Árni Jónsson,
Eggert Benediktss.,	Jón Magnússon,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Bjarnarson,
Hannes Þorsteinss.,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson,	Herm. Jónasson,
L. H. Bjarnason,	Magnús Andrésson,
Ólafur Briem,	Ó. F. Davíðsson,
Pétur Jónsson,	Sig. Stefánsson,
Sighv. Árnason,	Stefán Stefánsson,
Þorgr. Þórðarson.	Stefán Stefánsson,
	Tr. Gunnarsson,
	Þ. J. Thoroddsen,
	Þórh. Bjarnarson.

4. breyt.till. á þgskj. 119 samþ. með 19 atkv.

5. breyt.till. á þgskj. 119 samþ. með 19 atkv.

6. breyt.till. á þgskj. 119 samþykt með 19 atkv.

Frumv. í heild sinni samþykt með 22 atkv., og afgreitt til forseta efri deildar.

Einumr., 23. ágúst (þgskj. 202, 205 n.).

Framsögumaður (Arni Jónsson): Eg hefi eigi mikið um málið að segja eins og það liggur fyrir nú. — Nefndin sá sér ekki annað fært en að leggja frumv. fyrir óbreytt. — Að vísu hefir það ekki tekið stórum breytingum í háttv. efri deild, en þó svo, að nefndin hefði eigi gengið að öllum breytingunum, ef að tími hefði verið til þess, að athuga þær betur.

Hvað 3. gr. frumv. snertir, þá hafði nefndin hér lagt það til, að reist yrðu sóttvarnarhús á þeim fjórum stöðum, sem ákveðnir voru í frumv., eins og það fór hér frá deildinni. Nefndin hér

hefir ekki fundið fulla ástæðu til þess, að kippa burtu Akureyri og Isafirði, þar sem frumv. það til sóttvarnarlaga, er nú hefir verið samþykt, skipar svo fyrir, að reisa skuli sóttvarnarhús. — Og að þessu rekur líklega á næsta þingi. — Virðist því nefndinni rétt, að hafa samkvæmni á milli þessara laga, og taka nú upp öll sóttvarnarhúsin.

Þessi grein hefir bætt við nýrri fjárveitingu við 3. tölulið; það er fjárveiting til vatnsleiðslu á holdsveikraspítalanum í Laugarnesi; og þótt þetta nú sé kannske nauðsynlegt, þá hefði nefndin þó athugað þetta betur, ef tíminn hefði leyft það.

Hvað breytingarnar á 5. gr. snertir, þá var það samkomulag milli nefndanna, að greinin ætti að orðast eins og hér. — Annars er breytingin ekki mjög veruleg, nema í síðasta hluta greinarinnar, þar sem stendur, að samningarnir skuli lagðir fyrir alþingi »til athugunar« í staðinn fyrir »til samþykkis«.

Vér álítum að þetta sé heppilegra, og ætlum, að málinu sé nú svo fyrir komið frá þinginu, að stjórnin fallist á það, og að það verði eigi til fyrirstöðu, að samningarnir geti komist á um þetta mikla mál.

Viðvíkjandi 9. grein, þá hefir nefndin fallist á þær breytingar, er þar hafa verið gerðar, því hún áleit það hefði meira fylgi, að Búnaðarfélagið hefði umsjón með útflutningnum á kældu kjöti — ef til kemur —, enda hægra fyrir félagið en landsstjórnina, að taka nákvæmar skýrslur um þetta efni.

Landshöfðingi: Eg tek það að eins fram, að eg býst við, að þótt ekki sé tekið upp í þessi fjáraukalög fjárveitingar til þess, að greiða kostnaðinn af ýmsum þingsályktunum, sem þingið hefir samþykt, og skal eg sér í lagi nefna þingsályktunina um berklaveikina, þá sé það ósk og vilji þingsins, að slíkur kostnaður sé greiddur úr landssjóði, og þá af því fé, sem veitt er til óvissra útgjalda, þannig, að stjórninni sé heimilt, að fara fram yfir fjárveitingu á þeim útgjaldalið.

Framsögumaður (Arni Jónsson): Eg skal lýsa því yfir fyrir nefndarinnar hönd, að einmitt þær þingsályktunartillögur, sem hæstv. landshöfðingi nefndi, og yfirleitt þær, sem samþyktar hafa verið á þessu þingi, og hafa kostnað í för með sér fyrir landssjóð, þá ætlast nefndin til, að það fé, sem með þarf til nauðsynlegra framkvæmda í því efni, sé tekið af óvissum útgjöldum. (*Landshöfðingi*: Með sparnaði). Já, það þarf ekki að taka það fram; því það hefir verið gert svo oft áður.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. óbreytt (þingskj. 202) með 21 samhlj. atkv., og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Brúargerð á Jökulsá.

FRUMAARP til laga um brúargerð á Jökulsá í Öxarfirði (Þgskj. 130); 1. umr., 31. júlí.

Flutningsm. (Árni Jónsson): Jökulsá í Axarfirði er alkunnugt nafn. — Þessi á hefir alt til skamms tíma verið talin eitt lengsta vatnsfall á landinu. Hún er líka sú eina á landinu, sem að hvergi er reið fjalls og fjöru á milli. En hún er einnig merkileg að mörgu öðru leyti. — Þar er Dettifoss,

»þar sem aldrei á grjóti grá
gullin mót sólu hlægja blóm« o. s. frv.

Eftir það fellur hún um hamragljúfur og stórfelda náttúru; loks skömmu áður

en hún kemur til sjávar, eru bygðar lendur til beggja hliða, og heldur hún þeim óþyrmilega aðskildum. — Þar er Ásbyrgi, sem er fegursti blettur landsins. — Skáldið kveður:

»Lætur við eyra sem lífæð þjóti.
Leikur þar Jökla í grjóti«.

En þessi lífæð slær hart og títt, ólgandi, æðandi; það þarf að binda þessa lífæð. — Það þarf að brúa ána. — Eitt er þó gott við á þessa, og það er, að hún leggur mestmegnis leið sína um öræfi, — Mývatnsöræfi heita vestan fram með henni, og Möðrudalsöræfi að austanverðu — en lítt um bygðir, og ekki fyr en skamt er til sævar. — Að eins tveir ferjustaðir eru á ánni, sem sé á þeim tveim póstleiðum, er yfir hana liggja; annar Grímsstaðir á Fjöllum, en hinn Ferjubakki. — Þeir menn, sem alist hafa upp í Öxarfirði og í Kelduhverfi, er frá barnæsku hafa séð þennan ofsafengna farartálma velta fram við fætur sér, geta ekki að sér gert, að ala þá von í brjósti, að einhvern tíma muni sú stund koma, er hann verður brotinn á bak aftur; hjá þeim vakir sú löngun, að þessi illi Þrándur verði fjötraður, og þeir þurfi ekki framar að leggja sjálfa sig og hesta sína í hættu, að þeir þurfi ekki að leggja langa króka á leið sína, heldur geti haldið beint áfram. — En það er ekki að eins þessi innri hugsjón og von um gleðiríkan sigur á tálmanum, er vakir hjá þeim, heldur sjá þeir líka hagsmunina og framfarirnar, sem af því mundi leiða, að áin yrði brúuð. — Þeir sjá, hversu það mundi tengja saman þessar tvær sveitir; hversu miklu hægra þeim mundi veita, að ná að sér nauðsynjum sínum, að notfæra sér verzlunina í hinum ýmsu verzlunarstöðum í grendinni. — Til fárra ára hafa Öxfirðingar og ýmsir fleiri lengra norðan að orðið að sækja verzlun yfir Jökulsá til Húsavíkur að Skjálfanda.— En nú er kominn upp verzlunarstaður austan megin Jökulsár, sem sé Kópasker, og er þá að vísu hægra að sækja þangað fyrir Öxfirðinga. — En eigi að síður er það ekki svo auðvelt, að kippa sér til baka; þar sem menn hafa langalengi rekið verzlun sína og viðskifti, þar geta verið orðnir svo margir þættir saman tvinnaðir, að ekki sé auðvelt eða gerlegt, að slíta þá alla saman sundur í einu átaki. — Aftur á móti vilja líka þeir, er fyrir vestan búa, í Kelduhverfi, nota nýja verzlunarstaðinn, með því að þangað er góður vegur, og ekki um neina heiði að fara, eins og til Húsavíkur. — Það er því eðlilegt, að þeir vildu færa sér í nyt verzlunina í Kópaskeri. — Þangað hafa þeir líka rekið sauði sína að undanförnu, og væri það stór munur, að fara með fé sitt yfir brú, heldur en að selflytja það alt í ferju. — Mér getur því ekki blandast hugur um, að þingmenn hljóti að finna til með þeim mönnum, er ala þessar vonir í brjósti og hafa nú alið þær í 10 ár. — Þeir munu ekki geta láð þeim, þó þeir enn á ný leyti þeim uppfyllingar. — Hver, sem verður þingmaður Norður-Þingeyinga, og hve nær, sem á þing er farið, þá spyrja þeir, mennirnir, sem þarna búa: Hve nær fáum við brúna? Hve nær verður Jökulsá brúuð? Hve nær verður lagður taumur við þessa óhemju? — Norður Þingeyingar höfðu engan þingmann á síðasta þingi, en óskin kom samt fram. Þá var hún borin fram af háttv. þm. S.-Þing. (P. Jónss.), er þekti manna bezt þarfirnar og þær óskir, er alið hafði verið á meir en 10 ár. — Og málið hefir mikið þokast í áttina.

Fyrir nokkrum árum skoðaði Barth

verkfræðingur brúarstæði bæði á Lagarfljóti og Jökulsá. Eg sé af umræðum um þetta mál á síðasta þingi, að hann hefir ekki talið það mjög mikla nauðsyn, að Jökulsá yrði brúuð, með því að héraðið væri svo fáment. En þess ber að gæta, að hann, útlendur maður og gagnókunnur, getur ekki á hraðri ferð um sumartímann séð svo glögglega, hvað héraðsmönnum er þörf eða jafnvel nauðsyn á. Við, sem höfum alist upp í þeim héruðum, þekkjum betur til. Barth sagði líka, að komast mætti af með svifferju; en eg get ekki betur séð en að það sé óhugsandi. Áin er geysi- ströng og stríð og veltur áfram með beljandi krafti, og krapförin eru oft mikil í henni á vetrum. Hana leggur aldrei. Á hinn bóginn rannsakaði líka verkfræðingur landsins, hr. Sigurður Thoroddsen, brúarstæði á ánni fyrir 5 árum (1897). Skýrsla frá honum lá fyrir nefndinni á síðasta þingi, og eftir þeirri skýrslu er sú fjárupphæð sniðin, sem farið er fram á, og næg var talin af honum til þess að gera brúna sterka og trausta. Fyrir hönd mína og kjósenda minna þakka eg fyrir það, að málinu hefir þó verið hrundið svo á leið, að það er orðið verkfræðislega upplýst, svo að enginn vafi getur framar leikið á, að hér er farið fram á það, sem í öllu tilliti er sanngjarnt, réttmætt og eðlilegt.

En viðvíkjandi því, á hverju málið hafi strandað, þá má þar til nefna það, að þótt því á þinginu væri vísað til fjárlaganefndar og hún samþykti að réttmætt væri, að áin yrði brúuð og meira að segja legði það til, þá féll þó sú tillaga í deildinni með jöfnum atkvæðum. Eg sé ekki betur en að viðurkenning sé komin fram um, að sönn þörf sé á brúarlagningunni, og gleður það mig mikillega. Þær mótbárur sem hins vegar komu fram, voru aðallega tvær. Menn hafa sagt, að nauðsynin væri minni hér en víðar annarsstaðar, þar sem fjölmenni væri meira og ekki eins kostnaðarsamt að leggja brýr; það væri því sjálfsagt, að ráða þar fyrst bót á þörfinni. Þetta viðurkenni eg að nokkru leyti. En þó verð eg að halda því fram, að ekki má hafa það eitt fyrir augum, hve fjölbygt héraðið er, heldur verður líka að líta á það, hve stór farartálminn er, því þar sem hann er svo mikill, að hann nær því gersamlega heftir samgöngurnar, þar er meiri þörf á að honum sé rutt úr vegi heldur en þar, sem hindranin er lítil, enda þótt umferð sé meiri. Við þurfum alveg eins að taka tillit til þeirra staða, sem fámennir eru, og hlynna að þeim; þeirra hlutur má ekki verða fyrir borð borinn, ef þeir eiga að hafa viðreisnarvon. Í þeirri sýslu, sem hér er um að ræða, er að vísu fátt fólk, en góð héruð, er marga mikilsverða kosti hafa til að bera, og góðir drengir eru þar saman komnir, menn sem unna ættjörð sinni og vilja styðja hana og styrkja.

Það þarf að sýna mönnum, að þeir geti átt viðgangs von; það þarf að benda þeim á framfarirnar, er orðið hafa á síðari árum. Tökum t. d. veginn hér að austan; hversu mikil ánægja er ekki að sjá allar þær brautir og brýr, alla þá umferð, allar þær lestir og vagna, er þar ber fyrir augu? Mér var gleðiefni að sjá þetta, þegar eg fyrir fám dögum fór um þessar slóðir. Hversu mjög styrkir ekki sú sjón framtíðarvon manna, og kennir þeim að trúa á mátt okkar til að ráða bót á örðugleikunum. Það eru því miður alt of margir, sem eiga við þrautir að stríða hér á landi, sem búa við kulda og fátækt, og því miður hafa of margir fyrir þær sakir látið tilleið-

ast að hverfa af landi burt, þegar þeir hafa heyrt um fögur lönd og kostagnægtir úti í heiminum. Á þessu gætum við ráðið mikla bót, ef þing og þjóð vildi sýna þessum mönnum, að einnig hér er hægt að fremja stórvirki, og að viljinn til viðhjálpar er einlægur.

Hin mótbáran, er fram hefir verið borin gegn þessu máli, er sú, að fjárupphæðin væri mikil. Landið ætti ekki svo mikið fé fyrir höndum. En vonina mætti þó gefa þeim, vonina um, að bætt verði úr örðugleikum þeirra, jafnskjótt sem nægilegt fjármagn fengist.

Því hefir að undanförnu verið haldið fram, að aukaþing eigi sem minst að raska við þeim ákvæðum, er gerð hafa verið með fjárlögum á aðalþingi. Þetta játa eg að nokkru leyti. En nú hefir stjórnin sjálf stigið fyrsta sporið í þessa átt; því frá henni liggja nú fjáraukalög fyrir þessu aukaþingi. Frá því sjónarmiði sýnist þess vegna ekkert vera því til fyrirstöðu, að aukaþing geti fjallað um þetta mál. Meining mín með því að bera það fram nú er sú, að þá fær stjórnin lengri tíma til að undirbúa það, svo það geti komið í fjárlögunum á næsta þingi.

Að lokum vil eg fara fáeinum orðum um, hvernig til hagar á Ferjubakka. Frá bænum er alt að ½ tíma gangur að ferjustaðnum. Þar þýtur áin stríð og ströng. Eg hefi setið í 12 ár við fætur þessarar járnköldu ár, í undradalnum, afdalnum, sem er einn af þessum fögru dölum fósturjarðarinnar. Eg hefi oft komið þarna á eyrina við ferjustaðinn. Ferjumaðurinn leggur á stað, en hann er lengi á leiðinni. Loks er hann kemur, segir hann að áin sé því því nær ófær. Eg legg þó út í hana. En óálitlegt er það; þjótandi straumur og beljandi niður. Margur óvanur stígur í ferjuna með hálfum hug, enda þótt fullhraustur drengur sé. Honum sýnist hvert augnablik við því búið, að ferjumaður nái ekki fyrir klöppina og í »básinn« eða svifið hinu megin, er lenda skal; en undir því er þó alt komið.

Háttv. samþingismenn! Eg hefi lýst þessu svona nákvæmlega, svo þér getið skilið, að eg flyt málið með alúð og einlægni og alvöru, enda vona eg að þér hafið séð, að þörfin er mikil, óskirnar eðlilegar, og málið sjálft sanngjarnt og réttmætt. Legg eg það svo á yðar vald.

Lárus H. Bjarnason: Eg legg það til, að málinu sé vísað til fjáraukalaganefndarinnar.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 atkv., og því næst vísað til fjáraukalaganefndar með 14 samhljóða atkv.

Önnur umr., 5. ágúst (þgskj. 13, 37).

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Eg hefi ekki mikið um málið að segja, eins og það liggur nú fyrir. Eins og kunnugt er, var því vísað til fjáraukalaganefndarinnar, og svo sem nefndarálit hennar ber með sér, hefir nefndin lagt það til, að frv. yrði samþ.; vil eg að eins láta í ljósi þá ósk og von, að h. d. komist að sömu niðurstöðu og nefndin, og að málið fái yfir höfuð greiðan framgang á þinginu í ár.

ATKVGR.: 1. gr. frv. samþ. með 19 samhljóða atkv.

2. gr. frv. samþ. með 19 samhljóða atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Þriðja umr., 7. ágúst (þgskj. 13).

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Eg álít að þetta frv. hafi fengið svo

staðgóðan byr hér í deildinni, að ekki sé ástæða til að fjölyrða mikið um það við þessa umr. Eg vona að eins að málið fái nú eins góðar undirtektir og áður, og óska að háttv. Ed. taki því eins vel.

ATKVGR.: Frv. samþ. með 14 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 16. ágúst (þgskj. 146, 149).

Árni Jónsson: Eg er þakklátur h. Ed. fyrir það, hve vel hún hefir tekið í mál þetta. Að vísu hafa þar komið inn í frv. tvær viðaukatill. Fyrri viðaukinn er þessi orð: »þegar fé er veitt til þess á fjárlögum«. Með þetta er eg ekki eins ánægður eins og orðalag frv. þegar það fór héðan úr deild, því að það takmarkar ef til vill stjórnina í að undirbúa málið á þeim tíma, sem henni þykir hentugastur; þó vona eg að hún sjái sér fært að taka fjárveitinguna upp á næstu fjárlög, og haldist hún þar, eins og eg vona, þá ætti þessi viðauki ekki að verða til þess, að tefja fyrir málinu. Hinn viðaukinn er sá, að landshöfðingi skuli skera úr, ef ágreiningur verður milli hlutaðeigandi héraðsvalda um, eftir hvaða hlutföllum gæzlu- og viðhaldskostnaður brúarinnar skuli greiðast. Þennan viðauka má telja til bóta og málinu til skýringar, og eigi nema gott að hann er fram kominn. Eins og h. deild sér, þá hefir nefndin í málinu hér í deild ráðið til, að frv. sé samþ. óbreytt eins og það kom frá h. Ed., og hefi eg ekki öðru við að bæta en að styðja þá tillögu nefndarinnar.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 20 samhljóða atkv. og afgreitt til landshöfðingja *sem lög frá alþingi.*

Uppgjöf á Ölfusárbrúarláni.

FRUMVARP til laga um uppgjöf eftirstöðva af láni til brúargerðar á Ölfusá (þgskj. 32); 1. umr., 4. ágúst.

Flutningsmaður (Hannes Þorsteinsson): Eitt hið mesta mannvirki í samgöngubótum hér á landi, það mannvirki sem flestir útlendir dást að, mannvirki, sem er og verður landi voru til sóma, það var fullgert 1891. Þetta mannvirki er Ölfusárbrúin. Þetta fyrirtæki komst ekki á baráttulaust, því að þá voru menn fyrst og fremst óvanir stórum fyrirtækjum hér á landi og þingmönnum og þingi hraus hugur við kostnaði þeim, sem það hafði í för með sér, enda var það þá ekki orðin ríkjandi skoðun, að landssjóður ætti að kosta allar hinar stærri samgöngubætur. Til þess því að flýta fyrir málinu, koma því til framkvæmda, urðu Árness- og Rangárvallasýslur að hlaupa undir bagga og taka 10,000 kr. lán úr landssjóði móts við önnur 10,000 úr jafnaðarsjóði Suðuramtsins. Þessar 20 þús. kr. voru veittar með lögum 3. maí 1889, og skyldi afborgast á 45 árum. Af láni þessu greiðast árlega 965 kr., þ. e. að segja afborgunin sjálf er ekki nema 165 kr. ári, en hitt (800kr.) eru vextir. Það gengur því smátt með afborgun lánsins. Lánið mun hafa verið tekið 1890, en fyrst tekið að greiða vexti af því 1893, og er þetta því 9. árið. Í afborgun er nú alls greitt um 1470 kr., en í vexti hefir verið greitt um 7,200 kr. Stendur þá eftir um 18,530 kr., helmingurinn af því er 9,265 kr., er skiftist tiltölulega á sýslufélög Árness- og Rangárvallasýslna. Það, sem hvort sýslufélagið greiðir á ári í vexti og afborgun, er ekki meira en 240—50 kr., svo að hér er ekki um stóra upphæð að ræða, en það dregur sig saman í 36 ár. Eg bar upp svipað

frumv. og þetta í fyrra. Munurinn að eins sá, að þar var tekið fram að gefa upp helminginn af öllu láninu, bæði því er hvíldi á sýslufélögunum og jafnaðarsjóði, en nú fanst mér réttara að koma því svo fyrir, að sá helmingurinn, sem hvílir á sýslufélögunum, verði gefinn upp. En eftir sem áður hvílir þó talsverður hluti á þessum sýslufélögum, þar sem þau að sínum hluta taka þátt í láni jafnaðarsjóðsins. Eg get ekki ímyndað mér annað en að þessu frv. verði tekið vel, vegna þess að nú er sú skoðun orðin ríkjandi, að landssjóði beri að kosta öll hin stærri samgöngufæri, en sýslufélögin viðhald þeirra. Við höfum líka dæmi til slíkrar uppgjafar á láni t. d. lánið til brúargerðarinnar á Skjálfanda 1891 og 1897; þar var helmingur lánsins gefinn fyrst upp og 6 árum síðar alt lánið. Líkt mun verða hér. Verði sá helmingur sem á sýslufélögunum hvílir nú gefinn upp, mun hinn hlutinn, er á jafnaðarsjóðnum hvílir, innan skamms verða eins gefinn upp ef til vill á næsta þingi. Þetta sem hér er farið fram á er einnig algerlega réttmæt krafa, því að samkvæmt vegalögunum 13. apríl 1894 eru brýrnar á Ölfusá og Þjórsá á aðalpóstleiðinni, þjóðveginum úr Reykjavík austur að Prestbakka, þjóðvegi, sem landssjóður samkvæmt þessum lögum er skyldur að kosta. En við flutnm. frv. höfum samt ekki viljað taka dýpra í árinni að svo stöddu, en að fara fram á helmingsuppgjöf lánsins. Við álítum, að það mundi ganga betur, því að við höfum komist að raun um, að margir eru móttallnir allri uppgjöf þess, vilja ekki fara lengra en þetta um sinn. Það er þá heldur ekki unt að ásaka okkur flutnm. um of mikla ásælni við landssjóð. Eg álít ó þarft að setja nefnd í þetta mál, því eg hygg að mönnum sé málið ljóst eftir þeim skýringum, er eg hefi gefið um það, og vil eg því leyfa mér að mælast til þess, að málið sé látið ganga til 2. umr.

Sighvatur Árnason: Eg skal leyfa mér að rekja með fám orðum sögu brúarmálanna hér á þingi.

Hið fyrsta spor, sem stigið var í hinum svo kölluðu brúarmálum, var gert á fundi á Stórólfshvoli 21. maí 1872, sem aðallega var stofnaður til að ræða um fjárkláðamálið, sem þá var á döfinni, þar sem við séra Hannes heit. Stephensen, sem þá var prestur í Fjótshlíðarþingum, komum okkur saman um að bera upp á fundinum tillögu um það, að fundarmenn byndust fyrir því, að hafin væri barátta fyrir að fá brúaðar Þjórsá og Ölfusá. Málinu var vel tekið á fundinum, og sett standandi nefnd til að framfylgja því við landstjórnina, og fá hana til að útvega útlendan verkfræðing til að skoða brúarstæðin og gera áætlun um brúargerðina og kostnað við hana. Landsstjórnin tók vel málaleitun fundarins, og sendi upp hingað mannvirkjafræðinginn Windfeld-Hansen; hann skoðaði brúarstæðin, og taldi brúargerðina fullframkvæmanlega; kostnaðinn við að byggja brýr yfir báðar árnar, Þjórsá og Ölvesá, áætlaði hann 145,000 kr. Að þessu búnu var málið flutt hér inn á þing 1875; þinginu þótti þá málið bæði tvísýnt og fyrirtækið alt of risavaxið fyrir landssjóð, og áræddi því ekki að leggja út í það. Eigi að síður var málinu haldið vakandi þing af þingi, og látlaust barist fyrir því af þingmönnum Rangárvalla og Árnessýslna, þangað til það loks fekk framgang 1887 eftir 15 ára baráttu; þá var samþykt að leggja fram fé til að brúa Ölfusá, út af fyrir sig; lengra þótti ekki fært að fara að því sinni. Þó hafðist málið fram með því einu móti, eins og h. 1. þm. Árn. (H. Þ.)

tók fram, að suðuramtið ásamt Árness- og Rangárvallasýslum, legðu fram um 20,000 kr. eða 1/3 af hinum áætlaða byggingarkostnaði; með því móti tók landssjóður að sér hina 2/3 (40,000 kr.) Þessum 20,000 kr. var skift í tvo jafna hluta, þannig að jafnaðarsjóður Suður amtsins skyldi borga önnur 10,000 kr., en sýslufélög Árnessýslu og Rangár vallasýslu hin 10,000 kr. Fé þetta lánaði landssjóður vaxtalaust fyrstu 3 árin, en síðan skyldi það ásamt vöxtum greiðast með jöfnum afborgunum í rúm 40 ár Þegar þessari miklu baráttu var lokið, þá var ísinn brotinn og ný stefna tekin í brúarmálunum. Þrem árum síðar var það samþykt baráttulaust að kalla mátti, að leggja fram fé alfarið úr landssjóði til brúargerðar á Þjórsá, og síðan hefir hver stóráin af annari verið brúuð, baráttulítið og á kostnað landssjóðs. Þessi stórvirki, brýrnar á Þjórsá og Ölvesá, sem eru til gagns og sóma fyrir alt landið, eru hin fyrstu mannvirki og langstærstu mannvirki, sem gerð hafa verið hér á landi á því nærri 30 ára bili, sem vér höfum haft sjálfstjórn fjármála vorra.

Að því er Rangárvallasýslu snertir, skal eg taka það fram í viðbót við ummæli h. 1. þm. Árn. (H. Þ.), að á sýslusjóði þeirrar sýslu hvíla margar þungar byrðar. Fyrst er það skerfur sýslunnar af láni því, sem hér er farið fram á að létta af. Í öðru lagi er gæzlukostnaðurinn við Þjórsárbrú; hann hvílir eingöngu á Rangárvallasýslu, og mun nema um eða yfir 300 kr. á ári. Í þriðja lagi hefir lagst 2000 kr. byrði á sýslusjóðinn til endurbóta á Stokkseyrarhöfn. Í fjórða lagi leggur sýslan fram árlega svo hundruðum króna skiftir til viðhalds Safamýri og endurbóta á henni; og í fimta lagi skal eg taka það fram, að nú er sýslan undirorpin stórri hættu af vatnaágangi. Þar vofir stórhætta yfir tveim hreppum, og er þegar búið að leggja fram stórfé af sýslunnar hálfu og þeim, sem eru í hættunni, til að reyna að fyrirbyggja hættu þessa, án þess það þó hafi tekist. Það er ekki annað sýnna en að svo og svo margar jarðir muni leggjast í eyði í Vesturlandeyjahreppi sökum vatnsflóðs þessa, og að gjaldþol sýslunnar þverrar við það mjög mikið, þegar minst varir.

Hitt er Fljótshlíðarhreppur, sem er undirorpinn stórskemdum af Þverá, eins og nú er háttað að Markarfljót liggur í henni; hún brýtur nú tún og engi ýmsra jarða þar, til stórtjóns, og flæðir yfir beitilönd manna í vatnavöxtum bæði sumar og vetur.

Eg vona að mál þetta fái góðar undirtektir hér á þingi, því að bæði hefir það sanngirniskröfu við að styðjast, og að nokkru leyti jafnréttiskröfu líka, þegar litið er til þess, að gefið hefir verið upp af þinginu lánið, sem veitt var til brúargerðarinnar yfir Skjálfandafljót.

Skal eg svo ekki fjölyrða meir um málið nú, en óska og vona, að það fái góðan byr gegnum deildina og þingið.

Guðlaugur Guðmundsson: Mér finst alveg eins mikil ástæða til, að farið sé fram á uppgjöf á þeim helmingi lánsins, sem hvílir á jafnaðarsjóði Suðuramtsins, eins og á þeim helmingi, sem á þessum tveimur sýslufélögum hvílir. Það er engin ástæða til þess, að hinar fjarlægari sýslur, Borgarfjarðarsýsla, Gullbringu og Kjósarsýsla, Vestmanneyjasýsla og jafnvel Vestur-Skaftafellssýsla, haldi áfram að bera óskerta byrði sína, en að létt sé byrðinni á næstu sýslunum, sem óneitanlega hafa brúnna mest not. Eg vil því skjóta því til h. flutnm. (H. Þ. og S.A.) hvort þeir vilja ekki taka líka upp í frv. ákvæði um uppgjöf á þeim hluta

landssjóðslánsins til brúnna sem á jafnaðarsjóði Suðuramtsins hvílir. Séu þeir ófúsir á það, þá geymi eg mér rétt til að gera það sjálfur til 2. umr. Það er því fremur hvöt fyrir mig til að fara fram á þetta, sem það kom til tals á amtsráðsfundi í fyrra, að fara á leit við þingið um uppgjöf á láni þessu.

Sighvatur Árnason: Eg skal svara athugasemd h. þm. V-Sk. (G.G.) því, að eg hefði gjarnan viljað að það hefði verið tekið með, sem hann fór fram á, en við flutnm. frv. sáum okkur ekki fært að fara lengra að þessu sinni en við höfum gert. Þess er að gæta, að gjaldið, sem á jafnaðarsjóðnum hvílir, kemur ekki eins þungt niður, því að það dreifist víðar, og af því fá Árnessýsla og Rangárvallasýsla líka sinn skerf. Að því er Vestur-Skaftafellssýslu snertir, verð eg, sem kunnugur maður, að segja það, að mér finst alls ekki ósanngjarnt, að hún beri einhvern hluta þessa brúarláns, svo framarlega sem haldið verður áfram að halda því föstu, annaðhvort öllu eða að sumu leyti. Sú sýsla hefir nefnilega mikið gagn af brúnum, þótt ekki sé það með öllu jafnmikið og gagn það, sem Árnessýsla og Rangárvallasýsla hafa af þeim.

En eg tek það aftur fram, að eg hefði helzt óskað, að uppgjöf fengist á öllu láninu, en þori ekki að fara svo langt að þessi sinni, því að eg er hræddur um, að þinginu þyki það viðsjárvert landssjóðs vegna, og að slíkt gæti orðið málinu til falls, með því líka að í vændum er önnur beiðni út af láni, sem tekið var í vor til fyrirhleðslu í Valalækjarós, að það mundi þá máske spilla fyrir því máli, að taka mjög djarft til í þessu máli.

Þórhallur Bjarnarson: Það er rétt fram tekið hjá h 2. þm. Rangv. (S. A.), að Vestur Skaftafellssýsla hefir nokkuð gagn af brúnni yfir Ölfusá. En jafn fjarliggjandi sýsla, sem Borgarfjarðarsýsla hefir harla litið og sem ekkert beint gagn af brúnni; þó verður sýslan að greiða sinn skerf af rentum og afborgunum brúarlánsins. Við þetta kemur fram misrétti; og til að fyrirbyggja það, tel eg það réttast, að einnig væri gefinn upp sá hluti lánsins, sem á jafnaðarsjóði Suðuramtsins hvílir, og eg mun fyrir mitt leyti varla geta gefið frv. þessu atkvæði mitt, nema því að eins að jafnrétti sé sýnt, alt gjaldið sé látið falla niður. Það er auðgefið, að koma breytingu í þessa átt að til 2. umr.; geri eg ráð fyrir að við h. þm. V-Sk. (G. G.) getum komið okkur saman um hana, og með þeim fyrirvara mun eg greiða atkvæði með, að málinu sé vísað til 2. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 samhlj. atkv.

Önnur umr., 6. ágúst (þgskj. 32, 50).

Þórhallur Bjarnarson: Við 1. umr. gat eg þess, að eg mundi koma með brt., og færði þá fram um leið ástæðurnar fyrir henni. Eg gat þess þá, að ef um það tvent væri að ræða, hvort heldur ætti að ganga fyrir uppgjöf til jafnaðarsjóð eða þessara tveggja sýslusjóða, þá væri meira jafnrétti í því, að amtssjóður gengi fyrir, vegna þess, að það eru sumir landshlutir í amtinu, sem alls ekkert gagn hafa af þessari brú.

Hæstv. landsh. vék því að mér, að vissara væri að setja einhvern ákveðinn tíma, sem uppgjöfin ætti að teljast frá. Ef frv. verður samþykt nú, er auðgert að koma þessu að við 3. umr. Annars hefi eg athugað frv. um uppgjöf á láni til Skjálfandabrúar og er það orðað nákvæmlega eins, og veit eg ekki til, að það hafi valdið neinum örð-

ugleikum, en hafi svo verið, þá er sjálfsagt að gera við því, og þegar um uppgjöf á kostnaði við byggingu hegningarhúsanna var að ræða, þá mun hafa verið tiltekinn viss tími, sem uppgjöfin reiknaðist frá.

Flutningsmaður (Hannes Þorsteinsson): Eg get að vissu leyti verið samþykkur h. þm. Borgf. (Þ. B.). Eg er á sama máli um það, að það er sanngjarnt að gefa upp alt lánið, bæði það, sem hvílir á jafnaðarsjóði Suður- og Vesturamtsins, og á sýslufélögunum; hér er á það að líta, að það gæti orðið málinu algerlega að falli, ef uppgjöf alls lánsins væri nú samþykt. Við flm. mundum hafa valið þessa leið sjálfir, þegar í upphafi, ef við hefðum álitið hana vænlegri til sigurs; en þar sem við einmitt vorum hræddir um, að hún gæti orðið málinu til falls, þá álitum við heppilegra, að reyna að fá helminginn heldur en eiga á hættu, að fá ekki neitt. Því það er alls ekki nóg, þótt fullnaðaruppgjöf yrði samþykt hér við þessa umr., frv. gæti enda fyrir það fallið við 3. umr.; við höfum slíka reynslu fyrir okkur; og þótt það yrði samþ. svona við 3. umr. hér í deildinni, þá eru miklar líkur fyrir, að það félli í Ed.; það hefi eg hugboð um, meira að segja, fulla ástæðu til að ætla, komi frumv. þangað með fullnaðaruppgjöf á öllu láninu, og væri þá illa farið. Er því betra að taka hálfan hleif, sem viss er, en allan, sem óvíst er að náist. Að eins af þessum ástæðum getum við flutningsmenn því ekki gefið þessari brt. atkvæði okkar, þótt við gjarnan vildum. Við viljum ekki stofna öllu málinu í hættu með því. Það er heldur engin hætta á ferðum, þó að hinn helmingurinn yrði að bíða til næsta þings, því það er enginn efi á því, að uppgjöf á honum fengist þá, og það er að eins þess vegna, að við flm. erum móti þessari brt., að við viljum ekki að hún verði öllu málinu að falli.

Eggert Benediktsson: Eg bjóst alls ekki við því af h. samþingismanni mínum (H. Þ.), að hann mundi verða á móti þessari brt. Að eg hefi gerst flutningsmaður hennar, er af því, að mér fanst öll sanngirni mæla með henni. Auðvitað vildi eg heldur að uppgjöfin fengist, þó ekki væri nema að hálfu leyti, heldur en alls ekkert; en eg get ekki búist við því, og hefi mikla ástæðu til að ætla, að þessi brt. hafi ekki þær afleiðingar, að frumv. nái ekki fram að ganga í háttv. Ed. Eg óttast fremur, að brt. falli hér í deildinni, ef báðir flutnm. snúast gegn henni; en það vona eg að þeir geri ekki Það er ekkert efamál, að ef Ölfusárbrúin hefði ekki verið bygð fyr en eftir að vegalögin voru samþykt, þá mundi landssjóður hafa borið allan kostnað við byggingu brúarinnar, að sínu leyti eins og hann stóð allan straum af kostnaðinum við Þjórsárbrúna. Þessi eftirgjöf hefði þá aldrei komið til greina, því það hefði verið skylda landssjóðs að kosta brúna, þar sem hún er á aðalpóstleið og partur úr akbraut austur.

Það er heldur ekki svo, að sýslan verði laus við allan kostnað af brúnni, þó henni verði eftir gefið þetta lán, því á henni hvílir allur gæzlukostnaður, um 400 kr. árleg útgjöld. Það var gerð tilraun til að losa sýsluna við þennan kostnað í fyrra af þm. sýslunnar, en öllum h. þdm. mun kunnugt um, hvernig þeirri tilraun reiddi af.

Eg ímynda mér, að h. þingdm. skilji það, að það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að gefa eftir alt lánið, bæði það, sem hvílir á sýslunni og á jafnaðarsjóði Suðuramtsins, þar sem þetta er

það eina af þess háttar lánum, sem ekki hefir verið gefið eftir, og það því fremur, sem það sýnist ósanngjarnt, að láta sýslurnar og amtið gjalda þess, að búið var að byggja brúna áður en vegalögin voru samþykt. Eg vona því fastlega, að h. þingdm. gefi frumv. á-samt brt. atkv. sitt.

Sighvatur Árnason: Eg get tekið undir með h. meðflm. mínum (H. Þ.), að eg fyrir mitt leyti áræddi ekki að fara lengra en að fá eftirgefið þann hluta af láninu, sem hvíldi á sýslusjóði Árnes- og Rangárvalla-sýslna, meðfram af því, að eg hafði kynt mér sögu málsins á síðasta þingi, og séð, hversu erfitt þetta mál átti þá uppdráttar. Mér virtist af þessum ástæðum frágangssök að fara lengra, og ekki til annars en spilla fyrir frv., eða fyrir, að fá nokkuð eftirgefið af láninu. Svo vakti líka fyrir mér nokkuð annað mál, sem eg býst ekki við að h. þm. hafi, ef til vill, gert sér nógu ljóst, og það er hinn hræðilegi vatnsvoði, sem yfir Rangárvallasýslu hefir dunið.

Það mun nú þegar liggja fyrir beiðni um uppgjöf á því láni, sem því máli víkur við, og eg vildi ekki, með því að taka munninn of fullan í þetta sinn, spilla fyrir einhverri ívilnun á því máli; en get hins vegar ekki búist við því, að fá bæði lánin eftir gefin að fullu í þetta sinn.

Það er auðvitað bundið nokkrum vandkvæðum fyrir mig, að greiða atkv. á móti þessari brtill., og eg vil því ekki segja neitt ákveðið um það, fyr en eg heyri undirtektir fleiri h. þm. í þessu máli.

Þórhallur Bjarnarson: Eg skal ekki lengi þrátta um lítið mál. Það er svo alkunnugt, að féð til brúarbyggingarinnar var veitt með því skilyrði, að sýslan legði fram fé frá sjálfri sér, svo skuldin er í alla staði réttmæt, hvernig svo sem síðan hefir skipast.

Eg get nefnt dæmi upp á það, að sýsla hefir verið, að kalla má, skylduð, til þess að taka lán út af fjárkláðanum, án þess nokkurn tíma að hafa fengið einn eyri eftirgefinn af því, og heldur eigi beiðst þess. Það er Borgarfjarðarsýsla.

Það var einn af háttv. austanþm. (H. Þ.), sem sagðist mundi greiða atkv. á móti brtill. Eg skil svo vel, að hann vilji skara sem bezt eld að sinni köku, þótt sanngirni engin mæli með því; en eg get fullvissað hann um það, að verði þessi brtill. feld, þá mun eg við 3. umr. koma með aðra brt. þess efnis, að helmingur lánsins verði eftir gefin hvorum um sig, sýslusjóðunum og jafnaðarsjóði Suður-amtsins

Guðlaugur Guðmundsson: Það, sem hefir gert það, að eg hefi gerst flm. þessarar brt., er það sama, sem kom mér til að vera máli þessu meðmæltur á síðasta þingi, sem sé það, að eg álít það sanngjarnt og réttlátt, að landssjóður hafi allan kostnað af þessari brú.

Það er nú orðin viðurkend meginregla, að landsjóði beri að kosta allar brýr á þjóðbrautum og flutningabrautum, og nægir í því efni að nefna Þjórsárbrúna, Lagarfljótsbrúna og nú síðast Jökulsá í Öxarfirði, sem frv. liggur fyrir þinginu um. Þótt þessi brú hafi verið bygð áður en þetta princip var viðurkent, þá er það ekki nema sanngjarnt og eðlilegt, að það væri líka látið gilda fyrir hana. Það yrði þá að færa einhverjar ástæður fyrir því, hvers vegna þessi héruð ættu fremur að leggja fram fé til brúabygginga á þjóðbrautum en öll önnur héruð. Og þetta gildir ekki að eins að því er snertir sýslusjóði Árnesinga og Rangvellinga, heldur jafnt fyrir jafnaðarsjóð Suðuramtsins.

Eg ætla ekki að trúa því fyrri en eg tek á, að þingið, sem hefir viðurkent þetta, að því er sýslufélögin snertir, neiti að viðurkenna það að því er til jafnaðarsjóðanna kemur. Meira að segja hefi eg heyrt, að þessu láni hafi verið þrengt (oktrojerað) upp á amtið. Ef ástæða er til að viðurkenna þetta princip gagnvart þessum tveim sýslum (Árness og Rangárvalla), þá er meiri ástæða til að viðurkenna það gagnvart hinum fjarlægari sýslum, sem hafa engin teljandi eða mjög lítil not af brúnni. H. þm. Borgf. (Þ. Bj.) tilnefndi Borgarfjarðar- og Mýrarsýslu, en eg get bætt þar við Kjósar- og Gullbringusýslu og að mestu leyti einnig Vestur-Skaftafellssýslu; því hin einu not, sem hún hefir af brúnni, eru það, sem lausríðandi menn þaðan úr sýslunni nota hana, og svo fyrir fjárrekstra; en til kaupstaðarferða alls engin.

Það er því beint ranglæti, að neita amtinu um eftirgjöfina, og eg skil ekki, að þingið hafi ekki vitsmuni til að fylgja þessari meginreglu, sem það hefir viðurkent, á þann hátt, að hún verði réttlát, en ekki ranglát.

Eg mun af þessum ástæðum gefa brt. atkv. mitt, og jafnvel þótt hún verði feld, þá mun eg samt greiða atkvæði með frv. til 3. um. vegna þess, að eg býst við, að þá komi fram önnur brt. En komist engin brt. að, þá mun eg óhikað greiða atkv. á móti frv.

Árni Jónsson: Það eru að eins örfá orð, sem eg ætla að segja við víkjandi brt. þeirri, sem komin er frá þm. Borgfirðinga og Vestur Skaftfellinga. Eg get ekki fylgt henni eins og hún liggur fyrir, af því þar er farið fram á alla uppgjöf lánsins. Einnig er það mín skoðun, að á meðan ömtin eru héraðsheild, þá verði jafnaðarsjóðirnir að styðja ýms gagnleg fyrirtæki innan amtsins, þótt eigi verði sýnt fram á, að alt amtið hafi gagn af þeim.

En í þessu máli er eg því samdóma, að rétt sé að taka tillit til jafnaðarsjóðsins, og mundi því greiða atkv. með því, að helmingur lánsins yrði eftir gefinn. Eg vona að flutnm. frv. og brtill. verði sammála og komi sér saman um uppgjöf helmings af öllu láninu. En sem sagt verð eg að greiða atkv. á móti brtill., af því hún fer fram á, að gefa upp alt lánið.

Flutningsm. (Hannes Þorsteinsson): Eg hef nú litlu við það að bæta, sem eg sagði áður. H. þm. Borgf. (Þ. B.) sagði, að það væri eðlilegt, að við þm. sýslunnar vildum skara eld að okkar köku, og getur það verið að vissu leyti rétt, en hann vill engu síður skara eld að sinni, og ámæli eg honum ekki fyrir það. Hér er að vísu bita munur, en ekki fjár, svo að því leyti stendur oss flutningsmönnum frv. þetta ekki á svo miklu; en vér álítum þann veg, sem við höfum farið, sanngjarnastan. Þess ber að gæta, að það er ekki að eins allur annar helmingur brúarlánsins, sem hvílir á sýlufélögum Árnes- og Rangárvalla-sýslu, heldur líka önnur þung kvöð í sambandi við þetta, nefnilega gæzlukostnaðurinn við brýrnar, auk hluttökunnar í jafnaðarsjóðsláninu. H. þm. V.-Sk. (G. G.) sagði, að bezt væri að skifta uppgjöf lánsins til helminga á sýslufélögin og jafnaðarsjóðinn; en það tel eg óeðlilega skiftingu að svo stöddu.

Eg hygg einnig, að það sé enginn vafi á því, að hinn helmingurinn verði gefinn eftir á næsta þingi, svo framarlega sem það gengur inn á »principið« með einhverja uppgjöf, því að þá er það í raun-inni skuldbundið til að gefa upp þann helminginn, sem á jafnaðarsjóðnum

hvílir. Því er eins varið og með Skjálfandafljótsbrúna, þar sem gefinn var upp fyrri helmingur lánsins 1891, en hinn árið 1897. Og þótt þá liðu 6 ár millum helmingsuppgjafar og heillar, þá hefir skoðun manna í þessu efni breyzt svo á síðari árum, að ekki myndi nærri því eins langur tími þangað til síðari helmingur þessa láns yrði gefinn upp.

Tryggvi Gunnarsson: Af því að hér hefir verið talað um skyldur þingsins og réttmætar kröfur til þess, þá vil eg leyfa mér að gefa upplýsingar í þessu máli, því að eg er því vel kunnugur frá upphafi.

H. þm. Rangv. (S. Á.) sagði sögu brúarinnar um daginn, svo eg fer nú ekki út í það frekara. Milli 1870—80 kom sú ósk í ljós, að brúin væri bygð. Fyrst var eg á móti fyrirtækinu, af ýmsum ástæðum; bæði var þá fremur lítið í landssjóði, og þá var stefna margra þingmanna að auka hann, en ekki eyða úr honum, og svo þótti mér betur fara að sýslurnar sýndu áhuga sinn með því, að leggja sjálfar til nokkuð, en eigi kasta allri byrðinni á landssjóð. Eg sagði því, í þá daga: »Sýn mér trú þína af verkum þínum«, og svo fór loks, að sýslubúar buðust til að borga frá sýslusjóðum 1/3 af kostnaðinum við brúargerðina, eður 20,000 kr., ef landsjóður legði til 40,000 kr. En upp frá því, að sýslubúar höfðu svona sýnt, hversu mikið áhugamál þeim var, að brúin kæmist á, þá gerði eg mitt ítrasta til að málið næði fram að ganga, og það hepnaðist.

Málið gekk fram á þingi, og sýslurnar fengu lán úr landssjóði, til þess þær gætu uppfylt framboð sitt og skuldbindingar. En þegar farið var að byggja brúna, þá sá eg, að svo mikill kostnaður kæmi til að hvíla á amtinu og sýslunni, með gæzlu og viðhaldi brúarinnar, að sú byrði yrði ærið þung; eg kom því fram með þá till., að allir þeir, er um brúna færu, greiddu dálítið gjald, þótt eigi væri hærra en 1/10 af því, sem ferja áður kostaði. En þótt eg gerði þetta að eins til þess, að létta gjaldabyrði á amts- og sýslusjóðum, þá vildu sýslubúar, sem nutu gæðanna og gagnsins af brúnni, ómögulega leggja á sig þetta litla gjald.

En hefði mitt ráð verið tekið þá, þá hefði ekki þurft nú að vera að biðja um uppgjöf á lánum, því tekjur af umferð um brúna hefðu orðið nægilegar til þess, að borga gæzlu á henni og greiða skuld þessa.

Eg hef því eigi getað verið því hlyntur, að landssjóður gæfi upp lánið, því eg álít það alt af rétt, að borgað sé, þegar tekið er lán, og allir verði að búast við því að efna sínar skuldbindingar. Síðast í fyrra var eg mótfallinn eftirgjöf lánsins. En eg hef nú hugleitt þetta mál betur síðan, og séð, að það muni verða erfitt fyrir sýsluna, að borga þetta lán. Þess vegna vil eg aðhyllast það, að gefinn sé upp helmingur lánsins. En eg mótmæli því, að það sé nokkur réttarkrafa eða skylda þingsins, að gefa þetta eftir. Því í rauninni liti þá hið upprunalega framboð sýslnanna út sem narr til þingsins, þannig, að hafa út úr landssjóði fyrst 40,000 kr. í góðri trú til sýslnanna, að þær skilvíslega greiddu sinn 1/3. En með þessari ræðu vil eg þó ekki leggja á móti, að helmingurinn sé gefinn upp, af því eg sé, að sýslurnar hafa nú bundið sér aðra stóra skuldabagga, og þurfa að bæta við vegna vegalagningar og vatnagangs. Eins og eg hef áður sagt, var tollur á brúnni hið eina skynsamlega, þótt ekki hefði verið nema 2—3 aurar fyrir ríðandi menn og klyfjahesta, það hefði dregið sig saman, og þá hefði líka komið í ljós, hverir menn og hverjar sýslur hafi mest gagn af brúnni.

ATKVGR.: Brt. á þskj. 50 feld með 12:11 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	nei:
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Ari Brynjólfsson,
Eggert Benediktss.	Björn Bjarnarson,
Guðl. Guðmundss.,	Hannes Þorsteinss.,
Magnús Andrésson,	Hermann Jónasson,
Ólafur Briem,	Jón Jónsson.
Sigurður Stefánss.,	Lárus H. Bjarnason,
St. Stefánss. þm. Skf.	Ólafur F. Davíðss.,
Þórður J. Thorodds.	Pétur Jónsson,
Þorgr. Þórðarson.	Sighv. Árnason,
Þórh. Bjarnarson.	St. Stefánss þm. Eyf.
	Tryggvi Gunnarss.

Till. á þskj. 32 sþ. með 18:1. Málvísað til 3. umr. með 22 atkv.

Þriðja umr., 8. ágúst (þskj 32, 67).

Þórhallur Bjarnarson: Atkvæðagreiðsluna við 2. umr. þessa máls skildi eg svo, að deildin vildi ekki gefa upp nema helming lánsins, og því hugkvæmdist okkur þm. úr þeim kjördæmum, er skuld þessi hvílir á sem jafnaðarsjóðsgjald, að gefa hinni háttv. deild kost á að greiða atkv. um, hvort hún vildi ekki skifta uppgjöfinni að hálfu á milli jafnaðarsjóðsins og sýsluanna. Þeir ættu þó að standa nær því að fá linun, er aldrei beiddu lánsins og engin not hafa af því, flestir hverir, heldur en hinir. Og eg býst við svo góðu af deildinni, að eftirgjöfinni verði skift jafnt milli allra hlutaðeigenda.

Flutningsm. (Hannes Þorsteinsson): Háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) virðist leggja nokkuð mikið kapp á þetta mál. Vonandi er þó leikurinn ekki til þess gerður, að vilja eyða því algerlega hér á þingi. Eg verð að álíta, að þar sem Rangárvallasýsla og Árnessýsla greiða tvöfalda afborgun af láninu — þær standa fyrir helming lánsins og auk þess greiða þær til jafnaðarsjóðs —, þá sé það sanngjarnt, að þeim sé gefinn upp stærri þátturinn, sá hluti lánsins, er hvílir á sýslufélögum þessum eingöngu. Í fyrra flutti eg frumv. sama efnis og þessi breyt.till. h. þm. Borgf. (Þ. B.), af því, að eins og þá stóð á, áleit eg það vænlegra til sigurs. En Valtýingar feldu það. (*Guðlaugur Guðmundsson*: Það voru ekki þeir!). Ójú, allur þorri þeirra, nema háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.), er gat ekki annað en verið með þá. Það stóð svo á því. Nú vænti eg, að flokkur hans greiði atkv. gegn þessari brtill., eins og þeir gerðu gegn sams konar frumv. í fyrra.

Þórhallur Bjarnarson: Eg flyt ekki þessa breyt.till. með neinu kappi, en hver maður hlýtur að fylgja því máli fram, er hann álítur rétt. Mig furðar það mikillega, að háttv. flutnm. frumv. skuli rísa svo öndverður gegn þessari breyt.till., þar sem málinu að eins er komið í sama búning og hann sjálfur hefir gefið því áður, og er því fjarri mér að vilja eyða málinu. Með þessari breyt.till. frá oss þm. er líka sýslufélögum Rangæinga og Árnesinga mikið gefið upp, því þau greiða góðan helming jafnaðarsjóðsgjalds. Hér er ekki að tala um flokksmál, og slíkt eins og þetta ætti ekki að geta verið flokksmál. Spurningin er að eins sú, hvorir hafi hærri rétt, þeir er beðið hafa um lánið og not hafa af því, eða þeir, sem aldrei hafa um það beðið og engin not af því haft. Eg vil svo ekki fjölyrða meir um það mál.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg get að öllu verið því samþykkur, sem h. þm. Borgf. (Þ. B.) hefir sagt um málið. Eg álít að mikil sanngirni og réttlæti mæli með því, að alt lánið sé gefið upp að hálfu leyti, jafnaðarsjóði helmingur síns láns, og sýslufélögunum helmingur af þeirra láni.

Ut af því sem háttv. þm. Rvk. (Tr. G.) sagði um daginn, skal eg geta þess, að hann hefir ekki heyrt rétt, eða ekki skilið rétt það sem eg sagði þá, er hann vildi herma orð mín svo, að hér lægi fyrir réttmæt krafa um eftirgjöf lánsins, af því að nú væri landssjóður farinn að kosta að öllu leyti brúargerðir, þar sem eins stæði á eins og með Ölfusárbrúna. Það sem eg sagði var það, að ef gengið væri inn á það princip, að gefa Árnessýslu og Rangárvallasýslu upp lán þeirra að sumu leyti, eða öllu, þá ætti Suðuramtið jafnréttmæta kröfu til þess, að fá líka samsvarandi uppgjöf á sínu láni. Eg álít, að hin fjærliggjandi héruð Suðuramtsins, sem hafa þó minni not brúnna en Árnessýsla og Rangárvallasýsla, eigi að minsta kosti jafnmikla kröfu og sýslur þessar á uppgjöf á láninu, ef nokkur uppgjöf verður á annað borð veitt.

Háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) hélt því fram, að ákveðinn þingflokkur hefði greitt atkv. móti málinu í fyrra; þessu mótmæli eg; mér er persónulega kunnugt um, að svo var ekki, enda játaði háttv. þm. (H. Þ.) það sjálfur í öðru orðinu, að sumir úr þeim flokki, sem hann benti til, hefðu greitt atkv. með því. Þetta er líka rétt. Málið var ekki flokksmál á síðasta þingi, og mér þætti það kynlegt, færu þm. nú að skiftast í því eftir þingflokkum. Eg álít að það geti ekki komið til greina, að slík mál sem þetta, þar sem um það eitt er að ræða, að gera öllum rétt og jafnhátt undir höfði, og að sýna öllum réttlæti, eigi að geta orðið flokksmál; því að réttlæti er þó aldrei nema eitt, og hér getur þó varla nokkur neitað því, að fjarlægari héruðin eigi eins ríka réttlætiskröfu til að fá uppgjöf á láni sínu, eins og hin nærliggjandi, og eg tek það aftur upp, sem eg tók fram við 1. umr., að eg get því að eins greitt atkvæði með málinu, að þessi réttlætiskrafa sé tekin til greina. Eg trúi því ekki heldur fyr en eg reyni það, að nokkur flokkur hér á þingi hafi bundist samtökum um, að traðka jafnrétti og sanngirni í þessu máli, þó að eg að vísu hafi heyrt það sagt.

Sigurður Stefánsson: Við 2. umr. þessa máls greiddi eg eina atkv. móti þessu frumv., og eg býst við að gera það enn, því að eg er algjörlega á móti þeirri reglu, sem nú upp á síðkastið er að verða með æ færri og færri undantekningum, þeirri reglu, að þingið gefi eftir hverja réttmæta skuldina við landssjóð á fætur annari. Þetta uppgjafarprincip er að mínu áliti mjög hættulegt, bæði fyrir landssjóðinn og þjóðina sjálfa; með þessum sífeldu uppgjöfum eru tekjur landsins rýrðar og hins vegar óskilsemi alin upp í þjóðinni, og sá hugsunarháttur, að lifa sem mest á landssjóðnum. Þegar eg lít nú á hag landssjóðs, þá sýnist mér hann vera svo, að vér ættum fremur að leitast við að auka tekjur hans, heldur en, eins og hæstv. landsh. komst að orði, að reyna að nota hvert tækifæri til að narta í hann. Þegar þingið nú ár eftir ár hefir gengið svo frá fjárlögunum, að tekjuhalli hefir verið á þeim, þá finst mér vér eigi þurfum að hafa aukaþingin til að auka þennan tekjuhalla; reglulegu þingin eru nóg til þess. Þm. megi ekki ganga of langt í því, að spekúlera í landssjóðnum fyrir kjördæmi sín, þótt slíkt geti stundum komið sér vel við kosningar; en það kemur sér stundum ekki vel fyrir landið í heild sinni, og fyrir það erum vér þó fyrst og fremst þm. Það getur oft verið svo, að sanngirni mæli með ýmsu, sem þó sé eigi hægt að fullnægja, af því einhverjar ástæður banni það, og hér er það einmitt hagur landssjóðs, sem er því til fyrirstöðu, að hægt sé

eða að minsta kosti að hyggilegt sé, að ganga inn á uppgjöf láns þessa.

Og þegar nú athugað er, hvernig þessu láni er háttað, þá sést það, að hér er um skuld að ræða, sem sýslufélögin hafa af fúsum vilja gengist undir að borga; og slíkar skuldir hafa því engan rétt til eftirgjafar, nema einhver knýjandi nauðsyn krefji, en þá nauðsyn sé eg ekki í þessu uppgjafarmáli; þvert á móti: nauðsynin er mest sú, að sem flest kurl komi til grafar af útistandandi eignum landssjóðs.

Eg játa það, að lán þetta muni vera nokkuð þung byrði fyrir hlutaðeigandi sýslufélög; en aðrar sýslur hafa þó eins þungar og enda þyngri byrðar að bera og að því leyti eins mikla sanngirniskröfu til uppgjafar.

Árnessýsla og Rangárvallasýsla hafa lagt mjög lítið fram til brúagerða af eigin fé; landssjóður hefir þar lagt fram stórfé, og við það finst mér sanngirniskrafan til uppgjafarinnar fremur minka en vaxa.

Eigi málið á annað borð að ganga fram í einhverri mynd á þinginu, þá ætti það fremur að vera á þann hátt, sem breyt.till. fer fram á, því að það er þó sanngjarnara, að amtið alt fái uppgjöf á sínum hluta lánsins, en að þessi tvö sýslufélög, sem mest not hafa af brúnni, fái uppgjöfina ein saman. Eg mun því greiða atkv. með breyt.till., en móti frumv. í heild sinni.

Sighvatur Árnason: Það sem h. 2. þm. Ísf. (S. St.) tók fram út af byrðunum á sýslusjóðum Áressýslu og Rangárvallasýslu, var nokkuð athugavert. Hann gat þess, að sýslur þessar mundu ekki leggja fram mikið fé til vegagjörða. En mér er nú kunnugt um það, að þær leggja einmitt fram mikið fé til þeirra. Á hverju ári hefir helmingurinn af sýsluvegagjaldinu í Rangárvallasýslu gengið til landssjóðsvega, og auk þessa hefir þurft að verja stórmiklu fé til sýsluveganna.

Eg skal líka minna háttv. þm. Ísf. (S. St.) á það, að við 2. umr. gat eg um ýmsar byrðar, sem hvíldu á sýslusjóði Rangárvallasýslu fram yfir það, sem aðrar sýslur bæru, bæði lántökur og annað; auk þessa er sýslan að ganga af sér og gjaldþolið því að minka. Það er því ekki rétt, að sú sýsla hafi léttari byrðar að bera en aðrar sýslur landsins.

Flutningsm. (Hannes Þorsteinsson): H. 2. þm. Rangv. (Sighv. A.) hefir þegar svarað því atriði í ræðu h. 2. þm. Isf. (S. St.), að sýslusjóðir Árnessýslu og Rangárvallasýslu hefðu léttar byrðar að bera. — Eg skal að eins bæta því við, að byrðar þeirra eru þungar, meira að segja svo þungar, að þeir eiga erfitt með að rísa undir þeim, nema þá með því, að bæta á sig nýrri lántöku. — Ef sýslufélögin fengju uppgjöf á þessu brúarláni, þá mundi hægjast hagur þeirra, svo að þau gætu varið nokkru fé til ýmissa bráðnauðsynlegra framfara fyrirtækja, sem nú verða að sitja á hakanum vegna fjárskorts. — Þegar á þetta er litið, og á allan hag sýslnanna, þá hygg eg, að ekki sé ástæða til þess, að áfella okkur fyrir, að við viljum narta í landssjóð; við höfum líka farið svo stutt, sem okkur fanst fært, með því að biðja ekki um uppgjöf á öllu láninu, heldur að eins á helmingi þess; við förum ekki fram á, að alúri lánbyrðinni sé létt af sýslunum, því að þess er að gæta, að þær verða að greiða sinn rífa hluta af þeim helmingnum, sem eftir verður. — Eg neita því að vísu ekki, að hér sé um réttmæta skuld að ræða, en hitt er engu síður víst, að það er líka réttmætt, að hún sé gefin upp.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. V Sk. (Guðl. G.) sagði, þá skal eg taka það

fram, að á síðasta þingi kom hann fram með tillögu um uppgjöf á öllu láninu, og vildi koma henni inn í frv. það, sem eg flutti um uppgjöf á brúargæzlukostnaðinum á Ölfusárbrúnni. — Eg skoðaði þessa breyt.till. þá eigi af heilum huga flutta, heldur sem fleyg, til að spilla fyrir málinu, og af framkomu háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) í málinu nú, þá hefi eg sannfærst um, að þessi skoðun mín hafi verið rétt.

Mér þótti háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) taka nokkuð djúpt í árinni, þar sem mér skildist á honum, að hann teldi það rangt, að Árnessýslu og Rangárvallasýslu væri gefinn upp sinn helmingur af láninu, en rétt að gefa amtinu upp þess helming.

Að sjálfsögðu vil eg heldur, að amtinu sé gefinn upp þess helmingur, en að ekkert fáist, en eðlilegast og réttast finst mér þó, að byrjað sé á því, að gefa þessum tveim sýslum upp þeirra helming, og vona eg, að það verði ofan á hjá háttv. deild.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. samþ. með 12 : 10 atkv.

2. breyt.till. samþykt með 12 : 8 atkv.

3. breytingartill. samþ. með 12 : 2 atkv.

Breyting á fyrirsögn frumv. samþykt án atkvæðagr.

Frumv. með áorðnum breytingum samþykt með 17 : 1 atkv., og afgreitt til forseta efri deildar.

Ein umr., 18. ágúst (þgskj. 159).

Hannes Þorsteinsson: Breyting sú, sem hin háttv. efri deild hefir gert á þessu frumv., er ekki fólgin í öðru en því, að ákveða nákvæmlega, frá hvaða tíma uppgjöfin eigi að reiknast, nefnilega frá 6. september 1903. — Þetta var sett inn til þess, að forðast allan vafning síðar meir, eins og eg hefi heyrt að hafi átt sér stað um eftirgjöfina á láninu á brúnni yfir Skjálfandafljót. — Og þetta ákvæði er því heldur til bóta.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþykt með 20 atkv., og afgreitt til landshöfðingja *sem lög frá alþingi.*

Afnám lausafjártframtals.

FRUMVARP til laga um afnám framtals á lausafé og um breyting á gjöldum þeim, er bundin eru við lausafjártíund (þgskj. 30); 1. umr., 4. ágúst.

Flutningsm. (Guðlaugur Guðmundsson): Þetta frumv. var borið upp hér á þingi árið 1899, og var þá vísað til 5 manna nefndar, en frá þeirri nefnd kom aldrei neitt nefndarálit, vegna þess, að tími var þá of lítill til, að athuga málið. — Í nefndinni var raunar enginn ágreiningur um það, að stefna frumv. væri ekki í alla staði heppileg, en ágreiningurinn reis út af því, hvernig fyrirkomulagið ætti að vera á greiðslu á þeim gjöldum, sem hvíla á lausafjártíundinni, sérstaklega að því er snertir tekjur prestanna; með tekjurnar til kirknanna voru aftur á móti engin sérleg vandræði. — Nefndin gat ekki lokið störfum sínum, bæði sökum annarra anna, og sökum þess, að málið var í sjálfu sér umfangsmikið.

Eins og háttv. þingdeild getur séð, þá er aðal-atriðið í þessu frumv., að afnema alt framtal á lausafé til tíundar. — Eg ímynda mér, að allir séu mér samdóma um, að þetta framtal sé bæði vafningsmikið, kostnaðarsamt og óheppilegt, og auk þess í sjálfu sér mjög óeðlilegt. — Það er óeðlilegt, að menn

séu sjálfir að skamta sér grundvöllinn undir, hve mikið gjaldþol þeir hafa.

Á lausafjártíundinni hvíla mörg gjöld, bæði beinir skattar til landssjóðs, tekjur til presta og tekjur til kirkna. — Þessa beinu skatta til landssjóðs fer frumv. fram á að fella alveg burtu, og færa aftur yfir á fasteignirnar, þannig, að skattur af ábúð og afnotum jarða sé hækkaður um helming. — Eg ímynda mér, að allir hljóti að viðurkenna, að lausafjártíundin geti ekki verið réttur eða réttlátur gjaldstofn. — Nú eru sparsemdar- og dugnaðarmennirnir, sem reyna að koma upp hjá sér góðum og miklum búpeningi á litlu jarðnæði, eltir með þungum sköttum og skyldum, þó þeir nálega engin eða alls engin fasteignarráð hafi, en slóðarnir, sem sitja á stórum og góðum jörðum, trassandi alla griparækt, látnir sleppa.

Eg hefi heyrt, að það muni verða fært sem mótbára móti þessu, að viðsjárvert sé og óheppilegt, að hækka þennan skatt á fasteignum nú, af því, að jarðamatið sé svo mjög vitlaust. — En þetta er alls engin mótbára á móti stefnu frumv., og því öldungis óviðkomandi, heldur að eins á móti þessu vitlausa jarðamati; en það getur ætíð staðið til bóta, og þá ber að leiðrétta það.

Eins og háttv. þingdeildarm. mun kunnugt, þá var það ráðgert, þegar síðasta jarðamat var löggilt 1861, að það skyldi endurskoða á 20 ára fresti; en sú endurskoðun hefir ekki enn farið fram. —

Þetta er sem sagt aðal-grundvöllurinn, og af honum leiðir allar hinar einstöku tillögur frumv. um hið nánara fyrirkomulag á tilhöguninni á gjöldum þeim, er nú hvíla á lausafjártíundinni.

Eg skal benda á, að hér er farið fram á, að afnema beinan skatt, og er það í samræmi við þá stefnu, sem mér finst vera að ryðja sér til rúms nú á seinni árum og verða ofan á, að það beri að fækka beinum sköttum, en auka heldur þá óbeinu í staðinn. — Vitaskuld eru óbeinir skattar, dýpra séð, dýrari landsmönnum en þeir beinu, en hins vegar þykir sá gjaldmáti miklu þægilegri.

Eg bendi að eins á þetta vegna þess, að búast má við þeirri mótbáru, að landssjóður sé ekki fær um, að minka beinu skattana, nema eitthvað komi í þeirra stað, og að honum sé íþyngt með þessum lögum; en þar til liggja þá þau svör, að þá liggur næst að bæta honum það upp með óbeinum sköttum eða tollum.

Eins og eg gat um áðan, þá var ágreiningurinn í nefndinni 1899 aðallega um fyrirkomulagið á greiðslu á þeim gjöldum til prestanna, sem nú eru bundin við lausafjártíundina.— Það var gert ráð fyrir, að fela sérstakri nefnd í hverri sókn, að jafna þessum gjöldum niður, í líkingu við eins og nú er gert um kostnað við hljóðfæraslátt og söng í kirkjum. — Þetta sýndist í fyrstu ofur-einfalt, en við nánari yfirvegun kom það brátt í ljós, að á þessu væru ýms vandkvæði; mörg prestaköll eru svo stór, og svo ólíkt hagar til í hinum einstöku hlutum þeirra, að erfitt er að finna réttlátan grundvöll fyrir niðurjöfnuninni fyrir alt prestakallið. — Nú á síðari árum hefir komið upp talsverð hreyfing í landinu í þá átt, að afnema öll bein gjöld til presta og bæta þeim þann tekjumissi úr landssjóði. — Þetta hefir að vísu í för með sér nýjan útgjaldapóst fyrir landssjóð og hann nokkuð stóran. — Mig minnir, að upphæðin fyrir utan jarðeignatekjur af

kirkjujörðum og prestsmötu væri áætluð að nema nálægt 63 þús. kr. á ári. — Engu að síður var þessu víðast hvar vel tekið. — Menn vildu losast við beinu skattana, þó þeir ættu á hættu, að verða að gjalda upphæðina aftur sem óbeina skatta. — En þá var líka farið fram á, að afnema gjöld, sem ekki væru bundin við lausafjártíundina; sérstaklega skal eg nefna lambsfóðrin. — Við höfum nú viljað fara milliveg með því, að færa yfir á landssjóð þau ein gjöld, sem bundin eru við lausafjártíundina, en láta lambsfóður halda sér, eins og nú er. — Það mun víðast láta nærri, að lambsfóðrin nemi 1/8 af tekjum presta, og ef svo er, þá mundi sú útgjaldahækkun, sem frumv. þetta hefði í för með sér fyrir landssjóð, verða nálægt 2/8 af 63,000 kr. eða 42 þúsundir. — Auk þess geri eg ráð fyrir, að tvöföldunin á ábúðarskattinum mundi ekki fyllilega bæta landssjóði upp það beina tap, er hann liði við afnám lausafjárskattsins; mismuninn geri eg um 8 þús. kr. — Öll útgjaldabyrði landssjóðs af þessu frumvarpi mundi því til samans nema nálægt 50 þúsund krónum. — Þessa útgjalda-aukningu yrði auðvitað að vega upp aftur með óbeinum sköttum eða tollum, og skal eg í því efni benda á nokkra nýja tolla, sem vel mætti taka upp, svo sem toll á smjörlíki, útlendri skinnavöru (skófatnaði, leðri og húðum) og tilbúnum fatnaði aðfluttum. — Þessir tollar mundu allir verða all-vinsælir, og almenningur mundi fúslega vilja vinna það til, að losast við lausafjártíundina, en hins vegar mundu þeir að miklu leyti vinna upp það tap, sem landssjóður biði við afnám lausafjártíundarinnar.

Önnur atriði, sem frumv. fer fram á, eru ekki stórvægileg, og standa í sambandi við þetta eina.

Gjöldunum til kirkna höfum við lagt til, að yrði jafnað niður eftir sömu niðurjöfnunarreglum, sem gilda um kostnað við hljóðfæraslátt og söng í kirkjum.

Önnur gjöld, sem gert er ráð fyrir í frumv., svo sem þóknun til hreppstjóra og kostnaður við fátækraflutning, eru auka-atriði. — Um fátækratíund er það að segja, að hún má heita alveg horfin og runnin saman við auka-útsvarið.

Eg geri ráð fyrir, að þetta mál nái ekki að ganga fram nefndarlaust, því hér er um stórt mál og mikilsvert að ræða. — Eg þori heldur ekki að gera ráð fyrir því, að við flutningsmenn höfum verið svo hepnir, að þingdeildin vilji fallast á frumv. óbreytt eða óskoðað, en vil þó ekki gera neina tillögu um það, að setja nefnd í málið að svo stöddu, enda gæti það komið til mála, hvort þá mætti ekki vísa málinu til landbúnaðarnefndarinnar.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.: Áður en gengið væri til atkvæða, datt mér í hug, að lýsa með fáum orðum afstöðu minni til þessa máls.

Eg hafði ekki búist við því, að svo mörg frumv. mundu koma fram á þessu þingi, sem nú er raun orðin á, og sízt bjóst eg við því, að frumv. í þessa átt mundi nú verða borið upp, því eg álít, að það sé svo umfangsmikið, að ekki gæti komið til tals, að fara að fjalla um það á jafn-stuttum þingtíma og vér nú höfum til umráða. Eg hefi ætíð álitið það æskilegt, að afnema framtal á lausafé, því eins og menn nokkuð almennt kannast við, þá leiðir það til freistingar fyrir framteljendur, en alt slíkt er ákjósanlegt að numið sé úr lögum vorum. — En það sem hér í þessu frumv. er sett í stað lausafjártíundarinnar, er bygt á ramskökkum grundvelli. — Eins og háttv. flutningsmaður (Guðl. G.) tók fram, er frumv.

bygt á jarðamatinu, en að byggja á þvílíkum gjaldstofni nær ekki nokkurri átt, þar sem hundraðatal á jörðum í sömu sveit er svo gagnstæðilegt. — Skattur sá sem hvílir á ábúðinni, hlýtur þar af leiðandi að vera mjög ósamkvæmur í sjálfu sér, þegar litið er til hins sanna gildis jarðanna, og því fráleitara er það, að fara nú að tvöfalda þá skatta, sem á þessu eru bygðir. — Eg get ímyndað mér, að komi þetta frumv. til framkvæmda eður nái staðfestingu, þá yrði það til þess, að með öllu yrði ómögulegt, að byggja dýrar jarðir. — Eins og nú stendur á, er það fullerfitt að fá dýrar jarðir bygðar, þar sem búskapur er erfiður og landkostir rýrir, en því fremur mundi þó að þessu kveða, ef þetta frumv. næði fram að ganga. Eg verð því að vera því algerlega mótfallinn, að það verði samþykt, og eg vona, að nefnd sú, er skipuð kann að verða í málið, ráði til, að samþykkja ekki frv. á þessu þingi. — Sérstaklega verð eg að vera mótfallinn allri hækkun á fasteignasköttum, þegar eg lít til míns kjördæmis, borið saman við jarðir í öðrum landshlutum, t. d. Austurland. — Jarðir á Norðurlandi eru miklum mun hærra metnar en á Austurlandi, og það væri mjög óeðlilegt, að fara nú að íþyngja bændum þar enn þá meir með óréttum álögum.

Ólafur F. Davíðsson: Eg verð að taka undir með háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.), er síðast talaði, að mér sýnist frumv. þetta ekki líklegt til þess, að það ætti að verða að lögum.

Eg skal benda háttv. flutningsmanni (Guðl. G.) á, að eg sé ekki betur en í frumv. vanti öll ákvæði um fátækratíundina.

Annars skal eg geta þess, að mér finst það vera mjög varhugavert, að nema nú úr lögum framtal á lausafjártíund, þar sem það um svo langan aldur hefir verið lögheimilaður gjaldstofn, sem allir eru orðnir vanir við, og staðið hefir mörg hundruð ár.

Eg skal svo ekki orðlengja þetta meir, en geri það að tillögu minni, að 5 manna nefnd sé sett í málið.

Sighvatur Arnason: Eg skal ekki lengja umræðurnar mikið á þessu stigi málsins.

Háttv. flutningsm. (Guðl. G.) mintist sérstaklega á eitt atriði í ræðu sinni, er frumv. færi fram á, nefnilega, að tvöfalda skattinn á ábúð og afnotum jarða. — Þetta er auðvitað gert í því skyni, að bæta landssjóði lítils háttar upp þann tekjuhalla, er hann yrði fyrir, ef þessi gjöld, sem hér er um að ræða, yrðu færð yfir á hann; en þetta er þó að eins lítilræði í samanburði við þann kostnaðarauka, sem landssjóður yrði fyrir, ef þessi breyting kæmist á, og eg lít svo á, að ef þetta yrði að lögum, þá mætti segja: »höggur sá, er hlífa skyldi«, ef þingið færi að tvöfalda ábúðarskattinn hjá landbóndanum undir því horfi, sem landbúnaðurinn er í nú á tímum. — Ef við gerum alinina 50 aura, þá er ábúðarskattur af 20 hndr. jörð nú 4 kr., en ef þetta frumv. yrði að lögum, þá yrði hann 8 krónur á ári. — Hér er því eingöngu verið að ráðast á landbóndann, en enga landsmenn aðra, sem losna við þessi gjöld til prests, og álít eg það ekki vera heppilega stefnu fyrir þingið gagnvart þeirri skoðun, að þörf sé á góðum og gildum ráðum til að hjálpa við landbúnaðinum, ef að duga skal. — Eg get ímyndað mér, að margir bændur muni heldur búast við því, að þingið tæki heldur í þann strenginn, að greiða eitthvað fyrir landbóndanum, heldur en að íþyngja honum með nýjum sköttum

í samanburði við aðra, sem sé, að afnema alfarið ábúðarskattinn.

Það er sérstaklega þetta atriði og raunar nokkuð fleiri, sem fæla mig frá því, að gefa þessu frumvarpi atkvæði mitt.

Þar sem það auðséð er tilgangur frumv., að hlynna að prestastéttinni, þá látum það vera út af fyrir sig, en eg vil ekki gera það á þann hátt, að kasta byrðinni sérstaklega á landbúnaðinn.

Eg skal fúslega játa það, að eg hefi áður verið því meðmæltur, að afnema framtal til lausafjártíundar, vegna þess, að eg hefi álitið það hafa siðspillandi áhrif og hafa vanið menn á ólöghlýðni.— En nú má segja, að þetta sé mjög mikið farið að lagast. — Við vitum, að við nú höfum lög, sem gera hreppstjórum það að skyldu, að setja þeim mönnum tíund, sem grunaðir eru um að hafa dregið undan, og mér er kunnugt um, að þetta er töluvert alment notað, þar sem eg þekki til. Þetta hefir orðið til stórmikilla bóta.

Þetta er stærsta atriðið í frumv., sem eg hefi mínst á, um ábúðarskattinn, sem fælir mig frá, að gefa því atkvæði mitt.

Flutnm. (Guðlaugur Guðmundsson): Eg hefi í rauninni litlu að svara tveimur af hinum háttv. ræðumönnum. Því, sem h. 2. þm. Eyf. (St. St.) sagði, svara eg að eins með því, að eg sé ekki að það sé ekki neitt á móti því, að mál þetta sé rætt og athugað á þessu þingi. En eg segi fyrir mitt leyti, eg held því alls ekki fram, að málið sé endanlega afgreitt sem lög frá þessu þingi, því það þarf rækilegs undirbúnings og vandlegrar athugunar áður. Mál þetta lá fyrir þinginu 1899 og vakti þá mikla eftirtekt og athygli, og var það látið í ljósi, að æskilegt væri að svona lagað frumv. gæti komist fram. En eg áleit heppilegt, að koma fram með þetta frumv. á þessu þingi, og vekja máls á því hér, til þess að það gæti komið betur undirbúið undir þingið 1903. Gagnvart því, sem h. 1. þm. Rangæinga (S. Á.) sagði, get eg ekki annað sagt en það, að eftir því sem mér skildist, hefir hann tekið þetta frumv. öfugt í höfuðið og orð mín um það.

Meginatriði frumv. er það, að létta af landbændum lausafjárskattinum og öðrum tíundargjöldum; aftur á móti er farið fram á að hækka ábúðarskattinn, til þess með því, að bæta að nokkru leyti úr tekjumissi landssjóðs, því það hljóta allir að sjá, að það er réttlátara að leggja skatt á fasteign en lausafé. Eg hélt ekki, að h. þm. væri orðinn svo gleyminn á svo stuttum tíma, að hann myndi ekki eftir því, hvernig þessu er varið, frá því hann var í bændastöðu, og vildi því berjast á móti afnámi lausafjártíundar, því honum mun það þó kunnugt, hve tíundar-framteljendur eru eltir af beinum gjöldum og ef hann vill vera að berjast á móti afnámi tíundargjaldanna, þá finst mér megi segja: »Höggur sá, er hlífa skyldi«, Eg get ekki séð, að þetta sé neitt óheppilegt eða ranglátt, né að það komi harðast niður á sveitabændum. Annað slagorð var það hjá h. 1. þm. Rangv. (S. Á.), að eg með þessu vildi ráðast á landbóndann, en hlynna að klerkastéttinni. Eg veit það nú ekki, satt að segja, hvort prestahatur er svo alment hér á landi, að heppilegt sé að »flagga« með slíkum »slagorðum« í þessum sal; en eg vonast til að svo sé ekki, og það er heldur ekki meining frv., að hlynna að prestum fremur en rétt er og lögboðið. Það er að eins farið fram á, að prestum séu endurgoldnar tekjur sínar af lausafjártíund, dagsverkum og offri úr landssjóði, reiknaðar til meðal-

tals í peningum, eftir upphæð þeirra ár hvert hin síðustu 10 ár. Ef þingið næmi eitthvað burtu úr tekjum presta, án þess að setja annað í staðinn, þá skil eg ekki annað en hver dómstóll dæmdi svo eftir stjórnarskránni, að prestar fengju endurgjald fyrir tekjumissi sinn úr landssjóði. Við flutnm. höfum heldur ekki ætlast til, að frv. þetta eða þetta mál gangi nefndarlaust í gegnum þingið. Það yrði þá athugað nákvæmlega hér, og síðar í Ed. En eg vildi óska, að mál þetta gæti komist sem bezt áleiðis, en það er ekki von að þetta þing geti lokið svona umfangsmiklu máli, svo að öllum líki, þar sem tími þess er svo takmarkaður.

Sighvatur Árnason: Mér datt það ekki í hug, að h. flutnm. (G. G) færi að bregða mér um prestahatur; eg þykist ekki hafa sýnt neitt í þá átt hvorki á þessu þingi né öðru. Þar sem hann sagði að frv. þetta hefði það að markmiði, að létta á bændastéttinni, þá get eg ekki annað séð en að það sé augnabliksléttir, þar sem það er yfirfærsla á landssjóð. Eg hygg að svo komi það síðar og máske bráðlega, að bæta landssjóði þetta upp með nýrri gjaldagrein, sem landbóndinn muni trauðlega fara varhluta af.

Flutningsmaður (Guðl. Guðmundsson): Eg ætla að gera þá athugasemd við ræðu 2. þm. Rangv. (S. Á.), að eg var ekki að bregða honum um prestahatur, en mér fanst orð hans bera það með sér, að hann væri að spila á þann streng, sem álítur það fordæmingarsök, ef einhver ann prestum réttdæmis eða vildi gæta hagsmuna þeirrar stéttar. Hinir beinu skattar, sem á lausafénu hvíla, hvíla á bændum öðrum fremur, þar sem óbeinir skattar jafnast á mjög marga aðra en bændur, bæði lausafólk, þurrabúðarfólk og fleiri, sem nú gjalda enga beina skatta í samanburði við bændur. En það er ekki mögulegt, að afnema þenna skatt, nema því að eins, að eitthvað komi í staðinn; það er öllum ljóst. Með þessu móti koma skattarnir jafnara niður.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 atkvæði.

Samþ. í einu hlj. að kjósa 5 manna nefnd.

Þessir voru kosnir í nefndina:

Guðl. Guðmundsson með 20 atkv.
Ólafur Briem með 15 atk.
Jón Magnússon með 13 atkv.
Ólafur Davíðsson með 13 atkv.
Sighvatur Árnason með 12 atkv.,

að vörpuðu hlutkesti milli hans og Ara Brynjólfssonar, er sömuleiðis fekk 12 atkv.

Gjaldfrelsi afréttarlanda.

FRUMVARP til laga um gjaldfrelsi afréttarlanda (þgskj. 45); 1. umr., 8. ágúst.

Flutningsm. (Stefán Stefánsson 2. þm.Skgf.): Þetta frumv. er nú hvorki stórt að umfangi eða efnismikið. Það er fram komið fyrir beinar áskoranir kjósenda í Skagafirði. Við þingmenn kjördæmisins höfum því tekið það til flutnings og vonum, að það gangi greiðlega í gegnum deildina; því að öll sanngirni virðist mæla með því að frv. nái fram að ganga. Ástæðan fyrir frumv. er sú, að 2 hreppar í Skagafirði hafa keypt tvær jarðir, og lagt þær í eyði til þess að auka afréttarland sitt, hina svo nefndu Kolbeinsdalsafrétt, sem að fornu fari lá undir Hólastól og verið hefir gjaldfrjáls, og því virðist rétt að þær séu sömu lögum háðar. Annars skal eg leyfa mér að skírskota til bréfs þess, sem lagt hefir verið fram á lestrarsalnum frá afréttareigendum, þar

sem færðar eru glöggar og góðar ástæður fyrir málinu. Eg ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta litla frv.; en eg get búist við, að það þurfi ef til vill, að laga ýmislegt í frumv. og því full ásæða til að athuga það í nefnd. Eg vil þó ekki stinga upp á sérstakri nefnd, heldur leggja til að málinu sé vísað til nefndarinnar, sem er að athuga afnám framtals á lausafé, því þetta eru í rauninni skyld mál. Vænti eg þess, að h. háttv. nefnd hraði málinu svo, að það nái fram að ganga tímans vegna, og lagfæri það svo, að það verði að öllu leyti vel frambærilegt.

Landshöfðingi: Það sem mér finst einkum athugavert á þessu þingi, er það, að mér virðist alt miða að því, eða öll frumv. fari í þá átt, að leggja ný gjöld á landssjóð, eða rýra þá tekjur hans. Mér er ómögulegt að sjá, hvernig sumar jarðir eiga að fara að losna við ábúðarskatt, þar sem allar jarðir og heilar sveitir hafa slík gjöld. Það gjald, sem hér er um að ræða, getur þó aldrei verið svo mikið, að það skifti mörgum krónum á hvern; það hlýtur að vera sáralítið, þar sem um heil sveitarfélög er að ræða sem í hlut eiga. Eg vil líka vekja athygli á því, að við þetta hverfa gjöld bæði til prests og annara stétta, og fjárveitingarvaldið getur ekki gefið það eftir nema þá með uppbót til hlutaðeigandi stétta. Sama er að segja um sveitarsjóðina og prestana; þeir fara á mis við fátækratíundina, og fara svo ef til vill fram á uppbót úr landssjóði fyrir það. Eg vil því leggja á móti frv. eins og þessu, sem fara í þá átt að narta í landssjóð að óþörfu.

Flutnm. (Stefán Stefánsson, 2. Skagf.): Eg er þakklátur hæstv. landshöfðingja fyrir upplýsingarnar, en síður fyrir undirtektirnar, þar sem mér virtist hann vera á móti þessu litla frv. í hverri mynd sem er. Eg get skilið það, að haft sé á móti því í þeirri mynd, sem það er nú í, en eg skil ekki annað en unt sé að breyta því svo vel megi við una. Það sem vakti fyrir okkur flutnm., var það, að við álitum rétt, að það sama gengi yfir þessar jarðir og önnur afréttarlönd og eldri jarðir, sem eru orðin að afréttum. Réttast væri að gefa út almenn lög um gjaldfrelsi allra afréttarlanda; það er eðlilegra heldur en það sé goldið af sumum en ekki sumum. Þar sem talað er um rýrnun á tekjum presta, þá er hún svo sáralítil, að viðkomandi prestur, prófasturinn í Skagafirði, mun aldrei krefjast uppbótar, enda er hann sjálfur efst á blaði undir þessari áskorun, og eg veit að hann álítur, að enginn embættisbróður hans á landinu muni krefjast uppbótar fyrir svo lítinn tekjumissi. Alla þá agnúa, sem á frv. kunna að vera, ætlast eg til að sú nefnd lagi, sem eg hefi bent á; í henni eru góðir menn og vitrir, sem eg veit að muni laga frv. svo, að hin háttv. nefnd og hæstv. landshöfðingi geti fallist á það.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 13 gegn 10 atkv.

Vísað til nefndarinnar í málinu um afnám lansafjártíundar með 13 atkv. gegn 5.

Gjald af hvölum.

FRUMVARP til laga um gjald af hvölum, sem veiddir eru við Ísland (þgskj. 41); 1. umr. 6. ágúst.

Flutningsmaður (Ari Brynjólfsson): Eg ætla nú ekki að tala mörg orð um frv. þetta; það er bæði stutt og auðskilið. Ástæðan til þess, að eg

kom fram með þetta frv. fyrir háttv. þingd., er sú, að eg hefi fundið sárt til þess, þegar eg hefi séð útlendinga vera að ausa hér upp fé, sem oss verður að engum notum, en mér finst það, þegar útlendingar eru að veiða hér, að það sé ekki nema eðlilegt, að við höfum eitthvað gagn af því. Þeir eru eins og farfuglarnir, koma hingað á vorin og fara svo aftur á haustin með allan gróðann. Eg álít því ekki nema réttmætt, þó lagt sé ofurlítið gjald á þessa menn, því að aldrei verður það mælt við sama mælikvarða og gjöld á innlenda menn, þar sem þessir útlendingar græða svo mikið á slíkri veiði. Önnur ástæðan fyrir þessu frumv. er sú, að eg álít, að hvalaveiðar séu skaðlegar fyrir oss Íslendinga. Auðvitað hefi eg ekki vísindalegar sannanir til þess að sýna fram á það, en það hafa margir greindir menn sagt, og þar að auki hefir reynslan sýnt, að það hefir við rök að styðjast. Eg hefi sjálfur lengi búið við sjó og talað við marga menn, sem segja að það sé hvölunum að þakka, að síld og annar fiskur fælist upp á grunn. Fyrir þessu er fengin full reynsla, að hvalurinn fælir síldina til lands, svo henni verði náð í net og nætur, og vita allir hvað mikill hagur það er fyrir landsmenn. Eg hafði helzt hugsað mér að koma með frumv. þess efnis, að hér við land væru hvalaveiðar með öllu bannaðar. Norðmenn hafa mikið haft á móti slíkum veiðum, og sjá menn á því, að þeir álíta að þær séu skaðlegar. Eg vona því, að hin háttv. deild leyfi frumv. fram að ganga og vísi því til 2. umr.

Björn Bjarnarson: Eg er því mótfallinn að þetta frv. nái fram að ganga, eins og það liggur fyrir, og eg álít, að það séu ýmsir gallar á frv., sem er nauðsynlegt að laga.

Það er fyrst og fremst þar, sem talað er um, í 1. gr., að gjald skuli greiða af þeim hval, sem dreginn er í land, en þetta er of þröngt til orða tekið. Það er hægt að skera hvalinn út á sjó, og þá þarf ekkert að borga. Annar er undanþágan með smáhvali; hvers vegna eiga þeir að sleppa?

Yfirleitt álít eg frumv. óheppilega orðað. Eg álít það líka óheppilega orðað, að helmingur gjaldsins renni í sýslusjóð, en helmingur í jafnaðarsjóð, því jafnaðarsjóðsgjaldið er greitt úr sýslusjóði. Þetta alt hefði þurft að laga, og helzt setja það í nefnd, og vil eg þá stinga upp á 3 manna nefnd.

Ólafur F. Davíðsson: Eg vil mæla með því, að deildin léti þetta frumv. ganga fram nefndarlaust, því að eg álít enga þörf á nefnd; hún er einungis til þess, að seinka fyrir málinu.

Eg er sömu skoðunar og h. flutnm. með það, að eg vildi helzt óska, að hægt væri að banna allar hvalaveiðar hér við land, en er vonlaus um, að frv. í þá átt næði fram að ganga.

Við rekum okkur bráðum á það, hvern skaða þær gera; þess vegna finst mér rétt að reyna, að hafa eitthvert gagn af þessum hvalveiðamönnum, meðan þeir eru að drepa hvalinn. Mér finst það svo einfalt mál, að það sé óþarft að setja það í nefnd. Sá galli á frumv., að smáhvalir sé teknir undan, álít eg sé lítilfjörlegur, en vildi heldur, að tekin væri til viss stærð. Eg álít rétt að láta gjaldið renna alt í jafnaðarsjóði, og ætla mér að koma fram með brtill. í þá átt við 2. umr. Eg vil mæla með því, að málið sé ekki sett í nefnd, og fyrir því vil eg biðja hina háttv. deild að vísa frumv. til 2. umræðu.

ATKVGR.: Visað til 2. umr. með 19 samhlj. atkv.

Felt frá nefnd með 15 : 7.

Önnur umr., 8. ágúst (þskj. 41, 63).

Flutnm. (Ari Brynjólfsson): Frv. þetta fekk svo góðar undirtektir við 1. umr., að eg sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um það nú. En hins vegar verð eg minnast á brtill. þær, sem fram við það eru komnar. Fæstar þeirra eru að vísu efnisbreytingar; flestar miða þær að því að breyta málinu, og játa eg að sumar þeirra muni vera til bóta að því er það snertir.

Fyrsta brtil. er sú, að í staðinn fyrir »i land« komi: að landi; þessari brtill. get eg verið samþykkur, því að hún er líklega heldur til bóta en hitt. Næsta brtill. er það, að í staðinn fyrir: »svo sem hnísur, andarnefjur og háhyrningar«, komi: sem eigi eru 10 álnir milli skurða.

Þessi breyting getur verið góð í sjálfu sér, en eg er þó ekki viss um, að þessi ákvæði séu betri en þau, sem í frumv. standa. Eg hef verið að velta því fyrir mér, hvort það mundi heppilegt, að hafa þessi ákvæði um álnatöluna, og komst að þeirri niðurstöðu, að það mundi ekki vera, sérstaklega vegna eftirlitsins.

Eg hefi heyrt mann, sem verið hefir við hvalaveiðar, segja, að það væri töluvert mismunandi, hvað langt hvalveiðamennirnir skæru hvalina fram á hausinn og aftar á sporðinn. Þetta lengdarákvæði gæti því valdið ágreiningi milli umsjónarmannsins og hvalveiðamannsins. Auk þess þyrfti umsjónarmaðurinn að fara niður í fjöru í hvert skifti, sem hvalur væri fluttur að landi, til þess að mæla hann og segja við hvalveiðamanninn: héðan á að mæla og hingað þarna, því það heitir á milli skurða. Eg vildi því heldur óska þess, að ákvæðinu væri haldið óbreyttu, eins og það er í frv.

Eg var svo óheppinn að fiskifræðingur landsins er ekki heima í bænum nú, því að til hans ætlaði eg að fara, og fá að vita hjá honum nöfnin á smáhvölum þeim, sem eg hefði talið rétt að þiggja undan gjaldinu. Það má því vel vera, að slept sé úr einhverjum smáhvölum, sem ástæða væri til að nefna; en eg vona, að þeir h. þm., sem fróðir kunna að vera um hvalanöfn, gefi mér leiðbeiningar um þetta. Það getur og vel komið fyrir, að hvalir séu fluttir að landi annarstaðar en þar, sem umsjónarmaður er fyrir; og hver á svo í slíkum tilfellum að mæla hvalina og skera úr, hvort gjaldið skuli greiða eða ekki? Líka getur það vel komið fyrir, að búið sé að skera hvalinn, áður en umsjónarmaður kemur, og þá verður hann að hlíta annara sögusögn um lengd hans. Að öllu þessu athuguðu, vona eg að h. deild fallist heldur á ákvæði frv. en brtill.

Þriðja brtill. er sjálfsögð, og er eg h. þm. (Ó. D.) þakklátur fyrir hana, því að hún bætir málið á frv.

Þá kemur sú brtill. að orðin »fyrir hvern hval« falli burtu; það getur verið að þessi breyting sé góð, og er mér ekkert kappsmál um hana, ef hún leiðir eigi til þess, að svo megi skilja frv., að eigi þurfi að greiða gjaldið fyr en hvalskurði sé lokið það og það árið. Slíkur efi getur ekki komið fram, eins og frv.greinin er orðuð, og er hún því öllu ljósari en brtill.

Þá kem eg að þeirri brtill, sem er aðalbreytingin, nefnilega þeirri, að gjaldið skuli alt renna í jafnaðarsjóð, í stað þess, sem í frv. er ætlast til, að helmingur renni í sýslusjóð og að eins helmingur í jafnaðarsjóð. Þessari brt. get eg ekki verið samþykkur. Að vísu veit eg, að sumir kunna að ætla, að hér komi hreppapólitíkin í ljós. Eg læt menn um það, en bið þá þó að gæta þess, að hvalir eru veiddir miklu

víðar en í S.-Múl., og margt bendir á, að hvalveiðarnar muni smámsaman færast kringum alt land, og þá getur ákvæði frv. ekki lengur talist hreppapólitík.

Mér þykir það mjög heppilegt og sanngjarnt, að helmingur gjaldsins renni í hlutaðeigandi sýslusjóð, því eg fæ ekki betur séð en að hvalveiðar séu til tjóns fyrir hverja sýslu, sem þær eru stundaðar í, nema ef vera skyldi fyrir hreppinn, sem hvalveiðamennirnir hafa bækistöðu sína í. Eg skal að eins minnast á hvalkaupin í þessu sambandi. Það er satt, að í sjálfu sér er hvalurinn ekki dýr; en þegar menn verða að eyða, ekki dögum, heldur vikum af dýrmætum vinnutíma til að sækja hann, þá fer hann að verða of dýr, og tjón fyrir bændur að leggja sig eftir að afla hans á þann hátt, að eyða löngum og dýrmætum tíma frá heimilum sínum, og vilji menn flytja hann með strandbátunum, þá legst á hann fragt, út- og upp-skipun, líka 1 eyrir á hvert pund til þess, sem útvegar hann hjá hvalveiðamönnunum.

Hvalveiðunum fylgir auk þess óþverri og óþrifnaður; stundum spilla hvalveiðamenn veiðarfærum landsbúanna með því, að hvalgrindur reka á þau. Þegar það er athugað, að alt þetta kemur harðast niður á sýslunni, sem hvalveiðarnar eru reknar frá, þá finst mér það svo eðlilegt, að helmingurinn af gjaldinu af hvölunum sé látinn renna í hlutaðeigandi sýslusjóð.

Fleiri verulegar breytingar eru eigi komnar fram, nema sú, að sektirnar skuli renna í landssjóð, og hef eg ekkert að athuga; álít meir að segja sanngjarnt að þrír almennir sjóðir geti haft gott af lögum þessum.

Ólafur F. Davíðsson: Eg skal strax taka það fram, að mér er ekki kappsmál með brtill. minar, og get eg verið stuttorður um þær, því að h. 2. þm. S.-Múl. (A. Br.) hefir þegar tekið af mér ómakið.

Flestar af brt. stefna eingöngu að því, að bæta málið á frv., og er óþarfi að fjölyrða um þær.

Fyrsta af brtill. stafar af því, að eg kann betur við að segja, að hvalir séu dregnir »að landi« en »í land«. Að því er aðra brt. snertir, þá tel eg það heppilegra, að taka beinlínis til lengdina á hvölum þeim, er gjaldið á að greiðast af, en að orða það eins og gert er í frv., svo sem hnísur o. s. frv., þannig, að gjaldið skuli lagt á alla þá hvali, sem ná líkri stærð og þeir, sem upp eru taldir í frv. Þetta er all óákveðið, og hefði, ef vel hefði átt að vera, þurft að telja upp allar þær smá-hvalategundir, sem gjald skyldi greitt af.

Það er sízt ókleifara fyrir hreppstjórann að heimta gjaldið af hvölunum eftir ákvæðum brtill., en eftir ákvæðum frv.; því að þurfi hann að ganga á fjöruna til þess að vita um lengd hvalsins, þá þarf hann þess engu síður, ef hann þarf að vita, hvaða hvalur hefir verið dreginn á land, hvort heldur það hefir verið hnísa, andarnefja eða háhyrningur o s. frv. Þriðja breyt.till. er að eins orðabreyting.

Orðin, sem fjórða brt. fer fram á að numin séu á braut, eru óþörf; þau eru að eins endurtekning á því, sem á undan er komið.

Fimta breytingin er, eins og h. þm. (A. Br.) tók fram, aðalbreytingin. Eg lít svo á, að réttara væri að alt gjaldið rynni í jafnaðarsjóð, svo að allar sýslur í amtinu nytu góðs af því.

Það er alkunnagt að hvalveiðamennirnir veiða alls eigi hvali sína úti fyrir þeirri sýslu einni, þar sem þeir hafa

stöðvar sínar, og ef gjaldið af hvölunum á að skoða sem bætur fyrir skaða þann, er vér álítum að hvalveiðarnar hafi í för með sér, þá sýnist mér það réttast, að það renni óskift í jafnaðarsjóð.

Mér er kunnugt um það, að hvalveiðamennirnir á Norðfirði og Mjóafirði munu veiða flesta eða alla hvali sína annarstaðar en fyrir landi S.-Múl.; þeir veiða þá fyrir austan Langanes og norðan, eða fyrir landi N.-Múl. og N.-Þing.

Sjöttu brt. hef eg borið fram af því, að mér finst, eftir því, sem orðum er hagað í frv., að sekt sé lögð við því einu, að röng skýrsla sé gefin, en ekki við því, þótt eitthvað sé dregið undan af veiðinni. Þetta getur þó varla verið tilætlunin, og á brt. að laga það. Þá hef eg og lagt það til, að sektirnar renni í landssjóð, því að eg álít það eðlilegast.

Sjöunda brt. er afleiðing af hinni fimtu og hef eg því ekki meira um hana að segja.

Að endingu skal eg leyfa mér að mæla með því, að h. deild lofi máli þessu að ganga fram. Eg álít það alveg réttlátt, að dálítið aukið gjald sé lagt á hvalveiðamennina, því að eins og eg tók fram við 1. umr., álít eg að veiðar þeirra séu, þegar alls er gætt, til stórskaða fyrir landið, og hefði eg haft von um að fá nægilegt fylgi, mundi eg hafa borið fram frv. í þá átt, að hindra hvalveiðar hér við land eða jafnvel banna þær með öllu. En þá von hefði eg ekki né hef, að slíku muni geta orðið framgengt að svo stöddu.

Það hefir áður verið borið fram frv. í þá átt hér á þingi, og féll þar, sjálfsagt maðfram fyrir till. fiskifræðings landsins, sem hefir haft þá skoðun, að hvalveiðarnar og uppræting hvalanna hafi ekki skaðleg áhrif á fiskiveiðar hér við land. Eg geri ráð fyrir, að fiskifræðingurinn hafi enn eigi breytt skoðun sinni á þessu, og að ýmsir muni þeir vera, er taki svo mikið tillit til skoðunar þessa manns, að erfitt muni að fá komið á hvalveiðabanni, meðan hann telur hvalveiðarnar ekki varúðarverðar fyrir fiskiveiðarnar.

Sigurður Stefánsson: Þetta mun vera í 3. skiftið á þingi, sem farið er fram á að hækka eða leggja ný gjöld á hvalveiðamenn hér á landi. Í sjálfu sér getur nú ekkert verið á móti því, sé sanngirnis og jafnréttis gætt í álögunum á þessa menn; en íþyngi löggjafarvaldið þessum mönnum með sífeldum skattálögum, fremur en öðrum borgurum þjóðfélagsins, þá er ekki alt með feldu með sanngirni löggjafarvaldsins gagnvart þeim. Aðalhvötin til hinna sífeldu gjaldhækkunar á þessum atvinnuvegi virðist vera sú, að menn eru hræddir um, að hvalveiðarnar hér við land muni spilla fiskiveiðum Íslendinga; en það hefir verið sýnt fram á það, að sá ótti er ímyndun ein, enda hefir reynslan bezt sýnt það. Þetta hefir bezt sést á Vestfjörðum og við Ísafjarðardjúp, þar sem hvalveiðar hafa verið reknar í 20 ár. Þar hefir reynslan sannfært menn um, að veiðar þessar hafa ekki allra minstu áhrif á síldar- eða fiskigöngur. Þessi ótti fyrir því, að hvalveiðar spilli síldar- og fiskiveiðum, er þar vestra nú orðið talinn ástæðulaus og enda hégilja ein. En það má rekja þennan ótta eftir sömu braut og veiðarnar hafa gengið í kringum landið. 1898 þótti síldarveiði rýrna á Eyjafirði, og þá heyrðust brátt þær raddir þar nyrðra, að það væri hvalveiðunum að kenna, og þessi ótti varð til þess, að þingið 1899 hækkaði álögurnar á hvalveiðamönnunum. En háttv. þm. S.-Múl. (A. Br.) tekur nú enn þá dýpra í árinni, og heldur því fram, að þær muni eyðileggja fiskiveiðar vorar. En hvað sýnir nú reynslan einmitt á Eyja-

firði? Síðan 1899 hafa hvalaveiðar verið reknar hvað kappsamlegast úti fyrir Eyjafirði, en þar hafa síðan verið einhver hin beztu fiskiár og síldarafli frábærlega góður. Oss vantar að vísu alla vísindalega þekkingu á fiski- og síldargöngum og sambandi þeirra við þessar veiðar, en reynslan er oftast áreiðanlegasti kennarinn. Það hafa hvorki á Vesturlandi eða Norðurlandi komið fram nein sýnileg áhrif hvalaveiða á fiskiveiðar eða síldarveiðar, sem ætla megi að spilli þeim. Þessir menn, sem reka hér hvalaveiðar, eru nú orðið með hæstu gjaldendum landssjóðsins, þeir eru máttarstoðir sveitanna þar sem þeir dvelja, og þeir veita svo mörgum mönnum atvinnu, að engin ástæða virðist til þess að reyna að bola þeim burtu með því að leggja tiltölulega hærri gjöld og álögur á þá en aðra. Háttv. flutnm. (Ari Br.) sagði, að Norðmenn væri búnir að banna hvalaveiðar í Noregi; þetta er beinlínis rangt. Í Noregi eru engin slík bannlög til.

Aðalútflutningsvara hvalveiðmanna er lýsið, en af því gjalda þeir miklu hærra útflutningsgjald en af öðru lýsi; þeir borga $^2/_5$ hlutum hærra gjald af lýsi en Íslendingar. Þangað til 1899 höfðu hvalveiðamenn goldið sama gjald af lýsi og aðrir eða 30 aura af tunnunni, en þá var það hækkað upp í 50 aura. Af þessu geta menn séð, að þeir verða að sæta þyngri kostum en aðrir borgarar hins íslenzka þjóðfélags. Þá var líka bætt við þremur nýjum tollum á hvalafurðir, sem sé 25 a. á hver 100 pd. af hvalkjötsmjöli, 10 a. á hver 100 pd. af guano og 10 a. á hver 100 pd. af hvalbeinamjöli.

Það var tekið fram við 1. umr. þessa máls, að með þessum veiðum myndu hvalir verða eyðilagðir hér við land; en ekki lítur út fyrir að nokkur þurður sé á þeim, og segja Norðmenn sjálfir að svo muni ekki vera. Þegar nú þessir tollar, sem hvalveiðamenn verða að gjalda, eru bornir saman við gjöld annara íslenzkra borgara af sjávarafurðum sínum, þá mun láta nærri, að útgjöld Norðmanna séu 6% hærri. Af þessu sést, að það er ekki lítið gagn, sem landssjóður hefir af þessum mönnum og þeirra útveg; útflutningsgjald það sem þeir greiða er hærra en alt útflutningsgjald annarra landsmanna af fiski og lýsi. Áður en tollurinn var hækkaður á hvallýsinu, nam þetta gjald í Ísafjarðarsýslu einni 17 þús. kr. árið 1898; en nú er óhætt að margfalda þessa tölu með 2. Útflutningsgjaldið er nú samkvæmt fjárlögunum áætlað 55 þús. kr., og þar af borga hvalaveiðamenn sjálfsagt fulla $^3/_5$. Þeir eru því stærstu gjaldendurnir hér á landi í raun og veru. Það er satt, að það veitir ekki af að auka tekjur landssjóðs; en það á ekki að auka þær með því, að sýna einstökum atvinnuveg eða einstökum gjaldendum ójöfnuð. Mér finst því mjög svo varhugavert, og langt frá að brýn þörf sé á, að leggja á þessa menn nýja skatta. Þetta eru nú alt almennar athugasemdir; en svo ætlaði eg að víkja að frumv. sjálfu. Eg mun eigi gera þetta að kappsmáli; en það verð eg að segja, að frumv. þetta er fjarri allri sanngirni eins og það er orðað. Frumv. ber það auðsjáanlega með sér, að háttv. flutnm. þess muni þekkja sárlítið til þessara veiða, — það þarf ekki annað en lesa 1. gr. frumv. til þess að sjá það. Fyrst er talað um það, að hver sá sem hvalaveiðar rekur við Ísland skuli greiða 50 kr. af hverjum hval. Norðmenn veiða hér 3 tegundir hvala aðallega, það er fyrst og fremst »Blaahval« sem þeir kalla, eða reyðarhvalur, og »Finhval« og »Knöl-

hval« eða hnúðurbakur. Munurinn á stærð og gæðum þessara hvala er geysimikill; eftir því sem þeir segja, þarf 3 af hinum svo kölluðu »Finhvölum« til þess að jafnast við einn »Blaahval« eða reyðarhval, og 8–10 hnúðurbaka á móti einum meðal »Blaahval«. Finst mönnum þá sanngjarnt, að borgað sé jafnhátt gjald af hverjum þessara hvala um sig eins og gert er í þessu frumv.? Mér finst að ef þetta gjald er lagt á þá, þá eigi að gera það með dálitið meiri sanngirni. Að leggja jafnt gjald á alla hvali, sem hvalveiðamenn veiða, er álíka réttlátt og ef gjalda ætti sama skatt af mánaðargömlum kálfi og snemmbærri kú. Að ganga þannig fram hjá rétti og sanngirni, getur þó hin háttv. deild og þingið í heild sinni naumast verið þekt fyrir. Í 1. gr. frumv. eru undanþegnir gjaldinu smáhvalir, svo sem hnísur, andarnefjur og háhyrningar. Þessi undantekning er óþörf af þeirri ástæðu, að hvalveiðamenn veiða alls ekki þessa og aðra smáhvali, vegna þess þeim þykir það ekki borga sig. Eg held meira að segja að Norðmenn veiði alls ekki nema tannhvali; þeir veiða ekki nema þessar 3 tegundir, sem eg nefndi áðan.

En þá kemur breyt.till. á þgskj. 63. Þar er þessari upptalningu á smáhvölunum slept og ákvæðinu breytt þannig, að undanþegnir þessu 50 kr. gjaldi séu hvalir, sem eru ekki meira en 10 álnir á milli skurða. Þessi breyting finst mér vera enn verri en sjálft frumv. Hver á að skera úr, hvort hvalirnir eru 10 álnir milli skurða eða ekki, og hver á að skera úr því, hvar hvalurinn er skorinn? Það er enginn háls á hvalnum, svo að hægt sé að skera hann á háls. Auk þess eru það ekki litlir hvalir, sem eru 10 álnir á milli skurða, ef hausinn er talinn frá, sem óhætt má telja $^1/_3$ af lengd hvalsins. Eg álít að þetta eftirlit sé aldeilis ómögulegt. Það eru ekki hreppstjórar alt af við hendina þar sem komið er með hval að landi. (*Ólafur F. Davíðsson*: Þeir geta haft umboðsmenn.). Eg sé ekki annað en það sé lítt mögulegt að hafa slíka umboðsmenn alstaðar og þá yrði eftirlitið æði-ónákvæmt. Í 1. gr. frv. er talað um, að goldið sé af hverjum hval, sem dreginn er »í land«, en breyt.till. vill hafa þetta »að landi«. Þarna álít eg breytinguna einnig til hins verra. Þetta »að landi« má skilja svo, að gjaldið eigi að greiðast þar, sem hvalveiðamenn á veiðum sínum flytja hvalina uppundir land og leggja þeim þar meðan þeir eru að sækja meiri veiði, eins og þeir oft gjöra t. d. á Siglufirði, en það mun þó ekki eiga að vera meining breyt.till., heldur eigi að greiða gjaldið þar, sem hvalurinn er skorinn. Ef orðin eru höfð »í land«, þá er þar með auðvitað meint: þar sem hann er skorinn.

Annars finst mér, að réttast væri að fella þetta frv. algerlega, því mér finst engin þörf á og ekkert mæla með því, að þessum mönnum sé íþyngt sérstaklega. En ef það verður ekki gert, þá þarf að breyta því mjög mikið, þar á meðal að þetta 50 kr. gjald væri ekki lagt á alla hvali, hvort sem þeir eru stórir eða litlir. Smáhvalina þyrfti alls ekki að telja með, því að þá dettur Norðmönnum ekki í hug að veiða. Lög þessi ættu ekki að taka fram nema þessar 3 tegundir hvala, og ætti gjaldið af þeim að vera mismunandi, og mun eg við 3. umr. þessa máls koma fram með slíka brt., að greitt sé þá af hvölunum mismunandi gjald eftir stærð. Það lítur helzt svo út, sem mönnum sé illa við þessa hvalaveiðamenn, fyrir það að þeir bæta úr atvinnuleysinu, mynda stóra atvinnugrein í landinu, gjalda stórfé til fátækra, og auka tekjur lands-

sjóðs meir en flestir aðrir gjaldendur hans. Þar að auki eru það ekki lítil hlunnindi fyrir landsmenn, allur sá hvalur, sem þeir fá hjá þessum mönnum, til manneldis. Það var réttilega tekið fram, af háttv. þm. N.-Múl. (Ól. Dav.), að hvalir eru minst veiddir þar sem hvalveiðamennirnir eru búsettir. Ef eg skil rétt, þá er aðlast til að þetta gjald renni í jafnaðarsjóðina; en hvers vegna má það ekki renna beina leið í landssjóð? Ef svo er, þá skilst mér ekki annað en þetta verði mestur ágóði fyrir jafnaðarsjóð Vesturamtsins, þar sem hvalaveiðar eru mestar á Vesturlandi. Mér finst það, að vera að greiða þetta í aðra sjóði en landssjóð, vera dálítil hreppapólitík, þó eg reyndar leggi ekki svo mikla áherzlu á þetta atriði. Það er svo margt að athuga við þetta frv., að mér virðist fylsta ástæða til að setja það í nefnd. Eg skil það, að mönnum sárni að sjá útlendinga ausa upp auði hér við land í lagabanni; en það er óeðlilegt, að sjá ofsjónum yfir því, að hingað komi menn með auð fjár, sem mynda nýja atvinnugrein fyrir landsmenn, og auka tekjur landsjóðs, og því fremur, sem enginn getur með sanni sagt, að þeir geri atvinnuvegum landsmanna hið minsta tjón. Mér finst því óeðlilegt og ósanngjarnt, að leggja gjöld á þessa menn. Eg vil leyfa mér að stinga upp á því, að kosin sé 3 manna nefnd, verði þetta frv. látið fara lengra.

Flutningsm. (Ari Brynjólfsson): Háttv. 2. þm. Ísf. (Sig. St.) hefir nú gert alt til þess, að rífa þetta litla frv. í sundur, og með því gert tilraun til að eyðileggja það, enda mun það líka vera tilgangurinn. Hann byrjaði með því, að lýsa vorkunn sinni yfir hvalaveiðamönnunum, og slá hendi yfir þá, með því að segja, að þeir gjaldi of hátt og þeirra gjöld séu meira en nóg og alt of mikil. En eg álít nú að þeir gjaldi alls ekki of mikið til almennra þarfa, þótt ofurlítið gjald sé enn lagt á þá, menn, sem bera jafn-mikið upp á veiði sinni, og græða jafn-mikið hér við land og hvalveiðamennirnir, því að eg álít að þeir borgi ekki meira til almennra þarfa en hver annar, bæði eg og hann o. fl. Það eru til menn, sem reka hér veiði við landið og eg vil segja að borgi meira en hvalveiðamenn og það eru síldarveiðamennirnir t. d., sem mega borga $^1/_{25}$ part af sínum gróða í landshlut, en aftur á móti borga hvalaveiðamennirnir að eins $^1/_{30}$ og $^1/_{40}$ part. Það skal eg að vísu játa, að eg er ekki kunnugur hvalveiðamönnum, en það er þó hyggja mín, að þeir borgi ekki jafnmikið og síldarveiðamenn, og því síður að þeir borgi eins mikið til hinc opinbera og fátæk alþýða þarf að gera. Eg get því ekki séð, að þetta gjald, sem frv. fer fram á, sé ranglátt. En að gera greinarmun á hvölunum, eins og h. 2. þm. Ísf. (Sig. Stef.) gerði, það er að vísu rétt og eg áleit það líka. En mér fanst, að það mundi valda erfiðleikum með eftirlitið, ef mismunandi upphæðir væri settar fyrir hvern hval frá 20 kr. upp í 70—80 kr. 50 kr. áleit eg því meðalveg fyrir borgunina af hverjum hval. Hvað það snertir, að þeir veiði ekki nema 3 tegundir af hvölum fyrir vestan, skal eg ekkert um segja, en fyrir austan veit eg um það, að þeir veiða alt, sem þeir ná í. En hvað því viðvíkur, að það spilli fiski og síldarveiðum, þá held eg, að eg og h. 2. þm. Ísf. (Sig. Stef.) séum hér um bil jafnfróðir báðir í því. Reynslan sýnir það bezt, og eg held mér fast við það, að hvalirnir reki síldina upp að landi, ef hún er til í fjörðum þar, sem þeir eru að sveima, svo landsmenn geta fiskað hana í net og nætur, sem er mikil auðsuppspretta fyrir landsmenn, og er ekki áhorfsmál

að hvalaveiðin á að rýma fyrir síldarveiðinni. Að menn þessir gjaldi mikið til opinberra þarfa af lýsi, beinamjöli (guano) o. s. frv., þá gerum við það líka af okkar afurðum og því sem við veiðum. En að undantaka þá, þó að þeir hafi útvegað mönnum atvinnu o. s.frv., finst mér ekki rétt, og get enga ástæðu séð til þess. En um eitt getum við víst allir verið sammála, og það er það, að ómögulegt er annað en að hvalirnir eyðist með þessari stöðugu veiði. Því eins og h. 2. þm. Ísf. veit eins vel og eg, þá er viðkoman lítil hjá þessum skepnum, því þær eiga ekki nema eitt afkvæmi, sumir segja á þriggja ára fresti. Eða, eg vil leyfa mér að spyrja, hvort það sé framfarastig að eyðileggja þessar stóru skepnur, sem eru að sveima í kringum land vort og koma mörgu góðu til leiðar.

Viðvíkjandi því, að það sé ósanngjarnt, að þetta gjald renni í sýslusjóð og jafnaðarsjóð, þar sem hvalirnir séu veiddir hingað og þangað, en eg skil ekki, að það saki neinn, hvar hvalurinn er skotinn, það varðar mestu hvar hann er skorinn. Þar sem hvalveiðastöðvar eru, þangað safnast menn ofan úr sveitunum, og alstaðar að og vanrækja störf sín heima, en bera svo ekki annað úr býtum en það, að þeir koma aftur með skuldir á baki. Eg get ekki ímyndað mér annað en að h. 2. þm. Ísf. (Sig. St.), sem er sjálfsagt samvizkusamur maður, eins og allir prestar ættu að vera, hljóti að líta á aðferðin, sem höfð er við þessa veiði. Mér finst að prestarnir ættu manna helzt að styðja okkur í því, að eyðileggja þessa veiði. Það ber öllum saman um það, að ekki sé til hroðalegri veiðiaðferð en hvalaveiðarnar. Eg hefi meira að segja heyrt, að það væru margir menn, sem alls ekki þyldu að vera á hvalveiðaskipum og horfa upp á þær kvalir, sem hvalurinn þolir, og heyra á hans angistarfulla kvalavein, eins og eðlilegt er, þar sem sprengiskóli er skotið inn í skepnuna og hún æðir áfram í dauðans ofboði, með skipið á eftir sér, fram og aftur um sjóinn. Mér finst, að hér væri verkefni fyrir dýraverndunarfélög, til þess að styðja að því eftir megni, að gera þessum morðvörgum það ómögulegt, að æða í kringum landið og eyðileggja þessar fögru, nytsömu og stóru skepnur og drepa þær á svo voðalegan og hryllilegan hátt, að manni getur blöskrað að hugsa til þess.

Þorgrímur Þórðarson: Eg er meðmæltur þessu frv., ekki af þeirri ástæðu, að eg sé svo hræddur við hin skaðlegu áhrif hvalaveiðanna á fisk- og síldargöngur, því um það atriði er eg á sömu skoðun og h. 2. þm. Ísf. (Sig. Stef.), að fiskurinn og síldin fylgi sem sé eðlishvöt sinni, þegar þau leita upp að landinu, en séu ekki rekin þangað af hvölunum. En eg er meðmæltur því af annari ástæðu, sem sé þeirri, að ef þessu hvaladrápi heldur áfram eins og hingað til hefir verið, þá hljóti alveg að taka fyrir alla hvalreka, en af þeim hafa heil héruð ár eftir ár haft ákaflega mikið gagn. Eg skal nefna t. d. Hornafjörð; þar hafa hvalrekar áður verið þetta 1—2 á ári. Í 16, sem eg hefi verið í Hornafirði, hafa verið drepnir um 20 hvalir, og það á þeim tíma, sem harðast er manna á milli. Það er vitanlegt um þessi dýr, að þau byrja mjög seint að æxla sig, og að viðkoman er mjög lítil, eitt afkvæmi á 2—3 árum, svo að það má ganga út frá því sem vísu, að með tímanum deyi þessi dýrategund alveg út, ef haldið verður áfram eins og að undanförnu, því hér er eiginlega ekki um hvalaveiðar að tala, heldur um hvalaeyðingu.

Af þessum ástæðum álít eg þennan skatt vera fyllilega réttmætan, en um hitt get eg verið h. 2. þm. Ísf. (Sig. Stef.) fyllilega sammála, að það er ósanngjarnt, að leggja sama skatt, 50 kr., á allar hvalategundir, því þeir geta verið mjög misjafnir, og fer það eins og kunnugt er aðallega eftir því, hve mikið spik er á hvalnum, hvers virði hann er.

Eg skal að endingu leyfa mér að stinga upp á, að 3 manna nefnd verði sett í málið.

Ólafur F. Davíðsson: Eg hafði ekki búist við því, að þetta litla frv mundi mæta þeirri mótspyrnu hér í deildinni, sem raun hefir á orðið. Auðvitað vissi eg það, að h. 2. þm. Ísf. (Sig. Stef.) er ætið búinn til að taka málstað þessara norsku hvalveiðamanna, þegar tækifæri býðst; en þetta gjald er sannast að segja svo lítið, að ekki virðist vera nein sérleg ástæða til þess í þetta sinn. Það er satt að vísu, að þessir norsku hvalveiðamenn munu gjalda töluverða skatta; en það er hlutfallslega ekki meira, þegar haft er tillit til þess arðs, sem þeir hafa af veiðunum, en innlendir menn borga, og að öllum líkindum miklu minna. *(Sigurður Stefánsson*: Þeir borga miklu meira). Eg er sannfærður um, að h. þm. getur ekki búið til reikning, sem með réttum tölum sanni, að þeir borgi meira. Eg hugsa að það sé engin veiði rekin, að minsta kosti hér við land, er arðbetri sé en hvaladráp, ekki einu sinni síldarveiðar. Að vera að deila við h. 2. þm. Ísf. (Sig. Stef.) um það, hvort hvalaveiðar geri síldargöngum skaða eða ekki, er líklega til lítils. Við getum báðir jafnlítið sannað um það. Eg vil ekki halda því fram, að fengin sé fullkomin reynsla fyrir því, að hvalaveiðar skaði síldargöngur, en því mótmæli eg, að fengin sé nokkur reynsla fyrir því, að þær geri það ekki. Þó síldarveiði sé enn á Eyjafirði, þá er það í fyrsta lagi aðallega síðastliðið ár, sem nokkur síld hefir veiðst þar að mun, síðan hvalaveiðar fóru að tíðkast þar, og í öðru lagi er það víst, að síld er þar miklu minni nú en fyrir 20—30 árum, þegar eg átti heima við Eyjafjörð. Hvort það er hvalaveiðunum að kenna, skal eg ekki leggja dóm á; en mín skoðun á því hefir alveg eins mikið gildi eins og skoðun h. þm. Ísf. (Sig. Stef.). Hinu skil eg ekki í, að nokkur geti neitað, að útlit sé fyrir, að hvalnum verði gjöreytt með tímanum, þegar þess er gætt, að þessir tveir hvalveiðamenn á Austurlandi voru þegar eg fór að heiman, búnir að drepa 200 hvali, og að hinu leytinu öllum er vitanlegt, að þessar skepnur byrja seint að æxlast og eiga ekki fleiri afkvæmi en eitt á 2—3 árum. Þetta eru ekki hvalaveiðar, heldur hvalauppræting.

Eg skal játa það, að í sjálfu sér er það ekki eðlilegt, að leggja sama gjald á alla hvali; en eg ímynda mér, að flutnm. (A. B.) hafi gert það af því, að honum hefir þótt örðugt viðfangs, að þurfa að telja upp allar hvalategundir. Það getur nefnilega vel verið, að hvalaveiðamenn á Vesturlandi skjóti ekki nema þrjár tegundir; mér er ókunnugt um það; en á Austurlandi veit eg að að þeir skjóta alla hvali, hvað smáir sem þeir annars eru, ef þeir geta borgað skotið, enda eru þeir farnir að neyðast til þess, því það er ekki orðið svo ýkja mikið eftir af hvölunum hér við Ísland; þeir eru óðum að hverfa.

Það sem h. 2. þm. Ísf. (Sig. Stef.) fann að brt. mínum, fanst mér ekki mikils virði.

Hvað snertir fyrstu brt. við 1. gr., að í stað »í land« komi: »að landi«, þá þóttist hann ekki vita, hver meiningin væri með henni, hvort það ætti þá að

borga gjaldið, þó hvalurinn væri dreginn að landi að eins til þess að leggja honum, eins og væri gert á Siglufirði. Eg held h. þm. hafi ekki lesið vandlega alt frv., því í 2. gr. stendur að gjaldið skuli greitt þar, sem hvalurinn sé dreginn á land til skurðar. Það getur því engum efa verið undirorpið, hver gjaldið skuli greiða. Að öðru leyti hefi eg komið með þessa brt af því, að mér þótti miklu fallegra að segja að landi, en «í land«, og satt að segja kannast eg alls ekki við þetta orðatiltæki «í land« sem rétt mál, heldur er ætíð sagt »að landi« eða »á land«.

Við aðra brt. mína, að í staðinn fyrir: »svo sem hnísur, andarnefjur og háhyrningar« komi »sem eigi eru 10 álnir á milli skurða« hafði 2. þm. Ísf. (Sig. Stef.) það að athuga, að það væri alt of óákveðið, að taka svo til orða. Eg veit að sönnu ekki, hverju Norðmenn fylgja við hvalskurð, en hér á Íslandi hefir aldrei þekst nema ein aðferð, svo það getur ekki verið neitt vafamál fyrir Íslendinga, hvað við er átt með þessum orðum »milli skurða«; enda er það orðatiltæki notað í lögum þeim, sem enn eru í gildi hjá oss, og hélt eg að h. þm. hlyti að vita slíkt. Hvað það snertir, að hreppstjórar neyðist til að fara ofan í fjöru og mæla hvalina, þá sé eg ekki að það geti verið nein ástæða móti þessari brt., því þeir þurfa þess alveg eins eftir frv. sjálfu til þess að sjá, hvaða hvalir hafa verið veiddir.

Það má vel vera, að það hefði verið heppilegra að láta þetta gjald renna í landssjóð, en ekki í hlutaðeigandi jafnaðarsjóð, eins og eg hefi stungið upp á, og eg skal ekki setja mig neitt á móti þannig lagaðri brt.; en annars álít eg það geta verið gott fyrir jafnaðarsjóðina að fá þessi gjöld. Að minsta kosti veit eg það, að jafnaðarsjóði Austuramtsins hefði ekki veitt af því, því að gjöldin eru þar orðin svo mikil, að sýslusjóðirnir ætla ekki að rísa lengur undir þeim.

Eg skil það ómögulega, að Norðmönnum sé íþyngt á nokkurn hátt um of með þessu gjaldi. svo að það sé nein þörf fyrir h. þingd. að fella frv. fyrir þá sök. Hins vegar er mál þetta svo ofur-einfalt, að það sýnist ekki vera hin minsta þörf á að setja nefnd í það, enda æðimikið komið af nefndum, svo þingdm. anna ekki fleirum. Eg vona því að málið fái nefndarlaust að ganga til 3. umr.

ATKVGR.: 1. brt. á þgskj. 63 sþ. með 12 gegn 1 atkv.

2. brt. á þgskj. 63 feld með 13 gegn 8 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	nei:
Árni Jónsson,	Ari Brynjólfsson,
Jón Magnússon,	Björn Bjarnarson,
Hannes Þorsteinss.,	Björn Kristjánsson,
Lárus H. Bjarnason,	Eggert Benediktss.,
Ólafur F. Davíðsson,	Guðl. Guðmundss.,
Sighv. Árnason,	Hermann Jónasson,
St. Stefánss. þm.	Eyf. Jón Jónsson,
Tryggvi Gunnarss.	Magnús Andrésson,
	Ólafur Briem,
	Sigurður Stefánsson,
	St. Stefánss. þm. Skf.
	Þórður. J. Thorodds.,
	Þórh. Bjarnarson.

1. gr. frv. þannig breytt sþ. með 15 gegn 7 atkv.

3. brt. á þgskj. 63 samþ. án atkv.

4. brt. á þgskj. 63 samþ. með 12 atkv.

5. brt. á þgskj. 63 samþ. með 15 gegn 1 atkv.

2. gr. þg. brt. samþ. með 14 atkv.

6. brt. á þgskj. 63 sþ. með 15 atkv.

3. gr. þg. brt. samþ. með 15 atkv.

7. brt. á þgskj. 63 samþ með 15 atkv.

4. gr. frv. þar með fallin.

5. og 6. grein frumv. samþykt með 16 atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.-greiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu með 17 atkvæðum.

Þriggja manna nefnd feld með 11 : 9 atkv.

Þriðja umr., 12. ágúst (þgskj. 82, 104).

Flutningsmaður (Ari Brynjólfsson): Það gleður mig, að þetta litla frumv. er með lífsmarki enn þá; það sýnir þessi breyt.till., sem hér liggur fyrir. Að vísu er eg ekki alveg samþykkur henni. Hún fer fram á, að í stað 50 kr. gjaldsins, sem frumv. fór fram á að væri goldið af hverjum hval, að þá komi 100 kr., 45 kr., 18 kr. og af smáhvölum og öðrum hvölum 6 kr. — Með þessum mismun er farið eftir stærð hvalanna. Þetta áleit eg að vísu sanngjarnt, og hafði hugsað mér, að gera mun á þessu í upphafi; en það vakti aftur fyrir mér, að alt eftirlit væri erfiðara með þessu móti. — Nú hefir háttv. 2. þm. Ísf. (Sig. St.) gefið upplýsingar um hvali, og talið upp þær hvalategundir, sem helzt eru veiddar hér við land. — Eg gæti þó ímyndað mér, að það væru til fleiri tegundir, sem borga bæri af 100 kr., og gæti svo fallið undir aðra hvali, sem borga skal 6 kr. af. — Eg veit, að það eru til um 30 hvalategundir stórar, sem ekki eru nefndar í breyt.till., en þá ættu þær allar að falla undir þá hvali, sem borgaðar eru af 6 kr., og verð eg að álíta það harla óheppilegt, með því líka að vandasamt hlýtur það að vera, að þekkja þessar hvalategundir hverja frá annari. — Önnur breyt.till. fer fram á, að í staðinn fyrir »að landi« komi: »á land«. Þessi breyt.till. held eg að sé ekki til bóta, sökum þess, að hvalveiðamenn geta dregið hvalinn að landi og skorið hann þar án þess, að draga hann á land. Mér virðist því heppilegra, að segja »að landi«, því að hvalveiðamenn gætu notað sér þetta ákvæði og hugsað sem svo: »Ef hvalurinn er ekki dreginn á land, þá þurfum við ekkert að borga«. — Við síðustu breyt.-till. hef eg ekkert að athuga, að í stað »5 kr. af hverjum hval«, komi: »5 kr. af hundraði«; það er sjálfsagt, að sú breyt.till. sé rétt. — Annars gæti eg vel ímyndað mér, að einhverir væru hér í háttv. deild, sem gætu upplýst um það, hvort það eru ekki fleiri hvalir, sem nauðsyn er á að nefna, og þar af leiðandi gætu fallið undir hærri borgunina.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en vona, að háttv. deild ljái máli þessu liðsinni sitt.

Ólafur F. Davíðsson: Eg hef reyndar lítið að athuga við breyt.till. á þingskj. 104, því að eg viðurkenni það fyllilega, að það sé réttlátt, að leggja mishátt gjald á hvalina eftir því, hvað mikils virði þeir eru. — En eg er ekki svo vel að mér, að eg viti, hvort þetta gjald er sanngjarnt, en eg sé að eins það, að með þessari breyt.till. verður gjaldið samtals öllu minna en gert er ráð fyrir í hinu upphaflega frumvarpi. — En eg skal nú ekki fara út í það.

Seinni málsliður fyrstu greinar breyt.-till. fer fram á það, að þeir hvalamenn, sem hirða hvalinn til krafttóðurs og áburðar, skuli gjalda hálfu minna en hinir. — Eg sé ekki ástæðu til þess, að þessir menn eigi að gjalda minna en hinir; því þó að segja megi, að þeir gjaldi hærra útflutningsgjald í landssjóð, vegna þess, að þeir gjalda af þessum afurðum líka, þá er þess er að gæta, að þeir munu sjálfir hafa mestan hagn-

aðinn af því, að nota hvalina betur, og get eg ekki séð, að nein sanngirni mæli með því, að þeir þess vegna eigi að sleppa með lægra gjald en hinir. — Eg ætla því að leyfa mér, þegar til atkvæðagreiðslu kemur, að biðja háttv. forseta, að skifta 1. grein í tvent, þegar hann ber hana upp, því að eg fyrir mitt leyti get ekki greitt atkvæði með síðari liðnum. — Önnur breyt.till. fer fram á, að í stað orðanna »að landi«, komi »á land«; þetta álít eg eins og háttv. 2. þm. S.-Múl. (A. Br.) óheppilega breyting. Þetta mætti skoða svo, sem ekki þyrfti að borga af þeim hvölum, sem eru dregnir að landi, að eins ef þeir eru ekki dregnir á land, því að það er hægt að skera hval á floti, án þess að draga hann upp á þurt land. — Það var því full-skýrt, að láta orðin vera eins og þau stóðu »að landi«, en ekki »á land«; þá breyt.till. álít eg ekki til góðs. — Um 3. breyt.till. hefi eg ekkert að segja; hún er eðlileg afleiðing þess, sem á undan er komið.

Hermann Jónasson: Það, sem vakti fyrir okkur flutningsm. breyt.till. var það, viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm. N.-Múl. (Ó. F. D.) sagði, að við álitum, að þeir menn, sem nota allar hvalleifar, gjaldi meira í landssjóð, og þeir menn séu landinu yfirleitt miklu þarfari en hinir, sem að eins drepa skepnurnar og hirða það bezta, en fleygja hinu. — Það var það, sem við vildum með þessu koma í veg fyrir, og okkur hefði þótt það sanngjarnara og réttlátara gagnvart hvalveiðamönnunum, að munurinn hefði verið enn þá meiri. — Hvað það snertir »að landi« og »á land«, þá þótti okkur réttara, að hafa »á land« til þess, að fyrirbyggja misskilning á milli amtanna. Þetta gjald kemur aðallega eins og nú stendur í jafnaðarsjóð Vestur- og Austuramtsins, en all-mikið af hval er flutt að landi annarstaðar til að skera eitthvað af honum og selja á staðnum, og þá gæti þetta valdið ágreiningi.

Gegn því, sem háttv. 1. þm. N.-Múl. (Ól. F. D.) sagði, að hvalveiðamenn gætu skorið hvalinn á floti, þá get eg sagt það, að þeir draga hann alt af á land. — Það er annað mál, þó landsmenn skeri hval á floti, sem hefir rekið, af því að þá vantar tæki til, að draga hvalinn á land.

En þetta gjald er hverfandi fyrir hvalfangarana á móti kostnaði þeim, sem leiðir af því, að skera hvalinn á floti.

Sigurður Stefánsson: Eins og eg tók fram við síðustu umræðu þessa máls, þá finst mér það óþarft og ranglátt, að ráðast enn með nýjum sköttum á þessa hæstu gjaldendur landssjóðs, hvalveiðamennina. — Þeir gjalda hærra af sínu lýsi en aðrir landsmenn, og auk þess er all-hár skattur lagður á aðrar afurðir. — Eg bjóst samt ekki við að frumv. þetta yrði felt, eins og verið hefði réttast, og því hefi eg ásamt fleiri háttv. þingmönnum komið fram með breyt.till. á þingskj. 104, sem miða til þess, að gera ákvæði frumv. dálítið sanngjarnari, og bæta þannig úr mesta ranglætinu. — Eg er sérstaklega kunnugur hvalaveiðunum, því að hvalveiðamenn hafa verið í mínu prestakalli undir 20 ár, og eg þori því að fullyrða, að þeir veiða ekki fleiri hvalategundir en nefndar eru í breyt.till., að undanskildum hnúðbökum eða »knöl«, sem Norðmenn kalla, og vér á breyt.till. teljum til annarra hvala, eða smærri hvala. — Það eru aðallega ekki nema tvær tegundir, sem Norðmenn veiða, nefnilega bláhvali og finnhvali. Sléttbaka eða Nordkapere veiða þeir örsjaldan. — Hnúðbaka veiða þeir heldur ekki mikið, af þeirri ástæðu, að þeim þykir varla tilvinnandi að eyða á þá skotum

ef þeir þurfa að draga þá langt að. — Það má vel vera, að þeir séu fremur veiddir á Austfjörðum, því að þar er skemmra að sækja þá, og því kostnaðurinn minni.

Mér er nokkuð kunnugt um verðmun þessara hvala, og held eg að gjaldið sé nokkurn veginn í réttu hlutfalli. — Norðmenn veiða aðallega bláhvali og af þeim fást 50—70 föt af lýsi, en af finnhvölunum þriðjungi minna, og af hnúðbökunum oft ekki meira en 3—5 föt. — Með tilliti til þessa höfum við sett gjaldið á hvalina. En af því að það upplýstist við aðra umræðu, að á Austurlandi eru skotnir fleiri smáhvalir en »knöl«, þá höfum við sett »öðrum hvölum« í breyt.till. — En aftur á móti hafa ekki verið veiddar í Ísafjarðarsýslu nema þessar tvær hvalategundir, síðan Norðmenn fóru fyrst að veiða þar.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (A. Br.) sagði, að það gæti verið, að það væru fleiri hvalategundir, sem þeir veiddu; en það er víst, að þeir leggja sig ekki eftir öðrum hvölum en skíðishvölum, því að af þeim er bæði meira spik og rengi, en eftir tannhvölum hafa þeir lítið sózt, en af þeim eru miklu fleiri tegundir, en þeim þykir það ekki borga sig að skjóta þá. — Þegar því þeim þykir skíðishvalaveiðin ekki borga sig lengur, þá fara þeir burtu.

Háttv. 2. þm. Húnv. (Herm. J.) hefir tekið af mér ómakið, að svara háttv. 2. þm. N.-Múl. (Ól. F. D.) viðvíkjandi annari málsgrein breyt.till., þar sem gjaldið er sett helmingi minna á þá, sem hirða hvalleifarnar, en á hina. — Auk þess, sem það er næstum »barbariskt«, að kasta öllum hvalnum nema spikinu og renginu, þá er það til mikils óþrifnaðar; þessi ívilnun ætti því, að hvetja hvalveiðamenn til, að nota hvalleifarnar til fóðurs og áburðar. — Þetta sást bezt áður en farið var að hirða hvalleifarnar; þá var óþrifnaðurinn afar-mikill á hvalveiðastöðvunum og kringum þær, því að þótt þeir eftir lögunum ættu að flytja allar leifar út á sjó, þá rak þetta upp aftur og fjörurnar fyltust af óþrifnaði, þar sem þetta rotnaði. — Menn munu víst hafa heyrt talað um þessa skæðu fjárpest, sem gekk fyrir vestan fyrir fám árum, og talið var, að stafað hefði af rotnum hvalleifum, er skepnurnar átu. Þessi ívilnun fyrir hvalveiðamenn, sem hirða allan hvalinn, er og að því leyti eðlileg, að þeir gjalda hærri gjöld í landssjóð, og eru því betri borgarar en þeir, sem kasta öllum leifunum.

Þá er að minnast á breyt.till. »á land« í staðinn fyrir »að landi«. — Þessari breyt.till. eru sumir á móti, en það er ástæðulaus ótti, að Norðmenn muni hætta að skera hvalina á landi fyrir þessu, ef þessi breyt.till. verður samþykt, og færu að skera þá á floti. — Það er af ókunnugleik, ef nokkur heldur þetta, eins og háttv. 1. þingm. Húnv. (Herm. Jónass.) tók fram; eg veit engin dæmi til þess. — Norðmenn hafa stóra palla uppi á landi, þar sem hvalurinn er lagður á eins og lík á líkskurðarborð, og þar er með gufuafli flett af honum öllu spiki og rengi í einum rykk; þessir pallar verða því að standa í sambandi við vélar á landi, sem til þess eru hafðar. — Með þessum vélum geta þeir skorið 2—3 hvali á dag; en það væri ómögulegt, að afkasta því, ef skera ætti hvalinn á floti; það verður því að draga hann á land, og setja hann í samband við vélarnar. — Þriðja breyt.till. er eðlileg afleiðing af hinu mismunandi gjaldi af hvölunum, því að það er vanalegt, að innheimtulaun af gjöldum séu sett »procentvis«,

og þá er þetta eðlilegt, að 5 kr. séu goldnar af hundraði hverju. — Þessar breyt.till. álít eg því vera til talsverðra bóta; þó að eg á hinn bóginn álíti það alls ekki rétt, að auka meira útgjöld þessara manna, og vildi því helzt, að peningaverðið færi alls ekki lengra. — Okkur vex auðvitað í augum hinn mikli afli þessara manna, því við erum litlu vanir, en kunnugir geta líka gert sér nokkra hugmynd um þann feykilega kostnað, sem þessir menn hafa, þar sem hvalútgerðin mun hjá flestum þeirra kosta upp undir 1000 krónur á dag eða enda meira. — Eg veit það líka, að sumir hvalveiðamannanna á Vesturlandi hafa sum árin, og það hvað eftir annað, haft stórt tap á útgerðinni. — Auk þessara gjalda, sem þeir verða að greiða í landssjóð, þá verða þeir auðvitað að borga til sveitar, og eru þeir mesta stoð í þeim sveitum, sem þeir búa í, og veita mörgum þar bæði langa og góða atvinnu. — Það er því að minu áliti varlega gerandi, að fæla þessa menn í burtu með því sífelt að vera að íþyngja þeim með nýjum álögum. Oss veitir sannarlega ekki af því, að fá »kapital« inn í landið, en með þessum sífeldu auknu sköttum á þá fáu »kapitalista«, sem hér setjast að, þá fælum vér útlenda efnamenn frá því, að brúka peninga sína hér, og það tel eg alls ekki hyggilega gert. — En úr því nú að frumv. þetta er komið fram, og hefir fylgi háttv. deildar, þá álít eg skylt og rétt, að gera það svo sanngjarnt, sem kostur væri á; en eg mun þó greiða atkvæði á móti því.

Flutningsmaður (Ari Brynjúlfsson): Eg hefi nú eiginlega ekki miklu við að bæta. — Að eins skal eg leyfa mér að vekja athygli á orðum háttv. 1. þm. Húnv. (Herm. J.). Háttv. þm. er ekki sannfærður um, að »að landi« sé betra en »á land«, og háttv. 2. þm. Ísf. (Sig. St.) er sömu skoðunar.

Háttv. 1. þm. Húnv. (Herm. J.) tók það fram, að hvalveiðamenn skæru af hvölunum annarsstaðar en á hvalveiðastöðinni, og selji þar á staðnum; þetta kann vel að vera, en það er þá að eins sporðurinn, enda hefir þetta enga þýðingu, hvað þetta atriði snertir.

Eg skal nú að eins leyfa mér að taka eitt dæmi: Hvalveiðamaður dregur hvalinn að landi og selur hann svo í heilu lagi einhverjum. — Á hann þá ekki að borga þrátt fyrir það, þó að hvalurinn hafi ekki verið á land dreginn og skorinn þar?

Hvað hinum breyt.till. viðvíkur, þá greiði eg atkvæði með þeim, því að eg hefi heyrt það á háttv. 2. þm. Ísf. (Sig. St.), að hann mun verða á móti frumv., og gera alt sem í hans valdi stendur til þess, að hrekja það, ef þessi breyt.-till. kemst eigi að, sem hann álítur svo sanngjarna gagnvart hvalveiðamönnunum, og er eg honum samdóma, hvað það atriði snertir, ef samþyktin ekki getur orðið sanngjörn.

Þá skal eg minnast á eina hvalategund, sem mér nú hefir dottið í hug, nefnilega búrhveli, sem eru dýrari en aðrir hvalir. — Það væri því ósanngjarnt, ef ekki yrðu borgaðar 100 kr. af þeim. Að vísu kann það að vera, að þeir séu nokkuð sjaldgæfir, en samt hafa þeir rekið stöku sinnum, t. d. fyrir fáum árum rak einn í Breiðdal, og hefi eg því séð þess konar hvali og þekki þá að svo miklu leyti, að þeir hafa inni að geyma miklar nægtir af lýsi og spermacet, sem er svo afardýrt, og hefði mér því þótt vænt um, að það nafn hefði verið tekið með, svo þeir ekki falli undir þær hvalategundir, sem borga skal að eins 6 kr. af.

Eg skal svo ekki verða langorðari í þetta sinn; eg bæti því að eins við,

að eg aðhyllist seinni hlutann á breyttill. 1, þar eð engin vanþörf virðist vera á því, að hreinsa fjöruna frá þeim óþverra, er fylgir með hvalskurðinum, þótt mér á hinn bóginn virðist það, að ekki hefði átt að gera svo mikinn mun á gjaldinu, sem hér er farið fram á; nóg það hefði verið 1/3 minna en hjá þeim sem borga fult gjald af hvölum.

Ólafur F. Davíðsson: Eg skal ekki verða langorður. — Eg get ekki sannfærst af orðum háttv. 1. þm Húnv. (Herm. J.), þar sem hann talaði um hið mismunandi afgjald, er hvalveiðamenn eigi að borga.

Hvers vegna eiga sumir þeirra að borga helmingi minna, þar sem þeir þó sjálfsagt hafa eiginn hagnað fyrir augum?

Á hinni ástæðunni hefi eg enga trú, að það hvetji hvalveiðamenn til þess, að útvega sér verkfæri til þess, að búa til hvalmjöl og áburð, »guano«, því að eftir því, sem eg bezt veit, þá eru þau verkfæri dýr, svo að það mundi varla borga sig, að kaupa þau til þess, að sleppa við helminginn af þessu lága gjaldi.

Háttv. 1. þm. Húnv. (Herm. J.), sem er góður málfræðingur, hélt eg mundi vita það, að »hvalskurður« er það, sem aldrei verður misskilið, og aldrei getur átt við það, að skera sporð eður bægsli af hval.

ATKV.GR.: 1. breyt.till. a. samþykt með 22 atkv.

1. breyt.till. b. samþ. með 14 atkv. gegn 4.

2. breyt.till. samþ. með 13 : 10 atkv.

3. breyt.till. samþ. með 18 atkv.

Frumv. með áorðnum breytingum samþykt með 18 : 1 atkv., og afgreitt til Ed.

Sala á Laxá í Kjós.

FRUMV. til laga um sölu á laxveiði í Laxá í Kjós, er heyrir þjóðjörðunni Valdastöðum til. (þskj. 21); 1. umr., 1. ágúst.

Flutningsm. (Þórður J. Thoroddsen): Frumvarp þetta er ekki nýr gestur hér á þingi. Á þingi 1899 var borið fram í Ed. frv., eins að efni og orðalagi og þetta frv.; þar var það samþykt, og var síðan lagt fyrir þessa deild, en hér fekk það þá breytingu, að í staðinn fyrir að veita heimild til að selja laxveiðina, var ráðgjafanum veitt heimild til að leigja hana um 30 ár. Þegar nú frv. kom aftur til Ed. með þessari breytingu, þá var það felt í e. hlj., og má sjá það af umræðunum, að ástæðan var sú, að lh. og fleiri töldu þarflaust að gefa út lög um að leigja út laxveiðina. Það var tekið fram, að stjórnin hefði fulla heimild til þess að leigja ítök og hlunnindi jarða án þess að leita leyfis löggjafarvaldsins til þess, enda hafði hún áður gert það upp á sitt eindæmi, enda hefir hun fulla heimild til þess.

Á þinginu 1899 komu fram litlar mótbárur gegn sölunni sjálfri, og sérstaklega ekki í efri deild. En þá var á ferðinni hér í deildinni annað frv., frv. um að takmarka eignarrétt utanríkismanna á fasteignum hér á landi, og má vera að þingmenn hafi nokkuð smittast af því, og þess vegna tekið málinu stirðlegar en ella.

Eftir þeim upplýsingum, sem liggja fyrir í málinu, virðist það auðséð, að hagnaður er að selja veiðirétt þann, sem hér ræðir um, ekki að eins fyrir landssjóð, heldur og fyrir jarðeigendur þá aðra, sem laxveiði þessi heyrir til. Það er gert ráð fyrir, að öll laxveiðin sé seld fyrir 24000 kr., og bera landssjóðsjörðinni, Valdastöðum, sem er tal-

in að eiga 1/6 allrar veiðarinnar í ánni, 4000 kr. Þetta virðist vera góð sala þegar litið er á, hvernig nú til hagar með veiðina.

Áður var mikil laxveiði í ánni; en þegar lax tók að hækka í verði, þá var farið að stunda veiðina af svo miklu kappi, með netum og öðrum veiðibrellum, að laxinn þvarr mjög í ánni, og nú er sagt, að laxveiðin sé orðin svo lítilfjörleg. að það varla svari kostnaði, að stunda veiðina. Það væri því full þörf á að taka upp eitthvert það ráð, er gæti komið veiðinni í sama horf, sem hún var í áður.

Mundi þetta geta látið sig gera, annaðhvort með því, að friða ána algerlega um tíma, eða þá með því, að leyfa eingöngu stangaveiði í henni; en það yrði þá ekki auðið á annan hátt en þann, að leigja útlendingum veiðina. Eigendurnir hafa þó ekki getað komið sér saman um að friða ána, og eigi hafa þeir heldur getað leigt út veiðina; aftur á móti hafa þeir átt kost á að fá kaupanda að veiðiréttinum fyrir það verð, sem eg áður gat um.

Þegar þess er gætt, að veiðiréttur-inn er nú sama sem einskisvirði, þá get eg ekki betur séð en að peningar þessir séu sama sem teknir upp úr steinunum, ekki að eins fyrir hina aðra eigendur að veiðiréttinum, heldur og fyrir landssjóð, því að jörðin mundi ekki rýrna í verði við sölu, þótt veiðiréttur-inn væri undan skilinn, og eigi mundi ástæða til að færa eftirgjald hennar niður fyrir það, þar sem veiðin er engin sem stendur.

Fyrir þinginu 1899, lá beiðni frá öllum privat-eigendum laxveiðinnar um það, að þingið leyfði fyrir landssjóðs hönd, að veiðin væri seld fyrir þetta verð.

Hinir sömu menn hafa nú beðið okkur þingmenn sína, að koma með frv. þetta inn á þing, og vonum við, að málinu verði nú tekið hér jafnvel, eins og Ed. tók því 1899. Hér stendur svo á, að þessir eigendur, sem allir vilja selja, geta ekki selt sína eign í veiðiréttinum, nema hann allur sé seldur, því að útlendingar vilja annaðhvort kaupa hann allan eða ekkert af honum.

Sé nú svo, að óviðkunnanlegt þyki, að selja veiðiréttinn um aldur og æfi, vona eg, að menn geti þó að minsta kosti sameinað sig um það, að gefa leyfi til, að leigja út veiðina um lengri tíma, segjum 100—200 ár. Þetta er millivegur, sem gæti komið til greina; með því hefir landssjóður ekki slept eignarhaldi á þessari fasteign sinni.

Lárus H. Bjarnason: Það hefir alt af verið mín skoðun, að heppilegast væri, að sem flestir bændur sætu á sjálfseign, og því hefi eg jafnan verið þjóðjarðasölunni fylgjandi, enda er eg það enn, og nú enda frekara en áður, nú er Ræktunarsjóðurinn er stofnaður. Nú er söluverð þjóðjarða rennur í Ræktunarsjóðinn og úr honum aftur til jarðabóta eða fyrir jarðabætur, er það beinlínis orðið patriotist verk, að stuðla að þjóðjarðasölu.

Hins vegar get eg ómögulega verið því meðmæltur, að selja hlunnindi undan eignum landssjóðs. Lögbók okkar ætlast til að hlunnindi og eignarréttur fari saman, og það situr ekki á þinginu að víkja fyrst frá þeirri réttu reglu.

Til hvers væri líka, að leyfa sölu á þessari laxveiði? Háttv. flutnm. segir, að hún sé einskis virði, og þá færi náttúrlega enginn að slægjast eftir henni, sízt fyrir jafn-fjarstætt verð og hér er farið fram á, enda hef eg ekki séð boð nokkurs manns í veiðina.

Háttv. flutnm. sagði, að hann flytti þetta mál fyrir nokkra kjósendur sína, eigendur að þeim hluta laxveiðinnar,

sem landssjóður ekki á; en það atriði út af fyrir sig er hvorki mér né væntlega öðrum háttv. þingm. nægilegt til að ljá málinu fylgi.

Annars þykir mér hálfundarlegt, að frumv. skuli veita ráðgjafanum heimild til sölunnar, en ekki trúa honum fyrir, að gera þær ráðstafanir, er salan útheimtir, heldur fela þær landshöfðingja.

Flutningsm. (Þórður J. Thoroddsen): Það liggur eitthvað illa á háttv. þingm. Snæf. (L. H. B.) í dag. (*Lárus H. Bjarnason:* Nei, prýðisvel). Þarna hefir hann alt á hornum sér, ræðst fyrst á saltið, því næst á laxinn, og líklega fer hann svo í fjárkláðann á eftir.

Eg kann ekki við, að menn beri oss flutnm. þessa frv. ósannindi á brýn. Hann sagði að það væri eigi víst, að eigendur vildu fá þetta selt. (*Lárus H. Bjarnason:* Það sagði eg aldrei). Sama sem; hann efaðist um, að slík beiðni lægi fyrir, og það er það sama sem að bera oss á brýn, að vér förum eigi með rétt mál.

Eg vil benda háttv. þingm. á, fyrst hann virðist ekki hafa lesið þingtíðindin frá 1899, að fyrir því þingi lá sú ósk fyrir, að landssjóður seldi veiðiréttinn. Og nú hafa kjósendur okkar beðið okkur, að flytja þetta mál.

Þetta ætti að vera nóg til að taka fyrir allar efasemdir um það, að við þingmennirnir förum að vilja hlutaðeigenda.

Háttv. þingm. lét þá skoðun sína í ljósi, að þingið ætti ekki að stuðla til þess, að hlunnindi jarða yrðu seld utanríkismönnum. En hér er ekki um nein hlunnindi að ræða; laxveiðin er engin, eða þá svo lítil, að hún borgar sig ekki, og þá eru það ekki hlunnindi. (*Lárus H. Bjarnason:* En því á hún þá að kosta 4000 kr?) Veiðin kemur í ána, því sá, sem kaupir hana, notar stangaveiði og friðar veiðina; því stangaveiði er sama sem friðun.

Þessi veiðiaðferð tekur ekki eins mikið upp af laxinum og netaveiði, og það að eins fullorðinn lax. Og þegar oss eru boðnar 4000 kr. fyrir þennan veiðirétt, því á þá ekki að þiggja þær? Kaupandinn um það, hvort hann gefur of mikið eða ekki fyrir.

Forseti: Eg verð að lýsa því yfir, að eg tók ekki eftir að h. þm. Snæf. (L. H. B.) dróttaði því að 2. þm. K. G. (Þ. J. Th.), að hann færi með ósannindi, því að þá hefði eg gripið fram í. Hann sagði að eins, að hér lægi engin beiðni frammi, og er það satt. En eg vil nú í þessu tilefni minna þm. á, er skjöl hafa meðferðis, að leggja þau fram fyrir þingið áður en málin koma til umr.

Lárus H. Bjarnason: H. flutnm. var að tala um það, að það mundi liggja eitthvað illa á mér, og bjóst við að eg mundi láta til mín heyra í fjárkláðamálinu. Það kann að vera, að eg standi upp í kláðamálinu; en eins og mér er ljúft að leggja fram krafta mína til að lækna útbrotin á rollunum, eins skyldi mér vera það sönn ánægja, að reyna að bæta úr útbrotunum, sem farið er að bera á á háttv. flutnm. Annars fanst mér háttv. ræðumaður víkja helzt að því, sem ekkert kom efninu við. Honum fór líkt og manninum, sem ætlaði að lýsa myndunum af forsetunum, sem hanga hérna á veggnum, en talaði alt af um myndarammana.

Háttv. flutnm. sagði, að komið væri 24,000 kr. boð í veiðina. Hver hefir boðið það? Eg trúi því ekki, að nokkur sé svo heimskur, að hann vildi kaupa ónýta veiði svo dýru verði.

Háttv. flutnm. sagði og, að veiðin

mundi vaxa, því að sá, sem ætlaði að kaupa hana, ætlaði eingöngu að veiða með stöng.

Hvar hefir þessi ósýnilegi kaupandi lofað því og hefir hann lofað því svo fast, að það verði eigi brigðað?

Annars vil eg ekki gera þetta að neinu kappsmáli eða hreppapólitík, heldur var það meining mín, að þinginu bæri ekki að stuðla að því, að hlunnindi væru skilin frá eignarréttinum.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 : 4 atkv.

Önnur umr., 5. ágúst.

Þorgrímur Þórðarson: Eg ætla að leyfa mér að skýra í fám orðum frá skoðun minni á þessu frumv. Eg hefi alt af verið því fylgjandi, að ábúendum þjóðjarða og kirkjujarða gefist kostur á að fá keyptar ábýlisjarðir sínar fyrir sanngjarnt verð og með góðum afborgunarskilmálum, því að eg álít, að það sé eitt af aðalskilyrðum fyrir framför um landbúnaðarins, að landsetar verði sjálfseignarbændur, og er sannfærður um það af reynslunni, að þá fyrst fái þeir áhuga á því að bæta jarðirnar, þegar þeir eiga þær sjálfir, og eiga von á að njóta ávaxta verka sinna eða niðjar þeirra. En hér er alt öðru máli að gegna; hér er farið fram á að selja hlunnindi jarðarinnar, en ekki jörðina sjálfa, og það útlendingum, og það álít eg bæði rangt og skaðlegt fyrir landbúnaðinn. Eg er viss um það, að það er rangt, þegar sagt er, að Laxá sé ónýt til veiði, því að eg man svo langt, þegar eg var í Reykjavík, að hún þá var talin með beztu veiðiám hér. Þess var og getið af flutningsmanni, að veiðin væri mjög lítil og færi árlega minkandi af of mikilli neta brúkun; en þó segja ábúendurnir í beiðni sinni, að hreinn arður af allri veiðinni í ánni, að mér skilst, muni vera árlega um 960 kr. að meðaltali. Þar sem nú 1/6 partur veiðinnar á að seljast fyrir 4000 kr. þá bendir það einmitt á, að veiðin sé ekki mjög lítil.

Háttv. flutnm. gat þess, að sá, sem keypti veiðina í Laxá, mundi taka upp stangaveiði og nota hana eina; mundi þá veiðin vaxa aftur, og laxinn ganga upp eftir allri ánni. Það er nú mjög gott að mega eiga von á því, og bezt væri ef vér mættum eiga von á, að laxinn hlypi á land á Valdastöðum. En þar sem ábúendurnir geta þess til, að selurinn í Hvalfirði muni spilla veiðinni í ánni, þá hefi eg nauðalitla von með, að hún vaxi mjög við stangaveiði, því ekki mun kaupandinn útrýma selnum með henni.

Þá kemur annað atriði til greina. Þó að nú þessi kaupandi friði ána og veiðin aukist, hvaða trygging er þá fengin fyrir því, að eftirmaður hans geri hið sama og haldi veiðinni við um aldur og æfi, því að ekki lifir fyrsti kaupandinn alt af? Hvaða gagn hefir landið af laxveiði þessara auðmanna? Þeir koma hingað að eins til þess að skemta sér við veiði, og eyða tímanum, en stunda ekki veiðina sem atvinnu, og engan lax flytja þeir út, sem þeir greiði útflutningsgjald af. Samkvæmt lögum 4. nóv. 1881 ber að greiða 30 aura af hverjum 100 pd. af lax, sem fluttur er út úr landinu; en ef útlendingar næðu undir sig smám saman allri laxveiði hér á landi, þá mundi landssjóður verða fyrir æðimiklum skaða. Hvaða gagn hefir landið haft af sölu Elliðaánna? Jú, það, að jarðirnar, sem liggja að ánum, hafa verið ver setnar en áður, og hefir farið aftur.

Flutnm. gat þess, að eigendur hinna jarðanna gætu ekki selt veiði sína,

nema Valdastaðaveiðin væri seld líka, en það er enginn vissa fyrir því, að sá hluti veiðinnar, sem Neðri-Háls og Reynivellir eiga, verði seldur, og þá kemur það að engu gagni, þótt veiði Valdastaða væri seld nú. Hér virðist því liggja beinast við, að allir þeir, sem eiga veiðirétt í ánni, komi sér saman um að leigja veiðina til margra ára, t. d. 10—30 ára, fyrst þeir ekki geta hagnýtt sér veiðina í félagi, án þess að spilla veiðinni. Af þessum ástæðum, sem eg hefi nú greint, er eg því mótfallinn, að málið sé látið ganga til 3. umræðu.

Þórhallur Bjarnarson: Á þinginu 1899 hafði eg mikla skapraun af, hvernig farið var með þetta frumv. Það átti að standa svo mikill voði af slíkum eignarrétti utanríkismanna. Mér skilst nú að þingið 1901 hafi eigi farið svo hart í þær sakir, og hræðslan kunni því að vera minni nú. Hér er um sáralítil hlunnindi að ræða fyrir Íslendinga, en mikil fyrir Englendinga, sem sólgnir eru í stangaveiði, og söluvonin byggist eingöngu á því, að hún geti orðið góð, er áin er friðuð, og það verður hún, er veiðin kemst öll í enska eign. Þar sem talað er um í frumv., að veita heimild til að selja veiðina fyrir 4000 kr., þá er það samrýmanlegt hinu, að hún er lítilsvirði fyrir jörðina, eins og nú hagar til. Eg hefi talað við mann, sem er þessu kunnugastur hér og er milligöngumaður fyrir Englendinga til að semja um kaup á veiðiám, og álítur hann að þetta sé góð sala, ef Laxá yrði nú seld fyrir þetta verð, sem þessi Valdastaða-veiði er 1/6 hluti af. Eg vil og líta á það, að þessi sala mundi auka tekjur Reynivallaprestsins að nokkrum mun; hann á 1/8 hluta veiðinnar í ánni. Eg hygg enda, að þótt Valdastaðir yrðu seldir þá fengist ekki meira fyrir jörðina sjálfa en þetta verð, 4000 kr., sé ekki von um að fá arð af enskri stangaveiði. Þegar menn eru að vitna í Jónsbók fyrir því, að eigi megi selja útlendingum slík hlunnindi jarða, þá er sú ástæða mjög svo brosleg. Það geta allir skilið, að hún gat ekki gert ráð fyrir stangaveiði Englendinga. Eg álít það miklu fremur til að auka verðmæti jarðanna, að fá veiðandi Englendinga upp um sveitir, og eg álít það hag fyrir Íslendinga, að selja Englendingum sem flestar ár; það er gott að fá ferðamannastraumin hingað sem mestan; það greiðir fyrir samgöngum vorum, og gefur yfir höfuð margan beinan og óbeinan arð. Sá maður, sem eg átti tal við, taldi söluna líklega, og sagði það ástæðuna til, að Englendingar væru farnir að hugsa um ár hér, að allar lax-ár í Noregi væru nú leigðar eða seldar. Enn er eitt, sem knýr mig til að mæla með sölunni, og það er, að peningarnir koma strax í veltuna til jarðabóta. Ræktunarsjóðurinn er ekki svo vel standandi, að hann geti fullnægt þörf manna í þeim efnum, þar sem hann síðastliðið ár hafði ekki nema 4100 kr. til útlána.

Mér finst það vanta í 2. gr. frumv., að geta þess, að ábúandi fengi einhverja uppbót; en því gera lögin engin ráð fyrir. Eg skýt því til háttv. flutnm., hvort þeim sýnist ekki ráð að bæta því við, gangi frumv. lengra. Sömuleiðis finst mér ástæða til að heimildin til sölunnar væri sett til viss tíma; það rekur eftir lysthafendum að kaupa sem fyrst. Þar sem nú þingið 1901 tók nokkra stefnubreytingu í málinu um eignarrétt útlendinga, þá finst mér alt mæla með því, að gera þessa veiði nú þegar, ef kostur er, arðberandi, bæði hlutaðeigandi bændum, sóknar-

presti og jarðabótamönnunum í landinu.

Ólafur Briem: Eg skal fúslega taka undir með háttv. varaforseta (Þ. Bj.), að það er full ástæða fyrir þingið að leggja ekki óþarfa tálmanir fyrir þá eigendur, sem hér eiga hlut að máli, eða sitja þeim í vegi fyrir að geta notað fullkomlega öll hlunnindi af jörðum sínum.

Þetta frumv. fer fram á að heimila stjórninni að selja veiðiréttinn í Laxá frá þjóðjörðinni Valdastöðum í Kjós, með fram í því skyni, að sameigendurnir geti selt veiðiréttinn að sínum hluta. Eftir því sem mig minnir, þá gat flutnm. (Þ. J. Th.) þess við 1. umr., að til væri annar vegur en að selja veiðiréttinn til þess að gera sér hann arðberandi, nefnilega að leigja hann um lengri tíma. Eigendurnir sjálfir gera einnig ráð fyrir þessu í erindi sínu til þingsins. Ef hægt væri að leigja veiðina um lengri tíma fyrir eins hátt gjald og samsvaraði kaupverðinu, þá væri það að mörgu leyti miklu aðgengilegra. Eg get sem sé alls ekki viðurkent, að þingið hafi tekið algjörða stefnubreyting í því efni, að það láti sér liggja í léttu rúmi, að jarðeignir landssjóðsins séu seldar í hendur útlendingum, og sérstaklega að hlunnindi séu seld frá jörðum. Frumv. um jarðeignarrétt utanríkismanna, er var felt á þinginu 1901, mun sérstaklega hafa orðið það að fótakefli, að það greip yfir svo margt, sem ekki þótti hlýða að láta ganga undir sömu reglum, t. d. námur o. fl. Annars ímynda eg mér, að þingið hafi alls ekki sagt sitt síðasta orð í því máli.

En svo eg nú snúi mér að þeirri tillögu, að leigja veiðiréttinn, þá hugsa eg að leigan geti orðið eigendunum fult eins notadrjúg og salan; fyrir sveitarfélagið mundi hún meira að segja verða notadrýgri að því leyti, sem hún gæti verið árlegur gjaldstofn, sem leggja mætti útsvar á; en það gæti salan ekki orðið, og skal eg leyfa mér í því tilliti að benda á Elliðaárnar, sem seldar voru útlendingum fyrir nokkrum árum, og eru nú leigðar af þeim fyrir afarhátt árlegt gjald, sem hlutaðeigandi sveitarfélag hefir engar tekjur af, með því eigendurnir eru útlendingar. Það er sannarlega hart, að ekki skuli vera hægt að leggja neitt á þann mikla arð, sem árnar framleiða.

Eg vil af þessum ástæðum skjóta því til háttv. flutnm. (Þ. J. Th.), hvort hann álíti nokkurn agnúa vera á því, að leigja ána um lengri tíma. Þetta væri líka miklu greiðari máti, því til þess þarf engin lög, með því landsstjórnin hefir auðvitað fulla heimild til að leigja þjóðjarðir og hlunnindi þeirra, þótt um lengri tíma sé að ræða.

Flutningsm. (Þórður J. Thoroddsen): Eg er þakklátur h. varaforseta (Þ. B.) fyrir, hve vel hann hefir mælt fram með þessu frv. og get eg því sparað mér að tala langt mál að sinni. Ræðu h. þm. A Sk. (Þ. Þ.) þarf eg heldur ekki að svara, þar sem henni er fyllilega svarað með því, sem h. þm. Borgf. (Þ. B.) sagði. Eg skal að eins geta þess, að hann hefði fljótt getað sannfærst um það, að veiðin í Laxá í Kjós er ekki hin sama nú og þegar hann var að alast upp, fyrir rúmum 20 árum síðan, ef hann hefði viljað spyrjast fyrir það hér í nágrenninu. Og í samt lag kemst veiðin aldrei aftur, meðan haldið er áfram að brúka sömu veiðiaðferð.

Gagnvart þeim, sem ekki vilja láta selja hlunnindi frá jörðum, skal eg taka það fram, að það er mikill munur á því, hvort hlunnindin eru í sjálfu sér mikils virði, eða alls einskis virði eða því sem næst. Hitt er hreinn óþarfi fyrir okkur, að

vera að bera útlendinga fyrir brjóstinu og sjá um að þeir kaupi ekki af sér. Látum þá um það.

Eg skal benda á það, sem h. varaforseti (Þ. B.) réttilega tók fram, að þessi sala yrði til hagnaðar fyrir Reynivallaprestakall, og eg skal bæta því við, sem eg hefi fyrir satt, að bæði stiftsyfirvöldin eru sölunni meðmælt. Um annað veit maður, að það var flm. að þessu frv. 1899 á þingi og mælti þá fram með sölunni.

Eg vona líka að þeir menn, sem mest og bezt hugsuðu um og voru styðjendur og stofnendur Ræktunarsjóðs Islands, verði frumv. þessu meðmæltir, því það hefir tæplega verið þeirra meining, að sjóður þessi ætti að standa í stað, heldur að sú blessun yxi og margfaldaðist, sem af honum gæti leitt.

Að því er snertir ræðu h. 1. þm. Skgf. (Ól. Br.), að hann vildi heldur leigja en selja, þá skal eg kannast við það, að eg í fyrri ræðu minni mintist á það, að hlutaðeigandi veiðieigendur hefði einnig minst á leigu; en það yrði þá að vera leiga um lengri tíma, 1 – 200 ár, ef hún ætti að koma að gagni, en ekki eins og þingið 1899 vildi, að eins um stuttan tíma, 30 ár eða svo. Eg veit ekki, hvort stjórnin áliti sér heimilt að leigja hlunnindi um svo langan tíma og það væri því mjög gott, að fá að heyra álit hæstv. landsh. um það atriði.

Að það væri notadrýgra fyrir sveitarfélögin, að leigja veiðiréttinn, eins og h. 1. þm. Skgf. (Ól.Br.) sagði, því að þá gæti leigan verið gjaldstofn, sem leggja mætti árlega á, er ekki nema að nokkru leyti rétt. Það væri rétt, ef allir jarðeigendurnir, sem nytu leigunnar, ættu heima í héraðinu, því þá mætti auðvitað leggja á þá eftir því; en nú geta utanhéraðsmenn einnig átt þessar jarðir eða eignast þær, og á þá er ekki hægt að leggja. Eins er með þær jarðir, er kirkjan á, og þetta er því að minsta kosti ekki rétt nema að nokkru leyti hjá þingmanninum.

Eg vona það, að þó menn hafi ekki sannfærst af mínum orðum, um að ekkert verulegt sé á móti sölunni, þá hafi þó ræða h. varaforseta (Þ. B.) verið svo sannfærandi, að h. þingdm. greiði ekki atkv. á móti frv.

ATKVGR.: 1. gr. frv. felld með 14 gegn 7 atkv.

Frv. þar með fallið.

Eftirlaun.

FRUMVARP til laga um eftirlaun (þgskj. 198); 1. umr., 22. ágúst.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 samhljóða atkv.

Ellistyrkur embættismanna.

FRUMVARP til laga um skyldu embættismanaa til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri (þgskj. 195); 1. umr., 22. ágúst.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 gegn 1 atkv.

Sóttvarnir.

FRUMVARP til laga um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands (C. bls. 12); 1. umr., 29. júlí.

Lárus H. Bjarnason: Af því að svo lítur út, sem enginn ætli að verða til þess að stinga upp á nefnd í þessu máli, en það í sjálfu sér er töluvert langt mál og merkilegt, þá skal eg stinga upp á 7 manna nefnd.

Landshöfðingi: Eg leyfi mér hér með að tilkynna h. deild, að eg hefi afhent forseta tvö skjöl, sem snerta þetta mál, og stjórnin ætlaðist til, að nefnd sú, er kynni að verða sett í málið, fengi að sjá.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2.umr. í e.hl.

7 manna nefnd samþ. með 11 atkv.

Að viðhafðri hlutfallskosningu hlutu þessir kosningu:

Björn Bjarnarson
Jón Magnússon
Þórður J. Thoroddsen
Þorgr. Þórðarson
Stefán Stefánsson þm. Eyf.
Ari Brynjólfsson
Sighvatur Árnason.

Önnur umr., 9. ágúst (C. bls. 12, þgskj. 72 n., 73).

Frsm. (Þórður J. Thoroddsen): Eg geri ráð fyrir, að háttv. þingdm. hafi kynt sér rækilega frv. þetta, svo og nefndarálitið og skjöl þau, sem nefndin hefir leyft sér að láta prenta sem fylgiskjöl við nefdarálitið, svo að eg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál frá almennu sjónarmiði. Heldur ekki eru brt. nefndarinnar svo stórvægilegar, að um þær þurfi mikið að tala.

Allir verða að játa það, að þetta er þýðingarmikið mál. Vér höfum ekki alls fyrir löngu sett lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, þ. e. lög um að verjast sjúkdómum, sem komnir eru til landsins, varna því, að þeir breiðist út og verði landslýðnum að tjóni. Vér höfum og fengið reynslu fyrir því, að þessi lög geta orðið landinu ærið kostnaðarsöm. Það er þess vegna ekki þýðingarlítið, að setja lög um það, að varna erlendum sóttum inngöngu í landið, varna því, að þær komi og útbreiðist, geri almenningi tjón og landinu í heild sinni stórkostnað.

Núgildandi lög um þetta efni eru mjög ófullkomin, eða að minsta kosti mjög ógreinileg, og því ekki vanþörf á, að sá lagabálkur væri endurskoðaður. Þörfin á þessu hefir einkum komið fram á síðari árum, síðan skipaferðir frá útlöndum fóru að verða svo tíðar til landsins, og viðskifti við útlendinga að aukast svo mjög. Það liggur í augum uppi, að því meiri mök, sem landsmenn eiga við útlendinga, því meiri sem skipaferðirnar eru og viðskifti, því hættara er við að næmar sóttir berist til landsins.

Það eru ekki einungis verzlunar- og farþegaskip, sem hefir fjölgað hér við land nú á síðari árum, heldur og sérstaklega fiskiskipum útlendum, og af öllum þessum skipum getur sótthætta stafað. Við þessi fiskiskip eru nú farin að tíðkast á síðari árum mikil viðskifti, bæði inn á höfnum og sérstaklega úti á hafi, án þess þau leiti lands, og telur margur, að aðalhættan að því er snertir innflutning erlendra sótta, geti stafað af þannig löguðum viðskiftum.

Til þess, að verjast þeirri hættu væri auðvitað einfaldast, að banna mönnum algerlega, að fara út í þessi skip, og engin viðskifti við þau hafa. En það er ekki tiltök að fara fram á slíkt, því að, eins og stjórnin tekur fram í athugasemdunum við frumv., mundi að einu leytinu örðugt að framfylgja þannig löguðu banni, og að hinu leytinu mundi það, skoðað frá alþjóðasjónarmiði, hefta um of þau eðlilegu viðskifti landsmanna við útlendinga og annarra þjóða við oss.

Í frv. því, sem Guðm. Björnsson héraðsl. samdi og haft var til hliðsjónar, þegar frv. það, sem stjórnin hefir lagt

fyrir þingið, er stungið upp á, að banna mönnum að fara út í útlend skip, jafnvel þótt þau hafi komið inn á ísl. höfn og lagt þar fram sótt gæzluskírteini og fengið heilbrigðisvottorð; en stjórnin hefir ekki getað gengið inn á þetta ákvæði, og gátu menn búist við þessu, því þetta er sama ákvæði sem varð að falli frv. til laga um viðauka við lög nr. 8, 6. apríl 1898, sem samþykt var á þingi árið 1899. Stjórnin gerir í sínu frv. engan greinarmun á fiskiskipum og öðrum skipum, nema þann, að fiskiskipin eru alt af talin utanríkisskip, hve nær sem þau koma inn á hafnir. Nefndinni fanst nú þetta ekki nógu tryggjandi að því er utanríkisfiskiskip snertir, og hefir því stungið upp á þeim meðalveg, eftir samráði við Guðm. héraðslækni Björnsson og eftir hans tillögum, að bannað sé að taka farangur, þar með talinn afla úr utanríkisfiskiskipum, nema inni á löggiltum höfnum, þar sem föst verzlun er.

Eins og menn sjá, er frumv. þessu skift í 5 þætti. Í 1. þættinum eru ordskýringar og almenn ákvæði. Orðskýringarnar sýna, í hverri merkingu orðin eru notuð í þessu frv., og er það til mikilla bóta, því að þessi lög þurfa að vera svo úr garði gerð, að ekki að eins dómarar geti skilið þau eftir langa yfirvegun, heldur einnig allur almenningur. Þessar orðskýringar eru nauðsynlegar og heppilegar að því er virðist; eg skal t. a. m. nefna orðskýringuna á skipi. »Skip« í þessum lögum tekur yfir sérhvert fljótandi far. Þetta tekur af allan vafa um það, að opinn bát, sem hefir úti í rúmsjó haft mök við útlent skip, er að skoða í heilbrigðislegu tilliti eftir þessum lögum sem erlent skip og verður að fara eftir ákvæðum þessara laga. Þar sem talað er um »erlendar sóttir« í frumv., þá eru ekki meintar aðrar sóttir en þær, sem taldar eru í 1. gr. 6. málsgr., þ. e. pest, austurlenzk kólera, bólusótt, blóðsótt, útbrotataugaveiki, gul hitasótt, mislingar og skarlatssótt. Í frv. Guðm. héraðsl. Björnssonar er »influenza« talin með sem »erlend sótt«; en stjórnin hefir slept þessari veiki af ástæðum, sem taldar eru í athugas. við frv. stjórnarinnar, og nefndin er á því máli, að heppilegra sé að sleppa þeirri sótt. Enda þótt nefndin kannist við, að influenza er erlend sótt, flyzt að frá útlöndum, getur hún ekki lagt til, að varnir séu settar gegn henni samkv. þessum lögum. Það er oft erfitt, að þekkja »influenza« frá öðrum kvefsóttum; hún gengur líka oft í bæjum, sem skip koma frá, án þess að vera þar mjög útbreidd, er mjög næm og þess vegna óvíst, hvort það hefði nokkra þýðingu, að reyna til að verjast henni.

Brt. nefndarinnar við 1. og 2. gr., eru að eins orðabreytingar. Aftur á móti er 3. brt nefndarinnar við 4. gr. efnisbreyting. Nefndin stingur sem sé upp á, að bannað sé að flytja á land farangur úr útlendum fiskiskipum utan löggiltra hafna Eg hefi áður talað um það, að þetta ákvæði er sett inn eftir tilögum Guðm. héraðsl. Björnssonar og meiri hluta nefndarinnar. Eg er persónulega mótfallinn þessu ákvæði og tel heppilegra að því sé slept, og frv. sé að þessu leyti eins og stjórnin stingur upp. Reyndar er ekki með þessu bönnuð öll mök við botnvörpunga, því Íslendingar mundu geta fengið þá til að skreppa inn á næstu höfn, ef þeir endilega vilja hafa viðskifti við þá, og eg get vel trúað því, að mökin við botnvörpunga haldist eftir sem áður; að eins verður Íslendingum gert örðugra fyrir. Afleiðingin yrði, að Íslendingar þyrftu að skilja menn eftir í skipunum, meðan þau eru að veiðum, og

skil eg ekki í að með því móti verði mökin minni en nú á sér stað, og álít eg því þetta ákvæði þýðingarlítið í sóttvarnarlegu tilliti.

Þá kemur 2. þáttur frv., og er hann um sóttvarnarnefndir og sóttvarnarhús. Eftir honum á að setja upp sóttvarnarhús í 4 kaupstöðum landsins, og skipa sóttvarnarnefndir í öllum kauptúnum landsins eða réttara á öllum löggiltum höfnum, þar sem föst verzlun er. Þar er brt. nefndarinnar við 5. gr. að eins orðabreyting. Sama er að segja um fyrri brt. nefndarinnar við 6. gr. Síðari brt. við 6. gr., að á eftir orðunum: »eftir þörfum» bætist: »til þess að fara tafarlaust í húsin«, er gerð til þess, að sóttvarnarnefndirnar hafi alt af fyrir fram ráðna menn, til þess að hjúkra sjúkum, ef koma. Það yrði ef til vill örðugt að fá menn í hvert skifti og á þarf að halda, og ef til vill ómögulegt í fljótu bragði. Það, að hafa mennina fyrir fram ráðna, ætti heldur ekki að þurfa verða dýrara, þar sem nefndin ætlast til, að þeir ekkert kaup fengju, nema þann tímann, sem húsin væru notuð.

3. þáttur frumv. inniheldur almenn ákvæði um aðkomuskip. Í 7. gr. er þar sagt, hvernig skipstjóri á að hegða sér, þegar hann tekur höfn. 8. gr. gerir svo mun á því þrennu: 1. þegar sóttgæzluskírteinið er í lagi; 2. þegar skipið hefir ekkert slíkt eða eigi löglegt, og 3., þegar þess er getið í sóttgæzluskírteini, að næmur sjúkdómur hafi verið á brottfararstaðnum. Við þessar greinar eru brt. nefndarinnar að eins orðabreytingar nema brt. við 8. gr. 2. lið, að á eftir orðunum »engu að síður« komi: »að jafnaði«. Nefndin vill, að þegar svo stendur á, sem ræðir um í þessari málsgrein, að sóttgæzlumenn sé ekki ávalt skyldur að veita skipi heilbrigðisvottorð. Nefndin ætlast til að um þetta, eins og annað, verði settar nákvæmar reglur í reglugerðinni fyrir sóttvarnarnefndir, svo að fyrirbygt verði, að sóttgæzlumenn noti þenna rétt sinn nema full ástæða sé til þess.

Þetta ákvæði mundi helzt verða notað, þegar um opna báta er að ræða, eða þegar skipstjóri annaðhvort ekki getur eða vill gefa réttar upplýsingar.

9. gr. frv. hljóðar um það, að veita megi herskipum og gufuskipum, sem fara reglulegar ferðir eftir auglýstri áætlun, nokkra undanþágur frá lögum þessum. Það er auðvitað, að hætta getur stafað af þessum skipum, ekki síður en öðrum skipum, sem frá útlöndum koma, enda hafa sóttir borist með þeim hingað til lands; en nefndin hefir þó ekki viljað koma með brt. við þessa gr. frv., því hún áleit, að þetta gæti orðið til mikils farartálma fyrir gufuskipin, en óþarfi að láta herskip, sem hafa lækni, sæta sömu meðferð og önnur skip, og hún treysti því hins vegar, að stjórnin mundi ekki hafa þessar undanþágur svo miklar, að nokkur hætta gæti stafað af því.

Þá kem eg að 4. þætti. Hann inniheldur ákvæði um skip, sem skylt er hafa uppi gula sóttvarnarveifu, en það eru öll skip, sem koma frá stað, sem auglýst hefir verið um, að erlendar sóttir gangi á, skip, sem hafa haft mök á leiðinni við önnur skip, sem koma frá slíkum stöðum, eða sjúkir menn eða dauðir af slíkum sóttum hafa verið í, og loks þau skip, sem hafa eða haft hafa sjúka menn eða dauða af þessari auglýstu, erlendu sótt. Við þennan þátt hefir nefndin leyft sér að koma með brt.

Brt. nefndarinnar við 10. gr. er að eins orðabreyting og sömuleiðis fyrri brt. við 11. gr., en síðari brt. við þá gr. er gerð sökum þess, að nefndin á-

leit tryggilegra, að getið væri um, að á brottfararstað skipsins hefðu ekki verið sjúkir menn eða dauðir úr þeim sóttum, sem um er að ræða. Við 12. gr. hefir nefndin ekkert haft að athuga, og brt. við 13. gr. er að eins lítilfjörleg orðabreyting.

Aftur á móti er brt. við 14. gr. dálítil efnisbreyting, sem þó er ekki eins mikil og virðast kann í fljótu bragði. Í þessari grein eru ákvæði um, hvað gera skuli, þegar skip kemur frá stað, sem auglýstur hefir verið samkv. 10. gr., en það kemur fram að enginn hefir verið sjúkur eða dauður á brottfararstað skipsins, eða á skipinu sjálfu. Þegar þannig stendur á, segir í gr., að farangur og farþegar megi fara á land, en að eins vera háðir eftirliti á landi eins langan tíma og ákveðið verður, eftir því, um hvaða sótt er að ræða. Nefndin gat nú ekki vel hugsað sér, hvernig hægt væri að koma þessu eftirliti við, eins og til hagar hér á landi, nema með sóttkvíun. Nefndin hefir því stungið upp á, að skipið væri sóttkvíað, þegar svona stendur á, þann tíma, sem vantar upp á að skipið hafi verið svo lengi í hafi, að enginn grunur geti legið á, að það beri sóttnæmið með sér, eftir því, um hvaða sótt er að ræða, og ætlast nefndin til, að sá tími verði ákveðinn fyrir hverja einstaka sótt í reglugerð þeirri, sem samin verður fyrir sóttvarnarnefndir. Er þessi brt. í samræmi við till. Guðm. héraðsl. Björnssonar í frv. hans. Af þessum sömu ástæðum hefir nefndin stungið upp á, að fella burt dagaákvæðin í 15. gr. og 16. gr.

Að því er snertir 16. gr. sérstaklega, þá vil eg leyfa mér að taka það fram, að nefndinni þótti það illa ráðið, eins og fyrirskipað er í greininni, að lík skuli undantekningarlaust flutt á land og jarðsett, þegar skip ber að landi, um leið og skipinu skal þó vísað til einhvers kaupstaðanna, ef ekkert sóttvarnarhús er þar á staðnum.

Nefndin áleit heppilegra og tryggilegra í sóttvarnarlegu tilliti, að lík, ef til eru í skipum, séu ekki flutt á land þar sem skipið kemur að, ef ekkert sóttvarnarhús er þar, heldur sé þeim vísað með líkin eins og sjúklingana til kaupstaðanna. Fyrir því er það, að nefndin ræður til að 1. tölul. þessarar gr. færist aftur fyrir 2. tölul., svo að 2. tölul. sem nú er, verði 1. tölul. Með þeirri breyt. er girt fyrir það, sem nefndin vildi girða fyrir. Við hinar aðrar greinar í þessum þætti hefir nefndin ekki séð ástæðu til að gera breytingar, nema að fella burt 22. gr., sem leiðir af brtill. nefndarinnar um að sleppa eftiriiti á landi. eins og áður er á vikið, svo og við 24. grein. Sú breyting hefir ekki litla þýðingu. Nefndin hefir viljað bæta orðinu: »influenza« inn í á eftir »skarlatssótt«; og fyrir »skæðir og illkynjaðir« komi: »útbreiddir eða illkynjaðir«. Nefndin vill gefa landshöfðingja eða ráðgjafa heimild til að gefa út auglýsingu um þessa sótt, eins og aðrar erlendar sóttir, ef hún er einhversstaðar í hafnarstöðum erlendis útbreidd eða illkynjuð. Það er eins með influenza og með mislinga og skarlatssótt, að þær sóttir ganga lítið eitt í nærliggjandi löndum, eru þar heimasóttir, stinga sér niður þar við og við. En það kemur oft fyrir, að þær gjósa upp hér og þar og verða mjög útbreiddar; og þegar svo á stendur, er hætt við að þær berist hingað til lands, og eru illkynjaðar hér og gera mikið tjón, og sérstaklega höfum við reynslu með það, að því er influenza og mislinga snertir; þess vegna þótti nefndinni rétt, að láta sömu ákvæði gilda um influenza eins og um aðrar erlendar sóttir. Greinin inni-

bindur og í sér ákvæði um, að ef einhver önnur sótt en hér er nefnd er útbreidd í nærliggjandi löndum, þá megi beita sömu vörnum og varúðarreglum og hér ræðir um.

Á 5. þætti, sem aðallega ræðir um kostnað, sem af sóttvörnunum leiðir, hefir nefndin ekki gert aðra breytingu en þá, að í byrjun 29. gr. vill hún láta standa orðið »sóttgæz'umanni« í stað »sóttvarnarnefnd«; þar stendur sem sé, að hvert það skip, sem afgreitt er hér á landi, eigi heimtingu á að fá sóttgæzluskírteini hjá sóttvarnarnefnd, en nefndinni þótti nægilegt, að sóttgæzlumaður gefi út slíkt skírteini. Nefndin sá ekki neina ástæðu til að breyta ákvæðunum um kostnaðinn. Annars varð nokkur ágreiningur um það í nefndinni, hvort sóttgæzlumaður ætti að fá endurgjald fyrir, ef til þess kæmi, að hann yrði sóttkvíaður, og hvort hann þá ætti að fá dagpeninga eins og ákveðið er með lækni, þegar hann þarf að sóttkvía; en það varð ofan á í nefndinni, að láta þessi ákvæði standa óbreytt eins og þau eru í stjórnarfrumv., af því það muni sjaldan eða aldrei koma fyrir, að sóttgæzlumenn þurfi að sóttkvía. Hann þarf sjaldan að fara sjálfur út í erlend skip. Öðru máli er að gegna með læknir; hann verður oft að gera það, og getur auðveldlega smittast af einhverri sótt.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál. Eg vona h. þingdeild hafi kynt sér málið vel og brt. nefndarinnar og viðurkenni, að málið er mikilsvert, enda vel undirbúið, og að ekki sé hægt að bæta sig mikið meira í því.

Landshöfðingi: Nefndarálitið ber með sér, að nefndin hefir íhugað þetta mál mjög vandlega. Háttv. framsm. hefir tekið svo ítarlega fram þær breytingar, sem nefndin hefir gert á frumv. stjórnarinnar, að eg sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þær. Þær efnisbreytingar, sem nefndin hefir gert, eru sérstaklega við 4. og 14. gr. frv., og af þeim hafa leitt fáeinar aðrar minni háttar breytingar. Eg ber það traust til nefndarinnar, að breytingar þær, sem hún hefir tekið upp, þar sem hún hefir haft svo góðan ráðunaut, sem héraðslækni Guðmund Björnsson, séu vel íhugaðar, og vil eg því ráðleggja háttvirtri deild að samþykkja frumv. eins og það liggur hér fyrir, með brt. nefndarinnar, og vil eg óska þess, að þetta mál komist sem fyrst í gegnum þingið, með því það er áríðandi, að lögin komist sem fyrst til framkvæmda.

ATKVGR.: 1. brt. við 1. gr. samþ. án atkvgr.

1. gr. breytt samþ. í e. hlj.
2. brt. samþ. í e. hlj.
2. gr. breytt sþ. með 20 atkv.
3. gr. sþ. með 21 atkv.
3. brt. fyrri liður sþ. með 16 atkv.
3. brt. síðari liður sþ. með 19 atkv.
4. gr. breytt samþ. með 20 atkv.
4. brt. við 5. gr. 3. sþ. án atkvgr.
5. gr. breytt sþ. í e. hlj.
5. brt. sþ. án atkvgr.

Viðaukinn sþ. með 18 atkv.

6. gr. sþ. með 19 atkv.
7. gr. sþ. með 21 atkv.
6. brt. sþ. með 21 atkv.
7. brt. sþ. með 18 atkv.
8. brt. sþ. með 19 atkv.
8. gr. breytt sþ. með 18 atkv.
9. gr. sþ. með 19 atkv.
9. brt. sþ. án atkvgr.
10 gr. breytt sþ. með 20 atkv.
10. brt. fyrri liður sþ. án atkvgr.
10. brt. síðari liður sþ. með 19 atkv.
11. gr. breytt sþ. í e. hlj.
12. gr. sþ. í e. hlj.
11. brt. við 13. gr. sþ. án atkv.gr.
13. gr. sþ. í e. hlj.
12. brt. við 14. gr. sþ. með 20 atkv.

14. gr. frv. fallin.

13. breyttill. við 15. gr. samþ. með 16 atkv.

15. gr. breytt sþ. í e. hlj.

14. breyttill. 1., 2. og 3. liður samþ. með 18 atkv.

16. gr. breytt sþ. með 19 atkv.

17.—21. gr. sþ. í e. hlj.

15. breyttill. samþ. með 17 atkv.

16. breyttill. fyrri liður samþ. með 19 atkv.

16. breyttill. síðari liður samþ. með 19 atkv.

23. gr. sþ. með 19 atkv.

24. gr. sþ. með 19 atkv.

25.—28. gr. sþ. í e. hlj.

17. breyttill. við 29. gr. samþ. með 19 atkv.

29. gr. breytt sþ. í e. hlj.

30.—32. gr. sþ. með 21 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr. og frv. vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Þriðja umr. 11. ágúst (þskj. 98, 103, 106).

Framsögum. (Þórður J. Thoroddsen): Eg sé að hér eru komnar fram brtill. við frv., og þó þær séu ekki fyrirferðarmiklar, þá gera þær eigi að síður allmiklar efnisbreytingar á frv., verði þær samþyktar, sérstaklega að því er utanríkisskip snertir. Að svo stöddu ætla eg þó ekki að láta í ljósi skoðun nefndarinnar á þeim, heldur bíða þess, að h. flm. færi ástæður fyrir tillögum sínum.

Björn Kristjánsson: Eg er einn af meðflutningsmönnum brtill. á þskj. 103, og finn mér því skylt, að fara fám orðum um þær.

2., 3. og 4. brtill. eru svo náskyldar, að eg ætla að taka þær saman í eitt, og tala um þær fyrst.

Aðalástæðan fyrir því, að brtill. þessar eru komnar fram, er sú, að mér finst það óhjákvæmilegt, að sama reglan sé látin gilda um öll skip, sem koma frá útlöndum hvaðan, sem þau koma, og hvað sem þau starfa.

Það er sýnilegt, að þeir, sem frv. hafa samið, hafa viljað gera utanríkisfiskiskipum örðugt að leita hafna hér við land, og hafa fremur stílað ákvæði frv. í þá átt heldur en beinlínis til að varna sótthættu, því að annars hefðu þeir látið sömu regluna gilda um öll fiskiskip, sem frá útlöndum koma. Það má auðvitað hugsa sér það, að enskur botnvörpungur kæmi frá útlöndum t. d. til Akraness, og sýndi þar heilbrigðisskírteini sitt, skryppi síðan til Englands, og kæmi þar í grunsama höfn, en færi svo aftur hingað til lands. t. d. til Reykjavíkur og sýndi þar aftur sama skírteini sem á Akranesi; en alveg sama getur komið fyrir með dönsk skip og íslenzk; það getur komið fyrir, að þau fari á milli sótthættustaða í útlöndum og Íslands, og er því full ástæða til, að heimta af þeim sömu trygging sem utanríkisskipunum. Þess vegna vil eg að sama orðið, »aðkomuskip«, gildi um öll skip, sem frá útlöndum koma.

Stjórnin virðist leggja mikla áherzlu á þýðing heilbrigðisskírteinanna; í mínum augum eru þau fremur lítilsverð, sérstaklega ef skipin koma frá þeim löndum, þar sem heilbrigðisvottorð eru ekki heimtuð, svo sem Englandi og Þýzkalandi; þar er allauðvelt að fá þau. Í hitt eð fyrra bað eg um heilbrigðisvottorð handa skipi í Hull, og fekk það orðalaust, þrátt fyrir það, þótt þar gengi allmikil bóluveiki um sömu mundir.

Þá skal eg minnast á brt. við 1. gr. frv. 10. málsgr., þar sem afli úr skipum er líka skoðaður sem bannaður farangur. Eg get ekki skilið í því, að hægt sé að líta svo á, sem hætta stafi

af því, að afli sé borinn í land; eg get betur skilið í því, að mennirnir í bátnum, sem að landi leggur, væru skoðaðir sem sótthættufarangur.

Ákvæðið er auðsjáanlega miðað við það, að hindra það, að menn hafi mök við útlend skip á sjó úti; en fyrst það nær ekki líka til íslenzkra, danskra og færeyskra fiskiskipa, sem frá útlöndum koma, þá er engin trygging í ákvæðinu. Því fer brt. fram á, að orðin »utanríkisskipum« í 4. gr. sé breytt í »aðkomuskipum«; enn fremur að orðin í 10. málsgr., 1. gr., »líka afla«, séu látin falla burtu.

Að því er seinni brtill. snertir, skal eg geta þess, að eg sé ekki, að það sé mögulegt að hafa eftirlit með því, að þessi afli sé ekki fluttur á land.

Það mundi verða æði-erfitt fyrir sóttgæzlumanninn, að sjá um það, að enginn slíkur afli yrði fluttur á land um nætur, og það mundi ekki auðgert fyrir hann að dæma um það, hvort fiskur sá, sem að landi er fluttur, sé veiddur á bátana, sem með hann koma, eða fenginn í lagabanni hjá utanríkisfiskiskipum.

Enn bætist það við, að þar sem eigi er gert ráð fyrir því, að sóttgæzlumenn eigi að hafa laun fyrir starf sitt, þá verður það naumast heimtað af þeim, að þeir standi vörð dag og nótt til þess að hafa gætur með þeim afla, sem á land kemur.

Einmitt af því, að engin lögregla er til, til þess að gæta þess, að ákvæðunum um aflann sé hlýtt, þá verða þau þýðingarlaus og siðspillandi, og verð eg því að vera þeim mótfallinn, eins og öllum öðrum lagaákvæðum, sem einungis eru til á pappírnum, en ekki hægt að framfylgja þeim.

Annars er það auðsjáanlegt, að þetta ákvæði með aflann er ekki sett í lögin til þess, að sporna við sótthættu, heldur til þess, að fyrirbyggja það, að botnvörpungar geti gefið fátækum mönnum fisk. Ákvæðið á því alls eigi heima í þessum lögum.

Vilji menn koma því einhverstaðar að, þá á það miklu fremur heima í lögum um botnvörpuveiði.

Annars sé eg ekki að það sé mannúðlegt, að fyrirbyggja það með lögum, að landsmenn geti fengið fisk hjá útlendingum, hjá þeim mönnum, sem eyðileggja þau fiskimið, sem þorri manna getur sótt á bér. Sérstaklega eru slík fyrirmæli ósanngjörn, þegar þess er gætt, að fiskurinn, sem útlendingar fleygja í sjóinn, verður til þess, að eyðileggja fiskveiðarnar enn meir.

Það hefir annars verið móðins, nú nú síðari árin, að liggja sjómönnum á hálsi fyrir það, að þeir hafa hirt nokkuð af þeim fiski, sem útlendu fiskimennirnir mundu að öðrum kosti hafa kastað í sjóinn. En mér finst það mjög eðlilegt, þótt þeir hafi gert það, og eg er viss um, að ef þeir herrar, sem sett hafa ákvæðin um aflann inn í frumv., hefðu átt að róa, þó ekki væri nema eina vertíð, þar sem botnvörpungar hafa stöðvar sínar, og átt að lifa á sams konar fæði og sjómannalýðurinn, þá mundu skoðanir þeirra á þessu atriði hafa orðið aðrar, og þá mundu þeir hafa litið á málið svipað og eg geri.

Skal eg svo ekki fjölyrða um þetta, en vona að háttv. deild taki brtill. vel og fallist á þær.

Framsögum. (Þórður J. Thoroddsen): Eg þóttist skilja, þegar eg las brtill., hvað vakað mundi hafa fyrir háttv. flutnm., og frá þeirra sjónarmiði geta þær verið mjög eðlilegar.

Eg skal nú leyfa mér að taka brt. í sömu röð og háttv. flm. (B. Kr.) mintist á þær, og snúa mér fyrst að 1. og 3. brt., sem eru fólgnar í því, að

breyta orðunum »fiskiskip frá öðru ríki« í »fiskiskip frá útlöndum«. Flm. brt. vilja láta sömu reglur gilda um fiskiskip frá Danmörku og Færeyjum, eins og um önnur útlend fiskiskip.

Það kom til tals í nefndinni, að breyta frv. stjórnarinnar í líka átt og brtill. fer fram á; en meiri hluta nefndarinnar fanst það sumpart óþarft, og sumpart hætta á því, að slík breyting mundi spilla fyrir málinu hjá stjórninni. Óþarft taldi hún það af því, að nálega engin skip stunduðu hér fiskiveiðar frá Danmörku, heldur væri allur þorri fiskiskipanna utanríkisskip. Eg veit t. d. ekki til, að fleiri en tvö dönsk skip reki botnvörpuveiðar hér við land; aftur á móti stunda fáeinir danskir línuveiðarar fiskiveiðar hér, og nokkur færeysk fiskiskip, en bæði eru skip þessi harla fá í samanburði við utanríkisskipin, og auk þess stafar tiltölulega minni hætta af þeim meðal annars af því, að þau eru fæst á sífeldu skjökti milli Íslands og útlanda, eins og á sér stað með utanríkisskipin.

Nefndin áleit því, að það mundi ekki auka sótthættuna að neinum verulegum mun, þótt ákvæðunum væri haldið, eins og stjórnin fer fram á. Persónulega geri eg það þó ekki að kappsmáli.

Það er misskilningur hjá h. þm. (B. Kr.), ef hann hyggur, að ákvæðin séu sett inn í frv. til þess að gera útlendum skipum örðugt fyrir að leita hér hafna; þau eru eingöngu sett þar vegna sótthættunnar, sem af skipum þessum stafar. Eg sé ekki heldur nein þau ákvæði í frv., er geri fiskiskipum örðugt fyrir að leita hér hafna. Þau mega óhindruð koma hér á hafnir; að eins verða þau að gæta hins sama, sem önnur skip, með því, að sýna heilbrigðisskírteini; þeim er þar hvorki gert hærra né lægra undir höfði. Að eins er sá munur gerður, að þegar menn hitta þessi skip á sjó úti, þá skuli svo talið, sem þau hafi komið frá útlöndum, og það þótt þau hafi áður sýnt heilbrigðisvottorð á landi. Þetta er gert af því, að það er svo erfitt að hafa eftirlit með því, hvort þessi fiskiskip, sem eru á sífeldum þönum til útlanda, hafi í það og það sinnið sýnt heilbrigðisvottorð sitt hér á landi.

Með þessu einu móti er líka hægt að hafa eftirlit með þeim opnu bátum, sem sækja afla í útlendu skipin. Mættu opnir bátar hafa ótakmarkaðar samgöngur við hin útlendu fiskiskip, þá væri þeim innan handar að segjast hafa fengið afla sinn í skipi, sem búið væri að sýna heilbrigðisskírteini sitt, og umsjónarmennirnir á landi hefðu oftast enga trygging fyrir, hvort það væri rétt hermt eða ekki. Fiskiskip, sem hefði samgöngur við bát á sjó úti á Faxaflóa, gæti t. d. hæglega sagt, að það hefði sýnt heilbrigðisskírteini sitt austur á Seyðisfirði, en umsjónamennirnir á landi gætu ekki neina fullvissu haft um þetta, hvort það væri satt eða ekki.

Eg tek það upp, að eg vona að h. þm. (B. Kr.) skilji það, að ákvæði frv. stefna alls eigi í þá átt, að gera utanríkisskipum örðugt fyrir að leita hafna hér við land; þau eru miðuð við það eitt, að reyna að verja landið fyrir sóttum.

Að því er snertir þá breyt.till. háttv. flutningsmanna, að fyrri partur 4. greinar frumv. falli burt, þá skal eg taka það fram, að þessi málsgrein var hér samþykt í deildinni eftir tillögum nefndarinnar. — Í stjórnarfrumv. var ekkert ákvæði í þessa átt; en í undirbúningsfrumv. því, sem liggur fyrir þinginu frá Guðmundi héraðslækni Björnssyni, er ákvæði, er inniheldur bann gegn því,

að innlendir menn megi fara út í utanríkisfiskiskip utan löggiltra hafna. — Þar var tekið beint fyrir öll mök við botnvörpunga. Stjórnin vildi ekki ganga inn á þetta af þeim ástæðum, er eg tók fram við 2. umræðu þessa máls. — Nefndin fann því þann milliveg, að leyfa engum íslenzkum skipum utan hafna að taka við afla úr utanríkisfiskiskipum. — Það er ekki rétt álitið, að þetta ákvæði sé sama sem algjört bann gegn öllum mökum við botnvörpunga, heldur er það bann gegn því, er nú tíðkast, að taka við afla úr þeim úti á sjó og hvar sem er. — Eftir þessu ákvæði er það að eins leyfilegt á löggiltum höfnum. Eg er svo kunnugur botnvörpuveiðum og háttalagi þeirra skipa, er þær reka, og eg get fullvissað háttv. flutningsm. um það, að þetta er alls ekki sama sem bann. — Það kemur fyrir dagsdaglega, að botnvörpungar koma inn á hafnir og færa innlendum mönnum fiskinn. — Þótt nú þetta frumv. yrði að lögum, þá mundi sama reglan haldast framvegis. — Aftur á móti get eg látið það í ljósi sem mína persónulegu skoðun, að eg álít, að með þessu ákvæði sé efasamt, hvort eins góð eða nokkuð betri trygging gegn sóttvörn fæst, eins og með því, er stjórnarfrumvarpið ákveður. — Eg gæti ímyndað mér, að það yrði framvegis þannig, ef frumv. yrði að lögum, að Íslendingar færi út í botnvörpunga ana, semdi við þá um að fá fisk, skildi síðan mann eða menn eftir um borð til þess að gæta aflans, jafnótt og hann fengist; þegar svo þessum mönnum þætti nóg komið, þá mundi hann fá botnvörpuginn til að fara upp á höfn með fiskinn. — Þá er spurningin að eins sú: er þetta fyrirkomulag minni áhættu bundið að því er útbreiðslu sóttnæmis snertir? Nefndin áleit þetta tryggilegra; en eg verð sem sagt að játa, að mín persónulega skoðun er, að svo sé samt ekki.

Breyt.till. 2 (við 1. gr. 10. málslið) fer fram á, að orðin »líka afla« falli burt. — Það getur nefndin engan veginn gengið inn á. Ef þessum saklausu orðum væri slept, er mönnum þar með gefið leyfi til, að eiga alveg sömu mök við botnvörpunga, sem áður hefir tíðkast. — Allur tilgangur sóttvarnarlagafrumvarpsins væri þar með dottinn úr sögunni. Ef »afli« væri eigi talinn með »farangri«, þá væri innlendum mönnum leyfilegt, að flytja fisk á land úr botnvörpungum ekki einungis á löggiltum höfnum, heldur hvar sem vera skal. — En það er það, sem frumv. er að reyna að girða fyrir. Það vill takmarka þennan aflaflutning, þannig, að hann sé ekki leyfilegur utan löggiltra hafna.

Aftur á móti gengur nefndin inn á 6. og 7. breyt.till., sem sé, að við 1. málsl. 28. gr. bætist: Skírteini þetta veitist okeypis, og þar af leiðandi fellur 3. málsl. 28. gr. burt.

Þorgrímur Þórðarson: Háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) skýrði við aðra umræðu frá breytingum þeim, sem nefndin gerði á frumv. stjórnarinnar, og hefir nú svarað breyt.till. flutningsmanna svo ítarlega, að eg hefi engu þar við að bæta. — Það er þó eitt atriði í frumv. þessu, sem háttv. framsm. (Þ. J. Th.) mintist ekki á, er eg vil þó fara um nokkrum orðum. — Í athugasemdum stjórnarinnar við frumv. er þess getið, að héraðslæknir Guðm. Björnsson hafi ásamt hæstv. landsh. samið frumv. um erlendar sóttir, er síðan hafi verið sent stjórnarráðinu. — Í frumv. þessu hafði héraðslæknirinn talið influenzu með erlendum sóttum, en stjórnarráðið áleit ísjárvert, að telja hana með þeim, því hún væri mjög algengur sjúkdómur og útbreiddur í

hafnastöðum. — Nefndin gat eigi fallist á þessa athugasemd stjórnarráðsins, því að inflúenza er sérstakur sjúkdómur, er kemur fram í ýmsum myndum, stundum legst hún á andardráttarliffærin og líkist þá vanalegri kvefsótt, stundum á taugakerfið, og er þá einna hættulegust, og stundum á meltingarfærin. — Inflúenzu-bacil, sem veldur veikinni, hafa menn fundið, og er því enginn efi lengur á því, að hún er annar sjúkdómur en kvefsóttin, sem er heimasót á Íslandi og öðrum Norðurlöndum. — Hún hefir oft gengið yfir Norðurálfuna og vanalega komið þangað austan af Indlandi. — Þegar hún barst til Norðurálfunnar 1889 austan úr Asíu, hafði ekki orðið vart við hana hér í álfu um 30 ár; það var því sem læknar vöknuðu af vondum draumi er þeir mintust þess, hve illur gestur hún hafði verið 1862. — Til Íslands kom hún 1890 og lagði leið sína vestur um lönd, — til Ameríku. Í janúar 1894 kom hún svo hingað aftur og barst þá frá Noregi upp til Seyðisfjarðar með gufuskipinu Waagen, og breiddist þaðan að vörmu spori yfir alt Fljótsdalshérað, því ekkert var gert til þess, að varna útbreiðslu hennar. — Mér er það minnisstætt, hve mannskæð hún var þar. Á Fljótsdalshéraði munu hér um bil 200 manna hafa dáið úr veikinni á skömmum tíma, og það flest menn á bezta aldri, og í Kirkjubæjarsókn í Tungu dóu 20 manns á einni viku. — Það voru ekki fegri aðfarir en þegar mislingarnir gengu á Suðurlandi 1882, og flestum miðaldra mönnum og eldri mun minnisstætt.

Reikni maður líf hvers fullorðins manns 1500 kr., þá hefir Fljótsdalshérað eitt veturinn 1894 beðið 300,000 kr. skaða af manndauða, og þar við bætist allur hinn mikli skaði bæði af verkfalli og heilsumissi o. s. frv., sem eigi verður metinn. — Árið 1899 gekk inflúenza á Austurlandi, og aftur 1900 um alt landið. Síðan hefir hún ekki gert vart við sig.

Nefndin áleit því rétt og nauðsynlegt, að telja inflúenzu með þeim erlendum sóttum, sem landinu væri stór hætta búin af, og hefir breytt því 23. grein frumvarpsins á þá leið að ákvæði hennar, sem áttu við mislinga og skarlatssótt, næðu einnig til inflúenzu, í þeirri von, að sú breyting yrði frumv. ekki að falli hjá stjórninni.

Þessi sjúkdómur er mjög sóttnæmur og er auðsætt, að miklu meiri hætta er á, að hann flytjist hingað til landsins, en t. d. gul hitasótt, útbrotataugaveiki og kólera, er aldrei hafa komið til landsins.

Þetta er í fullu samræmi við lögin frá 1896, þar sem inflúenza er talin sérstakur sjúkdómur. — Það ætti líka að vera hægra að verja inflúenzu inn í landið, en að tálma útbreiðslu hennar, þegar hún eitt sinn er komin, sem oftast er mjög örðugt.

Orðabreytingar gerði nefndin í 3. og 7. gr. frumv., sem annaðhvort hafa fallið úr við afritun á nefndarálitinu eða í prentuninni, en hin háttv. efri deild væntanlega lagfærir. — Þar stendur: »hleypa mönnum og farangri á land«. — Eg vil ekki segja, að þetta sé rangt, en það mun ekki vera mikið brúkað, og eg kann alls ekki vel við það.

Björn Kristjánsson: Eg er háttv. frumsögum. (Þ. J. Th.) þakklátur fyrir það, hversu liðlega hann tók í breyt.-till. okkar (þingskj. 106). — Hann tók það fram, að nefndin hefði eigi þorað að koma fram með uppástungur í þá átt, er 3. og 4. breyt.till. okkar fara fram á, af ótta fyrir því, að það mundi verða frumv. til falls hjá stjórninni. — Eg skil ekki að svo færi, því það

sama hlýtur að ganga yfir öll skip frá útlöndum, þegar um sóttvarnir er að ræða. — Mér finst, að stjórnin hlyti að samþykkja það. — Annars yrði næsta lítið úr þingræðinu, ef hún færi að neita um svo lítilfjörlegar breytingar. — Háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) kvað fá dönsk fiskiskip hér við land; það er mikið rétt. En geta ekki þá og þegar, jafnvel að ári, myndast dönsk botnvörpufélög, er ræki veiðar hér við land eins og Englendingar? Þetta hefir komið fyrir. Rak ekki danskt botnvörpufélag »Ísalold« slíkar veiðar hér fyrir skemstu?

Þá bar og háttv. frmsm. (Þ. J. Th.) fyrir sig þá ástæðu, að nauðsynlegt væri að hafa strangari ákvæði gagnvart utanríkis-fiskiskipum. — Eg get ekki séð, hvaða ástæða er til þess, að undanskilja hin dönsku, því bæði geta þau flutt með sér sjúkdóma frá öðrum ríkjum, og líka tekið við sóttnæmi af utanríkis fiskiskipum, er þau hafa samgang við. — Það hlýtur því að gilda alveg hið sama fyrir þau.

Eg átti kollgátuna, er eg gizkaði á, að sú mótbára mundi reist, að fiskiskip gætu notað sama heilbrigðisvottorðið á tvær hafnir eða fleiri. — Eg felst á það, að slíkt geti nú komið fyrir. En komi það fyrir með utanríkisskip, því getur það þá ekki eins komið fyrir með dönsk og íslenzk skip, sem til dæmis selja afla sinn á Englandi?

Háttv. frmsm. (Þ. J. Th.) gat þess í tilefni af breytingunni við 4. gr., að íslenzkir sjómenn gætu þrátt fyrir ákvæði þeirrar greinar sótt sér afla út í botnvörpuskip. — Eg lít svo á, sem þetta ákvæði lúti einmitt að því, að byrgja fyrir það. Þar sem botnverpingum nú eru settar strangari reglur en áður, þá yrðu þeir að fara inn á löggiltar hafnir og beiðast heilbrigðisskírteinis áður en þeir mættu láta nokkurn afla af hendi við landsmenn. — Og það væri ekki óeðlilegt, að þeir kinnokuðu sér við það, að eyða tíma og kolum til slíkra aukakippa, enda mundi Íslendingum þykja hálf-leiðinlegt, að biðja um það. — Annaðhvort yrðu þeir að taka við fiskinum á miðunum, eða þá að verða af honum ella.

Auk þess sé eg enga sóttvarnartryggingu í því, þótt skipin kæmu inn á hafnir, til þess að afhenda aflann. — Þau gætu gert það eins á nóttu, sem degi, því ekki gæti sóttgæzlumaður alt af verið til staðar, og þess vegna gæti alt farið fram eftirlitslaust.

Eg gleymdi að geta þess í fyrri ræðu minni, er farið er fram á í 7. breyt.till. á þingskj. 106. — Mér fanst sjálfsagt, að ekkert gjald væri tekið fyrir heilbrigðisskírteini. — En nú hefir háttv. framsögum. (Þ. J. Th.) fallist á þessa breyt.till., og því gerist engin þörf á, að eyða fleiri orðum um hana.

Að því er frumv. í heild sinni snertir, þá óttast eg, að af svo viðtækum lögum mundi stafa alt of mikill kostnaður. — Sóttvarnarhús og sóttgæzlumenn mundu kosta landssjóð ærið mikið fé. Gætum að, hvað heilbrigðismálin þegar kosta, læknaskipunin 230 þúsund kr., læknaskólinn 14 þús. kr., og svo eru sóttvarnirnar 18 þúsund krónur, og svo allur væntanlegur kostnaður af þessum sóttvarnarlögum. — Þess verður ekki langt að bíða, þangað til hann kemur í ljós.

Mér finst ekki mjög miklu bætandi við þann kostnað, sem nú er. — Enda tel eg það harla lítinn skaða fyrir Íslendinga, þótt frumv. þetta væri látið bíða endilegra úrslita til næsta þings, svo betri tími gæfist til þess, að íhuga það.

Framsögum. (Þórður J. Thoroddsen): Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) fórust þannig orð, sem hann vildi helzt,

að frumv. fengi ekki framgang á þessu þingi. Eg sé ekki, hvað við gætum bætt okkur á því, þó það væri látið bíða. Það er þegar full-vel undirbúið, eins og skjöl þess sýna, fyrst af hinum færustu mönnum hér á landi, því næst af stjórninni sjálfri, og loks hefir það hér á þessu þingi verið sett í nefnd og rætt all-rækilega, og athugað hér í neðri deild. Mér finst torvelt, að undirbúa það betur. — Sóttvarnarlagafrumv. það, sem hér liggur fyrir, er eiginlega ekkert nýtt, að eins eldri ákvæði gerð tryggilegri, og trygging sett fyrir því, er engin trygging var fyrir áður. Það er því engin ástæða til þess, að vera að fara fram á það, að láta það bíða næsta þings.

Háttv. 1. þm. G. K. (B. K.) tók það enn fremur fram, að það yrði auðvelt, að fara í kringum þessi lög, sérstaklega fyrir botnvörpunga. Eg skil það ekki, að það yrði svo hægt, sem hann heldur. Það mundi ekki fara svo leynt, ef einhver kæmi á land úr botnvörpungi með afla; nágrannarnir mundu taka eftir því, ef einhverir færi út í botnvörpunga. Og þótt reynt væri til, að leyna því, þá mundi sóttvarnarnefndin hæglega geta komist á snoðir um það, og kært viðkomandi. — Lögin ákveða hegningu við þessu broti. Og það er óhætt að reiða sig á það, að hafi eitt sinn verið »statúerað exemplum«, mun auðvelt að koma í veg fyrir slíkar óleyfilegar samgöngur.

Að ákvæði frumv. séu eigi nógu tryggileg, er því engin ástæða til að segja. — Ef menn annars vilja setja nokkrar reglur til varnar gegn sóttnæmum sjúkdómum frá öðrum löndum, þá hygg eg örðugt, að setja aðrar en þessar, nema þá að skipa sóttvarnarnefnd við hverja vík og vör, þar sem unt er fyrir skip að lenda, eða þá að lofa mönnum að lenda með aflann, hvar sem þeir vilja, en gera þeim það skylt, að sækja lækni eða sóttvarnarnefnd í hvert skifti. — Lögin eru ekki gerð til þess, að aftra fátæklingum frá því, að ná sér í fisk, heldur einungis í þeim tilgangi, að varna því, að sótt flytjist á land um leið og aflinn er sóttur, og þeim tilgangi verður ekki öðru vísi náð en að takmarka leyfi til aflatöku úr utanríkisskipum utan löggiltra hafna. — Botnvörpungum sérstaklega er ekki gert óhægra fyrir. Þeir geta leitað til hafna eftir sem áður, og það er sama skyldan, er þeir eiga þar að inna af hendi eftir þessu frumv., og áður hvílir á þeim. Þeir eiga að sýna þar heilbrigðisskírteini. Að eins er munurinn sá, að þeir eiga samkvæmt þessu frumv., að sýna það í hvert skifti og þeir koma á höfn, og á hverri höfn. Og það er tekið fram, hvernig þeir skuli fara að því, ef þeir ekkert skírteini hafa. Skipstjóri gefur sóttgæzlumanni vottorð upp á æru og samvizku, að hann hafi engan sóttveikan mann á skipi sínu, og komi ekki frá sóttmenguðum stað. Þetta vottorð gildir sem skírteini.

Eg skal svo ekki fara lengra út í málið að sinni, heldur að eins láta þá von í ljósi, að hin háttv. deild fallist ekki á tillögur þeirra manna, er vilja fresta því eða fella það til fulls. — Hér er meira í húfi en sóttin sjálf; landssjóð er búið við stórum útgjöldum ef næmar sóttir flyttust hingað. Það hafa verið samþykt hér lög um varnir gegn útbreiðslu sótta innanlands. — Mér finst því þinginu skylt, að reyna að koma í veg fyrir, að til þeirra útgjalda komi, er þau lög hafa í för með sér, ef sóttnæm veiki flyttist til landsins.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 103 teknar aftur.

Breyt.till. á þgskj. 106 1. við 1. gr.

4. málsl. feld með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Björn Kristjánsson,	Árni Jónsson,
Eggert Benediktss.,	Jón Magnússon,
Guðl. Guðmundss.,	Ari Brynjólfsson,
Hannes Þorsteinss.,	Björn Bjarnarson,
Hermann Jónasson,	Jón Jónsson,
Lárus H. Bjarnas.,	Magnús Andrésson,
Ólafur Briem,	Ólafur F. Davíðsson,
Sig. Stefánsson,	Pétur Jónsson,
St. Stefánss. þm. Skf.	Sighv. Árnason,
	St. Stefánss. þm. Eyf.,
	Tr. Gunnarsson,
	Þ. J. Thoroddsen,
	Þorgrímur Þórðars,
	Þórh. Bjarnarson.

Breyt.till. 2 við 1. gr. frv. 10. málsl. feld með 13 : 5 atkv.

Breyt.till. 3 við 3. gr. frumv. álitin fallin.

Breyt.till. 4 a við 4. gr. frumv. feld með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	*nei*:
Björn Kristjánsson,	Árni Jónsson,
Eggert Benediktss.,	Jón Magnússon,
Guðl. Guðmundss.,	Ari Brynjólfsson,
Hermann Jónasson,	Björn Bjarnarson,
Lárus H. Bjarnason,	Hannes Þorsteinss.,
Ólafur Briem,	Jón Jónsson.
Sigurður Stefánss.,	Magnús Andrésson,
St. Stefánss. þm. Skf.	Ólafur F. Davíðss.,
Þórður J. Thorodds.	Pétur Jónsson,
	Sighv. Árnason,
	St. Stefánss. þm. Eyf.,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þorgr. Þórðarson,
	Þórh. Bjarnarson.

Breyt.till. 4 b við 4. gr. frumv. álitin fallin.

Breyt.till. 5 við 4. gr. frumv. álitin fallin.

Breyt.till. 6 við 28. gr. frumv. samþ. með 18 atkv.

Breyt.till. 7 við 28. gr. frumv. samþ. án atkvæðagr.

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 17 : 2 atkv., og afgreitt til efri deildar.

Ein umr., 27. ágúst (þgskj. 177, 191 n.).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 17 samhlj. atkv., og afgreitt til landshöfðingja *sem lög frá alþingi.*

Berklaveiki.

I

TILLAGA til þgsál. um ráðstafanir gegn útbreiðslu berklaveikinnar (þingskj. 61); ein umr., 12. ágúst.

Flutningsm. (**Magnús Andrésson**): Eg hefi hér leyft mér að koma fram fyrir háttv. deild með þingsál. um mjög alvarlegt málefni.

Berklaveikin er einn af hinum allra skæðustu morðenglum mannkynsins. Enginn einn sjúkdómur hefir verið jafnbanvænn í ýmsum öðrum löndum. Þannig er t. d. talið í einu af nágrannalöndum okkar, að 40% af þeim, sem dóu þar eitt ár núna nýlega, hafi berklaveikin banað, og í öðru landi er talið, að hún sé banamein sjöunda hvers manns.

Þangað til fyrir tiltölulega fáum árum síðan má álíta, að við Íslendingar höfum ekki haft neina teljandi heimsókn af þessum skæða sjúkdómi. Um miðja fyrri öld, þegar Schleisner ferðaðist hér um land, fann hann 7 menn berklaveika, alla í Múlasýslum. Um 1870 kom út bók eftir Jón lækni Finsen, og segist hann hafa rekið sig á álika marga berklaveika sjúklinga. Eg man einnig eftir því, að um þetta leyti, eða skömmu eftir 1870 sagði einn af merkustu læknum landsins við mig, að

það væri efasamt, hvort lungnatæring væri til hér á landi, en hún er, eins og kunnugt er, ein af algengustu og hættulegustu tegundum berklaveikinnar. En eftir 1880 tekur þessi veiki stökk undir sig, og gengur risafetum áfram. Merkur læknir hefir gizkað á það við mig, að mislingarnir 1882 hafi komið henni á stað, því að svo er háttað, að vissir sjúkdómar æsa þessa veiki upp, svo sem mislingar, innflúenza, skarlatssótt og kíghósti. Það má því ætla að mislingarnir '82 hafi fyrst komið berklaveikinni verulega á stað, og síðan hafi innflúenza 1890 og 1894 og síðast kíghóstinn stuðlað að útbreiðslu hennar, sem nú er orðin mjög alvarleg. Í skýrslu eins héraðslæknis stendur, að 7 börn hafi dáið úr heilabólgu, sem stafað hafi frá berklum, og að börnin hafi fengið veikina upp úr kíghósta. Eg hefi leitað mér upplýsinga hjá landlækni um, hve margir muni nú vera berklaveikir á landinu, en hann kveðst eigi geta gefið neinar áreiðanlegar upplýsingar um það, vegna þess, að læknarnir gæfu enga skýrslu um, hve margir sjúklingar væru í umdæmi þeirra, heldur að eins um það, hve margir leituðu lækninga hjá þeim. 1898 skýrði héraðslæknirinn í Reykjavík frá því, að leitað hefðu lækninga til hans 58 sjúklingar með berkla í lungunum, og 9 með berkla í öðrum pörtum líkamans; en að öllum líkindum er þetta ekki nema lítið brot af þeim, sem berklaveikir eru í umdæminu. Eg hefi spurt fleiri lækna um, hve margir þeir héldu að væri með þessum sjúkdómi í umdæmum þeirra; en enginn þeirra hefir getað sagt mér neitt um það með vissu, en þeir hafa gizkað á tölur, sem mundu þykja ótrúlegar. Einn gizkaði á að það mundu vera 2%—3% af öllum íbúunum, annar hefir nefnt miklu lægri tölu. En víst er um það, að veikin er útbreidd um land allt, og að tala þeirra, sem eru haldnir af henni, skiftir mörgum hundruðum. Það eru ýmisleg atvik, sem gera það, að veikin gæti haft hér mikil lífsskilyrði og góðan jarðveg. Að vísu eru aftur sum skilyrði móti veikinni, t. d. gott og heilnæmt loftslag. Hins vegar skal eg fyrst nefna meðal þess, er eftir útbreiðslu veikinnar, hinn slæma sið alþýðu manna, að hrækja hvar sem er. Það er svo afarhættulegt vegna þess, að í hrákanum er aðallega fólgið sýkingarefnið, sem menn anda að sér þegar hrákinn þornar, þótt vogur úr opnum ígerðum geti einnig sýkt, ef hann nær að þorna og þyrlast upp. Í öðru lagi eru slæm húsakynni og lítil; fólkið er of margt inni í sömu baðstofu, og loftið er fult af ryki og óhreinindum. Ennfremur getur stuðlað að útbreiðslu veikinnar hin óstöðuga og vætusama veðrátta, sem hefir í för með sér vosbúð og innkulsi; því alt, sem veiklar manninn, gerir það að verkum, að mótstöðukrafturinn til þess að standa á móti veikinni verður minni.

Þegar litið er á það, að fyrir 50 árum síðan, eða um 1850, mátti heita að berklaveiki væri óþekt hér á landi, og að nú eru menn svo hundruðum skiftir haldnir henni, þá er auðsætt, að lífsskilyrðin fyrir hana eru hér á landi mikil, og að hér er voði á ferðum, ef hún þróast jafnmikið t. d. næstu 50 ár. Eg veit líka, að allir eru mér samdóma um það, að hér er að tala um auðsæja, yfirvofandi hættu; en þá kemur meiri vandinn er leggja skal á þau ráð, sem duga mega, til að stemma stigu fyrir veikinni, og eg skal játa það, að eg var nokkuð hikandi með að bera fram þessa tillögu, því eg bjóst að einu

leytinu við, að deildin gerði ráð fyrir því, að sá, sem kæmi fram með slíka tillögu, hefði í fórum sínum einhver góð ráð, er hér ættu við; en eg fann að hinu leytinu, að hér er vandi úr að ráða, og að hér eru góð ráð dýr. Hins vegar þótti mér ekki mega lengur svo búið standa. Nágrannaþjóðir okkar hafa tekið þetta mál til alvarlegrar meðferðar, hafa bæði gefið út lög til að varna útbreiðslu berklaveikinnar, og eru að koma upp stofnunum fyrir berklaveika sjúklinga. Í Danmörku hafa menn myndað félög til þess, að koma upp heilbrigðisstofnunum (sanatoria) fyrir þessa sjúklinga, og í öðru nágrannalandi okkar, Noregi, er málið einnig alvarlega komið á dagskrá. Það sýnist því svo, sem mál sé komið fyrir okkur til að gera eitthvað. Að vísu hefir fyrir nokkrum árum verið gefinn út bæklingur um berklaveikina, sem sjálfsagt er ágætur í sinni röð, en þó slíkur bæklingur komi út einu sinni, þá er hætt við að hann víðast hvar sé lagður á hilluna þegar frá líður, og gleymist skjótt.

Hvað á þá til bragðs að taka? Hér eru, að því er mér virðist, tvenns konar ráð fyrir hendi. Önnur eru einföld og kostnaðarlítil, en ófullnægjandi, og þó þannig, að þau geta sennilega orðið að einhverju gagni. Hin hafa þann annmarka, að þau kosta stórfé, en mundu einnig duga betur. Fyrst í stað verðum vér að nota ódýrari ráðin, og tel eg þar til, að tekið sé til að fræða þjóðina um eðli og útbreiðslu berklaveikinnar, hvers þurfi að gæta, svo að sem minst hætta sé við sýkingu. Það þarf að vekja þjóðina og halda henni vakandi, koma inn hjá henni ótta fyrir allri óvarkárni gagnvart veiki þessari, og jafnframt sannfæringu um það, að takast megi með góðru aðgæzlu að draga mikið úr hættunni að fá hana. Til þess þyrfti fyrst og fremst enn að nýju að gefa út við og við bæklinga, sem sendir væru gefins inn á hvert einasta heimili; þar næst þyrftu allir læknar að gefa sjúklingum varúðarreglur, og hafa svo sem auðið er eftirlit með, að þeim væri fylgt. Mér dettur í hug, í sambandi við þetta, heimili eitt, sem eg þykist hafa sannar sögur um. Af mönnum, sem þar hafa átt heima, eru nú á fám árum 6 dánir úr berklaveiki. Heimili þetta er í þjóðbraut, og þar hefir verið gestkvæmt, og stundum fjöldi gesta nætursakir, sumir þeirra hafa jafnvel sofið hjá heimamönnum með lungnatæringu. Það er full ástæða til að ætla, að sýkin hafi breiðst út frá þessum bæ til vissra heimila, sem hún nú hefir hertekið. Eg játa það, að það er vandi að koma í veg fyrir þetta; því þótt læknirinn segði, að ekki mætti hýsa menn nema í lífsnauðsyn á svona bæjum, þá er fyrst og fremst ilt að koma því á, og í annan stað eru bæirnir á þann hátt eins og stimplaðir, og það er verst af öllu; því það getur orðið til þess, að enginn vilji koma á þá bæi, og enginn fáist til að vinna þar, eða hafa nokkuð saman við þá að sælda. Líkt er að segja um það, ef auglýst væri, að enginn mætti koma þangað að nauðsynjalausu. En með lagi gæti læknirinn þó gert mikið til þess, að fólk á bæjum, þar sem berklaveiki er, hefði ekki meiri samgöngur við umheiminn en nauðsynlegt væri.

Ennfremur þyrfti einnig að sótthreinsa þær stofur og heimili, sem berklaveikur sjúklingur deyr á eða flytur frá. Það þyrfti ekki að kosta ýkjamikið fé. Á einu heimili, þar sem berklaveikir menn höfðu dáið, veit eg til þess, að hætt var að nota íbúðarhúsið fyrir fólk; en þá var það tekið fyrir heyhlöðu, ósótthreinsað, og höfð

í því taða handa kúm. Ef sú kenning er rétt, sem hingað til hefir verið haldið fram, að veikin geti borist frá nautgripum til manna, og frá mönnum til nautgripa, þá sjá allir, hve mikil hætta getur stafað af þessu. Eg veit raunar vel, að því hefir verið haldið fram af frægum lækni á Þýzkalandi nú á síðari árum, að berklaveikin geti ekki borist úr kúnum í menn, en læknarnir hafa ekki orðið sammála um það, og enn er alveg óútkljáð, hvað rétt er í því efni.

Enn hefir eitt viðgengist hér, að bæði kennarar og nemendur við suma skóla hafa orðið berklaveikir, og verið þó í skólanum eftir sem áður, án þess að nokkuð hafi verið skift sér af því. Eg veit dæmi þess, að kennari við barnaskóla dó úr berklaveiki, og svo leit út, sem aðstoðarkennari hans og eftirmaður sýktist af honum, svo að einnig hann dró til bana og einhverir af nemendunum sýktust einnig; það má ekki eiga sér stað, að berklaveikir kennarar eða nemendur séu langdvölum við skólana, þeir verða að fara, þegar þeir eru orðnir hættulegir, og er því nauðsynlegt að læknir haldi við og við rannsókn um þetta í skólunum á hverju ári. Foreldrar og vandamenn nemendanna eiga beina heimting á því.

Þá þarf að koma í veg fyrir það, að sveitarómagar séu settir niður á berklaveikisheimili. Að gera slíkt vísvitandi, er skrælingjaháttur.

Þá er ennfremur ástæða til að athuga almenna samkomustaði. Það er nauðsynlegt að gæta þess, að þegar samkoman fer burt, þá sé húsið þvegið eða sótthreinsað, en ekki sópað eins og oftast á sér stað Sé það ekki gert, þorna hrákarnir, og sýkingarefnið í þeim þyrlast upp með öðru ryki, þegar sópað er, og menn draga það svo ofan í sig með andardrættinum.

Væri hægt að koma þessum og öðrum slíkum varúðarreglum á, þá væri mikið unnið. Auðvitað dettur mér ekki í hug, að þetta væri fullnægjandi, til að taka fyrir útbreiðslu berklaveikinnar; en gæti það orðið til að frelsa þó ekki væri nema þriðjung eða helming þeirra manna, er ella mundu sýkjast, þá væri mikið unnið með því.

Vildum við aftur á móti setja takmarkið hærra, þá yrðum við að fara að eins og aðrar þjóðir, og reyna að koma upp hjá okkur heilbrigðisstofnunum (sanatorium); en það yrði svo kostnaðarsamt, að eg get ekki búist við að landssjóður þyki fær um að kosta slíkar stofnanir nú. Þegar svo væri hægt að sannfæra þjóðina um, að það sé tilvinnandi, að leggja hart á sig til þess að losna við þann voða, þá mundi eitthvað verulegt mega gera. Það er ótrúlegt, hvað jafnvel litlar þjóðir geta framkvæmt og lagt á sig, þegar þær eru hrifnar af einhverjum háum hugstjónum og geta orðið samtaka. Ef þjóðin vildi spara við sig alla vín-drykkju, eða svo sem helminginn af því kaffi, sem hún nú drekkur, um ein 10 ár, þá fengist nóg fé til að koma upp góðum heilbrigðisstofnunum. Eg nefni þetta hér að eins sem takmark, er vér hljótum að keppa að. Ennig þyrfti að koma upp hjúkrunarhúsum. Svo fer á endanum um sjúklinga þá, er hér ræðir um, að þeir missa allan andlegan og líkamlegan þrótt til að halda nokkrar varúðarreglur, hve fegnir sem þeir vildu, og þegar þeir eru svo að fram komnir, þá stafar af þeim mjög mikil sýkningarhætta. Fyrir slíka menn eru hjúkrunarhús bráðnauðsynleg.

En finn það vel, að hér eru góð ráð dýr, eins og eg sagði áðan, og að ekki

er til þess að hugsa, að ráðin verði bót á þessu á stuttum tíma, en það ætti þó að reyna eftir því sem verða má, að draga úr útbreiðslu veikinnar og stöðva hana í tíma, áður en hún magnast enn meir. Með samhuga viðleitni í því má vænta einhvers árangurs. Í þeirri von hefi eg komið fram með þessa tillögu, og í þeirri von vildi eg óska þess, að háttv. þingd. vildi setja 5 manna nefnd til að athuga málið, því betur sjá augu en auga.

ATKV.GR.: 5 manna nefnd samþ. í e. hljóði, og voru þessir kosnir:

Magnús Andrésson	með	20	atkv.
Þórður Thoroddsen	—	20	—
Lárus H. Bjarnason	—	11	—
Pétur Jónsson	—	10	—
Þorgrímur Þórðarson	—	9	—

Berklaveiki.
II.

TILLAGA til þingályktunar um berklaveikina (þgskj. 180), ein umr.

Framsm. (ÞórðurJ.Thoroddsen): Nefnd sú, sem h. Nd. kaus til að athuga þetta mál, hefir komist að þeirri niðurstöðu, að þetta sé nauðsynjamál, sem varði allan landslýð, og að brýna nauðsyn beri til fyrir þing og þjóð að taka það til alvarlegrar og rækilegrar yfirvegunar, og sem fyrst að hefjast handa í þessu efni. Það sem mest hamlaði framkvæmdum nefnd., var, að hún hafði því nær engar skýrslur, bæði um það, á hvaða svæðum berklaveikin hefði gert vart við sig, og á hve háu stigi hún væri hjá þeim, sem sjúkir eru; en eftir þeim upplýsingum, sem hún hafði yfir að ráða, þá þóttist hún þó viss um, að berklaveikin mundi vera búin að ná fótfestu í hér um bil öllum héruðum landsins, og að hún sífelt magnaðist meir og meir ár frá ári. Það er því full ástæða til að vera hræddur við þessa veiki, og nú þegar gera eitthvað til að sporna við útbreiðslu hennar.

Nefndinni þótti nauðsynlegt, að fá upplýsingar um það, hve margir berklaveikir sjúklingar mundu vera á öllu landinu, sérstaklega lungnasjúkir (með berkla í lungunum) og að þessu miðar tölul. 2 í þingsál., þar sem læknum er gert að skyldu að grenslast eftir útbreiðslu berklaveikinnar í umdæmum sínum. Enn fremur leggur nefndin það til, að læknarnir skuli hafa sent þessar skýrslur til landlæknis fyrir 1. júní 1903, það er að segja svo tímanlega að næsta þing, 1903, geti haft þær til afnota; því að nefndin ætlast til, að það þing taki mál þetta til meðferðar. Það kann nú einhver að koma með þá mótbáru gegn þessari tillögu, að hún hafi ekki mikla þýðingu, því henni muni ekki verða fylgt, að skýrslurnar annaðhvort fáist ekki hjá læknunum eða þá að þær verði ófullkomnar, enda mundi það verða kostnaðarsamt, ef læknar ættu að fara að leita að berklaveikum mönnum í umdæmum sínum En það var ekki meining nefndarinnar að læknirinn ætti að fara inn á hvert einasta heimili í umdæmi sínu til þess að skoða alt fólk, heldur gekk nefndin út frá því, að þar sem læknum hefir fjölgað svo mikið hin síðari árin og umdæmin þar af leiðandi orðið miklu minni og hægari, þá mundu þeir auðveldlega geta aflað sér nokkurn veginn áreiðanlegs yfirlits yfir, hve margir berklaveikir menn væru í umdæmum þeirra, án nokkurs verulegs ferðalags. Áður hefir læknum verið skipað að gefa svipaðar skýrslur, nefnilega að telja alla holdsveikissjúklinga á landinu, og hafði það lítinn árangur. En þess ber að gæta, að það stóð alt

öðru vísi á en nú. Læknarnir voru ekki líkt því eins margir og nú, og þess vegna áttu þeir miklu örðugra með að grenslast eftir sjúkdómum í svo stórum umdæmum. Þá var þeim líka boðið, að telja alla holdsveika menn, og til þess að gera það, þurftu þeir að fara inn á hvert einasta heimili, til þess að rannsaka fólkið. En holdsveikinni er þannig varið, að menn geta lengi gengið með hana, meðan hún er í byrjun, án þess að knýjast til að leita læknis, og þess vegna gátu margir holdsveikissjúklingar verið í umdæmi læknis, án þess að hann hefði nokkurn grun um það, og því þurftu þeir að skoða alt fólk. Þannig er því ekki varið með berklaveikina. Hún gerir miklu fljótara vart við sig, og vekur fljótara sjúkdómseinkenni, og neyðir sjúklinginn til að leita sér læknishjálpar, undir eins og hún gerir vart við sig. Læknum er því miklu kunnugra um berklaveikt fólk í umdæmum þeirra, strax og veikin er komin á nokkuð hátt stig, heldur en um holdsveikt fólk. Það mætti og finna það að, að skýrslur, sem gefnar væru um berklaveika menn, væru ekki sem áreiðanlegastar, þar sem ekki væri allra lækna meðfæri að ákveða, hvort viðkomandi hefði veikina eða ekki, sérstaklega ef hún væri í byrjun. Eg játa það, að það getur verið ákaflega örðugt að þekkja þessa veiki, meðan hún er á lágu stigi, svo örðugt, að þess er ekki að vænta af öðrum en sérfræðingum í þeim sjúkdómi, en sé veikin komin á hærra stig, þá er það heimtandi af hverjum lækni, að hann þekki hana með vissu. Nefndin ætlast heldur ekki til, að læknar tækju í þessar skýrslur sínar alla, sem grunur væri á um að vera berklasjúkir, heldur að eins þá, sem full vissa væri fyrir, að hefðu þennan sjúkleik, og þegar hann er komin á hátt stig, og það ætti ekki að vera neinum lækni ofætlunarverk.

Nefndin áleit þessar skýrslur vera nauðsynlegan undirbúning undir allar framkvæmdir í málinu síðar meir, því þótt læknar nú sendi árlega skýrslur um berklaveiki til landlæknis, þá eru þær skýrslur bygðar á alt öðrum grundvelli en tillagan gerir ráð fyrir; þær skýrslur tilgreina að eins þá, sem leitað hafa ráða við þessum sjúkdómi hjá lækninum það ár, sem um er að ræða. Það geta því verið mikið fleiri sjúklingar í umdæminu en standa í þessum ársskýrslum, og eins geta sjúklingar staðið þar, sem alls ekki eiga heima í umdæminu, en komið hafa úr öðrum héruðum til að leita sér hjálpar, hafa ef til vill einnig leitað sér hjálpar hjá héraðslækni sínum fyrst, og verið skrifaðir á skýrslu hjá honum, og verða á þann hátt tvítaldir; sömuleiðis geta þeir hæglega orðið tvítaldir hjá sama lækni, ef þeir hafa leitað hjálpar hans oftar en einu sinni á árinu, og nokkur tími liðið á milli. Þessar skýrslur gefa því enga áreiðanlega vissu fyrir því hve margir berklaveikir menn séu hér á landi, og sérstaklega gefa þær engar upplýsingar um, á hve háu stigi veikin er hjá sjúklingunum.

Eg gat þess áðan, að skýrslurnar yrðu að vera komnar til landlæknis fyrir 1. júní næstkomandi, vegna þess, að það er ætlast til að þær verði til afnota fyrir þingið 1903. Það mætti virðast sem frestur þessi sé æði-stuttur, en eg er þeirrar skoðunar, að það sé affarasælla, að hafa frestinn heldur styttri, vegna þess, að ef fresturinn er styttri, þá ganga menn fyr að verkinu, en sé fresturinn langur, þá eru menn-irnir nú einu sinni svo gerðir, að þeim hættir við að draga það, sem gera þarf, von og úr viti, þangað til það er orðið

of seint, og gera það þá ef til vill alls ekki. Hins vegar er fresturinn í sjálfu sér nógu langur til þess, að það er engum ofætlun að hafa lokið skýrslunum, þegar hann er útrunninn. Ef læknirinn ekki er nú þegar viss um, hve margir berklaveikir menn eru í umdæmi hans, þá er nógur tími fyrir hann til næsta vors, til að hafa fullvissað sig um það, annaðhvort þegar hann er á ferðum um umdæmið, eða þá með því, að takast sérstaka ferð á hendur í þeim tilgangi, sem yrði hreinasta undantekning að til þyrfti að taka.

Nefndin býst auðvitað ekki við öðru en að þessar skýrslur verði ætíð ófullkomnar, en aldrei svo, að ekki sé hægt að byggja töluvert á þeim. Allar skýrslur eru meir eða minna ónákvæmar, eg skal nefna t. d. framtalsskýrslurnar, og allir vita þó, hve mikið er bygt á þeim.

Nefndin ætlaðist til þess ennfremur, að undir eins og tök leyfðu, yrði undið að því, að fara að gera eitthvað verulegt til þess að hindra útbreiðslu veikinnar, og taldi þá sjálfsagt, að þegar væri farið að snúa sér að því, að byggja heilbrigðisstofnanir (sanatoria) fyrir berklaveikt fólk. Nefndin telur það ekkert efamál, að við eigum strax að snúa okkur að því, að koma upp slík um stofnunum. Í öðrum löndum er það alment álitið, að það sé ekkert betra ráð til, til þess að draga úr útbreiðslu þessarar veiki en að byggja slík hæli. Tilgangurinn með þeim er aðallega sá, að þær séu einangrunarstofnanir, en þó jafnframt lækningastofnanir. Einangrunarstofnanir að því leyti, að þær taka á móti þeim sjúklingum, sem lengst eru leiddir, og þess vegna hættulegastir fyrir mannkynið, því eftir því, sem sjúklingurinn er veikari, eftir því stafar meiri hætta af honum fyrir útbreiðslu veikinnar, en jafnframt lækningastofnanir, að því leyti, að þar verða gerðar tilraunir til að lækna þá sjúklinga, sem ekki eru orðnir þungt haldnir; og að það geti tekist, það er reynslan búin að sýna þráfaldlega, enda eru órækar sannanir fyrir því, að berklaveikin getur læknast, eða ekkert orðið úr henni, þó að hún sé komin í mann; það sýnir og sannar meðal annars það, að það hefir þráfaldlega komið fyrir við líkskurð, að berklar hafa fundist í hinum og þessum líffærum, án þess að hlutaðeigandi maður hafi haft í lifanda lífi merki til berklaveiki eða verið sjúkur. Berklarnir hafa nefnilega verið dauðir, og að eins örin verið eftir; sýna þau, að hlutaðeigandi menn hafa fengið veikina í sig, en að hún hefir horfið aftur vegna þess, að berklarnir hafa ekki getað þrifist. Ennfremur er á það að líta, að því fyr sem slíkum stofnunum er komið á fót, meðan berklaveikin ekki er útbreiddari en hún virðist vera, því hægara er, að hindra útbreiðslu hennar, því meiri von um betri árangur, því meiri trygging fyrir að halda megi henni í skefjum, og að síðustu, því kostnaðarminna er það, heldur en að reisa stofnanirnar þá fyrst, þegar alt landið er farið að úa og grúa af berklaveikum sjúklingum.

Nefndinni var það reyndar fullljóst, að þessar stofnanir yrðu kostnaðarsamar fyrir landssjóð, en áleit, að ekki mætti horfa í það, þegar líf og heilsa svo margra manna væri í húfi, og leit ennfremur svo á, að landssjóður hefði hingað til ekki gert svo sérlega mikið fyrir spítalastofnanir landsins, að horfandi væri í þetta. Ekki hefir þurft að hugsa um holdsveikisspítalann, og líklega óþarfi að gera sér lengur neinar rellur út af landsspítalanum; hann er nú víst úr sögunni. Nefndin gat nú ekki búist við, að þingið færi að spe-

kúlera í að fá líka þessar líknarstofnanir ókeypis að gjöf frá útlendingum.

Allar tillögur nefndarinnar miða í þessa sömu átt, að reyna til að draga úr veikinni og sótthættunni, fyrst og fremst meðan þessar heilbrigðisstofnanir ekki eru komnar á fót, og síðan jafnframt þeim. 1. liður er í því fólginn, að samin sé og prentuð á landssjóðs kostnað nákvæm lýsing á berklaveikinni og varúðarreglur gegn henni, er svo sé útbýtt ókeypis meðal almennings. Ennfremur, að helztu varúðarreglur gegn veikinni séu prentaðar á spjöld, og þau svo fest upp á opinberum stöðum. Hið fyrsta til þess, að kenna mönnum að varast það, sem varast ber, er það, að kenna þeim að þekkja veikina og afleiðingar hennar, og til þess er ekkert betra ráð til en að semja nákvæma lýsingu á sjúkdómnum, svo menn fái að vita, hvernig hann hegðar sér. Það er ekki nóg að semja varúðarreglur eintómar, því þó menn hafi þær, þá lesa menn þær ef til vill yfir, en hugsa svo ekkert frekara um það, segjandi sem svo: »Hvað kemur mér það við? Ekki hefi eg berklaveiki«. En hitt, að kenna mönnum að nokkru leyti að þekkja veikina, það fær menn til þess að hugsa um, hvort veiki sú, er að þeim gengur, ef nokkur er, hafi einkenni hennar, og ef þeir eru hræddir um það, þá að hegða sér eftir varúðarreglunum, og svo ef til vill til að leita strax læknis.

Á síðari málsgrein 1. liðs verður nefndin einnig að leggja mjög mikla áherzlu: að fest séu upp á spjöld á opinberum stöðum varúðarreglur gegn berklaveikinni. Það er nauðsynlegt til þess, að menn hafi ætíð hugsunina vakandi og opin augu á því, hvað gera eigi, og hvað beri að varast, og nefndin vonast til svo góðs af stjórninni, að hún sjái um, að framkvæmdirnar á þessum lið verði sem rækilegastar, og hefir því leyft sér að tilgreina þá staði, í nefndarálitinu, sem hún ætlaðist sérstaklega til að slík spjöld væru fest upp á, svo sem kirkjur, skólar, þinghús og önnur fundarhús, kaupmannasölubúðir og mannflutningaskip. Eg hlustaði á umræðu um þetta mál í h. Ed. í dag, og heyrði að einn h. þm. þar hneykslaðist á því, að það ætti að hengja þessi spjöld upp í kirkjum, og hélt að þau mundu rugla menn í þeim guðrækilegu hugleiðingum, sem þeir á slíkum stöðum ættu að hafa. Eg get ekki skilið, að þau þyrftu að glepja neitt fyrir, að minsta kosti ekki nema þá fyrsta daginn, sem þau hengju þar. Það eru engin líkindi til, að fólk sé alt af að hugsa um þessi spjöld allan messutímann, en hins vegar eru þau nauðsynleg, til að minna fólk á, hvað gera eigi í þessu efni. Þessi spjöld eru heldur ekki mikið verri en svo margt annað, sem eg hefi séð hanga uppi í kirkjum, sérstaklega eldri kirkjum og ekki hefir valdið hinu minsta hneyksli.

Að því er 3. lið till. snertir, þá skal eg leyfa mér að fara nokrum orðum um hann, vegna þess, að eg get hugsað mér, að hann geti valdið dálitlum misskilningi. Nú nýlega var þessi liður feldur úr tillögunni í h. Ed., og verð eg að álíta, að það hafi verið gert af tómum misskilningi; að minsta kosti heyrði eg undir umræðunum engin mótmæli koma gegn þessari tillögu; aftur töldu allir, sem um hann töluðu, hann nauðsynlegan, og töldu honum alt til góðs. Liðurinn er um það, að læknar skuli hafa eftirlit með skólum, og framkvæma skoðun á nemendum að minsta kosti einu sinni á ári. Ennfremur að læknar skuli hafa vakandi auga á því, að þeim varúðarreglum, sem settar kunna að verða, um varnir

gegn útbreiðslu berklaveikinnar, sé fylgt í héruðum. Þetta ákvæði áleit nefndin nauðsynlegt að sett væri nú strax, og væri þessi ráðstöfun ekki látin bíða þar til lögin um varnir gegn útbreiðslu berklaveikinnar, sem gert er ráð fyrir í 4. lið, verða sett og koma í gildi, sem ef til vill getur dregist.

Nefndin áleit, að skólarnir gætu orðið bezta gróðrarstöð fyrir berklaveiki, ef ekki væri gætt allrar varúðar nú þegar, enda hefir það komið fram hér í deildinni, undir umr. um önnur mál, að nauðsynlegt væri, að byggja skólana svo, að sem minst hætta væri fyrir, að einmitt þessi sjúkdómur gæti þrifist í þeim. Hvað það snertir, að héraðslæknum sé gert að skyldu að framkvæma þessa skoðun, að minsta kosti einu sinni á ári, þá er það nauðsynlegt, og verður ekki hjá því komist, og því áríðandi, að það sé rækilega brýnt fyrir þeim, og þó hér sé tekið fram, að skoðunin fari fram einu sinni á ári að minsta kosti, þá er það að eins lágmarkið, og ef nauðsyn krefur, þá má láta skoðunina fara fram oftar á ári, enda ætti það ekki heldur að þurfa að hafa neinn sérstakan kostnað í för með sér. Þó sams konar ákvæði yrði tekið upp aftur í þeim lögum, sem gert er ráð fyrir í 4. lið till., að sett verði, þá sakar það ekki neitt, þó ákvæðið sé sett hér. Einnig er það og nauðsynlegt, að læknar hafi vakandi auga á því, að varúðarreglum þeim, sem settar verða gegn útbreiðslu berklaveikinnar, sé nákvæmlega fylgt í þeirra héruðum. Þær varúðarreglur, sem læknarnir eiga að hafa vakandi auga á, að fylgt sé samkvæmt þessum lið, eru þær, sem settar kunna að verða samkvæmt 1. lið till., en eiga ekki eingöngu við þær varúðarreglur, sem settar kunna að verða í lögunum. Þessi liður vísar því ekkert aftur fyrir sig í tímann. Eg vona því að þessi h. deild láti ekki tælast til þess, að fella neina af liðum till. af tómum misskilningi.

Um 4. lið till., um að stjórnin leggi fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um varnir gegn útbreiðslu berklaveikinnar hér á landi, hefi eg ekki mikið að segja, en eg vonast til svo góðs af stjórninni, að hún semji þetta frumv. eftir þeim lögum, sem hún veit um að til eru bezt um þetta efni, en þó tekið tillit til og frumv. lagað eftir okkar sérstöku þörfum.

Eg skal geta þess, að eftir undirlagi nefndarinnar var sams konar tillaga borin upp í h. Ed. og samþykt þar, með þeim breytingum sem eg áðan mintist á.

Svo skal eg að lokum víkja að því, sem drepið er á í nefndarálitinu, að nefndin mundi koma með brt. við fjáraukalögin í þá átt, að veita fjárupphæð nokkra, til að koma á þessum ráðstöfunum. Við nákvæmari athugun komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að þessa mundi ekki þurfa við, enda höfum við borið okkur saman við hæstv. landsh. í því efni, og kvað hann stjórnina mundu álíta sér heimilt að taka fé, sem þörf væri á, til þess að framkvæma þetta, af óvissum útgjöldum, og væri svo hægur nærri, að setja það í fjáraukalög næsta alþingis. Nefndin sá einnig, að ekki var gott að vita, hvað mikið fé gengi til þessara ráðstafana, en treysti hins vegar stjórninni til að við hafa allan nauðsynlegan sparnað, án þess þó að skera tillagið við neglur sér.

ATKV.GR.: 1. liður tillögunnar sþ. með 21 atkv.

2. liður till. sþ. með 20 atkv.

3. liður till. sþ. með 18 atkv.

4. liður till. sþ. með 16 atkv.

Tillagan afgreidd til landshöfðingja *sem þingsályktun frá neðri deild.*

Brunabótafélag.

FRUMV. til laga um stofnun brunabótafélags (þskj. 14); 1. umr., 31. júlí.

Flutningsm. (Ólafur Briem): Það hefir oft verið sýnt fram á það með skýrum rökum, hvílík nauðsyn sé á því, að stofna innlent brunabótafélag, og að það muni að öllu samanlögðu hljóta að verða hagur fyrir oss, að þurfa ekki að leita með alla brunabótaábyrgð vora til útlendra félaga, sem hafa það aðal-augnamið, að græða fé á starfsemi sinni hér á landi.

Auk þessa er það einkum þrent, sem liggur til grundvallar fyrir frv. þessu. Fyrst á með því að koma því til leiðar, að sem flestir vátryggi hús sín. Í öðru lagi á það að stuðla að því, að eldsvoðahættan verði sem minst; og í þriðja lagi, að tryggja það, að iðgjöldin verði ekki hærri en góðu hófi gegnir.

Að því er fyrsta atriðið snertir, þá liggur það í augum uppi, hve nytsamt það er, að menn tryggi sem bezt eigur sínar, svo að óhöpp, sem að höndum ber, verði að sem minstum skaða fyrir almenning. Nú er það sennilegt, að margur verði fúsari á að tryggja húseignir sínar í innlendu brunabótafélagi en útlendu; þó er hætt við, að það mundi eiga nokkuð langt í land, að allir gerðu það sjálfviljuglega, og því er hér gengið út frá því, að brunabótaábyrgð sé gerð að lagaskyldu á allmörgum stöðum, sem sé í kaupstöðunum þremur: Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, og 22 hinum fjölbygðustu verzlunarstöðum.

Þrátt fyrir mótspyrnu þá, sem það hefir mætt hjá ýmsum, að lögleiða slíka skylduábyrgð, þá er því enn haldið hér fram, með því að það má telja skilyrði fyrir því, að innlent brunabótafélag geti í byrjuninni náð þeirri festu og þeim krafti, sem nauðsyn krefur. Þetta virðist því síður varhugavert, þar sem menn hafa innlenda reynslu fyrir sér í því efni, því að eins og kunnugt er, var með tilskipun 20. febr. 1874 öllum húseigendum í Reykjav. gert að skyldu, að vátryggja húseignir sínar fyrir eldsvoða, og hefir það fyrirkomulag gefist einkarvel; sama er og reynslan í Danmörku, því að þar var einnig upphaflega vátryggingarskylda lögleidd, meðan verið var að koma brunamálum þar í gott lag.

Viðvíkjandi öðru atriðinu, því, að brunahættan eigi að minka við það, að innlent brunabótafélag sé stofnað, þá eru nokkur atriði í frumv., sem lúta að því, og skal eg nefna þrjú þeirra.

Fyrst er það, að þar er gert ráð fyrir, að settar verði reglur um byggingarlag húsa, sem eiga að draga úr brunahættu, einkum að því er snertir umbúnað á eldstæðum og reykháfum.

Í öðru lagi er ætlast til, að kaupstaðirnir og verzlunarstaðir þeir, sem í félaginu eru, eignist slökkvitól og hafi slökkviliðsæfingar.

Þriðja breytingaratriðið má nefna það, að gert er ráð fyrir, að brunabótafénu skuli jafnan varið til að byggja ný hús í stað hinna brunnu; með því eru reistar skorður við því, að menn kveiki í húsum sínum af ásettu ráði, til þess að fá ábyrgðarféð, eins og komið hefir fyrir, og það ef til vill oftar en uppvíst hefir orðið.

Hin erlendu brunabótafélög hafa ekki hingað til haft slík tryggingarskilyrði; þau hafa að eins hugsað um það, að hafa iðgjöldin nógu há. Að vísu hafa ábyrgðarfélögin breytt nokkuð til nú nýlega, og sett sum af þeim tryggingarskilyrðum, sem hér eru í frv.; en eigi verður séð, að svo sé til ætlast, að af félaganna hálfu verði neitt eftirlit með því, að skilyrðunum verði fullnægt,

svo að ef misbrestur verður á því, er hætt við, að það geti leitt til þess, að torvelt verði að fá útborgaðar brunabætur. Hingað til hafa brunabótaiðgjöldin utan Reykjavíkur verið 5‰; þetta sýnist nokkuð hátt gjald, þegar það er borið saman við iðgjöldin í Reykjavík, sem að eins eru 2‰; það er nokkuð mikið, að gera ráð fyrir meir en helmingi meiri brunahættu utan Reykjavíkur en í henni, og ólíklegt að svo þurfi að vera. Auk þess, sem hin útlendu brunabótafélög hafa, eins og áður er sagt, sett skilyrði, er í sumum tilfellum getur orðið örðugt að fullnægja, þá hafa þau og yfir höfuð hækkað ábyrgðargjöldin. Á steinhúsum hafa þau að vísu fært þau ofan í 3‰, og á járnvörðum húsum eru þau 5‰, eins og áður; en af öðrum húsum eru iðgjöldin færð upp í 7‰, og það er allur þorri húsa út um landið, sem í þeim flokki munu lenda. Ábyrgðargjaldið út um landið verður eftir þessu, víðast meir en þrefalt hærra en í Reykjavík; þetta er svo óaðgengilegt, að það virðist skylda löggjafarvaldsins, að reyna að ráða einhverjar bætur á því. Í því skyni höfum við borið fram frv. þetta.

Eg skal geta þess, að það er óbreytt, eins og frá því var gengið á síðasta þingi.

Mér dylst það ekki, að þetta er vandamál mikið, og það þarf að íhugast nákvæmlega. Meðal annars þarf að íhuga það betur, af hverjum stöðum heimtað skuli, að þeir hafi skylduábyrgð á húsum sínum. Hér eru nefndir til 25; en vera má, að ástæða þyki til, að fjölga þeim þegar við stofnun félagsins; við hinu má alt af gera ráð, að síðar meir muni þeim fjölga, eftir því, sem kauptúnin stækka og félaginu vex fiskur um hrygg.

Annað atriði, sem til athugunar kemur, er það, að sökum samtaka þeirra, er hin útlendu ábyrgðarfélög hafa gert, mun verða erfiðara fyrir hið innlenda brunabótafélag, að fá hús endurtrygð í útlöndum með viðunanlegum kjörum; þó er það sjálfsagt nauðsynlegt, sérstaklega, þegar litið er til þess, hverja ábyrgð landssjóður tekur upp á sig. Þó er ekki ólíklegt, þegar um jafn-mikið er að ræða, sem hér, að hægt sé að komast að viðunandi samningum við eitthvert útlent ábyrgðarfélag, annaðhvort eitthvert þeirra, er gengið hafa í hinn nýstofnaða félagsskap ábyrgðafélaga, eða þá eitthvert félag, sem stendur fyrir utan hann.

Viðvíkjandi ábyrgð landssjóðs er þess að geta, að það er ekki meiningin, að landssjóður eigi að standa straum af brunabótafélaginu, eða leggja því til fé endurgjaldslaust, heldur hitt, að hann hlaupi undir bagga með því í svip, ef á þarf að halda, svo að full vissa sé fyrir, að vátryggjendur fái skaða sinn bættan að fullu, þótt félagið sjálft hafi eigi nægilegt fé fyrirliggjandi, og húseignir verði fulltryggilegt veð fyrir lánum úr almennum sjóðum. Það er einkum fyrst í stað, að til þess gæti komið, að landssjóður þyrfti að hlaupa undir bagga, ef miklir brunar kæmu fyrir skömmu eftir að félagið væri stofnað.

Eftir því, sem varasjóður félagsins eykst, eftir því verða líkindin minni fyrir því, að það geti ekki greitt brunabætur sínar sjálft. Það er sjálfsagt, að brunabótafélagið mundi eiga að endurgjalda landssjóði smátt og smátt fé það, sem það fengi hjá honum.

Mál þetta hefir að undanförnu fengið svo góðar undirtektir hér á þingi, að eg efast ekki um, að eins muni verða enn.

Geri eg ráð fyrir, að nefnd muni skipuð í það, eftir að umræðunum er lokið.

Ólafur F. Davíðsson: Mér sýnist mál þetta nokkuð varúðarvert. Það getur fyrst og fremst verið nokkuð athugavert, hvort rétt sé, að neyða menn með lögum til þess, að vátryggja eignir sínar, eða til þess, að vátryggja þær hjá vissu félagi. Í öðru lagi virðist mér geta verið mjög athugavert, að varpa ábyrgð þeirri, sem hér er gert ráð fyrir, yfir á landssjóð; hann mun hafa nóg með fé sitt að gera, og varla vera því vaxinn, að binda það jafn mikið og hér gæti raun á orðið. Og í þriðja lagi er það að athuga, að á mörgum þeim stöðum, sem frv. nefnir eru hús ekki í því ásigkomulagi, sem félagið mundi heimta, hvorki að því, er snertir ýmsan umbúnað þeirra né afstöðu þeirra sín á milli. H. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) tók það að vísu fram, að landssjóður ætti ekki að standa straum af ábyrgðarfélaginu, að eins tryggja það með ábyrgð sinni, og hlaupa undir bagga með því í bráð, ef á þyrfti að halda. En eigi að síður er eg hræddur um, að ef félagið yrði fyrir verulegu tjóni á fyrstu árum sínum, þá mundi svo geta farið, að ábyrgð landssjóðs yrði bæði í orði og á borði.

Eg veit ekki betur en að þau útlendu ábyrgðarfélög, sem hafa tekið að sér ábyrgð á húsum á Íslandi, hafi fremur þózt hafa haft tjón af því, og fyrir því hafi þau nú hert á skilyrðum sínum. En hafi útlendu ábyrgðarfélögin haft tjón af ábyrðgum hér, þá má búast við hinu sama með innlent félag.

Yfir höfuð virðist mér málið svo vandasamt og umfangsmikið, að eg er því fremur mótfallinn, að það sé útkljáð á þessu þingi. Eigi að síður er eg því meðmæltur, að nefnd sé skipuð til að íhuga það og undirbúa. Og vil eg stinga upp á 5 manna nefnd.

Flutningsmaður (Ólafur Briem): Það er mér full-ljóst, að ýms atriði má færa til sem agnúa á móti frumv. — Viðvíkjandi því, að sum af þeim húsum, sem hér eru bygð, fullnægja ekki þeim skilyrðum, sem brunabótafélög heimta, þá geng eg út frá því, að í fyrstunni yrðu af hálfu hins innlenda félags ekki sett mjög ströng skilyrði, heldur yrði það smátt og smátt að nálgast það takmark, að gott lag kæmist á. — Það er svo margt í ólagi í því efni, margt sem þarf að bæta; menn hafa oft og tíðum illa búið um reykháfa og járnpípur, er liggja frá eldstóm og ofnum. — Mætti hér ýmislegt gera í þá stefnu, að betri trygging fengist, án þess þó, að kostnaðurinn yrði mikið meiri

Viðvíkjandi hinu atriðinu, sem hreyft var af háttv. 1. þm. N. Múl. (Ó. F. D.) um ábyrgð landssjóðs, þá getur það auðveldlega komið fyrir, að til hennar þurfi að taka. En hver yrði svo afleiðingin af því? Ekki önnur en sú, að aukaniðurjöfnun verður gerð til að bæta landssjóði upp framlög sín.

Yfirleitt get eg ekki betur séð en að innlent félag með þeim varúðarreglum, sem gert er ráð fyrir í frumv., hljóti að standa sig betur en útlend félög, er taka til ábyrgðar hús á víð og dreif um land alt alveg eftirlitslaust. — Að útlend félög tapa, sannar ekki mikið. — Hvötin hjá fólki til að varast bruna og ganga tryggilega frá öllu er minni, þegar ræða er um útlend brunabótafélög. Það hefir nú jafnvel sannast, að brunar hafa komið fyrir hér á landi af manna völdum, og hafa menn kveikt í eða látið kveikja í til þess, að ná í ábyrgðarféð; en til þessa er miklu minni freisting, ef það fyrirkomulag er tekið

upp, sem frumv. fyrirskipar, að brunabótafénu skuli eingöngu varið til þess, að byggja upp aftur þau hús, er brenna. — Útlendu félögin standa einnig langt um ver að vígi, er þau taka til ábyrgðar einstakar byggingar á víð og dreif, þar sem engin trygging er til varnaðar eldsvoða, og ekki einu sinni tæki til þess, að tálma útbreiðslu elds, ef upp kemur. — Jafnvel eins fjölmennur bær og Akureyri á engin slökkvitól. Ef slík tól hefðu verið þar til í vetur, er eldur kom þar upp, og æfðir menn, er vel hefðu kunnað með að fara, mundi eflaust meira hafa orðið borgið.

Að öðru leyti vil eg taka undir með háttv. 1. þm. N.Múl. (Ó. F. D.) og æskja þess, að nefnd verði skipuð í málið.

Pétur Jónsson: Þó það sé ekki alment gert, að fara út í einstök atriði við 1. umr., þá vil eg þó leyfa mér að athuga eitt atriði í 10. gr., nefnilega ákvæðið um, að verzlunarstaðir skuli skyldir til þess, að eiga slökkvitól. — Það er einkar-hætt við, að slíkt yrði örðugt í framkvæmdunum. Kauptúnin eru, eins og kunnugt er, ekki sérstæð, löggilt félög, heldur partar af hreppunum, og eiga því ekki sérstakan gjaldálögurétt.

En eg vil í þessu sambandi geta þess, að mér virðist kominn tími til, að sjóþorpum og kauptúnum væri með lögum heimilað samþyktarvald í brunabótamálum, vega- og byggingamálum. — Þessu skýt eg fram til athugunar fyrir tilvonandi nefnd í þessu máli.

Ari Brynjúlfsson: Það eru að eins fá orð, er eg ætlaði að segja að sinni. — Enginn neitar því, að æskilegt sé, að stofnað yrði innlent brunabótafélag. En samt sem áður verð eg að vera sammála háttv. 1. þm. N.-Múl. (Ó. F. D.), að þetta sé mjög varúðarvert mál, með því að svo er til ætlast, að landssjóður á að bera ábyrgðina. — Eg er í rauninni mjög hlyntur því, að mál þetta komist í framkvæmd; en hins vegar virðist mér það óráðlegt, að hraða því svo mjög, að ekki verði áður hlutaðeigandi kauptúnum gefinn kostur á, að láta skoðun sína í ljósi. — Það hefir jafnan gengið svo með þau lög, sem til hafa orðið án vilja og vitundar þjóðarinnar, að þau hafa sjaldan orðið til langframa, heldur verið rifin, niður hvað eftir annað.

Eg vil þess vegna fallast á, að fimm manna nefnd verði skipuð, til þess að athuga málið, en alls ekki á hitt, að það nái að ganga í gegnum þingið fyr en hlutaðeigandi þorp hafa kynt sér álit nefndarinnar og látið í ljósi skoðanir sínar í þessu efni.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Eg er þakklátur háttv. 2. þm. S.-Múl. (A. Br.) fyrir það, að hann telur það mikilsvarðandi, að mál þetta sé vel og varkárlega íhugað. Eg er þar á sömu skoðun. En í hinu get eg ekki verið honum sammála, er hann telur það nauðsynlegt, að hlutaðeigandi kauptúnum sé gefinn kostur á því, að kynna sér málið. Þeim hefir sem sé verið gefinn kostur á því. Þetta frumv. hefir legið fyrir öllum kjósendum landsins; það var sett í nefnd í fyrra, og allir hafa þannig haft tækifæri til þess, að kynna sér það. — Á Akureyri og Sauðárkrók var það þegar orðið mikið áhugamál hjá öllum þeim, er eg átti tal við, að lög í líka átt og þessi kæmust á og það sem fyrst; einkum var það brennandi spursmál eftir brunann í vetur, og eftir að iðgjöld höfðu verið hækkuð. — Tillaga háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) er mjög skynsamleg. Það þyrftu að koma lög, er heimiluðu verzlunarstöðum og sjóþorpum samþyktir, og ákvæðu svið þeirra gagnvart hreppunum. — Að öðrum kosti verður mjög örðugt að jafna niður kostnaðinum við slökkvi-

lið á þorpið sem part úr hreppi. — En þar sem háttv. 1. Skagf. (Ól. Br.) talaði um slökkvitól og skyldu kauptúnanna til þess, að útvega sér þau, og hann sérstaklega nefndi, að ef menn á Akureyri í vetur hefði haft slökkvitól, þá væri hann sannfærður um, að betur hefði farið, þá veit eg að það er ekki hans meining, að kveða upp neinn áfellisdóm yfir Akureyringum fyrir þetta, heldur álítur hann, eins og eg, að bæjarbúum hafi ekki þótt það taka því, að leggja á sig, auk hárra iðgjalda, mikil útgjöld til þess, að verja útlend félög fjárskaða. — Aftur á móti mundu þeir fúsir til þess, að leggja eitthvað fram til þess, að verja inlent brunabótafélag miklu fjártjóni. — Að innlent félag mundi tapa, fyrst útlend félög hefðu tapað á vátryggingum hér á landi, þeirri staðhæfingu hefir meðflutningsmaður minn svarað með því, að sýna fram á, að verzlunarstaðirnir mundu vanda betur aðbúnað húsa og eftirlit, er innlent félag ætti í hlut, og brunahættan minka þar af leiðandi að miklum mun.

Landshöfðingi: Eg vildi að eins geta þess, að eftir fyrirskipun stjórnarinnar 1899 var leitað álits kauptúna og verzlunarstaða hér á landi um það, hvort þeir heldur vildu ganga í félög með dönskum verzlunarstöðum eða þá mynda sérstök félög. Svörin eru komin og liggja hjá mér. Nefndin getur fengið þau til yfirlits, og mun þar mega fá svar upp á það, er háttv. 2. þm. S.-M. (A. Br.) tók fram. — Sérstaklega vil eg óska þess, að nefndin hugsi vel um það, hvaða ábyrgð verður lögð á landssjóð, og geri svo lagaðar ráðstafanir, að honum yrði auðvelt, að fá endurgoldin útgjöld sín innan eigi all-langs tíma, helzt eigi seinna en innan 5 ára. — Í frumv. er fulltrúunum það í sjálfs vald sett, hvað lengi það má dragast. Eg játa, að það er mjög mikilsvarðandi mál fyrir vöxt og viðgang verzlunarstaðanna, að geta fengið hús sín vel trygð; en hins vegar mega menn ekki gleyma því, að landssjóður getur ekki lagt of mikið í sölurnar, og verður að eiga heimting á, að geta fengið aftur framlög sín með vissu innan ekki langs tíma.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr.

Fimm manna nefnd skipuð, og hlutu kosningu:

Ólafur Briem	með 20	atkv.
Stefán Stefánsson, þm. Skgf.	20	—
Ólafur F. Davíðsson	13	—
Björn Bjarnarson	12	—
Stefán Stefánsson, þm. Eyf.	11	—

Önnur umr. (þgskj. 14, 77 n.), 11. ágúst.

Framsögumaður (Ólafur Briem): Eg skal taka það fram, að jafnvel þótt tveir af nefndarmönnunum (h. 1. þm. N.-Múl., O. F. D., og h. 2. þm. Eyf., St. St.) hafi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, þá verð eg að álíta, að þeir séu ekki mótfallnir aðalefni þessa máls, því eftir því sem fram kom í nefndinni, þá vorum vér allir ásáttir um, að það væri mjög mikilsvert, að hér á landi verði stofnað félag, er taki hús í ábyrgð fyrir eldsvoða. Fyrnefndir tveir nefndarmenn voru ekki heldur ósamþykkir breytingum þeim, er nefndin kom sér saman um, og skal eg minnast lítið eitt á þessar breyt.till.

Hvað 2. gr. frumv. um skyldu-ábyrgð snertir, þá hefir nefndin í 1. breyt.till. aukið all-mikið tölu þeirra verzlunarstaða, sem gert er að skyldu, að tryggja húseignir sínar fyrir eldsvoða. — Það vakti nefnilega fyrir nefndinni, að því víðtækari sem skyldu-ábyrgðin væri, og eftir því sem aðal-upphæð vátrygg-

inganna í félaginu væri stærri, því minni yrði áhættan. — Í frumv. er auk kaupstaðanna gert ráð fyrir 22 verzlunarstöðum, en nefndin gerir ráð fyrir 27 verzlunarstöðum að auki, eða alls 49.

Það kom einnig til tals í nefndinni, að taka með fjölmenn fiskiþorp, sem einkum eru á Vesturlandi, en nefndin féll samt frá því, þar eð þau eru tiltölulega fá, en á hinn bóginn má og búast við því, að þau komi með sjálfkrafa.

Að því er snertir viðbótina við 2. gr. um að öll hús skuli vátrygð með fullu verði þeirra, þá er það vitaskuld, að það ákvæði nær einungis til þeirra húsa, sem vátryggingarskylda hvílir á, enda er þessi viðaukatillaga að eins til skýringar.

4., 5. og 6. breyt.till. lúta að því, að lækka kostnaðinn við virðingu á húseignum, sem virtar eru til brunabóta. — Þar sem farið er fram á, að daglaun virðingamanna í kaupstöðum og verzlunarstöðum séu færð úr 4 krónum niður í 3 kr., og utan verzlunarstaða í 2 krónur, og jafnframt sé virðingarmönnum einstakra húseigna og bæja fækkað enn um 1, svo að þeir séu að eins 2, í staðinn fyrir 3, eins og frumv. gerir ráð fyrir.

7. breyt.till. er að eins orðabreyting; og hið sama er að segja um 8. breyt.till.

9. breyt.till. er engin veruleg efnisbreyting, nema hvað slept er því ákvæði í fyrri hluta frumvarpsgreinarinnar, að þegar hús eru bygð að nýju, þá skuli á þau leggja eld-traust þak.— Nefndin var þó í raun og veru ekki á móti þessu, en áleit þó heppilegra, að það væri tekið upp í reglugerð félagsins.

10. breyt.till. er að eins orðabreyting.

11. breyt.till. fer fram á, að bætt sé nýrri grein inn í frumv., og viðvíkur hún stjórn félagsins.

Í frumv. er svo ráð fyrir gert, að reglugerðin innihaldi ákvæði um, hvernig stjórn félagsins skuli skipuð, en nefndin áleit betur við eiga, að þar að lútandi ákvæði yrði tekið upp í lögin sjálf, þannig, að stjórnin yrði skipuð 3 mönnum, 1 forstjóra og 2 meðstjórnendum.

12. breyt.till. hefir það fyrir augum aðallega, að spara félaginu kostnað, þar sem hún fer fram á, að færa töluna á fulltrúum félagsins úr 12 niður í 7.

Í frumv. er reyndar ekkert ákveðið um það, hve oft fulltrúafundir verði haldnir, en nefndin bjóst við, að það gæti orðið annaðhvort eða þriðja hvert ár, og þá hefir það ekki all-lítinn kostnaðarsparnað í för með sér, að fulltrúarnir séu ekki fleiri en þörf er á.

13. og 14. breyt.till. eru orðabreytingar, sem eru bein afleiðing af 11. breyt.till.

15. breyt.till. fer fram á það, að reglugerð félagsins ákveði, hvar fulltrúafundina skuli halda. — Vanalega yrðu þeir að öllum líkindum haldnir í Reykjavík, en samt þótti nefndinni ísjárvert, að slá því föstu í frumv.

16. breyt.till. viðvíkur því ákvæði í 13. gr. frumv., að félagið sé skylt til að endurtryggja, þar sem einstakar vátryggingar, er félagið tekur að sér, eru hærri en 5000 kr., og vill nefndin fella þetta ákvæði burt úr frumvarpinu, ekki af því, að hún álíti það óheppilegt í sjálfu sér, heldur af því, að hún leit svo á, að um endurtryggingu af félagsins hálfu þyrfti að setja ítarlegar reglur, sem bezt ættu heima í reglugerð félagsins. — Og kemur þá auðvitað til álita, hvort ekki sé nauðsynlegt, að endurtryggja einhvern vissan hluta

af hverri einstakri vátryggingu, hvort sem hún er há eða lág.

17. og 18. breyt.till. eru litið annað en orðabreytingar.

19. breyt.till. er bygð á því ákvæði í 19. gr. frumv., að allir þeir, sem hafa eignir sínar í brunabóta-ábyrgð félagsins, skuli fá að fullu bættan af sjóði þess allan þann skaða, er þær verða fyrir af eldsvoða, á að réttu lagi einungis við hús, en ekki við húsgögn eða annað lausafé, og því er það lagt til, að fella burtu orðin »eða muni«.

Breyt.till. 20 er að eins orðabreyting.

21. breyt.till. er viðaukatillaga, sem ekkert er að athuga við. — Hún er samkvæmt venju, sem tíðkast í öllum slíkum félögum, og fer fram á það, að réttarpróf um brunann sé ávalt haldið áður en skaðabætur fyrir eldsvoða eru greiddar.

22. breyt.till. bætir inn í ákvæði frv. um það, hvaða skaða félagið ekki ábyrgist: skaða af jarðskjálftum, því nefndin gekk út frá því, að ómögulegt væri að gera félaginu að skyldu, að bæta slíkan skaða, þar eð þess konar stór-tjón gæti orðið félaginu að falli.

Um breyt.till. 23. og 24. er það að segja, að þær eru gerðar til þess, að tryggja betur en gert er í frumvarpinu rétt landssjóðs til að fá endurgoldið það fé, sem hann greiðir fyrir félagið. — Nefndin hefir sem sé komist að raun um það, að sumum háttv. þingmönnum þykir ábyrgð landssjóðs nokkuð viðsjárverð, og hæstv. landsh. benti líka á það við 1. umræðu þessa máls, að í frumv. væri ekki fullkomin trygging fyrir því, að landssjóður fengi nokkurn tíma borgað það, sem hann þyrfti að leggja út fyrir félagið. — En nú fara þessar breytingartillögur nefndarinnar fram á það, að svo framarlega sem landssjóður greiðir meira en 100 þús. kr. af tryggingarfénu, þá eigi hann heimting á, að fá það sem fram yfir er endurgoldið með auka-niðurjöfnun á vátryggjendur á næstu 10 árum. — Reglan verður því sú, að ef útborgun landssjóðs yfirstígur ekki 100 þús. kr., þá fær hann það endurborgað með árlegum tekju-afgangi félagsins, en fari útborgunin fram úr téðri upphæð, þá verður því, sem fram yfir er, jafnað niður á vátryggjendur með $^1/_{10}$ á ári.

25. breyt.till. bætir við nokkrum almennum ákvæðum, er einkum lúta að því, að leggja sektir við brotum gegn 10. gr. frumv.

Um frv. að öðru leyti hefi eg litlu við að bæta. — Eg get að vísu búist við því, að það verði ef til vill einhverir til þess, að mæla á móti stofnun slíks félags, og segja sem svo, að þeir bæru lítið traust til þess, að það mundi geta borið sig. — Auðvitað er ekki hægt að staðhæfa neitt um það fyrir fram, hve há iðgjöldin fyrir brunabætur þyrftu að vera til þess, að félagið geti staðist, og í því efni verða menn að nokkru leyti að renna blint í sjóinn fyrst í stað, og láta reynsluna í framtíðinni kenna sér. — En jafnframt ber þess að gæta, að í þessum efnum hafa menn talsverða undanfarna reynslu við að styðjast, einkum að því er Reykjavík snertir. — Þar hefir sú orðið raunin á því, að brunabóta-iðgjöldin eru ekki meira en $^1/_3$ móts við þau iðgjöld, er hin útlendu félög heimta af húseigendum út um land. — Og þó er óhætt að fullyrða, að brunahættan sé að sumu leyti alls ekki meiri út um land en í Reykjavík, því Reykjavík myndar þó mestmegnis eina heild, þar sem húsin standa þétt saman. — Að þessu leyti er jafnvel hægt að segja, að brunahættan sé minni utan Reykjavíkur. — Að vísu myndar Ísafjörður eina heild, en aftur á móti hagar svo til bæði á

Akureyri og Seyðisfirði, að þeir staðir skiftast í tvo hluti með talsverðu millibili, svo að engar líkur væru til þess, að eldur gæti borist þar á milli. — Bæði á þessum stöðum og annarsstaðar úti um land er einnig millibilið á milli einstakra húsa miklu meira en alment gerist milli húsa í Reykjavík.

Þegar svo þar við bætist, að margvíslegar ráðstafanir eru gerðar til þess, að draga úr brunahættunni bæði með því, að sporna við því, að eldur komi upp og varna útbreiðslu eldsvoða, þegar hann ber að höndum, verður ekki betur séð en að innlent brunabótafélag geti borið sig, og það jafnframt með betri kjörum fyrir húseigendur en þeir nú verða að sætta sig við.

Eg skal að lokum að eins benda á það, að í Reykjavík eru til sérstök lög um brunamál frá 15. okt. 1875, og eru þar fyrirskipaðar ýmsar varúðarreglur að því er snertir reykháfa, ofna og eldstór, meðferð á eldi og eldfimum hlutum og ýmislegt fleira, sem miklu varðar til þess, að afstýra eldsvoðahættu, og væri sjálfsagt nauðsynlegt, að margar af þeim varúðarreglum væru lögleiddar um land alt.

Stefán Stefánsson þm. Eyf.: H. framsm. nefndarinnar (Ól. Br.) hefir skýrt svo greinilega frá öllum br.till. hennar, að eg ætla mér ekki að fara neitt frekar út í þær, og það því fremur, sem eg hygg, að þær séu allar til stórbóta fyrir frumv. Eg ætla að eins að reyna til að gera grein fyrir, hvers vegna eg þó hefi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara.

Eins og framsm. skýrði frá, þá var öll nefndin einhuga um það, að brunabótamálið væri mjög þýðingarmikið mál, sem þyrfti að taka til alvarlegrar íhugunar, og að nauðsynlegt væri að koma slíkri stofnun á hér svo fljótt, sem unt væri; en það, sem aðallega kom mér til að skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara var það, að málið væri svo umfangsmikið og örðugt viðfangs, að nauðsynlegt mundi, að stjórnin tæki það að sér og undirbyggi það fyrir þingið. Málið er sjálft svo stórvaxið, og oss öllum svo ókunnugt, að mér finst það öllu fremur vera stjórnarinnar starf, að undirbúa málið, heldur en hægt sé að ætlast til, að þingið komi fram með fullnægjandi frumv. af eigin rammleik.

Það, sem á síðasta þingi aðallega greindi á milli hæstv. landsh. og ýmsra þm. í þessu máli, var tvent,

Í fyrsta lagi það, að valdbjóða einstökum mönnum að tryggja hús sín, þótti hæstv. landsh. svo mikil skerðing á frelsi einstaklingsins, að það kæmi í bága við þær frelsis- og sjálfstæðishugmyndir, sem vektu fyrir öllum mentuðum þjóðum. Hitt annað, að of mikilli ábyrgð væri kastað á landssjóð, ef til þess kæmi, að ábyrgðarsjóður félagsins tæmdist. Þetta tvent var það, sem hæstv. landsh. aðallega hafði á móti frumv. síðasta alþingis, og gerði það að verkum, að hann lagði þá eindregið og ákaft á móti því. En nú skilst mér, að hann sé frumv. alls ekki mótfallinn, þótt báðum þessum atriðum sé haldið föstum, enda álít eg sem þá, að þessir tveir póstar hljóti að standa í því, að minsta kosti meðan félagið eða ábyrgðarsjóðurinn er að ná nægilegum þroska.

Það, sem hefir orðið til þess, að hrinda þessu máli enn meir áfram, og gera það að beinu áhugamáli alls þingsins, er það, að iðgjöldin hjá hinum útlendu brunabótafélögum hafa hækkað töluvert nú á hinum síðustu tímum, svo að þau eru farin að verða tilfinnanlegur útgjaldapóstur, og því

fremur þykir mönnum það tilfinnanlegt, sem þessir peningar fara allir út úr landinu, og geta að því leyti álitist að meiri eða minni hluta sem tapað fé fyrir þjóðfélagið. Mér er nokkuð kunnugt um það, að hús fyrir utan Reykjavík munu ekki fást tekin í ábyrgð fyrir minna en 7%, og af einstöku alt að 20%. Eg skal nú ekki segja, hvað innlent brunabótafélag mundi taka há iðgjöld; eg ímynda mér þau yrðu heldur lægri, eður fyrir neðan 7%, og að minsta kosti mundi það fé verða kyrt og ávaxast í landinu, sem allir munu játa að er eitt hið fyrsta og sjáfsagðasta skilyrði í öllum fjármálum. Við höfum ekki ráð á, að láta alls konar ábyrgðarfé fara út úr landinu, og verður því sem allra fyrst að teppa þann straum. En þrátt fyrir þennan mikla kost frumv., sem eg nú hefi bent á, þá lýst mér þó ráðlegra að skora á stjórnina að undirbúa málið undir næsta þing, en ekki senda nú endileg lög um það, einkum þegar þess er gætt, að alþingi kemur væntanlega saman aftur á næsta sumri. Þetta er mín skoðun á málinu, jafnvel þótt eg hafi ekkert á móti hinum einstöku greinum frv., og fúslega játi, að það sé erfitt fyrir þingið að gera það betur úr garði en gert hefir verið.

Ólafur F. Davíðsson: Eg stend upp af því eg var annar af þeim nefndarmönnum, sem skifaði undir nefndarálitið með fyrirvara, og vil eg gera grein fyrir, hvernig á því stendur, þó háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) hafi að mestu leyti tekið af mér ómakið, þar sem það var að mestu leyti af sömu ástæðum, sem við báðir skrifuðum undir með fyrirfara.

Það var rétt, sem háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) tók fram, að öll nefndin hefði verið sammála um það, að hér væri um mikilsvert málefni að ræða, og því er eg eins og hinir aðrir meðnefndarmenn *mínir meðmæltur* öllum þeim breyt.till., sem nefndin fer fram á, og eg álít þær vera til bóta; en það vona eg líka allir h. meðnefndarmenn mínir játi, að við fundum mjög til, hve lítil skilyrði við höfðum til að geta gert frumv. svo úr garði, að við værum vissir um, að það væri eins og það ætti að vera. Og enn síður höfðum við skilyrði til að dæma um með vissu, hvort þetta fyrirhugaða félag hefði nauðsynleg lífsskilyrði. Eg get heldur ekki annað sagt en að þess var ekki að vænta, því alt, sem að ábyrgðarfélögum lýtur, má heita sérfræði, og þeir einir eru færir til að dæma um þá hluti, sem mikið hafa fengist við þessa fræði. Eg er því á sama máli og h. 2. þm. Eyf. (St. St.) um það, að eg álít heppilegra, að samþ. ekki á þessu þingi nein endileg lög um þetta efni, heldur láta sér nægja að skora á stjórnina að undirbúa málið, og leggja fyrir næsta þing frumv. í þessa átt, ef hún annars áliti það tiltækilegt, sem eg nú raunar efast um.

1. þm. Skagf. (Ól. Br.) sagði, að það yrði að renna blint í sjóinn með það, hvort fyrirtækið mundi borga sig eða ekki. Þessu hafði eg ekki búist við af h. þm.; það er að vísu rétt, að það verður að renna blint í sjóinn með það, hvernig fyrirtækið muni lánast í byrjuninni, hvort það muni verða fyrir miklum óhöppum þegar á fyrstu árum, eða ekki o. s. frv. En með það, hvort félagið hafi nauðsynleg lífsskilyrði, með það má ekki renna blint í sjóinn, og eg vona að enginn h. þingdm. gangi inn á það.

Eg skal ekki fjölyrða um það, hvernig hagur félagsins mundi verða, en skal að eins gera örfáar athuganir. Okkur

í nefndinni kom saman um það, að áætla mætti, að húseignir á öllu landinu fyrir utan Reykjavík kostuðu 4 miljónir; lausafjármunir áætluðum við eina miljón, það er til samans 5 miljónir. Ennfremur kom okkur saman um, að iðgjöldin væru reiknuð 6‰, sem sjálfsagt er hið hæsta, sem gerlegt er að setja. Árstekjur yrðu þá 30 þús. kr. Hvað mikið þyrfti að endurtryggja, er auðvitað ekki gott að segja, en það má ganga að því vísu, að það hlyti að verða töluvert. Ef fara ætti eftir því, sem stendur í bréfi frá manni einum í Danmörku, sem stjórnin leitaða ráða hjá, þá segir hann, að félagið mætti ekki hafa neina ábyrgðarupphæð einstaka hærri en sem svaraði ¼ af tekjunum, eða með öðrum orðum, að ef árstekjurnar væru 30 þús., sem við höfum gert ráð fyrir, þá mætti engin einstök trygging fara fram úr 7500 kr. Eg ímynda mér því, að það gæti orðið töluvert mikið, sem þyrfti að endurtryggja, sjálfsagt ekki minna en helmingurinn eða sem næst ein 15 þús. Í stjórnarkostnað mun óhætt að ætla ein 5 þús. Nettotekjur félagsins árlega yrðu þá 10 þús. eða sem svaraði verðinu á einu dálítið myndarlegu húsi. Með endurtryggingu gæti félagið staðist skaða sem svaraði tveimur húsverðum, eða 20 þús.; meira mætti það ekki missa á ári, og er eg því hræddur um, að félagið gæti beðið þann skaða, sem það ekki gæti staðist. Eg get varla hugsað mér minni eldsvoða á öllu landinu en það, að tvö hús brenni á ári, og þó getur félagið ekki safnað neinu í varasjóð; verði bruni tíðari, verður félagið fyrir skaða, og landssjóður verður að hlaupa undir bagga.

Það verður því að fara mjög varlega í þessu máli. Það má ekki með lögum skylda menn til að vátryggja eignir sínar í félagi, sem ekki er full vissa fyrir að geti staðið í skilum. Að vísu á landssjóður eftir frv. að taka að sér ábyrgð á 300 þús. kr.; en hvað eru þær lengi að fara, ef óhapp vill til? Það þyrfti ekki meira til þess en einn kaupstaður brynni. Eg skal t. d. nefna að ekki þurfti annað en að veður hefði verið hvast í fyrra, þegar húsbruninn varð á Akureyri, til þess að allur bærinn hefði brunnið; og hvernig hefði þá þetta félag verið statt, ef það hefði orðið fyrir þeim skaða?

Hins vegar álít eg þetta mál þess vert, að það verði tekið til rækilegrar íhugunar, en hugsa, að enginn geti gert það betur en stjórnin. Eg vil þess vegna styðja till. h. þm. Eyf. (St. St.) um, að frv. verði ekki útrætt á þessu þingi, en að skorað sé á stjórnina að taka málið að sér, og leggja það fyrir næsta þing, 1903 eða 1905, ef það yrði ekki hægt fyr, ef henni sýndist það annars ráðlegt fyrir landið.

Framsögum. (Ólafur Briem): H. 1. þm. N.-Múl. (Ó. D.) lagði mikla áherzlu á það, að menn hefðu ekki fyrirfram fulla vissu fyrir því, að slíkt félag, sem hér er gert ráð fyrir að stofna, mundi bera sig.

Mín meining er sú, að þegar menn ætla að stofna þess konar félag, þá verði þeir í fyrstunni að sætta sig við það, að ýmislegt geti að meira eða minna leyti brugðist. Menn verða að láta reynsluna kenna sér hér sem annarstaðar. Í fyrstunni er því vissara að setja iðgjöldin heldur hærra, meðan reynsla er ekki fengin, því að betra er þá að lækka þau síðar. Það var þetta, sem nefndin hafði fyrir augum, er hún í áliti sínu gerði ráð fyrir, að iðgjöldin yrðu fyrst í stað sett 6‰, og hafði hún þar við margt að styðjast, bæði reynslu í Reykjavík og á öðrum stöðum. Jafnvel þó ekki sé hægt að segja fyrirfram með fullri vissu, hve há iðgjöldin þurfi

að vera, blandast mér ekki hugur um, að brunabótafélag hér á landi muni geta staðist. Útlend félög mundu annars ekki halda áfram vátryggingum hér, ef þau hefðu ekkert upp úr því; en auðvitað haga þau upphæð iðgjaldanna eftir þeim sköðum, er fyrir koma. Sama hlýtur innlent brunabótafélag að gera, en þó með þeim mikla mismun, að innlent brunabótafélag verður að hafa það tvent fyrir markmið, að minka brunahættuna og að lækka brunabótaiðgjöldin eftir því, sem frekast er unt. Þetta hvorttveggja láta hin útlendu félög sér í léttu rúmi liggja, en hugsa mest um það, að hafa iðgjöldin svo há, að þau geti staðist hvaða skaða sem fyrir koma.

Annað það, sem h. 1. þm. N.-Múl. (Ó. D.) lagði áherzlu á, var það, að ekki yrði hrapað svo að málinu, að frumv. yrði samþ. á þessu þingi. En mér er nær að halda, að þótt hann fengi því framgengt að málið væri látið bíða næsta þings eða lengur, og að það væri falið stjórninni til undirbúnings, og enda þótt það kæmi aftur frá henni rækilega undirbúið, þá mundu menn samt sem áður að ýmsu leyti renna blint í sjóinn. Málið er sem sé þess eðlis, að það verður sumpart að byggjast á áætlunum, sem að vísu styðjast ekki við óyggjandi vissu, en eru bygðar á sennilegum líkum með tilliti til undanfarandi reynslu.

Yfirleitt áleit nefndin þetta mál þess vert, að það fengi sem beztan framgang á þessu þingi. Þingið hefir haft ýmsar upplýsingar og leiðbeiningar að styðjast við, og vil eg nefna þar til álitsskjal etazráðs Tvermoes, er stjórnin á sínum tíma fól þetta mál til undirbúnings samkvæmt óskum þingsins 1895. Þar að auki hefir það verið margsinnis íhugað, og allmikið um það rætt bæði innanþings og utan. Það verður því engan veginn með réttu sagt, að málið sé óundirbúið. Vér höfum þá undirstöðu, er byggja má ofan á, enda vona eg, að það fái sem beztan framgang, að svo miklu leyti, sem tök eru á, og tími leyfir.

Ari Brynjólfsson: Eg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að athugavert væri að láta frumv. þetta ná samþykki þingsins að þessu sinni, með því að hlutaðeigandi kauptúnum hefði eigi verið gefin kostur á, að segja álit sitt um málið. Því var þá beint að mér, að það hefði þegar legið fyrir flestum kauptúnum landsins, og víða verið haft með höndum sem mikið áhugamál. Nú sé eg þó af nefndarálitinu, að bætt hefir verið við um 20 verzlunarstöðum, er vera skuli með í þessu félagi. Það virðist því sem þeir hafi harla lítið af því að segja enn.

Mér finst engin ástæða til að hraða sér svo mjög í þessu efni. En hins vegar er eg málinu hlyntur, og tel það nytsamlegt, að brunabótafélag gæti komist á stofn. Að eins verðum við fyrst, áður en hafist er handa, að leita álits þeirra manna, er vit hafa á og bezta þekkingu í þessu efni. Mér skildist sem háttv. framsm. vildi beina því að h. 1. þm. N.-Múl. (Ó. D.), að hann leitaðist við að drepa málið. Það gat eg ekki fengið út úr orðum hans. En hann vildi fara varlega, og í því er eg honum fyllilega sammála. Hvorugur okkar mun því mótfallinn, að það verði rætt eins rækilega og kostur er á, og mér finst sjálfsagt, að greiða atkv. með því, að það komist til 3. umr.

Það var að eins þetta, er eg vildi leggja sérstaka áherzlu á, að þessir kaupstaðir fengju að láta álit sitt í ljósi, áður en frv. yrði að lögum, og það því fremur, sem þeim er ætlaður

talsverður aukakostnaður, og gert að skyldu að hafa slökkvitól. Mér er sagt, að slík tól, ef þau eiga að vera að nokkru gagni, muni kosta um 1400 kr., og má það teljast stórfé fyrir ekki auðugri staði en flest íslenzk kauptún eru.

Stefán Stefánsson (2.þm. Skagf.): Eg átti reyndar von á, að þeir af nefndarmönnum, er skrifuðu undir með fyrirvara, mundu gera grein fyrir, hvers vegna þeir gerðu það. Þegar í nefndinni heyri eg, að þeir vildu ekki, að frumv. gengi í gegnum þingið. Eg játa, að eg var líka hikandi í fyrstu, og fann til vanmáttar míns í því, að semja lög um þetta efni. En því meir sem eg hugsaði um málið, því meir sannfærðist eg um þá skyldu mína sem þm., að reyna að gera mér málið sem ljósast, endurbæta frumv. eftir megni, og síðan leggja það til, að það yrði að lögum. Meira finst mér að ekki verði heimtað af neinum þm.

Eg kann ekki við, að nefndin og því síður þingið í heild sinni gefi þá yfirlýsingu, að það sé ekki fært um, að láta uppi sjálfstæða skoðun í þessu máli, og því verði það að varpa allri sinni áhyggju upp á stjórnina. — Vér höfum áður leitað til hennar og krafist þess, að hún undirbyggi þetta mál; en hver hefir árangurinn orðið? Frá hálfu þeirra manna, er álíta, að innlent brunabótafélag geti eigi staðist, eins og háttv. 1. þm. N.-Múl. (Ó. F. D.), er skiljanlegt, að þeir vilji fresta málinu. — En hitt á eg bágt með að skilja, hvernig sú sannfæring getur breyzt við það, að stjórnin tæki málið að sér! (*Olafur F. Davíðsson*: Hún útvegar oetri upplýsingar). Jú, má vera, en að þær upplýsingar gætu sannfært menn betur um, að slíkur félagsskapur mundi fá staðist, er lítt hugsanlegt. — Annað mál er það, að stjórnin hefði máske betri tök á, að semja hagkvæm lög fyrir félagið. — Mér finst mál þetta svo mikilsvert, og er orðið svo brennandi áhugamál víða um land, að allir ættu að telja sér skylt að styðja það. — Eg álít það fulla skyldu löggjafarvaldsins, að flýta fyrir því, og tel það ófyrirgefanlega vanrækslu af þinginu, ef það lætur nú leggjast undir höfuð, að vinna að framgangi þess.

Sönnun sú, er háttv. 1. þm. N.-Múl. (Ó. F. D.) færði fyrir því, að félagið mundi ekki geta staðist, er að mínu áliti engin sönnun. — Hann kvað tekjur þess mundu svo litlar, að þær gætu auðveldlega að engu orðið, ef mikið yrði um bruna, t. d. ef stærri bæir brynnu til kaldra kola, og þá skylli áþyrgðin á landssjóði. Lítum á reynsluna, því á henni verða menn að byggja í þessu efni. — Hve nær hafa stærri bæir brunnið hér á landi? »Hvernig mundi hafa farið á Akureyri, ef öðru vísi hefði staðið á, ef stormur hefði verið«? spyr hann. Þá get eg líka sagt: »Ef öðru vísi hefði staðið á, ef þessi lög hefðu verið til orðin þá, og bærinn átt góð slökkvitól, þá hefði að eins brunnið eitt eða tvö hús í staðinn fyrir sjö«. — Mitt »hefði« er alveg eins þungt á metunum eins og hans.

Eg get ekki betur séð en að ástæðum þessara andmælenda sé þannig varið, að svo framarlega sem þeir eru málinu hlyntir, þá hljóti þeir að vera með til að hleypa því til 3. umræðu, og því næst til háttv. efri deildar, þar sem margir vitrir menn eiga sæti og mjög líklegir til, að gefið góðar upplýsingar, og bætt frumvarpið að ýmsu leyti. — Mér skildist líka, háttv. 2. þingm. S.-Múl. (**A**. Br.) vera með því, að það gengi sem lengst áleiðis.

Þórhallur Bjarnarson: Það var eitt eða tvö atriði, er eg vildi skjóta til nefndarinnar. Annað var það,

hvort ekki hefði orðið neinn ágreiningur í nefndinni um það, að öll hús skuli vátrygð fullu virðingarverði. — Í sumum löndum veit eg til þess, að það er regla, að vátryggja að eins upp að vissu takmarki, til dæmis upp að $^4/_5$. Sé vátryggingin ekki hærri, þá freistast menn síður til þess, að kveikja í sjálfir; því búast má við slíku hér sem í öllum öðrum löndum, og það eigi síður þar, sem lítið eftirlit er hægt að hafa.

Enn fremur vildi eg gjarnan spyrja háttv. flutnm. og framsm., hvort ekki hefði komið til álita, að gera bæi til sveita réttthærri í brunabótafélaginu, láta þá eiga heimtingu á að fá vátryggingu. Það er nú ráðgert, að svo megi gera, ef stjórn félagsins samþ.

Eg hef þann skilning á þessu máli, að innlent brunabótafélag, þrátt fyrir ýmsa örðugleika, sé í fylsta máta tímabært, og sé mikið framfaraspor, auk þess, hvað það er myndarlega skemtilegt, að standa þar á eigin fótum.

Málið ætti að afgreiðast frá þinginu til stjórnarinnar, helzt í frumvarpsformi, því það mundi áhrifameira. Ef svo skyldi vera, sem hugsanlegt er um jafn brotamikið mál, að frv. þyki í einhverju viðsjált til staðfestingar, þá mundi stjórnin leggja frv. fyrir næsta þing, með þeim breytingum, sem hún teldi nauðsynlegar.

Að því er snertir vátrygging sveitabæja, þá álít eg það eitthvert við bezta hjálparmeðal — samfara byggingarannsóknunum, sem nú verða væntanlega teknar upp — til þess, að bæta húsagerð hér á landi, og landbúnaðinum væri það mikill hagur, að fá aukið veðgildi jarðanna. Eg hygg, að engin hús sé betra að taka í ábyrgð en í sveitum: þar eru eldsvoðar mjög sjaldgæfir, og til þess, að geta sett iðgjaldið sem allra lægst, ætti þar vísast sérstaklega við, að vátrygt væri að eins að vissum hluta, t. d. $^3/_4$.

Það voru að eins þessi tvö atriði, er eg vildi skjóta til nefndarinnar, ef hún að einhverju leyti vildi taka þau til greina við 3. umr.

Um málið í heild sinni er mér sérstaklega ant, enda mun eg greiða atkv. með öllum brt. nefndarinnar og svo frumv.

Framsögum. (Ólafur Briem): Út af athugasemd háttv. þm. Borgf. (Þ. B.), að viðsjárvert væri að taka hús með fullu verði í ábyrgð fyrir eldsvoða, skal eg geta þess, að þetta atriði kom einnig til athugunar í nefndinni, og komst hún að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt væri að halda því ákvæði, að því er snertir þá staði, þar sem skylduábyrgð er lögboðin. En auðvitað er ekki ætlast til, að þetta ákvæði nái til þeirra húseiganda, er sjálfkrafa vátryggja hús eða bæi í félaginu. Annars er nefndin fús á að athuga þetta atriði betur við 3. umr. málsins.

Viðvíkjandi upptöku sveitabæja í félagið skal eg taka það fram, að það er tilætlun nefndarinnar, að eigendur þeirra skuli eiga heimting á, að fá þá vátrygða í félaginu, án þess að til þess þurfi sérstakt samþykki félagsstjórnar, og mun nefndin koma með brt. þar að lútandi.

Viðvíkjandi þeim orðum í 3. gr. frv.: »félagið tekur einnig í ábyrgð búsgögn og annað lausafé«, skal eg geta þess, að samkvæmt þessu ákvæði er það skylda félagsins, að taka slíka muni í ábyrgð, enda get eg ekki séð, að það sé að neinu leyti varhugavert. Því eftir því, sem vátryggingin er víðtækari og ábyrgðarupphæðin er meiri, eftir því verður áhættan minni, af því hún skiftist á fleiri hendur. Auk þess ber að taka tillit til þess, að það er eðlilegt,

að þeir, sem vátryggja hús sín í félaginu, vilji einnig fá þar búsgögn sín vátrygð.

Ólafur F. Davíðsson: Eg vil að eins svara háttv. 2. þm. Skagf. (S. St.). Hann sagði að það væri ósamkvæmni af mér, að vinna að því í nefndinni ásamt öðrum nefndarmönnum, að gera breytingartillögu við frumv., en leggja þó á móti því, að það gangi fram.

Þetta get eg alls eigi kannast við. Í fyrsta lagi var það bein skyld mín, að leggja minn skerf, þó lítill væri, til þess, að frumv. kæmist í betra horf úr því hin háttv. deild sýndi mér þann sóma, að velja mig í nefndina. Í öðru lagi get eg ekki vitað, nema frumv. verði að lögum, þó eg leggi á móti því, og er þá sjálfsagt, að reyna að gera það svo vel úr garði, sem tök eru á.

Háttv. þm. sagði, að eg vildi ekki styðja þetta mál, og að eg hafi sagt, að félag þetta gæti eigi staðist; hvorugt þetta er rétt. Eg vil láta skora á stjórnina, að taka þetta mál að sér, en eg vil ekki láta gera lög um það nú. Eg hefi ekki sagt, að félagið gæti eigi staðist, heldur hef eg sagt, að hvorki eg né aðrir háttvirtir nefndarmenn væru færir til, að dæma um það fyrir víst, og vona eg að þeir vilji kannast við, að svo sé. Og að þingið eigi að leggja kapp á, að búa til lög, sem ekki verður séð fyrir, að verði til góðs, það vil eg ekki kannast við.

Viðvíkjandi brunanum á Akureyri, þá er það sennilegt, að hægt hefði verið, eins og á stóð, að takmarka hann, ef góð slökkvitól hefðu verið til. En hefði verið hvassviðri, þá er eg hræddur um, að þau hefðu haft lítið að segja. Eg veit að vísu eigi, hve fullkomin slökkvitól h. þm. ætlast til, að kaupstöðum og verzlunarstöðum verði gert að skyldu að hafa, en eg veit það, að annarstaðar, þar sem trébyggingar eru í bæjum t. d. í Noregi, þar er það alltítt, að heilir og hálfir bæir brenna á stuttum tíma til kaldra kola, og býst eg þó við, að slökkvitól séu þar í betra lagi en vér getum búist við að hafa þau.

Viðvíkjandi spurningu h. þm. Borgf. (Þ. B.) um, hvort ágreiningur hefði verið í nefndinni um það, hvort tryggja ætti fullu verði húseignir, þá svaraði framsögum. honum eigi, nema að nokkru leyti. Aðalástæðan til þess, að nefndin kom fram með þessa brt., var sú, að nefndin gat ekki álitið rétt, að gera hvorttveggja: skylda menn til að vátryggja hús sín hjá þessu félagi, en neita þeim samt um að geta fengið fulla trygging, því það segir sig sjálft, að þeir geta eigi annarstaðar fengið trygðan þann hluta húseignanna, sem félagið ekki tryggir.

Eg er ekki viss um það, eins og þm. Borgf. (Þ. B.), að stjórnin muni ekki veita lögum þessum samþ. Stjórnin fylgir þó víst sjálfsagt þeirri reglu, að neita sem fæstum lögum.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 19 atkv.

2. gr. frv. sþ. m. 20 atkv.

1. viðaukatill. nefnd. samþ. með 21 atkv.

2. viðaukatill. nefnd. samþ. með 19 atkv.

3. gr. sþ. m. 19 atkv.

3. brt. nefnd. sþ. m. 21 atkv.

4. brt. nefnd. sþ. m. 22 atkv.

4. gr. breytt sþ. m. 20 atkv.

5. brt. v. 5. gr. sþ. m. 18 atkv.

6. brt. við 5. gr. sþ. m. 20 atkv.

5. gr. breytt sþ. m. 20 atkv.

6. gr. óbreytt sþ. m. 20 atkv.

7. brt. v. 7. gr. sþ. m. 21 atkv.

8. brt. v. 7. gr. sþ. m. 20 atkv.

7. gr. breytt sþ. m. 21 atkv.

8. gr. óbreytt sþ. m. 21 atkv.

9. brt. v. 9. gr. sþ. m. 21 atkv. og þar með 9. gr. frv. fallin.
10. brt. v. 10. gr. sþ. m. 21 atkv.
10. gr. breytt sþ. m. 21 atkv.
11. brt. sþ. m. 20 atkv.
12. brt. v. 11. gr. sþ. m. 20 atkv.
11. gr. breytt sþ. m. 20 atkv.
12. gr. sþ. m. 20 atkv.
13. brt. v. 13. gr. sþ. m. 20 atkv.
14. br. sömul.
15. brt. sþ. m. 20 atkv.
16. brt. v. 13. gr. sþ. m. 20 atkv.
17. brt. orðabr. sþ. án atkv.
18. brt. orðabr. sþ. án atkv.
14. gr. breytt sþ. m. 20 atkv.
15. gr. sþ. m. 20 atkv.
16. gr. sþ. m. 21 atkv.
17. gr. sþ. m. 21 atkv.
18. gr. sþ. m. 21 atkv.
19. brt. sþ. m. 20 atkv.
20. brt. orðabreyt. sþ. án atk.
19. gr. sþ. m. 20 atkv.
21. brt. við 19. gr. sþ. m. 21 atkv.
22. brt. v. 20. gr. sþ. m. 20 atkv.
20. gr. breytt sþ. m. 20 atkv.
21. gr. sþ. m. 20 atkv.
22. gr. sþ. m. 20 atkv.
23. gr. sþ. m. 20 atkv.
23. br. sþ. m. 19 atkv.
24. gr. breytt sþ. m. 20 atkv.
24. brt. (viðbót) sþ. m. 21 atkv.
25. gr. sömul.
25. brt. sem 26. gr. sþ. m. 21 atkv.
27. gr. sþ. m. 20 atkv.
Málinu vísað til 3. umr. m. 22 atkv.

Þriðja umr., 3. ágúst (þskj. 119 135).

Framsögum. (Ólafur Briem): Nefndin hefir komið fram með nokkrar brt. við frv. á þskj. 135.

1. brt. er samkvæmt bendingu h. þm. Borgf. (Þ. B.), og gengur hún út á að taka það skýrt fram, að vátrygging húsa og bæja á öðrum stöðum en þeim, sem nefndir eru í 2. gr. frumv., skuli ekki vera komin eingöngu undir sþ. félagsstjórnar, heldur eigi hlutaðeigendur heimting á, að fá brunabótaábyrgð á þeim í félaginu með þeim kjörum, sem reglugjörð félagsins ákveður.

2. brt. er orðabreyt., ɔ: að fyrir »aðstoðarmanni« komi »aðstoðarmönnum«, með því sama regla hlýtur að gilda jafnt um alla aðstoðarmenn slökkviliðsstjóra, þó fleiri séu en einn.

3. og 4. brt. eru aðalefnisbreytingarnar, og standa í nánu sambandi hver við aðra.

3. br. við 22. gr. gengur út á það, að sú regla, er greinin aðallega setur, að brunabótafé sé eingöngu varið til þess, að byggja upp aftur hús þau, er brenna, eða til aðgerðar á þeim, skuli ekki vera undantekningarlaus, en að jafnframt megi haga því svo (sbr. 4. brt.), að í sérstökum tilfellum yrði veitt undanþága frá þessu ákvæði frv., þó svo, að til þess útheimtist samþykki landshöfðingja, eftir till. félagsstjórnarinnar.

Nefndin áleit, að þó heimilt væri að veita þannig lagaða undanþágu, ef sérstakar ástæður mæla með því, þyrfti það ekki að draga úr aðaltilgangi gr., sem sé þeim, að húseigendur freistuðust til þess, að kveikja í húsum til að fá brunabótafé útborgað

Hvað viðvíkur 5. brt. við 26. gr. frv., þá fann nefndin við nánari athugun ástæðu til þess, að hækka vexti fyrir brot gegn 10. gr. frv. í samræmi við lög 15. okt. 1875 um brunamál í Reykjavík, og leggur nefndin því til, að fyrir »frá 5–50 kr« komi »alt að 200 kr.«

Annars hef eg eigi frekara að athuga við þessa umr., en vænti þess, að málið fái enn sem fyr góðar undirtektir hér í deildinn.

Ari Brynjólfsson: Eg skal ekki verða langorður.

Það er búið að ræða málið vel og rækilega. Aðeins vildi eg leyfa mér,

að spyrja h. nefnd, hvort meiningin sé sú, að smákauptún séu skyldug til þess, að leggja til slökkvitól?

Eg fyrir mitt leyti efast stórlega um það, að þessir staðir verði færir til þess, því húsin eru oft fá, eins og fyrir austan, t. d. við Breiðdalsvík; þar eru að eins tvö hús; og svo mun víðar vera, að hús eru bæði fá og smá. Að eigendur þeirra treysti sér til þess, að leggja út 1000 kr. til slökkvitóla, get eg ekki skilið; það þyrfti því að setja einhverja ákvörðun um það í lögin, t. d., að litlir verzlunarstaðir séu að eins skyldaðir til að kaupa ódýr slökkvitól, frá 100—200 kr.

Eg vildi sem sagt að eins leyfa mér að benda á þetta, því mér skildist nefnilega eftir þessum lögum, að þetta væri meiningin (sbr. 10. gr. og 2. gr.).

Annars hef eg ekkert að athuga við brt. á þskj. 135; mér virðast þær að eins til bóta. En hins vegar verð eg að álíta, að sektirnar, sem farið er fram á í brt. við 26. gr. frv. séu of háar, og vildi helzt þær væru færðar niður.

Framsögum. (Ólafur Briem): Viðvíkjandi athugasemd h. 2. þm. S-Múl. (A. B.) um skyldu kaupstaða og verzlunarstaða að hafa slökkvitól samkv. 10. gr. frv., þá skal eg geta þess, að það er vikið að því í nefndarálitinu, að félagsstjórnin hljóti að fara varlega í að skylda hin smærri kauptún landsins til þess að kaupa dýr slökkvitól. Þm. nefndi sem verð á slökkvitólum 1000 kr., og fer það nærri; að minsta kosti veit eg til þess, að slökkvitólin á Seyðisfirði hafa kostað nálægt því. En nefndin áleit, að það gæti eigi komið til mála, að skylda aðra en kaupstaðina. En hins vegar geta sum slökkvitól verið svo kostnaðarlítil, að sjálfsagt væri, að þau væru til á öllum þeim stöðum, þar sem skylduábyrgð er lögboðin. Skal eg í þessu efni leyfa mér að benda á Reykjavík, þar sem jafnvel einstökum húseigendum er gert að skyldu, að eiga ýms slökkvitól, svo sem stiga, krókstjaka, vatnsfötur o. s. frv.

Annars verða menn að treysta félagsstjórninni til þess að meta þetta með allri sanngirni og nákvæmu tilliti til þess, hvernig á stendur á hverjum stað.

ATKVGR.: 1. breyt.till. við 3. gr. sþ. í e. hlj.

2. brt. við 10. gr. sþ. í e. hlj.

3. brt. við 22. gr. sþ. í e. hlj.

4. brt. við 22. gr. sþ. með 21 atkv.

5. brt. við 26. gr. sþ. með 22 atkv.

Frumv. í heild sinni samþykt með 21 gegn 1 atkv.

Málið afgreitt til forseta Ed.

Einum r., 25. ágúst (þgskj. 209, 210 n.).

Framsm. (Ólafur Briem): Þetta frumv. er að aðalefninu til öldungis óbreytt, eins og þessi háttv. deild skildi við það áður en það var afgreitt héðan til Ed. Breytingar þær, sem gerðar hafa verið af háttv. Ed., raska ekki efninu að neinu leyti. Eins og framhaldsálit nefndarinnar (þgskj. 210) ber með sér, varð nefndin ekki á eitt sátt, heldur klofnaði í tvo hluta. Ágreiningurinn snertir þó ekki efni frumv., heldur snýst hann um það, hvort rétt sé að afgreiða frv. þetta sem lög frá þessu þingi. Meiri hlutinn heldur því fóstu, að málið hafi þegar fengið allan þann undirbúning, sem tök eru á; það hefir nú verið til meðferðar á dagskrá þingsins í 10 ár, og auk þess hefir einusinni verið skorað á stjórnina, að undirbúa málið; og leitaði hún þá álits manns í Danmörku, er gott skyn bar á brunamál og reynslu hafði í þeim efnum; ennfremur hefir verið leitað álits hlutaðeigandi kaupstaða og verzlunarstaða. Á þeim svörum, er fengist

hafa, er að vísu lítið að græða; svör kaupstaðanna og verzlunarstaðanna fóru mjög á víð og dreif, og voru næsta ó-ákveðin. Sama má að nokkru leyti segja um svar þess manns í Danmörku, er stjórnin leitaði álits hjá, sem sé etazráðs Tvermoes, formanns brunabótafélags sveitabygginga í Danmörku; hann játar sjálfur, að sakir þess, hvað lítið hann þekkir til hér, geti hann enga ákveðna skoðun látið í ljósi um þetta mál. Meiri hluti nefndarinnar komst því að þeirri niðurstöðu, að þótt málinu yrði frestað til næsta þings, eða jafnvel lengur, mundi lítið unnið við það, þar sem ekki yrði annað gert en að höggva í sama farið, þ. e. að leitað yrði á ný álits verzlunarstaða hér á landi og sérfræðinga í brunamálum í Danmörku. Það mundi lítið meira vera að græða á þeim svörum en hinum, sem þegar hafa fengist.

Meiri hluti nefndarinnar áleit málið hafa svo mikið gildi og svo mikla nauðsyn í sér fólgna, að sjálfsagt væri að afgreiða frumvarpið sem lög, í fullu trausti þess, að þau yrðu til heilla og hagsældar fyrir land og lýð, þegar fram í sækti.

ATKV.GR.: Frumvarpið á þgskj. 209 sþ. með 16 gegn 2 atkv., og afgreitt til landshöfðingja sem *lög frá alþingi.*

Lífsábyrgðarfélag.

I.

TILLAGA til þingsályktunar um stofnun lífsábyrgðarfélags (þgskj. 25); ein umr., 4. ágúst.

Flutningsm. (Hannes Þorsteinsson): Það er alment álitið, að æskilegast sé, að hvert þjóðfélag geti staðið sem mest á sínum eigin fótum. Menn reyna á allar lundir að sjá um, að sem minst af hagnaði þeim, er menn með góðu móti geta haldið í landinu sjálfu, renni til annarra þjóða. En hvað er hér gert til þess að hefta peningastrauminn út úr landinu? Ekkert. Vér látum útlenda menn, útlend ábyrgðarfélög rýja okkur, rýja okkur inn að skyrtunni. Hér á landi eru engin félög, er taki í ábyrgð hús og aðrar eignir manna, engin félög, er tryggi líf manna. Einasti vísir til innlendra ábyrgðarfélaga, sem til er í landinu, er trygging gripa innsveitis, sem til er á stöku stað. Öll önnur þjóðfélög leggja mikla stund á slík tryggingarfyrirtæki, og það ekki einungis innan takmarka síns eigin lands, heldur víðs vegar út um heim. Þessi ábyrgðarfélög annarra landa hafa sent agenta sína hingað og þeir farið um land alt. Á þingi hefir aldrei komið neitt til tals í þá átt, að stemma stigu fyrir þessum útlenda fjárdrætti, með því að stofna innlend félög með sama markmiði. Nú á þessu þingi er þó fram komið frumv. til laga um stofnun brunabótafélags, sem reyndar virðist eiga nokkuð erfitt uppdráttar, nú sem endrarnær, því að það mál hefir nokkrum sinnum verið fyrir þinginu áður. Að því er snertir sambandið milli brunabótafélags og lífsábyrgðarfélags, þá liggur í augum uppi, að stofnun lífsábyrgðarfélags er ábyrgðar- og áhættuminni. Snögglegt tap kemur þar ekki svo auðveldlega fyrir, því mjög mannskæðar drepsóttir eru sjaldgæfari en stórbrunar. Hefði slíkt félag komist á stofn hjá okkur t. d. 1874, um leið og stjórnarskráin kom, þá ættum við nú dáfallegan sjóð. Fyrir hvert ár sem líður, verður það erfiðara og erfiðara að grípa í taumana. Agentarnir verða sífelt fleiri og fleiri og alt af eykst sú tala landsmanna, er binda

sig í erlendum lífsábyrgðarfélögum. Sú stofnun, er mun hafa flesta í tryggingu hér á landi, er hið danska lífsábyrgðarfélag, sem stofnsett var 1871. Eiginlega er það ríkisstofnun, með því að ríkissjóður ábyrgðist lögskil stofnunarinnar. Þegar fram í sótti, kom það í ljós, að félagið bar sig ágætlega. Eftir 18 ár frá stofnun félagsins komu út lög 15. marz 1889 um að úthluta bonus (ɔ: ágóða eða uppbót), til þeirra, er trygt höfðu líf sitt hjá því, og voru ákveðnar til þess 4½ milj. króna. Gert skyldi upp 5. hvert ár. Næst var því úthlutað bonus 1894, en 1899 að því er mig minnir komu út lög um, að þá skyldi engin úthlutun fara fram, en bonusupphæð fast ákveðin, svo að ekki þyrftu sérstök lög í hvert skifti. Næst mun bonus verða úthlutað 1903. Þessi stofnun er orðin stórrík, og þó hefir hún ekki sýnt neitt mikinn ákafa í að afla sér útbreiðslu. Hér á landi hefir hún að eins haft 1 umboðsmann, og þó hefir hún langflestar tryggingar hér. Hún er orðin svo gömul; þess vegna er það. Hvaða tryggingarkosti hún býður, er mér ekki kunnugt. En iðgjöldin héðan, er greidd eru til þessa félags, munu nema hér um bil 20—25 þúsundum króna á ári, auk eftirlauna til ekkna embættismanna, sem félag þetta ábyrgist til útborgunar, og eftir því sem landfógeti hefir gefið mér upplýsingar um, nemur sú upphæð eða nam næstliðið ár 12,700 krónum. Samlagt við hina upphæðina verður það um 37,000 krónur.

Það félag, er gengur næst hinni dönsku lífsábyrgðarstofnun að útbreiðslu hér á landi, er félagið »Star«, og er það þó ekki gamalt hér, að eins frá 1896. Umboðsmaður þess hefir skýrt frá, að tryggingarupphæðin væri 642 þús. krónur — eða rúmlega hálf miljón. Reikni maður iðgjöldin 20 krónur af þúsundi hverju, sem mun láta nokkuð nærri, þá verður það alls 12,840 kr. eða nál. 13,000 kr., er landsmenn borga þessu félagi. Lagt saman við það, sem borgað er í iðgjöld í hinu félaginu, verður upphæðin um 50 þús. kr. Auk þessara tveggja félaga eru mörg önnur útlend lífsábyrgðarfélög, er hafa agenta hér á landi, t. d. »Skandia«, er nýlega hefir fengið sér umboðsmenn hér, sérstaklega á Norður- og Austurlandi. Ferðast þeir um sveitir með miklum dugnaði, og hafa jafnvel lækni með sér, til þess að skoða fólkið. Hina árlegu iðgjaldaupphæð þessa félags hér á landi er mér ekki kunnugt um. Líklega nemur hún þó ekki öllu minna en hér um bil 10,000 kr. Þá er iðgjaldaupphæðin orðin 60,000 kr. Þá má nefna Thule, sem er töluvert útbreitt, þótt illa gengi með umboðsmennina í fyrstu. Um iðgjaldaupphæð þess veit eg ekki. Ennfremur félögin »Dan« og »Hafnia«. Alt af er útbreiðsla félaganna að aukast, og því er nú ekki seinna vænna, ef annars á nokkurn tíma að hugsa til að hefjast handa til framkvæmda í þessu máli. Og það er sannarlega orðið helzt til seint. Mörg af þessum útlendu félögum tryggja líf barna gegn lágum iðgjöldum, og það er því til tálmunar, að uppvaxandi menn gangi í innlent lífsábyrgðarfélag. Það er ilt, þegar börnin eru þannig bundin í erlendum félögum, því að einkar-hætt er við, að menn reyndust ekki svo þjóðlegir, er þeir kæmust á legg, að leggja niður iðgjöld sín til útlendu félaganna og ganga í innlent félag.

Það er því brýn nauðsyn á, að málinu verði hrundið sem fyrst eitthvað áleiðis, og þess vegna hefi eg komið fram með þá tillögu, að þingið skipi nefnd til að taka það til nánari íhugunar. Hlutverk þeirrar nefndar verð-

ur meðal annars að leita upplýsinga um, hve mörg útlend lífsábyrgðarfélög eru hér á landi, og hvað mikið fé fer í iðgjöld út úr landinu. Hún þarf að kynna sér lög og reglur lífsábyrgðarfélaga í öðrum löndum, og er það mjög vandasamt, því slíkar reglur eru talsvert flóknar. Það er heil fræðigrein, sem all-erfitt er að setja sig inn í. Þyrfti helzt að senda sérstakan mann til útlanda, er kynti sér alt í þessu efni, svo sem hvort heppilegt mundi að beita skylduábyrgð, sem svo yrði útborguð eftir t. d. 60 ár, hvort sem maðurinn þá væri lífs eða liðinn.

Eg geri mér ekki miklar vonir um mikinn árangur í málinu á þessu þingi, með því svo mörgu er að sinna. En hitt vona eg, að hin háttv. deild taki því vel, og það því fremur sem nú er ekki seinna vænna, ef skifta á sér nokkuð af því á annað borð. Mér getur ekki blandast hugur um, að slíkt fyrirtæki mundi verða til gróða fyrir landið, og tel víst að stjórnin geri sér alt far um að greiða fyrir málinu. Að endingu ítreka eg þá von mína, að h. deild taki málinu vel og kjósi nefnd í það.

ATKVGR.: Tillaga á þgskj. 25 sþ. í einu hljóði.

Þessir hlutu kosningu:

Hannes Þorsteinsson 12 atkv.
Þórður J. Thoroddsen 14 atkv.
Ólafur Briem 12 atkv.
Þorgrímur Þórðarson 11 atkv.
Stefán Stefánsson þm. Skgf. 11 atkv.

Lífsábyrgðarfélag.
II.

TILL. til þingsályktunar um lífsábyrgðarstofnun (þskj. 148); ein umr., 18. ágúst.

Framsögumaður (Hannes Þorsteinsson): Mál þetta, sem hér liggur fyrir, og nefndin hefir leyft sér að leggja fyrir þingið, er eitt af allra þýðingarmestu málum þjóðarinnar, mál, sem eg álít að hljóti að verða á dagskrá hennar þangað til því er ráðið til lykta á heppilegan hátt.

Nefndin var öll sammála um það, að nauðsynlegt væri að koma á fót innlendu lífsábyrgðarfélagi, svo að fé það, sem nú er borgað út úr landinu sem iðgjöld og árlega fer í vöxt, verði kyrt í landinu sem starfsfé, og að renturnar af því fé ekki tapist landsmönnum að miklu leyti, eins og nú á sér stað.

Vegna þess að nefndina vantaði allar nauðsynlegar skýrslur, hefir hún að eins getað gert lauslegar áætlanir um, hve miklu fé þetta mundi nema. Það mun láta nærri sanni, að tala þeirra manna á Íslandi, er keypt hafi lífsábyrgð, muni vera um 1500 eða sem næst $^1/_{50}$ af landsmönnum. Af þessu má sjá, að hér er töluvert starfsvið enn þá fyrir innlent lífsábyrgðarfélag.

Annars er ekki gott að gera sér vel ljóst, hve miklu tryggingarupphæðir þeirra félaga, sem nú starfa hér, muni nema. Mér hefir verið sagt, að eitt af útbreiddustu félögum hér, lífsábyrgðarfélagið Scandia, hafi fyrir 7 árum síðan haft ábyrgðir upp á 750,000 kr.; af þessu má ráða, að félagið muni nú hafa ábyrgðir, er nemi fullri miljón króna eða meira, því félagið hefir á síðari árum lagt sig mjög fram til þess, að afla sér útbreiðslu hér. Geri maður ráð fyrir, að félag þetta hafi $^1/_3$ af þeim ábyrgðum, sem félögin hafa til samans hér á landi, sem mun vera mjög nærri sanni, þá verður upphæð lífsábyrgða á öllu Íslandi 3 milj. kr. Þetta er ekki svo lítil upphæð á ekki stærra eða fólksfleira landi.

Menn kunna nú að segja, að þetta fé

borgist fyr eða síðar inn í landið, því dauðinn sé öllum vís. Það er auðvitað satt, og verður ekki hrakið, að »eitt sinn skal hver deyja«, en það, sem ber að miða við, er um það atriði er að ræða, hvort við töpum á útlendum lífsábyrgðum, er ekki sjálf ábyrgðarupphæðin, heldur mismunurinn á því fé, sem árlega er borgaður út sem iðgjöld, og því, er aftur kemur inn fyrir ábyrgðir, sem fallnar eru til útborgunar til erfingja manna.

Ef við gerum nú ráð fyrir, að 20 kr. séu til jafnaðar borgaðar af hverjum 1000 kr., sem alls ekki mun vera of hátt, þá verður það um 60,000 kr., sem við borgum árlega út úr landinu sem iðgjöld af þessum 3 miljónum. Setjum við svo, að 15 þús. kr. eða 1/4 af því, sem borgað er árlega í iðgjöld, komi aftur inn í landið, sem mun vera mjög nærri sanni, þá verður mismunurinn á því, sem borgað er út, og því, sem kemur aftur inn í landið, árlega 45 þús. Á 20 árum verður þetta 900,000 kr. eða sem næst einni miljón, auk allra vaxta og vaxtavaxta.

Að þessi félög séu gróðafélög, því er ekki til neins að neita. Þau eru eins og öll önnur félög grundvölluð á þeirri reglu, að tekjurnar séu meiri en útgjöldin. Þess vegna er það, að erlendis er lögð mikil áherzla á það, að þess háttar félög séu svo innlend, sem auðið er.

Eg hefi hér fyrir framan mig »statistiska« árbók frá Danmörku frá síðasta ári, og skal eg leyfa mér að lesa upp fáeinar tölur úr henni:

Tala allra lífsábyrgðarfélaga í Danmörku var síðastl. ár 57. Af þeim eru 37 útlend og ekki nema 20 innlend, en samt sem áður eru þessi innlendu lífsábyrgðarfélög miklu aflmeiri og hafa langtum meiri útbreiðslu. Tala ábyrgðarskírteina eru:

í hinum dönsku félögum 105,787, en í hinum útlendu 18,213; ábyrgðarupphæðin er í hinum fyrnefndu 210,320,635 kr., eða rúmar 210 miljónir; í hinum síðarnefndu 67,700,633 kr., eða tæpar 68 miljónir; árleg iðgjöld nema 8,398,816 kr. í hinum dönsku félögum, en í hinum útlendu 2,549,506 kr., eða rúmum 2 1/2 miljónum kr.

Mismunurinn á iðgjaldagreiðslu til hinna dönsku félaga og hinna útlendu verður því um 6 milj. kr. Auðvitað mál er það, að þessi dönsku félög starfa ekki einungis í Danmörku, heldur hafa þau einnig umboðsmenn í öðrum löndum, bæði hér á Íslandi, eins og mönnum er kunnugt um, og í Noregi, Svíþjóð og enda Þýzkalandi.

Vitaskuld er það, að við, að minsta kosti til að byrja með, mundum ekki hugsa um að láta íslenzkt lífsábyrgðarfélag starfa fyrir utan Ísland; en það er líka hreinasti misskilningur ef menn hugsa, að þau félög geti ekki staðist nema þau séu svo og svo stór. Í Danmörku eru slysaábyrgðarfélög, sem ekki hafa meiri tekjur um árið en 11,000 kr. og enda sum ekki meir en 6000 kr., og standa sig þó vel; en auðvitað er það þá, að rekstur og stjórn félagsins verður að vera einföld og ódýr að því skapi. Eg sé því ekki annað en að lífsábyrgðarfélag hlyti að borga sig vel hér. Það væri miklu áhættuminna fyrir landssjóð, að styðja að stofnun slíks félags en brunabótafélags, enda þótt eg sé því einnig hlyntur. Það væri að eins fyrstu árin, meðan félagið væri að komast á fót, að landssjóður þyrfti að taka einhverja ofurlitla ábyrgð á greiðslum félagsins.

Jafnvel þótt nefndin væri öll samhuga á þeirri skoðun, að lífsábyrgðarfélag ætti að stofna hér, þá gat hún þó að þessu sinni ekki gert annað en leggja til, að snúa sér til stjórnarinnar,

með áskorun um, að hún tæki málið að sér og undirbyggi það fyrir þingið, og þessa tillögu hefir nefndin af ásettu ráði orðað þannig, að stjórnin hlýtur að koma með einhverjar ákveðnar tillögur í málinu fyrir næsta þing. Raunar hefir nefndin jafnframt lagt fyrir þd. frv. til viðaukalaga um hagfræðisskýrslur, og eg ímynda mér, að það geti orðið framgangi málsins til stuðnings.

Eg skal taka það fram, fyrir mína hönd og margra samnefndarmanna minna, að það er engan veginn okkar tilætlun, að hætta við þetta mál, þótt stjórnin, sem að sjálfsögðu mun leita sér upplýsinga meðal annara hjá dönsku ríkis lífsábyrgðarstofnuninni, réði frá því, að stofna slíkt félag hér. Við viljum ekki binda okkur við álit stjórnarinnar að neinu leyti, þótt við sjáum, að hún standi betur að vígi til að afla sér nauðsynlegra upplýsinga og undirbúa málið. Eg get raunar hugsað, að þessi stjórn, sem nú situr að völdum, muni ekki geta sagt álit sitt á næsta þingi, meðfram vegna þess, að þær skýrslur, sem ætlast er til að verði árangurinn af viðaukalögum nefndarinnar við lögin 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur, ekki verða komnar til hennar nógu snemma til þess.

Eg get því búist við, að það verði hlutverk nýju stjórnarinnar, að taka ákvörðun um og undirbúa þetta mál, og eg fyrir mitt leyti er á þeirri skoðun, að þetta mál verði eitt af þeim málum, sem sú stjórn á að vinna sína fyrstu spora á.

ATKVGR. Till. sþ. í e. hlj. og afgreidd til Ed.

Veðdeildarviðaukalög.

FRUMV. til viðaukalaga við lög 12. jan. 1900, um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík (þskj. 58); 1. umr., 8. ág.

Hannes Þorsteinsson: Eg leyfi mér að stinga upp á, að málinu verði vísað til bankalaganefndarinnar. Hún hefir ekki lokið störfum sínum enn, og henni er málið skyldast.

ATKVGR. Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Sþ. m. 22 atkv., að vísa því til bankalaganefndarinnar.

Önnur umr., 18. ágúst (þgskj. 58, 138 n.).

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Eins og háttv. deildarmenn sjá, er í frv. þessu farið fram á aukning veðdeildarinnar. Veltufé hennar samkvæmt lögum 12. janúar 1900 er nú þrotið, eða því sem næst. Það er búið að lána út 1,181,500 kr., svo að einar 18,500 kr. standa eftir. Mun því engum blandast hugur um, að brýna nauðsyn ber til að auka veðdeildina. Þetta frv. fer þess vegna fram á, að aukið sé tryggingarfé veðdeildarinnar með alt að því 200,000 króna, og á nú landsbankinn að leggja til tryggingarféð, í stað landssjóðs, enda renna nú vextir af því til bankans. Í öðru lagi er skrifstofufé veðdeildarinnar hækkað úr 2,500 kr. upp í alt að 4,500.

Af þeim 1,181,500 kr., er veðdeildin hefir lánað út, hafa 720,800 kr. verið lánaðar út á hús, en að eins 460,700 kr. út á jarðir; þetta er öfugt við það, sem átt hefði að vera. Bæði er veðfénu tryggilegar fyrir komið í jarðeignum en í húseignum, og svo er líka sjálfsagt að hjálpa bændasjettinni af fremsta megni. Af áðurnefndum 720,800 kr. stendur meiri hlutinn efalaust í húsum í Reykjavík, og kann því að vera borgið, sem stendur, meðan aðfallið af fólkinu hingað helzt við; en guð

náði veðdeildina, þegar útfallið kemur, komi það á annað borð.

Annað atriði, er nefndin sérstaklega tók til athugunar, var fyrirspurn stjórnarinnar um það, hvort þingið vildi skora á hana, að nota heimild þá, er henni var veitt í lögum 7. júní 1902 til þess að kaupa $^2/_5$ hlutabréfa í hinum fyrirhugaða hlutafélagsbanka. Nefndin varð ásátt um, að þá heimild bæri ekki að nota. Nú stendur alt öðruvísi á en í fyrra, er lög þessi vöru samin. Þá leit helzt út til þess, að hlutafélagsbankinn yrði einn um hituna, og lögin voru samþykt í þinginu til þess, að spyrna móti fullu einræði hlutabankans í peningaverzlun landsins. En nú stendur landsbankinn eftir sem áður. — Þökk sé meðal annars hæstv. landsh., — og gangi þetta frv. breytingalaust í gegnum deildina, og nái það staðfesting konungs, verður ekki annað séð en að þá séu bankanum fengin hæfileg tök á peningaverzlun landsins. Það er engin ástæða til, að sölsa undir sig meiri umráð, enda fengjum vér ekki full umráð yfir hlutafélagsbankanum nema því að eins, að landsmenn ættu meir en helming hlutabréfanna; en þótt landssjóður keypti $^2/_5$ hluta þeirra, er ólíklegt, að aðrir sjóðir eða privat-menn keyptu það, sem á vantar.

Enn fremur er það efasamt, hvort hlutabankinn mundi verða svo arðsamur í byrjuninni, að það borgaði sig fyrir landssjóð, að taka kannske alldýr lán til þess, að geta keypt bréfin

Eg býst við, að stjórnin láti sér nægja undirtektir nefndarinnar sem svar upp á fyrirspurn sína, sérstaklega ef þær mæta engum mótmælum í deildinni, enda hefir hæstv. landsh. látið á sér heyra, að hann teldi þær fullnægjandi svar, fyrir stjórnarinnar hönd.

Að endingu vil eg lýsa ánægju minni yfir þeim horfum, er bankamálið er komið í. Það hefir nú sýnt sig, að öll þjóðin vill hlynna að landsbankanum, enda þingflokkur sá, er hingað til hefir barist með hnúum og hnefum móti honum, þykist nú vilja vöxt hans og viðhald

ATKVGR. 1. gr. frv. á þskj. 58 sþ. m. 20 atkv.

2. og 3. gr. frv. á þgskj. 58 sþ. með 21 atkv.

Fyrirsögn sþ. án. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 20. ágúst (þgksj. 58).

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Háttv. þm. Rvík (Tr. G.) var ekki hér viðstaddur, þegar eg lét það álit mitt í ljósi við 1. umr. þessa máls, að mér þætti húsum í kaupstöðum gert of hátt undir höfði að því er útlán veðdeildarinnar snertir. Eg tók það þá fram, að til jarðaláns hefði að eins verið varið 460,700 kr., en til húseignaláns aftur á móti 720,800 kr. Mér þykir þetta horfa öfugt við og vildi því óska þess, að h. þm. gerði grein fyrir hvernig á þessu stendur, um leið og eg vona að hlutfallið verði öfugt við það, sem nú er, þegar farið er að lána út fé það, sem að nýju verður lagt til þessarar veðstofnunar.

Tryggvi Gunnarsson: Háttv. þm. Snæf. (L. B.) beindi þeirri fyrirspurn að mér, hvernig á því stæði, að veðdeildin hefði lánað miklu meiri upphæð út á hús en jarðeignir. Til þess liggja þau svör, að lánsþörfin virðist hafa gengið í þessa átt. Bankastjórnin hefir ekki neitað einum einasta manni um lán í veðdeildinni, er boðið hefir jörð sína að veði og getað sýnt tryggileg skilríki. Og sama er að segja um lán út á veð í húsum; hún hefir í einu orði ekki neitað um lán úr veðdeildinni, þar sem nægileg trygging var fyrir höndum, enda sé eg enga

ástæðu til þess, og jafnvel efasamt, hvort bankastjórninni væri heimilt að neita lánum út á húsveð af þeirri ástæðu einni, að hlutfallið verði ekki rétt í samanburði við jarðeignir. Eg get ekki betur séð en að það sé réttmætt að veita lán gegn hverju því veði, er fulltryggilegt er fyrir veðdeildina. Orsökin til þess hlutfalls, sem h. þm. furðaði sig svo mjög á, er líklega sú, að húsabyggingar hafa verið óvanalega miklar í Reykjavík og sumum kauptúnum út um land að undanförnu. En að því er jarðirnar snertir, skal eg geta þess, að áður en veðdeildin kom, hafði bankinn lánað mikið út á jarðir, yfir 800 þús. kr Þegar svo veðdeildin kom, var búist við að margir mundu flytja jarðir sínar yfir í hana, en svo varð þó ekki, eins og líka eðlilegt er, þegar tekið er tillit til þess, að vextirnir af láni í veðdeildinni eru 5%, en í bankanum ekki nema 4½%; á þennan vaxtamun líta menn, svo fáir aðrir flytja jarðarveðslán sín úr bankanum í veðdeildina en þeir, sem eiga erfitt með að afborga skuld sína á 10 árum, eða þurfa að fá meira lán út á eign sína. Að bankastjórnin fari að segja upp bankalánum, sem hvíla á jörðum, til að setja þau yfir í veðdeildina eða biðja menn að flytja lán sín yfir í veðdeildina, getur ekki komið til mála; hún verður í því efni að fara eftir óskum landsmanna sjálfra. Eg get því ekki séð, að henni sé unt að taka til greina bendingu h. þm. Snæf. (L. B.). Annars skal eg fúslega játa, að mín persónulega skoðun er sú, að heppilegra væri að veðdeildin væri meira fyrir jarðir en hús; en hins vegar er ekki hægt að beita neinni þvingun við menn í þessu efni.

Pétur Jónsson: Sé það heimilt við þessa umr. að koma með bendingu um, hvernig haga mætti lánum í veðdeildinni, þá vil eg leyfa mér að taka það fram, sem mér virðist sérstaklega ástæða til að hafa fyrir augum í þessu efni. Eg veit, að mörgum þykir hlutfallið á útistandandi skuldum veðdeildarinnar næsta óskyggilegt, þar sem svo miklu meira hefir verið lánað út á hús en jarðir. H. þm. Rvík (Tr. G.) hefir skýrt, hvernig á hlutfalli þessu stendur, að svo miklu leyti sem bankastjórnin getur aðgert, sem sé, að eftirs.kn eftir jarðeignarveðslánum er ekki meiri komin í ljós en veðdeildin hefir fullnægt. En hverjar eru aðalorsakirnar aftur til þess? Í fljótu bragði eru þær ekki auðsénar, einkum þegar litið er til þess, sem þó er alþjóð kunnugt, að menn eru alment þurfandi fyrir lán út á fasteignir, og að þar að auki eru töluverð hlunnindi fyrir þá að fá þau í veðdeildinni, með því að lán gegn fasteignarveði fást þar til lengri tíma. Mér hefir komið til hugar, hvort þetta mundi ekki stafa af fyrirkomulagi veðdeildarinnar sjálfrar, og vildi eg biðja menn að athuga, hvort hún í raun og veru er svo aðgengileg, sem unt er. Á þingi í fyrra barðist eg fyrir að koma fram umbót á 7. gr. í lögum um veðdeildina, og var það til þess, að gera mönnum dálítið auðveldara að fá sem næst helmingi verðs út á jarðeignir. Þegar hús á jörðum hafa verið virt út affyrir sig, og jarðirnar út af fyrir sig, þá hefir vanalega farið svo, að þessar virðingar hafa orðið allsendis rangar, og jarðirnar verið metnar á lægra verð en þeim bar húsalausum. Bankastjórnin hefir við útlán í veðdeildinni gegn jarðarveði bundið sig við lögin og reglugerð veðdeildarinna. En niðurstaðan hefir orðið af þeirri reglu, að því er eg þekki, að fáir hafa fengið meira en svaraði ⅓ af söluverði jarðarinnar. Í mörgum þeim héruðum norðanlands, þar sem mér er kunnugt um kaup og sölu

á jörðum, hefir það verið almenn regla, að lánið næmi 1/3 jarðarverðs, eða svo sem næst því. Þegar nú þess er gætt, hve örðugt er að eignast jarðir og að það er oft til jarðakaupa, að veðdeildarlán eru tekin, þá er það eðilegt, að þessi regla fæli menn frá veðdeildinni. Aftur á móti hafa menn í bankanum oftast nær getað fengið alt að helmingi söluverðs út á jarðir sínar. Það er því eðlilegt, að menn hafi hikað við að komast úr bankaskuldum sínum og fara í veðdeildina.

Eg vildi þess vegna, að þingið og bankastjórnin tæki til íhugunar, hvort veðdeildinni mætti eigi verða svo fyrir komið, að menn, sem taka vilja lán gegn fasteignarveði, geti fengið alt að helmingi af söluverði jarðanna að jarðarhúsum meðtöldum.

Framsm. (L. H. Bjarnason): Eg bar fram fyrirspurn mína til h.þm. Rvík (Tr. G.) af því, að margir munu auk mín hafa rekið augun í þetta undarlega hlutfall. Og það gleður mig, að það er ekki bankastjórninni að kenna, enda var það engan veginn mín meining, að hún ætti að neita mönnum um lán gegn veði í húseignum. Annars býst eg við, að það, að bændur hafi hingað til notað veðdeildina svo lítið, stafi að nokkru leyti af því, hve ung hún er. Sé svo, er engin ástæða til að bera kvíðboga fyrir því, að þeir noti hana ekki meir framvegis.

Tryggvi Gunnarsson: Háttv. þm. S-Þing (P. J.) talaði um það í ræðu sinni, að það yrði að skoða það vandlega, hvort veðdeildin væri nógu aðgengileg fyrir jarðeigendur. En eg vil segja, að hún hafi verið nógu aðgengileg, »því að verkin sýna merkin«, að nú á tveimur árum, síðan hún var stofnuð, hefir hún lánað út 1,200,000 kr., með öðrum orðum, alt það fé, sem henni var fengið til að lána út, er út lánað á að eins tveimur árum. Hitt atriðið, sem hann mintist á, var það, að það væri ákveðið í reglugerð veðdeildarinnar, að draga húsaverð frá virðingarverði jarða. Þetta atriði er gagnslaust að tala um nú, þar sem ekkert breytingaratkvæði liggur fyrir og málið liggur fyrir til 3. umr. En þess eins vil eg þó geta, að bankastjórnin álítur, að hún hafi skilið reglugerð veðdeildarinnar rétt með því, að draga húsaverðið frá virðingarverði jarðanna, bankastjórnin áleit að ekki væri hægt að bregða út af því ákvæði í reglugerðinni hvað 1. flokk snerti. En í vetur, þegar bankastjórnin lagði til að stjórnin legði frumv. fyrir þingið, þess efnis, að auka veðdeildina, að hún stakk upp á, að búinn væri til 2. flokkur (seria), en stjórnin breytti út af því og ætlaðist til með frv., að haldið sé áfram 1. flokki, og er því ekki hægt að koma þeim ákvörðunum að, sem h. þm. kom fram með. Því eigi má skerða réttindi þeirra manna, sem búnir eru að kaupa bankavaxtabréf; þar á móti hefði sú breyting verið möguleg, ef landsstjórnin hefði aðhylst tillögu bankastjórnarinnar, að mynda 2. flokk veðbréfa bankans. Eg álít því, að það sé ekki til nokkurs gagns, að ræða meira um þetta mál.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni sþ. í e. hlj. og afgr. til landshöfðingja sem *lög frá alþingi*.

Breyt. á hlutabankalögum.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi 7. júní 1902 (C. bls. 30); 1. umr., 29. júlí.

Lárus H. Bjarnason: Frv. það sem hér liggur fyrir, gefur ekki tilefni

til að halda langar ræður, þar sem það í sjálfu sér er bæði mjög stutt og auðskilið mál. Tilgangurinn er að eins að ráða bót á ritvillu, sem komst inn í bankafrumv. síðasta alþingis. En af því að eg hugsa, að þetta frumv. kunni að verða sett í samband við önnur mál, finst mér réttast að setja þegar nefnd í það.

Eins og h. þm. er kunnugt, þá hefir verið lagt fyrir h. Ed. frv. um aukning á veðdeild landsbankans. Sömuleiðis get eg hugsað mér, að margur maður álíti það heppilegt að taka til íhugunar, hvort ekki bæri að skora á stjórnina að nota sér heimild þá, sem lögin 7. júní 1902 gefa henni, til að kaupa hlutabréf í bankanum fyrir alt að $^2/_5$ af stofnunarfénu, enda hefir stjórnin leitað undirtekta beggja deilda um það. Hvorttveggja gæti komið til athugunar í þessari nefnd.

Eg hafði annars búist við því, að stjórnin mundi í þessu máli fylgja sömu reglu sem áður. Eg hafði búist við að hún mundi neita að bera fram fyrir Hans Hátign lög, sem annmarkar væri á, en legði lögin aftur leiðrétt fyrir þingið. En úr því að stjórnin nú hefir tekið upp þenna nýja sið, verður þingið vafalaust að leiðrétta villuna.

Eg leyfi mér því að gera það að tillögu minni, að sett verði 5 manna nefnd í málið.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj. og samþ. 5 manna nefnd með 12 gegn 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já:	nei:
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Ari Brynjólfsson,	Björn Kristjánsson,
Björn Bjarnarson,	Eggert Benediktss.,
Hannes Þorsteinss.,	Guðl. Guðmundss.,
Hermann Jónasson,	Magnús Andrésson,
Lárus H. Bjarnason,	Ólafur Briem,
Ólafur F. Davíðsson,	Sigurður Stefánsson,
Pétur Jónsson,	St. Stefánss. þm. Skf.
Sighv. Árnason,	Þórður. J. Thorodds.,
St. Stefánss. þm. Eyf.	Þorgr. Þórðarson,
Tryggvi Gunnarss.	
Þórh. Bjarnarson.	

Að viðhafðri hlutfallskosningu voru þessir kosnir í nefndina:

Lárus Bjarnason
Þórður Thoroddsen
Tryggvi Gunnarsson
Þórhallur Bjarnarson
Björn Kristjánsson.

Önnur umr., 11. ágúst (C. bls. 30, þgskj. 79 n.)

Framsm. (Lárus H. Bjarnason): Eg hefi ekkert að athuga við frumv., óska að eins, að það megi ganga hljóðalaust til 3. umr.

ATKV.GR.: Frv.greinin samþ. með 21 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 21 atkvæði.

Þriðja umr., 13. ágúst (C. bls. 30).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 21 atkv. og sent forseta Ed.

Á 22. fundi, 21. ágúst mælti

Forseti: Áður en gengið er til dagskrár, vil eg leyfa mér að minnast á eitt mál. Eins h. þingdm. er kunnugt, þá lagði ráðaneyti Íslands fyrir landshöfðingja með bréfi dags. 3. f. m. að leita álits beggja þingdeilda um það, hvort stjórninni beri að nota heimild þá, er lög 7. júní 1902 um stofnun hlutafélagsbanka getur landssjóði til að gerast hluthafi að alt að $^2/_5$ hlutum af hlutabréfum bankans. Sem svar upp á þessa fyrirspurn hæstv. lh. til þessarar

þingd. hefir nefndin í bankamálinu látið uppi skoðun sína í framhaldsnefndaráliti á þingskj. 138, þar sem ráðið er frá að nota þessa heimild. Að vísu er þetta ekki beint svar, komið fram í því formi, að neinar umræður eða atkvæðagreiðsla geti farið fram um það; en eg verð að líta svo á, sem eg hafi heimild til að senda hæstv. lh. þetta nefndarálit sem svar frá þessari þingd., ef enginn h. þdm. hreyfir neinum mótmælum gegn því.

Úr því enginn þingm. hreyfir neinum mótmælum, sendi eg landshöfðingja nefndarálitið sem svar frá þessari deild.

Gagnfræðaskóli á Akureyri.

I.

FRUMVARP til laga um gagnfræðaskóla í Akureyrarkaupstað (þgskj. 35); 1. umr., 5. ágúst.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Það stendur í lögum vorum, að gagnfræðaskóli skuli standa á Möðruvöllum, en sá atburður gerðist síðasta vetur, að skólahúsið þar brann til kaldra kola. -- Kennararnir eru til og lærisveinarnir munu líka verða til, þegar að því kemur, en þeir mætast á bersvæði, því ekkert er húsið, að eins brunarústir. — Eg vona því, að hvað þessa hliðina á frumv. snertir, þá þurfi eg ekki að halda langa ræðu, því að það hlýtur öllum að vera ljóst, að á þessu þarf einhverja bót að ráða.

En einnig frá annari hlið mun málið vera háttv. þingdeild kunnugt, því eins og allir vita, þá lá sams konar frumv. hér fyrir deildinni á síðasta þingi. — Frumv. komst þó ekki áleiðis, og meiri hluti nefndar þeirrar, sem í það var skipuð, lagði á móti því. Aðal-ástæðan móti frumv. var sú, að það þótti ótímabært, að flytja skólann til Akureyrar á meðan skólahúsið stæði á Möðruvöllum, og það var tekið fram í nefndarálitinu, að óvíst væri, hvaða gagn mætti hafa upp úr húsinu, ef skólinn væri fluttur. — Nú þarf ekki lengur að bera kvíðboga fyrir því, að húsið verði gagnslaust eða hvað við það eigi að gera. Ábyrgðar-peningarnir munu auðvitað fást á sínum tíma hjá brunabótafélaginu.

Eg skal nú reyna að gera grein fyrir, af hverju við flutningsmenn höfum komið fram með þetta frumv. — Í fyrsta lagi er það bráð-nauðsynlegt, að sem fyrst verði komið upp húsi fyrir skólann, og í öðru lagi álítum við það heppilegt og rétt, að skólinn yrði þá reistur á Akureyri, þar sem þegar áður hafa komið fram bænir í þá átt, að flytja skólann þangað. — Eg skal að vísu játa það, að eg get hugsað mér og finst sú tilfinning enda eðlileg, að þeim, sem búið hafa nálægt skólahúsinu á Möðruvöllum, væri ánægja að sjá skólann rísa upp aftur úr rústunum á sama stað eins og fuglinn Fönix, endurborinn í fegurri mynd, og að þeim því kynni að vera umhugað um, að hann yrði ekki fluttur; en eg ímynda mér jafnframt, að þeir við nánari athugun fái skilið það, að rás viðburðanna hefir hagað því svo, að það verður að flytja skólann; og hvert er þá eðlilegra, að flytja hann en einmitt til höfuðstaðar okkar Norðlinga, til Akureyrar? — Þótt sumir kynnu að vilja flytja hann lengra, til Reykjavíkur til dæmis, þá get eg ekki séð, að það væri réttara, enda býst eg við því, að Norðlingar vilji alls ekki, að skólinn sé tekinn frá þeim, heldur hitt, að hann haldi áfram að vera fyrir norðan, fyrst hann einu sinni hefir komið þangað.

Þetta eru aðal-atriðin, sem eg hefi drepið á, og skal ekki fara nánara inn

á einstök atriði, með því málið er nú til 1. umræðu. — Við 2. umræðu má þá taka til athugunar frumv. í einstökum liðum þess, t. d. íhuga betur, hvort fjárupphæðin, sem við höfum stungið upp á, að stjórninni veittist heimild fyrir til skólabyggingarinnar, ekki væri of lág eða of há.

Að öðru leyti er mál þetta svo ljóst og svo kunnugt öllum þingmönnum, að eg álít óþarft, að setja nokkra nefnd í það.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skf.: Það átti sannarlega vel við, að þingmenn Þingeyinga skyldu verða til þess, að flytja þetta frumv. inn á þingið, því úr þeim sveitum hafa lang-flestir lærisveinar sótt skólann. — Það lítur því, eftir þessu að dæma, út fyrir, að þeim hafi verið það áhugamál, að skólinn risi sem fyrst úr rústum, og er það gleðilegur vottur þess, að skólinn nýtur vinsælda í þeim héruðum, sem mest hafa notað hann. — Eg skal nú raunar ekki neita því, að eg hefði kunnað því enn þá betur, að stjórnin hefði flutt þetta frumv. inn á þingið. Mér finst það hefði verið skylda hennar, þar sem hér er að ræða um landsstofnun, er landið á að halda við, að koma þegar í stað með frumv. um það, að koma upp nýju skólahúsi í stað þess, sem brann. — Þjóðin á heimtingu á því, að stofnunin sé í því lagi, að hún geti sent þangað syni sína. En það lítur út fyrir, að stjórnin sé ekki á sömu skoðun. — Eg vona þó fastlega, að stjórnin bæti upp þessa vanrækslu með því nú, að taka vel í málið, og sérstaklega ber eg það traust til hæstv. landsh., að hann muni greiða götu þess, svo sem unt er.

Það er einnig gleðiefni fyrir mig, að háttv. flutningsmenn hafa tekið upp frumv. mitt frá síðasta þingi alveg óbreytt og með því viðurkent, að breytingar þær, sem eg hefi farið fram á, væru heppilegar; en vel má það vera, að það mætti gera fleiri breytingar á fyrirkomulagi skólans til bóta. — Það sem vakti fyrir mér, var, að koma upp nokkurn veginn fullkomnum, góðum alþýðuskóla fyrir Norður- og Austurland. Fyrir mér var það engin aðal-ástæða gegn frumvarpinu, að hús var til á Möðruvöllum, og þótt það hús hefði staðið enn þá, þá mundi eg við fyrsta tækifæri flytja frumv. um það, að færa skólann.

Eg veit, að það vakir fyrir flutningsmönnum, ekki einungis að endurreisa skólann, heldur líka, að fá hann endurbættan bæði að ytra og innra frágangi, bæði að því, er snertir húsið sjálft og fyrirkomulagið. — Í þessu frumv. er ekkert, sem bendir á þetta markmið, nema fjárupphæðin, sem ætluð er til byggingar hússins. Eg býst við því, að háttv. flutningsmenn ætlist til þess, að upphæð sú, sem í frumv. er nefnd, bætist við brunabóta-upphæðina, sem að líkindum verður frá 25—30 þús. kr. — Yrði þá öll upphæð sú, sem ætluð er til byggingarinnar, 50—55 þús. kr. Annars býst eg við því, að ágreiningur um þetta frumv. geti helzt risið út af því, hvort þessi upphæð sé of lág eða of há. — Eg fyrir mitt leyti álít hana of lága, því að ef skólinn á að verða fremri þeim er brann, þá þarf til þess miklu meira fé en sem svarar brunabótaupphæðinni.

Eg skal svo ekki tala frekar um þetta mál, en vona, að þeir menn, sem á síðasta þingi höfðu það sem aðal-ástæðu á móti því, að skólinn væri fluttur til Akureyrar, að húsið stæði þá gagnslítið á Möðruvöllum, fylgi nú málinu eindregið. — Hinir, sem áður voru

málinu sinnandi, vona eg, að verði því ekki síður meðmæltir nú.

Eg vænti þess fastlega, að málið fái eindregið fylgi, ekki einungis hér í deildinni, heldur líka í hinni háttv. efri deild, og verði afgreitt á þessu þingi sem lög frá þinginu.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.: Á síðasta þingi var eg því mótfallinn, að gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum væri fluttur að svo komnu, og greiddi atkvæði með því, að gert væri við skolahúsið svo, að viðunanlegt mætti heita, en jafnframt gat eg þess, að eg undir ýmsum breyttum skilyrðum og fyrirkomulagi á skólanum væri alls eigi mótfallinn því, að skólinn flyttist frá Möðruvöllum. — Nú er einn aðalþröskuldurinn fyrir því, að flytja skólann, úr veginum, þar sem skólahúsið er brunnið, og þegar svo stendur á, þá er auðsjáanlega sjálfsagt, að velja þann stað, sem álízt beztur og mestur framfara- og frambúðarstaður fyrir skólann. — Af þessum ástæðum mun eg nú greiða atkvæði með því, að skólinn verði fluttur til Akureyrar. — Eg álít það svo sjálfsagt, að skólinn verði kyr framvegis á Norðurlandi, en ekki fluttur hingað til Reykjavíkur, eins og nú heyrist fijúga fyrir, að slíkt geti alls ekki til nokkurra mála komið, þar sem hér eru og hafa verið flestir hinir aðrir skólar vorir, sem Norðlendingar og Austfirðingar eiga mjög örðugt með að sækja. — Það hlýtur því að álítast sem sjálfsögð skylda þingsins, að reisa aftur við þennan skóla, sem um svo mörg ár hefir staðið með miklum blóma, og sannarlega gert mjög mikið og jafnvel ómetanlegt gagn.

Eg vænti þess því fastlega, að skólinn verði reistur úr rústunum, og að hann verði gerð svo fullkomin mentastofnun, að hann fullnægi þeim kröfum, er menn hér geta gert til slíkrar stofnunar, og það sem all-margir álíta einnig framtíðar spor fyrir skólann er, að hann komist í samband við latínuskólann, þannig, að piltar frá gagnfræðaskólanum gætu fluzt yfir í hinn lærða skóla án sérstaks prófs.

Það, sem eg get hugsað mér, að verði erfiðast í þessu falli, er það, að koma sambandinu þannig fyrir, að ekki komi í bág við þau takmörk, er gagnfræðakenslan verður að vera bundin við.

Landshöfðingi: Út af því, er h. 2. þm. Skgf. (St. St.) sneiddi stjórnina fyrir, að hafa ekki lagt neitt frumvarp fyrir þingið í þessu máli, þá skal þess getið, að orsökin var sú, að það var enn ekki komið í kring milli hennar og brunabótafélagsins samkomulag um borgun iðgjaldanna. — Stjórn félagsins var með ýmsar vífilengjur viðvíkjandi borguninni og heimtaði, að stjórnin útvegaði upplýsingar héðan. Því var það, að stjórnin gat ekki lagt frumv. fyrir þingið fyr en þessar upplýsingar væri fengnar.

Eg skil öðru vísi þetta frumv. en h. 2. þm. Skgf. (St. St.), þar sem hann skoðaði þær 25,000 kr., er veittar skulu úr landssjóði, sem viðbót við brunabótafé. — Eg lít svo á, sem stjórninni sé ekki heimilt, að nota meira fé alls til skólabyggingarinnar en veitt er í lögunum, hvort sem iðgjaldið frá brunabótafélaginu verður meira eða minna; eg hygg með öðrum orðum, að stjórnin álíti sér ekki heimilt, að nota iðgjaldið nema eftir sérstakri heimild frá fjárveitingarvaldinu.

Eg býst því við, að einhverjar breytingar verði gerðar við frumv. í þessa átt áður en það nær samþykt deildarinnar.

Flutnm. (Árni Jónsson): Eg ætla ekki að fara út í einstakar greinar, með því að það er ekki vandi við 1. umr. Skoðun okkar flutningsmanna var, að

megin-upphæðin væri viðbót við það, sem fengist frá brunabótafélaginu. — Enn fremur finst mér, að enda þótt það sé rétt skýring, er hæstv. landshöfðingi gaf, þá sé þó ekki loku fyrir það skotið, að meira kynni að fást. — En þetta atriði má athuga, er málio kemur til 2. umr.

Þórhallur Bjarnarson: Það stendur að eins á einu ári, hvort frumv. verður samþykt nú, eða á þingi 1903, og fyrir mér er það álitamál, hvort ekki væri tilvinnandi, að bíða þetta eina ár. Þegar svona stendur á, eins og nú, að landið kostar mann til að undirbúa alþýðumentunarmál sín, þá væri þó ekki fjarri sanni, að fá að vita, hvort hann hefði ekki eitthvað að segja um stærstu alþýðumentunarstofnunina, sem við eigum og höfum átt. — Vera má að aftur kynni að vakna kröfur um, að koma á sambandi milli gagnfræðaskóla og latínuskóla, og margt mætti fleira nefna athugavert.

Að því er snertir fyrirkomulagið á skólanum, sem gert er ráð fyrir hér í frumv., þá virðist mér munurinn vera sára-lítill frá því er fyr hefir verið; að eins dálitlu bætt við það, svo sem dráttlist og slöjd-kenslu. Mestmegnis er það uppskrift á gömlu lögunum frá 1881, sem nú eru komin til ára sinna. — Það væri ekki undarlegt, þótt vér eftir 20 ár vildum víkja einhverju við í þessum lögum, og sérstaklega er það eðlilegt, að vér viljum hafa not af starfi og kröftum þess manns, er landssjóður kostar til þess, að undirbúa slík málefni. — Máske yrði skólanum breytt í alþýðu-háskóla, sniðnum eftir hinum grundtvígsku skólum í Danmörku, og jafnt konur sem karlar skyldu eiga þar aðkvæmt, og er eg því fylgjandi fyrir mitt leyti. — Eg verð að líta svo á, að betra sé að hafa rækilegri undirbúning undir þetta mál, og bjargast við leiguhús í þessi tvö ár. I aðal-atriðinu er eg hinum háttv. flutningsmönnum samþykkur, að skólinn eigi að rísa upp úr rústum, og þá sennilegast á Akureyri. — Ef til vill væri ástæða til þess, að setja nefnd í málið, en þó tel eg þess litla þörf.

Eg vil skjóta því til hinna háttvirtu flutningsmanna, hvort þeir séu mér ekki samdóma um það, að nauðsyn sé á rækilegum og gagngerðum breytingum á fyrirkomulagi skólans, er hann ris upp að nýju, og því sé óviðeigandi að steypa nú ný lög alveg í móti gömlu laganna.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Eg játa, að það væri heppilegra, ef vér nú hefðum við hendina til samráða þann mann, er landið hefir sent utan, til þess að kynna sér skólamál. — En hitt get eg ekki séð, að það sé allsendis nauðsynlegt til þess, að leggja sjálfan grundvöllinn. — Reglugerðina má semja síðar, en gera grundvöllinn svo breiðan, að byggja megi ofan á hann nálega hvað sem er. — Í reglugerðinni er tekið fram stefna, markmið og fyrirkomulag skólans. — Alt þetta viðkemur henni einni, og hún þarf ekki að semjast fyr en næsta ár, er menn geta notið leiðbeiningar frá þessum manni. En lögin sjálf eru nauðsynleg nú þegar. Annars dregst tíminn alt of lengi Það eru sannnefnd neyðarúrræði að leigja hús til kenslu á Akureyri, einar tvær stofur, er barnaskólinn lætur í té, og notaðar eru fyrri hluta dags til þess, að kenna börnum í. — Það er ekki skemtilegt að taka við þeim á eftirmiðdögunum fullum af ólofti eftir börnin, og vera svo við kenslu langt fram á kvöld. — Við kennarar skólans höfum gengið undir þessi ó-þægindi af frjálsum vilja, af því oss var það áhugamál, að kenslan félli ekki niður; en skyldir erum við alls ekki til

þess, að fara inn á Akureyri, og því síður til að kenna þar í lítt viðunandi húsnæði. — Það er því nauðsynlegt, að vinda bráðan bug að þessu máli, og samþykkja lögin nú þegar á þessu þingi, svo að næsta sumar verði hægt að reisa skólann, og kensla geti byrjað í honum að hausti. — Verði eitthvað við fyrirkomulagið að athuga, er ekki annað en að fá lögunum vikið við á næsta þingi.

Að því er hitt atriðið snertir, er hæstv. landshöfðingi vék að, þá skal þess getið, að enginn hefir skilið það svo, að þessa fjárupphæð bæri ekki að skoða sem viðbót við brunabótaupphæðina. — En það er sjálfsagt rétt tekið fram, að ekki er hægt að nota þá upphæð nema með sérstakri heimild frá þinginu. — Brunabótafé'ð finst mér þó hljóta að vera eign stofnunar innar, sem eftir lögunum heldur áfram að vera til, og það megi nota til þess, að endurreisa skólann, án sérstakrar heimildar. — Má vera, að eg líti skakt á þetta, og að réttara sé, eins og hæstv. landshöfðingi tók fram, að geta þessa í lögunum.

Eg vona að háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) fallist á það, að byggja megi skóla og setja lög um hann, þó að eftir á þurfi að gera einhverjar breytingar til fullkomnunar.

Þórhallur Bjarnarson: Því miður get eg ekki játað mig samdóma því, er háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) sagði í niðurlagi ræðu sinnar. — Eg sem skólamaður get vel sett mig inn í það, að óþægilegt sé að þurfa að basla við kenslu í lélegum húsakynnum; en það gerir ekki svo sérlega mikinn mun, hvort á því stendur 2 vetur fyrir 1. — En hitt get eg ekki fallist á í ræðu hans, er hann hélt því fram, að fyrst mætti byggja skólann upp og koma svo með gagngerðar breytingar á eftir. — Það þarf einmitt fyrst af öllu að athuga fyrirkomulagið, til dæmis, hvort skólinn skuli ætlaður bæði konum og körlum, hvort menn vilja leggja meiri áherzlu á lífið eða lærdóminn. — Fyrst verður maður að vita, hvað maður vill með stofnuninni, og síðan sníða ytri búninginn eftir því. — Húsið verður bygt eftir ákveðinni stærð og fyrir ákveðna upphæð. Eftir á getur því orðið torvelt, að sníða skólann um eftir nýju verksviði. Fyrst er tekið mál af manninum, og svo er fatið sniðið. — Eg get þess vegna ekki gengið frá því, er eg sagði áðan. — Undirbúningurinn verður með þessu lagi alt of lítill, og það yrði að eins að höggva í sama farið og 1881. — Laga ákvæðin nýju um kenslugreinarnar mundu verða bindandi. — Reglugerðin getur þó aldrei orðið annað en nánari útfærsla á lögunum.

Háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) veit það vel, að eg mæli þetta ekki af illum hug til skólans. — Mér er þvert á móti mjög ant um hann, og tel hann hafa verið til mikils gagns. — Einmitt þess vegna vil eg hlynna að því, að hann geti orðið oss enn þarflegri og betri í sinni nýju mynd.

Pétur Jónsson: Það var ekki ætlun vor flutningsmanna, að reka málið áfram með kappi og í blindni. — Það er auðvitað jafnan betra að bíða en að stofna sér í ógöngur, eins og h. þm. Borgf. (Þ. B.) tók fram. Aftur á móti get eg ekki séð, að það sé nein frágangssök, að hagnýta sér upplýsingar þær og reglur, er sendimaður vor til útlanda innan skamms mun geta gefið, eftir að lögin eru samþykt. — Eg hygg sem sé örðugt að koma skólanum upp þegar næsta sumar, og tel það mikið efamál, að hann geti byrjað næsta haust fyrir því, þótt húsið kæm-

ist upp að sumrinu. — Ef farið yrði að byggja í vor, þá yrði auðvitað að haga byggingunni eftir plani skólans, en þá verður þegar hægt, að færa sér í nyt leiðbeiningar ráðunauts vors, með því að svo er ætlast til, að hann komi upp til landsins fyrir næsta þing. — Þá um vorið verður hann í Kaupmannahöfn, einmitt þar sem teikning mundi gerð til þessa skóla; og mætti fela honum, að sjá um hana og leggja til það bezta er hann gæti. — Þangað til hann kemur heim, þá geta menn haft bréfaviðskifti við hann. — Eg get því ekki séð neitt því til fyrirstöðu, að haga megi byggingu skólans eftir því plani, er ráðunautur vor tilvonandi réði til. — Býst eg ekki við meiri speki á næsta þingi en fengist getur á þennan hátt í tækan tíma.

Upphæð þá, er tekin er til í frumv., var það ætlan vor að skoða skyldi sem viðbót við vátryggingarféð. — Við gerðum ráð fyrir því, að skólabyggingin sjálf mundi kosta á að gizka um 25—30 þúsund krónur. — En alt í alt hugsuðum við okkur, að ekki mundi veita af nærfelt 50 þúsund krónum. Í skólanum þyrfti sem sé ekki einungis að vera húsnæði fyrir skólastjóra, heldur einnig heimavistir fyrir skólasveina, og þeir þyrftu að fá þar matreiðslu og borðhald. — Á því leikur enginn vafi, að það mun mega telja lífsskilyrði fyrir skólann, að sama fyrirkomulag í þessu efni verði haft sem fyr. — Þessu fyrirkomulagi má að miklu leyti þakka þá aðsókn, er að Möðruvallaskóla hefir verið. — Piltar hafa getað lagt á borð með sér og gert sér fæðið svo ódýrt, að það hefir kostað að eins 50 aura á dag með þjónustu og öllu saman. — Piltar frá 16—18 ára hafa því getað unnið að sumrinu algerlega fyrir námskostnaðinum, að fatnaði undanteknum. — Þetta er einkar-þýðingarmikið atriði, því kosturinn á, að geta bjargað sér sjálfur, veitir ungum mönnum hvatir til þess, að ganga á skólann. — Auk þess geta þeir lært ýmislegt gott af þessu fyrirkomulagi.

Eg tel það sjálfsagt, að gera breytingu á frumv., eftir þeim athugasemdum, er hæstv. landshöfðingi gerði. — Brunabótafélð rennur í landssjóð, og því er ekki annað fyrir en að hækka fjárupphæðina í frumv.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) hefir þegar tekið af mér ómakið. — Eg ætlaði sem sé að eins að benda háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) á, að við getum fengið upplýsingar hins væntanlega ráðunauts okkar áður en skólinn yrði bygður, þótt byrjað yrði á því næsta vor. — Að því er fjárupphæðina snertir, þá er það ekkert, er bindur hendur landsstjórnarinnar í því efni. — Það er ekki annað en gera upphæðina svo ríflega, sem unt er, svo að bygging skólans verði svo úr garði gerð, sem æskilegt þykir. — Kenslugreinunum má breyta á eftir. Það gerir ekkert til, þótt frv. geri ráð fyrir 1, 2 eða 3 kenslugreinum fleiri eða færri; slíku er auðbreytt eftir á. Og sömuleiðis er innan handar að fjölga kennurum. Skólann sjálfan má líka laga og bæta seinna.

Það eru að eins nokkur atriði, sem þegar þyrfti að taka fram stjórninni til leiðbeiningar. — Þess þyrfti að geta, hve marga nemendur skólinn ætti að rúma, hvort hann ætti að vera sameiginlegur fyrir karla og konur, hvort nemendur ættu að hafa heimavist í skólanum, og loks, í hve margar deildir eða bekki honum ætti að skifta. — Þegar fastar ákvarðanir eru teknar um þetta, þá getur stjórnin látið reisa skólahúsið, hvernig sem fyrirkomulag skólans síðar yrði að öðru leyti.

Þórhallur Bjarnarson: Eg vil að eins með leyfi hins háttv. forseta koma með örstutt dæmi til sönnunar minu máli. — Ef nú ráðunautur vor í alþýðumentunarmálum skyldi finna upp á því, að skólinn væri betur settur í sveit, hvar stöndum vér þá, eftir að hafa fest skólann í kaupstað? (*Stefán Stefánsson*, 2. þm. Skgf.: Eg hefi bréf í höndum frá honum, er sýnir, að því mundi hann aldrei finna upp á).

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Eg þakka háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) fyrir bendingar hans í þessu máli. — En að því er dæmi hans snertir, þá efast eg um, að ráðunautur sá er hann nefndi muni leggja það til, að skólinn sé settur í sveit. Og þótt auðsætt sé, að hafa hann í ráðum, þá verður þó einnig á fleira að líta. — Eg hefi víða farið um land, séð auðnir og frjósamar lendur, og mér er kunnugt um, að sú stefna er ríkjandi vor á meðal, að reyna þjappa sem mest saman, þar sem bezt er og frjóast, og efla þannig bygðir. — Það er alþjóð kunnugt, að »Pollurinn« á Akureyri má teljast Clondyke Norðurlands. — Þess vegna er einnig svo eðlilegt, að skólinn verði fluttur þangað nú, þegar þarf að reisa hann að nýju.

Að öðru leyti munum vér flutningsmenn fúslega taka allar þær bendingar til greina, sem fram hafa komið.

Að því er kostnaðinum viðvíkur, þá mun það atriði verða athugað við aðra umræðu.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 samhlj. atkv.

Önnur umr. 7. ágúst (þgskj. 35, 71).

Flutningsm. (Árni Jónsson): Við 1. umr. lét eg það í ljósi, að við fim. mundum taka til íhugunar þær athugasemdir, sem fram hefðu komið, og koma fram með þær breyt.till., sem við álitum vera þörf á. Þetta höfum við gert, en eg býst þó við, að í sumra augum þyki þær ekki vera til bóta, með því að þær ganga í þá átt, að minsta kosti að nokkru leyti, sem sumum hverjum af háttv. þingdm. ekki mun þykja sem aðgengilegast; en þar eru fram komnar af því, að við álitum þær nauðsynlegar eins og frumv. liggur nú fyrir.

Viðvíkjandi fjárhæðinni til byggingar skólahússins, skal eg geta þess, að við álitum réttara, eins og hæstv. landsh. benti á, að taka til alla fjárhæðina, vegna þess, að brunabótafélð rennur að sjálfsögðu í landssjóð, sem hans réttmæta eign. Annars get eg búist við, að sumum háttv. þingdm. kunni að þykja fjárhæðin fullhá. Við höfum reynt að gera okkur grein fyrir, hvort hún mætti vera lægri, en höfum komist að þeirri niðurstöðu, að hafa eigi hámarkið lægra en þetta, því það er meining okkar, að um leið og skólinn verði reistur á ný, þá þurfi að gera hann fullkomnari en áður. Það hefir sýnt sig, að hann hefir ekki getað fullnægt þeirri þörf, sem á honum hvílir. Það hefir árlega orðið að vísa burtu umsækjendum vegna húsnæðisleysis. Af um 60 umsækjendum hefir skólinn ekki getað tekið á móti fleirum en 40 og hefir þá verið fullskipað. Þegar litir er til þessa, og að skólann á nú að flytja til Akureyrar, sem árlega vex, og þess vegna má búast við, að verði ekki lítil aðsókn frá, þá má ganga út frá því sem gefnu, að húsið þurfi að vera að mun stærra en áður. Auk þess verður það fýsilegra að ganga á skólann, þegar búið er að reisa hann með nýjum þægindum og nýju fyrirkomulagi, heldur en á meðan hann var á Möðruvöllum, þar sem húsið var svo gallað og gengið til elli, að árlega

þurfti stórrar viðgerðar, eftir því sem upplýst var á síðasta þingi. Og var þó næsta óvistlegt samt. Skólinn verður því að byggjast stærri, gervilegri og að öllu leyti betur úr garði gerður. Ennfremur má búast við aukinni mentalöngun í framtíðinni, og þar af leiðandi aukinni aðsókn. Á þetta verður einnig að líta eftir okkar áliti, og ekki að eins hugsa um nútíðina, heldur líka um framtíðina. Með tilliti til þessa höfum við gert ráð fyrir, að skólinn ætti að geta tekið á móti alt að 80 lærisveinum, eða jafnvel 100; það mundi ekki veita af því þegar fram í sækti, því með aukinni mentun kvenna og þegar þær hafa aðgang að skólanum, þá má búast við að fleiri gangi á hann en verið hefir. Með tilliti til alls þessa höfum við gert ráð fyrir svo mikilli fjárhæð, og þykist eg hafa reynt að sýna fram á, að það hafi ekki verið gert af handahófi.

Þá skal eg víkja að þeirri aths., sem kom frá hinum h. þm. við síðustu umr., að láta málið bíða til næsta þings. Við höfum einnig tekið þetta til athugunar, en gátum ekki séð neina knýjandi þörf til þess. Við litum svo á, að þetta væri hrein og bein lagaskylda, að koma upp skólahúsinu sem fyrst, eins og einnig var tekið fram hér í deildinni við síðustu umr., og að það gæti alls ekki verið því til fyrirstöðu, þótt húsið væri bygt, að skólinn gæti fallið inn í það kerfi, sem sett yrði fyrir mentamál vor á sínum tíma, eða á nokkurn hátt verið til hindrunar fyrir það fyrirkomulag, sem álitið kynni að verða heppilegast fyrir skólann.

Þá er önnur breyt.till. okkar flutnm., um, að hækka laun 1. og 2. kennara við skólann. Eg skal játa það, að mér er ekki ljúft að hækka gjöld á landssjóði nema nauðsyn krefjist, en hins vegar vil eg líka styðja þau fyrirtæki, sem þörf er á, og þá auðvitað verja til þeirra því fé, sem nauðsyn krefur. Það má búast við því, að kennararnir, sem yrðu að flytja með skólanum úr sveit og til kaupstaðar, þar sem ekki er hægt að hafa sama gagn af landgæðunum og í sveitinni, og yrðu að fara frá búum sínum og húsum, og láta þau með hver veit hvaða kjörum, verði annaðhvort að reisa sér hús eða þá að leigja húsnæði af öðrum. Hvorttveggja hefði í för með sér aukinn kostnað fyrir þá, og það væri ósanngjarnt, að bæta þeim hann ekki upp að neinu leyti, enda efamál, að hægt væri að skylda þá til að flytja með skólanum. Það er ekki nema sanngirni gagnvart kennurunum, að bæta þeim þennan aukna kostnað, og þess vegna höfum við komið með þessa breyt.till. um, að hækka laun þeirra. Fjárhæðin mun láta nærri að vera svipuð því, sem svarar húsaleigunni.

Eg hefi svo lauslega drepið á allar breyt.till. og málið yfir höfuð, og skal ekki mæla frekara með því að sinni, fyr en eg heyri frekari undirtektir h. þingdm.

Landshöfðingi: Eins og háttv. flm. (Á. J.) tók fram, eru fram komnar 2 breyt.till. við frumv. um endurreisn gagnfræðaskóla á Akureyri. Að því er snertir hina síðari, við 3. gr., er hljóðar um launahækkun kennara við skólann, þá hefi eg ekkert annað en gott um hana að segja, ekki sízt þar sem hún kemur fram frá þjóðkjörnum þm. Það er ekki nema sanngjart, að þessir kennarar, er þjónað hafa kennarastörfum í mörg ár, fái kjör sín bætt. Eins og líka háttv. flutningsm. tók fram, gefur það að skilja, að það hlýtur að hafa talsverðan kostnaðarauka í för með sér fyrir kennara, er þeir

verða að flytja búferlum til Akureyrar, auk þess sem það er miklu dýrara að lifa þar en í sveit. — Viðvíkjandi hinni breyt.till., þá er eg því engan veginn mótfallinn, að stjórninni sé veitt heimild til að verja alt að því 50,000 kr. til skólabyggingarinnar, í stað 25 þúsunda. Hún mundi ekki brúka meira en þörf krefði. En það er grunur minn að í breyt.till. þessari liggi nokkuð annað, nefnilega bending um, að það muni vera tilætlunin, að heimavistir eigi að vera í skólanum. Þegar rætt var hér á þinginu í fyrra frumv. um, að flytja Möðruvallaskólann til Akureyrar, þá var svo alment til ætlast, að engar heimavistir væri, heldur að piltar útveguðu sér húsnæði og fæði úti í bæ. Eg get ekki betur séð en að óheppilegt og óaðgengilegt mundi, er skólinn verður fluttur til Akureyrar, að halda þá heimavistafyrirkomulaginu. Og það af tvennum ástæðum, bæði heilbrigðisástæðum og fjárhagsástæðum Fyrsta skylda landsstjórnarinnar, þegar hún vill byggja skóla fyrir unga menn, er að sjá svo um, að heilsu nemenda sé að fullu borgið, að því er til húsrúms ins og fyrirkomulags námsins kemur. Eg er þeirrar skoðunar, að heimavist í stórum skólum, þar sem mörgum er hrúgað saman, sé mjög hættuleg til útbreiðslu á sóttnæmum sjúkdómum. Það var tekið fram hér í deildinni um daginn, er talað var um stofnun lífsábyrgðarfélags, að lítið væri um drepsóttir hér á landi, og slíkt félag mundi því hljóta að borga sig vel. Eg get ekki samsint því, að heilbrigeisástandið hér sé svo ágætt. Vér Íslendingar höfum lengi verið kunnir fyrir tvo slæma sjúkdóma, holdsveiki og sullaveiki. Nú á seinni árum hefir nýr sjúkdómur bæzt við, berklaveikin, sem er fullkomlega eins skæð eins og sullaveikin, og miklu næmari en holdsveikin. Eg gæti hugsað mér, að ef heimavistir verða hafðar í hinum nýja skóla á Akureyri, þá gæti hann orðið ágætasta gróðurstöð fyrir berklaveiki. Hvort nefnd sú, er sumir hafa gert ráð fyrir að sett yrði í berklaveikismálið, gæti gert nægilega tryggar ráðstafanir til þess að girða fyrir berklasýki í Akureyrarskóla, tel eg mikið efamál. Þeir, sem þekkja til, hvernig heilsufarið hefir verið í latínuskólanum, geta að minsta kosti ekki að sér gert að efast um það. Margir piltar veiktust þar af berklasýki, og loks sáu læknarnir ekki annað ráð vænna en að leggja það til, að afnumdar yrðu heimavistir, og fjárveitingarvaldið félst á það. Hér í latínuskólanum voru þó aldrei fleiri piltar í heimavist en 50; á Akureyri er gert ráð fyrir 80 – 100. Af þessum ástæðum tel eg það mjög viðsjárvert, að halda heimavistarfyrirkomulaginu, þegar skólinn verður reistur á Akureyri, þótt það hafi verið haft á Möðruvöllum. Eg vil að minsta kosti biðja menn að athuga þetta atriði mjög vel, áður en nokkuð verði ákveðið.

Lítum þar næst á hina fjárhagslegu hlið málsins; lítum á, hvað það mundi kosta, að byggja skóla, þar sem vera ættu heimavistir fyrir svo marga. Eg er hræddur um, að 50,000 kr. mundu ekki hrökkva til þess; það mundi kosta langtum meira. Fyrst og fremst eiga piltar að sofa þar, og auk þess að lesa þar til undirbúnings seinni hluta dags. Að því er svefnrúmin snertir, þá eru það »hygienisk« lög, að ekki má ætla hverjum einstökum minna en 300 kubikfet. Þegar nú svo er til ætlast, að heimavistir séu fyrir 80 manns, þá veitti ekki af 4 sölum, er hver rúmaði 20 manns og væri 6000 kubikfet að rúmmáli, 5 álnir á hæð undir loft, 15 álnir á lengd og 10 á breidd; með öðrum orðum, það þyrfti til svefnlofta

heila etage í húsi, sem væri 15 álnir á breidd og 40 á lengd, hvorttveggja að innanmáli. Að sjálfsögðu þyrfti fyrir kenslustofur eins mörg herbergi, þ. e. 4 með 20 manns í hverju. En vera má að þau þyrfti ekki að vera eins stór, með því að til kenslu krefur heilbrigðisfræðin ekki eins mikils loftrýmis og í svefnsölum. En hver einstaklingur þarf þó að hafa að minsta kosti 150 kubikfeta rúm. Ennfremur tjáir það ekki, að láta pilta lesa til undirbúnings í sömu herbergjunum og kenslan fer fram í. Þetta hefir nú verið framkvæmt í latínuskólanum með samþykki alþingis. Þetta fyrirkomulag hefir þann kost í för með sér, að þegar piltar koma í tíma á morgnana, þá er loftið gott og alt hreint og þokkalegt, því stofan hefir staðið opin allan seinni hluta dags kvöldinu áður, og alt verið þvegið. Og á eftirmiðdögunum, er þeir koma í lestrarherbergin, hefir þar verið viðrað út fyrri hluta dagsins. En lesi piltarnir í sömu stofunum og kenslan fer fram í, þá er ómögulegt að koma því við, að þeir fái eins gott loft. Auk kenslustofanna þyrfti því 4 aðrar stofur til undirbúningslesturs. Eg held naumast að allar þessar stofur kæmist fyrir í einni etage á húsi, sem væri 40 álnir á lengd og 15 á breidd. Hér við bætist húsnæði handa forstöðumanni, herbergi fyrir söfn, kennarastofa o. fl. Þetta þyrfti því að vera gífurlega stór bygging, er öllu fremur mundi kosta 100,000 kr. en 50,000. Svo framarlega, sem háttv. flutnm. vilja halda fast við heimavistirnar, vil eg ráða þeim til að koma með breyt.-till., er í stað 50,000 kr. fari fram á 100,000. Ef heimavistunum væri slept, hygg eg að reisa mætti fyrir 50,000 kr. gagnfræðaskóla, er fullnægði þörfum vorum. Og helzt vildi eg ráða til að sleppa öllum heimavistahugmyndum. Höfum fyrir augum ástandið í latínuskólanum fyrir nokkrum árum. Til þess eru vítin að varast þau.

Hermann Jónasson: Mín skoðun er, að þetta frumv. sé alt of snemma fram borið. Þetta aukaþing getur ekki fjallað svo um það, að ekki verði það til skaða fyrir framtíðina. Stjórnin mundi eflaust hafa lagt fyrir þingið frumv. um þennan nýja skóla, ef hún hefði séð nokkur tök á því. Þegar eg lít á 1. gr. frumv., sé eg þar ákveðið, að reisa skuli gagnfræðaskóla á Akureyri. En um þetta atriði, hvar skólinn skuli vera, eru mjög skiftar skoðanir. Margir vilja að hann rísi aftur úr rústum á Möðruvöllum, aðrir að hann verði fluttur til Akureyrar, og enn aðrir vilja flytja hann til Reykjavíkur og setja hann í samband við latínuskólann. Þetta atriði hefir mér vitanlega aldrei verið borið undir þjóðina, og það er þó mál, sem snertir hana alla. Að slíku máli er óheppilegt að fara í flaustri. Að það að minsta kosti er ekki grandskoðað enn, hefir ljóslega komið fram í ósamræminu á skoðunum manna hér í deildinni. Viðvíkjandi kostnaðinum fer breyt.till. fram á 50,000 kr., en hæstv. landsh. segir, að varla muni veita af 100,000 kr. Eg er honum samdóma í því, að skólinn muni verða dýrari en frumv. ráðgerir. Það er nokkuð annað að byggja lambhúskofa í sveit en að reisa svona skóla, er vera skal til hamingju og farsældar fyrir alda og óborna. Í 1. gr. frumv. er gengið út frá 25,000 kr., en sú upphæð hefir verið miðuð við þær 30 þús. kr., er menn bjuggust við úr brunabótasjóðnum. Í breyt.till. eru þessar upphæðir dregnar saman. Annaðhvort hafa tillögumenn nú talið þörf á minna fé, eða þeir hafa álitið hæpið, að brunabótafélagið borg-

aði út alt vátryggingarfé. Enda er full ástæða til að efa slíkt, og það því fremur, sem kunnugt er, að brunabótafélagið er óánægt með virðinguna á skólanum, og hefir til þessa dags verið í útvegum um upplýsingar. Álíti stjórn félagsins virðinguna skakka og vilji því ógjarnan útborga upphæðina, þá mundi afleiðingin af, að stofnunarlög fyrir endurreisn skólans á Akureyri væri samþ., áður en maður veit um undirtektir félagsins, verða sú, að félagsstjórnin notaði sér það, og krefðist þess, að skólinn yrði reistur á sama stað. (*Landshöfðingi*: Það getur hún ekki). Mér er að sönnu ókunnugt um lög þessa ábyrgðarfélags, en hitt er mér kunnugt, að sum brunabótafélög áskilja sér rétt til að byggja upp aftur fyrir það fé, sem virðingin hljóðar upp á.

Í 2. gr. frumv. er talað um, hvaða fræðigreinar skuli kendar. Einnig þetta er of snemma upp borið. Nú er sterk alda risin í þá átt, að breyta öllu kenslufyrirkomulagi við skólana. Í Danmörku hófst hún þegar við stjórnarskiftin. Og hjá oss taldi síðasta þing nauðsynlegt að taka alt aðra stefnu í mentamálum, en tíðkast hefir, og því var maður sendur til útlanda, til þess að kynna sér mentamálin. Þá var það álitið nauðsynlegt, að koma á gagngerðum breytingum. Nú álít eg því ófært að þessi atburður, bruni Möðruvallaskólans, verði ekki nýttur til að hrinda þessum málum áfram; hann ætti að vekja sterkar hvatir til að koma á betra skólasambandi. Mér dylst ekki, að afarnauðsynlegt væri, að koma realkenslunni í samband við latínuskólanámið, að auka hana og bæta þannig, að hún gæti komið til sem víðtækrasta nota, og orðið til þess að draga úr þessum ískyggilega straumi að latínuskólanum, þessari löngun ungra námfúsra manna til þess að ganga lærða veginn, og hugsa meir um að verða embættismenn en að afla sér nýtrar og hagkvæmlegrar mentunar til annara lífsstarfa. Ef það yrði uppi á teningnum, að setja gagnfræðaskóla á Akureyri eða í Reykjavík í samband við latínuskóla, þá yrði hann auðvitað að vera í 4 bekkjum. Þetta atriði hlyti að hafa afarmikil ábrif á byggingarfyrirkomulag skólans og kostnað. Þetta er alt óundirbúið, og því er bíðin bezt. Eg get ekki séð, að þetta atriði, viðvíkjandi áframhaldi kenslunnar í leiguhúsi, er menn hafa lagt svo mikla áherzlu á fyrir óþæginda sakir, skifti svo miklu. Sé hægt að bjargast við það í 1 vetur, því þá ekki líka í 2? Auðvitað er það óþægindum bundið, það játa eg. Þessi óþægindi vega þó ekkert á móti því þýðingarmikla atriði, að skólinn sé bygður eftir réttum reglum, og með því fyrirkomulagi, er vænlegast sé til góðra nota. Eftir 20 ár mundu menn bezt sjá, hversu miklu hagkvæmara hefði verið að bíða 1—2 ár. Eftir 20 ár gætir þess eigi, þótt kenslan eitt til tveggja ára tímabil hafi verið óþægindum bundin eða skólinn jafnvel hvílt sig. Því sé ekki hægt að notast við leiguhúsnæði á Akureyri þennan tíma, þá gerir það ekki svo mikið til, þótt skólinn legðist niður á meðan. Margir þeirra, er á skólann vildu ganga, gætu beðið sér að skaðlausu, aðrir gengið á Flensborgarskólann, búnaðarskólana, eða leitað sér mentunar á annan hátt. Að 20 árum liðnum mun það bezt sjást, hvort þetta þing hefir farið skynsamlega eða óskynsamlega að ráði sínu. — Í 3. gr. er talað um 3 kennara við skólann. Yrði hann settur í bandband við latínuskóla og skift í 4 bekki, þá þyrfti að fjölga kennurum.

Á breyt.till. á þgskj. 62 a-lið hefi eg

áður lítilfjörlega minst. En eg vil taka hana enn betur til íhugunar. Þar er farið fram á að landssjóður leggi til 50,000 kr. Nú gera menn ráð fyrir 80 nemendum, það er þó að eins lausleg ágizkun; því tala nemenda fer mikið eftir því, hvort skólinn verður settur í samband við latínuskóla, eða hvort þar verður veitt kensla jafnt konum sem körlum o. s. frv. Hæstv. landsh. hélt því fram, að óheppilegt og jafnvel skaðlegt væri að hafa heimavistir. Í því get eg ekki verið honum samdóma. Heimavist hefir að mínu áliti marga kosti. Það væri hægt að koma í veg fyrir, að hún yrði til að útbreiða sóttnæmi, eins og hæstv. landsh. var svo hræddur um. Hún þarf ekki endilega að vera í sama húsi. Meiri tryggingu fyrir hreinlæti og betra eftirlit með heilbrigðisástandinu er hægt að fá, þegar nemendur eiga allir heima í sömu byggingunni, heldur en þegar þeir búa hingað og þangað úti í bæ. Öðrum lið breyt.till. get eg alls ekki verið samþ. Það undrar mig, að bóndi og prestur úr sveit skuli gerast uppástungumaður að því, að hækka laun 1. og 2. kennara. Eg veit ekki til, að nokkur skortur hafi verið á hæfum mönnum, er taka vildu að sér kenslustarfa við skólann; þess hafa fleiri óskað en fengu. Háttv. flutnm. tók það fram, að dýrara væri að lifa á Akureyri en í sveit. Þetta skil eg ekki. Eg man svo langt, að h. 2. þm. Skagf. (St. St.), sem þessu ætti að vera kunnugastur, hélt því fast fram, er ræða var um að flytja skólann til Akureyrar á síðasta þingi, að nemendum væri ekki kostnaðarsamara að lifa á Akureyri en Möðruvöllum. Og það hefi eg heyrt fleiri kunnuga menn segja, enda mun það rétt skoðað. En þá hlýtur það sama að gilda um kennarana. Vér þurfum því alls ekki af þeirri ástæðu að hugsa um að hækka laun þeirra. Það á ekki við. Fyrst ekki er dýrara fyrir þá að lifa á Akureyri en á Möðruvöllum, því skyldi landið þá þurfa að borga þeim meira, nema ef vera skyldi til að standa straum af heimboðum og því um líku? Þessi launahækkun væri einnig röng gagnvart kennurum latínuskólans. Lægstu laun fastakennara þar eru 2000 kr., og þó stendur sá skóli hálfum öðrum mánuði lengur. Þetta hefir mikið að segja. Og auk þess er jafndýrast að lifa í Reykjavík, en jafnódýrast á Akureyri. Ennfremur er rétt að gera mun á kenslu við æðri skóla og alþýðuskóla.

Það er líka enn eitt atriði, sem eg vildi benda á. Ef það verður ofan á, að skólinn verði settur í samband við latínuskólann, þá verður að lengja skólatímann fyrir þá bekki, sem ættu að standa í sambandi við hann, og verður þá auðvitað á ný farið fram á launahækkun. Það er heldur engin hætta á því, að kennarar við aðra skóla láti þessa launahækkun fara fram hjá sér án þess að taka eftir eftir henni, og vér megum telja víst, að þeir munu nota sér hana eftir föngum. Það er líka dálítið einkennilegt, að vera að fara fram á þessa launahækkun nú, því mér vitanlega hafa kennararnir sjálfir ekki farið fram á hana. Það lítur út eins og verið sé að gera að gamni sínu, að sólunda fé landssjóðs á allan hátt.

Ef farið verður nú að hækka hvort þetta embætti um 400 kr., og skólinn svo settur í samband við latínuskólann eftir fá ár, mundi slíkt hafa í för með sér, að þá yrði aftur eftir réttum hlutfallstölum bætt 400 kr. + 480 kr. við launin. En þá yrðu þessi embætti svo feit, að ungir og atvinnulausir kandidatar frá háskólanum mundu berjast um þau. Og það er kannske tilgangurinn, eins

og fyrir Agli Skallagrímssyni, sem vildi sá silfrinu á alþingi, svo þingheimur berðist. En eg vil ekki gera mig sekan í þannig lagaðri meðferð á landsfé.

Það hefir komið til tals að setja 5 manna nefnd í málið og með því mun eg greiða atkvæði.

Klemens Jónsson: Eg get ekki neitað því, að mér kemur hálf-undarlega fyrir sú mótspyrna, er frv. þetta sætir hér í þessari h. deild. Mig furðaði þegar í þingbyrjun á því að sjá ekkert frumv. í þessa átt af hendi stjórnarinnar, því það var hreint og beint skylda hennar, þar sem um landsstofnun er að ræða. Hæstv. landsh. hefir nú upplýst, af hvaða ástæðum það hafi verið, og má vera, að það þyki nægileg afsökun; en í mínum augum eru það engan veginn nægilegar á stæður, að brunabótafélagið hafi haft vífilengjur með að útborga vátryggingarupphæðina, og því hafi þetta mál átt að bíða. Slíkt er svo vanalegt hjá þess háttar félögum, að enginn hefði þurft að kippa sér upp við það. Meðan verið er að taka á móti iðgjöldunum er alt gott og blessað, en undir eins og þarf að borga út vátryggingarupphæðina vegna eldsvoða, þá byrja vífilengjurnar. Þetta get eg borið um, því eg hefi sjálfur reynt það. En það hefði einnig mátt vera stjórninni fullljóst, að einhvern tíma fyr eða síðar hefði félagið orðið að borga út upphæðina, með dómi, ef ekki hefði betur viljað til; og hvort vátryggingarupphæðin hefði verið útborguð nokkrum mánuðum fyr eða síðar, átti alls ekki að hafa nein áhrif á gerðir sjórnarinnar í þessu efni. Eg hafði því búist við, að stjórnin hefði lagt fyrir þetta þing frv. um að byggja upp skólann þegar í stað, annaðhvort á sama stað, eða þá á Akureyri, eftir því sem undirtektirnar undir það atriði yrðu.

En kynlegast af öllu er það þó, þegar þingmenn úr Norðlingafjórðungi standa upp og halda langar ræður til að eyðileggja skólann, ekki einungis á Akureyri, heldur líka á Norðurlandi yfir höfuð, því þannig og ekki öðru vísi verð eg að skilja ræðu h. 1.þingm. Húnv. (H. J.)

Eg skal svo leyfa mér að svara þeim athugasemdum, sem fram hafa komið, bæði vegna þess að mér sjálfum er þetta áhugamál, og eins öllu Norðurlandi, en þó sérstaklega mínu kjördæmi.

Það hefir verið fært fram sem ástæða, að þetta mál væri of snemma upp borið, bæði vegna þess, að það væri óundirbúið, og af því, að það bæri að bíða eftir áliti þess manns, sem þingið hefði veitt styrk til þess að kynna sér skóla- og mentamál, kandídats Guðmundar Finnbogasonar.

Eg skal játa, að það hefði verið æskilegra, ef málið hefði getað verið enn betur undirbúið. Þess hefði mátt vænta, ef stjórnin hefði tekið málið að sér, því hún hefir bezt tæki á að undirbúa það; enda skiftir það einnig að öðru leyti miklu, að svo hefði verið, því eg er sannfærður um það, að hefði frv. þetta komið frá stjórninni, þá hefðu undirtektir h. 1. þm. Húnv. (H. J.) og ef til vill fleiri þingm., orðið á annan hátt en nú hefir raun á gefið. Eins og eg tók fram, kann það vel að vera, að málið sé ekki jafnvel undirbúið eins og ef stjórnin hefði tekið það að sér; en ástæðan til þess, að það kemur fram á þessu þingi, og að það verður og hlýtur að fá úrslit beint á aukaþinginu nú í sumar, er sú, að það er brýn nauðsyn á, að skólahús verði bygt sem fyrst, og það á þessu ári. Það hefir verið sagt, að eins vel mætti notast við húsnæði það, er skólinn hefði á næsta vetri, í tvo eða fleiri

vetur eins og einn; en það er mikill, stórmikill munur á því, hvort maður verður að hlíta óviðunandi húsakynnum í einn vetur eða fleiri. Húsið verður að komast upp, og það sem fyrst; alt annað getur beðið. Eg skyldi fúslega hafa verið með til að láta alt annað liggja á milli hluta og bíða seinni tíma, bæði hve margar og hverjar fræðigreinar skyldi kenna og eins alt fyrirkomulag skólans yfir höfuð, þangað til skólamál vor væru betur rannsökuð; en hitt er alveg ótækt, að láta skólann standa uppi húsnæðislausan.

Eins og þegar hefir verið upplýst, þá hefir gagnfræðaskólinn fengið húsrúm næsta vetur í barnaskóla Akureyrarkaupstaðar. Í sjálfu sér er hús þetta að vísu vel viðunandi, en þess ber að gæta, að áður en gagnfræðakenslan getur byrjað, þá er búið að nota húsið stöðugt í 5 tíma til kenslu. Beri menn þetta saman við það, sem hæstv. landsh. tók fram áðan í ræðu sinni, að ótækt sé að láta pilta sitja í tímum í sömu stofum og lesið er undir tíma í, þá er ekki síður ófært að láta kensluna fara fram í stofum, sem kent er í allan daginn. Það ímynda eg mér, að gæti orðið sönn gróðrarstöð fyrir ýmsa næma sjúkdóma, ef lengi ætti að halda því áfram Þar að auki er það mjög óþægilegt bæði fyrir pilta og kennara, að kenslan getur ekki byrjað fyr en á eftirmiðdögunum og verður að vera langt fram á kvöld.

Hæstv. landsh. sagðist ekki hafa mikið að athuga við það, að áætlaðar væru 50 þús. kr. til húsbyggingar. Eg skil það vel, að hæstv. landsh. sé það ljúfara, að upphæðin sé heldur ríflegri en minni, því það er enginn, sem neyðir stjórnina með því til þess að nota alla peningana, heldur getur hún notað svo mikið af þeim, sem hún vill, alt að 50 þús.; en svo bætti hæstv. landsh. því við, að sig furðari á, hve há upphæðin væri, og að hann grunaði, að hér lægi eithvað bak við, og að ekki væri hægt að skilja þetta á annan veg en að fjárveitingin væri miðuð við það, að ætlaðar væru heimavistir í skólanum fyrir lærisveinana, en að til þess veitti ekki af alt að 100 þúsundum. Frá hans sjónarmiði fæ eg ekki séð, að þetta sé rétt ályktað. Það er satt að flutnm. munu hafa ætlast til, að heimavistir væru í skólanum; en þeir ætlast einnig til, að skólahúsinu með heimavistunum megi koma upp fyrir þessar 50 þúsundir. Það er einnig rétt, að það er ætlast til, að skólinn geti tekið á móti 80—100 manns, ef þörf er á, og það er engin ástæða til að efast um, að svo margir sæki skólann, er fram líður, en það er ekki ætlast til, að það verði til heimavistir fyrir alla þessa lærisveina, eins og hæstv. landsh. hélt fram. Það er gert ráð fyrir 40 heimavistum, og er af kunnugum álitið fullnægjandi; þetta gerir talsverðan mun, og breytir eigi alllítið útreikningi hæstv. landsh. Eftir því, sem mér er kunnugt um, hvað kostar að byggja á Akureyri, þá er hægt að koma upp hér til hæfu húsi fyrir 50 þús. Auðvitað geri eg þá ekki ráð fyrir sérstökum sölum sem undirbúningsstofum, því eg er ekki eins hræddur við pestnæma sjúkdóma og hæstv. landsh., enda hefir þeirra aldrei orðið vart á Akureyri. Annars skal eg geta þess, að eg er persónulega ekki svo sérstaklega meðmæltur heimavistum, en eg álít að eins, að fyrst í stað verði óhjákvæmilegt að hafa þær, og að þá sé sennileg tala þeirra um 40.

Að öðru leyti tók hæstv. landsh. það fram, viðvíkjandi heimavistunum, að það þyrfti svo og svo mikið andrúmsloft handa nemendunum, og reiknaði

út stóra sali fyrir svefnherbergi. Það kann vel að vera, að þetta sé í samræmi við það, sem heilbrigðisfræðingar hafa sett fram theoretiskt, en í praxis mun því naumast fylgt. Eg fekk síðastliðinn vetur tækifæri til að skoða skóla og uppeldisstofnun kaþólskra manna í Ordrup, sem er viðurkend að vera með beztu uppeldisstofnunum í Danmörku. Þangað eru sendir nemendur víðs vegar að úr Danmörku, og ekki einungis af kaþólskum mönnum, heldur líka af prótestöntum, og jafnvel frá öðrum löndum eru þangað sendir nemendur; þannig voru á skólanum í vetur piltar bæði frá Póllandi og Ungverjalandi. Í þessari stofnun eru hafðar heimavistir, og fekk eg leyfi til að skoða 2—3 svefnloft. Eg taldi að vísu ekki rúmin, en það mun láta nærri að þau hafi verið um 30 í hverju lofti. Þetta voru auðvitað stór og rúmgóð herbergi, en langt frá því svo stórir salir, eins og hæstv. landsh. var að tala um. Eg spurði manninn, sem fylgdi mér um stofnunina, landa okkar, pater Jón Sveinsson, um heilbrigðisástandið í skólanum, og sagði hann mér, að það hefði aldrei orðið vart við að neinir sjúkdómar hefðu komið upp í honum.

Eg skal annars taka það fram, að eg get ekki betur séð en að skólahúsið hljóti að kosta eins mikið, þó það verði reist á Möðruvöllum eins og á Akureyri; ef nokkuð er, þá yrði það heldur dýrara á Möðruvöllum. Allar athugasemdir viðvíkjandi kostnaðinum eru því alls endis óþarfar. Ef það á annað borð á að endurreisa skólann, sem eg leyfi mér ekki að efast um, þá verður að veita nægilegt fé til þess, hvar sem hann svo verður settur, og eg fyrir mitt leyti þykist viss um, að hægðarleikur sé að byggja skóla á Akureyri handa alt að 100 manns með 40 heimavistum fyrir 50 þús.

Þm. Húnv. (H. J.) hélt mjög langa ræðu, sem því miður virtist öll stefna að því, að eyðileggja skólann, eins og eg benti á áðan. Hann gat þess meðal annars í ræðu sinni, að ef til vill væri ekki hægt að flytja skólann, því verið gæti að brunabótafélagið vildi sjálft byggja húsið upp aftur. Til þessa liggur það svar, að mér er persónulega kunnugt um það, að brunabótafélag það, sem hér ræðir um, hið konunglega oktrojeraða brunabótafélag, setur ekki það skilyrði, að húsið sé bygt upp aftur á sama stað, svo að sá ótti er því á engum rökum bygður.

Þá skal eg snúa mér að hinni aðalmótbárunni móti þessu frumv., að það bæri að bíða eftir tillögum Guðmundar Finnbogasonar, sem síðasta alþingi veitti styrk til þess að kynna sér skólamál erlendis. Eg fyrir mitt leyti skildi þessa styrkveitingu svo, að honum væri ætlað að kynna sér hina lægri skóla, en ekki æðri alþýðuskóla. En það má vel vera, að hann geti einnig kynt sér hin æðri skólamál; en eg sé ekki betur en að þá megi alveg eins taka tillögur hans til greina, þó skólahúsið verði bygt.

Eg ætla annars, að það sitji sízt á h. 1. þm. Húnv. (H. J.) að vera að setja það fram, að skólamál eigi að bíða. Honum var í fyrra kunnugt um það, að þessi styrkveiting var í vændum, og það fyr en flestum öðrum þingmönnum, þar sem hann átti sæti í fjárlaganefndinni; hvers vegna vildi hann þá ekki bíða eftir tillögum þessa sama manns með styrkveitinguna til kvennaskólans á Blönduósi, sem var bygður, eins og sagt var þá á þinginu, í trássi við guð og alla góða menn? *(Hermann Jónasson*: Það var áður byrj-

að á byggingu kvennaskólans). Nei, hvorttveggja styrkveitingin var jafnsnemma, því þær standa báðar í fjárlögunum. Og eg veit að mönnum er minnisstætt það kapp, sem h. þingm. lagði á það, að berja það mál blákalt fram.

Þá fór h. 1. þm. Húnv. (H. J.) sérlega mörgum orðum um launahækkun kennaranna, og skildi sízt í henni. Eg skal fyrst leyfa mér að þakka hæstv. landsh. fyrir meðmæli hans með þessum brt. og vænti þess, að þau hafi nú mikið að segja hér í deildinni. Mig furðar það raunar ekki svo mjög mikið, þótt h. 1. þm. Húnv. (H. J.) þyrfti að leggja á móti þessari brt. Það er fátt betra til brunns að bera fyrir kjósendur, þegar til kosninga kemur, en að hafa greitt atkvæði móti launahækkun embættismanna. Annars hafði þm. það á móti launahækkuninni, í fyrsta lagi að það væri ódýrara að lifa á Akureyri, og í öðru lagi, að kennararnir hefðu sjálfir ekki farið fram á neina launaviðbót. Það er satt, að kennararnir hafa ekki farið fram á neina launahækkun; en eg ímynda mér, að það sé engum h. þingdm. ókunnugt, að kennararnir eru í rauninni alls ekki skyldugir til að fara með skólanum inn á Akureyri, nema laun þeirra séu bætt, svo það var að því leyti óþarfi fyrir þá, að vera að biðja um nokkra hækkun á launum. Hvað hina ástæðuna snertir, að það sé ódýrara að lifa á Akureyri, þá skal eg geta þess, að það er alls ekki eins ódýrt og margir hugsa; að minsta kosti er húsaleiga þar ekki neitt ákaflega ódýr. Mér er óhætt að fullyrða það, að yngri kennaranum við skólann væri t. d. ómögulegt að fá viðunandi húsnæði fyrir sig og sína fjölskyldu fyrir minna en 400 kr. um árið, eða með öðrum orðum, til húsaleigunnar einnar gengi 1/4 parturinn af öllum launum hans. Þessu getur hvorki h. 1. þm. Húnv.(H. J.) eða nokkur annar mótmælt, því eg er því gagnkunnugur. En þó eg hafi tekið þetta fram, þá er það samt ekki þessi ástæða ein, eða aðallega, sem mælir með því að bæta kjör kennaranna, heldur er það einnig hrein og bein sanngirniskrafa. Þessir kennarar, sem hér er um að ræða, þurfa að sækja mentun sína í annað land, alveg eins og kennararnir við hinar aðrar hærri mentastofnanir, og því á þá ekki að gera þeim jafn-hátt undir höfði og kennurum við t. a. m. latínuskólann? Eg lít svo á, að þeir eigi hreint og beint heimtingu á því. En jafnvel þótt þessi brt. kæmist að, þá eru þeir þó ekki settir hærra en það, að 1. kennari hefir ekki hærri laun en 3. og 4. kennari við latínuskólann, og 2. kennari jöfn laun þeim yngsta.

Auk þess lít eg svo á, að úr því vér eigum þennan skóla á Norðurlandi, þá eigum vér líka fulla heimtingu á því, að hann sé svo fullkominn, sem unt er; en það er hann alls ekki, ef kjör kennara eru svo, að þeir haldist ekki þar við, og það er æði hart fyrir skólann, að sæta þeirri meðferð, að verða að missa góða kennara fyrir það eitt, að þeir verða að grípa tækifærið þegar þeim býðst betri staða, vegna þess, að launin eru varla lífvænleg. Því eg er sannfærður um það, að enginn efnilegur maður getur sætt sig við það, að eiga að lifa alla sína tíð við einar 1600 kr. um árið. Hann mun annaðhvort skapa sér nýja stöðu eða nota fyrsta tækifæri, þegar kennaraembætti við latínuskólann losnar.

Eg skal í sambandi við þessa launahækkun geta þess, að laun kennaranna við latínuskólann eru þau einu em-

bættismannalaun, sem yfirleitt hafa verið hækkuð síðan hin almennu launalög voru gefin út, og það auðvitað vegna þess, að þingið hefir fundið til þess, hve hart sú stétt hefir verið leikin hér á landi.

Eg verð að enda ræðu mína með því, að biðja h. þingdm. að athuga þetta mál gaumgæfilega og hugsa sig um oftar en einu sinni, áður en þeir ráða með sér að fella þetta frv. Að setja nefnd í málið, verð eg að álíta það sama sem hreint og beint að eyðileggja það. Það er búið að skipa svo margar nefndir á þessu aukaþingi, að það er eins dæmi, tilsvarandi miklu fleiri en á nokkuru aðalþingi, svo þær geta ekki annað því, sem þær eiga að gera. Það er þegar hálfnaður þingtíminn og varla nokkurt nefndarálit enn farið að sjást. Það er eins gott hreint og beint að drepa málið, eins og fara að setja nefnd í það. Eg verð að vonast til svo góðs af h. þingdm., því sjálfur á eg því miður engan atkvæðisrétt hér um, að þeir fari ekki að eyðileggja málið með því, að skipa nefnd í það.

Þórhallur Bjarnarson: Það hefir komið glögt fram í dag, að athugasemdir mínar við 1. umr. hafa verið á töluverðum rökum bygðar. Þegar við erum nú búnir að kannast við það, að það þurfi gagngerða breyting á öllum vorum alþýðumentamálum, þá finst mér nokkuð óviðkunnanlegt, að fara að setja ný lög um þá mentastofnun hé á landi, sem hefir hvað mesta þýðingu fyrir alþýðumentun vora, áður en vér fáum að heyra upplýsingar þess manns, sem gerður hefir verið út á landsins kostnað til þess að kynna sér alt fyrirkomulag slíkra mála.

Eg held því jafnföstu sem áður, að stærð hússins og alt fyrirkomulag og þá um leið kostnaðurinn, fer alt eftir því, hvernig skólanum er ætlað að starfa, og í hvaða sambandi hann á að standa við aðra skóla, bæði upp á við og niður á við o. s. frv. Hafi nokkur sannað það, að þetta mál sé undirbúningslítið, þá hefir hæstv. landsh. gert það. Sjálfur stjórnarfulltrúinn á þingi verður að spyrja: Á að vera heimavist í skólanum? Þetta er nú undirbúningurinn af stjórnarinnar hálfu! Eg álít að undirbúningskrafan sé fjarri því að eyðileggja málið; hún á bara að afstýra því, að skólanum verði hróflað upp fyrir þing 1903.

Hér er ekki nema um þetta eina atriði að tala, nefnilega óhagræðið við það að bjargast við leiguhúsnæði á Akureyri í 2 vetur í staðinn fyrir 1. Eg játa það rétt að vera, að vistin mun verða dýrari Akureyri, og því kannast eg við sanngirnina að bæta kennurunum tveimur húsaleigukostnað þar, og treysti eg bæði flutningsmönnum cg hæstv. landsh. til þess að sjá þessum embættismönnum borgið. Eg álít að aukaþingið geti ekki gert annað en gefið bendingar að einhverju leyti, með því að senda frá sér þingsályktun, til þess að málið geti komið vel undirbúið fyrir þingið 1903.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.: Það hefir nú komið svo margt fram, og margt verið talað um þetta mál, að eg ætla ekki að verða langorður. Mér er gleðiefni að sjá það, að mönnum er ant um skólann, og vilja að hann verði bygður upp aftur á Akureyri; um þetta er engin verulegur ágreiningur.

Það er þó talsvert að athuga við ræður sumra, sérstaklega viðvíkjandi brt. á þskj. 62. Menn hafa rætt um kostnaðinn við þetta, og haldið fram, að þessi upphæð, er till. ákveður (50,000) væri of takmörkuð til þess, að hægt

sé að reisa skólahúsið fyrir það fé, svo að fullnægi öllum nútímans kröfum.

Þetta álít eg að vísu allrar virðingar vert af þeim háttv. þm., er líta þannig á málið, því það er sjáanlega þeirra vilji að skólabyggingin verði að öllu leyti sem fullkomnust, en eg hygg samt sem áður, að þeir hafi ekki gert sér svo ljósa hugmynd um þetta, sem þörf er á, eða kynt sér álit byggingarfróðra manna. Flutnm. brt. hafa álitið, að byggingin muni geta orðið nægileg fyrir þessa upphæð, og mér er einnig kunnugt um það, að sá æfðasti húsasmiður norðanlands hefir álitið, að byggingarkostnaðurinn mundi eigi fara fram úr þessari upphæð. Af því að það upplýstist, að það væri ekki víst, að vátryggingarféð gæti runnið til skólabyggingarinnar að sjálfsögðu, sem þó var álitið upphaflega, þá var þessu breytt og það sett í 50 þús., sem er þó strangt tekið engin breyting frá því, sem áður var, þar sem ekki var talið með ábyrgðarféð, en tekið sem sjálfsagt, að því yrði varið til þess að byggja aftur skólahúsið. Því hefir og verið slegið fram, að þessi upphæð mundi ekki vera nægileg, og menn hafa verið að tilgreina það pláss, sem piltar þyrftu, og farið fram á það svo gífurlega mikið, að það er ekki nálægt þeim mælikvarða, er vér megum ganga út frá, og því síður þeim, sem við eigum að venjast. Eg ætlast til, að piltarnir lesi í sömu stofum og kent er í, og sé ekkert á móti því, að svo sé. Það hefir verið föst regla í öllum skólum vorum, og auðvitað sömuleiðis á Möðruvöllum, enda er mér ekki kunnugt um, að nokkur piltur hafi sýkst þar af vondu eða óheilnæmu lofti.

Mér finst það því ekki nægileg ástæða til að fresta byggingunni, að segja, að fjárupphæðin sé ekki nægileg; og sama er að segja um það, að upplýsingar um kenslugreinar séu ekki á takteinum, eður ákveðnar, svo af þeim ástæðum geti ekkert orðið af byggingu skólans á næsta sumri.

Maður sá, sem þing og þjóð setur aðallega von sína til (Guðm. Finnbogason), kemur væntanlega hér til landsins á næsta sumri, og getur þá gefið allar þær upplýsingar, sem þurfa þykir í þessu máli. Eg skil heldur ekki annað en að hann geti þá líka verið búinn að veita sér þær upplýsingar, sem nægja til þess, að geta leiðbeint við fyrirkomulag skólans og kenslugreinanna. Að eins finst mér engin þörf á því, að fastákveða tölu nemendanna nánara en svo, að skólinn sé látinn rúma 80—100 nemendur.

Annars hygg eg, að kennarar skólans fari næst því, hverrar aðsóknar má vænta að skólanum, og þar af leiðandi, hve stóra byggingu þurfi. Þótt einhver lítilvæg breyting verði með kenslugreinar, þá get eg ekki ætlað, að það eigi að vera því til fyrirstöðu, að bygt verði á næsta sumri.

Hvað heimavist snertir þá er ekkert spursmál um, að hún hlýtur að eiga sér stað, líkt og verið hefir, því að ef piltar eru sviftir þeim hlunnindum, þá er um leið komið í veg fyrir, að tilgangur skólans náist í framkvæmdinni. Eigi piltar að leigja sér pláss á Akureyri, þá hætta þeir að geta sótt skólann, t. d. fátækir piltar úr fjarlægum héruðum, nema þá því að eins, að þeir fengi ölmusu eða húsaleigustyrk, sem þó yrði piltunum alloft óþægilegra og landssjóði að sjálfsögðu kostnaðarsamara.

Nei, hér getur engin spurning verið um það, að húsið verður að byggjast þannig, að nemendur geti haft þar að öllu leyti heimavist, því það er óefað,

eitt aðallífsskilyrði fyrir skólann. Eg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta atriði, nema minnast á síðari liðinn á brt.

Eg bjóst nú satt að segja ekki við, að hann kæmi fram að þessu sinni. En mér gat dottið í hug, að væri skólinn síðar settur í samband við latínuskólann, að þá mundi nægur tími til þess, að tala um laun kennaranna eða um það, að hækka þau; mér er heldur ekki kunnugt um, að þeir hafi komið fram með neina ósk um launahækkun. En ef sambandið kæmist á, á milli skólanna, þá aukast væntanlega kenslugreinarnar, og máske skólatíminn. Hann er nú ekki nema 7 mánuðir, en þá mundi kenslutíminn verða jafnlangur og í latínuskólanum, nefnilega 9 mánuðir, fyrir þá nemendur, er ætluðu að stunda nám við lærða skólann í Reykjavík. Ef þetta yrði, þá ætti ekki nú að gera breyting á launum. Þessir kennarar, sem að eins stunda embætti sitt í 7 mánuði, eiga fráleitt að hafa hærri laun en þeir, sem stunda það árið um kring, t. d. prestar og jafnvel læknar. Kennarar hafa sumarið frítt, og geta brúkað þann tíma til hvers, sem þeir vilja. Eg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál frekara, heldur ber eg það traust til hinnar háttv. deildar og alls þingsins, að endurreisn skólans, hvað bygginguna snertir, verði að gera á næsta sumri, en launahækkunin jafnframt feld.

Pétur Jónsson: Eg skal ekki verða langorður, því að margir hinna háttv. þm. hafa tekið ómakið af mér og sagt margt, sem eg vildi sagt hafa. Eg ætlaði að eins að bera hönd fyrir höfuð okkar meðflutnm, míns að brtill. þeirri, er mest hefir verið rætt um.

Við komum fram með þessa brt. í svo miklu grandleysi, að við töldum það alveg sjálfsagt, að skólahúsið yrði bygt upp það bráðasta á [Akureyri]. Við gátum ekki áttað okkar á, hvers vegna stjórnin ekki undirbjó málið fyrir þetta þing, en þar sem nú því var svo farið, þá virtist okkur nauðsynlegt, að þingið gerði það, sem stjórnin lét ógert. Okkur kom það því mjög á óvart, að yfir höfuð nokkur skyldi verða á móti því, að húsið yrði bygt sem fyrst.

Bendingum þeim, sem fram komu við 1. umr., hefir þegar verið svarað; sömuleiðis hefir athugasemdum hæstv. landsh. verið svarað af forseta. Eg vil að eins taka það fram, að heimavistirnar eru ekki ætlaðar nema helming skólasveina eða rúmlega það. Talsverður hluti piltanna gera menn ráð fyrir að verði úr Akureyrarkaupstað sjálfum, sem þá eigi heimili þar á staðnum og fái ekki heimavist í skólanum.

Útreikningur hins hæstv. landsh. um nauðsynlegt húsrými hefir auðvitað verið bygður á skýrslum og hygieniskum kröfum, en eg álít að Íslendingar geti ekki bygt eftir fylstu kröfum í því efni. Eg man eftir því í fyrra, að þá var háttv. 2. þm. Skgf. að tala um loftið í Möðruvallaskóla, og sagði þá, að mig minnir, að það væri ekki nema $^1/_{50}$ af því lofti, sem þyrfti að vera — ef til vill hefir það verið $^1/_5$ —; þá bað eg guð að hjálpa mér frá þeim loftkastala, sem hefði 50-falt loft á við gamla skólahúsið.

Að sérstakir salir séu bæði til að kenna í, lesa í og sofa í, og allir eins stórir eins og hæstv. landsh. ætlaðist til, það álít eg reglulegan loftkastala, og eru Íslendingar slíkum sölum óvanir. Þeir piltar flestir, sem skólann sækja, eru úr kotum og bæjum, og fara ekki á skólann nema þeir hafi sloppið nokkurn veginn heilbrigðir við kotvistina, og hverfa svo aftur til kotanna og bæjanna. Eg hygg, að kröfurnar um þessa

loftmiklu sali séu miðaðar við annað ásigkomulag en á sér stað á Íslandi. Það er mesti munur á því, hvar skólinn er. Eg get ekki betur séð en að annað mál sé með loftið, hvort maður er í miðri London eða úti á Íslandi.

Í London er loftið fult af útgufun af mönnum, þrungið af bakteríum og reykjarsvælu o. fl.; hér á Íslandi draga loftventilar inn hreint loft, en auðvitað ekki þar, sem loftið úti fyrir er spilt. Eg get ekki annað skilið en að það hafi nokkra þýðingu, hvaða loft það er, sem inn kemur, og þá ekki annað séð en að þessi krafa sé fullhörð hér í það minsta. Hafi stjórnin getað látið sér nægja skólann eins og hann var á Möðruvöllum, þá ímynda eg mér að hún gæti látið sér nægja að byggja skóla fyrir 50 þús. kr. handa 80 piltum á Akureyri, þar sem það er miklu ódýrara að byggja nú á dögum en áður, þegar Möðruvallaskólinn var bygður fyrir 20—30 þús. kr.

Ef stjórnin getur ekki lagt það á samvizkuna, að byggja dálítið hóflegri herbergi en hann stakk upp á, þá finst mér stjórnin síður geta lagt á samvizkuna að láta skólann hírast í barnaskólanum á Akureyri, hver veit hvað lengi. Það má nú geta nærri, að ekki verður loftgott þar; börnin eru þar fyrri part dagsins og piltarnir seinni partinn, og útgufunin og bakteríurnar, sem þau hafa skilið eftir, fer ofan í piltana, og þær, sem piltarnir skilja eftir, ofan í börnin. Það eru því allir í vandræðum í þessu máli, eins og sakir standa. En bezt væri að reyna að koma upp húsinu sem allra fyrst, þó það samsvari ekki allra-ýtrustu kröfum, og greiða svo fyrir málinu, að skólinn geti komist upp á næsta ári; það er vonandi, að stjórnin, ef henni þykir það nokkru máli skifta, að skólinn komist á fót aftur, að hún þá leiti upplýsinga og leiðbeininga hjá færustu mönnum í Danmörku, sem völ er á. Maðurinn, sem nefndur hefir verið, nefnil. Guðm. Finnbogason, verður líka að öllum líkindum kominn fyrir næsta vor, og getur sagt fyrir, hvernig byggingin ætti að vera.

Mér er það hins vegar ekkert kappsmál, að koma skólanum endilega upp á næsta sumri, ef eg ekki áliti, að það gangi glæpi næst, svo eg viðhafi það orð, að hafa pilta í slíkum húsakynnum.

Heimavistunum hefir hér verið sérstaklega álasað, en eg ímynda mér að h. 2. þm. Skgf. muni víkja að því, hvað honum virðist mæla með þeim. Mér finst fyrir mitt leyti áríðandi, að skólinn gæti orðið sem heimilsheild, og að kennararnir séu í miklu nánari sambandi við piltana en verður án heimavistanna. Fyrir pilta yrði kostnaðurinn miklu minni í skólanum, því að þar yrði með þeim nokkurs konar samlagsbú. Landsh. áleit, að þetta yrði alt of mikill kostnaður fyrir landssjóð; en eg held að húsnæði sé engu dýrara í stærri húsum en smærri byggingum, heldur þvert á móti, og eg held að það verði ekki dýrara fyrir landið í sjálfu sér, þó það kosti landssjóðinn meira.

Matvæli í félagi hafa reynst svo vel á Möðruvöllum, að kostnaðurinn við það og þjónustu hefir ekki verið nema nál. helmingur við það, sem venjulega verður á Akureyri, ef piltar eiga að búa úti í bæ. Ef það væru 50 heimasveinar, sem mötuðust við sama borð, þá spöruðu þeir 40 au. á dag. 40 au. á dag í 200 dag verður 80 kr. á hvern pilt, og fyrir 50 pilta verður þetta 4000 kr. á ári. Meira kosta þó ekki heimavistahýbýlin árlega. Þetta er einmitt svo þýðingarmikið atriði, að eg álít það ekkert vafamál, að það verði betra fyrir landið, heldur en að leggja piltum ölmusur eða

húsaleigustyrk. Eins og eg tók fram, er aðalatriðið í þessu máli, að hraða byggingunni eins og unt er, án þess þó að sá hraði komi að neinu leyti í bága við þær kröfur, að skólabyggingin geti orðið eftir kröfum tímans og til frambúðar.

Viðvíkjandi því, sem h. 1. þm. Húnv. (H. J.) talaði um launahækkun kennaranna, get eg sagt hið sama sem áður, að eg kom með þá brt. eiginlega í grandleysi og eg álít það ekkert ódæði að bera fram mál, sem mér finst rétt og sanngjarnt; þótt eg sé sveitabóndi sýnist mér alls eigi sjálfsagt, að eg skuli jafnan vera á móti launahækkun og með launlækkunum; hitt er einmitt sjálfsagðara, að reyna jafnan að líta réttu auga á hverja málavöxtu. Fyrsta skilyrðið fyrir því, að skilja stöðu sína rétt, er það, að vera sanngjarn, og það ekki sízt þegar aðrar stéttir eiga hlut að máli en manns eigin.

Eg skil annars varla í því, að h. þm. (H. J.) hafi verið að tala í alvöru um þetta, því eg bjóst ekki við því, að hann þykist þekkja okkur þm. N. Þing. (A. J.) að því, að við vildum vinna það fyrir vinskap manns, að fylgja fram röngu máli. Það sem í mínum augum mælti fram með brt. var það, að óheppilegt væri að kennararnir þyrftu launanna vegna að sækja frá skólanum, undir eins og annað betra embætti losnaði, t. d. við latínuskólann.

Eg vildi að norðlenzki skólinn stæði sem líkast að vígi Reykjavíkurskólanum, svo að eigi söfnuðust að honum, í kennarastöðu nýgræðingar einir, sem notuðu kennarastöðuna þar að eins sem stutta biðstöðu, þangað til annað betra fengist. Þess er og að gæta, að hafi laun kennaranna á Möðruvöllum eigi verið of há, þá eru hin sömu laun sjálf sagt of lág á Akureyri; því að svo mun reynast, að þegar öll kurl koma til grafar, þá verður dýrara fyrir kennarana að lifa á Akureyri en á Möðruvöllum. Eg skal benda á það, að á Möðruvöllum geta kennararnir haft búskap og stundað hann sjálfir í sumarleyfi sínu, en á Akureyri standa þeir ólíkt ver að vígi að því leyti, að það hefir sýnt sig, að sá kennarinn, sem að undanförnu hefir haft aðalbúskapinn á Möðruvöllum, hefir þrátt fyrir ýmsan kostnað og mikla rausn haft hagnað af honum.

Mér skildist svo á h. þm. (H. J.), að ef það væri jafn-ódýrt fyrir pilta, að lifa á Akureyri eins og á Möðruvöllum, þá hlyti eins að vera með kennarana. En eg vona, að ef h. þm. (H. J.) hugsar sig betur um, þá muni hann finna, að eigi sé sjálfsagt, að þetta fylgist alls kostar að. Það kann að vera, að það sé að sumu leyti ódýrar fyrir kennarana, að lifa á Akureyri en í Reykjavík, en þó fráleitt að sama skapi, sem það er ódýrara fyrir piltana.

Eg er ekki á sama máli sem h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) um það, að það sé banatilræði við málið, að skipa nefnd í það; eg geri ráð fyrir því, að hún muni skilja svo hlutverk sitt, að málinu þurfi að hraða, og það hefir skýrst svo við umr. í dag, að eg skil ekki í, að hún þurfi að halda því lengur en svo sem 2 daga, og á það þrátt fyrir þá bið að geta komist gegnum þingið, ef því að öðru leyti verður hraðað.

Hermann Jónasson: Það var ekki rétt hjá h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), að eg hefði látið það í ljósi í ræðu minni, að eg vildi eyðileggja gagnfræðaskóla á Norðurlandi; í tölu minni benti ekkert á þetta. — Það sem eg hélt fram var það, að nauðsynlegt væri, að undirbúa málið sem bezt, miklu betur en enn er orðið, og skil eg ekki, að háttv. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) geti álitið það málinu til eyðileggingar, eða að

það sé sama sem að vilja flytja skólann frá Norðurlandi, að málið sé vel athugað. — Eg lét það einmitt í ljósi, og eg get tekið það upp aftur, að mér er einkar-ant um, að skólinn sé bygður á skynsamlegum og heppilegum grundvelli, og á þeim grundvelli vona eg, að hann geti orðið bygður á Norðurlandi, en þó því að eins, að málinu sé ekki flaustrað af.

Eg veit ekki á hverju það er bygt, að háttv. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hélt, að eg mundi fremur hafa verið með málinu, ef það hefði komið frá stjórninni, nema ef að það skyldi vera á því, að ganga má að því vísu, að stjórnin mundi aldrei hafa látið sig henda þá flónsku, að koma með málið óundirbúið inn á þingið. — Ef málið hefði komið vel undirbúið, hvort sem það nú hefði verið frá stjórninni eða öðrum, þá mundi eg hafa greitt atkvæði með því. — Ef málið hefði verið miður undirbúið frá stjórnarinnar hendi, þá mundi eg hafa alveg eins og nú gert það að skilyrði fyrir atkvæði mínu, að það væri fyrst athugað í nefnd.

Það er eigi heldur rétt hjá háttv. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), að eg vildi láta málið bíða, þangað til Guðmundur Finnbogason væri kominn heim, og gæti orðið ráðunautur þingsins í því. — Eg gat þess að eins, að þingið 1901 hefði með sending þessa manns og umræðum þeim, er stóðu í sambandi við hana, afráðið að láta skólamálið bíða til þingsins 1903, en taka það þá fyrir í heild sinni. — Og hví þá vera að taka þetta eitt sér einmitt nú?

Það horfði töluvert öðru vísi við með byggingu Blönduós-skólans. — Hér er verið að ræða um það, að fresta máli til þess, að ganga vel frá því; en á síðasta sumri var verið að byggja skólahúsið á Blönduósi, og því ómögulegt, að bíða eftir leiðbeiningum Guðmundar Finnbogasonar.

Eg verð að þakka háttv. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) fyrir þá góðgjarnlegu tilgátu, að eg hafi verið á móti breytingartill. um launahækkun kennaranna í því skyni, að afla mér kjörfylgis heima í kjördæmi mínu. — Þessu neita eg, og það get eg sagt háttv. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), að eg þekki það ekki til kjósenda minna, að þeir séu öðrum landsmönnum sparari á fjárútlát til þeirra hluta, sem þeir telja nauðsynlega; í óþarfa vilja þeir ekki kosta landsfé. Það játa eg. En eigi get eg vænst endurgjalds fyrir það, þótt eg geri rétt samkvæmt því, er skyldan býður mér.

En þótt eg nú aldrei nema hefði gert þetta mér til kjörfylgis við næstu kosningar, þá væri mér það varla láandi, því að eg hefi ekki embættistign til að stássa með frammi fyrir kjósendum mínum, og ekki get eg hrósað mér af því, að hafa útvegað kjördæmi mínu fé svo mörgum tugum þúsunda króna skiftir til að koma upp akbraut eftir rennsléttum árbökkum, sem svo hefir meira og minna eyðilagst fyrir trjádrátt á klökkum.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Eg hafði ætlað mér að fara þó nokkrum orðum um ræðu hæstv. landsh., en því miður er hann nú ekki viðstaddur hér í deildinni til andsvara. — Þó get eg ekki með öllu gengið fram hjá ræðunni. — Það gladdi mig að heyra, að hæstv. landsh. var því samþykkur, að fé væri lagt fram til skólabyggingarinnar, og að sjálfsögðu er það allsendis rétt athugað hjá hæstv. landshöfðingja, að stjórnin er eigi bundin við það, að verja allri þeirri upphæð, er frumv. nefnir, til byggingarinnar, reynist það ekki nauðsynlegt.

Enn fremur gladdi það mig, að heyra

það, hvað hæstv. landshöfðingi hafði hugsað málið vel, og hversu rækilega hann hafði lagt niður fyrir sér, hve stór skólabyggingin mundi þurfa að vera; þó verð eg að játa það, að honum gat ekki tekist það, að sannfæra mig um, að bráðnauðsynlegt væri, að hafa hana eins stóra eins og hann hélt fram.

Háttv. þm. S. Þing. (P. J.) hefir tekið fram ýmislegt í þá stefnu líkt því sem eg mundi hafa gert, og þarf eg ekki að taka það upp aftur. — Það er alveg rétt, að vér verðum að sníða oss stakk eftir vexti. — Vér höfum ekki magn til þess, að reisa oss skóla né spítala jafn-dýra og fullkomna, og samkynja fyrirmyndar-byggingar erlendis.

Vér verðum að sníða byggingar vor. ar eftir efnum, og það er betri hálfur hleifur en enginn; það er betra að eignast viðunandi skólahús, þótt ekki sé það framúrskarandi, en eiga vont hús eða ekkert.

Þá skal eg minnast á heimavistirnar. Hæstv. landsh. virtist principielt á móti þeim; en eg er principielt með þeim. — Hann kvaðst vera móti heimavistunum af tveim ástæðum: heilbrigðisástæðum og kostnaðar-ástæðum; en hæstv. landsh. gleymdist að minnast á þriðju ástæðuna, og það þá ástæðuna, sem í mínum augum hefði átt fyrst að nefna, af því að fyrir mér er hún þyngst á metunum; það er pædagogiska ástæðan.

Þegar skóli er bygður, þá er þess fyrst að gæta, hvernig honum verði sem haganlegast fyrirkomið sem skóla, og svo er að reyna að sameina því bæði heilbrigðiskröfurnar og kostnaðarástæðurnar.

Eg legg nú mesta áherzluna á það, að skólinn geti gert sem mest gagn sem slíkur, og eg er sannfærður um það, hvort sem eg lít á veru mína í latínuskólanum eða Möðruvallaskólanum, að heimavistin skapar miklu innilegra samlíf milli nemenda innbyrðis og milli nemenda og kennara en án hennar getur skapast.

Fyrir mér vakir það skóla-ideal, að skólinn sé eins og gott heimili, þar sem kennararnir séu húsbændurnir, en nemendurnir heimilisfólkið (*Þórhallur Bjarnarson*: Þetta getur máske orðið, ef skólinn er í sveit); það getur alveg eins orðið, þótt skólinn sé í jafn-litlum bæ og Akureyri er.

Því hefir verið slegið fram af háttv. þingm. Borgf. (Þórh. B.) og eitthvað á svipaða leið af háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.), að vér formælendur þessa máls, vildum hrófla upp skólanum óhugsað og undirbúningslaust. — Það lítur út fyrir, að háttv. þingmenn dæmi aðra eftir sér, og hugsi sem svo, að af því, að þeir hafi ekki sjálfir hugsað málið, þá muni aðrir ekki heldur hafa hugsað það. — Það liggur við, að mér finnist sú aðdróttun, sem í orðum þeirra felst, dálítið meiðandi fyrir mig.

Eg hefi hugsað málið lengi og rækilega, og í vetur skrifaði eg grein í norðlenzkt blað um skóla á Norðurlandi. — Í grein þeirri er ýmislegt tekið fram um skólafyrirkomulag það, sem eg hefi hugsað mér; greinin hefir nú verið lögð fram á lestrarsalinn, svo að háttv. þingmönnum gefst kostur á, að kynna sér hana.

Eg hefi hugsað mér, að skóli sá, sem reistur yrði á Akureyri, rúmaði um 80—100 nemendur, og mætti búast við því, þegar fram í sækti, að fullur fjórði hluti þeirra yrði af Akureyri, og að þeir mundu búa flestir eða allir úti í bænum; auk þess má búast við því, að jafnan mundu einhverir aðkomusveinar fremur kjósa að búa í bænum en í skólanum. — Það þarf því ekki að ætla heimavist handa 80—100 nemendum í skólanum, eins og hæstv.

landshöfðingi gerði ráð fyrir; það mundi nægilegt, að ætla heimavist handa 40—60 manns.

Enn fremur hefi eg hugsað mér, að í sambandi við skólann sé húsmæðrarskóli, og að þar sé matreitt handa piltum.

Þetta er í fæstum orðum fyrirkomulag það, sem eg hefi hugsað mér, og þetta á alveg eins að geta átt sér stað á Akureyri eins og á Möðruvöllum, og engin ástæða til þess, að ætla það, að vistin þurfi að verða dýrari piltum á Akureyri en á Möðruvöllum. — Þar hefir mér tekist að gera fæði pilta hálfu ódýrara en í Reykjavík tíðkast. — Á Möðruvöllum hefir fæði og þjónusta verið að eins 50—55 aura á dag. Ótilreitt hefir fæðið ekki kostað meira en 10 kr. um mánuðinn. — Getur verið að eg hafi ekki grætt á umsjóninni með fæði pilta; en svona hefir það nú reynst, og sízt ætti fæði að verða þeim dýrara á Akureyri með sama fyrirkomulagi. — Í fljótu bragði sýnist svo, sem það ætti að verða heldur ódýrara, því að þar legst ekki á það flutningskostnaður, en hann hefir numið ekki svo litlu fyrir pilta á Möðruvöllum.

Þá hefir það verið haft á móti flutningi skólans til Akureyrar, að miður heppilegt sé, að hafa hann í bæ. — En það er ekki eins og hér sé um bæ að ræða, heldur að eins þorp með ekki meira en 1000 íbúum.

Í Danmörku eru mörg þau þorp, sem lýðháskólar annaðhvort eru í eða í grend við, sem eru engu minni en Akureyri; þar búa nemendur í skólunum, og þykir alt vel fara.

Hæstv. landshöfðingi byggði mikið af heilbrigðis-ástæðum sínum á reynslunni í latínuskólanum í Reykjavík. — Þetta er að líta nokkuð einhliða á málið. — Það tjáir ekki að loka augunum fyrir allri útlendri reynslu, en einblína á þetta eina, ef reynslu skyldi kalla.

En hvernig var svo þessi heimavist í Reykjavíkurskóla? Þar var hrúgað saman alt of mörgum í svefnherbergin. — Í minni tíð var það ekki ótítt, að tveir piltar svæfu saman í rekkju, og yfir höfuð var heimavistinni þar í mörgu ábótavant.

Heilbrigðis-ástæðurnar geta að minsta kosti ekki haft þýðingu gagnvart þeim, sem vilja hafa skólann í sveit, nema það skyldi þá vera að því leyti, að þeir þeirra vegna féllu frá skoðun sinni.

Í sveitaskóla verður þó heimavist að vera, og þar verður að byggja alveg eins stór húsakynni handa heimavistarskóla eins og þó í kaupstað væri, og sízt verður hann ódýrari þar; efnisflutningurinn kostar þó alt af ekki svo lítið. — Eg veit að hér situr einn háttv. þingmaður í deildinni, sem skýrt gæti frá því, hvað það kostaði, að flytja efnið í Möðruvallaskóla frá sjó og heim að Möðruvöllum. — Eg veit, að það hefir oltið á ekki fáum krónum.

Mér sýnist það sjálfsagt, að þegar menn eru teknir inn í skóla, þá séu þeir skoðaðir af lækni, og þeim því að eins hleypt inn í skólann, að læknir telji það óbætt, og að sömuleiðis verði hver sá að víkja úr skólanum, sem þar sýkist af sóttnæmri veiki. — Það er rétt, að landsstjórnin hugsi um það, að heilsu nemenda sé sem bezt borgið, og er það allrar þakkar vert. — En hvernig mun fyrir heilsunni séð, ef þeir eiga að fara að hola sér niður til og frá út um bæinn?

Meginþorri Akureyrarbúa er fremur fátækt fólk, sem lifir á handafla sínum; hjá þessu fólki mundu nemendur helzt koma sér fyrir, en það býr, eins og gefur að skilja, ekki í stórhýsum, og

hefir vart annað til að leigja út en smákompur, og má við því búast að piltar mundu hola sér niður í þeim tveir saman og þaðan af fleiri; þeir mundu sitja við lestur á daginn og sofa á nóttunni í sömu kompunni. Það yrði ekki hægt að gera þeim að skyldu, að leigja svo eða svo stórt herbergi. Það er því auðsætt, að tryggilegar verður ekki séð fyrir heilsu nemenda, með því að ætlast til þess, að þeir holi sér niður til og frá út um bæ.

Þegar verið er að tala um sýkingarhættuna, sem samfara sé heimavistum, þá er merkilegt að eigi skuli vera athugað, hver reynslan hefir verið með það. Á Möðruvöllum hefir þessi hætta ekki komið í ljós. Þar hefir enginn mér vitanlega tekið neina hættulega sýki, og er þó langt frá, að aðbúðin hafi getað verið þar góð.

Eg þarf ekki áminningar frá hæstv. landshöfðingja um að taka heimavistarspursmálið til yfirvegunar; eg hefi þegar gert það; en vel má vera að sumum öðrum h. þingdm. veiti ekki af því.

Þá skal eg víkja fám orðum að byggingarkostnaðinum.

Því miður liggur engin sundurliðuð áætlun um hann fyrir; en dálitlar bendingar skal eg þó reyna að gefa.

Fyrir nokkrum árum fengum við, sem þá vorum í stjórnarnefnd kvennaskóla Eyfirðinga, teikningar af húsi og kostnaðaráætlun hjá Thuren byggingameistara, sem oss er kunnur að því, að gera ekki lágar áætlanir. Hús þetta átti að vera kvennaskólahús og rúma 80 nemendur og kennarana; þar átti að vera miðstöðvarhitun, baðklefi og önnur þægindi; húsið átti yfir höfuð að vera fullkomið og vandað. Thuren gerði áætlun um, að slíkt hús mundi kosta 20,000 kr. Í fyrra var bygt skólahús á Blönduósi, eins og eg býst við að h. 1. þm. Húnv. (H. J.) kannist við; hefi eg bæði séð frá því skýrt í blöðum og eins sagði h. þm. (H. J.) mér í fyrra, að húsið væri mesta fyrirmyndarhús. Hús þetta kostaði 18,000 kr., og eftir skýrslu, sem lá fyrir amtsráði Norðuramtsins í vor, höfðu verið í skóla þeim, sem haldinn er í húsinu, 40—50 námsmeyjar síðasta vetur, og haft þar allar heimavist. Hafi nú verið hægt að byggja gott skólahús handa 40—50 nemendum á Blönduós fyrir 18,000 kr., þá skil eg ekki í öðru en að hægt ætti að vera að byggja skólahús á Akureyri handa 80—100 nemendum fyrir 50,000 kr. Dæmi þau, sem eg hefi komið með, sýna, að upphæðin í frumv. er ekki sett alveg út í loftið. H. flm. voru þau kunnug, og með hliðsjón af þeim þóttust þeir taka til fyllilega upphæð, en skoðuðu svo, að það gerði minst til, því að ekki mundi eytt meira af fénu en þörf krefði. Skyldi nú aftur á móti svo ólíklega takast til, að upphæðin reyndist heldur lítil, þá er alt af hægur á að bæta seinna við það, sem á vantaði. Því að eg hygg að allir muni samdóma um, að ekki borgi sig að skera fjárveitinguna svo við neglur sér, að byggingin verði eigi fullsæmileg. H. 1. þm. Húnv. (H. J.) tók það fram, að eigi væri unt að svo stöddu, að semja hæfileg lög handa skólanum. En eg bið hann að gæta þess, að aðaltilgangur frv. þessa er sá, að veita stjórninni heimild til að byrja sem fyrst á skólabyggingunni. Eg skyldi ganga inn á, að alt annað væri strikað út en fjárveitingin. Það er alt af verið að tala um, að málið sé illa undirbúið. En eg bið að gæta þess, að það geta ekki legið öllu betri upplýsingar fyrir næsta þingi en hægt verður að útvega sér áður en lagt er út í skólabygginguna. Það er bæði hægt að leita upplýsinga

hjá Guðmundi Finnbogasyni áður en það er gert, og eg geri ráð fyrir að stjórnin muni leita álits þeirra manna hér á landi, sem málinu eru kunnugastir, og sömuleiðis álits skólamanna í Danmörku, og að hún svo muni útvega teikningar samsvarandi því plani, sem hún álítur að skólinn muni starfa eftir. Það er því ekki rétt hjá h. þm. Borgf. (Þ. B.) að hér sé líkt að farið, eins og ráðist væri í að sníða föt handa manni án tillits til stærðar hans eða vaxtarlags.

Þá er víst flest tekið fram, er fram þurfti að taka í þessu máli, enda er nú orðið áliðið. Eg ætla því að láta mér nægja að gera að eins stutta athugasemd við brt. um launahækkun kennaranna. Annars ætlaði eg ekki að snerta við henni, en nú hefir h. 1. þm. Húnv. (H. J.) beint því að mér, að eg hafi haldið fram, að ekki væri dýrara að lifa á Akureyri en á Möðruvöllum. En þá átti eg að eins við pilta. Eins og þegar hefir verið sýnt fram á, sérstaklega af háttv. forseta og háttv. þm. S-Þing. (P. J.), verður húsnæðiskostnaðurinn einn þeim mun meiri á Akureyri, sem launahækkuninni svarar. Öðru máli er að skifta með pilta; þeir þurfa ekki að kosta til húsnæðis fremur á Akureyri en á Möðruvöllum. Það er ætlast til að þeir hafi frían bústað í skólahúsinu. En að sama gildi um fæði hvorratveggju, pilta og kennara, er rétt. En hitt er rangt, að jafnaðarmenn sé fyrir þá hlutfallslega í öllu tilliti. Að bæta þyrfti við laun kennara, þótt sambandi við latínuskóla yrði komið á, fæ eg ekki séð. Ef kennarinn er fullvel launaður, þá á hann ekki að þurfa að nota sumarfríið til annars en að fullkomna sig í mentun, gera sig hæfan til starfsins. Ef svo væri, mundum vér hafa betri kennara en vér nú höfum. Eg fyrir mitt leyti hefi hingað til ekki séð mér fært að verja sumrinu að öllu leyti til þess að búa mig undir kensluna næsta vetur; launin hafa skapað mér það. Það er rangt af löggjafarvaldinu að ætlast til þess, að kennarar verji frítímum sínum til alt annara starfa en þeirra, er við kemur hans fræðigrein.

Guðl. Guðmundsson: Í rauninni er þetta mál fjarri mínum verkahring, svo að ef til vill þykir það undarlegt, að eg skuli fara að leggja þar orð í belg. En hér er um mikilsverða mentastofnun að ræða, er hefir þýðingu fyrir fleiri landsfjórðunga en Norðurland eitt. Það er líka ástæða til þess fyrir oss Sunnlendinga, að taka þátt í umræðunum. Margsinnis hefir það verið tekið hér fram, að síðan húsið brann á Möðruvöllum, eigi piltar við ilt húsnæði að búa, er skaðlegt sé fyrir heilsu þeirra. Þá vil eg spyrja: Er þetta ástand svo ilt, að brýn nauðsyn sé til að lagfæra það fyrir 1903, svo að eigi þurfi að baslast við það í tvo vetnr? Sé því þannig farið, þá er þó ekki ómögulegt að finna mætti góð ráð til þess að bæta úr því nú þegar. Eg sé ekki annað vænna, ef hér er um bráða nauðsyn að ræða, en að þetta þing veiti stjórninni heimild til að verja ákveðinni upphæð til framkvæmda í því efni, svo að hún geti hafist handa þegar á næsta ári, og að henni sé falið að gera út um þær spurningar með fróðra manna ráði, er menn greinir hér á um, t. d. hvort flytja skuli skólann til Akureyrar, um heimavistir o. s. frv. Flestir virðast vera ásáttir um, að hann skuli reistur á Norðurlandi, og að hann eigi að verða fullkomnari og betri en áður. En um það er mikill ágreiningur, hvort heimavistir skuli

hafðar eða ekki. Þá spurningu væri rétt að stjórnin fengi heimild til að afgera með ráði heilbrigðisfróðra manna, og með hliðsjón af því, hvort þær mundu hafa svo mikinn kostnað í för m ð sér, að landinu yrði lítt kleift. Það er betra að fá góða mentastofnun, þó hún kostaði 100,000 kr., en lélega fyrir 35—50,000. Það er betra að kaupa góðan hlut, þó dýr sé, en lélegan fyrir lítið verð. Til þess að koma frumvarpinu í það horf, þá þyrfti að fella úr fyrirsögninni »Akureyri« og setja í staðinn »Norðurland«; sömuleið is yrði að breyta 2. og 6. gr. Þetta má gera með einföldum brt. Til þess þarf enga nefnd. Ef hin háttv. deild vildi reyna þessa leið, mætti taka málið út af dagskrá í dag og bera svo brt. fram á morgun. Eg sting upp á þessu, ef vera kynni að þingið vildi »acceptera« það. Eg álít því skylt, að greiða sem bezt fyrir málinu, þar sem það er svo þýðingarmikið.

Viðvíkjandi brt. þeirri, er fyrir liggur, um launahækkun kennaranna, þá hefði eg ekki búist við að það atriði yrði tekið upp í frv., heldur gert að sérstöku ákvæði. Eg er samdóma hæstv. landsh. í því, að það er ekki nema í alla staði sanngjarnt, að veita þeim kennurum, sem nú eru, persónulega launaviðbót sem viðurkenningu fyrir þeirra langa og góða starf. En mér finst óviðkunnanlegt að binda launahækkunina með lögum. Ef kennaraskifti yrðu og yngri og óvanari menn kæmu að, eiga þeir ekki eins há laun skilin.

Lárus H. Bjarnason: Að vísu er það að bera í bakkafullan lækinn, að auka umræður frekara. En af því eg þykist eiga atkvæði um þetta mál sem aðrir þingmenn, þá vil eg gera grein fyrir minni skoðun. Eg skammast mín ekki fyrir að játa því, að þetta mál hefir alt til þessa verið lítt skoðað af mér. Hins vegar eru nú svo mikilsverðar athugasemdir komnar fram, bæði frá hæstv. landsh. og h. þm. Borgf. (Þ. B.), að þeim er sannarlega sýnandi sá sómi, að þær verði athugaðar nánara, enda er hér ekki samkomulag um neitt.

Það er ágreiningur um, hvort skólinn skuli vera á Akureyri eða í Reykjavík, hvort sambandi skuli komið á milli gagnfræðaskólans á Möðruvöllum og latínuskólans í Reykjavík. Menn greinir á um, hvort ekki ætti að sameina gagnfræðaskólann á Möðruvöllum og gagnfræðaskólann í Flensborg. Enn fremur eru menn eigi á eitt sáttir um það, hvort skólinn skuli útbúinn jafnt fyrir konur sem karla, hvort þar skuli vera heimavistir eða ekki. I stuttu máli, öll atriði virðast óbrædd.

Háttv. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) lýsti því yfir í upphafi ræðu sinnar, að sér væri þetta kappsmál, og er þá því meiri ástæða til að athuga frv. vel. Kappi fylgja jafnan einhliða skoðanir. Hann lagði fastlega á móti því, að málið yrði sett í nefnd; kvað það mundu verða til að drepa það. Eg er þvert á móti þeirrar skoðunar, að það yrði bezt íhugað í nefnd, enda nægur tími til þess.

Að kenslan, eins og hún fer fram nú, eftir skólabrunann, sé miklum óþægindum bundin, skal eg fúslega kannast við. En eg kýs þó hiklaust heldur, að unað sé við þau óþægindi 2 vetur til, en að hrapað verði svo mjög að framkvæmdum í þessu máli, að af því hljótist óþægindi um langan aldur.

Háttv. sessunautur minn á hægri hönd, 2. þm. Skgf., lagði aðaláherzluna á »pædagogikina«, en hæstv. landsh. á heilbrigðistrygginguna. Þar verð eg

að vera hæstv. landsh. samdóma; því missi maður heilsuna, hvað hefir maður þá að gera með hitt? Sami háttv. sessunautur minn vitnaði í fyrirkomulagið, sem verið hefði á Möðruvöllum; kvað húsið þar ekki hafa verið bygt eftir »hygieniskum« reglum, og þó hafi þar ekki brytt á neinu heilsuleysi meðal pilta. Hér ber hinum háttv. þm. ekki vel saman við það, sem hann sagði hér á þingi í fyrra. Með leyfi forseta vil eg lesa upp kafla úr ræðu hans þá: »Eins og skólahúsið á Möðruvöllum er nú, er það ekki að eins ónógt og óhentugt, heldur og mjög óheilnæmt, og svo mikil brögð eru að þessu, að skólasveinar liggja veikir meira og minna á hverjum vetri, einkum í vetur sem leið. Meira að segja hefir einn piltur mist þar heilsu sína í vetur, af þessum ástæðum«. (Alþt. 1901 B 895). Það þurfti nú að vísu ekki að sækja það í þingtíðindin, að fyrirkomulagið á skólahúsinu hlyti að hafa mikil áhrif á heilsu nemendanna. Eg vildi að eins minna á orð h. þm. til þess að sýna, að hann lagði þó í fyrra nokkra áherzlu á húsaskipunina, en þá stóð nú raunar skólinn á Möðruvöllum.

Að því er brt. á þgskj. 62 snertir, þá virðist mér hún hafa við nokkura sanngirni að styðjast. Bæði verður kaupstaðalíf að teljast jafnaðarlega dýrara en líf til sveita, og auk þess er það æskilegt, að þeir menn, sem eiga að ala þjóðina upp, séu sem minst háðir fátækt og daglegu striti, enda virðist sanngirni mæla með því, að kennarar við þennan skóla hafi ekki miklu minni laun en kennarar við latínuskólann. Hér þarf heldur ekki að óttast þær afleiðingar, er launahækkun annara embættismanna, t. d. sýslumanna og lækna, mundu hafa í för með sér. Það er ekki til nema þessi eini lands-gagnfræðaskóli, og því ekki um neina aðra að ræða, er ríða mundu á vaðið á eftir. Að vísu eru skólakennarar betur settir en aðrir embættismenn að mörgu leyti. Þeir hafa langa frítíma, er þeir geta notað fyrir sjálfa sig, kennararnir á Möðruvöllum munu ekki kenna nema 7 mánuði á ári, og á þeim hvíla engin sérstök gjöld. Hins vegar eru t. d. laun nokkurra sýslumanna ekki nema 2,500 kr., og verða þeir þó að vinna alt árið um kring og hafa auk þess mikinn skrifstofukostnað. Þó skal eg játa það, að æskilegt væri, að kennararnir væru svo vel settir, að þeir gætu varið sumarleyfinu til að undirbúa sig undir vetrarkensluna, en lítil trygging held eg liggi í því einu, að laun þeirra væri hækkuð. Vér vitum allir, hve mikinn áhuga 2. þm. Skagf. (St. St.) hefir á skólamálum og þá er það ekki síður kunnugt, að hann er með beztu bændum í sínu héraði, og þó hefir hann tímt að sjá af sumarleyfunum til annara starfa, t. d. föðurjurtasöfnunar.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Eg ætla mér hvorki að ræða margt né mikið, því að eg býst ekki við því, að eg skýri málið mikið fyrir háttv. þingmönnum, þar sem það þykir illa undirbúið, og eg býst ekki við því, að þeir verði ánægðari fyrir því.

Það gladdi mig að heyra, hve vel hæstv. landshöfðingi tók í málið, því að hann var því yfir höfuð meðmæltur, en það kom fram í orðum hans, hvort eigi mundi þurfa að byggja skólahúsið bæði hærra, stærra og dýrara; það hélt hann yfir höfuð að tala, og hafði það helzt að athuga við málið. — En þeim athugasemdum hans hefir nú verið ítarlega svarað af háttv. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) og háttv. samflutningsmanni mínum.

Háttv. þm. Húnv. (Herm. J.) óf lang-

an vef út af því, hve málið væri illa undirbúið, og þó að kljásteinarnir féllu niður hjá honum, þá hittu þeir mig ekki, og eg er alveg óskemdur. — Eg ætlaði í fyrsta lagi að gefa honum skýringu á því, að við nú höfum sett 50 þús. kr. í stað 25 þús. kr., eins og var fyrst, því að þá gerðum við ráð fyrir brunabótafénu, en nú höfum við slept því; þótt það miðaðist við 55 þús. krónur, þá álítum við, að þetta mundi nægja; eftir þeim bendingum, sem við höfum fengið hjá hæstv. landshöfðingja, þá höfum við alveg slept brunabótagjaldinu, en tekið svo þessa upphæð. — En eg bjóst sízt við því af háttv. þm. Húnv. (H. J.), að hann færi að vefa þennan vef um það, að málið væri óundirbúið, og taka svo í þennan hégómastreng um launahækkunina eins og maður heyrir svo oft hér á landi. — Eg þakka honum fyrir það, að hann hefir nefnt okkur réttum nöfnum, bónda og sveitaprest; en þó að presturinn sé lítilfjörlegur, og bóndinn svo að segja hjáleigubóndi, þá þorum við þó að standa við þ. ð, sem við álítum rétt, í hvaða stöðu sem við værum, og að því vildum við vera kunnir á meðal kjósenda okkar. — Við álítum það lýsa lítilfjörlegum hugsunarhætti, að unna mönnum ekki þess, sem rétt er, í hvaða stöðu sem þeir eru, heldur en að hugsa alt af um stétt og stöðu, og að bænd ur líti alt af að eins á hag bænda og prestar á hag presta og svo framvegis. Þar sem svo er ástatt, getur sanngirni aldrei átt heima. — Við tókum upp þessa launahækkun af því, að við álítum það sanngjarnt og rétt, og þar sem h. þm. Húnv. (H. J.) t.k það fram, að það mundi ekki hafa komið fram nein beiðni frá þessum kennurum, þá finst mér það því léttvægari ástæða; það var miklu fremur ástæða til þess, að hækka laun þeirra, þar sem þau voru of lág, einmitt fyrir það, að þeir báðu ekki um það. — Eg met þá einmitt meira fyrir það. Það væri undarlegt, ef honum þætti meiri ástæða til þess, að hækka laun þeirra, ef þeir hefðu beðið um það

Hinu ætla eg ekki að svara, þar sem hann var að tala um það, að sólunda fé landsins. — Það er að eins til þess, að efla úlfúð og ósamlyndi, að koma með slík og því lík orð, sem h. þm. Húnv. (H. J.) viðhafði, enda veit eg, að hann hefir sagt þetta í hita, og ekki gætt þess skýrleiks og skynsemi, sem honum er annars tamt að hafa til brunns að bera. — Annars fór hann út fyrir rétt rök og misskildi orð h. forseta.

Ef nú frumv. þetta yrði samþykt og skólinn ætti að reisast á Akureyri, þá treysti eg því, að stjórnin og hæstv. landsh. verði málinu svo hlynt, að hún undirbúi það sem bezt, og leiti þeirra ráða og bendinga, sem hægt er að fá og þinginu þykir svo nauðsynlegar. — Eg læt það því í ljósi, eins og fleiri hafa gert, að eg vil fallast á tillögu h. háttv. þm. V. Sk. (Guðl. G.), að málið verði tekið út af dagskrá, og sömuleiðis finst mér það heppilegt, að annar liður breyt.till. væri persónuleg launaviðbót handa núverandi kennurum, því að þessir kennarar hafa gegnt vel embættum sínum í mörg ár; eg álít því, að það sé heppilegt stundum, að veittar séu persónulegar launaviðbætur, þegar hlutaðeigendur hafa lengi gegnt embætti vel og trúlega, eins og eg ætla, að allir muni játa um þessa kennara. — Það, sem h. þm. Snæf. (L. H. B.) sagði, að forseti hefði sagt, að þetta væri kappsmál, þá held eg, að honum hafi misheyrst (*Lárus H. Bjarnason*: Eg skrifaði það upp); en forseti getur

nú bezt sjálfur svarað því. (*Forseti*: Það hefi eg aldrei sagt). Eg vísa því á bug, að þetta sé kappsmál frá okkar hálfu.

Því hefir mikið verið haldið fram, að sama væri, hvort skólinn hefði leiguhús einn eða tvo vetur; en eg get upplýst um það, að barnaskólinn fæst að minsta kosti ekki nema í vetur, og þá eru öll líkindi til, að skólinn falli niður annan vetur, ef eigi er undinn bráður bugur að því, að koma húsinu upp.

Annars ætla eg svo ekki að fjölyrða meira um þetta, en óska, að málið sé tekið út af dagskrá.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Eg hafði ekki búist við því af öðrum eins dánumanni eins og h. þm. Snæf. (L. H. B.), að hann risi upp í þessu máli til að hreyta ónotum í elskulegan sessunaut sinn, sem hann hefir búið svo vel og lengi saman við.

H. þm. Snæf. (L. H. B.) byrjaði á því, að bera það fram, að h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hefði sagt, að sér væri mál þetta kappsmál. — Eg skrifaði orðin upp, eins og h. þm. Snæf. (L. H. B.), og eg hefi skrifað, að hann segði sér það áhugamál. — Reyndar tekur það varla því, að þrátta um slíka smámuni, þar sem merking beggja orðanna er svo svipuð, hvað ólíka merkingu, sem h. þm. Snæf. (L. H. B.) kann að vilja leggja í þau.

Eg veit það, að það er fult áhugamál h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.), eins og flestra Norðlendinga, að koma skólanum sem fyrst upp aftur í betri og fullkomnari mynd en hann var áður í.

Aðallega gekk ræða h. þm. Snæf. (L. H. B.) út á það, að snúa út úr því sem eg sagði. — H. þm. Snæf. (L. H. B.) kvað mig enga áherzlu hafa lagt á heilbrigðis-hliðina, er um skóla og skólabygging væri að ræða. Þetta er misskilningur. Eg tel það sjálfsagt, að leggja mikla áherzlu á hana, þegar skóli er bygður, en það tók eg fram, að ekki mætti ganga fram hjá pædagogisku hliðinni, sem í raun réttri væri hin þýðingarmesta, en sjálfsagt væri að reyna að samrýma þetta tvent, svo sem unt væri, og að taka bæri alt það tillit til heilbrigðis-hliðarinnar, sem ástæður leyfðu.

Rúsinan í ræðu h. þm. Snæf. (L. H. B.) hefir sjálfsagt átt að vera kaflinn, sem hann las upp úr ræðu eftir mig um heilbrigðis ástandið á Möðruvöllum, og samanburðurinn á því, sem eg sagði nú um það.

Eg sagði í fyrra og sagði það satt, að ærið kvillasamt hefði verið í Möðruvallaskóla, en sú guðs mildi hefir hvílt þar yfir, án þess þó að hægt sé, að þakka það mönnunum, að í skólanum hefir enginn piltur tekið hættulega veiki, er leitt hafi hann til bana. — Pilturinn sem eg gat um í fyrra var sjálfsagt veikur fyrir, þegar hann kom í skólann, og þoldi eigi, eftir því, sem læknir áleit, aðbúðina þar; en svo er guði fyrir að þakka, að hann er nú búinn að ná heilsunni aftur.

Það annað, sem h. þm. Snæf. (L. H. B.) tók fram, hafði ekki þýðingu fyrir málið, og því ekki ástæða til þess, að dvelja við það lengur.

Eitt atriði var það þó, sem hann drap á, sem eg vildi athuga dálítið. — Hann sagði, að kennarar og aðrir embættismenn ættu að vera þannig settir, að þeir gætu í tómstundum sínum sem mest starfað að því, að gera sig sem hæfasta til þess, að gegna embættisstarfinu, og þá náttúrlega líka gera það. — Það er alveg rétt athugað hjá h. þm. Snæf. (L. H. B.), og þar erum við fyllilega sammála. — Eg er á því, að það sé afar-óheppilegt, að embættismenn séu eigi betur launaðir en svo, að þeir þurfi að verja hverri tómstund

til þess, að vinna hitt og þetta fjarskilt embættisstarfi þeirra.

En þar sem h. þm. Snœf. (L. H. B.) tók það fram, að eg hefði ekki fylgt þeirri reglu, að verja tíma mínum til þess, að fullkomna mig í minni grein, þá er því þar til að svara, að eg hefi ekki getað það; eg hefi orðið að stunda aukavinnu, því að laun mín eru svo lág: lœgstu launin, sem nokkur konunglegur embættismaður mun hafa hér á landi.

H. þm. Snæf. (L. H. B.) sagði, að eg hefði fremur átt að fullkomna mig í kennarament minni en að verja tímanum til þess, að safna fóðurjurtum. — Þetta er dálitið lausleg athugasemd. Þau tólf sumur, sem eg hefi varið til þess, að ferðast um landið, hafa mér engan veginn orðið ónýt í kennarastöðunni; mér hefir á ferðum mínum gefist kostur á því, að kynna mér náttúru landsins og fólkið í landinu, og vona eg, að þetta hafi gert mig hæfari til þess, að gegna kennarastarfinu, og líklega hafa fáir kennarar lagt meira í sölurnar en eg til þess, að gera sig bezt færan um það, að gegna starfi sínu.

Þá verð eg að leyfa mér að koma með ofurlitla persónulega athugasemd. — Það gæti litið svo út eins og mér væri það áhugamál sjálfs mín vegna, að skólinn sé fluttur til Akureyrar; en svo er eigi; mér er það áhugamál af því einu, að eg álít hann þar betur settan. — Persónulega hlýt eg að hafa fjártjón af því; eg hefi orðið hingað til að lifa ekki að litlu leyti á handafla mínum; eg á stórt bú á Möðruvöllum, en get ekki haft not af því, er á Akureyri kemur; þá verð eg sjálfsagt við flutninginn að leggja í sölurnar hagnað þann, sem eg hefi haft af búskapnum. — Væri eg að hugsa um eigin hag, þá ætti eg að berjast með hnúum og hnefum á móti því, að skólinn væri fluttur til Akureyrar, og þegar eg berst fyrir flutningnum, þá geri eg það skólans vegna.

Þá verð eg að minnast á dálitinn selbita, sem h. 1. þm. Húnv. (H. J.) gaf forseta (Kl. J.). — Eg sem kjósandi h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) vísa dylgjum h. þm. (H. J.) alveg á bug að því er forseta snertir, og sem margra ára kjósandi hans, þykist eg hafa fulla ástæðu til þess, að gera svo.

Mér er það til dæmis kunnugt, að það var brúkað sem agitations-meðal móti háttv. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) síðasta vetur, að hann hefir að undanförnu barist fyrir því, að Eyfirðingar fengju akbraut fram eftir firðinum, og satt að segja hélt eg, að h. 1. þm. Húnv. (H. J.) væri þetta ekki með öllu ókunnugt. — Honum var brugðið um það, að hann hefði viljað ausa út landsfé í braut þessa, sem að vísu gæti verið góð, en þó hefði mátt komast af án.

Sömuleiðis verð eg með öllu að vísa á bug dylgjunum um embættisgyllingu. H. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hefir ekki verið kosinn á þing af því, að hann er sýslumaður, heldur af því, að kjósendur hans hafa verið sannfærðir um það, að þeir ættu eigi annan nýtari mann til að skipa í þingmannssæti í Eyjafjarðarsýslu.

Lárus H. Bjarnason: Það þýðir ekki að vera að kíta við þá h. 2. þm. Skagf. (St. St.) og h. þm. N.-Þing. (Á. J.) um það, hvað h. 1. þm. Eyf. (Kl. J.) hafi sagt; eg verð þar að trúa bezt mínum eigin eyrum og penna, hvað sem þeir segja. — Það má annars vera ánægjulegt fyrir háttv. forseta, að hafa svona viðkvæma, glögga og áhugasama menn til að verja sig.

Eg kannast ekki við það, að eg hafi hreytt ónotum í h. 2. þm. Skgf. (St. St.) eða snúið út úr ræðu hans. — Eg hefi

að eins reynt að greiða úr málinu með því, að rekja í sundur stefnur þær, sem fram hafa komið í því.

Eg stóð upp til þess, að leggja til, að nefnd yrði skipuð í málið, og eg þykist hafa fært rök fyrir því, að eigi veiti af því, að bræða það betur í nefnd.

Eg held, að eg hafi ekki gert of mikið úr ummælum h. 2. þm. Skgf. (St. St.) á síðasta þingi um skólahúsið á Möðruvöllum og heilbrigðis-ástandið þar. — Eg gat þess, til þess að sýna háttv. þingmanni, sem öðrum háttv. þingdeildarmönnum, að eins og húsaskipunin á Möðruvöllum hefði haft áhrif á heilsufar piltanna, eins mætti ætla, að fyrirkomulag skólans á Akureyri hefði það. — Annars þurfti háttv. sessunautur minn (St. St.) ekki að reiðast mér fyrir minnisleysi sitt. — Honum var engin vorkunn að muna orð sín jafnvel mér.

Það sannast annars á Möðruvallaskólanum, að »góður er hver genginn«. — Í fyrra átti skólinn ekki upp á háborðið hjá háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.). Þá lýsti þingmaðurinn skólahúsinu á þessa leið:

»En hvað sótið snertir, þá er það einnig mjög skiljanlegt, þegar þess er gætt, að allir ofnar í skólanum rjúka svo, að bæði kennarar og piltar verða oft að fara út úr kenslustofunum í miðjum stundum, til þess ekki að kafna, eldavélin botnlaus og hliðalaus, og engin eimpípa úr eldhúsinu, svo að reykur og gufa kemst ekki annað en upp um stigaganginn, sem með því verður einn aðal-reykháfur skólahússins. Þetta get eg dokumenterað hvaða ár sem vera skal með svona hér um bil 60 vitnum«. (Alþ.tíð. 1901, B. 1328),

Svona er nú lýsing h. 2. þm. Skgf. (St. St.) á skólahúsinu, og hefði eg sannarlega búist við því af h. sessunaut mínum, sem lætur sér svo ant um skólamál og heilsu nemenda sinna, að hann, sem gegndi skólastjórastörfum, þegar skólinn brann, hefði reynt að ráða einhverjar bætur á þessu ástandi, sem hann var að lýsa, að minsta kosti gengist fyrir því, að ofnarnir í skólahúsinu væru hreinsaðir. — Hefði hann gert það, þá hefði líka kannske farið öðru vísi en fór.

Þegar hér var komið, þá var málið eftir ósk flutningsmanna tekið út af dagskrá.

Framhald 2. umr. (þgskj. 35, 62, 71), 9. ágúst.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Eg álít að þetta mál hafi verið rætt svo mikið við síðustu umræðu, áður en það var tekið út af dagskrá, að ekki sé miklu við að bæta við þessa umr. — Þó býst eg við því, að nokkrar umræður verði enn um málið, vegna þeirra breyt.till., sem fram hafa komið, sérstaklega þar sem seinni breyt.till. ekki hefir verið til umræðu áður. — Hvað hana snertir, þá efast eg um, að hún muni bjarga málinu, enda þótt hún að vísu geri það aðgengilegra í augum þingmanna.

Eg fyrir mitt leyti get ekki aðhylst 1. breyt.till. á þgskj. 71, að fyrir »Akureyri« komi »Norðurland«, þar eð ekkert hefir komið fram, er mælir með því, að skólinn yrði bygður annarsstaðar en einmitt á Akureyri; og vona eg því, að sú breyt.till. verði ekki samþykt.

Hvað 2. breyt.till. á þgskj. 71 snertir, þá er það sama um hana að segja. — Eg sé nefnilega enga ástæðu til þess, að færa upphæðina niður úr 50,000 kr., enda efast eg ekki um það, að stjórnin

muni verja fénu á sem beztan hátt, og eigi brúka meira en þörf gerist, eins og líka hæstv. landshöfðingi hefir tekið fram.

Aftur á móti gæti eg hugsað mér, að 2. gr. frumv. gæti orðið að þrætuefni í deildinni; hún snertir sem sé fyrirkomulag kenslunnar.

Hvað snertir þá breyt.till., sem fram hefir komið við hana, sem sé, að sleppa henni, þá varðar það ekki mjög miklu, því að nákvæmari ákvæði um kenslugreinar í skólanum er hægt að gera seinna.

Hvað 4. og 5. breyt.till. á þgskj. 71 snertir, þá standa þær og falla eftir því, hvort 3. breyt.till. verður samþ. eða ekki.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg tók fram á síðasta fundi, að eg mundi flytja þessar breyt.till., til að reyna að byggja út ágreiningi, og af því að eg vildi bjarga málinu gegnum deildina.

Sumir hafa viljað flytja skólann til Reykjavíkur, og koma honum í samband við latínuskólann; en sú skoðun mun samt naumast ná almennu fylgi. Aftur vilja aðrir endurbyggja skólann á Möðruvöllum, þar eð þeir álíta, að heppilegra sé, að skólinn verði í sveit en í kaupstað; þetta gæti orðið nokkur ágreiningur um, en eg álít, að óhætt sé að fela stjórninni algjörlega að velja skólanum stað; þó vil eg taka það fram, að eg vil að hann sé bygður á Norðurlandi.

Flutnm. andæfði þeirri breyt.till. minni, að færa veitinguna til skólans úr 50,000 kr. niður í 45,000 kr. Eg verð samt að álíta, að 45,000 kr. muni verða nægar, og það því fremur, sem komið hefir upplýsing frá stjórnarinnar hálfu um, að ekki þyrftu 50,000 kr., og h. 2. þm. Skagf. (St. St.) hefir álitið það nægilegt, hlutfallslega við nemendatöluna. Þetta fé yrði auðvitað ónógt, ef menn hugsuðu sér að hafa 80 heimavistir í skólanum; en sumir af skólasveinunum mundu eflaust verða svo efnum búnir, að þeir gætu komið sér saman að hafa félagsbú utanskóla. Auðvitað mætti búast við, að jafnvel 25—30 af lærisveinunum yrðu svo fátækir, að nauðsyn bæri til að hafa heimavistarplássin ekki of fá. En eg ímynda mér, að hægt yrði að byggja skólahús fyrir 45,000 kr., þar sem rúm yrði fyrir 25—30 pilta í heimavist.

Það er því engin ástæða, að láta vera með að spara þessar 5000 kr., og engin ástæða að ausa þannig fé í stjórnina.

Hvað mitt atkv. snertir, vil eg því að eins gefa málinu það, að breyt.till. mínar verði samþ.

Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Viðvíkjandi breyt.till. á þgskj. 71: að í stað »Akureyrarkaupstað« komi »Norðurland«, hefi eg það að athuga, að það skiftir ekki mestu, hvort skólinn er ákveðinn á Akureyri eða við Eyjafjörð, en að setja »Norðurland« kemur mér satt að segja undarlega fyrir, því það blandast þó víst engum hugur um, sem annars er hlyntur skólabyggingunni á Norðurlandi, að þá er þó vafalaust hyggilegast, að hann sé við Eyjafjörð, sem bæði hefir beztar samgöngur við hina aðra landsparta, og svo mörg önnur lífsskilyrði fram yfir önnur héruð norðanlands. Þetta ákvæði er því of ótakmarkað eða óákveðið.

Viðvíkjandi þeirri breyt.till., að fjárveitingarupphæðin verði sett 45,000 kr., þá virðist mér hún óþörf, og enda ekki heppileg; því vilji menn efla skólann, þarf að líkindum meira fé, og þá er ekki rétt að skerða þær 50,000 kr., sem farið er fram á í frumv. að gefin sé heimild til að nota. Eg mæli þess vegna með því, að breyt.till. þessi falli burt.

Hins vegar finst mér heppileg sú breyt.till., að 2. gr. frumv. falli burt. Mér finst sem sé ekki heppilegt að ákveða nú þegar, hverjar kenslugreinar skuli verða kendar í skólanum, og það af ýmsum ástæðum. Á Akureyri er verzlunarmannafélag, og hefir þar verið rætt um að verzlunarfræði yrði kend á Akureyri, og eins og háttv. þm. munu hafa tekið eftir, þá liggur frammi á lestrarsalnum þar að lútandi áskorun til þingsins.

Mér virðist að nauðsynlegt væri, að verzlunarfræði yrði kend í sambandi við þennan skóla. Verzlunarstéttin hér á landi hefir alt til þessa verið algjörlega fyrir borð borin hvað námsstofnun í þeirri sérmentun snertir, enda mun það viðurkent, að þessi stétt landsins stendur langt að baki verzlunarstétt annarra þjóða. Eg er því þakklátur flutnm. þessarar breyt.till., þar sem eg sé, að ekki er ætlast til, að nú að svo stöddu verði neitt fastákveðið með kensluna, svo hægt verður að koma inn nýjum námsgreinum, eftir því sem kenslufróðir málsaðilar leggja til.

Flutningsm. (Árni Jónsson): Viðvíkjandi ræðu háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) skal eg leyfa mér að gera stutta aths. Mér virðist engin ástæða til þess að gefa stjórninni svo frían hendur, að hún geti bygt skólann hvar sem hún vill á Norðurlandi, því að þó háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) treysti stjórninni til þess að byggja ekki skólann á einhverjum útkjálka, þá finst mér samt eðlilegt, að þingið vilji hafa hönd í bagga með og sjálft ákveða staðinn. Þessi skoðun háttv. þm. virðist líka koma nokkuð í bága við ummæli hans í dag, þegar verið var að ræða um samninga til að koma á rafskeytum eða loftritun. Eg verð því enn þá að halda því fram, að skólinn verði bygður á Akureyri eða Möðruvöllum, enda hefi eg eiginlega ekki heyrt aðra staði nefnda hagfeldari.

Hermann Jónasson: Mér þykir leiðinlegt, að menn virtust ekki skilja mig, er eg talaði síðast í þessu máli.

Eg hefi aldrei verið á móti skólanum, en að eins ekki viljað hrapa svo mjög að þessu máli, af því eg hefi viljað fá skólann sem beztan og fullkomnastan. Eg sé, að það skiftir mestu, að skólinn svari til þeirra framtíðarvona, sem þjóðin gerir sér.

Mér virðist, að það hljóti að standa á sama, hvort skólinn verður bygður einu ári fyr eða síðar, eða hvort skólinn kemur til þess að kosta fáum þúsundum meira eða minna. Aðalefnið er, að gengið sé með alvöru að verkinu, svo að skólinn verði að sem beztum notum fyrir þjóðina. Þetta hefir ávalt vakað fyrir mér.

Síðan málið var síðast rætt, hefi eg leitað mér upplýsinga hjá ýmsum mönnum. Fyrst hvar skólinn ætti að standa. Svarið hefir verið mismunandi. Ennfremur hefi eg spurt, hvort skólinn ætti að vera sameiginlegur fyrir konur og karla. Menn vissu það ekki. Þá hvort það ættu að vera 2 eða 4 bekkir. Sama svar. Líka spurði eg, hvort skólinn ætti að standa í sambandi við latínuskólann. Það vissi heldur enginn. Hvort heimavistir ættu að vera í skólanum eða ekki. En heldur ekki var því svarað. Svona er alt óráðið enn þá. En þessi atriði hafa þó mikla þýðingu. Við 1. umr. tók 2. þm. Skagf. (St. St.) þetta atriði um heimavistina til íhugunar, og var eg honum þá samdóma. En eg vil spyrja, hvort hinn háttv. þm. sjái færi á því, að skólinn verði bygður í sem allra beztri og fullkomnastri mynd í kaupstað, að því er

heimavist snertir. Eg veit að skólavist hefir verið ágæt á Möðruvöllum, og má þakka það þeim góðu og viðfeldnu mönnum, sem þar hafa verið kennarar, og að skólinn hefir staðið í sveit; en annars hefi eg ekki mikla trú á heimavistum í heild sinni, ef skólinn er í kaupstað, en um það vil eg ekki deila nú.

Eg tek það enn fram, að það er svo margt að athuga við þetta mál. Það má ekki fara svo, að menn eftir 20 eða 30 ár með fullum ástæðum geti bölvað fyrirkomulagi skólans. Það er ennfremur alveg óútkljáð, hve mikill kostnaðurinn við stofnunina verður, hvort það verða 40, 50, 80 eða 100 þúsundir. Með öllum þessum atriðum, sem eg hefi talið og ekki er svarað, verður að fara gætilega. Eins þýðingarmikið mál og þetta krefst nákvæmrar íhugunar. Alt er hverfandi móti því, að skólinn verði bygður á góðum og réttum grundvelli og svari til þeirra krafa, sem öldin setur.

Hinir háttv þm. S.-Þing. og N.-Þing. misskildu orð mín. Eg vildi ekki meiða þá heiðursmenn, og vildi ekki drótta neinu að þeim. Eg álít, að bóndi og sveitaprestur séu svo kunnugir ástandinu í landinu, að þeir viti, hvað margir sveitast blóðinu og berjast fyrir konu og börnum, og hafa vilja á að gjalda sín gjöld; en hve margir gugna ekki? Sumir fara til Ameríku, sumir á sveitina, og sumir missa heilsuna. Þetta verður að hafa hugfast, þegar um launin til embættismanna er talað. Það verður að finna hið rétta hlutfallið milli gjaldþols þjóðarinnar og vinnu kennaranna. Eg veit að fjöldinn af gjaldendum á erfiðara með að inna gjöld sín af hendi en kennarar að hafa 7 mánaða kenslu, og líður miklu betur með 1600 til 2000 kr. launum en fjöldanum af gjaldendum.

Það er sagt, að 2. kennarinn á Möðruvöllum missi allmiklar tekjur, ef skólinn er fluttur frá Möðruvöllum, þar sem kunnugt er að hann hefir rekið allstórt bú. En þess ber hér að gæta, að hlunnindi þessi heyra ekki til embættinu.

Það kom fram við síðustu umræðu, að nauðsynlegt væri, að launa kennurum svo vel, að þeir gætu varið sumarfríi sínu til þess að búa sig undir veturstarf sitt, en þyrftu ekki að nota það til ýmislegs, sem óskylt væri kennarastarfinu. Við þetta hef eg nokkuð að athuga. Það er fyrst og fremst ekki trygging fyrir því, að þeir geri þetta, hve há sem laun þeirra kynnu að vera, og í öðru lagi álít eg, að þeir menn, sem eiga að menta æskulýðinn, uppræta ómensku úr huga hans, en glæða hjá honum starfsemi og dugnað, muni betur geta þetta, ef þeir taka sjálfir þátt í striti og erfiði þjóðarinnar, en þó þeir verji eingöngu tíma sínum til að lesa og sofa.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Mér datt ekki annað í hug en b. 1. þm. Húnv. (H. J.) þættist hafa talað svo skýrt og ótvírætt við síðustu umr, að nú þyrfti hann ekki að koma með aðra eins, mér liggur við að segja, lokleysuræðu og þá, sem hann hefir haldið í kveld. Að minsta kosti beindi hann svo ákveðnum orðum að okkur þm. S.-Þing, (P. J.) í ræðu sinni um daginn um framkomu okkar í þessu máli, að ekki var ástæða fyrir hann að ætla, að við mundum misskilja þau, enda hefir hann ekki bætt úr skák með hinum nýju skýringum sínum. Það var alveg óþarfi fyrir hann, að fara nú að draga fjöður yfir þau orð sín. Við heyrðum þau vel, og munum þau.

Hann kvaðst hafa spurt marga ráða í skólamáli þessu, en engir geta gefið sér upplýsingar, og stæði hann því í

sömu sporum og fyr. Það getur vel verið, að hann hafi leitað upplýsinga hjá mörgum, en það lítur þó ekki út fyrir að hann hafi leitað þangað, sem líklegast mundi, hjá sjálfum kennurum Möðruvallaskóla; þeir eru allir hér í bænum. Þeir hljóta ef eigin reynslu, að vera manna kunnugastir högum skólans og horfum með hann í framtíðinni. Þess vegna hlaut það að liggja beinast við fyrir h. þm. að leita frétta hjá þeim, ef honum hefir verið alvara með að fræðast um fyrirkomulag skólans. En hefir þm. farið með fyrirspurn sína til kennaranna? Hafi hann gert það, þá lítur út fyrir, að hann geri ekki mikið úr skoðun þeirra, því að hann reis öndverður gegn flestu því, sem h. 2. þm. Skagf. (S. St.) hafði fram að bera í málinu.

Hann gerir ekkert með það, sem sá maður segir, er málinu ætti að vera kunnugastur og einna vandlegast hafa hugsað það. Þrátt fyrir allar þær upplýsingar, sem þessi maður hefir borið fram hér í þingsalnum, stagast h. þm. (H. J.) alt af á þessu, að hann viti hvorki upp né niður í málinu og að það sé borið fram allsendis óhugsað.

Eg kann ekki vel við það, þegar h. þm. (H. J.) er að ógna oss með þeim dómi, er lagður muni verða á gerðir vorar í málinu eftir 20 ár. Vér vinnum að því eftir beztu samvizku, og þrátt fyrir ummæli h. þm. (H. J.) verð eg að mótmæla því, að vér rösum að því óhugsuðu, og hvernig sem dómur sögunnar kann að falla um gerðir okkar í því að öðru leyti, vona eg að hún muni ekki bera oss annað en það, að vér höfum athugað það og unnið að því með alvöru og samvizkusemi, eins og vér viljum og eigum að vinna að hverju máli, sem borið er fram á þingi.

Hann vildi ekki láta taka til framkvæmda í málinu fyr en búið væri að rannsaka þetta út í yztu æsar. En getur h. þm. sagt, hve nær það muni verða, eða hve nær hann muni gera sig ánægðan með rannsóknir og undirbúning, fyrst honum þykir það með öllu óundirbúið nú? Þetta kemur þeim mun undarlegar fram frá þeim manni, sem barði fram Blönduóss-skólann á síðasta þingi. Það var þó mun ver undir búið, Blönduósskólamálið, en þetta mál. Þá barðist hann af alefli fyrir skóla, sem verið var að koma upp í trássi við Skagfirðinga, sem voru sameigendur að skólanum, sem lagt höfðu að undanförnu fram fé til hans, og áttu fult atkv. um það, hvort eða hvar hann skyldi reisa. Þá barðist h. þm. af alefli fyrir Blöndóss-skólanum og rífu fjárframlagi úr landssjóði til hans, þrátt fyrir það, þótt miklu meiri ágreiningur væri um fyrirkomulag hans en um fyrirkomulag þessa skóla, og þrátt fyrir það, þótt miklu óvissara væri um framtíðarstarf hans en er um Akureyrarskólans.

H. þm. (H. J.), talaði mikið um hið veika gjaldþol bænda. Hann þurfti ekki að skýra okkur þm. S.-Þing. (P. J.) frá því; við lifum á meðal bænda eins og hann, og þekkjum það líklega hér um bil eins vel og hann, og óvíst að við tökum öllu minni hlutdeild í kjörum bænda en h. þm. (H. J.), og það vona eg, að flestir, sem okkur þekkja, muni bera okkur það, að við viljum að gætilega sé farið með landsfé.

Hermann Jónasson: Mér heyrðist á h. þm. N.-Þing. (Á. J.), að mál þetta væri svo vel undirbúið og svo skýrt, að fátt væri við það að athuga. Ef svo er frá hans sjónarmiði, þá væri mér mjög kært, að hann gæti gefið mér upplýsingar um fáeinar spurningar, sem eg ætla að bera upp fyrir honum. Háttv. þm. ætti að veitast það hægt; en eg er nú svo ófróður um málið, að

eg get ekki greitt atkv. með því, nema eg fái skýr og fullnægjandi svör upp á þær.

Fyrsta spurning mín er þessi: Hvar á skólinn að standa?

Önnur: Á skólinn að vera sameiginlegur fyrir konur og karla?

Þriðja: Á hann að skiftast í 2, 3 eða 4 bekki?

Fjórða: Á hann að standa í samsambandi við latínuskólann, eða ekki?

Fimta: Hvort mun skólahúsið þurfa að kosta 45,000 kr., 50,000 kr. eða 100,000 kr.?

Sjötta: Hver er það, sem á að ráða fram úr þessu, ef þingið fleygir því frá sér óathuguðu?

Þetta alt þarf eg að fá greinilega vitneskju um, áður en eg greiði atkv.

Þá er h. þm. (Á. J.) enn að sletta því í mig, að eg mælti fram með fjárstyrk til Blönduóss-skóla á síðasta þingi. En þess er að geta, að þar stóð öðruvísi á. Um þingtímann í fyrra, þegar eg mælti með fjárstyrknum til Blönduóss-skólans, var langt komið að byggja hann Þá var því máli yfir höfuð komið svo langt, að hver sem afstaða mín í því hefði verið, þá hefði eg ekki getað fengið því breytt, og sama var að segja um þingið í heild sinni. Það var búið að afráða að byggja Blönduóss-skólann áður en það var vitanlegt orðið, að þingið 1901 afréð það, að taka skólamál landsins í heild sinni til yfirvegunar á þinginu 1903. En hér á að grípa fram fyrir hendurnar á þingi með byggingu þessa skóla; í því er mikill munur fólginn.

Mig furðar því stórlega, að h. þm. (A. J.), og fleiri h. þdm., skuli vera að bera þetta tvent saman; þeim ætti þó ekki að vera vorkunn að sjá, að það er ekki sambærilegt. Og þó nú svo væri, að eitthvað hefði verið vanhugsað og fljótfærnislegt við byggingu Blönduóss-skóla, þá getur það ómögulega réttlætt það, að þessu máli sé flaustrað af; miklu fremur virðist ástæða til, að fara sem gætilegast nú, og brenna sig ekki strax að nýju á hinu sama.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skagf.): Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) kvaðst vilja reyna að greiða úr máli því, sem hér liggur fyrir, og segist hafa komið fram með breyt.till. sínar í því skyni. Hann stingur meðal annars upp á því, að láta það ótiltekið, hvar á Norðurlandi skólinn eigi að vera. Hann vill líka láta sleppa 2. gr., til þess að þingið setti ekki stjórninni nein takmörk um það, hvað ætti að kenna. Eg tók þetta sem góða meiningu, og að hann vildi bjarga málinu, og eg get fallist á till. hans, því að mér er það hugleikið, að skólinn geti komið upp á næsta ári. En í lok ræðu sinnar tók hann það fram, sem hefir víst átt að vera til þess að fá menn til að sameinast, að ef breyt.till. hans yrðu ekki samþ., þá mundi hann ekki greiða atkv. með frumv. Þetta skil eg ekki. Eftir niðurlaginu skoða eg svo, sem honum sérstaklega sé það áhugamál, að þær komist fram. Eg eg vona þó, að hann verði með í aðalatriðunum, að gefa stjórninni heimild til að byggja skólann, þótt breyt.till. hans falli, því að eg veit að hann er málinu hlyntur, þó niðurlag ræðu hans bendi ekki beinlínis í þá átt.

Þá ætlaði eg að minnast lítið eitt á ræðu hins háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.), þar sem hann var að tala um, að verzlunarfræði væri kend í skólanum. Eg fyrir mitt leyti hefi nú ekkert á móti því, að kenslukraftar skólans verði að einhverju leyti notaðir til þess að kenna verzlunarfræði. En þar sem hann ætlaðist til, að verzlunarfræði verði ein af námsgreinum skólans á Akureyri, þá get eg ekki verið honum

sammála. Eg vil, að skóli sá, sem hér er um að ræða, verði almennur fræðiskóli fyrir alþýðu manna, en enginn sérfræðiskóli. Annað mál væri það, að verzlunarfræði væri kend í sérstakri deild við skólann. Gagnfræðamentunin hlýtur auðvitað jafnan að vera góð og nauðsynleg undirstaða undir sérmentun í verzlunarfræði, og að því leyti verður væntanlegum verzlunarskóla á Akureyri, sem eg tel mjög mikilsvert að komist á, mikill stuðningur að gagnfræðaskólanum.

Að því er snertir minn elskulega sessunaut, háttv. þm. Húnv. (H. J.), þá er mér skylt að þakka honum fyrir þau mörgu hlýju orð, sem fallið hafa hjá honum í minn garð. Það gladdi mig mjög, að hann sagðist vera málinu hlyntur, og þau orð get eg aldrei nógsamlega undirstrikað. Þetta veit eg að er af hreinskilni talað, því að eg hefi aldrei reynt hann að neinu misjöfnu. En þar sem hann þóttist hafa rannsakað málið, og snúið sér til kunnugra þm. og spurt þá um margt, þá tek eg undir með háttv. þm. N.-Þing. (A. J.), að hann hafi þá sneitt hjá þeim mönnum, sem eitthvað vissu eða höfðu eitthvað hugsað um það. Þetta er einkennilegt. Hann hefði þó að líkindum átt að spyrja mig, þar sem eg er þó sá maðurinn, sem ætti að hafa, og hefi hugsað allmikið um málið, og hefi því líklega einna bezt vit á því af hinum háttv. þingdm., að þeim þó alveg ólöstuðum; en það er svo grandvart, að hann hafi nefnt það á nafn við mig. Hann hefir varpað fram ýmsum spurningum; hann hefir t. d. spurt um það, hvar skólinn ætti að standa, hvort hann ætti að vera jafnt fyrir karla og konur o. s. frv. Eg hefi skýrt frá því, hvar eg álít að hann ætti að standa, og að hann ætti að vera sameiginlegur fyrir karla og konur. Þessa skoðun hefi eg áður látið opinberlega í ljósi, bæði í blöðunum og á þingi í fyrra. Konur álít eg að eigi að sjálfsögðu að hafa jafnan aðgang að mentastofnunum landsins eins og karlar; hví ætli þær megi ekki eins þroska hæfileika sína eins og vér?

Kvennaskóli sá, sem nú er á Akureyri, ætti að leggjast niður, að minsta kosti að svo miklu leyti sem hann veitir mentun í almennum fræðum.

Háttv. þm. Húnv. (H. J.) er með heimavistunum, og gladdi það mig mjög mikið, að hann er þar á sama máli og eg; það er heldur ekkert ótrúlegt, þar eð hann hefir stjórnað skóla þar, sem heimavistir voru. Hann hefir fundið það, hve gott það er að heimavistir séu við kenslustofnanir, sem um leið eiga að vera uppeldisstofnanir, og það ættu allar almennar skólastofnanir að vera.

H. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) sagði, að heimavistirnar hlytu að verða takmarkaðar við hinn væntanlega Akureyrarskóla. En eg álít, að það megi ekki vera svo mjög mikið. Eg vil ekki takmarka þær meir en svo, að allir þeir, sem úr sveit eru, eigi kost á að fá heimavist í skólanum, en þeim sem búist er við úr bænum, sé þar á móti ekki ætluð vist í skólanum, þó eg auðvitað kysi það helzt. Að því er snertir þá breytingu, að vilja draga úr og færa niður upphæðina, sem verja megi til byggingar skólans, þá get eg ekki fallist á það. Það ætti að mínu áliti fremur að auka hana, því varla er hætt við, að varið verði til hennar meira fé en nauðsyn krefur.

Flestir þm. munu gladir greiða atkv. með endurreising þessa skóla, og óska að hann megi verða svo úr garði gerður, að hann geti fullnægt oss um hálfa öld eða heila.

Þá talaði háttv. þm. um samband

milli gagnfræðaskóla og latínuskóla. Eg álít líka að þetta samband eigi að komast á, svo framarlega sem það eigi hefir spillandi áhrif á gagnfræðaskólann. En svo framarlega sem það skilyrði yrði sett fyrir sambandinu, að skólinn ætti að standa lengur en 7—8 mán., þá segði eg hiklaust nei. Það mundi verða til þess, að útiloka fátækari alþýðumenn frá skólanum. Þeir mundu þá missa of mikið af vinnutímanum, og því ekki hafa nein tök á að kosta mentun sína að vetrinum. Skólinn þarf að enda í maí, því þá hefst aðal-annatími ársins. Og þó að kenslan standi yfir að eins 8 mánuði, þá treystum við okkur til þess — að minsta kosti við núverandi kennarar — að veita piltum eins mikla þekkingu á þessum 8 mánuðum og latínuskólinn veitir á 9. Það vilja kennarar latínuskólans ef til vill ekki ganga inn á, með því þeim þykir það niðrun fyrir hann. En við verðum að gæta þess að það er munur að kenna þroskuðum piltum en öðrum eins börnum og nú gerast á latínuskólanum. Sambandið má ekki verða til þess að eyðileggja skólann sem alþýðuskóla.

Að því er kostnaðinn snertir, þá taldi háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) upp ýmsar upphæðir, er mönnum hefði hugkvæmst sem hæfilegar: 45,000; 50,000; 55,000; 100,000 kr. Hann kvað hér alt í óvissu. Þessari spurningu um kostnaðinn hefi eg þó þegar svarað. Það verður að verja svo miklu fé til skólans, að hann samsvari kröfum tímans. Eftir þeirri reynslu, er fram er komin, getur kostnaðurinn ekki farið fram úr 55,000 kr., þó skólinn eigi að hafa um 80 nemendur. Gangi þingið inn á að veita 50,000 kr., þá munu Akureyringar fúsir til að leggja fram þær 5 þús. kr., er upp á vantar; það hafa þeir boðist til, og það munu þeir glaðir enda, ef skólinn yrði fluttur þangað. Háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) efaðist um, að hægt væri að koma á heimavistum, og yfir höfuð haga skólanum eftir »idealinu«, ef hann ætti að vera í kaupstað. Eg sé ekki, hvað því gæti verið til fyrirstöðu. Við verðum að gæta að því, að Akureyri er enginn stórbær; hún er ofurlítið, friðsamt kauptún. Það mundi verða skólinn, sem hefði áhrif á Akureyri, en ekki Akureyri á skólann. Þau áhrif skólans á bæinn gætu verið mikil og gagnleg, ekki einungis fyrir bæinn sjálfan, heldur líka fyrir landsfjórðunginn og landið í heild sinni. Yrði skólinn kyr í sveit, gæti aldrei orðið um eins mikil bein áhrif að ræða á héraðið í kring. Akureyri er sköpuð til að vera höfuðból Norðurlands, og það er sjálfsagt að styðja að því, að hún verði það sem fyrst í orðsins fylstu og beztu merkinu.

Ekkert af þeim mörgu orðum, er h. þm. talaði um líðan gjaldenda, þarf svara við. Við erum einmitt að reyna að bæta hag gjaldenda með því að koma upp skóla, er megi gera þá færari til að standast í baráttunni, skóla, er ala á upp nýja og betri kynslóð.

Háttv. þm. kvað það betra fyrir kennarana, er nú hafa bú á Möðruvöllum, að afla síld á sumrin á Akureyri. Eg fyrir mitt leyti verð að játa, að eg er lítið gefinn fyrir þann starfa, enda er eg hræddur um, að eg mundi harla lítið geta bætt upp laun mín með því. Annars finst mér það dálítið hjárænuleg hugsun, að vilja sníða laun embættismanna einkum eftir því, hvar bezt aflaplöss eru. Þau ættu, finst mér, einungis að vera sniðin eftir því, hvað honum sómir og ber fyrir starfa sinn. Eg get ímyndað mér, að eg verði ekki lengur við skólann, svo fyrir mig hefir

það litla þýðingu. En komandi kennara skiftir það miklu, og sérstaklega skólann sjálfan, því honum er það fyrir beztu, að kennarinn geti starfað með alúð og áhuga.

Fleira hefi eg ekki að athuga að sinni, enda mun ef til vill tækifæri gefast síðar.

ATKV.GR.: Br.till. þgskj. 71 við 1. gr. frv. feld með 13 : 7 atkv.

Br.till. á þgskj. 62 við 1. gr. frumv. samþ. með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei*:
Árni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Magnússon,	Eggert Benediktss.,
Ari Brynjólfsson,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Bjarnarson,	Hannes Þorsteinss.,
Ólafur Briem,	Hermann Jónasson,
Ólafur F. Davíðss.,	Lárus H. Bjarnason,
Pétur Jónsson,	Magnús Andrésson,
Sigurður Stefánss.,	Sighv. Árnason,
St. Stefánss. þm. Eyf.,	Tryggvi Gunnarss.,
St. Stefánss. þm. Skf.,	Þórh. Bjarnarson.
Þórður J. Thorodds.,	
Þorgr. Þórðarson.	

1. gr. frv. með áorðnum breyt. samþ. með 13 : 4 atkv.

3. breyt.till. á þgskj. 71 sþ. með 16 atkv.

2. breyt.till. á þgskj. 62 við 3. lið a. feld með 12 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eftir ósk 6 nafngr. þm., og sögðu

já:	*nei*:
Árni Jónsson,	Ari Brynjólfsson,
Jón Magnússon,	Eggert Benediktss.,
Björn Bjarnarson,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Kristjánsson,	Hannes Þorsteinss.,
Lárus H. Bjarnas.,	Hermann Jónasson,
Pétur Jónsson,	Magnús Andrésson,
Sig. Stefánsson,	Ólafur F. Davíðsson,
Þ. J. Thoroddsen.	Sighv. Árnason,
	St. Stefánss. þm. Eyf.,
	Tr. Gunnarsson,
	nei:
	Þorgrímur Þórðars.,
	Þórh. Bjarnarson.

Olafur Briem og St. Stefánss. þm. Skf. greiddu eigi atkv.

2. breyt.till. á þgskj. 62 við 3. gr. lið f. tekin aftur.

3. gr. frv. óbreytt sþ. með 19 atkv.

4. og 5. gr. frv. sþ. með 18 atkv.

4. breyt.till. á þgskj. 71 við 6. gr. frumv. samþ. með 16 atkv.

5. breyt.till. á þgskj. 71 samþ. með 16 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 : 1 atkv.

Nefndarkosning feld með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	nei:
Eggert Benediktss.,	Árni Jónsson,
Hannes Þorsteinss.,	Jón Magnússon,
Hermann Jónasson,	Ari Brynjólfsson,
Lárus H. Bjarnason,	Björn Bjarnarson,
Magnús Andrésson,	Björn Kristjánsson,
Sighv. Árnason,	Guðl. Guðmundss.,
Sigurður Stefánss.,	Ólafur Briem,
Tryggvi Gunnarss.,	Ólafur F. Davíðsson,
Þorgr. Þórðarson,	Pétur Jónsson,
Þórh. Bjarnarson.	St. Stefánss. þm. Eyf.
	St. Stefánss. þm. Skf.
	Þórður J. Thorodds.

Þriðja umr., 11. ágúst (þgskj. 101, 107, 109).

Pétur Jónsson: Það er engin ástæða til þess að fara mörgum orðum um þetta mál við þessa umr., þar sem búið er að tala svo mikið um það áður.

Eg skal að eins drepa lítið eitt á þær brt., sem fram hafa komið.

Þær brt., sem komið hafa frá okkur flm. frv., á þingskjali 109, eru hér um bil samhljóða við brt. hæstv. landsh. á þgskj. 107; okkur flutnm. hefir virzt rétt, að taka okkar brt.till. aftur, af

því að brt. hæstv. landsh. hafa geðjast okkur betur. Brt. eru þess efnis að nema úr frv. þær gr., sem óbreyttar standa eins og í gildandi lögum skólans.

Það var að eins fyrir fljótræði og tímaskort, að þessar breytingar á frv. komust ekki á við 2. umr.

Eg vona að þessar breytingar séu svo auðsæjar, að þær geti ekki valdið neinum misskilningi né ágreiningi, og að frv. þrátt fyrir nokkurn skoðanamun fái framgang til Ed.

Eg býst við, að stjórnin hagi sér í þessu máli eftir kringumstæðum; komi það í ljós að hún þurfi lengri undirbúningsfrest en til næsta sumars, þá hraði hún ekki bygging skólans um of, heldur biði nýrra upplýsinga.

Landshöfðingi: Háttv. þm. S-Þing. (P. J.) hefir tekið af mér ómakið að tala um brt. Eg hefi ekki farið fram á neinar efnisbreytingar, en að eins bent á að sleppa ákvæðum, sem þegar standa í lögum Möðruvallaskólans, úr frv. Mér skilst, að frv. miði að eins að því, að gefa stjórninni kost á að byggja skólann sem fyrst. Ef nú stjórnin einhverra hluta vegna ekki getur látið byggja skólann að sumri, mun verða lagt frv. fyrir næsta þing um alt fyrirkomulagið á skólanum, sem þinginu ekki er auðið nú að setja fullnægjandi ákvæði um.

Pétur Jónsson: Eg er hæstv. lh. þakklátur fyrir orð hans; hann hefir hitt naglann á höfuðið og einmitt tekið fram um aðgerðir stjórnarinnar það, sem okkur flutningsm. fanst æskilegast.

ATKV.GR.: Breyttill. á þgskj. 107 tekin aftur.

1. breyttill. á þgskj. 109 samþ. með 18 atkv.

2. breyttill. á þgskj. 109 samþ. með 18 atkv.

3. breyttill. á þgskj. 109 samþ. með 18 atkv.

4. breyttill. á þgskj. 109 samþ. án atkvgr.

Frumv. í heild sinni samþ. með 15 gegn 3 atkv. og afgreitt til Ed.

Gagnfræðaskóli á Akureyri.
II.

TILLAGA til þingsályktunar um gagnfræðaskóla á Akureyri (þgskj. 181); ein umr., 21. ágúst.

Flutnm. (Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.): Eg gat þess lauslega um daginn, við umræðurnar um gagnfræðaskólann, hvernig eg hugsaði mér fyrirkomulagið á hinum fyrirhugaða nýja gagnfræðaskóla á Akureyri. Þeir, sem voru á móti frv., báru það fyrir, að hvorki væri þetta mál nægilega undirbúið til þings né nokkur tök til þess hér á þinginu að undirbúa það í hendur stjórnarinnar, og stjórnin hefði heldur ekki tök á að undirbúa það svo til næsta vors, að hægt yrði að reisa skólahúsið að sumri. Eg tók það fram þá, og get þess enn, að mér er óskiljanlegt, hvers vegna stjórnin ætti ekki að geta lokið undirbúningi um þetta mál fyrir þann tíma. Þeir menn, er leita á upplýsinga hjá, geta eins látið þær í té þegar í vetur sem síðar. Mín meining var, að þingið tiltæki einhverja ákveðna fjárupphæð, svo að hægt væri að byggja að sumri. Okkur flutningsmönnum þótti réttara að taka fram þau meginatriði, er mesta nauðsyn bar til að ákveðið væri um, áður en hið nánara fyrirkomulag á skólanum væri ráðið. Um þessi atriði, sem tekin eru fram í tillögunni, vil eg leyfa mér að fara nokkrum orðum. Fyrsta atriðið

er, hversu marga nemendur skólinn skuli rúma. Í umræðunum um daginn gerði eg ráð fyrir 80. Sumir kváðu þessa tölu nefnda út í bláinn. Auðvitað getur enginn, hvorki eg né aðrir, sagt upp á hár, hve margir nemendur kynnu að sækja til skólans. En að þetta er samt sem áður engin laus ágizkun út í loftið, get eg sýnt og sannað. Eg vil leyfa mér að benda á, að undanfarin ár hefir aðsóknin að skólanum verið svo mikil, að það hefir orðið að neita eigi allfáum um inntöku; umsækjendur hafa verið 40—50 á hverju hausti. Nú hlýtur maður að gera ráð fyrir, að þessi aðsókn haldist við og fari jafnvel heldur vaxandi. Verði ennfremur skólinn sameiginlegur fyrir karla og konur, eins og ráð er fyrir gert, legst kvennaskólinn á Akureyri niður, og þá bætist við sú tala, er námsmeyjafjöldi þess skóla nemur; það mun vera 10—20 árlega. Lagt saman við nemendatölu Möðruvallaskólans verður það samtals um 60. Og svo get eg ímyndað mér, að aðsóknin aukist nokkuð við það, að skólinn flyzt til Akureyrar, með því að hann mundi þá notaður meira af ungum mönnum í kaupstaðnum en á meðan hann var úti á Möðruvöllum. Við getum þá búist við, að nemendafjöldinn yrði 70—80 í hæsta lagi.

Eg get vel ímyndað mér, að þessi tala sé fremur of lág en of há. En eg vil ekki nú sem stendur fara fram á að bygður sé svo stór skóli sem frekast má búast við að þurfi einhvern tíma síðar meir. Það er ráðlegra að byggja skólann smærri í upphafi en að hafa hann svo stóran, að svo og svo mikið standi autt af honum um lengri eða skemmri tíma. Það má svo út búa, að hægt sé að byggja við húsið á haganlegan hátt, þegar að því rekur, að það fer að reynast of lítið. I tillögunni er farið fram á, að námstíminn við skólann séu þrír vetur; geri eg þá ráð fyrir, að í yngstu deild muni verða 35—40 nemendur; í öðrum bekk 25—30, og í þriðja bekk 23—28; þessar tölur eru ekki settar af handahófi, heldur eru þær bygðar á reynslu minni frá Möðruvöllum; þar eru jafnan fleiri nemendur í neðra bekknum en í efra bekk; þeir týna tölunni af ýmsum ástæðum. Ef aðsóknin verður svipuð og eg hefi gert ráð fyrir hér, þá býst eg við að skifta verði neðstu deildinni í tvo bekki; því að það er viðurkent, að eigi sé gott að kenna í sama bekk fleiri en 25—30 nemendum, svo að vel sé.

Því hefir verið haldið fram, að 50 þús. kr. séu of lítið fé til að byggja fyrir skóla, er rúmi 80—100 nemendur, og hafi heimavistir handa 60—70 þeirra. Því miður er engin áætlun til yfir byggingarkostnað slíks húss, og að því leyti verð eg að játa, að málið er ekki vel undirbúið; en þó höfum við nokkuð við að styðjast. Á Blönduósi var bygt skólahús með heimavistum handa 40 nemendum, fyrir 18—19 þús. kr. Þegar til þess er litið, þá vona eg, að hægt sé að byggja á Akureyri skólahús handa 80—100 nemendum fyrir 50,000 kr., eða öllu heldur 55,000 kr. Eg álít fjárupphæðina ekki höfuðatriðið. Ef oss er alvara með að koma upp góðu skólahúsi, þá skil eg ekki í, að næsta þing mundi horfa í það, þótt við þyrfti að bæta einum 10,000 kr. eða ríflega það. Eg vona, að aðalatriðið verði það fyrir h. þm., að fá skólann fullkominn og góðan, en hitt aukaatriði, hvort hann kostar þúsundinu meira eða minna. Eg geri að sjálfsögðu ráð fyrir, að ekki verði farið út í neina gegndarlausa eða óþarfa fjáreyðslu.

Þá hefir sumum ekki litist á það, að

skólinn yrði samskóli fyrir konur og karla. Ein mótbáran gegn því er sú, að örðugt mundi verða að gæta góðs siðferðis í skólanum. Það sýnir sig að þessir menn látast ekki þekkja manneðlið né taka tillit til reynslunnar. Vér vitum, að til sveita lifa og vinna karlar og konur saman, og sofa í sama herbergi; en fyrir slíku geri eg ekki ráð í skólanum, þótt eg annars sjái ekkert á móti því að svo væri. Vér vitum það og, að það er langt frá því að siðferði sé lakara í sveitum en í kaupstöðum, þar sem karlar og konur eru meir aðgreind. Reynslan er fyrir því, að sundurstíunin gerir siðferðið verra, en bætir það ekki.

Eg játa að það þarf góða stjórn á samskólanum, en hennar þarf með í hvaða skóla sem er.

En vér höfum ekki einungis innlenda reynslu að styðjast við í þessu; vér höfum líka reynslu annara þjóða og hún gengur í sömu átt.

Í Noregi eru kennaraskólar og fleiri skólar samskólar. Í Danmörku er hið sama að segja um ýmsa skóla t. d. lýðháskólana.

Eg hefi hér í höndum bréf frá kand. Guðmundi Finnbogasyni um þetta efni, og vil eg með leyfi háttv. forseta lesa upp kafla úr því; þar segir svo: ». . . . Erfiðast verður náttúrlega að fá menn til að sameina kvennaskólana og gagnfræðaskólana, en það er þó hið eina rétta, því með því móti má spara svo stórmikið fé, og hins vegar er sjálft fyrirkomulagið — samskóli — það, sem við verðum að keppa að. Eg verð því meir hrifinn af því fyrirkomulagi, sem eg sé það víðar. Það ber ekki á, að mönnum verði hált á því í Noregi í »Middelskole-gymnasium«, amtsskólum og kennaraskólum, að eg ekki tali um frk. Adlers skóla og Palmgrenska samskólann, sem eru hreinustu fyrirmyndir . . «.

Í öllum þessum skólum eru karlar og konur saman, og fer vel á.

Eg hefi áður tekið það fram, að það er að mörgu leyti stór kostur, að karlar og konur gangi saman í skóla.

Karlarnir hafa bætandi áhrif á konurnar; þær gerast djarfari í framgöngu og losast við tepruskap þann, er við þær vill loða. Karlmennirnir verða aftur á móti siðprúðari og umgengnisbetri en ella.

Þetta er viðurkent af skólamönnum, sem hafa reynsluna fyrir sér.

Eg skal svo ekki fjölyrða um þetta, á meðan ekki koma fram ný mótmæli, held því að eins fram, að samskólafyrirkomulagið sé nauðsynlegt fyrir oss.

Þá skal eg minnast fám orðum á námstímann.

Það er ekki hægt að kenna á tveim vetrum svo vel sé það, sem kenna á á Möðruvöllum. Því er farið fram á, að kenslutíminn sé lengdur um einn vetur. Eg hefi helzt hugsað mér, að hinum nýja bekk væri fremur bætt neðan við þá sem nú eru, eða að kenslan væri byrjuð enn meir frá rótum en nú. En þegar barnakensla er komin í betra horf, mætti breyta til og gera inntökuskilyrðin strangari; af því leiddi svo aftur, að lengra yrði hægt að komast í skólanum, og hann nálgaðist meir og meir fullkominn realskóla.

Þótt tíminn yrði lengdur, geri eg eigi ráð fyrir, að munnlegum námsgreinum mundi fjölgað, heldur verklegum, t. d. upp yrði tekinn skólaiðnaðarkensla og leikfimiskensla. Æskilegt teldi eg og, að stúlkum gæfist kostur á, að læra í skólanum nokkuð af því, er að hússtjórn lýtur.

Þá kem eg að því atriði, sem lítur

út fyrir, að mestu deilurnar ætli að verða um, þrátt fyrir það, þótt margir af þeim, sem mótfallnir eru flutningi skólans til Akureyrar, telji það sjálfsagt. Eg á við heimavistirnar.

Eg er glaður að heyra hér þó svo margar raddir telja þær nauðsynlegar, því að eftir minni skoðun er skólinn hvorki heilt né hálft án þeirra.

Heimavistirnar eru ekki einungis nauðsynlegar vegna þess, að örðugt mundi að fá viðunandi vist handa öllum nemendum á Akureyri, heldur líka og einkum vegna uppeldisáhrifa þeirra, sem þeim eiga að vera samfara; séu þær ekki, þá er hætt við að skólinn verði aðallega fræðsluskóli, miklu síður uppeldisskóli. Það er erfitt fyrir kennarana, að hafa nokkur gagngerð áhrif á nemendurna í kenslustundunum einum; að minsta kosti hljóta áhrifin að verða meiri og margbreyttari, ef þeir lifa líka saman við þá utan kenslustundanna. Auk þess hafa nemendur miklu meiri áhrif hver á annan í heimavist en án hennar.

Ef eg mætti ráða, þá skyldi eg hafa heimavistina handa öllum, koma upp fullkomnu skólaheimili, þar sem allir byggju saman, mötuðust saman og lærðu saman.

Nú gerum vér þó ráð fyrir, að eigi skuli vera heimavist nema handa $^3/_4$ af nemendum; það er af því, að vér búumst við, að um $^1/_4$ nemendanna muni verða af Akureyri, og að yfir höfuð verði eigi hægt að koma því á, að þeir búi í skólanum; aftur á móti viljum vér, að svo sé um búið, að allir sem úr sveit koma eigi kost á vist í skólanum. Eg er þess viss, að reynslan muni sannfæra alla um, að vel sé ráðið með að hafa heimavistirnar í skólanum. Í Noregi er heimavistar-spursmálið mjög á dagskrá nú, og í haust mun ráðaneytið koma með tillögu um, að komið sé upp heimavistar-skólum, einkum norður á Finnmörk, þar sem strjálbygðin er mest og ástandið að því leyti líkt og er hjá oss.

Vér erum nú svo hepnir, að oss hefir tekist að gera fæðisspursmálið bæði einfalt og ódýrt, og höfum þar því góða innlenda reynslu til að styðjast við.

Á þessari reynslu verðum vér að byggja framvegis, því að á þann eina veg, að skólahúsið verði sem haganlegast og ódýrast, getum vér búist við að skólinn verði að því gagni, sem til er ætlast. Dýran skóla geta fremur fáir sótt hjá oss, og margir þeirra fara á mis við skólaveruna í slíkum skóla, sem mest gagnið mundu hafa haft af henni og mest gagnið mundu hafa getað unnið öðrum vegna skólavistar sinnar.

Landshöfðingi: Eg stend sérstaklega upp til að lýsa gleði minni yfir því, að hér standa á dagskrá, svo nærri hver annari, tvær þingsályktunartill., tillagan um gagnfræðaskólann á Akureyri og tillagan um útrýming berklaveikinnar. Eg vona að þetta veki í hugum og verði til þess, að reynt verði að sjá sem bezt fyrir því, að hinn fyrirhugaði gagnfræðaskóli verði svo úr garði gerður, að sem allra minst hætta verði á því, að vistin í skólanum hafi það í för með sér fyrir nemendurna, að þeir sýkist þar af berklaveiki, eða öðrum skæðum sjúkdómum, því að það hef eg fyrir satt, að Akureyri muni eigi vera eftirbátur annarra héraða í þeim efnum fremur en öðru, og því fremur þarf allan vara við að hafa.

Eg ætla ekki að fetta mikið fingur út í tillöguna; að eins skal eg nú, eins og eg gerði við 2. umr. frv. um gagnfræðaskólann á Akureyri, benda á það, hvílíkan feyki-kostnað það hlýtur að hafa í för með sér, að reisa þar skóla

með sliku fyrirkomulagi, sem hér er farið fram á. Eg sé það í till. þessari, að það muni fyllilega ætla að rætast, sem eg sagði þá um um kostnaðarspursmálið.

Nemendur eiga að vera eins margir, eins og eg gerði ráð fyrir, og heimavistirnar viðlíka margar.

Til að rúma alt þetta mun þurfa hið geysistóra hús, sem eg gerði ráð fyrir við 2. umr., og það mun sýna sig, þegar áætlun er fengin, að slíkt hús mun kosta 100,000 kr. eða þaðan af meira.

Hér er og komið nokkuð fram, sem eg gerði ekki ráð fyrir við 2. umr., en sem fremur mun auka kostnaðinn en hitt; það er nefnil. ætlast til þess í tillögunni, að skólinn skuli vera bæði handa konum og körlum.

Eg skal í sjálfu sér ekki hafa neitt á móti þessu, né heldur rengja það, sem h. 2. þm. Skagf. (St. St.) sagði, að slíkt mundi ekki verða til að spilla siðferði nemenda. En ekki skil eg annað en að það hljóti að hafa aukakostnað í för með sér.

Eg geri ráð fyrir að konum muni ekki verða synjað um heimavist í skólanum, en af því leiðir, að þær hljóta að hafa þar svefnherbergi út af fyrir sig, og eg geri líka ráð fyrir sérstöku herbergi til að lesa í á undirbúningstímanum. Eg er að vísu sjálfsagt ekki eins kunnugur manneðlinu eins og h. 2. þ. Skagf. (St. St.); en þó er eg hræddur um, að ef piltar og stúlkur eiga að lesa saman í undirbúningstímunum í sömu herbergjunum, þá muni fara svo, að piltarnir munu horfa fult svo mikið á stúlkurnar, sem í bækurnar. Aftur á móti er eg ekki svo hræddur um, að lausaleiksbörn muni verða fleiri eftir en áður; vér Íslendingar erum nú einu sinni kunnir að því, að eiga þau tiltölulega fleiri en flestar aðrar þjóðir.

Afleiðingin af því, ef till. bessi verður samþ., hlýtur að verða sú, að stjórnin verður að útvega sér áætlun um, hvað skólinn og skólahald slíkt, sem till. gerir ráð fyrir, muni kosta, og leggja hana svo fyrir næsta þing.

Fari sú áætlun langt fram yfir upphæð þá, sem nefnd er í lögum þeim um gagnfræðaskóla á Akureyri, sem samþ. var hér á dögunum — og það tel eg sjálfsagt að hún muni gera — þá geri eg ekki ráð fyrir að stjórnin muni láta byrja á byggingu skólahússins fyr en málið hefir að nýju komið fyrir þing, og það búið að láta uppi, hvort það vilji veita fé það, sem til byggingarinnar þarf, eða ekki.

Þórhallur Bjarnarson: Mér blandast ekki hugur um, eftir að eg hefi séð kröfur þær, sem settar eru fram í till. þeirri, sem hér liggur fyrir, að stjórnin muni ekki sjá sér fært, að koma upp skólahúsi á Akureyri fyrir þær 50,000 kr., sem búið er að heimila henni til þess.

Eg skal játa það, að það er í sjálfu sér æskilegt, að fá upp jafn-góðan og fullkominn skóla, eins og til er ætlast í till.; en þess er að gæta, að hver liður tillögunnar hefir í för með sér mikinn kostnað, bæði eitt skifti fyrir öll og líka árlegan kostnað, og vér verð um að ætla oss af í þessu máli sem öðrum.

Eftir þeim upplýsingum, sem fram eru komnar frá h. 2. þm. Skagf. (S. St.), virðist nemendafjöldinn hér í till. settur í lægsta lagi, og að töluverð ástæða sé til, að búast við á annað hundrað nemenda, karla og kvenna, er skólann vilji nota, einkum ef námstíminn á að verða 3 ár.

Lenging námstímans og þessi nemendafjöldi í fleirum kenslustofum, hlýtur að hafa í för með sér, að kennurunum verður að fjölga; en það leiðir aftur af sér mjög mikinn árlegan kostn-

aðarauka við skólann, en um það atriði hefir enn eigi verið talað.

Eg er hugmyndinni um samskóla karla og kvenna alveg samþykkur, og get skrifað undir hvert orð, sem h. 2. þm. Skagf. (S. St.) sagði um kosti þess fyrirkomulags. En vitanlega gerir þessi samvist skólahúsið í ýmsum greinum dýrara, og því er ekki alls kostar rétt, að vitna í það, hvað Blönduóss-skólinn hafi kostað, og bera hann saman við hið fyrirhugaða skólahús á Akureyri, því að á Blönduósi er eingöngu konum ætlaður bústaður í skólahúsinu.

Eg get ekki annað en verið ánægður yfir skýringum þeim, sem komið hafa fram í málinu, og að kröfur formælanda þess hafa nú komið ljóslega fram, því að alt þetta bendir á það, að eg hafi haft rétt fyrir mér við 1. umr. um frv. um gagnfræðaskóla á Akureyri, að málið væri ekki nógu vel undirbúið, og nauðsyn bæri til að átta sig betur á því, áður en ráðist væri í, að fara að byggja nýtt skólahús.

Umræðurnar í dag sýna það bezt og sanna, að þeir sem samþyktu frv. um húsbygginguna, vissu þá ekki, yfir hvað þeir voru að byggja.

Háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) viðurkendi það nú, að málið væri lítið undirbúið að því er skólahúsbygginguna snertir, og er það víst meira en satt. — Eg skal auk þess stórvægilega, sem nú kemur fram, nefna það eitt, að óumtalað er enn, úr hvaða efni heppilegt mundi vera að byggja skólahúsið. — Það gæti t. d. komið til greina, að byggja það úr sements-steypu; það eru sumir, sem halda því fram, að slík hús séu vart dýrari en vönduð timburhús, og þótt húsið kynni að verða að einhverju leyti dýrara úr því efni en úr timbri, þá væri það sannarlega skemtilegt, að fá það svo traustlega gert, þar sem um opinbera bygging er að ræða, sem vona má, að sé til mjög langrar frambúðar.

Eg skaut því í gær að höfuðflutningsmanni tillögunnar h. 2. þm. Skgf. (St. St.), hvort hann teldi eigi rétt, að slík tillaga, sem þessi, er fer fram á, að baka landssjóði stórkostleg fjárútlát bæði í eitt skifti fyrir öll og árlega, kæmi einnig fram í efri deild; og eg vil enn að nýju spyrja háttv. 2. þingm. Skgf. (St. St.), hvort hann vilji ekki sjá til þess, að tillaga þessi, verði hún samþykt hér í deild, verði einnig borin fram í háttv. efri deild, svo að henni gefist líka kostur á því, að segja álit sitt um málið. — Það er sjálfgefin þingvenja, þegar um stórt fjármál er að ræða.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.: Eg er að mestu leyti samþykkur háttv. flutningsm. tillögunnar, og þarf því ekki að vera fjölorður. — Eg get ekki annað séð en að það sé mjög heppilegt, að till. hefir komið fram um það, hve marga nemendur skólinn skuli rúma, því þá fá menn um leið nokkra hugmynd um það, hve stórt skólahúsið og kostnaðurinn við byggingu þess muni verða.

Eftir aðsókn til Möðruvallaskóla að dæma, þá hygg eg, að í náinni framtíð sæki eigi öllu fleiri en 60—70 piltar skólann, og þar sem kvennaskólahús er þegar bygt á Blönduósi, að öllu leyti mjög hentugt og vel um vandað, þá er vart að búast við fleiri en 30 námsmeyjum á þann væntanlega skóla á Akureyri, svo að með áætlaðri nemendatölu 80—100 manns, eins og tillagan fer fram á, þá virðist vera vel séð fyrir því, að ekki þurfi að vísa umsækjendum frá vegna rúmleysis í skólanum, eins og all-oft hefir átt sér stað áður.

Að skólinn verði jafnt fyrir konur sem karla, þá get eg búist við því, að

menn verði dálítið skiftrar skoðunar um það, en sérstaklega vil eg benda á það, að þótt háttv. flutningsm., 2. þm. Skgf. (St. St.), sjái ekkert á móti því, að piltar og meyjar sofi saman í sama herbergi, þá mun slíkt ekki geta álitist nein fyrirmynd.

En aftur á hina hliðina, hvað það bóklega nám snertir, þá get eg vart hugsað, að það þyrfti að leiða til ósiðsemi, þótt karlar og konur læsu og og nytu tilsagnar saman í sömu kenslustofum. — Eg verð þvert á móti því að vera háttv. flutningsmanni samdóma um það, að það mundi miklu fremur verða til þess, að auka háttprýði og góða framgöngu karla og kvenna.

Þriðja lið tillögunnar álít eg athuga verðan að því leyti, að hann gerir mjög mikla breytingu frá því fyrirkomulagi, sem verið hefir á skólanum. — Til þessa tíma hefir skólastjóri eigi látið þá pilta ganga í efri bekk skólans eftir einn námsvetur, sem ekki hafa álitist færir til þess, eður náð svo góðu prófi, svo þeir hafa alt af verið nokkrir, sem stundað hafa þar nám í 3 vetur, þrátt fyrir það, þótt skólatíminn væri ekki ákveðinn nema 2 vetur. — Eg álít þess vegna, að breyting á þessu geti verið dálítið athugaverð. — Eg álít, að ekki eigi að setja þá eftir, nema skólastjóri álíti það alveg nauðsynlegt. — Því sé það ákveðið, að námstíminn skuli vera 3 vetur í skólanum, þá er máske hætt við því, að skólinn yrði síður sóttur, jafnvel þótt lenging á námstímanum að sjálfsögðu hafi aukna mentun og meira gagn í för með sér. — Með þessu ákvæði tillögunnar hefir skólastjóri enn á valdi sínu, að setja pilta eftir, svo þeir geta komið til þess að dvelja 4 vetur í skólanum.

Viðvíkjandi síðasta lið tillögunnar, þá þykir mér leitt, að að eins $^3/_4$ nemenda skuli hafa rétt til heimavistar. — Því það getur orðið vandasamt fyrir skólastjóra, ef mjög margir sæktu skólann, að skera úr því, hverir ættu að njóta heimavistar og hverir ekki. — Væru nemendur úr nálægum og fjarlægum héruðum að eins $^3/_4$ allra nemanda, þá mundi þetta ákvæði ekki valda neinum verulegum ágreiningi, en vegna þess, að alt af má búast við, að aðsókn til skólans úr Akureyrarbæ verði ekki eftir þessum hlutföllum, þá hygg eg, að þessi liður sé aðgæzluverður.

Auðvitað er þetta gert til þess, að forðast kostnað, og er því frá þeirri hlið rétt skoðað; en hér er líka þess að gæta, að allir njóti sama réttar, hvað skólaveruna snertir.

Eg fyrir mitt leyti verð að álíta, að allir piltar úr sveitum ættu að njóta heimavistar, og tel það sjálfsagt.

Heimavist og samlagsmataroú nemenda tel eg öldungis nauðsynlegt til þess, að auka aðsókn að skólanum, og tryggja vellíðan nemenda, og einnig með tilliti til þess, að þeir þá læri að sjá að þessu leyti, hvað þarfir þeirra heimta.

Pétur Jónsson: Það er nefnilega búið að segja það, er mestu varðar um þetta mál, en þó vildi eg lítið eitt taka til máls.

Það sem eg vildi helzt drepa á er sú upphæð, sem hefir verið ætluð skólanum, nefnilega 50,000 kr., eftir lögum þeim er nú eru afgreidd frá þinginu. — Eftir sumra dómi er þessi upphæð of lítil; en flutningsm. hefir verið sýnt fram á, að það er engin hætta á ferðum, þar eð fjárveitingarvaldið kemur saman áður en byggingunni verður lokið, og getur bætt úr skák. — Öðrum þykir aftur upphæðin of há, og það hefir sína athugaverðu hlið, er mönnum vex kostnaðurinn í augum. —

Eg skal nú reyna að sýna sambandið milli þessarar upphæðar í lögunum og tölufjölda lærisveina.

Háttv. flutningsm. 2. þm. Skagf (St. St.) tók dæmi um skólann á Blönduósi og heimavistir þar. — Eg er nú svo frægur, að hafa séð þá byggingu, og er hún svo vönduð, að vér eigi gætum búist við stórum betri byggingu, þótt farið væri að byggja á Akureyri. — Og ef litið er á stærri byggingar hér í Reykjavík, þá er eigi séð, að þær séu vandaðri, þótt þær séu eftir útlenda byggingameistara. — En skólinn á Blönduósi er bygður af innlendum manni.

Eg skal benda á annað dæmi til upplýsingar. — Spítalinn á Akureyri, sem ætlaður var 14 sjúklingum, kostaði 25,000 krónur með öllu tilheyrandi, og var bygður af innlendum manni. — En landsspítalinn, sem ráðgert var að byggja hér í Reykjavík, og ætlaður var 24 sjúklingum, átti eftir áætluninni að kosta 100,000 kr. — Þegar þetta er nú skoðað, þá virðist hér vera osamkvæmni milli reynslunnar og áætlunar sumra útlendinga.

Eg sé nú eigi betur en að stjórnin eigi að byggja nokkuð á þessari reynslu. — Þar eð spítalinn á Akureyri kostaði ekki meira en 25,000 krónur, þá hefði spítali tæplega helmingi stærri hér í Reykjavík til dæmis ekki átt að kosta meira en 50,000 krónur; og það er því fremur óhætt að halda þessu fram, sem fullyrða má, að það sé þægilegra, að byggja fyrir tvöfalda upphæð helmingi stærra hús en helmingi minna hús fyrir hálfa upphæð.

Það er því vert að athuga, hvort þessi bygging á Norðurlandi standi að baki byggingum útlendra byggingameistara, er bygt hafa hér í Reykjavík.

Hvað heimavistina snertir, þá vildi eg leyfa mér að benda á það, er í útlöndum tíðkast, að menn hafa félagsbú (á dönsku svo kallað »Fælleskökken«). — Í útlendum tímaritum sér maður, að ekki lítill sparnaður er talinn að slíku. — Þetta mælir beinlínis með sameiginlegri matreiðslu og samlagsbúi námspilta. — Reynslan hefir sannað þetta sama einmitt við samlög pilta á Möðruvöllum. — Væri því sannarlega leggjandi fé úr landssjóði til þess, að koma þessu á, til sparnaðar fyrir námsmennina.

Hvað sótthættuna snertir, og þá t. d. á Akureyri, sem eigi á að standa að baki nokkrum öðrum stöðum hér á landi, hvað t. d. berklaveiki snertir, þá skil eg ekki annað en að það yrði hægra, að koma í veg fyrir sótthættu á svona stofnun en á einstökum heimilum, þar sem piltar ella byggju og væru í kosti.

Lárus H. Bjarnason: Eg get ekki annað en furðað mig á því, að þessi tillaga skuli koma fram nú, löngu eftir að vér höfum samþykt frumvarpið um flutning skólans frá Möðruvöllum að Akureyri. Vér höfum farið að eins maðurinn, sem fyrst smíðaði negluna og svo bátinn. — Vér höfum veitt 50,000 kr. til byggingar skólans, og ætlum nú eftir á, að fara að segja til þess, hvernig hann skuli vera, og kröfurnar eru nú svo háar, að stjórninni verður ómögulegt að fullnægja þeim fyrir hið veitta fé. — Skólinn á að taka 80—100 nemenda, hann á að vera fyrir karla og konur, og það eiga nú að vera heimavistir fyrir $^3/_4$ nemendanna. — Með þessu fyrirkomulagi hlýtur skólinn að kosta fram undir 100,000 krónur. — Hvort er nú meiningin, að stjórnin haldi sér við frumv., og verji að eins 50,000 kr. til skólans, eða við tillöguna,

og leggi þá í hann 100,000 krónur eða kannske meira? Eg vona, að stjórnin fari fyrri leiðina, enda ætla eg mér að greiða atkvæði móti 1., 2. og 4. lið tillögunnar.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) tók fram viðvíkjandi ræðu hæstv. landshöfðingja, að hættan af berklaveiki væri eigi minni í heimahúsum en í skólanum. — En þar sem hæstv. landsh. sagði, að skólinn yrði stærri er hann væri ætlaður bæði fyrir karla og konur, þá verð eg að mótmæla því sem algerlega órökstuddu. — Skólinn verður jafndýr, því eg hugsa mér fyrirkomulagið alt öðru vísi en andmælendur mínir.

Eg veit að það er vani í skólum hér á landi, að fjöldinn allur sofi í einum stórum svefnsal. En þetta er mjög ilt fyrirkomulag, hvort sem litið er til hollustunnar eða siðferðisins.

Eg hefi hugsað mér húsinu þannig fyrirkomið, að rúminu yrði skift í smá herbergi, og að saman byggju 4 nemendur í hverjum 2 herbergjum, svæfu í öðru, en læsu í hinu. — Þetta yrði auðvitað nokkuð dýrara, en um leið margfalt betra, og eg verð að játa það, að eg lít fremur á það, að skólanum sé vel fyrirkomið og að öllu sem fullkomnastur, heldur en hitt, hvað mikið hann kostar. — Kostnaðar-grýlan, sem hæstv. landshöfðingi og varaforseti eru að leiða hér inn í salinn, hræðir mig ekki hót, og eg vona, að hinum háttv. þingdeildarmönnum vaxi ekki svo mjög kostnaðurinn í augum, að þeir þess vegna verði á móti tillögunni. — Eg býst við, að þeir verði mér sammála um það, að jafnvel 100 þús. kr. sé ekki illa varið, þó þær væru látnar ganga til skólabyggingar, þar sem hinum fátækari börnum landsins gæfist kostur á góðri fræðslu, 80—100 á ári hverju.

Þeir einir, sem eru því mótfallnir, að skóli sé reistur á Norðurlandi, eins og háttv. varaforseti, verða mér auðvitað ekki sammála um þetta.

Kostirnir við það, að hafa herbergin smærri og fleiri, eru margir. — Sýkingarhættan verður við það minni, eftirlitið verður hægra. Ef eitthvað fer úr lagi, þá er betra að eiga aðganginn, að einum 4 nemendum, heldur en 40 eða fleiri. — Hver hefir ábyrgð á sínum herbergjum, og svo mundi fara, að nemendurnir keptust við, að hafa þau sem bezt útlítandi og snyrtilegust, og vendust með því móti á góða umgengni og reglusemi.

Aðrar mótbárur háttv. varaforseta álít eg einskis virði, því þær eiga þá rót sína að rekja til kostnaðar-óttans. — Hæstv. landshöfðingi tók það fram, að svo framarlega sem tillagan yrði samþykt og byggja ætti skólann með þessu fyrirkomulagi, þá yrði hann eigi bygður á næsta ári. — Eg skal ekki bera á móti því, að vel getur svo farið að stjórninni þyki ekki tiltækilegt, að reisa skólahúsið fyrri en eftir næsta þing; en hæstv. landshöfðingi hefir engin rök fært að því, að svo hljóti að verða. — Hans 100 þús. kr. áætlun er miklu meir út í bláinn en mín 55 þús. kr. áætlun.

Eg hefi sýnt fram á, að hægt mundi að reisa skólahús fyrir þessa upphæð.

Hvað snertir athugasemd háttv. þm. Eyf., viðvíkjandi 3. lið, þá stafar hún af misskilningi, nema því að eins að eg sjálfur hafi þá misskilið þm. Eg sagði, að 3 vetur væru nauðsynlegir. Það útilokar eigi, að sumir sem kæmu vel undirbúnir, yrðu 2. Eg þekki það vel, að allur hávaði pilta lærir eigi mikið á tveim vetrum. Þeir geta ekki náð neinni festu í fögunum á svo stuttum tíma, nema þeir séu því betur

undirbúnir, eða sérstaklegum gáfum gæddir.

Þórhallur Bjarnarson: Það er rétt hjá h. flutnm. till. (St. St. Skgf.) að eg lít á kostnaðinn og þykist gera rétt í því, því að ef veita skal fé til einhvers fyrirtækis, þá er fyrst að vita hvað það kostar, það er viðurkend regla, og því miður erum vér ekki enn svo miklir menn, að vér þurfum ekki iðulega að minna sjálfa okkur á, hvað hvað eina kostar. Það hefir æ betur og betur upplýzt við umræðurnar um þetta mál og þar á meðal af sjálfum flutningsmanni, að þenna skóla reisir enginn fyrir 50 þús. kr., heldur er alveg eins líklegt að hann geti kostað alt að 100 þús.

Nú hefir t. d. komið fram ný bending, um að hafa í skólanum tóm smáherbergi, til að lesa í og sofa í. Eg játa það, að slíkt fyrirkomulag er gott fyrir skóla með heimavist, og mun tíðkast í öðrum löndum, þar sem skólar eru komnir í gott horf, en það hlýtur þó að liggja í augum uppi, að slík sundurhólfun hlýtur að hafa enn frekari kostnað í för með sér.

Eg þykist ekki hafa gefið h. þm. ástæðu til að segja, að eg vildi spilla fyrir framgangi málsins, er það væri undirbúið, og væri undir niðri á móti því, að skólinn kæmist upp á Norðurlandi. Eg er svo mikill Norðlendingur enn, að eg vil unna Norðurlandi þess að fá skólann settan upp aftur hjá sér, eins vel úr garði gerðan og oss er fært. Hitt hefi eg verið í nokkrum efa um, hvort skólinn ætti að standa á Akureyri, en eg áleit að það hefði ekki þýðingu að standa á móti því, þar eð allar óskir hnigu að því, og ef til vil ekki sérlega við það að athuga frá kostnaðarlegu sjónarmiði. Það er búist við, að laun kennara þurfi að stíga, en stórvægilegt er það ekki; hitt er þýðingarmeira, hvort verukostnaður nemenda getur orðið jafn-ódýr á Akureyri og hann var á Möðruvöllum. Það hefir lánast vel þar með kostnaðinn hingað til, alt hefir verið gert svo ódýrt fyrir nemendur, sem unt hefir verið, en það er eins og allir vita, einmitt að þakka sjálfum h. flutnm., en hann verður nú ekki alt af við skólann, og vafasamt, hvort hann eða annar kennari búlaus á Akureyri getur dugað nemendum svo vel. Þurfi að hafa sérstakan skólaráðsmann, fer kostnaðurinn fljótt að stíga fyrir nemendur.

Ef eg hefði viljað málinu illa, eins og h. flutnm. virtist drótta að mér, þá hefði eg lofað þessari till. ganga orðalaust fram (*Landsh.*: Heyr!), því að það álít eg vera áreiðanlegasta rothöggið á frumv., að samþykkja till. með sem flestum atkv.

Pétur Jónsson: Háttv. varafors. virðist draga þá ályktun að enginn hafi gert sér hugmynd um kostnaðinn við gagnfræðaskólabygginguna á Akureyri, þegar það frumv. var til meðferðar um daginn. Eg ætla nú að bera hönd fyrir höfuð mér, sem annan flm.; og sýna, að hér sé ekki lagt út í meiri tvísýnu en venjulegt er t. d. með brúargerðir og hvað annað, sem verður að ætlast á fyrirfram um kostnaðinn og þessi áætlun er hreint ekkert fremur af handahófi en gerst hefir á þingi. Eg skal játa það, að eg tók beinlínis til fyrirmyndar skólann á Blönduósi. Kostnaðurinn við þann skóla var um 18000 kr. og nemendur eru þar um 36. Byggingarkostnaður á nemanda því 500 kr. Ef hér verða nú 80—100 nemendur eða gerum ráð fyrir 90 að meðaltali, og verður þá byggingarkostnaðurinn eftir sama mælikvarða

(500 kr. pr. námssv.) 45,000 kr. En nú skulum við gera ráð fyrir að þessi skóli verði vandaðri en Blönduóssskólinn og ætla eg til þess 10%, og gangi maður svo út frá því, að karlmenn þurfi meira rúm og skólinn sé að mun rúmbetri, þá geri eg sömuleiðis ráð fyrir 10% til þess. Þetta verða þá 20% samtals og verður alls 9,000 sem bætist við upphæðina 45,000, verður þá upphæðin alls 54,000 kr. Fer þetta þá ekki ekki mjög fjarri áætluninni, þar sem Akureyri hefir boðið 5,000 kr. Eg get því ekki álitið að þessi áætlun standi neitt ver heima, heldur sé fult eins frambærileg og hver önnur áætlun, sem höfð er til hliðsjónar hér á þingi.

Háttv. varaforseti mintist á fæðiskost og félagsbú pilta, og gat þess, hve gott fyrirkomulag og sérstaklega góðir kostir hefðu verið í því efni á Möðruvöllum. Eg skal ekki neita því, að það hafi verið, en það gæti alveg eins vel átt stað á Akureyri, því að þar hefir einmitt verið slíkt félagsbú og hefir það lánast vel, og var fæðiskostnaðurinn svipaður og á Möðruvöllum. En fyrirkomulagið var það, að þar var ráðskona, sem stóð fyrir matreiðslunni, annaðist þjónustu pilta og hafði mat sinn á búinu, og var það að því leyti félagsbú í enn fyllra skilningi en á Möðruvöllum, því að Stefán kennari hefir tekið matreiðslu og þjónustu pilta upp á »accord«.

Landshöfðingi: Eg ætla að leyfa mér að segja nokkur orð út af því, sem háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) bar mér á brýn, að eg hefði nefnt alveg út í bláinn þessa háu upphæð, sem eg ætlaði að mundi ganga til byggingar Akureyrarskólans, og ekki tekið tillit til, hvað Blönduósskólinn hefði kostað. En þá skal eg játa það, að mér varð það á, að eg fór eftir því sem byggingar kosta hér á Suðurlandi og hafði eg þá barnaskólann hér sérstaklega fyrir augum. Þar er ekki rúm fyrir heimavistir, og kostaði skólinn þó 80 þús. kr. (*Þórh. Bjarnarson*: Fyrir utan inventarium). Húsið sjálft kostaði þetta, og þá ímyndaði eg mér, að skólinn á Akureyri mundi kosta talsvert meira, og svo hefir mér talist til, að ef allir liðir tillögunnar verða samþyktir, að þá muni þurfa talsvert meira húsrúm en í barnaskólanum. Eg játa að þetta er reiknað út frá því, sem byggingar kosta hér á Suðurlandi, en eg vissi ekki að það væri hægt að byggja hús fyrir svo mikið minna á Norðurlandi og bið þess vegna forláts á því, einkum úr því, svo skilríkir menn segja mér þetta, eins og þeir eru háttv. þm. S-Þing. (P. J.) og háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.). Úr því þeir segja að hægt sé að byggja fyrir svo lítið á Norðurlandi, þá tek eg það trúanlegt, og skal halda mér við það.

Forseti: Það hafa komið fram óskir um það, að hver einstakur liður till. væri borinn upp sér í lagi og álít eg það enda sjálfsagt, að bera hvern lið upp fyrir sig, þar eð hún er í svo mörgum liðum.

ATKVGR.: 1. liður till. samþ. með 13 gegn 1 atkv.

2. liður till. samþ. með 21 atkv.

3. liður till. samþ. með 12 atkv.

4. liður till. samþ. með 14 atkv.

Tillagan í heild þar með samþ. og afgreidd til landshöfðingja sem *þingsályktun frá Nd.*

Lærði skólinn.

TILLAGA til þingsályktunar um breyting á reglugerð hins lærða skóla í

Reykjavík (þgskj. 151, 166); ein umr., 18. ágúst.

Þórhallur Bjarnarson: Við eigum hér tveir saman brt., h. 2. þm. Skagf. (St. St.) og eg. Brt. þessar fara í svipaða átt sem aðaltillagan; að eins er hin síðasta nokkuð annars eðlis.

Það er annars sennilegt, að það hafi ekki svo mikla þýðingu að málið í heild sinni er borið upp að þessu sinni, því að nú er í Danmörku nefnd manna að íhuga skólamál þar, og þar með latínuskólamálið, og er sennilegt að stjórnin vilji sjá, að hvaða niðurstöðu nefnd þessi kemst, áður en hún fer að breyta reglugerð lærðaskóla vors.

Tillaga þessi hefir þá líklega helzt þá þýðingu, að vekja athygli stjórnarinnar á því, að vér óskum að fá breytt kenslufyrirkomulagi lærða skólans, og að benda að nokkru leyti á, í hverja höfuðstefnu vér óskum að breytingin fari. Þýðingarmesta breytingin, sem farið er fram á, er sú, að hætt sé við að kenna grísku. Eg og vér prestaskólakennararnir ættum líklega einna bezt að geta dæmt um það, hverja þýðing afnám grískunámsins mundi hafa, því að einkum mun vera haldið í grískuna í lærðum skólum vegna guðfræðisnámsins, og get eg látið það uppi, að vér erum komnir að þeirri niðurstöðu, að of mikið sé lagt í sölurnar fyrir grískunámið. Eg játa það, að nokkru er að vísu slept við það, að stúdentar í prestaskólanum geta ekki lesið nýja testamentið á frummálinu, en síður verður það þó tilfinnanlegt, þar sem vér fáum vonandi bráðlega nákvæma þýðing á móðurmálinu, af öllu nýjatestamentinu. Þegar alt er athugað, fæ eg ekki betur séð, en að það eigi að geta orðið mentunarávinningur, en ekki mentunartap, að hætt sé grískunámið. Aftur á móti er eg því ekki eins samþykkur, að fækkað sé kenslustundum í latínu. Eg held það ávinning, að stúdentar skildu betur latínu, þegar þeir fara úr skóla, en nú gerist. En eg trúi ekki öðru en að svo gæti orðið, þótt tímum í latínu væri eigi fjölgað; mundi ekki þurfa annað en að kenslan yrði gerð haganlegri, meðal annars með því, að hætta að lesa skáldrit listamanna á latínu. Það eru fæstir aðrir en guðfræðingar sem muni líta í gríska bók, eftir að þeir fara úr latínuskólanum, en til latínurita verða menn iðulega að leita eins og eðlilegt er, þar sem hún var um allar miðaldir og fram á síðustu aldir höfuðbókmentamál heimsins. Hver sá, sem ætlar að kynna sér miðaldasögu vora, verður að því er ýms atriði hennar snertir að leita fræðslu í henni í latneskum ritum.

Latínan hefir verið alheimsmál, og það má heita svo að hún sé það enn. Þannig hefir það komið fyrir mig, að eg hefi orðið að skrifa bréf á latínu; á þann einan veg gátum við gert okkur skiljanlega hvor fyrir öðrum, eg og sá, sem bréfið fekk; latínan varð þar tengiband milli okkar, þar sem móðurmál hvorugs dugði til þess. Eftir því sem eg hefi nú talað, hefði mátt búast við, að eg mundi hafa komið fram með brt. við aðaltillöguna að því er latínunámið snertir; þó hefi eg látið það vera og látið mér nægja að lýsa þessari skoðun minni yfir.

Þá er óveruleg breyting frá okkur flutnm. við tillögu h. Ed., þetta, að okkur þykir það miður heppilegt, að beint er farið fram á, að kensla í latínskum stíl skuli falla niður í stundakenslunni; það tel eg vera að binda um of hendur á kennaranum, og til að leggja höft á hann með að brúka þá kensluaðferð, sem honum þykir haganlegust, megi hann ekki hafa stílagerð í máli því, sem hann kennir; hitt væri annað

mál, þótt farið væri fram á að stíllinn væri feldur burt við próf.

Það eru sjálfsagt mjög mismunandi skoðanir um það, hvað taka skuli upp í stað grískunnar; svo hefir það verið í Danmörku, og við hinu sama má búast hér. Flestir munu þó sammála um það, að auka beri kenslu í móðurmálinu. Um annað er hætt við að skoðanirnar séu og verði misskiftar og líklega er fullmargt tekið upp í tillögurnar. Eigi að síður höfum við bætt við dráttlist og skólaiðnaði. Eg get ekki nógsamlega tekið það fram, hvílíka þýðingu dráttlistarkunnátta hefir fyrir lífið. Það mun vera af tvennu illu betra að kunna ekki að teikna en að kunna ekki að skrifa, en tilfinnanleg vöntun er það þó, og slept þar úr hendi sér ágætu menningarmeðali, þar sem dráttlistarkensla er vanrækt.

Án þess að eg ætli mér að fara langt út í kensluna við lærða skóla vorn, get eg þó ekki í sambandi við þetta, látið vera að víkja að einstaka atriði, sem tillagan gefur þó ei beint tilefni til.

Það má heita að engin réttritun sé kend í lærðaskólanum, eða máske réttara sagt, að þar sé kend svo margsháttar réttritun, að sama sé sem engin. Það sé fjarri mér að fara að blanda mér inn í réttritunardeilur; eg mundi fúslega fylgja hverri þeirri skólarétt ritun sem fyrirskipuð kynni að verða; en það dylst mér eigi, að eigi geti verið heppilegur sá réttritunarglundroði, sem er ríkjandi í latínuskólanum.

Þá er hörmung til þess að vita, hve illa margir latínuskólastúdentar eru skrifandi.

Eg á þar við hvað rithöndin er óglögg aflestrar, merkjasetning ófullkomin eða röng, og yfir höfuð skeytingarlítill frágangur á rituðu máli. Eg á hér ekki sérstaklega við það, hvað áferðarfögur skriftin er, heldur hitt, að hér kemur fram, að vantar það sem á útlendu máli er kallað »Ordensans«. Víða í erlendum skólum mun tíðkast að gefa sérstakar einkunnir fyrir ytri frágang. Það er fátt þarfara lært fyrir lífið en glögg og góð skrift. Eg vona að aukin dráttlistarkensla í skólanum geti í því efni orðið til stórra bóta.

Yfir höfuð er ástæða til að leggja meiri áherzlu á líkamsuppeldi í skólanum en verið hefir; það er atriði, sem flestum kemur vonandi saman um, þótt skoðanir geti orðið misskiftar um það, á hvern veg það skuli gert, eða hve miklum tíma skuli varið til þess.

Eg skal sérstaklega minnast á skólaiðnaðinn; hann hefir verið kendur einn vetur við barnaskólann hér í Reykjavík, og það er alveg undravert, hvað drengir hafa lært á þessum eina vetri, og hvílíka ánægju þeir höfðu af náminu. Þótt frí væri í skólanum, komu drengirnir og báðu kennarann að lofa sér að hafa smíða tímann sinn. Þetta er bending í þá átt, að hér sé fundið heppilegt námsefni; og víst er um það, að þetta er námsefni, sem æfir bæði líkama og sál, og styrkir krafta hvorstveggja, sé það réttilega notað.

Nú stendur svo vel á, að latínuskólinn mundi geta tekið upp skólaiðnaðarkenslu án mikils tilkostnaðar; hann mundi geta fengið bæði húsrúm og áhöld hjá barnaskólanum fyrir tiltölulega lága borgun. Stjórnin mundi því geta gengist fyrir því, að nú þegar væri byrjað á skólaiðnaðarkenslunni.

Síðasta breyt.till. um, að kenslustundum sé fækkað í neðstu bekkjum lærðaskólans, er í raun og veru ekki þýðingarminst. En játa skal eg það, að það er vísast ekki sem formlegast að

koma fram með hana hér, þar sem það mun ekki vera beint reglugerðarákvæði hvað kenslustundir skuli vera margar daglega. Í reglugerðinni er að eins sagt, að kenslustundir, að leikfimi und anskilinni, megi ekki vera fleiri en 36 á viku. Hér ræðir því eigi um breyting reglugerðar, heldur hitt, hvernig eftir henni skuli lifað.

Það er viðurkent af skólamönnum, að unglingar 12—16 ára, eins og nemendur eru margir hér í neðri bekkjunum, hafi ekki nærri allir heilsu til að sitja 6 stundir samfleytt í kenslustundum. Óþægilegast og sjálfsagt óhollast er þetta þó í skammdeginu, og væri það því bót í máli, þótt kenslustundunum í neðstu bekkjunum væri eigi fækkað nema um miðjan veturinn. Eg hefi ekki trú á þessum mikla lærdómstroðningi í fólk, og það er mín trú, að sé líkamskraftarnir styrktir og fjörið glætt, þá verði í raun og veru miklu meira *gagn að 5 tíma námi en 6 tímum*, ef lengri tíminn hefir í för með mér líkamlega þreytu og deyfð, ekki að tala um það, hvað miklu betur sá stendur að vígi síðar, sem varðveitt hefir líkama sinn hraustan, viljakraftinn óbilaðan, og áhugann lifandi, en hinn, sem fer úr skólanum með veiklaðan líkama og leiður á bóknáminu.

Einhver fækkun daglegra kenslustunda mun eiga sér stað í efsta eða efstu bekkjunum, en það hljóta flestir að viðurkenna, að þar er byrjað á skökkum enda, því að piltar í efstu bekkjunum ættu að vera færari til að hafa fult svo langan kenslutíma daglega, sem piltar í neðstu bekkjunum. Þetta er merkilegt og þýðingarmikið atriði, og mælist eg því til, að háttv. forseti beri upp sér í lagi þetta seinasta breytingaratriði, svo að þótt annað félli, þá geti þetta síðasta staðið.

Það má vera, að hér sé mangt fleira að athuga við, og mörg atriði, sem eg hefi slept að minnast á; en eg vona, að háttv. meðflutnm. minn viki þá að því, sem mér kann að hafa gleymst að taka fram.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skag.): Eg álít að það sé hreinasti óþarfi að fjölyrða frekara um þessa breyt.till., því að háttv. meðflutnm. minn hefir tekið alt rækilega fram því viðvíkjandi, og er óþarft að fara lengra út í það; að eins vildi eg undirstrika þetta, sem hann sagði seinast, að hann vildi að daglegu kenslustundunum væri fækkað. Það hygg eg að gæti orðið til mikils gagns, og get eg talað þar af eigin reynslu frá Möðruvallaskólanum. Okkur kennurum þar hefir tekist að kenna eins mikið á 5 stundum eins og eg vissi að var kent í latínuskólanum á 6 stundum, þegar eg var þar. Því að ef kenslan er almennileg kensla, en ekki eintóm yfirheyrsla og ítroðningur, þá veit eg, að það er hægt að kenna eins mikið á 5 tímum og á 6.

Eg álít, að þessu sé eins varið og með líkamlega vinnu; það er stór óhagur að ofþreyta verkamenn, og árangurinn af vinnunni verður því að eins að notum, að þeir sem vinna geti gengið að verki sínu með fullu fjöri; eins er þessu varið með námsmennina; þeir verða að vinna með fullum kröftum til þess að góður árangur verði af náminu.

Eg vona því, ef þessi breyt.till. verður samþ., að hún leiði til þess, að næsta reglugerð latínuskólans verði löguð samkvæmt því; það er líka sá kostur við þetta, að með þessu er létt á kennurunum og nemendurnir geta ekki að eins lært eins mikið, heldur meira. Að því er snertir latneska stílinn, þá er eg þar á sama máli og h. meðflutnm. minn; eg kann ekki við, að löggjafarvaldið fari að gefa reglur fyr-

ir því, hvernig á að kenna. Ef kennarinn t. d. álítur betra að koma málfræðislegum hugmyndum inn í lærisveinana með skriflegum æfingum, þá á hann að hafa frjálsar hendur í því efni. Eg álít heldur ekki þörf á að auka kensluna í náttúrusögu, því að eg hygg, að það komi að litlum notum, að auka hana, því að kenslan í náttúrusögu miðar miklu fremur til þess að æfa nemandann en til þess að veita honum positiva þekkingu, miðar til þess að opna augu nemendanna fyrir náttúrunni í kringum sig, og skerpa eftirtekt þeirra. Þeir verða auðvitað að fá inn í sig grundvallaratriðin, og ef þau eru vel kend, þá kemur hitt að mestu leyti af sjálfu sér. Eðlisfræðin er aftur á móti þannig löguð, að hún hefir miklu meiri áhrif á skynsemi og andlegan þroska nemandans, því að hún grípur inn í alt, og hefir hin mathematiska hlið hennar einkum mikla þýðingu til þess að þroska skilning nemandans, og ef ætti að auka kenslu í náttúrufræði, þá væri það helzt eðlisfræðin, sem auka þyrfti. Að öðru leyti er eg alveg samdóma hinum h. meðflutnm. mínum, og óska þess sama og hann, að breyt.till. á þgskj. 166 verði borin upp í tvennu lagi.

ATKV.GR.: 1. liður br.till. (166) sþ. með 21 atkv.

2. liður br.till. (166) sþ. í einu hlj.

Tillagan þannig breytt sþ í einu hlj. og afgreidd til landsh. sem *þingsályktun frá Nd.*

Landbúnaðarlöggjöf.

I.

TILLAGA til þingsál. um landbúnaðarlöggjöfina (þgskj. 11, 33); ein umr., 1. ágúst.

Flutningsm. (Þórhallur Bjarnarson): Beina tilefnið til þess, að eg gekst fyrir þessari þingsál.till., var það, að þegar eg var á ferð í sumar um vestursýslurnar, í erindagerðum fyrir Landsbúnaðarfélagið, þá var því tölu vert hreyft við mig af einstökum mönnum, að æskilegt væri, að tekin væri til endurskoðunar lögin um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 1884. Þessar óskir voru svo teknar upp á sameiginlegum fundi búnaðarfélagastjórnanna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og sett þar í ákveðna tillögu, þess efnis, að fá skipaða milliþinganefnd til rækilegrar endurskoðunar á nefndum lögum. Eg hefi nú ekki nema að nokkru leyti framfylgt þessari tillögu. Eg hefi ekki talið heppilegt, að núna á aukaþinginu sé skipuð milliþinganefnd, tíminn er of stuttur til þingsins að sumri, og í samráði við meðflutnm. mína sneri eg því upp í það, að landbúnaðarlöggjöfin í heild sinni yrði athuguð, því oss fanst, að hér gæti margt fleira komið til greina.

Eg skal ekki fara út í neina upptalningu á slíku; en nefnt get eg eitt vandamál, sem gæti nú komið til íhugunar, og búnaðarþingið að sumri tekur sennilega til meðferðar — það er búnaðarskólamálið. Að vísu eru búnaðarskólarnir amtstofnanir; en bæði eru þeir bygðir á lögum og lifa að ekki svo litlu leyti á fjárveitingu úr landssjóði, og því er það ekki nema eðlilegt, að þingið legði þar til mála.

Aðalhlutverk væntanlegrar nefndar hér í deildinni verður væntanlega að athuga ábúðarlöggjöfina, og gefa bendingar um, í hverja átt ætti að breyta henni.

Sú löggjöf er nú orðin 18 ára gömul, og á þeim tíma hefir margt breyzt. Menn hafa fundið marga ófullkomleika í þessum lögum, sérstaklega vil eg

benda á það, hvað lítið þau gera til þess að tryggja betri jarðarhús. Það má teljast eitt hið mesta mein í landbúnaði vorum, að sama kynslóðin verður að byggja yfir sig tvisvar eða þrisvar.

Maður sér bezt vott þessa, þegar maður hafir tækifæri til að kynna sér þetta af eigin sjón. Það er sönn hörmungarsjón, að sjá, hve stórfé fer til einskis á 8—10 árum.

Yfirleitt ganga áskoranir um breytingar á ábúðarlöggjöfinni í þá átt, að bæta rétt leiguliða, en þá rís hins vegar sá andi, að sneyða ekki rétt landsdrotna, enda eru ástæður þeirra lítt glæsilegar nú á dögum víðast hvar, er jarðirnar eru að fara í eyði. Alt er ekki fengið með sjálfsábúðinni.

Að kunnugra manna sögn er að minsta kosti leiguliðaábúð í Múlasýslu í góðu lagi.

Ábúðarlöggjöfin ein fyrir sig nær ekki langt til endurbóta, en nokkuð má þó bæta eða spilla með henni. Breyting á þeirri löggjöf hlýtur að taka mjög langan tíma. Það sýndi sig bezt, hvað ábúðarlögin voru lengi á leiðinni frá því landbúnaðarlaganefndin var skipuð 1870. Þetta aukaþing hefir að vísu ekki mikinn, en þó nokkurn starfstíma og hygg eg því, að það gæti gert nokkuð til þess að greiða fyrir málinu, svo að það betur undirbúið geti orðið tekið upp á næsta þingi.

Hér liggur fyrir breyt.til., að sjö manna nefnd sé skipuð í stað fimm manna. Við þá till. hef eg ekkert að athuga, og get verið henni samþykkur, af því að ætlast mun til, að öðru skyldu máli sé vísað til væntanlegrar nefndar.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Ástæðan til þess, að brt. þessi var gerð, var sú, að okkur flutnm. kom saman um, að réttast væri að landbúnaðarnefndin fjallaði líka um fjárkláðamálið; en þar sem verksvið nefndarinnar var þannig aukið, virtist okkur ástæða til að fjölga mönnum í henni. Vona eg að hin háttv. þingd. fallist á það, eins og líka flutningsm. hefir gert.

ATKVGR.: Brtill. (þskj. 33) samþ. í e. hlj.

Till. til þingsál. (þskj. 11) með áorðinni breytingu sþ. í e. hlj.

Því næst var 7 manna nefnd kosin og hlutu þessir kosningu:

Árni Jónsson með 20 atkv.
Björn Bjarnason m. 20 atkv.
Þórh. Bjarnarson m. 19 atkv.
St. Stefánsson þm. Skagf. m. 16 atkv,
Sig. Stefánsson m. 14 atkv.
Guðl. Guðmundsson m. 14 atkv.
Hermann Jónasson m. 12 atkv.

Landbúnaðarlöggjöf.
II.

TILL. til þingsál. í landbúnaðarmálinu (þskj. 165); ein umr., 20 ág.

Framsögum. (Þórh. Bjarnarson): Það sem liggur fyrir hinni háttv. deild að greiða atkv. um í dag, er það, hvort hún álíti rétt og tímabært, að farið sé að breyta ábúðarlöggjöfinni. Nefndin í þessu máli hefir fyrir sitt leyti játað, að fulla nauðsyn beri til þess, og óskar, að háttv. deild geri slíkt hið sama. En nefndin álítur, að veruleg breyting á þeim lögum taki langan tíma og þurfi sérlega mikils undirbúnings, því að slík löggjöf er vandasöm mjög, og tekur til margra og grípur inn í eignarrétt manna á margan hátt. Í viðurkenning um þetta var það, að nefndin fór ekki fram á milliþinganefnd, og áleit það líka ótímabært, að skora á stjórnina að koma með frumv. til slíkra laga fyrir næsta þing, þar eð undirbúningstími til þess yrði alt of stuttur.

Nefndin álítur að enn vanti ýmsar upplýsingar og ýms gögn, sem nauðsynleg eru til þess, að athuga málið vandlega.

Það er t. d. hvergi hægt að sjá það, hve margir leiguliðar eru á landinu; því mun mjög misjafnt farið í hinum ýmsu hlutum landsins. Enn fremur vantar upplýsingar um leigumála, á-búnaðartíma.n og trygging ábúðar, og hvernig ábúðin er í reyndinni í ýmsum héruðum landsins.

Í sumum héruðum er lífstíðarábúð tíðust í reyndinni, þótt engin lög séu til fyrir því.

Í öðrum sýslum er ábúðin venjulega eitt ár, eða þá eins langur tími og »um semur«. Það er líka mismunandi, hve mörg jarðarhús fylgja í ýmsum hlutum landsins; á Norðurlandi er mér kunnugt um það, að þar fylgdu mikið fleiri jarðarhús en á Suður- og Vesturlandi.

Um alt þetta er ekki hægt að fá upplýsingar hér ,og því síður um, hverja hlutföku landsdrotnar taka í jarðabótum leiguliða sinna, eða hvernig því er varið í framkvæmdinni.

Áður en lengra er út í að skipa ný landbúnaðarlög, verður að útvega upplýsingar um alt þetta, og efalaust margt fleira.

Það er svo margt, sem þetta aukaþing vill fá upplýst hjá stjórninni, og eg get vel skilið, að hæstv. landsh. kunni að þykja nóg um það, og hann ef til vill minni á það, að upplýsingar, sem þingið æski eftir, séu eigi altént svo mikið notaðar. En eg vil þó halda, að upplýsingar stjórnarinnar í þessu máli yrðu notaðar. Þingsályktunartill. er auðvitað nokkuð óákveðin; það fundum við nefndarmenn líka; en við von um, að nefndarálitið bæti úr því. Vér höfum gengið út frá því, að framkvæmd till. þessarar yrði sú, að landsh. bæri sig saman við Landsbúnaðarfélagið um það, hvað helzt ætti að spyrja um, og hvernig þær spurningar skyldu orðaðar. Landsstjórnin leggur svo spurningarnar fyrir sveitarstjórnarvöldin.

Eg hefi beztu vonir um, að hæstv. landsh. muni gera sitt til, að þetta geti gengið greiðlega, því að eg ímynda mér, að hann geri þetta eigi síður en þegar hann fyrir tveimur árum hlutaðist til um, að sveitastjórnarvöld gæfu svör upp á spurningar frá verkfræðingnum, sem fenginn var til byggingarannsóknanna, án þess að nokkur áskorun til hans lægi fyrir um það efni frá þinginu. Það voru margar og margbrotnar spurningar, sem þar var ætlað að svara.

Upplýsingar þessar hugsa eg mér að geti verið komnar áður en búnaðarþingið kemur saman að sumri, og ætti það, að hafa þá nokkurn tíma afgangs öðru starfi til að íhuga þær, og standa betur að vígi við það en vér gerum nú, sökum þess, að þá væru betri gögn fyrir höndum, og kæmi málið við það töluvert betur undirbúið fyrir næsta þing.

Eg tel sjálfsagt, að háttv. deild muni hafa kynt sér nefndarálit vort, og muni fús á að ræða efni þess sem rækilegast, einkum nú, er svo vel ber í veiði, að tími er nægur og öðrum málum lokið á þessum fundi.

Hér eru saman komnir landbúnaðarmenn og landbúnaðarvinir víðs vegar af landinu, og álít eg það mikilsvert, að þeir láti í ljósi skoðun sína á málinu, og ræði það frá ýmsum hliðum.

Nefndarálitið vekur nokkrar spurningar, sem æskilegt væri að heyra ræddar hér, svo sem það, hvernig unt sé að bæta kjör leiguliða, og gera þeim sem hægast fyrir að bæta leigujarðir sínar sem mest og bezt, án þess þó rétti eigendanna sé þröngvað.

Önnur spurningin er sú, hvernig því verði sem haganlegast fyrir komið, að landsdrottinn eigi öll nauðsynleg hús á jörð þeirri, sem hann leigir út, og beri ábyrgð á fyrning þeirra, þar sem leiguliði aftur á móti greiði einhverjar árlegar leiguliðabætur. — Eg veit, að það verður vandasamt, að skipa þessu svo vel fari, einkum að því er snertir viðhald húsanna og leiguliðabœturnar. — En eg hygg þó, að þetta muni vera eini vegurinn til þess, að tryggja húsabœtur á leigujörðum.

Þá hefir nefndin í áliti sínu minst á búnaðarskólamálið. — Það er vandamál, og hlýtur búnaðarþingið, að taka það til meðferðar, þegar það kemur nœst saman. — Það vœri því gott, að háttv. þingmenn létu í ljósi skoðun sína á því nú, og gœfu búnaðarþinginu bendingar um það, við hverju vœri þar að búast af þingsins hálfu.

Nefndin hefir haldið því fram, að eigi œttu að vera nema tveir búnaðarskólar í landinu, en betur haldnir en hinir núverandi búnaðarskólar. — Hún vill í annan stað, að þeir séu undir einni sameiginlegri stjórn, svo að betra samræmi geti fengist milli þeirra og haganlegri niðurskifting á hlutverkum þeirra. — Nefndin sá eigi aðra stjórn líklegri til þess að hafa þessa yfirumsjón búnaðarskólanna en stjórn Landsbúnaðarfélagsins. Þetta vona eg því, að háttv. deild vilji taka til athugunar.

Það er satt, að þingsályktunartillaga nefndarinnar er ekki víðtœk, en hún stígur þó vonandi spor í rétta átt, að búa undir endurskoðun landbúnaðarlöggjafarinnar, og því vona eg, að h. deild fallist á hana.

Björn Bjarnarson: Hér er um svo yfirgripsmikið vandamál að ræða, að erfitt er að íhuga það eins vandlega á þingi og skyldi, einkum þar sem þingið hefir fjölda annara stórmála til meðferðar.

Eg skal nú fyrir mitt leyti leyfa mér að fara fám orðum um það. — Skal eg þó geta þess, að þótt eg hafi skrifað undir nefndarálitið fyrirvaralaust, þá var eg ekki samdóma háttv. meðnefndarmönnum mínum um þá setningu í nefndarálitinu, að almenn ákvæði um að binda með lögum ábúðartímann geti verið viðsjárverð. — Eg er ekki á þeirri skoðun, að þetta sé mjög viðsjárvert, heldur að það sé nauðsynlegt. — Í landi, þar sem mjög er venjulegt að byggja jarðir annaðhvort til eins árs eða þá á meðan um semur, þar er naumast við miklum jarðabótum að búast af leiguliða hálfu.

Það er meir en óþægilegt fyrir leiguliða, að vita máske ekki fyr en komið er að jólum, hvort hann muni fá að halda ábúð á jörð sinni næsta ár eða ekki, og það er ómögulegt að ætlast til þess, að nokkur maður búi um sig með þessu móti, eða geti liðið vel. — Þessi ábúðar-óvissa leiguliðans er með öllu óhafandi, svo framarlega sem menn vilja tryggja jarðabætur á leigujörðum. — Mér finst því bráðnauðsynlegt, að ákveða með lögum einhvern styzta ábúðartíma, og hann ekki mjög stuttan. — Eg fæ ekki betur séð en að gallarnir við það séu smávægilegir í samanburði við kostina. — Þá þykir mér það sjálfsagt, að svo sé búið um hnútana, að leiguliðar eigi lagaheimting á meira endurgjaldi fyrir jarðabætur sínar en þeir eiga nú, því að það er sama sem ekkert.

Eins og nú standa sakir, þar sem ábúðin er svo óviss, og endurgjald fyrir unnar jarðabætur máske enn óvissara, þá er ekki við að búast, að leiguliðar leggi fram krafta sína til jarðabóta; að

minsta kosti hlýtur það fremur að vera framfarahugur og jarðabóta-áhugi, sem knýr þá til þess, en hagsmuna-von. — Aftur játa eg það, að það getur komið hart og óþægilega niður á jarðareigandanum, að þurfa að borga út frá sjálfum sér í einu all-háa upphæð til leiguliða fyrir jarðabætur. En á þessu mætti ráða bót t. d. með því, að koma á fót lánsstofnun, þar sem jarðeigendur gætu með hagkvæmum kjörum fengið lán til þess, að greiða með þennan jarðabótakostnað.

Þess er og að gæta, að eg geri ráð fyrir því, að eigi muni að jafnaði lenda á jarðeigenda, að borga allan jarðabótakostnaðinn, heldur muni leiguliði verða að taka þátt í honum í hlutfalli við arð þann, sem jarðabótin gefur honum.

Eg álít það alveg rétt, að fyrir sé skipað um það, að nauðsynleg íbúðar- og geymsluhús fylgi jörðu hverri; en hitt getur komið nokkuð hart niður, ef það einnig er heimtað, að nauðsynleg peningshús skuli fylgja henni líka. — Það er nefnilega svo erfitt að ákveða hvað teljast megi nauðsynleg peningshús; einn bóndinn hefir miklu meiri búpening á sömu jörðunni en annar, og þarf þar af leiðandi á miklu meiri peningshúsum að halda. — Það gæti því orðið nokkuð hart fyrir jarðareigandanda, að verða að byggja nauðsynleg peningshús handa þeim landseta sínum, sem mestan búpening hefir; hús, sem hann getur búist við, að næsti ábúandi verði að láta standa auð að meira eða minna leyti.

Þó játa eg það, að vel gæti verið að gengilegt, að gera landsdrotni að skyldu, að hafa einhver ákveðin peningshús á jörðu sinni, að eins að kröfurnar væru eigi gerðar of strangar.

Pétur Jónsson: Eg hefði ekki tekið til máls nú, hefði ekki h. framsm. (Þ. B.) vikið því að þingdm., að ræða málið nú, af því að dagurinn væri nógur. Þar sem ekki lægju fleiri mál fyrir til umr. Eg felst svo algerlega á niðurlagstill. nefndarinnar, að eg hefi ekkert út á hana að setja; en það er atriði, sem hreyft er í sjálfu nefndarálitinu, sem kom mér til að taka til máls, sem sé, þar sem nefndin minnist á hús þau, sem eiga að fylgja leigujörðum. Það er auðséð á nefndarálitinu, að nefndin er á þeirri skoðun, að landsdrottinn eigi að eiga öll nauðsynleg jarðarhús, eða sem mest af þeim. Eg er samdóma nefndinni um það, að ástandið, eins og það er nú, er mjög óheppilegt, nefnilega að landsdrottinn eigi að eins tiltölulega lítinn part húsanna, en að öll hús, sem þar eru fram yfir, þótt nauðsynleg séu í raun og veru, verða að vera eign leiguliðans. Hins vegar verður að gæta að því, að eins og nú er ástatt, og með því eftirgjaldi, sem nú er af jörðum, getur landsdrottinn alls ekki staðið sig við að eiga öll jarðarhúsin, nema því að eins, að allur leigumáli hækkaði að miklum mun. Hingað til hefir hver ærlegur og dugandi leiguliði orðið að leggja fram nokkuð fé árlega frá sjálfum sér til húsabóta; það hefir verið eins konar árlegur húsabótaskattur, sem svaraði til hærra eftirgjalds; en sá galli er á þessum skatti, að hann hvílir eingöngu á góðum og duglegum leiguliðum, sem láta sér ant um að húsa vel jörðina og býli sín, en trassarnir sleppa með eftirgjaldið eitt. Þetta þarf auðvitað að bæta, því leiguliðinn á ekki víst að fá neina uppbót fyrir það, sem hann hefir gert að húsum á jörðinni fram yfir viðhald. En það er ekki víst, að það verði hægt að bæta úr þessu, með því að neyða landsdrottinn til að eiga öll jarðarhúsin, því þá kemur sú spurning til sögunnar, hvort hægt verði að leigja jarðirnar út með þeirri hækkun

á eftirgjaldinu, sem af þessu leiðir. Eg álít, að það gæti komið til tals gagnstæð aðferð, sú einmitt, að leiguliðinn ætti öll jarðarhúsin. Því mundu fylgja ýmsir kostir. Í fyrsta lagi yrði það þá hagur leiguliðans sjálfs, að húsin væru sem bezt bygð; í öðru lagi, mundi það binda leiguliðann fastara við ábýlið, og í þriðja lagi væri það hans eigin hagur að halda húsunum sem bezt við, svo að þau yrðu sem útgengilegust, ef að því kæmi að þyrfti að selja þau. Eg skýt þessari hugsun að eins fram, til þess að háttv. þingdm. geti velt henni fyrir sér. En nú kynnu menn að spyrja, hvernig hægt væri að skylda hvern einasta leiguliða til að eiga öll jarðarhúsin. Til þess liggja þau svör frá minni hendi, að eg álít, að þetta ákvæði eigi í fyrsta lagi að eins við þá leiguliða, sem hafa lífstíðarábúð, og það er sú eina ábúð, sem eg álít að eigi að eiga sér stað að öllum jafnaði, og í öðru lagi, að leiguliða, sem við jörð tekur, sé gert að skyldu, að kaupa öll nauðsynleg hús, en ekki öll hús, sem haganlegt væri að stæðu á jörðinni. Þau hús, sem þar fram yfir væru, yrðu auðvitað að vera á ábyrgð þess, sem bygði þau, alveg eins og nú á sér stað, og það væri ekki hægt að skylda leiguliða til að kaupa þau, er hann tæki við jörðinni.

Mér finst þessi aðferð mundi vera fult eins heppileg til að ráða bót á því ástandi sem nú er, sem hin gagnstæða aðferð, að landsdrottinn eigi húsin, sem nefndin sýnilega hallast að. Auðvitað er það ætíð spurning um það, hvort það sé hægt að gera nokkuð kröftugt af löggjafarvaldinu til að koma þessu á; á því hefi eg enn þá ekki haft neinn tíma til að átta mig. Eg álít, að það vandamesta í þessu máli sé, að finna hið rétta hlutfall milli þeirra húsa, sem megi vera á jörðum, svo þær geti borið sig, og milli þeirra bygginga, sem nauðsynlega þurfa að fylgja hverri jörð. Sumir hafa sagt að jarðirnar okkar beri ekki fulla byggingu; en eg held þeir hafi ekki athugað vel, hvað það er, sem þeir segja með því. Að segja, að jarðirnar geti ekki borið öll nauðsynleg jarðarhús, er sama sem að segja, að búskapur geti alls ekki borið sig á Íslandi. Alt annað er það, að jarðirnar geti ekki borið fulla byggingu með því eftirgjaldi, sem nú er goldið eftir þær; því það er satt. Og spurningin er þá þessi: er hægt að fá leigumálann hækkaðan? Eg sé ekki að löggjafarvaldið geti haft nein áhrif í þá átt. Eins og menn sjá, bindur þetta hvað annað, og það getur því verið mjög örðugt, að kippa þessu í lag.

Eg skal svo ekki fara út í fleiri atriði í nefndarálitinu að sinni, með því að eg hefi ekki búið mig undir að taka þátt í umr., þótt mér ekki finnist nema rétt að nota daginn til þess að ræða þetta mál, eins og háttv. framsm. (Þ. Bj.) tók fram.

Sighvatur Árnason: Eg lít svo á, að það sé mjög mikil vandkvæði á, að gefa góðar bendingar í þessu máli, sem þó væru jafnframt framkvæmanlegar, þar sem um þau mál er að ræða, sem snerta svo mikið hið samningslega milli leiguliða og landsdrottins. Það eru mikil vandkvæði á því fyrir löggjafarvaldið, að grípa hér inn í.

Það er að eins eitt atriði, sem eg vildi benda á í þessu máli, sem ekki hefir verið minst á. Eitt meðal annars, er að mínu áliti stendur landbúnaðinum mikið fyrir þrifum, eru jarðarkúgildin. Mönnum er það kunnugt, að til forna voru engin kúgildi á jörðum, en í þess stað var landsskuldin höfð helmingi hærri en nú á sér stað, þar sem hin svo kallaða forngilda viðgengst, þar sem t. d. er af 20 hndr. jörð goldin

leiga af 4 kúgildum og 120 álnir í landsskuld nefnilega hundrað álnir á landsvísu, áður voru engin kúgildi, en landsskuldin var þá tvöhundruð álnir á landsvísu; af 20 hndr. jörð. Eg álít að þetta fyrirkomulag með kúgildi á jörðum eigi mikinn þátt í því, hvað búskapur okkar stendur illa. Það leiðir til þess, að menn hlaupa til að taka jarðir og jarðarparta, sem alls engin efni hafa á því, og eru ekki menn til þess að búa, vegna þess, að þeir geta fengin kúgildin strax til að lifa á og hokra við, sem hefir leitt af sér öreigabúskap og niðurníðslu jarðanna. Ef það væri hægt fyrir löggjafarvaldið, að fá kúgildin afnumin, en landsskuldina aftur hækkaða máske um það, sem því svaraði, þá væri stórt spor stigið í áttina til að bæta landbúnaðinn; en hér eru auðvitað erfiðleikar á, að fá þessu framgengt, en þó að líkindum alls ekki ómögulegt. Eg veit af mörgum dugnaðmönnum, sem kúgildabyrðin hvílir á, 4 til 6 kúgildi, að þeir vildu margfalt heldur eiga og eignast þau lausafjárhundruð, sem svarar kúgildunum, þó þeir ættu að greiða sama gjald eftir jörðina. En eg játa, að það er ekki auðsýnn vegur til að koma þessu í lag í svipinn; en ímynda mér þó, að takast mætti með tímanum að ráða bót á þessu, ef þing og þjóð væri samhuga um, að vilja vinna að því með áhuga og alvöru.

Það hefir verið minst á húsabætur á jarðarhúsum, og eg skal þess vegna ekki fjölyrða um það, en að eins geta þess, að mér er kunnugt um það, að það er mjög mikið ólag á jarðarhúsum víðast hvar. Það er sumstaðar verið að halda við þessum margra ára gömlu smákompum, sem alveg ættu að hverfa. Ef hægt væri að fyrirskipa með löggjöfinni um stærri og vandaðri jarðarhús, nefnilega þau hús, sem er brýnust þörf á á hverri jörð sem er, þá væri mikið unnið með því, og með það atriði út af fyrir sig sýnist ekki vera ókleift til umbóta.

Framsögum. (Þórhallur Bjarnarson): Ef ekki fleiri tala, þá vil eg að eins gjöra stuttar aths. við umr.

Háttv. þm. Dal. (B. B.) vék að því, sem hann og hélt fram í nefndinni, að ábúðartíminn væri ákveðinn með lögum. Landbúnaðarnefndin sem skipuð var 1870 hélt fram því, eða réttara sagt meiri hluti hennar gerði það, að ekki mætti byggja til styttri tíma en 15 ára, og hygg eg að þeir hafi þar aðallega bygt á þá nýútkominni ritgerð eftir Torfa í Ólafsdal, sem skýrði frá að ábúðartími í Skotlandi væri eigi skemri en 19—20 ár, og lagði jafnframt til, að hér á landi yrði hann ákveðinn 15 ár, beint með lögum.

Nefndin íhugaði þetta atriði sérstaklega, og komst að þeirri niðurstöðu, að viðsjárvert væri að binda með lögum ábúðartímann, en hitt gæti komið til athugunar, hvort jarðabætur leiguliða ættu eigi að gefa honum rétt til lengri ábúðar, kysi hann það fremur en bætur.

Háttv. þm. Dal. (B. B.) talaði einnig um sérstaka lánstofnun til endurgreiðslu fyrir jarðabætur. Þetta kom einnig til tals í nefndinni, og eg fyrir mitt leyti býst við, að einhverja slíka lánsstofnun þurfi að fá til að bæta prestum og kirkjujarðalandsetum fyrir unnar jarðabætur, svo að ábúendur þeirra jarðeigna verði eigi ver settir í því tilliti en aðrir.

Hvað orðum háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) viðvíkur, þá þótti mér það nokkuð nýstárleg hugmynd, að leiguliðinn ætti öll jarðarhúsin. Við það er eflaust margt að athuga. Það yrðu þá tveir eigendur að eigninni, og tveir menn væru um að selja og leigja hana út,

og mundu víst verða ýmsir örðugleikar á því.

Nefndinni blandaðist ekki hugur um það, að jarðarhúsin ætti landsdrottinn að eiga; hitt þótti henni erfitt að skera úr, hvað telja skyldi nauðsynleg jarðahús.

Háttv. 2. þm. Rangv. (S. Á.) gat þess, að kúgildum væri oft hlaðið á jarðirnar, svo þetta stæði oft í mjög öfugu hlutfalli við hundraðatal jarðanna. Eg er h. þm. alveg samdóma í þessu, og álít að nauðsyn beri til þess að athuga það.

Hér kemur fram sem í svo mörgu öðru, hve staðhættir eru misjafnir í þessum efnum, að á Norðurlandi er kúgildafjöldinn hvergi nærri svo mikill sem á Suðurlandi móts við hundraðatal.

Að lokum skal eg láta ánægju mína í ljósi yfir því, að málið hefi skýrst við þessar umr., og hef eg þá von, að málið verði við þetta töluvert betur undirbúið fyrir næsta þing.

Pétur Jónsson: Það má vel vera, að orð *mín* viðvíkjandi þeirri brt., að leiguliðar ættu öll hús á jörðum, hafi ekki verið svo skýr sem skyldi, en eg gat þess þá líka, að eg væri ekki undirbúinn í því efni, að útlysta eða rökstyðja þessa hugsun til hlítar; og eg tek það enn fremur fram, að eg er enn eigi undirbúinn til þess að taka til máls um það.

Að eins væri mér kært að menn vildu taka þessa hugmynd til athugunar.

Framsögum. áleit, að tvískinnungur kæmist í fasteignina með þessu móti þannig, að jarðeigandi ætti að eins landið, og að þetta þá mundi valda miklum örðugleikum, þar eð spursmálið þá yrði, hvort leiguliði, ætti þá að hafa hönd í bagga, þegar jörðin væri bygð nýjum leiguliða. En eg álít að það ætti að ganga hingað til eins og áður hefir tíðkast, að jarðeigandi byggi jörðina. En það má gera honum að skyldu að byggja hana með þeim skilyrðum, að leiguliði, sem við tekur, kaupi öll nauðsynleg tiltekin jarðahús af fráfaranda, og jafnframt að landsdrottinn ábyrgðist það, að leiguliði gæti greitt verð fyrir húsin, en þau skyldu metin af úttektarmönnum að sínu leyti eins og nú er. Eg sé því ekki að þetta væri svo ókleift.

Sigurður Stefánsson: Eg er á sama máli sem háttv. framsm. um það, að till. háttv. þm. S.-Þing. muni hafa komið öllum á óvart.

Till. þm. kemur í algerðan bága við gamla venju hér á landi. Í fornlögum vorum er það ákvæði að landsdrottinn á að láta fylgja jörð sinni nauðsynleg hús, og ábyrgjast fyrning þeirra. Þetta sem fleira í fornlögum vorum mun óhætt að telja heppilegt og það var ekki samkvæmt óskum Íslendinga, að þessum ákvæðum fornlaga vorra var breytt. Það er í alla staði eðlilegt, að jarðeigandi eigi þau hús á jörðu sinni, sem telja má nauðsynleg til þess að hún geti talist leigufær, en leigufær getur engin jörð talist, sem húsalaus er.

Nefndin áleit að réttast vær að hverfa til hinna fornu lagaákvæði í þessu efni. Sú venja, að leiguliðar ættu meira og minna af nauðsynlegum jarðarhúsum á leigujörðum sínum og ábyrgðist fyrning þeirra, komst smámsaman á, eftir að konungur gerðist landsdrottinn á Íslandi; viðhald og fyrning jarðarhúsanna þótti þung byrði á konungssjóði, og því var það ráð tekið, að slengja öllu þessu á leiguliða; en afleiðingarnar urðu hinar verstu, bæði fyrir húsabyggingar á jörðum og leiguliðana sjálfa; húsabyggingum hnignaði óðum og leiguliðar biðu stór-tjón af þessari breytingu.

Eg verð því að segja, að mér finst

till. h. þm. S.-Þing. (P. J.) mjög varúðarverð. Afleiðingin yrði sú, að leiguliðar yrðu að leggja enn meira í byggingarkostnað á leigujörðum sínum en áður, án þess að hafa neina trygging fyrir, að fá þann kostnað endurgoldinn. Eg hygg því að ef þessari reglu h. þm. S.-Þing. (P. J.) yrði fylgt út í æsar, þá mundi hún leiða til enn meiri ójafnaðar fyrir leiguliða, og til ærinna vandkvæða fyrir landsdrottinn. Eg get hugsað mér, að jarðir bygðust síður kæmist þessi skipun á. Setjum t. d. að efnilegur maður vilji taka jörð, en er ei fær til þess að kaupa eða byggja öll húsin, er til þarf; fyrir það verður hann að verða af ábúðinni og getur slíkt auðveldlega leitt til þess, að jarðeigandi geti ekki bygt jörð sína. Auk þess liggur það í hlutarins eðli, að landsskuldir yrðu að lækka, ef þetta kæmist á; landsdrottinn getur ekki heimtað eins háa landsskuld eftir húsalausa jörð eins og jörð með nauðsynlegum húsum. Það er alveg eins og ef húseigandi vildi leigja hús sitt, en því húsi fylgdi hvorki gluggar, hurðir eða ofnar. Eg hygg að sá húseigandi gæti ekki heimtað eins háa leigu, og að það yrði fullerfitt fyrir hann, að leigja hús sitt.

Eg verð því að álíta að það, að segja leiguliða að taka jörðina án húsa, sé í mörgum tilfellum sama sem að gera leiguliða lítt mögulegt að taka jörð til ábúðar, auk þess sem tryggingin fyrir gæðum og varanlegum húsabótum verður á þennan hátt miklu minni en ef jarðeigandi á öll húsin, og eg sé eigi annað en að sú hætta fyrir leiguliða, að fá ekki endurgoldna þá peninga, sem hann leggur í húsabætur, verði miklu meiri á þennan hátt. Með þeim ábúðartíma, sem hingað til hefir tíðkast, þá er þetta, mér liggur við að segja, vitleysa.

En þessi till. er sem sagt alveg ný, svo það er ef til vill ekki rétt, að dæma hana svona hart. En í fljótu bragði get eg eigi fallist á hana.

Ólafur Briem: Eg hefi ávalt verið þeirrar skoðunar, að sú regla sem sett er í 20. gr. laga 12. jan. 1884 um bygging, ábúð og úttekt jarða, viðvíkjandi endurgjaldi frá landsdrotnum til leiguliða fyrir unnar jarðabætur sé óheppileg, og það jafnvel frá sjónarmiði beggja hlutaðeigenda.

Reglan er sú, að ef leiguliði á að geta gert sér von um nokkurt endurgjald, þá verður hann fyrirfram að láta gera nákvæma áætlun um kostnaðinn við jarðabótina í heild sinni, og þar að auki bjóða landsdrotni að láta gera jarðabótina gegn hækkuðu eftirgjaldi. En nú stendur oft svo á, að leiguliðinn veit ekki óðara en líður, hve miklu hann fær afkastað, og lætur því farast fyrir að gera slíka áætlun um verk, sem hann er ekki fyrirfram viss um að fá tíma og tækifæri til að leysa af hendi. Og afleiðingin af þessu fyrirkomulagi verður þá, að hve miklar og gagnlegar jarðabætur sem leiguliðinn hefir gert, þegar hann fer frá jörðinni, fer hann á mis við allan rétt til endurgjalds, einungis fyrir þá sök, að hann hefir eigi fullnægt hinum ákveðnu skilyrðum að því er formið snertir.

Eg hefi haldið spurnum fyrir um það, hvort þetta ákvæði um endurgjald fyrir jarðabætur leiguliða hafi í raun og veru nokkra þýðingu, en hefi ekki fengið vitneskju um, að leiguliðar hafi fært sér það í nyt. Þar á móti veit eg þess dæmi, að leiguliði hefir flutt frá jörð eftir að hafa gert þarfar jarðabætur, sem við úttekt jarðarinnar hafa verið metnar til hækkunar í eftirgjaldi hennar, en samt sem áður fengið afsvar landsdrottins um nokkurt endurgjald, af þeirri einu ástæðu, að hann hafði

ekki borið sig rétt að, áður en hann byrjaði á jarðabótinni.

Þetta er mjög óheppilegt fyrir leiguliða. Og frá sjónarmiði landsdrottins er það heldur ekki heppilegt, að ekkert tillit er tekið til þess, hvort leiguliði hafi notið arðsins af jarðabótinni um lengri eða skemmri tíma; og er vikið að þessu í nefndarálitinu. Eg fyrir mitt leyti verð að álíta það sanngjarnast og bezt svara tilganginum, að jarðabætur leiguliða séu metnar til endurgjalds, eins og þær koma fyrir við burtför hans frá jörðinni, og að jafnframt sé haft tillit til þess, hve lengi hann er búinn að njóta arðsins af þeim án eftirgjalds hækkunar.

Viðvíkjandi deiluefninu um húsin vil eg að eins taka það fram, að það sem mér þykir mest um vert er það, að ákvæði laganna, eftir því sem unt er, styðji það tvent, að þau yrðu bygð sem varanlegust og haganlegust, og að þau ekki séu beinlínis eyðilögð af manna völdum á þann hátt, að einn rífi niður það, sem annar byggir upp, eins og oft og tíðum hefir átt sér stað. Og álít eg að það sé meiri trygging fyrir þessu tvennu, ef landsdrottinn á húsin og honum er skylt að halda þeim við og byggja þau upp, þegar þess gerist þörf. Það er sýnilegt að ef landsdrottinn á húsin og verður að byggja þau upp þegar þau falla, þá hefir hann sterka hvöt til að vanda byggingu þeirra, svo að þau geti staðið sem lengst. En auðvitað verður landsdrottinn þá að fá hæfilegt árgjald hjá leiguliða, í notum þess, að hann er þá laus við ábyrgð á fyrning húsanna.

Annars er ástæðan til þess, að hús á jörðum eru eyðilögð, ekki einungis sú, að þau geti eigi staðið lengur, heldur einnig oft og tíðum sú, að sá nýi á-

búandi vill ekki kaupa þau, annaðhvort af því, að hann þykist ekki þurfa þeirra með, af því hann hefir minna umvélis en fráfarandi og stundum jafnvel af því, að honum þykir eins gott að fá ókeypis byggingarefni, sem ekki má flytja burt, t. d. torf og grjót í veggjum. Það getur enn framur stafað af því, að húsin eru óhaganlega bygð, og ekki við hæfi jarðarinnar, t. d. óþarflega stór. En við því er síður hætt, ef landsdrottinn byggir húsin, með því hann hlýtur að hafa það hugfast, að geta bygt jörðina framvegis, svo að húsin beri hana ekki ofurliða.

En til þess að koma góðu lagi á bygging sveitabæja álít eg þó, að landsdrottinn mætti ekki vera einn í ráðum, heldur yrði það nauðsynlegt, að hafa byggingarnefndir í sveitum, eins og stungið hefir verið upp á, og ættu þær nefndir að hafa eftirlit með því, að bygt yrði þannig, að húsin væru sem haganlegust og mættu standa sem bezt og tryggast.

Framsm. (Þórhallur Bjarnarson): Eg vildi enn benda á eitt atriði út af þessari hugmynd h. þm. S.-Þing. (P. J.), að jarðarhúsin séu eign leiguliða. Það er viðurkent, að lítið er nú lánað út á hús til sveita, og í tilefni af því var það að eg við umræðurnar um brunabótafélagið vék að því, að æskilegt væri að bændur ættu heimtingu á að fá vátrygð hús á jörðum sínum, til þess að veðgildi jarðanna stigi, sem er mjög þýðingarmikið fyrir efling landbúnaðarins. Slæmt er það nú með lán, en mikið verður það verra, er sinn hver er eigandinn að húsum og landi. Leiguliðinn fær alls ekki lán út á húsin landlausu og lóðarlausu, og landsdrottinn mundi fá harla skert lán út á húsalaust land. Þeir yrðu þá að vera saman um lán-

tökuna, og hefir það þá eigi síður sína ókosti.

Í umræðunum í dag hefir ekkert verið minst á hið yfirlýsta álit nefndarinnar um búnaðarskólana, og skoða eg það svo, að h. deild sé samþykk þeim bendingum, sem nefndin hefir komið með í því vandamáli.

Björn Bjarnarson: Eg vildi að eins gera litla athugasemd til leiðbeiningar, er landbúnaðarlöggjöfin verður tekin til meðferðar, sem þyrfti að verða sem allra fyrst. Sumum jörðum er skift í marga parta þannig, að sinn eigandi er að hverjum parti og hver eigandi hefir öll umráð, þar með talin byggingarráðin, yfir sínum parti, og við alla þessa eigendur þarf leiguliðinn að semja um jarðarbætur, sem hann vildi gera á ábúðarjörð sinni, og um annað, er hana snertir; en þetta getur valdið miklum erfiðleikum, og oftsinnis valdið því, að ómögulegt er að fá nokkurt samkomulag við alla eigendur; sérstaklega kemur þetta sér mjög illa fyrir leiguliða, er hann vill fá byggingu fyrir jörð, sem er eign margra manna; þá kann svo að fara, að sumir vilja byggja honum sína parta, en sumir ekki byggja með þessum skilmálum, en sumir með öðrum, sumir til lengri tíma, en sumir að eins til 1 árs eða svo lengi sem um semur. Þetta getur stundum gert leiguliðanum ómögulegt að fá nægilega mikinn hluta af jörðunni til ábúðar og veldur alt af miklum örðugleikum og umsvifum. Það gæti nú komið til athugunar, hvort ekki ætti að banna með lögum, að nokkur mætti eiga minni hluta úr jörð en svo, að parturinn sé sómasamlegt ábýli fyrir fjölskyldu; en að minsta kosti þyrfti að skipa svo fyrir, að einn maður, t. a. m. sá sem ætti stærstan partinn, hefði byggingarráðin og önnur umráð lútandi að ábúðinni á jörðinni og geti gert alla samninga, er snerta ábúðina.

Þá er eitt ákvæði í landbúnaðarlöggjöfinni, sem mér dettur í hug og sem eg tel harla óheppilegt. Þar er leiguliða bannað að taka húsfólk, nema með leyfi landsdrottins. Eins og nú er ástatt í landinu, þar sem fólksekla er eitt af bóndans mestu meinum, er það oft nauðsynlegt fyrir hann, að taka húsfólk, til þess þó að geta náð sér í einhvern vinnukraft. Þessu væri því full ástæða til að kippa í lag.

Pétur Jónsson: Eg vil að eins taka það fram, að eg legg mikla áherzlu á, að nauðsynlegt er að fast og náið samband sé á milli húseigna, sem leiguliði á, og jarðeignarinnar. Þetta tryggir það, að húseignirnar verði veðhæfar, og í öðru lagi álít eg, að í framtíðinni verði maður að byggja á, að peningastofnanir taki til greina sérhvað það, sem veðgildi hefir.

ATKV.GR.: Tillaga til þingsályktunar á þgskj. 165 samþ. í e. hlj. og afgreidd til landshöfðingja sem *þingsályktun frá Nd.*

Ræktunarsjóðurinn.

TILLAGA til þingsályktunar um reglugerð Ræktunarsjóðs Íslands (þgskj. 60); ein umr., 9. ágúst.

Þórh. Bjarnarson: Mér stendur ef til vill næst að tala um tillögu þessa, sem komin er hingað í deildina frá h. Ed.

Eg tel hana að vísu fremur þýðingarlitla, en vil þó ekki mæla móti henni. Eg kannast við, að þessar óskir eru víða í landinu og þeim verið hreyft við mig, og hefi eg þá heldur andmælt þeim af þeirri ástæðu, að lánsféð væri enn þá svo lítið, að það væri ekki

nema til meiri vonbrigða að færa út kvíarnar. Aðalhugsun tillögunnar get eg vel verið samdóma.

En sjóðurinn vex smám saman og fær meira til útlána, og þá er rétt að rýmka um lánsskilyrðin, og hvort sú rýmkun kemur 2 eða 3 árum fyr eða seinna, stendur ekki á miklu.

Eg fyrir mitt leyti gef því tillögunni atkv. mitt.

ATKVGR.: Tillagan sþ. með 19 samhljóða atkvæðum og afgr. til landsh. sem *þingsályktun frá báðum deildum alþingis.*

Fjárkláðinn.

I.

TILLAGA til þingsályktunar í fjárkláðamálinu (þgskj. 18, 42); ein umr., 5. ágúst.

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Eg ætla ekki að tala langt mál að svo stöddu; þó vil eg taka það fram, að eg get búist við því, að sumum muni þykja það undarlegt, að mál þetta skuli nú vera flutt inn á þing, þar sem það var til rækilegrar umræðu á síðasta þingi, og þá afgreidd lög um það, sem nýlega hafa náð staðfestingu. — En þess er að gæta, að fjárkláðamálið er afar-þýðingarmikið mál, sem beinlínis eða óbeinlínis snertir alt landið, þar sem þau héruð munu vera tiltölulega fá, sem með öllu eru laus við vogest þennan, og þessi fáu héruð mega búast við því á hverri stundu, að hann heimsæki þau, og steypi sauðfjáreign þeirra í voða.

Það er því í raun og veru ekki að undra, þótt sauðfjárbændum sé það áhugamál, að fá málið rætt á þingi ár eftir ár, á meðan þeim finst það eigi hafa tekist, að finna fullnaðarráð til útrýmingar kláðanum, og það er líklegt að allir vilji leggjast á eitt með það, að vinna að því, að flæma úr landi burt landplágu þessa; landsins hagur og eigin hagur hvers einstaklings ætti að knýja til þessa.

Eg skal fúslega játa það, að lögin, sem samþykt voru í fyrra, eru til bóta; en eigi taka þau nógu skýrt fram, hvaða stefnu fylgja skuli.

Vér vitum það, að komið hafa fram tvær megin-skoðanir í kláðamálinu. — Önnur er sú, að aðallega skuli að því unnið, að halda í heimilinn á kláðanum, og reyna að sporna við því, að hann magnist og útbreiðist, og þannig smátt og smátt reyna að útrýma honum úr landinu.

Þeir sem þessari stefnu fylgja leggja ekki áherzlu á það, að útrýma honum á stuttum tíma.

Hin stefnan er sú, að nauðsynlegt sé og gagnlegt, að beita sér með fullu afli gegn kláðanum, og leitast við að uppræta hann sem allra fyrst úr landinu.

Þessi stefna hefir lengi verið á dagskrá hjá amtsráði Norðuramtsins. — Það er alkunnugt, hve mikinn áhuga forseti amtsráðsins hefir á þessu máli. Amtsráðið hefir yfir höfuð tekið kláðamálið til sem rækilegastrar meðferðar á fundum sínum, því að það hefir litið svo á það, að þar væri um eitt af höfuð-velferðarmálum landbúnaðarins að ræða.

Nú á síðasta fundi sínum íhugaði það málið í sambandi við hin nýju kláðalög, og velti fyrir sér, hvaða stefnu réttast mundi að taka eftir þeim. — Komst það að þeirri niðurstöðu, að torvelt mundi verða að beita lögunum þannig, að trygging fengist fyrir skjótri útrýming kláðans. — Það áleit, að þörf

væri á enn vissari og ákveðnari samvinnu milli hinna einstöku landshluta og hinna einstöku stjórnarvalda en lögin gera ráð fyrir, ef í svo stórt skyldi ráðist, að útrýma kláðanum. — Því virtist svo, að yrðu ekki allir samtaka í útrýmingunni, þá væri alls ekki leggjandi út í það fyrir einstök héruð, að lækna kláðann hjá sér; þau gætu búist við því, að hann bærist jafnharðan aftur til sín frá sjúkum héruðum.

Fundinum fanst hin nýju lög eigi þannig úr garði gerð, að leggjandi væri út í skjóta útrýming kláðans, ef eftir þeim skyldi farið. — En með því að það er sannfæring ýmsra, að slíkt sé nauðsynlegt, þá ályktaði amtsráðið, að fela oss flutningsmönnum tillögunnar, að flytja málið inn á þing í því trausti, að þingið vildi taka það til nýrrar yfirvegunar, ef vera mætti, að þá fyndust enn öruggari vegir til útrýmingar kláðanum en þeir, sem vísað er á í hinum nýjum kláðalögum.

Eg vona eftir því, að deildin sjái það, að hér er um svo mikilvægt mál að ræða, að hún muni fallast á nefndarskipun í því nú, þrátt fyrir það, þótt skamt sé síðan að það var rætt og íhugað hér á þingi.

Lárus H. Bjarnason: H. þm. N.-Þing. (Á. J.) átti kollgátuna, þar sem hann gat þess til, að mörgum mundi þykja kynlegt, að mál þetta væri borið fram á þingi nú, svo rækilega sem það var athugað á síðasta þingi, og svo ung og óreynd sem hin nýju kláðalög eru, ekki meira en 9 mánaða gömul. — Útrýmingarstefnan lá sannarlega fyrir þinginu í fyrra, og hún var athuguð bæði í nefndinni og kláðamálinu, og rædd í báðum deildum þingsins svo vel, sem kostur var á. — En af mörgum ástæðum varð niðurstaðan sú, að eigi mundi gerlegt, að leggja áherzluna á skjóta og algera útrýming kláðans, heldur mundi hitt heppilegra, að reyna að halda kláðananum í skefjum, og reyna að vinna smám saman bug á honum.

Höfuð-ástæðan fyrir því, að þessi stefna var tekin, var sú, að óvíst er, að það tækist, að útrýma kláðanum skjótlega, þótt reynt væri, en kostnaður við það auðsjáanlega lítt kleifur.

Eg fyrir mitt leyti verð að telja það mjög vafasamt, hvort kláðanum muni verða útrýmt. — Til þess að trygging yrði fyrir útrýmingunni, mundi ekki einungis þurfa að lækna fénaðinn, heldur líka sótthreinsa húsin, sem hann er hýstur í, hagana, sem hann gengur í, og líka steinana, sem hann nýr sér upp við. — Það mundi þurfa að sótthreinsa landið alt.

Í öðru lagi held eg, að kláðinn sé ekki svo magnaður eða útbreiddur í landinu, að rétt sé, að nefna hann landplágu.

Eftir skýrslum þeim sem fyrir liggja þá eru þessar sýslur kláðalausar: Ísafjarðarsýsla, Barðastrandarsýsla, Vestmannaeyjasýsla, Vestur-Skaftafellssýsla, Austur-Skaftafellssýsla og Rangárvallasýsla. — Auk þess virðist í kláðasjúkusýslunum eigi vera nærri eins margt kláðafé eins og sumir hafa viljað halda fram.

Eftir síðustu skýrslum, þá voru um 517,000 fjár á öllu landinu, og þar af voru sjúkar alls 2540 kindur. — Af þeim voru að eins 274 úr Vesturamtinu, en 2270 úr hinum ömtunum.

Að vísu skal eg játa það, að kláðaskýrslurnar muni vera meira eða minna óáreiðanlegar, en þær eru þó hið eina, sem vér getum bygt á við meðferð kláðamálsins.

Eg sagði, að kostnaðurinn, sem mundi leiða af útrýmingar-tilraununum, mundi

verða lítt bærilegur, og mun nú reyna að finna þeim orðum stað.

Því hefir verið haldið fram, og það víst réttilega, að kostnaðurinn við hvert bað mundi verða 9 aurar á kind, og er þó ekki þar talinn með eftirlitskostnaðurinn. — Eftir því mundu þá ganga 46,000 kr. í baðmeðul til einnar böðunar í landinu. — Þetta eitt gefur bendingu um kostnaðinn við algerlega útrýming kláðans.

Enn skal það tekið fram, að dýralæknirinn hefir upplýst um það, að kláðamaurinn væri svo úrættaður, að sjúkt og ósjúkt fé gæti verið saman vikum og mánuðum saman að skaðlausu. — Þetta sýnir það atriði, að kláðinn er ekki eins útbreiddur og haldið er fram af sumum, og sýnir jafnframt, að kláðahættan er ekki fult svo mikil, sem sumir hafa ætlað.

Þegar þess er enn fremur gætt, hve erfitt er að fá tryggingu fyrir útrýming kláðans, til hverra ráða sem gripið er, og hvílíkt of fjár útrýmingar-tilraunin hlýtur að kosta, þá er eðlilegt, þótt margir vilji fremur hallast að þeirri stefnu, sem tekin var á síðasta þingi, enda voru lögin samþykt með 18 atkvæðum í þessari deild, og í einu hljóði í efri deild, og eg hefi ekki orðið var við nein ný atvik eða nein ný rök, er knýi til, að ganga út af þeirri braut, er vikið var inn á í fyrra.

Það getur verið, að hin nýju kláðalög hafi einhverja galla til að bera; en óneitanlega eru þau þó til stór-bóta frá því, sem áður var. — Fyrst er það, að samkvæmt þeim á landssjóður að borga baðlyf öll og má því vænta þess, að meiri alúð verði lögð við baðanir eftir en áður. — Meðan einstaklingarnir áttu að borga baðlyfin, brann það víst ekki sjaldan við, að fátæklingar keyptu ódýrustu og þá jafnframt ónýtustu lyfin, því gat þeirra böðun ekki komið að því liði, sem við hefði mátt búast. — Nú brúka allir sömu meðulin, þau meðulin, sem bezt verða talin, og má því búast við því, að baðanir verki betur en hingað til.

Í öðru lagi er í lögunum gert ráð fyrir því, að skipa megi sérstaka eftirlitsmenn sýslumönnum til aðstoðar, til að hafa eftirlit með kláða- og lækninga ráðstöfunum. — Þetta er til bóta frá því, sem áður var.

Þá eru þriðju umbæturnar þær, að sektirnar fyrir brot á kláðalögunum eru hækkaðar að mun; eftir eldri lögum, þá voru þær lítt tilfinnanlegar, og því fremur lítið aðhald þess, að lögunum væri hlýtt.

Eg sé ekki betur en þessar umbætur á eldri kláðalöggjöfinni séu svo mikilsverðar, að ástæða sé til þess, að reyna lögin, sem þær hafa að geyma, lengur en 9 mánuði áður en farið sé að breyta þeim.

Eg veit það, að amtmanninum í Norður- og Austuramtinu er mjög ant um útrýming kláðans, að hann hefir manna mest barist fyrir því máli, og fyrir það á hann sannarlega þakkir skilið; en mér finst það kenna nokkurrar óþreyju, að heimta þessum nýju lögum breytt nú þegar, áður en þau eru reynd að nokkru.

Það væri líkt að farið, að fara nú að umturna lögunum, eins og ef einhver fyndi upp á því, að varpa frá sér að óreyndu viðunanlegu verkfæri fyrir þá sök, að einhver hefði frætt hann um það, að það mundi reynast miður hagkvæmt.

Flutningsm. (**Árni Jónsson**): Það er næsta eðlilegt, að háttv. þm. Sæf. (L. B.) telji hin nýju kláðalög góð, og satt er það, að enn er lítil reynd komin á þau. En satt að segja eru þau ekki eins fullkomin í mínum augum eins og í h. þm. Snæf. (L. B.)

Háttv. þm. Snæf. (L. B.) lagði mikla áherzlu á það, að það kostaði mikið að útrýma kláðanum, og verður því ekki neitað, að svo muni vera, en það kostar líka mikið að ala hann ár eftir ár í landinu. Það mun óhætt að segja að sá kostnaður nemi 2% af verði fjárins á kláðasvæðunum. Það er ekki einungis um það fé að ræða, sem til lækninga gengur; það þarf líka að taka tillit til þess, hve kláðakindurnar rýrna einatt í verði eða jafnvel drepast með öllu, þannig að verðmæti þeirra verður lítið eða ekkert.

Eg veit að mér er óhætt að segja Þingeyingum, sveitungum mínum, það til hróss, að þeir eru ekki lakari fjármenn en aðrir landsmenn, eða umhugsunarminni um sauðfé sitt. Þeir hafa nú undanfarin ár gert það sem þeir hafa getað til að verjast kláðanum og kefja hann niður, þar sem hann hefir komið fram, en því miður hafa þeir ekki getað losast við hann. Þeirra reynsla er sú, að hann sé ásækinn og erfiður viðfangs. Mér sýnist það því alls ekki rétt, að vera að gera lítið úr kláðanum og kláðahættunni; hitt er miklu réttara að segja hann eins og hann hefir sýnt sig. Hann hefir nú á fám árum borist eins og logi yfir akur yfir stórt svæði á landi voru. Og sé réttilega skoðað alt það tjón, sem hann veldur, þá held eg sé sannarlega tími til kominn að hætta við kákið og skoða fyrir alvöru, hvort eigi muni unt að útrýma honum; og það er þetta sem fyrir okkur tillögumönnum horfir. H. þm. Snæf. (L. B.) taldi það til bóta, að landssjóður ætti að borga baðlyfin; það getur verið, að svo sé að nokkru leyti, en þó er þess að gæta, að með því er ábyrgðinni létt af einstaklingunum, og hætt við að sú ráðstöfun verði fremur til að draga úr viðleitni þeirra til að útrýma kláðanum af eigin hvöt. Þess er og að gæta, að eigi segja lögin það ótvírætt, að baðlyf skuli borguð af almannafé, nema þegar baðanir eru fyrirskipaðar af yfirvöldunum.

Þá eru lögin og nokkuð óákveðin að því er eftirlitsmennina snertir. Það segir að eins í lögunum, að eftirlitsmann megi skipa í sýslu hverri; það virðist því undir sýsluneínd komið, hvort þeir verða skipaðir eða ekki; og getur það ekki talist heppilegt ákvæði.

Að öðru leyti skal eg ekki orðlengja um málið, en enda ræðu mína með því, að taka það fram sem mína skoðun, og mér er óhætt að segja margra fleiri, að kláðamálinu er enn eigi komið í það horf hjá oss, að ótímabært megi heita að taka það til yfirvegunar á þessu þingi.

Lárus H. Bjarnason: Það var alls eigi *mín meining* að hafa *á móti* því, að málinu væri hreyft, heldur vildi eg láta vísa því til landbúnaðarnefndarinnar, en þar sem nú enginn af þeim mönnum, sem fjölluðu um kláðamálið í fyrra, eiga nú sæti í landbúnaðarnefndinni, þá fanst mér nauðsynlegt að vekja athygli þeirra einmitt á því, sem eg nú hefi tekið fram, svo að þeim væri sem bezt kunn öll atriði málsins eins og það var afgreitt frá síðasta þingi. Það var fjarri mér að efast um góða meiningu með þessari tillögu frá hendi slíks sómamanns sem h. þm. N-Þing. (A. J.) er.

Ólafur Briem: Háttv. þm. Snæf. (L. B.) vildi mótmæla því, að fjárkláðinn væri landplága, (*Lárus Bjarnason*: Nei.) og færði það til, að margar sýslur landsins væru kláðalausar. Eg hygg nú að það mætti færa sannanir fyrir því, að sumar þær sýslur, sem hann nefndi, séu alls ekki lausar við fjárkláðann.. Að minsta kosti hefi eg fengið upplýsingar um það, að kláðavart hefir orðið í sumum þeirra, t. d.

Isafjarðarsýslu. Eftir því sem mér heyrðist, lagði hann mikið upp úr þeim skýrslum um tölu kláðasjúkra kinda, sem hefðu legið fyrir þinginu í fyrra, og hélt því fram samkvæmt þeim, að fjárkláðinn væri ekki mjög útbreiddur; en fyrst og fremst held eg að allar þær skýrslur sé ekki áreiðanlegar, og í annan stað er þess að gæta, að skýrslurnar eru gerðar samkvæmt skoðunum, er fara fram að vetrinum á útmánuðum, en það er alkunnugt, að þótt þá beri ekkert á kláðanum, getur svo farið, að mikil brögð séu að honum seinna að vorinu, þegar fé er tekið úr ullu.

Og eg held mér sé óhætt að segja eftir þeim upplýsingum, sem eg hefi fengið víða að, þá sé í flestum sýslum landsins meiri og minni brögð að kláðanum einmitt á vorin og það jafnvel þó lítið hafi á honum borið allan veturinn. Hvernig á þessu stendur, skal ósagt látið, en það er hér sem oftar, að menn brestur næga þekkingu. Það er enda ekki laust við, að vanþekking í þessum efnum hafi komið einkanlega í ljós hér á þingi, þar sem því hefir verið haldið fram, að káðinn sé bakteríusjúkdómur. Háttv. þm. Snæf. (L. B.) taldi og útrýming kláðans lítt mögulega, en eg er þar á öðru máli. Eg veit til þess að kláðanum hefir oft verið útrýmt gersamlega á mörgum einstökum bæjum með stakri umhyggjusemi, og ef það er hægt að útrýma kláðanum á einstökum bæjum, hvers vegna ætti þá ekki að vera hægt að útrýma honum úr landinu? En það deyfir áhuga einstakra manna þegar þeir eiga von á því að fá hann jafnharðan þótt þeir geti útrýmt honum úr sínu fé. Hann sagði jafnvel eitthvað á þá leið að það væri ekki æskilegt, að útrýma fjárkláðanum (*Lárus Bjarnason*: Nei, nei, nei). En eg sé ekki hvað væri æskilegra en það, ekki að eins fyrir bændur og fjáreigendur, heldur og fyrir alla þá, sem fjárrækt stunda, því það hlýtur þó að vera gremjuefni, þegar þeir sjá, að öll umhyggja þeirra og kostnaður við að fóðra féð vel verður að engum eða litlum notum. Fjárkláðinn er að mínu áliti sú landplága, er gerir það beinlínis óaðgengilegt, að reisa bú hér á þessu landi. Eitt var það, sem þm. Snæf. (L. B.) tók fram, að það hefði svo mikinn kostnað í för með sér að útrýma kláðanum. Jú, auðvitað, að hann er mikill en svo getur farið, að menn leggi mikið meira í sölurnar með því, að halda fjárkláðanum við um aldur og ævi, og auk þess verður það til þess að deyfa áhugann á fjárræktinni, og ekki einungis fjárræktinni, heldur um leið grasræktinni, sem er undirstaða fjárræktarinnar. Hann lagði mikla áherzlu á það, hve stutt væri síðan hin núgildandi lög hefðu verið samþykt og hve vel þessi lög væri úr garði gerð. En bæði er það, að ekki dugir að hlífast við að breyta nýjum lögum, ef þau reynast ófullnægjandi, og svo er þess að geta, að í þingsályktunartillögu þeirri, sem fyrir liggur, er ekki beint farið fram á lagabreyting, heldur að finna þær ráðstafanir, sem gætu komið að notum. Hér er því ekki einungis spurning um það, hvaða lagabreytingar séu nauðsynlegar, heldur einnig hvaða ráðstafanir ætti að gera til að ná hinu eftiræskta augnamiði, algerðri útrýming fjárkláðans, er eg fyrir mitt leyti verð að telja velferðarmál fyrir landið.

Lárus H. Bjarnason: Eg ætla að eins að gera stutta athugasemd, því að mér sýnist h. 1.þm. Skgf. hafa lagt öfugan skilning í orð mín. Eg hefi aldrei sagt, að það væri æskilegt að hafa kláðann. Eg hefi enda aldrei hugsað svo. Eg hefi alt af verið svarinn ó-

vinur kláðans og vildi gera alt, sem í mínu valdi stæði, til þess að útrýma honum ef eg héldi að það væri kleift, en eg get ekki verið því fylgjandi, að fleygja ærnu fé í ekki óyggjandi tilraunir.

ATKVGR.: Breyttill. samþ. með 17 samhjóða atkv.

Till. með áorðinni breyt. samþ. með 17 atkv.

Fjárkláðinn.
II.

TILLAGA til þingsályktunar um ráðstafanir gegn fjárkláðanum (þgskj. 193); ein umr., 23. ágúst.

Framsm. (Hermann Jónasson): *Eg álít að nefndarálitið taki nokkuð fram,* hvað sé almenningsálit í þessu máli. Nefndarinnar skoðun er sú, að kláðinn sé mikil landplága og álítur því að það ætti að útrýma honum, en að það verði eigi gert nema með meiri þekkingu almennings en enn er orðin á fjárkláðanum. Áleit nefndin því, að rétt yrði að fá dýralækni til þess að starfa að því, að lækna kláðann í þeim héruðum, sem hann er algengastur, og þar ætti svo hæfum mönnum að gefast kostur á því að læra kláðalækningar. Það er ekki að ætlast til, að yfirvöld landsins eða útlendir menn geti sett sig réttilega inn í þetta mál, eins og happasælast væri.

Eg verð að álíta, að eins auðvelt og það er, að lækna kláðann, eins óþroskuð muni þjóðin nú vera til þess. Það mundi og eigi vera tilvinnandi að leggja út í málið, nema því að eins að kláðinn gæti læknast.

Eg óska því að h. deild rannsakaði það, áður en hún greiðir atkv. í málinu, hvort ekki væri vert að veita fé og fá kláðafróða menn til þess að kenna að lækna kláðann.

Eg skal játa, að sumir menn hér á landi bera mikið skyn á fjárkláða og kunnà að lækna hann; en þeir eru ekki viðurkendir. Það er því nauðsynlegt, að völ sé á mönnum, sem hægt er að segja um með fullri vissu, að þeir þekki kláðann og kunni að lækna hann. Ennfremur er nauðsynlegt, að hafa fyrir mark og mið að útrýma kláðanum, þegar skilyrði eru fengin til þess, að það verði hægt án óbærilegs kostnaðar, því að fjákláðinn er ekki eingöngu til skaða, heldur og til minkunar fyrir landið.

Ari Brynjúlfsson: Það stendur svipað á fyrir mér og börnunum, þegar þau heyra ljóta sögu, þá verða þau hrædd. — Eg hefi heyrt það á ræðu h. háttv. framsögum. (H. J.) og eins sé eg það, er eg les nefndarálitið, hvílíkan ótta þessi vogestur, fjárkláðinn, hlýtur að vekja í brjósti hvers þess manns, er hugsar um velferð landsins. — Ef hann útbreiðist svona tálmunarlaust, dregur hann þann dilk á eftir sér, að landbúnaðurinn eða að minsta kosti sauðfjárræktin dettur innan skamms úr sögunni; en þegar hún er horfin, mun líka bændastéttin á förum; bændur gefa þá upp vonina um að geta búið, og sjá ekki annað ráð vænna en að flýja jarðir sínar.

Af þessum ástæðum er það ekki áhorfsmál fyrir löggjafarvaldið, að gera gangskör að því, að fyrirbyggja kláðann. — Reyndar virðist það ekki vera neinn hægðarleikur, þar sem það hefir ekki hepnast enn, þrátt fyrir allar kláðalöggjafir og ráðstafanir.

En hvað kemur til, að það gengur svona? Hvað kemur til þess, að hann er enn þá svo magnaður, að einar sex

sýslur á öllu landinu eru lausar við hann? Það er auðsjáanlega mikill vandi að finna, hvernig ráða skuli úr þessu. — Eg efast ekki um það, að yfirvöldin hafi einlægan vilja á því, að útrýma kláðanum, og geri alt, sem í þeirra valdi stendur. — Sérstaklega er mér það kunnugt um amtmanninn norðan- og austanlands, að hann er manna áhugamestur í því efni. En samt virðist engu verða ágengt. Staðarhættir ýmsra sveita og hugsunarháttur margra meðal alþýðu hefir eflaust verið til talsverðrar fyrirstöðu fyrir því, að ráðstafanir þessar yrðu að tilætluðum notum.

Mín skoðun er, að það þyrfti að gera einhverjar slíkar ráðstafanir til útrýmingar kláðanum, er alþýða manna treysti að mundu duga; þá mundi almennur áhugi á þessu vakna og menn styðja að því, að útrýmingunni yrði framgengt.

Til sönnunar því, að það sé satt, sem eg segi viðvíkjandi ráðstöfun yfirvaldanna, þá skal eg geta þess, að á síðastliðnu vori var sýslumanninum í Suður-Múlasýslu falið að láta fara fram almenna fjárskoðun í sýslunni. Hann sendi þá mann með nesti og nýja skó til hvers hreppstjóra. Hreppstjórarnir hlýddu auðvitað boðinu, og skoðunin fór fram. — En eins og gefur að skilja, og líka var alment játað og viðurkent, var harla lítið gagn að slíkri skoðun; einn eða tveir menn eiga bágt með að vera alstaðar nálægir um heilan hrepp, sérstaklega þegar um stóran hrepp er að ræða. — Um þann tíma árs er líka fé komið á fjöll, og því margt, sem ekki kemur til rétta, þegar skoðunin fer fram. — Slík skoðun er því lítið betri en engin.

Mér hefir nú dottið í hug, hvort ekki mætti fela þeim mönnum, er samkv. tilskipun 9. febr. 1900 eiga að skoða heybirgðir manna og skepnuhöld á tímabilinu frá 1. marz til sumarmála, jafnframt að skoða, hvort fjárkláði á sér stað. — Aðal-skilyrðið fyrir því, að nokkuð vinnist við skoðanir, er, að alt fé sé skoðað. — Þessum mönnum eru goldin ómakslaun úr sveitarsjóði, og þó þeir nú yrðu lengri tíma um starf sitt, þá mundu sveitirnar ekki horfa í það, að greiða þann auka-kostnað, sem af því leiddi. — Ef þannig væri farið að um alt land, er ómögulegt annað en að hægt væri að koma í veg fyrir útbreiðslu kláðans, og þá væri líka hægt að framfylgja þeirri reglu, sem fyrirskipuð er í fjárkláðalögunum 8. nóv. 1901, sem eru viðauki við lög 5. jan. 1866 og breyting á tilskipun 14. marz 1871.

Eg skal líka geta þess, að á amtsráðsfundi, sem haldinn var á Vopnafirði í vor, fyrirskipaði amtsráðið eina almenna fjárböðun á komandi hausti. — Þessi fyrirskipun getur alls ekki náð tilgangi sínum, og alþýða manna álítur hana allsendis gagnslausa að því er kláðann snertir, sakir þess, að til að drepa kláða þarf ætíð tvær baðanir. — Slíkar ráðstafanir og þær er eg nú hefi nefnt vekja ótrú hjá alþýðu, að kláðanum verði útrýmt með þeim.

Eg skal svo snúa mér að tillögunni á þgskj. 193. Hún fer alveg í sömu átt og eg nú þegar hefi bent á, sem sé, að ganga beri að kláðanum með oddi og egg, og útrýma honum algerlega. — Jafnframt skal eg geta þess, að mér datt í hug, að bæta mætti inn í tillöguna því, er eg benti til; en hvarf svo frá því aftur, sakir þess, að amtmaðurinn getur gert þá fyrirskipan, ef honum þykir það heppilegt.

Að endingu skal eg láta þá von í ljósi, að hin háttv. deild samþykki tillöguna.

Lárus H. Bjarnason: Eg fæ ekki betur séð, en að þær ástæður, er mæla á móti því, að búa til ný fjárkláðalög, hljóti líka að nokkru leyti að eiga við þessa tillögu.

Eg hefi áður tekið það fram við umræður um þetta mál, að enn þá væri engin reynsla fengin fyrir þeim lögum, er búin voru til í fyrra.

Meðan slík reynsla er ekki fengin, er engin ástæða til, að fara að leggja út í nýja baráttu.

Og því minni ástæðu sé eg til þess, að ljá þessari tillögu atkvæði mitt, sem það er játað í nefndarálitinu, að kláðinn sé ekki útbreiddari en svo, að sex sýslur eru allsendis lausar við hann, sem sé Rangárvallasýsla, Skaftafellssýslur báðar, Suður-Múlasýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla og Vestur-Barðastrandarsýsla. — Við þessar sýslur er víst óhætt að bæta Árnessýslu, sem þeirri 7., og Vestmanneyjasýslu, sem þeirri 8. — Auk þess sem svo sem enginn kláði mun vera í Norður-Ísafjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Kláðinn getur ekki verið veruleg landplága, þar sem í 13 sýslum (o: Suður- og Vesturamtinu) eru að eins 146 kláðasjúkar kindur. — Það hefir að vísu verið sagt, að ekki væri hægt að byggja á skýrslunum, og eg skal ekki neita því, að þær gætu eflaust verið áreiðanlegri; en það er enginn annar mælikvarði til.

Hér við bætist, að kláðinn er engan veginn svo skæður sjúkdómur, sem af er gert. — Dýralæknirinn segir að minsta kosti, að maurinn sé orðinn töluvert úrættaður, enda hefir kláðinn reynst læknanlegur með þeim meðulum, sem fyrir hendi eru.

Og það virðist vera því minni ástæða til þess, að stofnsetja nýja kenslu, sem þingið veitti í fyrra 6000 kr. til þess, að ráða kláðafróðan mann til handa Norður- og Austuramtinu, er aðrir gætu lært af.

Eg sé heldur ekki, hvar stjórnin ætti að svo stöddu að taka þá peninga, er kenslan hlyti að kosta; hún fær þá, hvort sem er, ekki fyr en á næsta þingi, enda hálf-óviðkunnanlegt, að fara að sækja kláðavit til stjórnarinnar suður í Kaupmannahöfn.

Í nefndarálitinu er gert ráð fyrir, að stofna til umgangskenslu, er framleiði svo og svo marga kláðafræðinga í hverri sveit. — Eg held að umgangskenslan, sem við höfum, ætti að vera búin að færa okkur heim sanninn um, að slík kensla er meiri í orði en á borði. — Og svo á auk kláðaskólanna að búa til nokkurs konar kláðakóng eða alræðismann yfir alt liðið. — Alt þetta útboð mundi hafa svo ærinn kostnað í för með sér, að eg get ekki sem þingmaður þess kjördæmis, er hefir lítinn kláða, greitt atkvæði með þessari tillögu alveg út í bláinn, og það því síður, sem lögin frá í fyrra eru alveg óreynd. — Þau eru mjög álitleg réttarbót frá því sem var. — Bæði er nú fengin trygging fyrir góðu meðali kauplaust, og eftirlitið er aukið. — Að minsta kosti er áhættulaust að bíða þangað til reynsla fæst úr Norður- og Austuramtinu.

Enn fremur játaði háttv. framsögum. (H. J.), að margir væru þeir hér á landi, er kynnu að lækna kláðann, og yrði þessi fyrirhugaða kláðakensla þá í rauninni ekkert annað en dýr stimpill, sóttur sunnan úr Kaupmannahöfn.

Framsögum. (Hermann Jónasson): Það var einhuga álit nefndarinnar, að ekki væri vert að raska neitt við lögunum frá síðasta þingi, enda mun hvergi hægt að lesa það út

úr nefndarálitinu. — Hitt var skoðun hennar, að eitthvað bæri að gera í þessu efni. — Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) gerði alt of lítið úr kláðanum. — Það er ekki til neins að draga dul á það, að hann er margfalt meiri og margfalt útbreiddari en skýrslurnar benda til. — Eg hirði ekki um það að sinni, að fara nákvæmlega út í það, að rekja feril hans og útbreiðslu; en mörg ár eru síðan, að eg fór að rannsaka það efni—varð enda fyrstur til þess, að fá mann til að skrifa um fjárkláðann og lækningu hans, — og mér er því vel kunnugt um, að kláðinn er víðar en hann alment er sagður að vera; eg þarf ekki að benda fremur á eina sýslu en aðra. — Að kláðaskýrslurnar geti ekki verið nákvæmar, er næsta eðlilegt; bæði eru þær teknar í skjótu bragði, og auk þess á þeim tíma árs, er kláðinn er langminstur á fénu. — Enn fremur eru þær ekki teknar nema í einstökum hreppum; sumstaðar eru það 4 menn, er eftirlit eiga að hafa með kláðanum, en að eins einn þeirra safnar nokkrum skýrslum. — Í sumum hreppum eru alls engar skýrslur teknar. — Væru aftur á móti skýrslurnar teknar á þeim tíma, er kláðinn er mestur, þá er mér nær að halda, að eins mörg þúsund af kláðasjúku fé fyndust og skýrslurnar nú telja hundruð.

En það var þetta, sem vakti fyrir nefndinni, og hún taldi mestu varða, að gerð væri veruleg gangskör að því, að sýna þjóðinni, að hægt er að lækna kláðann. — Eg get ekki annað séð en að umgangskensla eigi hér mjög vel við. — Frá því á útmánuðum og alt fram til þess, er fé er rúið á vorin, er sá tími, er mest ber á kláðanum, og þá má bezt sýna það, hvernig hægt er að lækna hann.

Eg tók það fram áðan, að til væru að vísu ýmsir menn, sem kynnu að lækna kláða. — En samt situr alt við það sama; kláðinn minkar ekkert fyrir því. — Þess vegna er nauðsynlegt, að fá mann, er menn gætu borið takmarkalausa tiltrú til í þessu efni. — Þá fyrst geta yfirvöldin á hagkvæman hátt snúist við málinu.

Í nefndarálitinu er mínst á það, að heppilegast mundi, að verkleg kensla í kláðalækningum færi fram helzt á 2 stöðum á landinu. — En á það leggur nefndin enga sérstaka áherzlu. — Til að byrja með væri ef til vill nægilegt, að kent væri að eins á einum stað, og mætti þá verja þeim 6000 krónum, er veittar voru í síðustu fjárlögum, til þess að kenna að lækna kláðann og vekja þá meðvitund hjá þjóðinni, að hægt sé að lækna hann, ef hún að eins sjálf vill. — Því útrýmt getur kláðanum aldrei orðið nema því að eins, að betri þekking komist inn og meiri tilfinning fyrir nauðsyn útrýmslunnar vakni hjá mönnum, en virzt hefir að eiga sér stað í þau 10—14 ár, sem liðin eru síðan er það var kunnugt um alt land, að sunnlenzki fjárkláðinn gamli hafði aldrei útrýmst, og að hann var mjög útbreiddur um landið.

Landshöfðingi: Mér er farið að hætta við því á þessu þingi að fara líkt að við allar þær mörgu þingsályktunartillögur, sem fram eru bornar, og mörgum verður við rómana — að fara fyrst í endann. Þannig fór eg líka að við þetta nefndarálit; eg fór fyrst í endann. Þar sá eg að gert er ráð fyrir að koma upp kláðalækningaskólum, og skildi eg ekki, hvernig slíkt mætti verða. En svo fór eg að lesa betur framar, og sá þar, að dýralæknunum var ætlað að hafa á hendi kláðakenslu í Suður- og Vesturamtinu, en

einhverjum manni, er Myklestad nefnist, í Norður- og Austuramtinu. Mér er ókunnugt um, að stjórnin eigi ráð á nokkrum manni, sem Myklestad heitir. Nafnið hefi eg að vísu séð í skýrslum frá Norðuramtinu fyrir árið 1901. En hver hefir vissu fyrir, að þessi maður fengist til að fara upp til landsins í þeim erindum? Þessum 6000 kr., sem veittar eru í núgildandi fjárlögum til að fá aðstoð fróðs manns við ráðstafanir gegn fjárkláða í Norður- og Austuramtinu og sem talað hefir verið hér um, hefir amtmaður norðan- og austan fengið umráð yfir, til þess að nota á sem beztan hátt til framkvæmdar því, er þær voru veittar til, en hvort hann vill verja þeim til kenslu í kláðalækningum, læt eg ósagt. Og það er heldur ekki víst, hvort dýralæknirinn hefir tíma og tækifæri til að fara að takast slíka kenslu á hendur í Suðuramtinu. Undir öllum kringumstæðum er hér farið fram á ráðstafanir, sem hljóta að hafa mikinn kostnað í för með sér. Og þó þessir 7 menn, er í nefndinni sátu, fullyrði, að sú kostnaðarupphæð verði veitt á næsta þingi, þá er það stjórninni allsendis ónæg trygging fyrir því, að svo verði gert. Þó ályktunartillagan kunni að fá einhvern meiri hlut atkvæða í þessari h. deild, þá hefir h. Ed. ekki gefist kostur á að leggja neitt til þess máls. Og þó nú svo væri, að þetta væri álit þessa þings í heild sinni, þá finst mér samt sem áður örðugt fyrir stjórnina að reiða sig á skoðun þingsins í fjárkláðamálinu. Á tveim þingum, hvoru á eftir öðru, í fyrra og nú, hafa komið fram gagnstæðar skoðanir á því máli. Í fyrra voru samþykt lög í báðum deildum, er bygð voru á því áliti, að ekki væri til neins að vera að reyna að útrýma kláðanum algerlega, heldur að eins að halda honum í skefjum. En nú kemur sú skoðun fram, að sjálfsagt sé að gera alt, er í valdi þings og þjóðar stendur, hvað sem það kostar, til þess að útrýma kláðanum algerlega.

En þingið verður að gæta þess, að lögin frá í fyrra eru bindandi fyrir stjórnina; þau eru staðfest af konungi, og jafnt hún sem landsbúar er háð boðum þeirra og banni, og getur stjórnin því ekki framkvæmt neitt, sem ekki er samkvæmt þeim. Eg fæ ekki betur séð en að þessi þingsályktunartillaga sé bygð á forsendum, er koma í bága við þær forsendur, er lögin frá í fyrra eru bygð á. Þess vegna verð eg að leggja á móti tillögunni.

Svo sannarlega sem þing og þjóð eru sannfærð um, að stefna beri að algerðri útrýming á kláðanum, þá þyrfti að samþykkja ný kláðalög. Þetta hefir líka nefndin viðurkent, en komið með þá kynlegu viðbáru, að nú sé enginn tími til þess; en til þess þó að gera eitthvað, hefir hún borið fram þessa tillögu, sem mjög vafasamt er, hvort hefir meiri hluta þingsins með sér.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Það er svo margt í þessu máli, sem þyrfti að taka fram og svo margs að gæta, að eg treysti mér ekki til að taka það alt.

Eg get ekki betur séð en að sú spurning liggi nú fyrir þjóð og þingi, hvort vér eigum heldur að halda áfram með kláðalækningakák í landinu, eða vér eigum að snúa oss fyrir alvöru að tilraunum til að útrýma fjárkláðanum. Þessi tillaga er komin fram í því skyni að fá upplýsingu þingsins um það, hvort það vilji halda áfram sömu stefnu og hingað til, eða það telji ráðlegra að fara nú að stíga spor í þá átt, að útrýma fjárkláðanum. (*Landshöfðingi*: Tillagan fer ekki fram á að fá þessa yfirlýsing frá þinginu öllu).

Eg veit það að tillagan beinir ekki spurningunni að öllu þinginu, ekki nema að þessari deild. En eg verð að halda því fram, að neðri deild hafi fullan tillögurétt í þessu máli, og að stjórnin hijóti að taka tillit þess, ef hún felst einróma á tillöguna.

Eg veit, að það eru mjög skiftar skoðanir á kláðamálinu; það er ógæfan; eg veit að það eru skiftar skoðanir hjá þjóðinni, þinginu og sjálfum stjórnarvöldunum, um það, hvor heldur skuli haldið fram lækningakákinu eða snúið sér fyrir alvöru að útrýming kláðans. Einmitt fyrir þennan skoðanamun verða lögin, sem samþykt voru á þinginu í fyrra, ónýt, þegar til framkvæmdanna kemur. Eg veit að amtmaðurinn í Suður- og Vesturamtinu álítur að ekki sé hægt að útrýma fjárkláðanum með lækningum; eg hefi þetta álit hans fyrir mér hér í prentuðu bréfi; og á þinginu í fyrra spurði einn merkur þingmaður í Ed., landlæknirinn sjálfur, um það, hve nær seinasti maurinn yrði drepinn. Það er þessi seinasti maur, sem stendur fyrir sjónum ýmsra sem ósigrandi óvættur; hina maurana er unt að drepa; það er að eins þessi síðasti maur, sem þeim finst óvinnandi. Amtmaðurinn í Norður- og Austuramtinu er aftur á annari skoðun; hann álítur að hægt sé að útrýma fjárkláðanum, ef röggsamlega og viturlega sé að farið. En hvaða gagn væri nú að því, þótt amtmaðurinn í Norður- Austuramtinu skipaði fyrir almennar lækningar til útrýmingar fjárkláðanum í sínum ömtum og tækist það? Ráðstafanir hans næðu ekki lengra en að heiðunum og öræfunum, sem aðgreina Norður- og Austuramtið frá hinu amtinu. Kláðasjúkt fé úr Suður- og Vesturömtunum mundi flytja kláðann að nýju inn á læknuðu svæðin.

Það er ógjörningur að leggja út í kostnaðarmiklar ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum, nema samræmi sé milli ráðstafana þessara um land alt. Eg kannast ekki við það, að kláðalögin frá síðasta þingi byggist á þeirri skoðun, að eigi sé unt að útrýma fjárkláðanum, og eigi greiddi eg atkvæði með þeim skilningi á þeim; en gallinn á þeim er sá, að ekki er nógu skýrt tekið fram í þeim, hvort þau eigi að miða að algerðri útrýming kláðans, eða að hinu, að halda honum í skefjum. Af þessu verða þau gagnslaus pappírslög, á meðan ekki er hægt að samrýma skoðanir þeirra, sem þeim eiga að beita, á kláðanum; því að það væri óðs manns æði, að ætla sér að fara að útrýma kláðanum úr tveim ömtum, á meðan ekkert er unnið að útrýmingunni í hinum tveimur. Eg vil beina þeirri spurningu að h. þm. Snæf. (L. H. B.), hvort hann hafi gert sér það ljóst, hvað það mundi kosta, ef tvö ömtin gerðu alvarlegar tilraunir til að útrýma fjárkláðanum hjá sér.

Mér telst svo til, að það mundi ekki verða minna en 125,000—150,000 kr., sem landssjóður mundi þurfa að leggja af mörkum, ef útrýmingartilraunir yrðu gerðar í öllu landinu. Eftir því mundu tilraunir þessar í Norður- og Austurömtunum sjálfsagt kosta 70,000—75,000 kr. Mundi nú h. þm. Snæf. (L. B.), ef hann væri amtmaður í Norður- og Austuramtinu, vilja varpa þessum kostnaði upp á landssjóð, vitandi það fyrir, að tilraunin gæti ekki komið að fullum notum. Eg vona að h. þm. Snæf. (L. B.) sjái, að kláðalögin frá síðasta þingi, gefa amtmanni heimild til að leggja út í þennan kostnað; en að sjálfsögðu mun enginn amtmaður ráðast í slíkt nema hann þykist sjá fyrir nokkurn veginn vissan árangur tilraunarinnar. Eg skal annars minna h. þm. Snæf. (L. B.) á, að eftir tilskipuninni um fjárkláða

frá 5. jan. 1866 4. gr. er það bein skylda, að taka það fé, sem kláða verður vart í eða grunur er á að kláði kunni að dyljast í, setja það í sóttvarnarhald og taka það til lækninga, og sleppa því ekki fyr en það er orðið grunlaust. Þessi 4. gr. er ekki úr lögum numin með lögunum 1901, og í raun og veru getur amtmaður beitt henni, hve nær sem vill; meira að segja yfirvöldin brjóta í raun og veru alt af lögin, er þau fylgja eigi fram ákvæðum greinarinnar með því þau láta eigi jafnan einangra kláðasjúkt og kláðagrun að fé, og taka það til lækninga. En eins og eg hefi áður bent á, mundu þess konar ráðstafanir hafa ófyrirsjáanlegan kostnað í för með sér, og árangurinn yrði allsendis óviss, á meðan eigi færu fram samtaka kláðaútrýmingartilrauninni um land alt. H. þm. Snæf. (L. B.) tók það fram, að hér væri ekki um landplágu að ræða, því að í Suður- og Vesturamtinu væri mjög lítill kláði. Eg efast ekki um, að skýrslurnar séu svo nákvæmar og áreiðanlegar, sem kostur er á. En eins og bent er á í nefndarálitinu, þá eru þær bygðar á skoðunum, sem fóru fram á þeim tíma, þegar minst er um kláða.

Það vita allir, sem nokkuð eru kunnugir í sveitum, að kláðinn er minstur á haustin; bæði er það, að komi kláðakind af fjalli, þá er hún oftast þegar í stað skorin, þykir ekki tilvinnandi að reyna við hana lækningar á þeim tíma, og í öðru lagi eru kindur í góðu standi á haustin, og þá síður móttækilegar fyrir kláða. Fjárkláðinn fer einkum að koma í ljós þegar kemur fram um miðjan vetur, og mest ber á honum á útmánuðunum og á vorin. Ef skoðanirnar væru hafðar þrjár: ein á haustin, önnur um miðjan vetur og hin þriðja að vorinu, þegar fé er tekið til rúningar, þá mætti búast við að kláðaskýrslurnar yrðu nokkurn veginn áreiðanlegar. Eg þykist hafa all-staðgóðar upplýsingar um það, að fjárkláði muni magnaðri í Vesturamtinu en skýrslurnar benda á. Eg vona að h. þm. Dalam. (B.B.) geti gefið h. deild upplýsingar um, hvort svo sé eigi í Dalasýslu; og h. þm. Strand. (Guðj.G.) hefir skýrt mér frá því, að kláði sé útbreiddari í Strandasýslu en skýrslurnar segja.

Í Árnessýslu er sagt, að enginn fjárkláði muni vera; þó vill amtmaðurinn í Suður- og Vesturamtinu ekki fortaka það; hann segir í skýrslu sinni, að þar hafi komið fyrir grunsöm fellilúsar-óþrif í nokkrum kindum. Þetta hefir ekki verið svo vel rannsakað, að hægt sé að segja með vissu, hvort sýslan sé laus við fjárkláða eða ekki. Í Suður-Múlasýslu liggur grunur á, að fjárkláði muni vera.

Í Norðuramtinu vitum vér, að fjárkláðinn er alment útbreiddur. Þar getum vér ekki bent á neinn sérstakan bæ, sem vér getum með áreiðanlegri vissu sagt um, að þar sé fjárkláðinn ekki.

Mér datt í hug, þegar h. þm. Snæf (L. B.) var að gera svo lítið úr fjárkláðanum, að sá segði mest af Ólafi kongi, sem hvorki hefði heyrt hann né séð; og mig furðaði á því, að hann skyldi fara að leggja dóm á þetta mál, gagnstæðan því, sem þeir segja um fjárkláðann, sem árum saman hafa átt í stríði við hann og beðið stórtjón af honum. Það er ekki rétt fyrir þá, sem kláðanum eru ókunnugir, að vilja setja sig á þann háa hest, og þykjast vera öllum fróðari.

Eg er nú samdóma h. 1. þm. Húnv. (H. J.) um, að fjárkláðinn sé landplága, og að vér neyðumst fyr eða síðar til að gera alvarlegar tilraunir til að losast við hann. En því lengur sem vér drögum þetta, því meiri skaða gerir

kláðinn oss, því meira útbreiðist hann, og því kostnaðarsamara verður að útrýma honum.

Eg vil spyrja: Á hverju er sú staðhæfing bygð, að ómögulegt sé að útrýma fjárkláðanum?

Eg ímynda mér að enginn í h. deild geti sagt mér það. Það er ekki heldur von, því að reynslan hefir sýnt, að hún er á engu bygð. Vér vitum að í Danmörku hefir verið fjárkláði og að þar er búið að útrýma honum. Í Noregi, þar sem staðhættir eru svipaðir og hér á landi, hefir fjárkláði líka verið og það mjög útbreiddur, en nú mun vera búið að útrýma honum þar úr öllu landinu. Fyrir tveim árum var fjárkláðanum útrýmt á svæðinu milli Jökulsár á Fjöllum og (Hafralónsá?) Líka mun kláðanum hafa verið útrýmt úr Vopnafjhr. Á þessum svæðum varð honum útrýmt af því, að að útrýmingunni unnu menn, sem bæði höfðu vit og áhuga á málinu. En svo fór að kláðinn barst aftur inn á hið læknaða svæði úr grunuðu héruðunum, og svona hlýtur það alt af að fara á meðan ekki er tekið saman höndum um alt land til þess að vinna að útrýmingunni.

Vér útrýmingarmennirnir getum komið með órækar sannanir fyrir því, að vér höfum á réttu máli að standa; það sem vér eigum eftir er að sannfæra andmælendur vora um, að eini rétti vegurinn í þessu máli sé, að stefna gerðum vorum eindregið í þá átt, að fara með alvöru að vinna að útrýmingu kláðans. Hæstv. landsh. sagðist ekki vita til þess, að vér ættum ráð á nokkrum Myklestad til þess að kenna oss að lækna fjárkláðann. Í nefndarálitinu er einungis sagt, að hægt muni að fá mann þennan, og átti það að vera bending til stjórnarvaldanna um að reyna að útvega hann. Hvað það snertir, að dýralæknirinn hafi ekki tíma til að kenna kláðalækningar í Suður- og Vesturamtinu, þá þori eg ekki að mótmæla því að svo sé, þótt eg hefði búist við, að hann mundi hafa getað varið nokkum tíma til kenslu þessarar. En ef annríki hans er svo mikið, að hann fær því ekki við komið, þá er ekki nema um tvent að gera: annaðhvort að fresta kenslunni þar í bráðina eða þá útvega annan kennara.

En að því er Norður- og Austuramtið snertir, þá vildum vér fá yfirlýsingu h. d. um, að hún væri því samþykk, að verja mætti fé því, sem veitt er í síðustu fjárlögum, til að fá aðstoð kláðafróðs manns við ráðstafanir gegn fjárkláðanum í Norður- og Austuramtinu, einmitt til kenslu í kláðalækningum. Einnig vildum vér fá yfirlýsing deildarinnar um það, að hún áliti það rétt, að halda kenslunni áfram, þangað til sá, sem fyrir kenslunni stæði, áliti, að nægilegt lið væri fengið til að hefja fyrir alvöru útrýmingarbaráttuna.

Hæstv. lh. sagði, að vér nefndarmenn hefðum ekki treyst oss til að búa til lög, er miðuðu að útrýming fjárkláðans.

Þetta er ekki rétt álitið.

Ástæðan fyrir því, að vér komum nú eigi fram með lagafrumvarp, var sú, að vér álitum eigi enn tíma til kominn að breyta gildandi kláðalögum, og skal eg leyfa mér að benda hæstv. lh. á, hvað nefndarálitið segir um þetta.

Það lítur annars út fyrir, að hæstv. lh. og h. þm. Snæf. (L. H. B.) hafi ekki lesið nefndarálitið nákvæmlega; að minsta kosti virðist ýmislegt, sem í því stendur, vera allóljóst fyrir þeim.

Eg skal svo ekki þreyta deildina með lengri ræðu; en að endingu taka það upp aftur, að nú liggur sú spurning hér fyrir: Vill h. d. nú stiga fyrsta sporið til þess að útrýma fjárkláðanum úr landinu, og þykir henni þetta spor hyggilega stigið í tillögunni, eða vil-

hún, að enn sé um óákveðinn tíma haldið áfram þýðingarlausu káki, sem kostar landið miklu meira fé á endanum en alvarlegar útrýmingartilraunir fjárkláðans?

H. d. á með atkvgr. sinni um till. að skera úr þesum spurningum.

Björn Bjarnarson: Af því að eg hefi undirskrifað nefndarálitið með fyrirvara, þá vil eg skýra frá því, í hverju eg er ósamþykkur því; það er sérstaklega niðurlag till., sem eg ekki get felt mig við. Eg vil ekki nú þegar taka nokkra ákvörðun um það, hvort eyða eigi stórfé til þess að reyna að útrýma kláðanum algerlega, því að þannig löguð tilraun mundi kosta yfir 100,000 kr. og árangurinn óviss.

En eg álít það gott, að kenna mönnum að lækna kláðann, og að þannig löguð kensla fari fram á 1 eða 2 stöðum á landinu, og um leið að útbreiða þekking á eðli kláðans. Þessi kensla myndi ekki kosta mjög mikið, og í fjárlögunum eru veittar 6000 kr., sem nota má til þess að kosta kenslu í Norður- og Austuramtinu. Aðalkafla till. er eg aftur fyllilega samdóma.

Sem sagt, eg álít rétt að stofna þannig lagaða kenslu og útbreiða þekkingu á þessum sjúkdómi meir en er, hvaða stefna sem svo síðar kynni að verða ofan á, hvort heldur sú, að reyna að lækna kláðann smámsaman þar, sem hann gerði vart við sig, eða sú, að reyna að útrýma honum með rótum á sama tíma um land alt. Á þennan hátt fæst einnig reynsla fyrir því, hvort það megi takast, að útrýma honum alveg, og hvað það muni kosta.

Eg hefði sem sagt helzt óskað, að síðari hluta tillögunnar hefði verið slept í þetta sinn, því það er með öllu ósannað enn, að auðvelt sé að útrýma kláðanum. Það getur orðið ákaflega örðugt viðfangs að sótthreinsa t. d. fjárhúsin, sem bygð eru úr mold og grjóti, og að minsta kosti mundi það verða afardýrt. Í nefndarálitinu er kláðinn talinn landplága, og er auðvitað nokkuð satt í því; en þó ímynda eg mér að það sé ekki að því skapi, sem menn alment gera sér í hugarlund; að minsta kosti hafa menn enn ekki nægileg tæki til þess, að gera sér nokkra fyllilega grein um það.

Eins og tekið var fram áðan, þá eru skýrslurnar engan veginn svo nákvæmar, að hægt sé að byggja á þeim hvað þetta snertir. Jafnvel þó kláðaskoðunin fari ekki fram einu sinni á ári, eins og nú, heldu tvisvar eða þrisvar sinnum á ári, þá gætu skýrslurnar aldrei sýnt, hvað útbreiddur kláðinn væri, og því síður, hve mikinn skaða hann gerir. Væru skýrslurnar þannig úr garði gerðar, að þær sýndu, hve margt fé sýkist um árið af kláða, og hvað mikið, þá væri hægt að sjá af þeim, hvaða skaða fjárkláðinn gerði, og eg ímynda mér, að þá mundi það verða ofan á, að kláðinn yrði ekki álitinn sú landplága, sem hann er nú talinn af ýmsum.

Að því er snertir Dalasýslu, sem eg er kunnugastur, þá er það víst, að kláðinn er útbreiddari þar en skýrslurnar benda til, en hitt er aftur efamál, hvort hann gerir sérlega mikinn skaða af sér. Kláðinn hefir aldrei verið neitt verulega magnaður þar, en gosið upp við og við, snert eina og eina kind á bæ, sem svo hefir verið tekið jafnóðum og læknuð. Hvernig kláðinn hefir hagað sér annarstaðar á landinu, get eg ekki sagt um; til þess er eg ekki nógu kunnugur.

Eins og eg tók fram áðan, er það mjög heppilegt, að útbreidd sé meðal almennings kunnátta á lækningu og eðli kláðans, því það er mjög útbreidd skoðun meðal margra í Dalasýslu og líklega víðar, að kláðinn hafi útbreiðst vegna baðananna. Auðvitað getur þetta

ekki átt neinn stað, en mun standa í sambandi við það, að kláðinn fór að útbreiðast meir aftur um sama leyti og farið var að taka upp baðanir, og það er hér sem oftar, að dálítill fótur getur verið fyrir almannarómnum, nefnilega það, að skoðunarmennirnir hafa getað flutt kláðamaurinn með sér frá einum bæ til annars, þegar þeir eru að skoða féð. Það gefur að skilja, að varla getur öðru vísi farið en að þeir flytji maurinn með sér á höndunum og beri hann á næstu kind, sem þeir taka á, þegar þeir ekki sótthreinsa sig eftir að hafa handfarið kláðakindur. Sumir eru jafnvel svo æstir, að þeir halda, að útlendu verksmiðjurnar setji með vilja maurinn í baðlyfin, til þess að halda kláðanum við, svo þeir geti selt sem mest af baðlyfunum.

Eg er yfir höfuð þeirrar skoðunar í þessu máli, að auðið sé að halda kláðanum niðri, og að rétt sé að auka þekkingu manna á honum og efla viðleitnina til að lækna hann. Eg veit það af eigin reynslu, að það er hægt að halda kláðanum niðri, svo að hann geri lítinn skaða, og að það er kostnaðarlítið; en hins vegar álít eg nokkuð vafasamt, hvort hægt sé að útrýma honum algerlega, eins og á stendur hjá oss, og undir öllum kringumstæðum yrði það afardýrt og því væri það nauðsynlegt, að geta gert sér nokkra hugmynd um það, hve mikinn skaða kláðinn gerir, til þess að komast að raun um, hvort það borgi sig að eyða stórfé til þess að reyna að útrýma honum.

En hitt, að koma inn hjá almenningi þekkingu á eðli kláðans, og þekkingu í að lækna hann, er mjög gagnlegt og þarf ekki að kosta mikið.

Lárus H. Bjarnason: Eg hafði hreint ekki ætlað mér að tala við þessa umr., og mér er ekki gefið um að standa upp og endurtaka það, sem eg áður hef sagt.

En háttv. sessunautur minn, þm. Skagf., endaði ræðu sína á, að skjóta því að mér, að eg þekti ekkert til fjárkláða og að þeir töluðu mest um Ólaf kong, sem hvorki hefðu heyrt hann eða séð.

Eg skal nú að vísu játa, að eg er hvorki með útbrot sjálfur né heldur hefi eg haft kláða á heimili mínu; en eg hef þó leitast við að setja mig inn í málið og leitað upplýsinga um það. Snæfellsnessýsla hefir hvergi nærri verið fjárkláðalaus, þótt hún sé það nú að mestu leyti, og verð eg að þakka það að nokkri leyti bæði viðleitni minni og annarra góðra manna. Þess utan naut eg þess sóma, að vera kosinn í nefnd í þetta mál í fyrra.

Háttv. þm. Skagf. getur af þessu séð, að eg er ekki með öllu ókunnugur málinu. Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta atriði.

Háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) sagði, að eg gerði alt of lítið úr þessu máli og teldi kláðann minni en hann er. En eg vil spyrja, á hverju byggja hinir h. þm., sem styðja þessa þingsál.till., staðhæfing sína um útbreiðslu kláðans? Á engu öðru en spádómum. Og hafa þeir hugleitt, hvílíkan kostnað hún leiðir í för með sér?

Nei, hér er ekki um annað hugsað en fara bara nógu hart af stað. Háttv. 2. þm. Skagf. sagði að vísu, að meiningin væri að eins sú, að fá yfirlýsing deildarinnar um að nota mætti 6000 kr. frá í fyrra til að fá kláðafróðan mann í Norður- og Austuramtið; en það er bara fyrirsláttur. Sú heimild er veitt með berum orðum í fjárlögunum frá í fyrra. Meiningin er, að undirbúa afardýran, en tvísýnan kláðaleiðangur. Það er h. 2. þm. Skgf., (St. St.) sem ríður hér há-

um hesti og honum fer það ekki vel. En það er því síður ástæða til að leggja að svo stöddu út í þann leiðangur, sem þm. játaði, að heimild væri í gildandi lögum til að útrýma kláðanum.

Háttv. þm. sagði að ekki væri til neins að reyna nýju kláðalögin vegna þess, að amtmenn mundu halda misjafnt á þeim; en ætli þeir myndu þá ekki líka halda misjafnt á útrýmingarlögum?

Eg hefði ekki búist við því, að h. þm. Dal. (B. B.) færi að halda því fram, að skýrslurnar um þetta mál væru rangar, og að kláðinn væri meiri en skýrslurnar tækju til, hann, sem sjálfur hefir samið þær. Eg get að minsta kosti ekki kannast við, að skýrslurnar úr mínu héraði séu rangar.

Annars fór háttv. 2. þingm. Skagf. hvergi nærri alstaðar með rétt mál; hann hermdi ekki rétt frá innihaldi bréfsins frá amtm. í Suður- og Vesturamtinu.

Amtmaður telur kláðann bæði minni en áður og telur fleiri sýslur kláðalausar en þm. taldi. Hvorttveggja var þm. vorkunnarlaust að herma rétt.

Það er heldur ekki rétt hjá h. þm. Skagf. (St. St.), að skýrslurnar hafi ávalt verið bygðar á vorskoðun; þær hafa þvert á móti stundum verið bygðar á haustskoðun.

Þm. sagði ennfremur, að þessi nýju lög væru ekki nema kák, og að ekkert þýddi að reyna þau; en það er staðlaus staðhæfing. Það er viðlíka gáfulegt að fleygja þeim lögum frá sér óreyndum, og ef eg keypti mér dýran hníf, en hlypi til að kaupa annan dýran hníf að hinum óreyndum, bara af því að einhver segði mér hann ónýtan.

Mér þykir því varhugaverðara að kasta nýju fé í kláðann að óreyndu, sem 4 bændur, sem í nefndinni sátu í fyrra, álitu og héldu því fram, að kláðinn væri engan veginn sú versta fjárpest, heldur væri önnur sótt, sem þeir kölluðu »skitupest«, miklu hættulegri. Dýralæknirinn hefir þess utan lýst yfir, að maurinn sé svo meinlítill, að fé geti verið saman hálfa og heila mánuði án þess að smittast sýnilega.

Eg vil biðja menn að hafa það hugfast, þegar þeir greiða atkv. um þetta mál, að eftir því, sem öll atvik liggja til í þessu máli, er ekki að eins hættulaust, heldur og eðlilegast að bíða til næsta þings.

Pétur Jónsson: Eg ætlaði ekkert að tala í þessu máli, en þykist þó þurfa nú að gera grein fyrir atkv. mínu.

Eg var nefnilega í nefnd þeirri í Nd. í fyrra, er fjallaði um kláðalögin þá; eg sé ekki betur en að tillaga sú, er fyrir liggur, sé í engu ósamræmi við álit þessarar nefndar. Þessu til staðfestingar skal eg leyfa mér að lesa upp kafla úr nefndarálitinu: »Á hinn bóginn virðist nefndinni eigi nein ástæða til í þetta skifti, að semja ný allsherjarkláðalög, sem fyrst og fremst skipuðu beint fyrir um tilraunir til algerðrar útrýmingar fjárkláðanum, og þar að auki kæmi að öðru leyti í stað hinna núgildandi laga. Þess vegna hefir nefndin, eins og áður er bent á, hallast að því, að halda við grundvöll hins fyrirliggjandi frumv. Því að jafnskjótt og það er orðið að lögum, og fáist fjárveiting sú til fjárkláðafróðs manns, sem áður er nefnd, virðist ekkert því til fyrirstöðu, að byrjaður sé undirbúningur, er nauðsynlegur er og óhjákvæmilegur, svo að útrýmingartilraunir komist á, að verulegu gagni. Vel mætti og byrja á útrýmingartilraununum á hentugu og litlu svæði, til þess að afla verklegrar kunnáttu. Ef svo þætti nauðsyn á allsherjarútrýmingarlögum, er hægra að semja þau, þegar meiri þekking og kunnátta er fengin, og leið-

beiningar eru við hendina frá kláðafróðum og reyndum manni, sem kynt hefir sér hina ýmislegu staðhætti hér«.

Eg get ekki séð, að tillagan komi að neinu leyti í bága við lögin, sam sþ. voru í fyrra; hún er að minsta kosti meinlaus, og ef til vill til að herða á amtmönnunum, að koma sér saman um, að brúka þá heimild til undirbúnings algerðrar útrýmingar fjárkláðans, sem nefnd lög og fjárveitingin í fjárlögunum lagði í hendurnar á þeim.

Björn Bjarnarsson: Það hefir gefið mér tilefni til þess að tala fáein orð, að háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) sagði, að það sæti ekki á mér, að lasta skýrslurnar. Það er misskilningur, að eg hafi sagt, að skýrslurnar væru rangar, og mér hefir ekki komið slíkt til hugar. En eg segi einungis, að þær séu ekki nógar. Skýrslurnar sýna að eins ástandið á einum vissum tíma, já einum degi á heilu ári, og það oft á óheppilegasta tíma, en degi eftir að þær eru gefnar, getur kláðinn brotist út. Þetta hefi eg sjálfur reynt; það hefir komið kláði í mitt fé á hverju ári, en hann hefir ekki gjört mér neinn verulegan skaða, því að undir eins og uppvíst hefir orðið, að kláði væri í nokkrum kindum, hafa þær strax verið einangraðar, og þess hefir verið gætt að hleypa þeim ekki saman við hitt fé, fyr en trygging væri fyrir, að þær væru læknaðar. Kindurnar hafa venjulegast læknast á vikutíma.

Eg get heldur ekki séð, að tillagan sé í neinni ósamkvæmni við þau lög, sem samin voru í fyrra hér á þinginu. Þessi till. fer að eins fram á að útvega mönnum tækifæri til þess að læra að útrýma kláðanum.

Jón Jónsson: Eg stend upp af því að eg hefi átt talsvert við þetta mál heima í héraði, og verið einn af þeim mönnum, sem hafa haft á hendi umsjón og eftirlit með kláðalækningum. Eg get því dálítið skýrt frá, hver reynslan hefir orðið í þessu efni. Það hefir verið sagt hér í deildinni í dag, að aðferð sú, sem viðhöfð er til að útrýma kláðanum, væri einbert kák. Þetta er rétt, því þó einstakar sveitarstjórnir og einstakir menn sýni áhuga og samvizkusemi í því, að útrýma kláðanum, þá sýna aftur aðrir slóðaskap og vanrækslu í því efni, og jafnvel hreinan og beinan mótþróa.

Háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) sagði, að kláðinn hefði komist lengst á Vopnafjörð, og borist þangað úr Norður-Þingeyjarsýslu; þetta er rétt. Verulegur fjárkláði hefir ekki verið austar en á Vopnafirði, þar voru í fyrra vetur um 20 kláðakindur, og höfðu allar illkynjaðan kláða. En það hepnaðist að útrýma fjárkláðanum úr Vopnafirði af því að þar í sveitinni voru margir menn, sem bæði höfðu vilja og áhuga til þess að vinna að því. Meðal þeirra má nefna héraðslækninn á Vopnafirði, sem hefir sýnt mikinn áhuga í því efni, og svo var líka svo heppilega ástatt, að við höfðum mann á Vopnafirði, sem stundað hefir dýralækningar í Kaupmannahöfn; hann lagði einnig hreppsbúum lið við baðanirnar og útrýming kláðans, og sýndi í því áhuga og umhyggjusemi. En þessi lækning var ekki kostnaðarlaus. Eg hefi því miður ekki glöggar skýrslur um, hve mikið í heild sinni það kostaði, að útrýma kláðaðum úr Vopnafjarðarhrepp. En það man eg fyrir víst, að það kostaði 6 til 7 aura á hverja kind, að hafa eftirlit með böðunum, og skoða fé í hreppnum tvisvar. Auk þess voru ókeypis baðmeðul, sem landssjóður borgaði, til að baða tvisvar nálægt 10,000 fjár, sem er í hreppnum, og auk þess kostn-

aður við umsjón og lækning kláðafjárins, sem borgað var úr jafnaðarsjóði. Af þessu er það nú ljóst, hvað það kostar ef gengið er að því með áhuga og samvizkusemi í einhverri sveit, að lækna kláðann. Og við íbúar Vopnafjarðarhrepps urðum mjög glaðir þegar við sáum það vorið 1901, að enginn kláði var til í sveitinni þegar skoðað var. Og við urðum enn glaðari, þegar við sáum það seint á síðastliðnum vetri að þar var enginn kláði. Við þóttumst hafa vel varið þeim tíma og kostnaði, sem varið var til útrýmingar kláðans. En gleði okkar varð skammvinn. Í vor kemur sú frétt, að kláðinn sé kominn upp í Jökuldalsheiðinni, á sömu stöðvum, sem fé okkar Vopnfirðinga heldur sig yfir sumarið. Eg get því búist við, að þegar við komum heim af þingi, verði það eitt með því fyrsta, sem við fréttum, að kláðinn sé kominn í féð í Vopnafirðinum, og allur okkar kostnaðar, og allar okkar áhyggjur við útrýming kláðans, sé til einskis. Þetta sýnir svo glögt, að eins og kláðaútrýmingunni er framfylgt, þá verður hún tómt kák, þrátt fyrir það þó einstakir menn og einstakar sveitir sýni áhuga og samvizkusemi í því efni. Þetta sýnir ljóslega dæmi okkar Vopnfirðinga. Þegar við höfum lagt fram bæði fé og tíma til að útrýma fjárkláðanum, þá kemur hann upp fyrir austan okkur, og slóðina eftir þann kláða má rekja úr Norður-Þingeyjarsýslu, því fé úr Þistilfirði og jafnvel Axarfirði gengur saman að nokkru leyti við fé Vopnfirðinga, og svo gengur aftur á hinn bóginn fé Héraðsmanna saman við fé Vopnfirðinga, enda er ekki laust við, að bólað hafi á kláðanum á Héraði, jafnvel í Suður-Múlasýslu, eftir skýrslunum að dæma. Annaðhvort verður að gera gangskör að því, að útrýma kláðanum um alt landið í senn, eða þá hins vegar að láta hann eiga sig. Það þýðir ekkert, þó einstakar sveitir og einstakir menn taki sig til og útrými honum hjá sjálfum sér um stundar sakir, þegar önnur héruð gera ekki neitt, og hinir og þessir slóðar hreint og beint ala kláðamaurinn, og jafnvel óhlýðnast fyrirskipunum til að lækna fé sitt.

Eg er á þeirri skoðun, að réttast sé, að þingið láti gera tilraun til þess, að útrýma fjárkláðanum fullkomlega úr landinu. — Það kostar landið í heild sinni miklu meira, þetta kák, sem búast má við að haldist við um marga tugi ára. — Það þarf meiri samtök, almennari áhuga og gagngerðari þekkingu til þess að hinu mikla fé, sem varið er til útrýmingar kláðanum, sé ekki til einskis varið.

Eg er því alveg samdóma hinni heiðruðu nefnd, og mun gefa atkv. með ályktun hennar.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.: Það er nú máske óþarfi fyrir mig, að standa upp til þess, að svara háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), því að allir þeir, sem síðan hafa talað, hafa svarað því, sem var svaravert í ræðu hans og hrakið öll hans rök.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) tók það skýrt fram, að það væri rangt hjá h. þm. Snæf. (L. H. B.), að menn hefðu ekki gengið út frá því í fyrra, að útrýma kláðanum algerlega. — Það er því undarlegt, að þeir sem voru með að semja nefndarálitið í því máli í fyrra, skuli vera á móti þessu nú, því að í nefndarálitinu í fyrra, sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) las upp, er því með berum orðum lýst yfir, að menn búist við því, að geta útrýmt kláðanum algerlega með tímanum.

Tillaga sú, sem hér liggur fyrir, fer ekki fram á annað en það, að skora á stjórnina að sjá um, að það sé gert,

sem nefndin í fyrra áleit að ætti að gera.

En þótt það sé næsta undarlegt, að háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) skuli nú vera á móti tillögu, sem gengur nákvæmlega í sömu átt eins og nefndarálit það, sem hann skrifaði undir í fyrra, þá var þó annað en fúrðanlegra í ræðu hans. — Hann bar það fram, að skýrslur þær, sem eg talaði um í ræðu minni, væru bygðar á vor-skoðunum, og þetta leyfir hann sér að gera þvert ofan í útdrátt þann úr amtsráðsfundargerð Suður- og Vesturamtsins, sem eg hafði lið honum og hann hafði fyrir framan sig. — Þar er skýrt tekið fram, að skoðun á sauðfé hafi verið fyrirskipuð af amtmanni síðastliðið haust, og við þær skoðanir hafi það komið í ljós, að einar 146 kindur hafi verið kláðasjúkar í báðum ömtunum á 77 bæjum. — Þetta veit eg, að ekki gefur rétta hugmynd um útbreiðslu fjárkláðans, enda þótt skýrslurnar væru hárréttar á þeim tíma, sem þær eru gefnar.

En þegar þess er nú gætt, að skoðunarmenn þeir flestir, sem skýrslurnar gefa, þekkja ekki kláða nema hann sé því meiri, þá er það eitt með öðru, sem gerir það að verkum, að skýrslurnar verða ekki sem áreiðanlegastar. — Annars skal eg ekki fjölyrða mikið út af ræðu h. þm. Snæf. (L. H. B.), því að hann hrakti ekkert af því, sem eg sagði, og allra sízt það aðal-atriði í ræðu minni, að tilgangslaust væri, að hefja útrýmingar-baráttu í einu amti, ef ekki væri vissa fyrir því, að sama yrði gert í hinum ömtunum.

H. þm. N.-Múl. (J. J.) sýndi fram á það með ljósum dæmum, fyrst og fremst, að það er ómögulegt, að útrýma kláðanum á einum vetri, og í öðru lagi, að fé því, sem til þess er varið, er kastað í sjóinn svo framarlega að útrýmingarbaráttan ekki er hafin á sama tíma um land alt.

Eg vona, að allir h. þingdeildarmenn láti sér skiljast þetta, þótt háttv. sessunautur minn þm. Snæf. (L. H. B.) skilji það ekki eða vilji ekki skilja það.

Væri hann bóndi í sveit, þar sem kláðinn er magnaður, er eg ekki í neinum vafa um, að hann sannfærðist fljótt um það, að kláðinn er landplága, sem hlýtur að fara vaxandi, því lengur sem það dregst, að gera alvarlegar ráðstafanir gegn honum.

H. þm. Dal. (Bj. Bj.) tók það réttilega fram, að kláðaskýrslurnar væru bygðar á skoðunum, sem fram færu á óheppilegasta tíma, og þeir skoðanamenn, sem vér hefðum, þektu ekki kláðann. — Hér ber því að sama brunni og hlýtur því öllum að vera það ljóst, að það er nauðsynlegt, að fá menn, sem hafa kunnáttu í þessum efnum og við getum borið fult traust til. — Slíkan flokk manna viljum við fá, því að eins og háttv. þm. Dal. (Bj. Bj.) tók fram, þá eru skoðunarmennirnir, er nú gefa skýrslurnar um kláðann, ekki bærir að dæma um hann, og færði hann orðum sínum góðan stað, þar sem hann skýrði frá því, að kláði kæmi stundum fram í kindum, sem dæmdar hefðu verið heilbrigðar daginn áður af skoðunarmönnum. — Allir, sem nokkuð þekkja til kláða, vita það, að kind getur ekki sýkst af honum á einni nóttu, sé hún maurlaus daginn áður.

Það tók hann líka fram, að skýrslurnar gætu verið réttar frá hendi skoðunarmannanna, að svo miklu leyti sem hægt er. — En þótt svo sé, þá eru þær alt af bygðar á röngum grundvelli, nefnilega skoðunum, sem gerðar eru á óheppilegasta tíma, af mönnum, sem enga þekkingu hafa.

H. þm. Snæf. (L. H. B.) var að tala um, að við vildum fá alræðismann eða kláðakóng, sem hann svo nefndi, en slíkan yfirmann þarf ekki að fá og viljum við ekki fá fyr en liðið er fengið, því þangað til yrði hann »hershöfðinginn liðlausi«.

Eg vona því, að hin háttv. deild sé mér sammála, og skilji hvað það er, sem við viljum, en það er í stuttu máli það, að krefjast þess af stjórninni, að hún gefi ákveðið svar um það, hvort hún vill þegar stíga fyrsta sporið til undirbúnings algerðri útrýmingu fjárkláðans, eða hún vill láta það dragast von úr viti, landinu til stórtjóns.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. 2 þm. Skgf. (St. St.) skildi orð mín svo sem eg hefði sagt, að kláðaskýrslan, sem hann hefði haft fyrir sér úr Suður- og Vesturamtinu, væri bygð á vorskoðun en það er rangt. — Eg átti við skýrsluna, sem lá fyrir kláðanefndinni í fyrra; en alt ber þó að sama brunni. — Eftir vorskoðuninni þá voru að eins eitthvað á þriðja hundrað sjúkar kindur í báðum ömtunum, en eftir síðustu haustskoðun 146, og það er enginn stærðarmunur. — Þau ömtin mega því heita því nær kláðalaus.

Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.: Mig furðar ekki á því, þótt þeir menn, sem fjárrækt stunda, hugsi um þetta nauðsynjamál og liggi það þungt á hjarta, því hver sá maður, sem vel þekkir, hvernig ástandið er, hlýtur að játa, að það er alt annað en álitlegt. — Það er nú búið að taka svo margt fram þessu viðvíkjandi, að það er óþarfi að endurtaka það. — En eg vil leyfa mér að geta þess í sambandi við kláðaskýrslurnar, að það er langt frá því, að þær hafi sýnt bæði skýrt og nægilega þann fjártjölda, sem sjúkur er af kláða, því að skoðanirnar fara fram um þann tíma árs, þegar kláðinn er ekki kominn fullkomlega í ljós, vanalega litlu fyrir eða um sumarmál, en frá þeim tíma og þar til fé er rúið, verður vanalega mest vart við kláðann. — Á síðastliðnum vetri var það yfirleitt álit manna í minni sveit, að þeir mundu ætla að mestu leyti að fríast við kláða á fé sínu, en einmitt í vor sáu menn aftur sömu hörmunga-sjónina og áður, og voru einhuga á því, að á kláðanum yrði að vinna sem allra fyrst. — Að skýrslurnar séu ekki nákvæmar og fremur lítið á þeim að byggja, er mjög eðlilegt, einnig af þeim ástæðum, að skoðanirnar eru gerðar án þess, að skoðunarmennirnir séu útbúnir með þau tæki, er óefað væri nauðsynlegt að þeir hefðu. — Þeir geta að eins sagt, hve nær kláðamaurinn er farinn að verka á hörundið, en það er að eg hygg ekki svo stuttur tími frá því að kindin fyrst fær á sig maurinn og þangað til hann fer að verka svo, að það koma útbrot eða kláði. — Eg skoða kláðalögin frá í fyrra svo, að samkvæmt þeim sé það sjálfsagt, að fá mann, sem hefir góða þekkingu á kláðanum, til þess að lækna hann og útrýma honum eins fljótt og hægt væri eða standa fyrir því að minsta kosti. — Eg get því ekki séð, að þótt þessi tillaga verði samþykt, að hún komi í beina mótsögn við lögin frá í fyrra, heldur sé hún miklu fremur til þess, að herða á framkvæmd þeirra sem allra fyrst.

Í nefndarálitinu er farið fram á, að læknað væri helzt á tveim stöðum, og annar forgöngu-maðurinn hefði á hendi að lækna kláðann í Suður- og Vesturamtinu, en hinn í Norður- og Austuramtinu; en samkvæmt ræðunum á síðasta þingi, þá var það talið sjálfsagt, að lækning færi aðallega fram í Norður og Austuramtinu.

Eg skoða því tillöguna svo, sem nefndinni þyki það æskilegast, að kenslan fari fram á tveim stöðum, en þó því að eins, að landsstjórnin álíti það tiltækilegt á yfirstandandi fjárhagstímabili kostnaðarins vegna. — Álítist það ekki tiltækilegt, hygg eg, að rétt væri, að einn eða fleiri nemendur úr hverju amti væru sendir til þess, að vera með þeim manni, er kennir lækning á kláðanum og stendur fyrir útrýmingunni.

Eins og eg því hefi tekið fram, þá fæ eg ekki betur séð en að þessi till. komi ekki að neinu leyti í bága við kláðalögin eða fjárlögin frá síðasta þingi, og skil heldur ekki, að það verði svo mikill kostnaður við það, að fá þessari kenslu komið á, sem farið er fram á að yrði helzt á tveim stöðum á landinu, en sem sagt, álíti yfirvöldin það of kostnaðarsamt, að hafa þessa kenslu á tveim stöðum, þá beygir nefndin sig undir það, en mér skilst, að það muni hafa vakað fyrir henni, að það væri ekki á það hættandi, að algerð lækning færi fram að eins á einum stað, væri annars kostur, vegna þess, að samgangur fjárins á afréttum mundi gera lækninguna svo óvissa.

Það er annars all-athugavert með kláðann fremur en mörg önnur fjárveikindi, að það virðist vera rétt ómögulegt að varast hann, þótt hirðing á fénu sé í bezta lagi að öðru leyti, því að það er oft og einatt, að þeir, sem fara allra bezt með fé sitt, hafa orðið verst úti, og það er reynsla fyrir því, að þær kindur, sem eru vænstar, að þeim er hættast við að fá kláðann. — Það er því ekki hægt að sjá fyrir, hvernig kláðinn muni í framtíðinni fara með þennan aðal-atvinnuveg bænda, fjárræktina, ef ekki er sem allra fyrst ráðin bót á þessu böli landbúnaðarins.

Eg hlýt því, að vera með tillögunni í því trausti, að framkvæmd hennar stríði ekki í bága við þau lög, sem síðast voru samin um þetta efni árið 1901.

Framsögum. (Hermann Jónasson): Eg vildi benda á það, að skýrsla sú, sem hér liggur fyrir, sýnir það, að grundvöllurinn, sem hún er bygð á, er rangur. — Skoðanirnar eru gerðar á óheppilegasta tíma. — Svo vil eg líka benda á það, að eftir skýrslunni eru í Suður- og Vesturamtinu alls 146 kindur með kláða á 77 bæjum, og er það um tvær kindur til jafnaðar á þeim bæjum, er kláðann varð vart við. — En það álít eg óhætt að fullyrða, að hver, sem nokkuð þekkir kláðann að viti, að ef hann er kominn á 2 kindur á heimilinu, svo að hann sést, þá má ganga að því vísu, að hann er kominn á fleiri kindur.

Vér höfum alment ekki svo glöggva fjármenn eða nákvæma, að þeir geti skoðað kindurnar svo vel, og enda er það ekki hægt fyrir þá, þó þeir vildu.

Eg þarf ekki að svara því, sem sagt hefir verið á móti þessu. — Eg hefi umsögn dýralæknisins fyrir mér, og hann segir það, að kláðinn sé veikur, og það er býsna-langur tími þangað til hann kemur í ljós með útbrotum, en því meiri ástæða er til að halda, að fleiri kindur séu sjúkar en skýrslurnar til taka, áður en kláðinn kemur í ljós.

Það hefir verið hrakið, sem hæstv. landshöfðingi tók fram, að þetta nefndarálit kæmi í bága við lögin frá síðasta þingi. — En eg vil þó taka það fram, samt sem áður, að eg get ekki séð, að það komi í bága við þessi lög eða önnur eldri lög um sama efni. — Nefndin reyndi miklu fremur að sníða álit sitt eftir þessum lögum og laga-

heimildum, en fór ekki fram á það, að lögunum frá síðasta þingi væri breytt að neinu leyti, eða því síður, að þau væru upp hafin.

ATKV.GR.: Tillaga nefndarinnar á þingskj. 193 samþykt með 16 samhljóða atkvæðum og afgreidd til landshöfðingja *sem þingsályktun frá neðri deild.*

Síldarnætur.

FRUMVARP til laga um síldarnætur (þgskj. 36); 1. umr., 5. ágúst.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 atkv.

Önnur umr., 7. ágúst (þgskj. 36, 56).

Sigurður Stefánsson: Mér ofbauð svo málið á frumv. eins og það kom frá háttv. efri deild, að eg leyfði mér að koma með ofur-litla orðabreytingu. — Eg vona, að breyt.till. raski ekkert efni málsins, og að eg þess vegna þurfi ekki að mæla neitt fram með henni.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 56 samþ. í einu hlj.

1. gr. með áorðinni breytingu samþ. í einu hlj.

2. gr. með áorðinni breytingu samþ. í einu hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.-greiðslu.

Málinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umr., 9. ágúst (þgskj. 68).

Frumv. samþykt með 18 atkv. og sent til efri deildar.

Botnvörpubann.

FRUMV. til viðaukalaga við lög 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum (þskj. 94); 1. umr., 12. ág.

Lárus H. Bjarnason: Eg spáði því í fyrra, þegar þetta mál var til meðferðar hér í deildinni, að við mundum sjá frv. aftur, — stjórnin mundi aldrei ganga að því. Eg sé nú að þetta hefir rætzt.

Það sem eg hafði að athuga við frv. í fyrra, er nú felt úr því. Nú finn eg ekkert að því, og árna því þess vegna góðs byrs gegnum deildina.

ATKVGR. Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 14. ágúst (þgskj. 94, 130).

Fluningsm. (Björn Krisjánsson): Við flutningsmenn höfum leyft okkur að koma fram með meinlausa viðbót við frv. á þskj. 94. Tilldrögin til þessarar viðbótar eru þau, að nokkrum mönnum, bæði úr okkar kjördæmi og úr Reykjavík, hugkvæmdist síðastliðinn vetur, að gera tilraun til þess, hvort ekki mundi borga sig að reka hér við land þorskveiðar með botnvörpum. Það mundi kosta um 100,000 kr., ef kaupa ætti skip til þess að gera slíka tilraun, og með því að þessir menn voru fátækir, og þoldu ekki að leggja mikið í hættu, treysta þeir sér ekki til að kaupa skip sjálfir til slíkra tilrauna. Það var þess vegna afráðið, að fá leigt skip frá Danmörku t. d. um 6 mánaða tíma. Því næst var maður gerður út til Kaupmannahafnar í þeim erindum, að útvega botnvörpuskip til leigu, en honum tókst ekki að fá neitt skip leigt; eigendur vildu ekki leigja, heldur að eins selja. En félagið gat ekki lagt út í að kaupa skip.

Í lögum 9. apr. 1898 er að eins innlendum botnvörpuskipum leyft að nota það ákvæði, er frv. þetta felur í sér, þ. e. að leita til lands og ferma og afferma afla sinn. Að leita til Noregs eða Englands um leigu á botnvörpuskipi, er ómögulegt vegna þess, að utanríkisskipum er bannað að leggja afla á land hér. Hér í frv. er farið fram á að leyfið sé veitt að eins í 5 ár. Þá mun reynsla fengin fyrir því, hvort það borgar sig að kaupa skip. Þessi frestur fyrirbyggir hins vegar, að útlendingar spekúleri í að skjóta sér innundir þessi lög.

Til liðsinnis hefir áætlan verið gerð um þetta af þeim manni, er mest hefir fengist við botnvörpuveiðar hér. Hún sýndi að fyrirtækið mundi getað borgað sig vel, enda þótt ekki væri hægt að leggja mikið fram til þess.

Það kom líka í ljós, að eitt botnvörpuskip mundi veiða meira en 2 kúttarar, en útgerðin mundi þó svara sama kostnaði. Botnvörpuskipið þarf að eins 14 menn, en 2 kútterar þurfa 40 menn samtals.

Þannig mundi talsverður vinnukraftur sparast. Þessi kunnugi maður var enn fremur spurður um, hvort það mundi eigi verða til skaða fyrir fiskverkunina, að veiða þorsk á þennan hátt. Hann gaf það svar, að það væri alt undir veiðiaðferðinni komið. Ef farið væri að eins og Englendingum er títt, að draga vörpuna klukkutímunum saman eftir botninum, þá mundi fiskurinn skemmast. Englendingar hirtu að eins um lúðurnar og kola, er vel þyldu þessa meðferð, en hirtu minna um þorskinn. Aftur á móti þyrftu Íslendingar, er sæktust eftir þorskinum einum, ekki að hafa vörpuna niðri nema 1 klukkutíma í senn, svo að þorskurinn þannig næðist lifandi og yrði því eins góður og sá, er á lóð er veiddur. Vegna þess eru menn óragir á að reyna þetta. Fiskurinn mundi fult eins góður og ella.

Sami maður gat og þess, að á botnvörpuskipum væri betri tök á að þvo fiskinn en á þilskipum, þar sem menn ganga til þvottarins þreyttir eftir veiðina. Þvotturinn færi fram á botnvörpuskipum með gufuvélum, og yrði fiskurinn því miklu betur þveginn. Það er þess vegna ekki líklegt, að fiskur, er veiddur væri á þennan hátt, mundi verri en alment gerist. Auk þess mundi fiskurinn á slíkum skipum þveginn strax, en í bátum liggur hann einatt þangað til hann er farinn að skemmast, þó hann komi óskemdur úr vörpunum, og þann fisk þekkja Íslendingar.

Eg væri fús á, ef hin háttv. deild fremur féllist á það, að takmarka skipatöluna, t. d. þannig, að leyfið væri bundið við t. d. 2 skip. Meining mín er að eins sú, að gera Íslendingum léttara fyrir með tilraunina. Vér verðum líka að gæta þess, að ef innlend botnvörpuskip væru hér við land, þá mundu þau, þótt fá væru, geta verið varðskipunum til töluverðrar aðstoðar. Þau gætu verið nokkurs konar lögregluþjónar á sjó. Það mætt setja mann um borð í slík skip, er væri innlend eign eða í innlendri þjónustu, til þess að hafa gætur á útlendum botnvörpuskipum. Líka er það mikils umvert, að þessar tilraunir séu gerðar í lagaleyfi. Áhugi manna í þessa átt er svo mikill, að vel gæti komið til mála, að tilraunirnar yrðu framdar í lagaleysi, ef lagaheimild fæst ekki.

Mér finst því alveg rétt að leyfa þetta, þar sem ekkert óhreint liggur á bak við; mér finst rétt að létta undir fyrirtækið, svo að almenningur þurfi

ekki að leggja mikið í hættuna, meðan það er óreynt.

Svo getur það líka komið til álita, að hér er ekki um það að ræða að leyfa innlendum botnvörpuskipum veiðar á þeim miðum, er áður hefir verið bannað að veiða á. Það eru einmitt sömu miðin og Englendingar og aðrar þjóðir fiska á ár eftir ár, og fyrst Englendingar og aðrir nota þau, því þá ekki Íslendingar líka?

Eg vona að hin háttv. deild fallist á, að það er engri hættu bundið, að veita leyfið og eiginlega sjálfsagt. — Skal eg svo ekki fara fleiri orðum um þetta efni, nema ef andmæli skyldu fram koma.

Lárus H. Bjarnason: H. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) kallaði breyt.till. sínar litlar og meinlausar. Þar um er eg honum með engu móti samdóma; mér finst þvert á móti vera farið fram á stóra breyting á tilsk. 12. febr. 1872, auk þess, sem fyrirmæli laga um botnvörpuveiðar frá 6. apr. 1898 eru vikkuð. Eg tel mjög varhugavert að sþ. þessa breyt.till., fyrst og fremst af því, að þótt leigjendur yrðu kallaðir útgerðarmenn botnvörpuskipanna, þá yrðu þeir í raun og veru leppar útlendra útgerðarmanna eða félaga. Eg efast ekki um, að mjög auðvelt yrði að útvega slíka strámenn, ef ekki aðrir, þá að minsta kosti einhver »lummuprókúratorinn«.

Í öðru lagi finst mér ekki rétt, að þetta þing, sem einmitt er að herða á varúðarreglunum gegn botnvörpungum skuli með þessum undanþágulögum opna útlendingum dyr að landhelgi vorri.

Í þriðja lagi mundu slík lög verða skálkaskjól fyrir óleyfilega verzlun og tollsvik, og sótthætta yrði meiri í landinu eftir en áður.

Háttv. flutnm. varði breyt.till. sína með því, að benda til þess gróða, sem landsmönnum yrði vís með þessum lögum. Eg leyfi mér að efast um þann hagnað. Eg veit ekki betur en að félag það, sem byrjaði slíka veiðiaðferð hér við land fyrir nokkru, hafi skömmu seinna orðið að hætta, af því að það gat ekki staðist. Ennfremur hefir einn privatmaður hér í bænum beðið mikið fjártjón fyrir tilraun að fiska með botnvörpu. Eg sé því ekki betur en sæmileg reynsla sé fengin í þessu efni.

Háttv. í þm. G.-K hélt því fram í fyrra, að tröllafiskur spilti markaði á íslenzkum fiski, en hann hefir ekki enn þá gert grein fyrir þeirri breyting, sem nú er orðin á fyrri skoðun hans.

Háttv. þm. talaði um, að þessir íslenzku botnvörpungar gætu orðið varðskipinu til hjálpar við gæzlu á fiskiveiðunum. Eg held þvert á móti að þau verði fremur til hins gagnstæða. Varðskipið þyrfti að lesa þau skipin, er hefðu leyfið, úr hinum, er ekki hefðu það, enda get eg ekki skilið, að útlendir skipstjórar og útlend skipshöfn mundi hafa mikinn áhuga á því, að verja fiskimið landsins.

Mér finst þessi breyt.till. vera eins og fálmstöng, sem rekin er hingað inn á þingið eins og til að þreifa fyrir sér um það, hvernig málinu um að selja tröllurunum landhelgina mundi reiða af.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en skal að eins taka það fram, að eg get ekki gefið þessari breyt.till. atkv. mitt.

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) tók ekki vingjarnlega við breyt.till. á þgskj. 130. Hann talaði um stórar breytingar á lögum frá 6. apríl 1898 um fiskiveiðar á botnvörpuskipum hér við land. En breyting sú, sem farið er fram á, er að eins að láta skip, sem Íslendingar leigja, njóta sama réttar og

önnur skip, sem eru íslenzk eign. Eg fyrir mitt leyti finn ekkert á móti, að slík ákvæði stæðu í lögunum.

Háttv. þm. sagði, að útgerðarmenn þessara skipa mundu einungis verða leppar útlendinga; eg fæ ekki séð að hætt sé við því, af því að eg ímynda mér að Englendingar færu ekki að taka »strámenn«, þegar að eins er um 1 eða 2 skip að ræða. En finnist mönnum breyt.till. óaðgengileg, eins og hún er, þá skal eg fúslega breyta henni fyrir 3. umr.

Þm. sagði ennfremur, að það væri óviðeigandi að opna útlendingum dyrnar inn í landið, samtímis sem ákvæði væru gerð um að þröngva kosti þeirra. Þetta skil eg alls ekki; mér virðist hreint ekki, að hér sé hægt að tala um, að opna neinar dyr fyrir erlendum mönnum, því að þessi lög eru einmitt til þess að létta undir með íslenzkum mönnum, en ekki útlendum, og gera þeim sjóinn aðgengilegri.

Viðvíkjandi því, að tollsvik mundu vaxa, þá skil eg ekki að þessi 1 eða 2 skip muni geta gert mikið til eða frá í því efni.

Ein af mótbárum þm. var, að slík veiðiaðferð hefði ekki borgað sig hér á landi, og væri því engin ástæða til þess, að þingið færi að rýmka um þessi lög. Menn verða að gæta þess, að allur útbúnaður á þessum skipum, sem héðan hafa gengið, hefir ekki verið, sem skyldi, og þess utan hefir aginn á skipsmönnum verið svo slæmur, að hásetarnir hafa legið tímum saman drukknir og aðgerðalausir í landi, þegar þeir áttu að vera úti á sjó að fiska. Þm. taldi vantraust sitt á því, að þessi skip gætu orðið varðskipinu til aðstoðar. Þetta getur verið rétt. Á meðan skipstjórar eru útlendir menn, mun ef til vill ekki verða mikið lið að þeim; en eftir þessi 5 ár, er menn hættu að leigja skipin, en færu að eiga þau sjálfir, yrðu skipstjórar innlendir, og yrði þessu þá öðru vísi farið.

Aðdróttun þeirri, að eg sé hér í erindi Englendinga, finn eg enga ástæðu til þess að svara; það er getsök sem á engu er bygð. Eða mundu Íslendingar ekki eins vel gefa sig fram til að kallast eigendur að nafninu til að 1 eða 2 enskum skipum eins og leigjendur?

Þórður J. Thoroddsen: Mótmæli háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) voru gerð meir af vilja en mætti, enda studdust þau við lítil eða engin rök. Hann talaði fyrst og fremst um, að breyt.till. mundi auka sótthættu í landinu; þetta er misskilningur.

Í breyt.till. er talað um útlend botnvörpuskip, og samkvæmt sóttvarnarfrumv., sem nú er til meðferðar hér á þinginu, gilda alveg sömu ákvæði um þessi skip og önnur útlend skip.

Í öðru lagi sagði þm., að breyt.till. væri fram komin til þess að mönnum yrði hægt með fullri heimild að sækja afla úr botnvörpuskipum; en eg veit ekki betur en að menn hafi þá heimild nú þegar, svo að mér finst óþarfi að tvíleyfa það.

Breyt.till. kom fram af því, að menn í kjördæmi voru vildu reyna, hvort botnvörpuskip gætu ekki borgað sig hér; en okkur hefir aldrei komið til hugar, að gefa Englendingum tök á því, að halda strámannaútgerð út héðan frá landinu.

Að hættara sé við tollsvikum af þessum skipum en öðrum, fæ eg ekki skilið; háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) sló því líka órökstuddu fram, cg færði engar sönnur á mál sitt.

Eg skal svo láta þá von mína í ljós, að breyt.till. fái framgang; eg álít að með henni sé gerð tilraun til þess, að

auka atvinnuvegi vora. Breyting um að leyfa að eins 1 eða 2 skipum botnvörpuveiðar, hefi eg ekkert að athuga við.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. flm. þótti ekki sú reynsla, sem fengin er, nægileg. Mér hefir verið sagt, að auk þeirra 2 tilrauna, sem eg nefndi, hafi enskur maður, Ward, haldið úti tröllurum til þorskveiða, en orðið að hætta vegna stórskaða. Fyrir hinum tilraununum stóðu þeir Vídalín og Breiðfjörð, en báðir stórsköðuðust.

Eg get ekki séð, að nein vissa sé fyrir því, að skipin verði innlend eftir 5 ár; fyrsta skilyrðið fyrir því er þó það, að skipin borgi sig.

Mér þykir háttv. 2. þm. G.-K. (Þ. J. Th.) tala nokkuð snemma um sóttvarnarlögin, sem ekki er einu sinni búið að samþ. hér í þinginu, enda held eg að eftirlitið mundi sumstaðar verða nokkuð lítið, úr því að ekkert á að borga fyrir skoðunina á skipaskjólunum.

Háttv. þm. sagði, að margir í kjördæmi hans óskuðu eftir að mega byrja botnvörpuveiðar, en mér er það engan veginn næg ástæða til þess að gefa breyt.till. atkv. mitt.

Þm. sagði ennfremur, að tollsvik mundi ekki aukast; en það er nú svo einfalt mál, að öllum er ætlandi að skilja það, að því nánari mök sem útlendingum er leyfð við landsmenn, þess meiri hætta stendur af útlendingunum, bæði í þessu efni og öðru.

Eg get heldur ekki skilið, að atvinnuvegir hér á landi aukist mikið við þetta fyrirkomulag, nema ef nokkrir kynnu að fá atvinnu við þvott á fiskinum, og svo þeir, sem yrðu leppar útlendinganna.

Þórður J. Thoroddsen: Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) vill fá að sjá skilríki frá kjósendum okkar fyrir því, að það sé vilji kjósenda vorra, að vér berum þetta fram. Eg verð að segja það, að hann er glöggari á flísina í síns bróður auga, heldur en bjálkann í sínu eigin. Hvaða frumv. og hvaða uppástungur, sem honum dettur í hug að gera, þá dettur honum ekki í hug að sýna neinar heimildir frá sínum kjósendum, en heimtar það af öðrum.

Þm. kemur með frumv. um manntalsþing inn á þingið, en eg veit ekki til að nein þar að lútandi áskorun fylgdi frá kjósendum hans, sem heimilaði slíkan málsflutning. Hann kemur með styrkbeiðni til Elliðaeyjarvitans, án þess nokkra áskorun að hafa til þess í för með sér; og svona mætti telja margt upp.

Mér fyndist þm. eiga að láta sér nægja, að þykjast vera fjárhaldsmaður Snæfellinga og þeirra ráðamaður, enda get eg fullvissað háttv. þm. um það, að hans yrði aldrei leitað, þó að mikið fé tapaðist á þessu botnvörpufyrirtæki.

Hvað sóttvarnarhættuna snertir, hafði þm. ekki skilið orð mín rétt; orð mín voru miðuð við frumv., sem nú er á leiðinni; eg ímynda mér að orð mín geti staðist, og að frumv., þrátt fyrir orð þm. Snæf., verði að lögum.

Hvað snertir óleyfilega verzlun, þá er hættan víst ekki meiri að þessum skipum en öðrum.

Björn Bjarnarson: Eg ætla mér að greiða atkv. með þessari breyt.till. í von um, að við 3. umr. komi ný breyt.till., er lagfæri þessa í þá átt að undanþágan verði takmörkuð við 1—2 botnvörpuskip, því að eg vil ekki hamla mönnum frá, að gera tilraun um það, hvort botnvörpuveiðar geti borgað sig fyrir landsmenn, en hins vegar vil eg ekki stuðla að því, að þessa undanþágu megi nota sem skálkaskjól, til þess að fara í kringum lögin.

Komi því ekki breyt.till. í þessa átt, sem eg nefndi, þá neyðist eg til að greiða atkv. á móti breyt.till.

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Eg skal að eins geta þess, að það var ekki undarlegt, þó botnvörpuútgerð Breiðfjörðs borgaði sig ekki. Breiðfjörð hafði seglskip til veiðanna, en gufuskip eru hér miklu hentugri. Seglskipin eiga örðugra með að komast á fiskimiðin vegna logns, sem oft er hér á sumrum. Þessi ástæða veitir því enga sönnun fyrir því, að veiði með botnvörpum borgi sig ekki.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg fekk viðaukatill. svo seint, að eg hefi ekki getað athugað hana svo sem skyldi, en fljótt á litið finnast mér ákvæðin ekki vera nægilega ljós né takmörkuð, svo að ekki sé hægt að hafa leppa við útgerðina. Ef þetta væri lagfært, þá er eg með breyt.till. Eg álít það ekkert óhyggilegt eða óheiðarlegt, þótt vér viljum gera oss peninga úr þessum atvinnuvegi, eða þótt vér reynum að bægja útlendingum frá honum.

Tilraunir Wards, Vídalíns og Garðarsfélagsins er engin sönnun fyrir því, að botnvörpuveiðar geti ekki borgað sig.

Breyt.till. mundi batna mikið, ef hert verður á ákvæðunum, svo að menn geti ekki gerst skálkaskjól eða útlendir leppar. Ef menn vilja takmarka tölu skipanna, þá mætti láta landsh. gefa leyfisbréf til að taka skipin á leigu og setja víst takmark fyrir tölunni. Þá gæti hann neitað að gefa leyfið öðrum en þeim mönnum, er væri áreiðanlegir, og ekki gæti álitist að mundu verða leppar útlendinga. Það er ekki ómögulegt, að tilraunin yrði einkis verð, ef binda á skipatöluna við 2—3 skip, því að slíkur atvinnuvegur borgar sig ekki í litlum stíl; en ef skipin yrðu 10—20, eru meiri líkur fyrir, að útvegurinn gæti gengið vel.

Ef breytingar lútandi að þessu yrðu gerðar, þá er eg málinu samþ.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. samþ. með 20 atkv.

2. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

3. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

4. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

Viðaukatill. á þgskj. 130 feld með 15 : 8 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr., 16. ágúst (þgskj. 94, 155).

Flutnm. (Björn Kristjánsson): Við flutningsmenn höfum leyft oss að koma með eina brt. enn á ný, sem við þó áður höfum borið undir ýmsa h. þm. og hafa þeir tjáð sig henni velviljaða. Hún er í öðru formi nú en um var talað við síðustu umræðu. Með þessari gr. er landsh. veitt undanþágu til þess að leyfa 1—2 skipum, sem innlent félag hefir leigt, að flytja afla sinn á land án þess að þurfa að borga nokkur skipsafgjöld. Breytingin var því ekki í öðru fólgin en því, að innlendum mönnum er jafnt heimilað að flytja afla sinn á land, en þó ekki nema í 4 ár, ef þeir leigja skip til botnvörpuveiða, eins og þeir ættu þau sjálfir. Heimildin til þess að leyfa þetta er gefin landshöfðingja og ræður hann hverjum leyfa skal. Eins og eg tók fram við 2. umr., þá finst mér þetta vera rétt, og það miðar að því að gera fátækum mönnum mögulegt að eiga ekki of mikið á hættu með því að gera þessa tilraun. Eg vona því að hin h. deild fallist á þetta og eins að innlendum mönnum einum sé veitt þessi heimild, eins og tekið er fram í lögunum 6. apríl 1898, því að þegar þessi heimild er að eins veitt innlendum mönnum, þá er þetta ekki ósanngjarnt, heldur

hlýtur það miklu fremur að vera sanngjarnt, að þeir séu jafnt settir og aðrir innlendir útgerðarmenn, og séu því frjálsir við útgjöld þau, sem tillagan nefnir, eins og aðrir, sem gera út skip hér. Þess ber líka að gæta, að hvert slíkt skip mundi sækja að landi 2. til 3. hvern dag og yrði þá að gjalda af skipinu annan hvern dag, og sjá allir hve ósanngjarnt slíkt væri. Eins og eg benti á við 2. umr., þá er ekki lítill vinnukraftur, sem sparaðist við þetta, og varan yrði þar að auki eins góð og af fiskiskipum vanalegum. Ef maður gerir að botnvörpuskip kosti 100,000 kr., þá samsvarar það verði 10 »kúttara«, en á þeim 10 kútturum þurfa að vera alls um 200 manns, þar sem botnvörpuskipið kemst af með 14—15 menn. Hér er því æðimikill sparnaður á vinnukrafti, og það ætti því sízt að vera landbúnaðinum til hnekkis, þegar litið er til þessa atriðis. Breytingartillaga sú (á þgskj. 162), er fram hefir komið, er þannig löguð, að hún miðar beinlínis til þess að eyðileggja viðaukagrein mína, vegna þess, að með henni er þeim skipunum gert að skyldu að borga afgjöld þau, sem áður eru nefnd, eins og útlendum skipum, og er þetta því beint til þess að hnekkja tilraunínni, svo að hún geti ekki orðið að notum. Þetta er ósanngjarnt og mundi því enginn nota þessa heimild. Það er líka eftirtektavert í þessari brt., að innanríkismönnum eða félagi er veitt þessi heimild að nota þessi 1—2 skip, með öðrum orðum: öllu ríkinu er heimilað, að leigja 1—2 skip til þess að reka botnvörpuveiðar við Ísland. Það hefði að líkindum virzt nægilegt, að veita þessa heimild að eins íslenzkum mönnum eða félagi, eins og við förum fram á. Það er því leiðinlegra að fara að heimila þetta nú, þar sem hægri manna stjórnin, sem að völdum sat 1898, heimilaði það ekki, eða veitti að eins innlendum mönnum leyfi til að reka hér slíkar veiðar. Ef því þessi till. væri samþ. nú, þá væri það yfirlýsing þingsins um, að hægrimanna stjórnin 1898 hefði farið of langt eftir kröfum Íslands þá. Þar sem nú hér er ekki nema um 1—2 skip að ræða, þá væri sannarlega ekki ástæða til að láta Dani fá hlutdeild í því líka að nota þau, og með því gefa eftir þann sérrétt, sem vér þegar höfum fengið. Eg vona að þeir h. þm. hér í deildinni, sem telja sig framfaramenn, vilji ekki svifta oss þeim rétti, sem vér þegar höfum fengið með lögunum 6. apríl 1898. Þeim væri nær að þokast heldur í áttina til þess að rýmka hann. Eg vil því óska að breyttill. á þgskj. 162 sé feld af ofannefndum ástæðum; því eg er viss um það, að þetta leyfi yrði ekki notað, ef þessi brt. kemst að; en eg skil ekki að okkar tillaga geti hindrað, að það frumv. nái samþykki stjórnarinnar, því það er ólíklegt, að vinstrimanna stjórn neiti að samþ. sömu ákvæðin og hægrimanna stjórn gerði 1898. Eg get heldur ekki skilið, að landshöfðingi fari að mæla á móti frumv., úr því hann lagði til að lögin 1898 um þetta efni væri staðfest. Það væri vantraustsyfirlýsing bæði við landshöfðingja og stjórnina, að gera ráð fyrir synjun laganna, þó þessari grein væri bætt við.

L. H. Bjarnason: Eins og eg tók fram við síðustu umræðu þessa máls, þá fór brt. sú, er þá féll, fram á tvenns konar breyting á gildandi lögum um þetta efni, en svo virðist sem h. þm. G-K. (Bj. Kr.) þekki ekki önnur lög hér að lútandi en lögin frá 6. apríl 1898. Brt. sú, sem nú er fram komin (á þgskj. 155), á að vera útvíkkun á lögunum 6. apríl 1898, en er um leið gagngerð breyting á tilsk. 12. febr.

1872. Breyttill. á þgskj. 162 á að lagfæra þetta. Það er því röng tilgáta, að hún sé borin fram til þess að spilla fyrir málinu; hún er miklu fremur fram komin til þess að greiða fyrir því, en hin till. gæti orðið málinu til falls. Mín brt. (162) gerir að vísu ofurlitla breytingu á lögunum 12. febr. 872, 2. gr., þar sem svo er fyrir mælt að utanríkisfiskiskip megi ekki flytja afla sinn á land, en hún gerir báðum, Íslendingum og Dönum, jafnhátt undir höfði. Það er mjög ólíklegt, að ríkisvaldið færi að leyfa þá breyting á tilskipuninni, að Íslendingum veittist einum heimild til þess að leigja utanríkisfiskiskip. Það er löggjafarvald ríkisins, sem búið hefir tilskipunina til, en ekki alþingi.

Sömuleiðis mundi það vera réttara, að fela ráðherra Íslands að veita þessa heimild, því að danska stjórnin álítur þetta eflaust sameiginlegt mál og því líklegt að ríkisvaldið muni vilja eiga atkvæðisrétt um það.

Eg kann ekki við að utanríkisbotnvörpuskipum sé gert hærra undir höfði en utanríkiskaupskipum og þorskveiðaskipum, og því óþarfi að létta af þeim venjulegum skipagjöldum. Það væri að fara bezt með þá, sem verst eiga skilið af oss.

Eg skal að vísu játa það, að seinni brt. þeirra er miklu meinlausari, því að þar er landshöfðingja veitt heimild til að veita þetta leyfi eða neita því, en einkum þó vegna þess, hve skipa talan er lág, þar sem þau eiga ekki að vera nema 1—2; en eg verð þó að vera móti henni, enda þykist eg í henni sjá á asnaeyrun, þess asna — landhelgissölufrumvarpinu — sem verið er að leiða hér inn á þingið í 3. sinn.

Annars lít eg svo á, að það væri æskilegt, að heyra álit hæstv. landsh. í þessu efni. Eg vil ekki tefla þeim góðu ákvæðum, sem frumv. þetta inniheldur, í tvísýnu fyrir jafn-ómerkilega viðaukatillögu og þessa.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg fæ ekki séð, að brt. h. 1. þm. G-K (B. K.) komi að nokkuru leyti í bága við almenn ákvæði um fiskiveiðar.

Lögin frá 6. apríl 1898 eru sérstök lög um botnvörpuveiðar, alveg sérstakleg í röð þessara lagaboða, svo að þessi breyting á þeim, sem hér er farið fram á, snertir ekkert almenn ákvæði.

Þessi lög heimila innlendum o: íslenzkum skipum sérréttindi. Nú er farið fram á, að þessi sérréttindi gildi einnig fyrir skip, er innlendir menn taka á leigu, og séu því, eins og í lögunum stendur, bundin sérstaklega við Íslendinga, en brt. h. þm. Snæf. (L.B.) fer fram á, að þessi sérréttindi skuli veitt öllum þegnum Danakonungs, og séu því ekki sérstök íslenzk réttindi framar. Fyrir þessum 2 brt. liggja því ólík princip til grundvallar.

Með lögunum frá 6. apríl 1898 eru sérstök forréttindi látin fylgja búsetunni hér í landinu; þessi forréttindi eru að fullu viðurkend af dönsku stjórninni, sem hefir veitt þessum lögum staðfesting og veit hvað þau fara fram á. (*Lárus Bjarnason*: þekkir þm. ekki tilskipunina frá 1872?) Jú, en hún kemur ekki hér við. Því hefir oft verið haldið fram, að til væru sérstök landsréttindi Íslendinga, og þau ættu með engu móti að gerast að almennum ríkisréttindum. Um þetta hafa ávalt orðið deilur milli alþingis annars vegar og Dana hins vegar, og á því hafa mörg mál strandað; eg skal benda á t. d. baráttuna um búsetu fastakaupmanna.

Mér er óskiljanlegt, hvernig h. þm. Snæf. (L. B.) ætlar að verja það gagnvart þjóðinni, að koma fram með till.

um að afsala þeim réttindum, sem þjóðin hefir getað kreist úr höndum Dana. Eg álít það mjög varhugavert, að þurka út takmörkin á milli íslenzkra landsréttinda og dansks alríkisréttar. Það er þeim mun vítaverðara, sem Danir sjálfir eru farnir að viðurkenna réttindi vor. Eg álít það stórskaða, ef slíkar tillögur færu að berast inn á þingið.

Eg efast ekki um að h. þm. Snæf. hafi verið ljóst, hvaða principbreytingu hann fer fram á með tillögu sinni. Eg veit að öllum lögfræðingum hlýtur að vera þetta ljóst, og þm., sem er lögfróður maður sjálfur, vill að eins ekki kannast við þetta.

En það er önnur hlið á þessu máli, sem eg skal benda á. Þessir tillaga sýnir þá skoðun þm. Snæf., að vér eigum ekki að vera að halda í sérréttindi vor, heldur praktiskt ganga inn á að innlima okkur ríkinu. Hann var í fyrra flutningsmaður að frumv. í stjórnarskrármálinu, því fyrsta sem farið hefir fram á, að viðurkenna þetta (10-menningafrv.), eins og eg benti þá á. — Þessi tillaga og framkoma h. þm. í þessu máli kastar ljósi yfir framkomu hans í stjórnarskrármálinu á síðasta þingi. Þá framkomu gátu þeir, sem ekki samþ. frv., þá afsakað sem afleiðing vanþekkingar og hugsunarleysis; en nú verð eg að álíta, að alt það hafi verið unnið með opnum augum og yfirlögðu ráði og hug.

Jón Magnússon: Eg er samdóma h. þm. V-Sk. (G. G.) um það, að ekki eigi að láta þessa undanþágu, sem hér er talað um, ná til allra þegna hins danska ríkis, þótt eg reyndar telji þetta atriði eigi eins þýðingarmikið og hann. Lögin frá 6. apríl 1898 takmarka sjálfa undanþáguna við innlend skip. Eg álít því ekki rétt að samþ. brt. h. þm. Snæf. og h. 1. þm. N.-Múl. En hins vegar get eg heldur ekki gefið aðalbrt. atkvæði mitt, að minsta kosti ekki að því er snertir seinni hluta hennar. Eg get nefnilega ekki orðið því samþ., að þessi skip verði undanþegin almennum skipagjöldum, og sérstaklega tel eg rangt að undanþiggja þau hafnargjöldum, þar sem löggjafarvaldið hefir heimilað kaupstöðum að leggja hafnargjald á skip, og verður slík heimild ekki takmörkuð eftir á eftir geðþótta. Eg þykist þess og fullviss, að frumv. með þessari breytingu mundi varla verða samþ. af Ed.

L. H. Bjarnason: Eg skal strax lýsa því yfir, að h. þm. V-Sk. (G. G.) minnir mig of mikið á eina vissa persónu í Faust, til þess að eg geti tekið hann eða orð hans alvarleg. Hann kemur hér sem oftar fram eins og trúður, sem leikur listir sínar fyrir fólkinu.

Háttv. þm. varaðist að drepa á þær breytingar, sem yrðu á tilskipuninni frá 1872, ef þingið samþ. þessa brt. h. þm. G.-K. (B. Kr.).

Það virðist annars svo sem sómi þingsins vaki ekki ávalt fyrir h. þm. V-Sk. Það er eins og honum standi á sama, hvort þingið gerir rétt eða rangt; stjórnin sé ekki ofgóð til þess að leiðrétta gerðir vorar, séu þær vitlausar; vér séum skóladrengirnir og hún kennarinn, sem leiðréttir stílana; en mér er annara um sóma þingsins en svo. Það er fjónska að tala hér um afsal landsréttinda, af þeirri einföldu ástæðu, að hvorki Danir eða Íslendingar hafa leyfi til að nota utanríkisfiskiskip. Tilsk. 1872 fyrirbýður það; en þm. þekkir hana nú kannske ekki. Þó Dönum væri nú veittur sami leiguréttur og brt. h. þm. G-K. (B. Kr.) vill veita Íslendingum einum, væri um ekkert afsal að ræða, heldur bara um jafnrétti.

Annars er það töluvert hlægilegt, að heyra annan eins mann og h. þm.V-Sk. (G. G.) leika föðurlandsvininn og óskapast út af »afsali landsréttinda«, mann, sem barist hefir móti búsetu stjórnarinnar, móti bankanum og flytur nú í annað sinn frumv. um að selja landhelgina.

Flutnm. (Björn Kristjánsson: Eg er þakklátur h. þm. Vestm. (J. .M) fyrir orð hans um brt. okkar. Hann taldi seinni hluta hennar varhugaverðan, en eg er ekki andstæður því, að brt. verði borin upp í tvennu lagi.

Hvað snertir það, að hafnarsjóðirnir biði tap af þessu fyrirkomulagi, þá finst mér það eigi geta munað miklu, þótt þessi 1 eða 2 skip fengju undanþágu á hafnargjaldinu; það mundi hvort sem er ekki draga hafnarsjóð mikið, þó þessi skip kæmu svo sem tvisvar á hafnir, þar sem hafnargjald á annað borð er til. Þau munduhalda sér meir að þeim höfnum, þar sem ekkert hafnargjald er, ef þau ekki væri undanþegin því. Mér finst þess vegna engin ástæða til þess, að fella þetta ákvæði úr brt.

Forseti: Eftir 23. gr. þingskapanna er það skoðað sem breyt till. að fara fram á að skifta atkvæð. um lagagrein, en það er viðaukatill. einmitt. En þar sem slíkar breytingartill. eiga að vera prentaðar, og þeim útbýtt jafnvel daginn áður, þá getur ekki komið til máls að skifta atkvgr. eftir munnlegri uppástungu, framkominni á fundi.

Ólafur F. Davíðsson: Eg er annar flutnm. að breyt.till. á þgskj. 162; tilgangurinn með breyt.till. var alls ekki að skaða málið, því eg álít að hér sé farið fram á svo litla tvilnun, að ekki sé ástæða til að vera á móti henni, heldur einmitt sá, að því á þennan hátt væri betur borgið. Eg vissi að lögfræðingar hér á þinginu álitu ólíklegt, að slík till. fengi staðfesting, því að stjórnin mundi líta svo á málið, að ef þessi heimild veitist Íslendingum, þá ættu Danir að njóta sama réttar.

Síðari málsliðunum á þskj. 155 get eg ekki gefið atkv. mitt. Það væri undarlegt að veita þessum skipum, sem oss eru hvimleiðust, undanþágu frá almennum skipagjöldum. Það væri þá vissulega eins mikil eða meiri ástæða til að veita öðrum útlendum skipum, sem innlendir menn taka á leigu, t. d. vöruflutningsskipum, þessa undanþágu.

Eg get heldur ekki hugsað mér, að það geti staðið fyrirtækinu fyrir þrifum, þótt botnvörpuskipin yrðu að borga hafnargjald, þegar þau koma til lands, eins og háttv. flutnm sagði; í fyrsta lagi eru gjöldin ekki svo ýkjastór, og í öðru lagi skildi eg flutningsmanninn svo, að ætlast væri til, að skipin væru notuð til þorskveiða, og að salta ætti veiðina í skipinu, eins og önnur fiskiskip gera, enda er auðsætt, að með því einu móti er auðið að gera hann að góðri vöru. En þá virðist mér auðsætt, að þau muni ekki þurfa að koma svo oft á hafnir, að gjöldin gætu numið nokkru verulegu.

Bj rn Kristjánsson: Eg skal leyfa mér að stinga upp á, að málið verði tekið út að dagskrá, svo koma megi að frekari breytingu til samkomulags.

ATKVGR. Sþ. m. 16 atkv., að taka málið út af dagskrá.

F r a m h a l d 3. umr., 19. ág., (þskj. 94, 155, 162, 169).

Þórður J. Thoroddsen: Ásamt háttv. samþingismanni mínum hef eg hér komið fram með litilfjörlega brtill. (á þskj. 169). Hún er gerð eftir bendingu frá háttv. þm. Vestm. við 1. umr. þessa máls, og er inrifalin í, að erlend

botnvörpuskip, er innlendir menn hafa á leigu, skuli undanþegin öllum skipaafgjöldum, nema hafnargjaldi.

Eg vona að hin háttv. deild taki vel í þetta og taki brtill. til greina.

Lárus H. Bjarnason: Eg stend eigi upp til annars en að beina einni eða tveimur fyrirspurnum að hæsv. lh. Að eins vil eg leyfa mér að hafa ofurlítinn inngang að spurningum þessum.

Eins og sjá má af stjórnarfrv. á þskj. 94, er þar farið fram á töluverðar umbætur á botnvörpulöggjöfinni.

Í fyrsta lagi er alt liðsinni við botnvörpunga, er þeir reka veiði í landhelgi, stranglega bannað.

Í öðru lagi varðar dvöl innlendra manna á útlendum botnvörpuskipum, er gera sig seka í fiskiveiðum í landhelgi, sömu hegningu.

Í þriðja lagi er hert á hegningarákvæðunum fyrir þá skipstjóra, er gera sig seka í ítrekuðu eða freku broti gegn 1. gr. laga 6. apríl 1898, og legg eg mikla áherzlu á þetta ákvæði.

Til þess að háttv. deildarmenn sjái, að eg segi þetta ekki út í bláinn, skal eg með leyfi háttv. forseta lesa upp nokkrar línur úr »Fiskeri-Beretning for Finansaaret 1898—'99 (*Sig. Stefánsson*: Við skiljum ekki dönsku!) Og snúa þeim á íslenzku um leið, svo háttv. 2. þm. Ísf. (Sig. St.) geti skilið þær:

»Fyrir hér um bil 6 árum var enskt botnvörpuskip, er danskur skipstjóri stýrði, tekið við strendur Þýzkalands og kært fyrir veiðar í landhelgi; var farið með það til Bremerhafen og svift öllum veiðarfærum; skipstjóri var settur í fangelsi, en stýrimaður hélt skipinu heim aftur til Englands. Þegar skipstjóri hafði setið einn mánuð í gæzlufangelsi, var hann dæmdur í þriggja mánaða fangelsisvist við almennan fangakost. Síðan hefir ekki orðið vart við ensk botnvörpuskip innan landhelgi við strendur Þýzkalands«.

Það eru sérstaklega orðin í niðurlagi þessa kafla, er eg vil vekja athygli á. Botnvörpungar mundu eflaust hér sem þar kinnoka sér við að veiða í landhelgi, ef skipstjórar þeirra ættu á hættu að fá fangelsisvist fyrir. Og í 4. gr. frv. er einmitt búið til sérlega áhrifamikið meðal gegn þessum meinvættum. Það væri að tefla þessu góða ákvæði í tvísýnu, ef brt. á þskj. 169 væri tekin upp, og því vil eg eindregið ráða hinni háttv. deild frá að samþ. hana. Eg spái því sem sé, að það mundi verða lögunum að falli, ef viðaukatill. yrði samþ. Eg spái, að það færi á sömu leið eins og frumv. fór í fyrra vegna viðaukatill. háttv. þm. V.-Sk.

Vildi eg svo biðja hæstv. landsh., að segja álit sitt um það, hvort brtill. mín og háttv. 1. þm. N.-Múl. (Ó. F. D.) á þskj. 162 sé ekki aðgengilegri fyrir stjórnina en brt. á þskj. 169, eða hvort hann álíti ekki frumv. teflt í hættu með þessari viðaukatill.

Í *mínum* augum hefir þetta ákvæði meiri þýðingu en svo, að tilvinnandi sé að tefla því í tvísýnu fyrir spá eina um það, að einhver verði það flón, að ráðast í þetta óálitlega botnvörpubrask. Því til gróða mundi það naumast verða.

Ward og Vídalín töpuðu stórfé á sínum botnvörputilraunum, og harla lítið mun Breiðfjörð hafa grætt á þeim. Til sönnunar því, hvað hagsmunavonin af slíku fyrirtæki er lítil, skal eg leyfa mér að lesa enn upp nokkur orð úr áðurnefndri skýrslu, sem er dagsett í Hull 20. febr. 1900:

»Botnvörpuskipum, er sigla undir dönsku og íslenzku flaggi, fer heldur fjölgandi; nú sem stendur eru þau 12 að tölu; að vísu hafa þau ekki beinlínis borgað sig hingað til, en orsökin ti

þess er sú, að slík fyrirtæki bera sig sjaldan nema því að eins að þau séu rekin í stórum stíl; að einstök skip borgi sig, er mjög hæpið«.

Landshöfðingi: Eftir áskorun h. þm. Snæf. (L. H. B.) vil eg gera grein fyrir minni skoðun á þessu máli, þó að eg álíti, að mín persónulega skoðun hafi ekki sérlega mikið að þýða í þessu efni. En eg vil taka það upp, sem sami háttv. þm. sagði við 2. umr. þessa máls, að eftir tilskipun 2. febr. 1872 er það lagt jafnt á borð hvað við annað, að útlend fiskiskip fiski í landhelgi og að þau flytji afla sinn á land.

Stjórninni er illa við það hvorttveggja, þar sem um útlend skip er að ræða, og er það mjög á móti skapi, að leyfa þeim slíkt. Eg man það, að fyrir nokkrum árum var farið fram á það, að mega fá leigð norsk skip, til þess að stunda fiskiveiðar á þeim í landhelgi. Stjórnin var þessu mótfallin, og gat því ekki gengið inn á þetta.

Báðar till. á þskj. 155 og 162 fara fram á það, að leyfa útlendum botnvörpuskipum að leggja afla sinn á land. En eg álít að það geri skipin ekki innlend, þó að það séu innlendir menn, sem taka þau á leigu; skipin eru eftir sem áður utanríkisskip. Þetta leyfi, sem þessar viðaukatill. fara fram á að veita, koma því algerlega í bága við lögin frá 12. febr. 1872, hvort sem skipin eru leigð af innlendum mönnum eða ekki. Eg hef því miður ekki vitneskju um, hvernig núverandi stjórn lítur á málið; en það veit eg, að fyrverandi stjórn hefði aldrei fallist á það, að útlendum skipum væri leyft að flytja afla sinn á land. Eg ímynda mér, að þótt núverandi stjórn hafi ólíka skoðun og hin á ýmsum málum, þá muni hún hafa sömu skoðun á þessu máli, að því er snertir notkun fiskiveiða í landhelgi og flutning á afla í land af utanríkisskipum. Eg er því á því, að hver sú breyting, sem fer í þá átt að gefa utanríkisskipum slíkt leyfi, geti orðið þessu frv. til falls hjá stjórninni, svo að það nái ekki staðfestingu.

Eg fyrir mitt leyti mun álíta mér skylt, að benda stjórninni á hið ísjárverða í því, að leyfa utanríkisskipum að leggja afla sinn hér á land, og ráða henni frá að staðfesta frv.; en eins og eg hef tekið fram, þá get eg ekki með vissu sagt, hvernig núverandi stjórn lítur á þetta atriði.

Eg vil því ráða þessari háttv. deild til þess, ef hún er hlynt þessu frv., að öðru leyti, að samþ. það eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed., og stofna frv. ekki í neina hættu með brt., er fara í þessa átt, sem eg álít líka að yrði ekki neinum manni að neinu liði.

Lárus H. Bjarnason: Eg tek aftur brt. á þskj. 162.

ATKVGR.: Brt. á þskj. 169 feld m. 12:8 atkv.

Viðaukatill. á þgskj. 155 feld með 13:4 atkv.

Frv. á þskj. 94 eins og það lá fyrir sþ. með 22 samhlj. atkv., og afgreidd til lh. sem *lög frá alþingi.*

Botnvörpubanns-undanþága.

FRUMVARP til laga um heimild til að veita undanþágur frá lögum um bann gegn botnvörpuveiðum nr. 8., 6. apríl 1898 (þgskj. 52); 1. umr., 7. ágúst.

Flutningsm. (Guðlaugur Guðmundsson): Eins og hinni háttv. þingdeild er kunnugt, er þetta frumv. ekki nýr gestur hér í deildinni. — Það var fyrir þessari deild í fyrra frumv., sem fór í sömu átt og þetta, og þótt

það væri ekki orðað alveg eins og þetta, þá var það þó svo svipað þessu frumv., sem nú liggur fyrir, að það er óhætt að segja, að sömu ástæður mæli með og hinar sömu móti báðum frumvörpunum.

Frumv. frá í fyrra var þá svo ítarlega rætt hér á þinginu, bæði hér í deildinni og á nefndarfundum, að eg álít það að bera í bakkafullan lækinn, að halda langa ræðu um þetta mál. — Þeir sem vilja kynna sér ástæðurnar bæði með og móti geta séð þær í B-deild Alþ.tíð. 1901; þar held eg sé tekið fram flest það, sem hægt er að segja um þetta mál.

Menn eru á móti þessu frumv. vegna þess, að sumir halda, að veiðarfæri það, sem hér er farið fram á að leyft sé að brúka, »trawlið«, trufli fiskigöngur með fram ströndum landsins. — Þessi trú manna byggist á því, að sumir halda því fram, að fiskurinn, þegar hann kemur að landinu, þá komi hann fyrst upp að Horni og haldi svo þaðan vestur með landinu.

Aftur á móti eru margir, sem álíta þessa trú einberan hégóma.

Væri nú þessi trú rétt, að fiskurinn kæmi fyrst á grunn við vissan stað á landinu, og ferðaðist þaðan fram með landi, þá væri mótspyrnan á móti þessu frumv. ekki alveg úr lausu lofti gripin, þótt margir fullyrði það, að göngur truflist alls ekki af þessari veiði. — En nú er það fyrst og fremst harla ólíklegt, að fiskurinn þegar hann kemur að landinu hnitmiði sig endilega á Horn og ferðist þaðan vestur á til dæmis Faxaflóa, og í öðru lagi get eg borið fyrir mig álit Bjarna Sæmundssonar, fiskifróðs manns, sem álítur, að þessu sé ekki þannig varið, heldur komi fiskurinn úr djúpi beint á grunn hér og hvar við landið; og það er margt, sem bendir í þá átt, að þessi skoðun hans sé rétt. — Eg skal að eins nefna eitt dæmi frá því í vor. Eins og allir vita, þá hefir í þrjú ár verið bezta fiskirí í Vestmanneyjum, sem menn muna, en eg veit ekki hvar veiðin ætti að spillast, ef ekki einmitt þar, ef sú skoðun væri rétt, að fiskurinn kæmi upp að Horni og trawlararnir, sem þessi ár hafa í tuga- og hundraðatali stundað ólöglega veiði fyrir utan Skaftafellssýslurnar, trufluðu fiskigöngurnar vestur með landinu.

Ef þetta frumv. yrði samþykt og staðfest, þá hefði það í för með sér, að mikið af þeim auð, sem nú lendir í höndum útlendra ránsmanna, lenti hjá oss sjálfum, og ef það reyndist nú svo, að botnvörpuveiðarnar væru ekki eins voðalegar eins og sumir halda fram, þá yrðu þetta stórkostleg hlunnindi fyrir landið. — Þetta yrði til þess, að landið fengi í sína þjónustu útlent kapital, og framleiðslan ykist; en alt þetta var ljóst tekið fram í fyrra, og eg vil ekki vera að rekja upp mínar eigin ræður um málið þá, en læt mér nægja það, að vísa til umræðunnar og nefndarálitsins frá í fyrra, því þar er bent á það, hvað slíkt hefði í för með sér.

Áður en eg lýk máli mínu, þá skal eg geta þess, að upp í þetta frumv. hafa verið teknar allar þær breyt.till., sem nefndin, sem sett var í fyrra, stakk upp á. — I einu atriðinu hefir jafnvel verið gengið lengra, því hér er tíminn, sem farið er fram á, að leyfið sé veitt, að eins 10 ár, en nefndin stakk upp á 20 árum. — Yrði þetta frumv. að lögum, þá veit eg fyrir víst, að það gæti víða orðið til gagns; að minsta kosti yrði tjónið ekki svo mikið, að það mundi vega upp á móti gagninu, og hér er ekkert að óttast, því það er ekki farið fram á það, að veita þessa heimild um aldur og æfi, heldur að eins 10 ár. —

Eg býst við umræðum um málið og jafnvel nefnd, og skal eg ekki hafa á móti því; ef til vill finnur nefndin einhvern meðalveg, sem allir geta orðið ásáttir um.

Mér þykir lítið undir því koma, hvort þetta verður að lögum í ár eða að ári, jafnvel þó hvert árið sé dýrmætt.

Lárus H. Bjarnason: Eg hefi nú, sem í fyrra, talsvert við þetta frumv. að athuga, og eru þær athugasemdir mínar hinar sömu og þá, enda líka frumv. að mestu leyti hið sama.

Í fyrsta lagi dreg eg það í efa, að þingið sé bært um, að ráða þessu máli til lykta. — Eg fyrir mitt leyti álít, að landhelgismálið sé ekki sérstakt mál, heldur sameiginlegt, því að landhelgin í kringum Ísland er sameiginleg eign Dana og Íslendinga, og eg skal leyfa mér að skjóta því til hæstv. landsh., hvort sú skoðun mín sé ekki á rökum bygð.

Í öðru lagi skal eg geta þess, að eg er enn á þeirri skoðun, að það sé mjög íhugavert, að veita slíka undanþágu. — Það var borið fram hér í deildinni í fyrra og því ekki mótmælt þá, að þessi botnvörpuveiðiaðferð spilti fiskiveiðum ekki að eins á þeim bletti, þar sem trawlað er, heldur og einnig annarsstaðar.

Það má ganga að því vísu, að það yrði fyrst fyrir Skaftafellssýslunum, að þessi heimildarlög yrðu notuð, en það er líka þar, sem fiskurinn kemur fyrst að landinu; að minsta kosti er það einróma álit sjómanna. — Í fyrra lá hér fyrir í þinginu yfirlýsing frá 24 formönnum, sem gekk í þá átt. — Það er margra ára reynsla bæði útlendra og innlendra sjómanna, að fiskurinn kemur fyrst upp að landinu við Ingólfshöfða. — Þar byrja bæði Englendingar og Frakkar fyrst að fiska á veturna. — Fiskurinn færir sig svo smátt og smátt norður með landinu, og skipin elta gönguna. — Ef þessi heimild til botnvörpuveiða í landhelgi yrði samþykt af þinginu, þá mundi það spilla ekki einungis fyrir hinum lokölu fiskiveiðum, heldur og fyrir öllum fiskiveiðum landsmanna sunnanlands og vestan. — Það mundi einnig baka landsmönnum óþægindi á ýmsan annan hátt. — Landsins eigin börn fengi ekki að hafa net sín og lóðir í friði.

Háttv. flutningsm. (Guðl. G.) hefir enn þá ekki fært sönnur á, að þessi veiðiaðferð sé hættulaus, en á meðan hann ekki hefir gert það, þá get eg ekki lánað frumv. þessu atkvæði mitt. Því á honum hvílir sönnunarskyldan. — Hann fer fram á breytingu á gildandi lögum og á því að sanna, að sú breyting sé hættulaus.

Eg veit heldur ekki til þess, að neinn hafi enn sem komið er beðið um þetta leyfi, að minsta kosti hefir h. flutn.m. (Guðl. G.) eigi gefið neinar upplýsingar í þá átt. — Og ekki hafa Skaftfellingar heldur hreyft málinu í ár, að dæma eftir þingmálafundar-gerðunum þaðan. — Mér finst það óviðkunnanleg aðferð, að hafa sjálfan sig á boðstólum.

Eg er heldur ekki í neinum efa um það, að þessi fiskiaðferð muni spilla fyrir fiskimarkaði vorum. — Íslenzki fiskurinn hefir gott orð á sér, en tröllarafiskurinn er vond vara, og mundi því spilla fyrir okkar fiski, er hvorttveggja fiskinum væri blandað saman. — Hér við bætist, að varðskipinu væri ómögulegt að vernda það, sem óselt væri af landhelgi vorri, ef frumvarp þetta yrði að lögum og heimild þeirra væri notuð.

Yrði heimildarlögin notuð að nokkrum mun, þá mundi afleiðingin verða sú, að landbúnaðurinn kæmist í enn meira óefni en nú er, og má þó varla lakara vera.

Allir vita, að þilskipa-útgerðin hefir spilt fyrir landbúnaðinum með því, að draga fólk úr sveitunum. — Með auknum skipastól, þá yrði fólkseklan í sveitunum en tilfinnanlegri.

Og ekki get eg gert mikið úr þeim hagnaði, er landið mundi hafa af þessum lögum. — Það er sem sé auðséð á frumvarpinu, á því, hve leyfisbréfið verður dýrt og því, hve gjöldin verða há, að fyrirtækið er að eins ætlað útlendum auðkýfingum. — Íslendingar fengi ekki annað en sleikju fyrir það, að leggja til nafnið og fyrir að leppa það.

Hér við bætist, að farið er fram á gagngerða breytingu á gildandi réttarfarsreglum. Dómsvaldið um það, hvort félagið geri skaða, er tekið frá dómstólunum og fengið umboðsvaldinu, og þar á ofan er ætlast til þess, að umboðsvaldið, landshöfðingi, tiltaki bæturnar, áður en nokkur skaði er skeður.

Háttv. flutningsm. (Guðl. G.) taldi það kost á frumv., að heimildin væri að eins veitt til 10 ára. — Eftir minni meiningu gerir árafjöldinn ekki svo mikið til eða frá. — Hér er um princip að ræða, enda efast eg ekki um, að heimildin mundi verða endurnýjuð, væri hún einu sinni gefin.

Og upp á móti þessum »kost« vegur að minsta kosti það nýmæli í þessu frumvarpi, að nú á að veita öllum sýslunefndum heimild til þess, að selja sig, til þess að selja sjóinn fyrir framan sig, auðsuppsprettu ótal innlendra manna, útlendum ránsmönnum.

Tröllararnir eru í öllum síðuðum löndum taldir verstu óvinir innlendra sjómanna, og vér erum á þessu þingi, að búa til þyngri ábyrgðar-ákvæði á þá, en ræðum þó jafnframt frumvarp, er fer fram á það, að löghelga þessa ránsmenn í landhelgi vorri.

Það er svo undarleg aðferð, að eg get ekki léð henni styrk minn.

Flutningsm. (Guðlaugur Guðmundsson): Það er að eins fátt, sem eg hefi að svara síðasta ræðumanni, h. háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), enda líka er mál þetta talsvert rætt áður.

Viðvíkjandi því, að hann taldi það efasamt, hvort þingið væri bært um, að ráða þessu máli til lykta, þá skal eg taka það fram, að fiskiveiðar eru sérmál Íslands, og koma því dönsku stjórninni ekkert við. — Þetta væri rétt athugað, ef hér væri um það að ræða, að veita útlendingum heimild til þess, að trawla í landhelgi, en það liggur svo fjarri þessu frumvarpi. — Það er ljóst tekið fram í frumv., að heimildin er eingöngu bundin við hérlenda menn og hlutafélög Íslendinga sjálfra.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) tók það sömuleiðis fram, að þessi veiðiaðferð mundi spilla fiskiveiðum alment. — Þó að þessu hafi verið haldið fram, þá að mínu áliti vantar alla vísindalega þekking og reynslu um þetta atriði, svo að ómögulegt er að staðhæfa, að hún sé rétt. — Það hefir reyndar verið bent á það, að meðan Frakkar stunduðu fiskiveiðar hér við land, þá komu þeir ávalt fyrst að Suðurlandinu nálægt Ingólfshöfða, og færðu sig svo vestur og norður með, og það héldu menn að kæmi af því, að fiskigöngunni hagaði þannig til. — Menn stóðu svo fast á þessu, að þeir töldu það víst, að þorskurinn, sem dreginn væri í Ísafjarðardjúpi, væri kominn allar götur sunnan og vestan fyrir land.

En eg skal leyfa mér að benda h. háttv. deild á álit Bjarna Sæmundssonar fiskifræðings um þetta mál, og er það hann, sem manna bezt hefir rannsakað þetta. — Hans álit er það, að fiskurinn

gangi beint af djúpi á grunn, þar sem hann kemur fyrst að landinu.

Á hinn bóginn er það skiljanlegt, að skipin leituðu fyrst fiskjar fyrir sunnan land. Það hefir sínar eðlilegu ástæður, þó þessari skýringu sé slept. Það er öllum kunnugt sem nokkuð þekkja til fiskiveiða og fiskigangna, að fiskurinn leitar þar fyrst landsins, sem hann finnur fyrir hlýju í sjónum, og eftir legu hafstraumanna er það sjálfgefið, að á þessum stöðum hlýnar sjór fyr á vorin en annarsstaðar við landið. Þetta er svo einföld og eðlileg skýring, að öllum, sem vilja athuga það, hlýtur að vera hún ljós. Háttv. þm. Snæf. (L. B.) tók það ennfremur fram, að þessi veiðiaðferð mundi spilla fiskiveiðum íbúanna í héraðinu, og vildi segja að eg með því að flytja frv. þetta vildi meina »landsins eigin börnum« að njóta góðs af fiskiveiðunum kringum landið; en þetta er ekki rétt; hér er einmitt ætlast til að »landsins eigin börn« bæði geti aflað meiri fiskjar og hagnýtt sér réttindi sín betur en áður, að þau geti fengið peninga fyrir það, sem nú er stolið frá þeim án nokkurs endurgjalds. Það er mergurinn málsins. Sú einasta hætta, sem af þessu getur stafað, er að mínu áliti sú, að þar sem veitt er með botnvörpum er ekki hægt að veiða með netum eða lóðum. Aftur á móti eru engin vandkvæði á að veiða með handfærum.

Viðvíkjandi því, að botnvörpufiskur hafi spilt íslenzka fiskimarkaðinum, þá skal eg geta þess, að eg vil ekki neita, að svo kunni að hafa verið; en ástæðan hefir þá verið sú, að fiskurinn hefir verið gefinn út fyrir aðra vöru en hann í raun og veru hefir verið. Hann hefir verið látinn ósortéraður saman við annan fisk, og alt hefir gengið undir sama númerinu. Alveg hið sama hefir átt sér stað með ull og aðrar íslenzkar vörur; vond haustull hefir oft verið látin saman við vorull, og alt svo selt undir sama nafni. Þetta er ekki vörunni að kenna, heldur þeim, sem vörurnar selja og láta þær sigla undir fölsku flaggi.

Eg heyrði, að h. þm. taldi það víst, að eftirlitið með fiskiveiðunum mundi verða erfitt, ef þessi heimildarlög yrðu samþykt. En þetta á eg fyrir mitt leyti ómögulegt með að skilja, eins og eg heldur ekki get skilið hitt, sem h. þm. Snæf. (L. B.) hélt fram, að þetta mundi verða landbúnaðinum til mikils hnekkis. Þvert á móti get eg ímynd að mér, að þetta geti orðið til þess, að mynda nýjan markað og hækka verð á íslenzkum vörum, til þess að greiða fyrir samgöngum og á ýmsan annan hátt orðið til framfara fyrir landið. Hann benti á, að þetta mundi draga vinnukraftinn frá sveitunum, og á þann hátt gera búskapinn dýrari og erfiðari en nú er. En ef slíkt fyrirtæki væri gróðavænlegt fyrir landið alment, ef það yrði til þess að afurðir landbúnaðar hækkuðu í verði, þá leiddi líka þar af, að menn ættu hægra með að borga, þó kaupgjaldið yrði hærra, og erfiðleikarnir á búskap þannig ekki aukast. Auk þess er þetta ekki rétt athugað. Gufuskipin þurfa færra fólk en seglskipin, og þessi útvegur mundi því ekki draga í sig eins margt fólk og seglskipin, en fiska miklu meira. Annars skal eg leyfa mér að benda h. þm. á það, að fólksekla er eigi meiri nú í landinu en var 1897 og 1898, og þó hefir þilskipaútgerðin vaxið um þriðja part á þessum tíma. Reynslan sýnir, að með vaxandi auð fjölgar fólkinu örar en áður.

H. þm. Snæf. (L. B.) áleit, að frv. þetta færi fram á principbreytingar að því leyti, sem skaðabætur væru ákveðnar fyrir fram. En eg skal leyfa mér

að benda þm. á, að hér er um samninga að ræða og ekki farið fram á neitt, sem ekki er rétt eða löglegt. Ef h. þm. kæmi til mín, og spyrði mig, hvort hann mætti hleypa hesti sínum á tún mitt eða engjar, og eg segði við hann að honum væri það heimilt, ef hann vildi borga 1 eða 2 kr. fyrir þann skaða, sem hesturinn kynni að gera, þá er þar um fyrirfram ákveðna upphæð að ræða, sem þm. ekki mun geta álitið stríða móti almennum reglum.

L. H. Bjarnason: Eg get eigi kannast við að h. flutningsm. hafi int af hendi þá sönnunarskyldu, sem á honum hvílir, að hann hafi fært þær sannanir fyrir því, að þessi veiðiaðferð sé ekki skaðleg, sem nauðsynlegt er til þess, að eg geti gefi málinu fylgi mitt. Þetta er fyrir mér aðalástæðan. Annars skal eg geta þess, að eg fæ enn ekki betur séð en að þetta mál beri ekki undir okkur. Það er að vísu svo, að svo er til ætlast í frumv., að eigendur þessa fyrirtækis séu íslenzkir borgarar; en bæði eg og h. flutnm. erum svo kunnugir högum Íslendinga, að okkur er það full-ljóst, að þetta yrði ekki nema nafnið eitt. Það eru eigi margir Íslendingar, sem efni hafa til þess að leggja út í slíkt fyrirtæki. Með útlendu fé yrði það rekið og Íslendingar einungis notaðir sem leppar, enda sé eg ekki betur, en hallað sé á Dani, þar sem búseta hér á landi og jarðeign er sett sem skilyrði fyrir því, að einstakir menn fái leyfið.

Hvað því viðvíkur, að lög þessi mundu verða til þess, að spilla fiskiveiðum alment, þá skal eg játa, að eg hefi persónulega lítla þekkingu á því; en mér virðist það sitja illa á okkur Íslendingum að fara að gefa nýjar reglur um þessar trawlaraveiðar, reglur, sem engin önnur þjóð þekkir. Og eitt er víst: öllum er illa við botnvörpuveiðar í sinni landhelgi. Annars get eg ekki neitað því, að mér þykir h. flutum. fremur lítilþægur í kröfum sínum. Hann játaði, að botnvörpuveiðar eyðilegðu bæði neta- og lóðafiskiveiðar, en sagði, að það mætti fiska á handfæri eins eftir sem áður. Mér finst það nú ekki þakkarvert, þó finna megi einhvern blett kringum strendur Íslands, sem stinga mætti niður handfæri á. Fyr má nú rota en dauðrota. Það er sama að selja útlendingum réttinn til fiskiveiða í landhelgi og bóndinn færi að selja hlaðvarpann hjá sér eða traðirnar.

Eg get vel skilið, að h. flutnm. og sýslubúum hans svíði, að sjá útlendinga sópa upp fiski fyrir framan landsteinana hjá þeim, án nokkurs endurgjalds, en á hinn bóginn vil eg leggja áherzlu á það, að þó þetta sé leitt, má þó ekki ganga svo langt, að samþykkja lög, sem mundu verða að miklu tjóni fyrir mikinn hluta landsins.

Það er líka leitt, að sauðaþjófar skuli leika lausum hala um fjöll vor og afrétti, en þó hefir enn engum dottið í hug að selja þeim fjalllendið eða haga ana til að sópa þá. *(Guðl. Guðm.:* Þorskurinn er ekki markaður).

H. flutnm. gat eigi skilið, að eftirlitið yrði erfiðara fyrir varðskipið, hélt þvert á móti, að þeir sem leyfið fengju, mundu gæta þess, að aðrir eigi brytu lögin; en það skil eg ekki. Það liggur í augum uppi, að það yrði snúningssamara fyrir varðskipið, ef botnvörpuveiði væri leyfð sumum skipum. Varðskipið þyrfti þá að skoða skjöl skipanna og skilríki, áður en það hetti þau. Nú heftir það hvert skip, sem finst í landhelgi. Og enga trú hefi eg á því, að leyfishafendur mundu gæta landhelginnar, eða eiga skip þeirra kannske líka að hafa lögregluvald og fallbyssur?

H. flutnm. vildi ekki kannast við að frumv. þetta færi fram á neinar principbreytingar, enda þótt landshöfðingja sé veitt vald til að ákveða bæturnar, og enda fyrir fram, en það stendur nú samt fast, að dómsvaldið er hjá dómendum, og að engar bætur eru gerðar fyr en eftir að skaðinn er bæði skoðaður og metinn.

Eins var dæmið sem h. flutnm. tók af bóndanum, sem leyfir áning í túni sínu, halt í báða fætur. Bóndinn getur sagt: þú mátt ekki fara í túnið mitt, nema þú borgir mér eftir mati mínu, þann usla, sem klárinn gerir í túninu mínu, en það getur lögregluvaldið ekki sagt við botnvörpunga. Botnvörpungurinn má spilla landhelginni gegn því, að greiða það sem landshöfðingi kynni að til taka, en vitanlega gæti landshöfðingi ekki tiltekið neina risaupphæð, af því að það væri ómögulegt að meta skaðann.

Háttv. flutnm. hélt því fram, að tröllaskipastóllinn mundi opna markað fyrir ísl. landsafurðum; en það skil eg ekki. Veiðendurnir yrðu eðlilega útlendir menn, og þeir tækju eðlilega vistir og aðrar nauðsynjar heiman að.

Það nær heldur engri átt, að fólksekla í sveitum hafi ekki aukist síðan 1897 og 1898. Að minsta kosti fækkar vinnufólki til sveita þar, sem eg þekki.

Ari Brynjólfsson: Eg er samdóma h. flutnm. um, að rétt sé að athuga frumv. þetta vandlega; en annars stóð eg aðallega upp til þess að leita upplýsinga hjá h. flutnm., einkum að því er viðvíkur botnvörpuveiðum annarra landa, og þá Dana sérlagi; mér skilst sem sé, að ef Íslendingum á að veitast þessi undanþága, sem hér ræðir um, þá muni Danir líka mega njóta sömu réttinda. H. flutnm. tók það greinilega fram, að botnvörpuveiðarnar gerðu engan skaða; en annað hefir nú verið álit manna áður, enda reynsla fyrir, að slíkar veiðar séu skaðlegar, og ef Englendingar gera oss skaða með þessari veiðiaðferð, þá hljótum vér Íslendingar að gera það líka, og eg ef það gerir skaða, þá er að meta, hvort betra er, að við spillum fiskiveiðunum fyrir okkur en njótum þess hagnaðar, sem þessi undanþága á að veita. Ef margar sýslunefndir fengju þetta leyfi, þá mundi að mínu áliti vera útséð um, að stjórnin vildi verja fé til þess að kosta dýr herskip til strandgæzlu hjá okkur, til þess að bægja enskum botnvörpungum burt frá fiskimiðum okkar, og þá munu fiskimið vor svo vel setin af botnvörpungum, að fiskibátar okkar þyrftu auðvitað ekki að ómaka sig á sjó til fiskiveiða.

Þetta var aðallega það, sem eg vildi benda h. flutnm. á og leita upplýsinga hjá honum um rétt danskra botnvörpunga í þessu efni.

Sighvatur Árnason: Að eg ekki vil gefa frumv. þessu atkvæði mitt, kemur mest til af því, að eg er einn af þeim mönnum, sem er sannfærður um, að botnvörpuveiðarnar spilla fiskigöngum og fiskiveiðum landsmanna. Hér kemur líka annað atriði til greina, sem sé það, að þó þessar veiðar eigi að vera undir innlendu flaggi, þá mundu þær verða reknar undir fölsku flaggi. Eg veit vel, að hér er um takmarkaðan árafjölda að ræða, að því er þessa fiskiveiðaheimild snertir, sem sé 10 ár, en eg hygg, að þessi 10 ár mundu renna svo út, að Íslendingar hefðu lítið gagn af þessum lögum, móti því sem það mundi spilla bæði fiskiveiðum og fiskigöngum. Þess er líka að gæta, að ef erlendir menn legðu kapp á þetta og fengju landsmenn í

fylgi með sér, þá mundi það verða til þess, að draga enn á ný vinnukraftinn frá landbúnaðinum, og þar sem við höfum daglega reynslu fyrir því, að okkur vantar vinnukraft til landbúnaðarins, þá væri það sorglegt, ef bæta ætti ofan á það böl, með því að narra menn til þess á þenna hátt að efla hag erlendra manna, þar sem þeir kæmu til að fá ýmsa landsmenn fyrir háseta, en hafa alla skipsútgerðina eða mestalla sjálfir undir fölsku flaggi, og fara þannig með mestallan aflann heim til sín.

Það hefir verið minst á, hvernig fiskigöngurnar mundu koma upp að landinu. Eg hefi sjálfur reynslu fyrir mér í því, að þær koma oft austan með landi og fara suður með því. Meðan eg stundaði sjó undir Eyjafjöllum, kom það margoft fyrir, að þegar fréttist úr Mýrdalnum af nýgengnum fiski, að þá var hann kominn að einum eða tveimur dögum liðnum með fram Eyjafjallasandi.

Og stundum var það svo, að þegar menn komu heim að kveldi frá sjó í Holtsvörum við Eyjafjöll, án þess að verða fiskvarir þann dag, að þá kom fregn samstundis um hlaðfiski í Mýrdal og þá var líka hlaðfiski næsta dag í Holtsvörum.

Eins og h. þm. Snæf. (L.B.) tók fram, er eg á þeirri skoðun, að þannig lagaðar fiskiveiðar, sem frumv. fer fram á, mundu helzt verða reknar fyrir Skaftafellssýslunum, og yrði þá hætt við, að fljótt mundi brydda á því fyrir suðurströnd landsins, að þær skemdu fiskiveiðar fyrir Rangársandi, í Vestmannaeyjum, á Eyrarbakka, Þorlákshöfn, Selvogi, Grindavík o. s. frv. Þess vegna álít eg mjög varúðarvert, að gefa út slík heimildarlög, af þeim 2 aðalástæðum, sem eg hefi tekið fram, að það mundi verða til þess að skemma fiskiveiðarnar og draga vinnukraft frá landbóndanum, og gera vinnukraftinn bæði ófáanlegan og of dýran, svo jarðirnar legðust meir og meir í eyði.

Eg skal svo ekki fjölyrða frekara um þetta mál að svo stöddu; en eg þarf að fá skýrari rök og betri ástæður fyrir sýnilegum hagsmunum, er af þannig löguðum heimildarlögum gæti leitt, en eg hingað til hefi fengið, til þess að geta sannfærst um það, að eg ætti að gefa þessu frumv. atkvæði mitt.

Landshöfðingi: Þar sem h. þm. Snæf. (L. B.) vék þeirri spurningu til mín, hvort þetta mál heyrði undir löggjafarvald alþingis, af því að landhelgi mundi vera skoðuð af stjórninni sem alment mál, þá skal eg hér með lýsa því yfir, að eg sé ekkert á móti því, að alþingi samþykki lög um landhelgina; en af því að stjórnin, eins og eg drap á, hefir haldið því fram, að landhelgi sé sameiginleg fyrir alla þegna Danaveldis, þá held eg ekki, að ákvæðin í 1. gr. frumv. um búsetuna á Íslandi geti staðist, þar sem þeir menn, sem búsettir eru í Danmörku, yrðu útilokaðir frá því leyfi, sem hér ræðir um. Eg held þess vegna, að stjórnin geti ekki fallist á frumv. að því leyti sem það fer fram á útilokun á öllum þeim þegnum konungs, sem eru ekki búsettir á Íslandi, frá þessum sameiginlegu afnotum landhelginnar.

Flutningsm. (Guðlaugur Guðmundsson): Eg þarf ekki að svara háttv. þm. Snæf. (L. H. B.); en það gleður mig, að hann getur þó sett sig inn í, að oss þyki hart, að sjá útlenda ránsmenn moka að sér gullinu frá okkur og geta ekkert aðhafst, enda kveðst foringinn á varðskipinu danska ekki geta varið þetta svæði, sem hér er helzt um að ræða. En dæmi hans um

sauðaþjófnaðinn er ekki heppilegt, því sauðurinn er markaður, en það er þorskurinn ekki.

Botnvörpuveiðar gefa mjög mikinn arð í aðra hönd, og eg get ekki verið þeim samdóma, sem vilja ekki að við sjálfir fáum hlutdeild í þeim arði, en láta útlenda ránsmenn njóta hans án nokkurs endurgjalds.

Ef um skaða er að ræða, þá er betri hálfur skaðinn en allur.

Viðvíkjandi gæzlu á botnvörpungum er það að segja, að það fer eins og með innlenda þilskipaflotann og útlenda; ef skipið er fyrir innan landhelgislínuna, þegar varðskipið kemur að, verður það að draga upp flagg, og verður tekið, ef það er í leyfisleysi á þeim stöðvum, en annars ekki.

Eg held að menn geri sér of miklar grýlur út af því, að botnvörpuveiðar trufli fiskigöngur, og hygg að þessi trú á því, hvernig fiskigöngur haga sér, hafi ekki við neitt að styðjast, heldur sé bábilja ein.

Í síðastliðin 10 ár hefir útlendur botnvörpufloti stundað veiðar á svæðinu fyrir Skaftafellssýslunum 10 mánuði af árinu, og nú alla mánuði ársins, og hefir ekki borið á, að fiskigöngur hafi truflast, svo menn viti. Í þrjú árin síðustu hefir verið bezti afli í Vestmanneyjum; en hvar ætti á að sjá, og veiðin að spillast, ef einmitt ekki í Vestmanneyjum, þegar veitt er með botnvörpu á svæðinu móts við Hjörleifshöfða, ef þessi trú hefði við nokkuð að styðjast?

Það er og alveg eins eðlilegt að hugsa sér, að fiskigangan komi beint utan af djúpi, eins og að hún komi fyrst að austan við Horn, og rambi svo vestur með landi og alt vestur á Ísafjörð.

Eg ætla nú ekki að orðlengja þetta meir að sinni, en vona að frumv. fái að ganga til 2. umr., og síðan að athugast í nefnd, því þetta er málefni sem gæti orðið að mjög miklu gagni, ef gætilega og rétt er að farið.

Jón Jónsson: Eg ætla ekki að fara að lýsa áliti mínu á fiskigöngum né botnvörpuveiðum. Eg hætti nær ekki svo langt út á sjóinn, og því trúa víst margir gamlir samþm. mínir. En eg álít að þetta mál sé mjög þýðingarmikið mál, og þess vert, að því sé gaumur gefinn, því mér virðist þetta mál vera eitt af þeim, sem sú spurning liggur í, hve langt vér eigum að ganga í því að nota útlent auðmagn, þannig að það verði oss til gagns, og er ekki ólíklegt, að einmitt þetta spursmál verði eitt af því, sem verður undirstaða undir flokkaskipun þingsins eftirleiðis. Eg hefi heyrt ýmsa segja, að ákvæðið um það, að leyfi þetta veitist að eins eftir tillögum sýslunefndar, sé agn, sem sett sé til þess að vinna atkv. þeirra þm., sem eru því fylgjandi, að héraðsstjórnirnar fái sem mest vald um sín eigin mál, og að sýslunefndirnar séu ekki enn svo þroskaðar, að þeim megi trúa í svona þýðingarmiklum málum. – En eg svara því með orðum þeim, er einn háttv. þm. sagði hér í deildinni fyrir skemstu, mig minnir það væri háttv. þm. Snæf. (L. H. B.): »Hve nær lærir barnið að ganga, ef því er aldrei slept«?

Þetta mál getur orðið nokkurs konar prófsteinn fyrir sýslustjórnina, og fyrir þjóð vora í heild sinni, til að læra að stjórna sér sjálf. Öll sjálfstjórn misstígur mörg spor í byrjun, en kjör þjóðarinnar allrar eru undir því komin, að ekki verði rasað fyrir ráð fram í þessu máli né öðrum.

Eg heyrði eitt sinn 2 merkustu þjóðskörunga vora deila um, hve langt

vér ættum að ganga í því, að miðla málum í deilum vorum við Dani. »Eg vil miðla málum« sagði annar. »Eg vil það líka« svaraði hinn, »eg vil rétta fram hendina, en ekki svo langt, að þeir kippi mér út yfir hafið«. — Eg get sagt hið sama um það, hve langt vér eigum að ganga í því, að nota útlent auðmagn. Eg vil fara svo langt sem unt er í því, að nota útlent auðmagn, en ekki svo langt, að kipt verði út yfir hafið öllum gróðanum af hinu útlenda auðmagni. Þess vegna vil eg leggja það til, að þingið athugi þetta mál rækilega, og rasi ekki fyrir ráð fram. — Það er of hvatvíst að samþ. það strax, og mér sýnist líka of hvatvíst að fella það athugunarlaust.

Hannes Þorsteinsson: Eg ætla ekki að lengja umr. um þetta mál, en koma að eins með örfáar aths. Frv. þetta er dálítið öðru vísi en frumv. í fyrra, þar sem það gefur öllum sýslunefndum heimild til að veita þetta leyfi; en það er »illusoriskt« (villandi), því sökum þess hvernig ástatt er, mundi það einvörðungu verða sýslufélög Austur- og Vestur-Skaftafellssýslu, sem hefðu hagnað af þessu. Sökum hafnleysis er ilt að koma bátveiðum við þar, en aftur á móti hentugt að veiða þar með botnvörpu. Þessu svæði mundi því aðallega sózt eftir. Mér þykir líka einkennilegt, að borgun fyrleyfisbréfið skuli vera einskorðað við 2000 kr., án tillits til stærðar svæðisins, því félögin mundu ekki fara að kaupa leyfi hjá mörgum sýslunefndum, þar sem það hefði leyfi hjá þeirri sýslunefnd, er hefir yfir langstærsta svæðinu að ráða. Setjum nú svo, að Rangárvalla-og Árnessýsla vildi einnig leigja einhverju félagi það landhelgissvæði, sem liggur undir þeirra yfirráðum, þá gætu þau sýslufélög það ekki, sakir þess, að botnvörpuveiðafélagið vildi ekki líta við því boði, kærði sig auðvitað ekki um að fara að borga tvennar 2000 kr. í viðbót, til þess að fá örlítið svæði í samanburði við það, sem liggur fyrir Skaftafellssýslum, þar sem landhelgissvæðið fyrir þeim sýslum er eflaust fjórfalt eða fimmfalt lengra en það svæði, er liggur fyrir Árness- og Rangárvallasýslum. En hvernig ættu þá sýslufélög Árnes- og Rangárvallasýslu að fá þann skaða bættan, sem þau verða fyrir af aflaspellum botnvörpunga, er mættu veiða ótakmarkað á landhelgisvæði Skaftafellssýslnanna? Þessi sýslufélög yrðu að þola óréttinn og aflaspellin bótalaust. Þetta mundi því valda ófriði og úlfúð milli sýslufélaganna. Afgjaldið ætti því auðvitað að miðast við stærð landhelgissvæðisins. Það er engin meining í öðru.

Eg fyrir mitt leyti er algerlega mótfallinn því, að leigja landhelgina útlendum mönnum = innlendum »leppum«, enda þótt eitthvert endurgjald kæmi fyrir. Það verður erfitt að meta væntanlegt aflatjón til peninga, og þótt nú sé oft ólöglega veitt í landhelgi, álít eg samt ekki rétt að gefa alt laust, sakir þess; það væri að bæta gráu ofan á svart.

Það er nefnilega alment álit sjómanna, að botnvörpuveiðar fyrir Skaftafellssýslum hefti fiskigöngur vestur á bóginn, og þó hinn háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) neiti því, þá stendur þar neitun á móti neitun, og eg hygg að reyndir sjómenn viti betur í þessu efni en háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.). Eg reiði mig að minsta kosti fremur á þeirra dóm en hans í þessu máli.

Eins og kunnugt er, kom til þingsins í fyrra, þegar þetta mál var til meðferðar hér í deildinni, áskorun frá rúmum 20 skipstjórum hér í bænum um að fella málið sökum þess, að þeir væru þeirrar skoðunar, að slíkt væri

óbætanlegur hnekkir fyrir fiskiveiðar á þilskipum og opnum bátum hér sunnanlands.

Eg hjó eftir því í ræðu háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.), að dæmi það, sem hann tók í sambandi við þetta mál, var algerlega skakt. Hann sagði, að ef aðkomumaður á bæ hleypti hesti sínum í óslegið tún bónda, þá væru það frjálsir samningar þeirra á millum, hve mikið hann borgaði bónda fyrir spellin. Það kæmi ekki öðrum við. Þetta er að vísu rétt, en heimfærsla þess upp á botnvörpumál þetta er skökk, af því, að hesturinn bítur ekki um leið einnig gras úr túni nágrannans. En botnvörpuveiðar fyrir Skaftafellssýslum spilla ekki að eins afla fyrir Skaftfellingum, heldur einnig fyrir Rangæingum og Árnesingum, og eflaust einnig á Faxaflóa.

Eg ætla ekki að fara fleiri orðum um málið að sinni, en mun ekki verða á móti því að málið verði íhugað í nefnd, en atkv. mitt greiði eg því ekki út úr deildinni, enda þótt það yrði mikið lagað.

Flm. (Guðlaugur Guðmundsson): Eg hefi lítið að athuga við ræðu h. þm. N.-Múl. (J. J.). Það er rétt athugað, að hér er meiningin, að fá útlent kapítal í samvinnu við innlenda auðsuppsprettu til eflingar atvinnuvegum landsins, til ágóða og hagsældar fyrir þess eigin íbúa.

Mér skildist á hinum h. 1. þm. Árn. (H. Þ.), að þetta væri ranglátt gagnvart Árnes- og Rangárvallasýslum, því fiskiveiðar mundu minka þar; en eg álít, að hlutdeild þessara sýslna í ágóðanum geti verið samningsatriði milli viðkomandi sýslunefnda, þannig, að ef samningar kæmust á, fengju viðkomandi sýslufélög einhvern ákveðinn hluta afgjaldsins.

Ekki get eg verið hinum háttv. ræðumanni samdóma í því, að þetta sé að gefa botnvörpuveiðar óbundnar, því þetta er einmitt til þess að binda þær. Eg hefi ekki á móti því, að kosin sé nefnd til að íhuga málið, og skal leyfa mér að loknum umr. að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 17 : 2 atkv.

Nefnd sþ. með 16 atkv. í og hana kosnir með hlutfallskosningu:

Guðlaugur Guðmundsson.
Lárus H. Bjarnason.
Þorgrímur Þórðarson.
Pétur Jónsson.
Hannes Þorsteinsson.

Fiskilöggæzla í Norðursjónum.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum fyrir Ísland 13. sept. 1901 um löggæzlu við fiskiveiðar í Norðursjónum (þgskj. 46); 1. umr., 4. ágúst.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Önnur umr., 8. ágúst (þgskj. 48).

ATKV.GR.: 1. gr. sþ. með 20 samhlj. atkv.

2. gr. sþ. með 19 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr., 11. ágúst.

ATKV.GR.: Málið í heild sinni sþ. í einu hlj., og afgreitt til landsh. sem *lög frá alþingi.*

Verzlunarmálanefnd.

TILLAGA til þingsályktunar um að skipa nefnd viðvíkjandi verzlunarmálinu (þgskj. 28); ein umr., 7. ágúst.

Flutningsmaður (Pétur Jónsson): Þar sem nú er orðið all-áliðið dags, þá er ekki að búast við, að háttv. þingdeildarmenn vilji hlýða á langar ræður um þetta mál, enda þótt það sé eitt hið stærsta mál allra landsmála.

Við flutningsmenn þessarar tillögu höfðum ekki hugsað okkur, að hin væntanlega nefnd fjallaði um verzlunarmálið í heild sinni. — Eins og allir vita, þá er aðal verzlunarmagn landbúnaðarins ull, kjöt og smjör, en stærsta verzlunarmagnið er þó saltað kjöt og lifandi fé.

Það er líka kunnugt, að markaði á lifandi fé, sem fyrir fáum árum var blómlegur, hefir fyrir sérstök atvik farið svo hnignandi, að nú er lítils af honum að vænta, og er hann nú nálega að detta úr sögunni.

Saltkjötssalan hefir líka verið mismunandi undanfarið, og þótt saltkjöt sé nú í all-góðu verði, þá er ekki langt síðan það stóð $^2/_5$ lægra en nú og í síðustu 20 ár hefir meðalverð á því á markaði vafalaust verið $^1/_5$ lægra en nú; en samt má það ekki lækka til þess, að landbúnaðurinn geti haldið áfram í sama horfi og áður var. — Það hafa áður komið fram hreyfingar í þá átt, að gera tilraunir til þess, að flytja út nýtt kjöt til Englands. — Þessar hreyfingar hafa lengi átt sér stað.

En þar sem einstakir menn ekki hafa treyst sér til þess, að koma þessu máli áfram, þá hafa þeir farið þess á leit við stjórnir kaupfélaganna, að leita upplýsinga um, hvort ekki væri tiltækilegt, að þau gerðu tilraunir með útflutning á nýju kjöti. — Tilraunir hafa enn eigi verið gerðar. Hafa allir við nánari athugun og upplýsingar orðið á einu máli um það, að tilraunir, sem mark verði takandi á, sé of ábyrgðarmiklar fyrir einstök félög, og þess vegna horfið frá öllum verklegum tilraunum. — Nú hefir búfræðingur Guðjón Guðmundsson nýlega haldið fróðlegan fyrirlestur um þetta mál, og með því blásið nýjum vindi í seglin, svo að óskir manna hafa í þessu efni aldrei verið jafn-kröftugar og nú. — Í fyrra komu líka fram tillögur til landbúnaðarnefndarinnar um það, að taka þetta mál til rækilegrar athugunar, og veitti þingið í síðustu fjárlögum búnaðarfélaginu nokkurt fé til þess, að vinna að þessu máli.

Það sem aðallega vakir fyrir oss flutningsmönnum þessarar tillögu er, að nefnd sú, sem kosin verður í þetta mál, taki það til rækilegrar íhugunar, kynni sér það eftir föngum, og komi fram með tillögur um það, hvernig því verði komið á betri rekspöl en hingað til.

Eg skal láta þess getið, að okkur flutningsmönnum hefir ekki hugkvæmst önnur aðferð framkvæmanlegri en sú, að hið opinbera styrkti útflutningstilraunir á kældu kjöti með því, að taka upp á sig ábyrgðina á útflutningnum að meira eða minna leyti. — Hingað til hefir engin verkleg tilraun verið gerð í þá átt af því, að það hefir ekki þótt tilvinnandi fyrir einstaka kaupmenn eða kaupfélög, og ekki tiltækilegt, að gera slíkar tilraunir nema í stórum stíl.

Fyrir því er það hugsun okkar, að þó einstakir kaupmenn vildu ráðast í það, að gera þessar tilraunir, þá leggi hið opinbera fram styrk til tryggingar slíkum tilraunum.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en óska þess að eins, að nefndin taki það til rækilegrar íhugunar.

Eg hefi að eins viljað gefa dálitlar upplýsingar um þetta mál, en álít ekki þörf á því, að fara frekar út í það að svo stöddu, enda hefir nýlega komið út skýrsla í Ísafold um það frá formanni Landsbúnaðarfélagsins.

Þórhallur Bjarnarson: Í fyrra lá fyrir þinginu frumvarp um vörumerkjalög, sem eigi varð útrætt. — Aðal-flutningsmaður þess háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) og eg, höfum talað um, að taka þetta frumv. upp aftur á þessu þingi, en erum fallnir frá því aftur. — Frumv. það um vörumerkjalög, sem lá fyrir þinginu í fyrra, var sniðið eftir þýzkum lögum, en þar sem slík lög eru víst töluvert sameiginleg fyrir öll Norðurlönd, þá liggur beinast við, að stjórnin semji slík lög, og leggi þau fyrir þingið.

Eg tel það æskilegt, að nefndin, sem skipuð verður, taki upp hjá sér að beiðast þess, að þetta mál komi undirbúið frá stjórninni á næsta þingi. — Það er nóg að benda á þörfina, að vilji maður reyna sölu á saltkjöti með sérstakri vandaðri gerð, þá þarf að geta greint það frá saltkjötinu, sem nú flyzt og hefir ekki gott orð á sér.

Annars tók eg ekki eftir því, hvort h. flutningsmaður gat um það, að komið hefir hér fram erindi frá Landsbúnaðarfélaginu um það, hvort þingið eigi vilji taka upp á sig að nokkru leyti áhættuna við útflutning á skipsfarmi af kældu kjöti; og mun nefndin væntanlega taka það erindi rækilega til athugunar.

ATKV.GR.: Tillagan samþykt í einu hljóði.

Því næst fóru fram hlutfallskosningar og voru þessir kosnir:

Þórhallur Bjarnarson,
Eggert Benediktsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Hermann Jónasson,
Magnús Andrésson.

Efnarannsóknarstofa.

TILL. til þingsál. um efnarannsóknarstofu í Reykjavík (þskj. 123); ein umr., 15. ágúst.

Framsm. (Þórh. Bjarnarson): Aðalverkefni verzlunarmálanefndarinnar er af hendi leyst undir umr. við fjáraukalögin, þegar hún kom fram með till. um útflutning á kjöti með nýjum hætti. En svo höfum vér í nefndaráliti nu, sem nú liggur fyrir, leyft oss að koma fram með tvær till., sem snerta verzlunarhagi vora. Önnur er sú, að skora á stjórnina að gera rækilegar ráðstafanir til undirbúnings efnarannsóknarstofu í Reykjavík. Nefndin hefir málinu til skýringar látið prenta sem fylgiskjal við nefndarálitið bréf frá fjórum mönnum, sem sérstaklega eru vel að sér í þessum efnum. Bréf þessi færa ljósa ástæðu fyrir því, hve nauðsynleg sé slík efnarannsóknarstofa. Nefndin vonar líka að hin háttv. Nd. veiti þessari till. góðar undirtektir, og Ed. sömuleiðis, og á sínum tíma stjórnin, svo að fé verði veitt til fyrirtækisins í næstu fjárlögum.

Hér er till. auðvitað borin fram til varnar gegn sviknum útlendum vörum, sérstaklega matvælum; bara þetta eitt, að kemiskt labóratórium er til í landinu, sem allir eiga greiðan aðgang að fá rannsakað í, er hið mesta aðhald.

Vér þurfum og eigi síður að geta haft rannsóknareftirlit með sumum af vorum eigin útfluttu vörum, svo sem sérstaklega smjörinu, sem strangt eftirlit er

haft með þegar til Englands kemur, og þungar sektir liggja við, ef út af bregður með tilbúninginn. Hér liggur fjær, en minna má þó á það, hve mikill vinningur það og er fyrir landbúnaðinn, að geta greiðlega fengið hér á landi rannsókn moldarefnanna, og loks og ekki sízt er kemískt labóratóríum ómissandi fyrir læknakensluna Eftir áætluninni í fylgiskjalinu er stofnunarkostnaðurinn á litlu labóratóríi, sem oss nægði í bráð, einar 2 þús kr., reksturskostnaður verður síðar ákveðinn, fer töluvert eftir því, hvað mikið verður gert að rannsóknunum; um stórt verður ekki að ræða.

Síðari till., sem nefndin hefir komið fram með, er um vörumerkja- og firmalög. Vörumerkjalög voru fyrir þinginu í fyrra og þá viðurkend nauðsyn þeirra. Aftur á móti er áskorunin um firmalög nýmæli.

Með vaxandi viðskiftalífi og fjölgun hlutafélaga þurfum vér að fá þau lög sem aðrar þjóðir. Sérstaklega mun landsbankinn reka sig á það, er hann lánar upp á eitthvert firmanafn, að eigi er nein lögákveðin réttarvissa hér á landi um það, í hvaða sambandi eigendurnir standa við firmaið.

Slík lög eru sem næst sameiginleg fyrir öll Norðurlönd og þau ætlum vér stjórninni að búa úr garði. Að vísu getum vér ekki ætlað henni of mikið sem stendur, en hér er mest um þýðingu að ræða með heimfærslum og breytingum eftir staðháttum hér á landi.

Eg get ekki hugsað, að nefndin fái ámæli fyrir að hafa farið fram á of mikið, heldur miklu fremur fyrir það, hve miklu hún hefir slept. Eitt vil eg sérstaklega nefna, sem nefndin treysti sér ekki að fara út í, og slepti í nefndarálitinu, en fal mér á hendur að minnast á í framsögu minni, og það var hinn eftirælskti verzlunarerindreki í útlöndum. Ástæðurnar til þess, að nefndin bar ekki fram tillögu um að fá slíkan mann skipaðan, voru ýmsar; fyrst og fremst vantaði manninn, sem oftar vill verða hjá oss, og svo er slíkt ekki gerandi nema með miklum kostnaði, sem naumast var komandi upp með á aukaþingi, heldur láta það bíða fjárlagaþings. Enn fremur er eðlilegra, að slíkt nýmæli sem þetta komi fram undir hinni væntanlegu nýju stjórn, sem menn vona að verði framkvæmdameiri en sú sem verið hefir. En ef háttv. deild væri þetta mikið áhugamál, og kæmu fram hjá henni kröfur um að koma þessu atriði að nú þegar og ætla fé til verzlunarerindreka, þá væri ekki annað en taka málið nú út af dagskrá og athuga það í sameiningu við nefndina og bera sig saman um það við hana, hvernig því yrði fyrir komið, því að oss nefndarmönnum dylst það eigi, að mjög mikið gagn mætti hafa að slíkum erindreka eða erindrekum.

Það verður að virða nefndinni til vorkunnar, þó að hún eftir atvikum gæti eigi gert meira nú sem stendur. En það sem hún hefir afkastað verður vonandi heldur að álítast til bóta.

Þorgrímur Þórðarson: Eg er sérstaklega þakklátur þessari háttv. nefnd fyrir till. hennar í þessu nauðsynjamáli. Eg hef oft óskað, að hér væri komið á fót kemiskt labóratóríum til þess að rannsaka afurðir landsins, sem oft mundi ekki af veita, en ekki sízt til þess að rannsaka aðfluttu vöruna t. d. kornvöruna, rúgmjöl, bankabygg o. fl. vörur, sem sumar eru býsna-lélegar.

Eg hef oft verið beðinn að rannsaka sumar innfluttar matvörutegundir; en eg hef orðið að játa, að eg gæti það ekki, og það væri ekki hægt hér á land og ekki nema því að eins, að senda það til útlanda til rannsóknar. En þó að bændur kvarti um þetta við

verzlunarstjórana, þá segja þeir ekki annað en þetta: »Eg sel það eins og eg hef keypt það; þetta er það sama og eg hef keypt og get því ekki selt það betra«. En bændur eru knúðir til af neyðinni að kaupa þessa lélegu matvöru fullu verði, þar sem kannske eru margar dagleiðir í kaupstaðinn og ekki nema sá eini kaupstaður, sem hægt er að ná til. Það hefir til dæmis komið í verzlanirnar fyrir austan ein tegund af kornvöru, sem nefnd er maísgrjón, en eg þykist sannfærður um að er tilbúin matartegund. Eg hef sent sýnishorn af þessari vörutegund með sýnishorni af fleiri matartegundum til Steins laboratorium í Danmörku í sumar.

Annað eins og þetta sjá allir, hve brýn þörf er á að rannsaka; en þess konar batnar, ef hér kæmi kemiskt laboratorium, og þá er vonandi að kaupmenn fari að vanda vörutegundir sínar og flytja betri matartegundir til landsins en undanfarið.

ATKVGR. 1. till. nefndarinnar (þskj. 123) sþ. í e. hlj.

2. till. nefndarinnar (þskj. 123) samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin skoðast sþ. sem: till. til þingsál. Málið afgr. til Ed.

Sala á salti eftir vigt.

FRUMV. til laga um að selja salt eftir vigt (þskj. 20); 1. umr., 1. ágúst.

Fluningsm. (Björn Kristjánsson): Við flm. höfum leyft okkur að koma fram með þetta frv., sem er að eins skerping á eldri lögum, eftir ósk nokkurra kjósenda okkar.

Það sem einkum hefir þó hvatt mig til þess að gerast flutnm. að þessu frv. er bréf, sem eg sá hjá hinu svo nefnda verzlunarráði hér í bænum og var sent landshöfðingjanum frá helztu fiskkaupmönnum í Danmörku, þar sem þeir kvarta yfir verkuninni á íslenzkum saltfiski og segja, að kaupendur munu hér eftir ekki fást til að kaupa íslenzkan fisk eftir hleðsluskjölum, muni ekki kaupa hann fyr en þeir hafa skoðað hann á staðnum, en af því stafar mikil hætta fyrir alla íslenzka fiskverzlun.

Mín skoðun er nú það, að þetta stafi ekki svo mjög af fiskverkuninni, þar sem henni hefir farið fram á síðari árum, heldur af því salti, sem notað er. Eins og kunnugt er, þá er það salt, sem hingað flyzt, mjög mismunandi að gæðum; venjulega er það léttasta og lélegasta saltið, sem kaupmenn flytja hingað, að minsta kosti til Faxaflóa, og notað er til söltunar, og er því um að kenna, að hér er salt ætíð selt eftir rúmfangi, en ekki eftir vikt. Það er, alkunnugt, að því lélegra sem saltið er, því léttara er það, og því ódýrara eftir rúmfangi, en af því leiðir aftur, að kaupmenn, sem selja alt eftir rúmfangi, en kaupa það eftir vigt, sjá sér hagnað í því að kaupa lélegra saltið, þar sem þeir geta selt tunnuna af því tiltölulega dýrari en af góðu, þungu salti.

Það kynni nú að þykja lítil þörf á þessum lögum, þar sem við höfum lögin frá 24. nóv. 1893, og svo væri líka, ef þeim væri fylgt; en vegna þess, að í þeim lögum stendur, að kaupmenn megi selja salt eftir mæli, ef kaupandi æski þess, þá hafa kaupmenn, að minsta kosti hér við Faxaflóa, skotið sér inn undir þessa undantekningu, svo að þeir selja salt hér einungis í tunnutali. Þegar nú það er athugað, að hingað til landsins hefir fluzt salt, sem ekki vegur meira en 210 pd. tunnan, en líka salt, sem hefir vegið upp í 360 pd. tunnan,

þá gefur það að skilja, hve ákaflega mikill gæðamunurinn getur verið, og að sá kaupmaður, sem kaupir létta og vonda saltið, stendur betur að vígi og getur selt tunnuna ódýrari en hinn, sem hefir keypt betra og þyngra salt. Afleiðingin er sú, að menn nota að eins lakara saltið, og spilla með því bæði útliti fisksins og gera hann að mun léttari. Svo þolir sá fiskur, sem saltaður er úr lélegu salti, miklu ver geymsluna.

Eg tel víst að þegar þingið 1893 setti þessa undantekningu inn í lögin, þá hafi það verið þeirri mótbáru að kenna, að það sé svo örðugt viðfangs að vigta salt; en þessi mótbára er misskilningur. Engin kaupmaður tekur svo á móti saltfarmi, að það sé ekki vegið. Auðvitað er ekki hver tunna vegin, heldur er það álitið nægja, að vega t. d. eina tíundu hverja tunnu. Fyrirhöfnin er því sár-lítil. En það sem fyrir mér vakir, er ekki einungis að saltið sé selt eftir vigt, heldur líka hitt engu síður, að það sé bókfært eftir vigt, en það gerir nú enginn kaupmaður mér vitanlega hér í flóanum. Næðu aftur þessi lög staðfestingu, þá mundi engin kaupmaður leyfa sér annað.

Eg hef sett sektarákvæðin nokkru hærri en venja er til, og sömuleiðis ákvæðið uppljóstarmönnum nokkuð af sektinni vegna þess, að kaupendur hafa hingað til legið svo flatir fyrir þessari aðferð kaupmanna, að eg hefi álitið nauðsynlegt, að örva menn til þess að koma upp þess háttar brotum.

Eg hef svo ekki fleira að athuga að sinni, en vona að háttv. þingdm. taki vinsamlega í þetta mál, sérstaklega þegar þess er gætt, hvað í húfi er, ef því fram vindur, að menn noti aðallega lélegt og létt salt til fiskverkunar.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal játa það, að frv. þetta sýnist vera fremur meinlaust; en það er þó eitt atriði í því, sem ekki er það að öllu leyti; það þröngvar um of samningsfrelsi manna, og því uni eg illa.

Eg kann ekki við að binda svo hendur á mönnum, að þeir megi ekki kaupa sér lélegt salt, ef þeir óska þess, enda skil eg ekki að gæði saltsins fari eftir þyngdinni einni, og það verður hvorki betra eða verra fyrir það, þó að kaupmenn færu að bókfæra það eftir þyngd.

Eg veit ekki betur en lögunum frá 24. nóv. 1893 sé vel hlýtt; að minsta kosti er svo fyrir vestan, þar sem eg þekki til. Flm. sagði, að kaupmenn hér við Faxaflóa gerðu það ekki, en sé svo, þá er það beint brot á móti lögunum frá 1893, sem hrinda má og á í gott horf, með því að kæra hlutaðeigandi kaupmenn, því í lögunum stendur skýrt tekið fram, að salt skuli selja eftir vigt, nema kaupandi æski mælis.

Eg get heldur ekki felt mig vel við þessar háu sektir fyrir ekki stærri brot en hér er um að tala.

Eg skal fúslega játa, að fyrir mér ræður principið mestu. Eg get ekki fremur í þessu máli en öðrum gefið atkvæði mitt með lögum, sem ganga nær frelsi manna en bein nauðsyn krefur.

Flutnm. (Björn Kristjánsson): Að eins fá ein orð út af þeim athugasemdum h. þm. Snæf. (L. H. B.), að hér sé verið að binda samningafrelsi manna. Eg held ekki að svo sé; en þó svo væri þá ber þó að líta á þann voða, sem reynt er verið að bjarga sér undan með þessu frv., og þó ætla mætti, að lögin frá 1893 væru nægileg, þá er þó marg-reynt, að þau eru ekki einhlít til þess að fá menn til að hætta við að flytja og nota þetta lélega salt. Til þess að sýna, hvers virði þetta salt er, skal eg geta þess, að hinir hygnustu útgerðarmenn hafa sagt við mig, að

þeir vildu heldur kaupa gott salt dýrum dómum en að nota laklegt salt, þótt þeim væri gefið það. Það haft, sem lög þessi leggja á menn, er ekki að nauðsynjalausu, því þau bjarga mönnum frá að fá ef til vill mestallan sinn fisk seldan sem númer 2.

Lárus H. Bjarnason: H. flutnm. (B. Kr.) vildi ekki kannast við að hér væri verið að binda samningafrelsi manna, en eg þarf ekki annað en vísa í sjálft frumv. til þess að sanna mál mitt, því þar stendur: »Allir kaupmenn o. s. frv. skulu selja salt eftir vigt«. Frá þessu er engin undantekning gerð.

Eg get heldur ekki skilið, að saltið batni nokkra vitund við það, að kaupmaðurinn hellir því úr mælinum á vogina.

ATKVGR. Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv.

Önnur umr., 5. ágúst.

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Eg hefi ekki miklu við það að bæta, sem eg tók fram við 1. umræðu þessa máls. — Eg tók það fram þá, hve nauðsynlegt það væri fyrir fiskverzlun okkar, að hingað flyttist gott salt, og að þetta væri ekki hægt að tryggja með öðru móti en því að láta selja saltið eftir vigt.

Hvað hinar einstöku greinar frumv. snertir, þá hefi eg í 1. gr. bætt inn verzlunar umboðsmönnum, því það er jafn-mikil nauðsyn á því, að lög þessi nái til þeirra, sem til kaupmanna, og svo hefi eg slept þeirri undantekningu, að hægt væri að semja um það, að láta saltið úti eftir mæli.—Á það atriði hefi eg minst nánara við 1. umræðu, svo eg sleppi því nú.

Á 2. gr. hefi eg gert þá breyting, að eg hefi hækkað sektirnar að mun, og vona, að það verði til bóta; sömuleiðis hefi eg áætlað, að dálítið af sektunum gengi til uppljóstrarmanna í þeim tilgangi, að gera frumv. áhrifameira, er til framkvæmdanna kæmi.

Eg vona, að mér hafi tekist að skýra þetta mál svo við 1. umr., að h. háttv. þingdeildarmönnum sé full-ljóst, hver nauðsyn sé á þessum lögum, og að þeir gefi því frumv. atkvæði sitt.

Lárus H. Bjarnason: Eg hefi ekki enn þá heyrt háttv. flutningsm. (Bj. Kr.) færa fram neinar sannanir fyrir því, að saltið batnaði við það, að vera tekið úr mælinum og í tið á vogina.

Annars hefi eg leitað mér upplýsinga um þetta mál hjá mikilsmetnum kaupmanni hér í bænum, og sagði hann mér, að gæði saltsins færi engan veginn eingöngu eftir þyngd þess, heldur væri mest undir því komið, hver efni væru í því. — Hann skýrði mér frá því, að saltið skemdi fiskinn af því, að í því væri málmkend efni.

Eins og eg tók fram við 1. umr., þá eru þessi lög óþörf, því það eru gildandi lög nú, að salt skuli ætíð látið úti eftir vigt, nema kaupandi æski mælis.

Ari Brynjúlfsson: Eg efast ekki um það, að háttv. flutningsmenn ætli sér með þessu frumv., að fyrirbyggja, að menn kaupi slæmt salt. — En hins vegar verður að athuga það, hvort kaupendur vilja hafa það á þessa leið. Það getur verið, en eg efast um það. — Eg veit um það t. d. fyrir austan, þar vilja menn hafa bæði gróft salt og fínt; þeir brúka grófa saltið í allan verzlunarfisk, sem mestur er pæklaður í tunnur, en smáa saltið hafa menn í smáfisk, sem seldur er í sveitir eða menn hafa handa sjálfum sér, og í hey, sem saltað er að sumrinu, því það er ódýr-

ara og að mörgu leyti hentugra til margs, enda hefi eg heyrt menn segja, að þeir vildu, að kaupmenn flyttu báðar tegundirnar.

Háttv. flutningsmenn hafa haldið því fram, að það væri skaði, að kaupa fína saltið eða það ónýta; eg skal nú fúslega játa það, að sé saltið ónýtt, þá verður skaði að kaupa það.

En sé saltið eins og það sem eg hefi vanist, þá verður léttara saltið ódýrara en hitt; því bæði fer meira að vöxtun um í pundið af því, og svo er pundið í létta saltinu mjög miklu ódýrara. — Það mun því heppilegast, að kaupmenn flytji báðar tegundirnar, svo mönnum gefist kostur á því, að kaupa hvora, sem óskað er eftir.

Mér virðist því eins og háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) tók fram, að ekki taki því, að búa til ný lög um þetta efni, þar sem ákveðin lög eru til um það, að saltið sé vegið, ef þess er óskað; mér virðast þau lög, sem til eru um þetta, langt um frjálslegri en það, sem farið er fram á í þessu frumv.

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Eg skil ekki í því, sem háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) sagði, að eg hefði ekki fært neinar sannanir fyrir því, að salt batnaði fyrir það, að láta það á vog, eftir að vera mælt. — Það stóð aldrei til, því eg hefi aldrei haldið því fram. — En það er eins og eg hefi sagt alveg rangur mælikvarði, að selja salt eftir máli. — Eg hefi reynslu fyrir því, t. d. sumar salttunnur vega 210 pund, en sumar 360 pund. — Við Faxaflóa er ómögulegt, að selja þá tunnu dýrara, sem vegur 360 pund, en hina, sem vegur 210 pund, vegna þessarar hefðar, sem komin er á með málið. — Reynslan hefir sýnt það áþreifanlega, að gæði saltsins fara ekki eftir vigt. — Eg er hræddur um það, að háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) hafi ekki farið til fróðs kaupmanns hér, eftir þeim upplýsingum, sem hann kom með. — Það getur verið, að það sé járn í saltinu, og þá gerir það fiskinn gulan, og er það þá óbrúkandi fiskisalt. — En járn getur verið bæði í léttu og þungu salti.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (A. Br.) sagði, að grófa saltið væri sterkara en fínt salt; en það er ekki rétt; það fer alt eftir því, hvernig með það er farið. — Þegar það er sjávarsalt, þá fer stærðin á því eftir því, á hve stórum pönnum það er þurkað, en fjallasalt er malað úr stórum steinum, og er það malað eftir því, sem kaupandinn æskir, smátt eða stórt.

Eg ímynda mér því, að þau mótmæli verði ekki til þess, að hnekkja mínu áliti.

Þórður J. Thoroddsen: Það sem kom mér til þess, að vera meðflutningsmaður þessa frv., er eiginlega tvent.— Fyrst og fremst er það, að þótt lögin segi, að kaupmenn eigi að selja saltið eftir vigt, þá er því aldrei fylgt. — (*Lárus H. Bjarnason*: Þá er að kæra kaupmennina). Þó að þeir selji það ekki eftir vigt, þá dugar ekki að kæra þá, því að úr því að það er ekki beinlínis bannað, að selja það eftir máli, þá geta kaupendur ekki skyldað kaupmenn til þess, að selja sér það eftir vigt, af þeirri einföldu ástæðu, að kaupmenn eru ekki skyldir til þess, að selja salt fremur en hverja aðra vöru, og væri einhver kaupandi, sem krefðist þess, að sér væri vegið saltið, þá gæti kaupmaðurinn sagt: »Eg sel nú saltið eftir máli, og viljirðu það ekki, þá sel eg þér það ekki; eg sel þér ekki annað en það, sem eg vil«. — Því er nauðugur einn kostur, að skylda alla til þess, að selja saltið eftir vigt.

Í annan stað er eg líka viss um það, að ef þetta yrði að lögum, þá mundi flytjast betra salt til landsins en hingað til. — Fyrir léttara og verra saltinu fer meira, en hinu þyngra og betra, og þess vegna kaupa kaupmenn það utanlands fremur, því að þar kaupa þeir það eftir tonnatali, hvaða salt sem er, en þegar þeir selja hvaða salt sem er hér á landi eftir máli, þá er bersýnilegt, að þeir græða meira á því, að flytja léttara saltið en hið þyngra. — Hér við Faxaflóa er það marg-reynt, að þess þyngra sem saltið er því betra er það, og þess fallegri verður fiskurinn og þar að auki þyngri í vigtina, en það hljóta allir að sjá það, að til fisksins verður að vanda til þess, að fá sem beztan markað fyrir hann. — Eg get talað um þetta af eigin reynslu, því að eg hefi bæði látið salta fisk með þungu og léttu salti, grófu og smáu. — Eg sé ekki annað ráð til þess, að laga þetta, en að skylda kaupmenn til þess, að selja saltið eftir vigt, og eg þykist sannfærður um það, að verði þetta að lögum, þá verður afleiðingin sú, að betra salt flyzt til landsins en hingað til.

Sigurður Stefánsson: Eg skil ekki hvað menn geta haft á móti þessu frumv. — Mér finst ákvæði þess horfa til talsverðra bóta, og er því alveg á sama máli og háttv. flutningsmenn. — Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að gæði fisksins fara eftir gæðum saltsins; það er mér kunnugt að vestan. — Það er líka öllum kunnugt, að lögunum um þetta er alls ekki fylgt. — Eg er líka á sama máli og h. 2. þm. G.-K. (Þ. J. Th.) um það, að fiskurinn er ekki einungis fallegri, heldur líka þyngri í vigtina, ef hann er saltaður með góðu salti. — Eg hefi sjálfur látið árlega salta fisk, og talið mér hag að því, að kaupa þyngra saltið, þó að það hafi verið alt að 1 krónu dýrara, því að úr því hefir fiskurinn bæði orðið þyngri og fallegri, en aftur hafa kaupmenn mestan hag af því, að kaupa létta saltið, þar sem þeir kaupa saltið eftir vigt, en mæla það síðan út. — Þyngra saltið er betra og gerir vöruna betri, og eg skil ekkert í því, hvað menn geta haft á móti slíku frumv. og þessu. — Það dugar ekki að segja, að við höfum lög um þetta, á meðan þeim er ekki hlýtt og kaupmönnum er ekki gert það að skilyrðislausri lagaskyldu, að selja saltið eftir vigt; lögin sem við höfum gera það ekki að beinni lagaskyldu, á meðan sú undantekning stendur í þeim, að salt megi mæla, ef kaupandi óskar þess. (*Tryggvi Gunnarsson*: Það er lagaskylda). Nei, það er ekki lagaskylda, ef óskað er mælis, nema það komi fram sérstaklega óskir um það. (*Þórhallur Bjarnarson*: Það stendur í lögunum: »Allir skulu selja salt eftir vigt«).

ATKV.GR.: 1. gr. frv. samþ. með 16 : 1 atkv.

2. gr. frumv. samþ. með 14 samhlj. atkv.

3. gr. frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv.

4. gr. frumv. samþ. með 16 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 17 atkv.

Þriðja umr., 7. ágúst (þgskj. 20).

Tryggvi Gunnarsson: Eg minnist þess, að háttv. 2. þm. Ísf. (S. St.) talaði um það við síðustu umræðu, að hann skildi ekki í því, að menn væru að berjast á móti jafn-meinlausu frv. og þetta væri. — Mig furðar jafn-mikið á því, að þeir, sem greiða atkvæði með frumv., skuli láta sér svo ant um að koma í gegn jafn-ónýtu frumvarpi. —

Eg vil biðja h. háttv. þingdeildarmenn um það, að hafa fyrir framan sig og líta í frumv. það, sem á að samþykkja í dag; eg skal svo með leyfi forseta lesa upp 1. grein úr lögum þeim, sem það á að koma í staðinn fyrir. — Greinin hljóðar svo: »Allir kaupmenn og kaupfélög, er reka verzlun hér á landi, skulu, hvort sem verzlun þeirra fer fram á sjó eða landi, selja salt eftir vigt, nema kaupandi æski mælis«. — Allir sjá það, að þetta er orðrétt sama greinin eins og þetta frumv., sem nú á að leiða í lög, nema, að kaupandi getur eftir núgildandi lögum fengið saltið keypt eftir mæli, ef hann óskar þess; og hvað er eiginlega á móti því? — Ef við settum það dæmi, að maður væri kærður og dómfeldur fyrir það, að selja salt eftir mæli, og d. marinn væri svo spurður að því, eftir hvaða lögum hann hefði dæmt, hvort það hefði verið eftir þessum lögum, sem hér er verið að samþykkja, eða eftir lögunum frá 24. nóv. 1893, þá mundi hann svara, að einu gilti um, hvort heldur væri, því ákvæðin á báðum stöðum væru eins. — Þetta sýnist vera að búa til óþarfa lög.

Því hefir verið haldið fram, að kaupmenn mundu flytja betra salt, ef það væri selt eftir vigt, en þetta er tómur hugarburður. — Eg hefi nú í 7—8 ár verið stöðugt á fundum með útgerðarmönnum hér í bænum, og ætíð heyrt þá halda því fram, að þeir vildu kaupa sem ódýrast salt vegna þess, að skipstjórarnir brúkuðu jafn-mikið af því, hvort sem það væri gott eða vont, nálægt 1½ tunnu í skippundið. — Það er yfir höfuð náttúra okkar Íslendinga, að kaupa ætíð það ódýrasta, þó reynslan sýni það, að það sé beinn skaði.

Eg held við vinnum ekkert með þessu frumv., þó það yrði að lögum; hitt væri miklu nær, að skrifa um þetta í blöðin, og reyna að sannfæra menn, og gera þeim það skiljanlegt með reikningslegu yfirliti, að það væri viturlegra fyrir þá, að kaupa dýrari tegundina, og til þess væri enginn hentugri en h. háttv. flutningsmaður (B. Kr.).

Eg býst við því, að frumv. þetta nái ekki að komast gegnum báðar deildir, og þá finst mér bezt, að það væri látið deyja sem fyrst, svo það eyði eigi tíma frá öðru, sem er nauðsynlegra.

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): H. þm. Rvík. (Tr. G.) furðaði sig á því, að frumv. skyldi hafa svo mikið fylgi hér í deildinni, af því að frumv. væri svo óþarft. — Hann hélt því fram, að dómari, sem dæma ætti mann sekan fyrir brot á þessum lögum, mundi ekki geta svarað því, hvort hann ætti að dæma mann eftir þessum lögum eða eldri lögunum frá 24. nóv. 1893, en í 4. grein þessa frumv. stendur þó, að þau lög skulu úr gildi numin. — Hvernig á dómarinn að fara að dæma eftir lögum, sem búið er að upphefja? — Eg held að háttv. þm. Rvík. (Tr. G.) hafi ekki lesið frv. alt til enda. — Honum fanst einnig ekkert á móti því, að leyfa að selja saltið eftir mæli, ef þess væri óskað. — Eg þykist hafa sýnt fram á það við 1. umræðu, að bannið verður á þann hátt dauður bókstafur, því reynslan hefir skorið úr því nú í 9 ár, að kaupmenn skjóta sér ætíð undir þessa undantekningu, án þess, að mælis sé óskað, því það hefir mér vitanlega aldrei verið gert af kaupendunum sjálfum; einmitt af þessari ástæðu er það mjög nauðsynlegt, að skerpa ákvæði laganna.

Hvað það snertir, að útgerðarmenn telji að eins mikið sé brúkað af góðu salti sem ónýtu, þá getur þingið ekki tekið tillit til þess, hvort varan verður misbrúkuð eða ekki. — Það er þingsins að beina mönnum á rétta leið, en þeir verða sjálfir að ráða því, hvort þeir vilja nota hana eða ekki.

Af því að það við 2. umræðu þessa máls hér í deildinni reis ágreiningur út af því, hvort gæði saltsins færu eftir þyngd þess, þá hefi eg útvegað vottorð frá nokkrum mönnum hér í bænum, sem með fiskverkan hafa að gera, þar á meðal tveggja ragara.

Eg skal með leyfi h. háttv. forseta leyfa mér að lesa álit þeirra upp.

»Hér með vottast, að sterkleiki salts fer eftir þyngd. — Eftir því sem saltið er þyngra og sterkara, er hægara að verka fiskinn vel. – Fiskurinn þolir því betur að geymast og verður þyngri í vigt«.

Undir þessu vottorði standa Ólafur Björnsson á Bakka og Ámundi Ámundason í Hlíðarhúsum, báðir ragarar hér í bænum, og auk þess nöfn sex annarra, skipstjóra og útgerðarmanna.

Það er með öðrum orðum svo vitanlegt, að gæði saltsins fer eftir þyngdinni, að það er ómögulegt að mótmæla því, og eg ímynda mér því, að þingdeildin ætti, þrátt fyrir mótmæli háttv. þm. Rvík. (Tr. G.), að samþykkja frv. nú við þessa 3. umræðu, eins og hún gerði áður.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni samþykt með 16 : 3 atkv. og afgreitt til efri deildar.

Löggilding verzlunarstaða.

I.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Flatey á Skjálfanda (þgskj. 17); 1. umr., 31. júlí.

Flutnm. (Pètur Jónsson): Eg mun eigi halda langa ræðu um þetta mál; þó verð eg að leitast við að skýra að nokkru fyrir h. deild, hvernig háttar afstöðu hafnar þessarar og málsins yfir höfuð. Það var hér fyrir á þingi 1899 og var þá samþykt í þessari deild, en er til h. Ed. kom, var það felt ásamt löggilding fleiri hafna, sem þá lá fyrir, umræðulaust, að mig minnir. Þó mun það ekki hafa verið tekið þar fram, að nokkuð væri sérlega athugavert við löggilding hafnar í Flatey, og málið felt af annari ástæðu en þeirri.

Þótt þessi staður sé þannig, að ekki séu líkindi til að þar komi stór verzlun að sinni, þá hagar þó svo til, að það eru stór þægindi fyrir nokkrar nærsveitir, að geta rekið verzlun í Flatey. Flateyingar sjálfir, sem eru 60—70 að tölu, verða nú að reka verzlun sína á Húsavík, þurfa þeir að sækja yfir Skjálfandaflóa, og er sú leið bæði hættuleg og alllöng. Sama er að segja um Flateyjardalsbúa; þeir hafa að eins yfir sund að sækja til Flateyjar, sem eigi er meira en fjórðungur mílu á breidd; en til Húsavíkur er kaupstaðarferð viðlíka örðug fyrir þá eins og Flateyinga. Loks er að nefna hina svo kölluðu »Fjörðu« eða »Firði«. Þeir eru fjöllum luktir, og verða menn þaðan nú að fara um örðuga sjóleið í verzlunarferðir til Húsavíkur; fyrir þá er kaupstaðarferð til Flateyjar mun auðsóttari.

Höfnin í Flatey er í alla staði viðunandi, og engin vansæmd fyrir þingið að löggilda hana. Þessu til sönnunar skal eg geta þess, að flest kunnug skip, sem þar sigla um, fara milli eyjar og lands, og í vor fekk eg skip, er eg var á, og risti fult svo djúpt sem strandferðabátarnir og póstskipin, til þess að sigla upp að eynni og hleypa mér þar á land; skipstjóri var fús á

það; að eins vildi hann ekki fara inn höfnina, af því að hún væri ekki löggilt. Það virðist máske í fljótu bragði ekki mikið unnið við að fá hafnir löggiltar, þar sem reka má verzlun án þess á hinum sömu stöðum; en þess er að gæta, að hægra er að fá skip vátrygð þangað eftir en áður, og við það er alls eigi lítið unnið.

Eg enda mál mitt með því, að eg vona að þessi löggildingarbeiðni verði ekki látin sæta harðari meðferð en aðrar slíkar beiðnir hafa orðið fyrir nú að undanförnu.

Guðl. Guðmundsson: Eg ætla ekki sérstaklega að leggja á móti löggilding hafnar þeirrar, sem hér ræðir um, en ætla að eins að gera nokkrar almennar athugasemdir um málið, sem eigi eiga fremur við þessa löggilding en hverja aðra.

Löggildingarmálið horfir nú nokkuð öðru vísi við en það gerði fyrir 3—4 árum síðan; það er nú orðin nokkur breyting á hlunnindum þeim, sem löggildingunum fylgja, síðan vínsölulögin frá 1899 komu í gildi. Fram að þeim tíma fylgdu þau hlunnindi — sem er ekki hlunnindi í mínum augum — löggiltu verzlunarstöðunum, að þar mátti reka vínverzlun, en nú er orðin breyting á því. H. þm. S-Þing. (P. J.) benti á tvö hagræði við það, að hafnir væru löggiltar; annað var það, að skip væru í sjálfu sér fúsari á að koma á slíkar hafnir og að hægra væri að fá þau vátrygð. Eg játa það, að þetta er takandi til greina, og eg veit það, að félög vilja ekki vátryggja skip á aðrar hafnir en þær, sem löggiltar eru. En fleira er að að gæta. Vér höfum nú til meðferðar hér á þingi sóttvarnarlög; af ákvæðum þeirra leiðir, að hvert nýtt kauptún hefir í för með sér nýjan kostnað fyrir landssjóð. Þetta verður að vega móti hlunnindunum. Þá er það annað sem engu síður er til greina takandi. Það má búast við því, að vilji þing og stjórn bindast fyrir verulegum framfarafyrirtækjum, þá muni ekki langt um líða, þangað til að nauðsyn krefji, að landssjóði sé útvegað meira vinnufé, og þetta fé mun að líkindum fengið með því, að fjölga tollskyldum vörum, og þá þyrfti tolleftirlit; en því fleiri, sem kauptúnin eru, því örðugra verður það og kostnaðarsamara.

Þetta verður líka að vegast á móti hlunnindunum. Reyndar er það enn ótekið fram, að á löggiltum verzlunarstöðum geta fullveðja menn fengið verzlunarleyfi með því að eins að leysa borgarabréf hjá sýslumanni, en sveitaverzlanir þurfa og að sækja verzlunarleyfi sitt til sýslunefndar.

Þetta eru hinar almennu athugasemdir, sem eg vildi koma með, og er þær ekki svo að skilja, að eg sé nokkuð sérstaklega að mæla á móti frumv. því, sem hér liggur fyrir.

H. þm. S.-Þing. (P. J.) lýsti staðháttum í Flatey, og efast eg alls eigi um að hann hafi skýrt þar rétt og satt frá, og sennilega er þessi höfn öllu álitlegri en höfn sú við Héraðsflóa, sem um var að ræða í gær.

Flutnm. (Pétur Jónsson): Eg hefi fátt við ræðu h. þm. V-Sk. (Guðl.Guðm.) að athuga, og álít aths. hans yfir höfuð réttmætar. Þess skal eg geta, að mér finst minni hætta á að stofna nýja löggilta verzlunarstaði nú, síðan vínsölulögin komust í það horf, sem nú eru þau í komin. Hið ótakmarkaða vínverzlunarleyfi, sem áður fylgdi löggildingunni, gat orðið þess valdandi, að fremur væri skaði en gagn að því, að fá suma staði löggilta.

Aðalástæðan fyrir því, að fá hafnir löggiltar nú, finst mér sú, að vátrygg-

ingarfélög vilja oft og tíðum ekki vátryggja skip á ólöggiltar hafnir.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr., með 16 samhlj. atkv.

Önnur umr., 4. ágúst (þgskj. 17).

ATKV.GR.: Meginmál samþ. með 18 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 atkvæðum.

Þriðja umr., 6. ágúst.

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 17 atkv. og afgr. til Ed.

Löggilding verzlunarstaða.

II.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaða við Járngerðarstaðavík í Grindavík (þingskj. 80); 1.umr., 11. ágúst.

Flutningsm. (Þórður J. Thoroddsen): Eg skal nú ekki verða langorður um þetta framv., þar eð eg vænti þess, að deildin veiti því góðar viðtökur. Þess fremur treysti eg því, að þessu máli verði tekið vel, þar sem komið hefir fram á þessu þingi löggildingarfrumvarp, sem var samþykt því nær í e. hlj.

Eg skal að eins leyfa mér að benda h. þm. á, að á lestrarstofunni liggur frammi beiðni frá mörgum hreppsbúum Grindavíkur um löggilding þessarar víkur, svo og lýsing á henni, og vil eg mælast til, að menn kynni sér þau skjöl.

Á þeim stað, sem hér er um að ræða, er regluleg höfn til staðar, og þar eð þetta er á suðurströnd landsins, þar sem hafnirnar ella eru svo fáar, þá mælir það því meira með því, að frv. verði samþ. Eg skal með leyfi h. forseta leyfa mér að lesa upp lýsinguna á víkinni:

»Járngerðarstaðavík skerst inn í landið frá útsuðri til landnorðurs, með Þórkötlustaðanesi að austan, Akurhúsanefi að vestanverðu.

Dýpi þar, sem skip liggja vanalega, er 20—24 fet, með hálfföllnum sjó út eða að; ef skip liggur rétt á víkinni, er óhætt að gefa út 50 faðma af keðju til austurs og vesturs, en ótakmarkað frá norðri til suðurs.

Útsker eða grynningar er ekki að óttast, og innsigling bein og krókalaus; sjógang er ekki að óttast á víkinni, nema ef vera skyldi í suðvestanátt, sem sjaldan kemur fyrir þegar um skipakomur þangað er að ræða«.

Eins og sést af þessari lýsingu, er að eins ein innsigling og nes beggja megin.

Eg skal líka leyfa mér að bæta við þessa lýsingu því, að norðanmegin eða landmegin við þessa vík er stór tjörn, sem kallast »Hóp«, og er í þeirri tjörn nóg dýpi um flóð fyrir útlend skip, en á milli Hópsins og víkurinnar er grandi, sem sjór gengur yfir. Þessa tjörn mætti án efa grafa upp og gera hlið á grandann til innsiglingar.

Ef eins væri háttað og hér annarsstaðar en á Íslandi, þá væri búið að gera höfn á slíkum stað fyrir löngu síðan.

Ennfremur skal eg geta þess, að einn er þegar farinn að verzla á þessum stað, og annar hefir nýlega fengið leyfi til verzlunar þar, svo engin hætta yrði á því, að höfnin yrði ekki notuð.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr., með 16 atkv. gegn 1.

Önnur umr., 13. ágúst.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 18 gegn 1 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 atkvæðum.

Þriðja umr., 15. ágúst.

ATKV.GR.: Frumv. í heild sinni sþ. með 20 samhlj. atkv.

Afgreitt til Ed.

Löggilding verzlunarstaða.
III.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Óshöfn við Héraðsflóa (þgskj. 10); 1. umr., 30. júlí.

Flutnm. (Jón Jónsson): Það þýðir víst ekki mikið, að halda langa ræðu um þetta mál, því þingið er fyrir löngu búið að taka fasta stefnu í þessum löggildingarmálum, þá stefnu, að láta reynsluna eina skera úr því, hverir staðir væru vel fallnir til að verða kauptún í framtíðinni. Eg skal að eins stuttlega skýra frá, hvaða orsök er til þess, að bera fram þetta mál sérstaklega nú. Eins og kunnugt er, þá er strandferðabátnum Hólum gert það að skilyrði, að hann komi við annaðhvort á Selfljótsós eða Skeri, en skipstjórinn á Hólum hefir að sögn látið það í ljósi, að hann væri því að eins fús til að koma við á Óshöfn, að þessi höfn væri löggilt. Þetta er ein af hinum mörgu tilraunum Héraðsbúa til að létta sér aðflutningana, og þeir, sem þekkja þar til, vita, að það er ekki gert ófyrirsynju.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 gegn 1 atkv.

Önnur umr., 1. ágúst.

ATKVGR.: Meginmál frumv. samþ. með 17 gegn 1 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 atkvæðum.

Þriðja umr., 4. ágúst,

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 17 gegn 1 atkv.

Afgreitt til Ed.

Samgöngumálanefnd.

TILLAGA til þingsál. um undirbúning og fyrirgreiðslu í samgöngumálum (þgskj. 24); ein umr., 4. ágúst.

Flutningsm. (Þórhallur Bjarnarson): Áður en eg fer inn á efnið sjálft, skal eg geta þess, að því var skotið að mér af h. deildarmönnum, er eg kom hér upp, að nefnd mundi verða sett í málið. Eg vil því leyfa mér að skjóta því til h. forseta, hvort nokkuð sé á móti því frá formsins hlið, að málið verði sett í nefnd, eins og það nú liggur fyrir.

Forseti: Samkvæmt þingsköpunum er heimilt að setja nefnd í mál á hvaða stigi sem er. Það má því vel setja nefnd í þetta mál, að loknum umr.

Flutningsm. (Þórhallur Bjarnarson): Þá er að víkja að efninu. Tillagan er þannig stíluð, að hún grípi yfir sem mest; hún tekur til allra skipaferða á sjó, sem haldið er uppi með styrk af landssjóð. Hún getur því líka náð til flóabátanna. Eg tek þetta fram, til þess að byggja fyrir allan misskilning. Þeir, sem vita, hvernig gengið hefir með samgöngumálið á undanförnum þingum, munu naumast neita því, að æskilegt sé, að slík mál séu sem rækilegast undirbúin af stjórninni, áður en þau eru lögð fyrir þingið, hún

hefir betri tíma til að sinna slíkum útbúningi heldur en alþingi, sem á svo stuttum starfstíma að fagna, og hefir um svo margt að fjalla.

Að ári er, eins og mönnum er kunnugt, útrunninn sá tími, er »Hið sameinaða gufuskipafélag« hefir tekið að sér ferðirnar. Eg hefi heyrt því fleygt, að félagið væri ráðið í að hætta ferðum hér við land. En því á eg bágt með að trúa, að það hætti að óreyndu, og geri engin boð, en í tillögunni, sem eg hefi borið fram, liggur beint, að ætlast sé til, að leitað sé fyrir sér víðar en hjá »Sameinaða félaginu«.

Við væntanlegt tilboð frá »Hinu sameinaða gufuskipafélagi« væri æskilegt, að tilboðið væri ekki að eins eitt, heldur tvö, eða jafnvel þrjú, þar sem félagið tæki til, að fyrir þessa og þessa upphæð gæti það haft ferðirnar svo og svo umfangsmiklar. Þetta fáum vér fyrir 30,000 kr. á ári, og þetta fyrir 50,000 kr.; og þingið að ári verður svo að meta, hvað mikið það má leggja af mörkum til þessa.

Í inngangsræðu á það ekki við, að koma fram með ofmargar aths. við einstök atriði málsins. Það verður að eins gert í nefnd. En maður getur ekki að sér gert, að láta í ljósi, að ýmislegt finst manni bogið við þessar ferðir, þar sem skipin stundum fara hvert ofan í annað um háusumartímann, þegar flutningsþörfin er einna minst. Annað vil eg og minnast á, sem verður tilfinnanlegra ár frá ári, og það eru Færeyjaviðkomurnar, og töfin þar. Það er enn sem komið er ómögulegt að fá beina ferð að haustinu, hvort sem maður nú vildi koma smjöri eða nýslátruðu fé sem skjótast og áhættuminst á markaðinn. Eg hefi átt tal við ýmsa menn um þetta, sem eru kunnugir »Hinu sameinaða gufuskipafélagi«, t. d. skipstjórann á »Laura«. Hann taldi það sennilegt, að hægt væri að fá fleiri ferðir en nú án viðkomu við Færeyjar. Eg inti hann líka eftir því, hvort Sameinaða félagið mundi ekki vilja bjóða í flóaferðirnar, og setja þær í samband við strandferðirnar, til þess að hægt væri að vera fljótari í förum kringum landið, en hringferðaskipin þyrftu ekki að krækja eins mikið. Er það ekki t. d. aumt, að maður skuli vera heila viku á leiðinni frá Búðardal til Borðeyrar, — sem mér er sagt að megi ganga á 7 stundum! — Um það vildi skipstjóri ekki láta neinar vonir í ljósi. Verði nefnd kosin í málið, þá er það hennar ætlunarverk að athuga og láta uppi meginkröfurnar, en hún ætti að forðast að skera og skapa um smærri atriði, eða með öðrum orðum, fara að gera nákvæmar ferðaáætlanir o. s. frv. Það verður að vera félagsins hlutverk, sem á að gegna framkvæmdunum. Að ferðirnar ekki hafa verið sem heppilegastar, er ekki félaginu einu að kenna. Þar liggur sök á beggja höndum, félagsins og þingsins. Eitt mjög mikið þýðingaratriði álít eg mér skylt að taka fram. Beri ferðirnar sig illa, þá borgum við hallann fyr eða síðar, því tapi félagið eitt skeiðið, fær þingið verri kjör hitt skeiðið. Hagsmunir félagsins, er ferðunum heldur uppi, og þess lands, er notar þær, skil eg ekki annað en fari æðilangt saman. Ferðaáætlunin verður aðallega að byggjast á reynsluathugunum þeirra, sem verkið reka, hvar samgönguþörfin er brýnust.

Sjálfur ætla eg ekki að stinga upp á nefnd, en læt þá ósk í ljósi, að tillagan í sínum almennu ákvæðum verði samþ. fyr eða síðar.

Pétur Jónsson: Eg hafði ekki búist við að stungið yrði upp á nefnd í þessu máli. (*Forseti* og flutnm.: Það

hefir ekki verið gert). Jæja, mér hefir skilist svo, að slík uppástunga væri í aðsigi. Eg vil því víkja því að flm., hvort ekki mundi heppilegra — af því svo margar nefndir hafa verið kosnar — að skjóta þessu máli til nefndar þeirrar, er síðast var kosin og því er skyldust. Það verða að eins aðaldrættirnir í málinu, er nefndin mundi fást við, og því virðist mér ekkert því til fyrirstöðu, að rafskeytanefndin tæki það líka að sér.

Tryggvi Gunnarsson: Eg leyfi mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

Pètur Jónsson: Eg leyfi mér að stinga upp á, að málinu verði skotið til rafskeytanefndarinnar, er kosin var áðan.

ATKV.GR: Seinni tillagan feld með 12 : 5 atkv.

Samþ. að kjósa 5 manna nefnd.

Þessir hlutu kosningu:

Þórhallur Bjarnarson	með	23 atkv.
Ólafur F. Davíðsson	—	13 —
Tryggvi Gunnarsson	—	13 —
Þorgrímur Þórðarson	—	11 —
Björn Kristjánsson	—	11 —

Framhald einnar umr. 16. ágúst (þgskj. 24, 143).

Framsögnm. (Þórhallur Bjarnarson): Nefndin í máli þessu hefir komist að þeirri niðurstöðu, að þingsál.till. á þgskj. 24 um undirbúning og fyrirgreiðslu í samgöngumálum sé þörf, og óskar að hún sé samþ. af háttv. deild. Við till. hefir svo nefndin tengt nokkrar leiðbeinandi aths. í álitsskjali sínu.

Aðalatriðið í nefndarálitinu er það, að svo megi haga ferðunum, sérstaklega kringum landið, að þær yrðu kostnaðarminni fyrir útgerðina, en þó sem næst að sama gagni fyrir landsmenn, sem ferðirnar nú, og jafnvel í sumum greinum enn haganlegri. Till. gengur því í þá átt, að gera bægra fyrir með nýja samninga um gufuskipaferðir milli Íslands og útlanda og með ströndum fram. Nefndin hefir í tillögum sínum einkum haft fyrir augum hið sameinaða gufuskipafélag, því hún gerði ráð fyrir, að það væru ekki svo margir af þeim, sem mundu vilja taka að sér slíkar ferðir, er hefðu nægilegan kraft til að reka þær, svo tryggilegt sé. Þó telur nefndin sjálfsagt, að einskorða sig ekki við hið sameinaða gufuskipafélag, heldur leita víðar fyrir sér.

Nefndin hefir nefnilega gengið út frá því, að ekki megi hækka neitt sem heitir tillagið úr landssjóði til gufuskipaferðanna; hún álítur, að landið sé ekki fært um, að taka þar upp á sig öllu þyngri byrði.

Eg sé ekki ástæðu til að fara að taka hér upp það, sem nefndin segir í áliti sínu; þó er það eitt atriði, sem eg skal leyfa mér að taka nokkuð ítarlegar fram en þar er gert; það er um fyrstu ferð Vestu, eða þess skips, sem koma kann í hennar stað í kringum landið. Gufuskipafélagið hefir látið á sér skilja, að það teldi sér hag að því, að skipið færi ekki í þessari ferð norður um land aftur frá Reykjavík, heldur til Austurlandsins og þaðan beint til útlanda.

Nefndin getur hallast að þessu með þeirri breytingu, að skipið komi fyrst beint frá útlöndum til Reykjavíkur, og fari svo þaðan austur og norður um land hringferð til Reykjavíkur, og þaðan svo beint til útlanda. Það liggur í augum uppi, hvílíka þýðingu það hefir, að skipið komi til Reykjavíkur, áður en það hefur hringferð sína um landið. Á þann hátt verður póstflutningur fluttur frá Reykjavík og til hennar, og Reykjavík fær beinar ferðir utan og út. En það er eitt í sambandi við þetta, sem nefndin hefir naumast lagt nóga áherzlu á í áliti sínu, og það er það, að jafn-

framt því sem þessi breyting kemst á, sé það áskilið, að Vesta leggi að minsta kosti viku fyr á stað í þessa fyrstu ferð sína frá Kaupmannahöfn en hún hefir gert, svo að hún geti komið að minsta kosti eins snemma á hringferðinni á viðkomustaði sína á Norður- og Austurlandi. Á þetta vill nefndin leggja hina mestu áherzlu, miklu ríkari en er í nefndarálitinu. Hver vikan, sem koma skipsins til Norður- og Austurlandsins dregst um þær mundir, getur orðið til þess, að hafís teppi ferðina; því er það svo þýðingarmikið, að þessi ósk sé tekin til greina, og eg bið hinn hæstv. landsh. að taka þessa yfirlýsingu sem viðbót við nefndarálitið.

Uppástunga nefndarinnar um, að ferðum strandbátanna sé breytt þannig, að hvor þeirra fari jafnan heila hringferð kringum landið, stendur ef til vill ekki á miklu. En geti félagið á þann veg haft meiri arð af bátunum eins og að er vikið í nefndarálitinu, og vér jafnframt svipað gagn, þá væri vel farið, að breytingin væri gerð.

Það er fyrir löngu viðurkent, hversu óhagkvæmar Færeyjaferðir millilandaskipanna séu fyrir oss, og nokkur von um, að vér fáum einhverja umbót á því, og vísa eg þar til nefndarálitsins.

Það sem samningarnir í fyrra milli þingsins og gufuskipafélagsins munu einkum hafa strandað á, var farmgjaldshækkunin við umskipun. Nefndin hefir þar stungið upp á milliveg milli þess, sem félagið fór fram á, og þess, sem nú er, og vonar að allir hluteigendur meti hann sanngjarnan.

Loks hefir nefndin lagt áherzlu á — og hún vonar, að hún hafi þar eindregið fylgi h. deildar, — að skorður verði reistar gegn hinni hneykslanlegu áfengissölu strandferðaskipanna á höfum inni. Þó hefir nefndin ekki komið með sérstaka þingsál.till., er fari fram á, að áfengissala þessi sé bönnuð, en hún treystir því, að hæstv. landsh. muni bera fram fyrir stjórnina óskir vorar um þetta, og að þær muni verða teknar jafnt til greina, þá er samningarnir verða undirbúnir, eins og þó að sérstök þingsál. hefði legið fyrir. Sé nokkur sá í hinni háttv. deild, sem lítur öðru vísi á það atriði, væri æskilegt, að hann léti það uppi nú við umr.; annars verður að telja það samhuga álit deildarinnar.

Sigurður Stefánsson: Eg hefði getað búist við því, að þessar bendingar nefndarinnar um breytingu á vetrarferðum Vestu hefðu gengið nokkru lengra en til er tekið í nefndarálitinu. Það er öllum vitanlegt og reynsla okkar hefir sannfært okkur um það, að það er enginn tími hættulegri fyrir skipaferðir kringum land en síðari hluti marzmánaðar, því þá er ísinn oftast kominn að landinu, ef á annað borð ísár er, en í febrúarmánuði er oftast nær íslaust fyrir öllu Norðurlandi. Þess eru fá dæmi, að ís hafi tept skipaferðir í febrúarmánuði. Mér er sagt að það hafi komið fyrir í vetur, en eg hygg það vera nálega eins dæmi. Eg hefði því helzt kosið, að bendingarnar frá nefndinni hefðu verið í þá átt, að Vesta færi ekki góðri viku fyr á stað frá Kaupmannahöfn í fyrstu ferð sinni, heldur góðum þrem vikum fyr en nú; í stað þess, að hún nú fer á stað 1. marz, þá að hún færi snemma í febrúar. Eg hygg, að það gæti orðið til þess, að bjarga Norðurlandi frá því að standa uppi vista- og vörulaust á miðjum vetri. Í febrúar er oftast hvað bezt tíð hér á landi, en marzmánuður er einna illviðrasamasti mánuðurinn á öllu árinu.

Það voru að eins þessar athugasemdir, sem eg vildi skjóta til nefndarinnar, hvort hún vildi ekki undirstrika

það við stjórnina, að 1. ferð Vestu yrði ekki einni, heldur þrem vikum fyr en nú er.

Pétur Jónsson: Eg þakka h. þm. Ísf. (Sig. Stef.) fyrir athugasemd hans, og er hún alveg rétt, að því leyti að íshættan fyrir Norðurlandi vex eftir því, sem meir líður á útmánuðina; hún er minst á þorranum, meiri á góunni, og mest á einmánuðinum. Það er nærri eins dæmi, hvað ísinn kom snemma í vetur, að hann skyldi teppa skipaferðir í febrúarmánuði. Eg man ekki til, að það hafi komið nokkurn tíma fyrir fyr, síðan eg komst á legg, og eftir því, sem sagt er af eldri mönnum, þá mun það vera eins dæmi að kalla.

Þá er líka að líta á það viðvíkjandi samgöngunum á síðari tímum, að margt hefir breyzt, verzlunin hefir aukist og jafnframt kröfurnar til verzlunarinnar; en verzlanirnar sjálfar fullnægja þeim kröfum ver en áður, að byrgja sig upp með matvælum: þess vegna er hættan meiri nú við vistaskorti en fyrir 20 árum síðan. Samkepnin hefir aukist, en hún hefir aðallega gengið í þá átt, að sölsa undir sig viðskiftamenn, en hitt setið á hakanum, að tryggja sig með nóg af nauðsynjavöru. Þess vegna eru miðsvetrarferðir nú nauðsynlegri en áður.

Framsm. (Þórhallur Bjarnarson): Ut af orðum h. 2 síðustu ræðumanna skal eg geta þess, að það kom einmitt til tals í nefndinni, þetta, að íshættan ykist eftir því, sem á liði veturinn, og með tilliti til þess var farið fram á að fyrsta hringferðarskipið færi fyrst af stað, til þess að vera jafnsnemma á ferðinni og nú, þótt komið væri fyrst til Reykjavíkur. Þetta kom til tals í nefndinni, að Vesta væri töluvert fyr á ferðinni norður um landið en nú, einmitt vegna ísins; en það sáum vér að gerði fleiri breytingar nauðsynlegar, og vér vildum ekki leggja út í að gera neina ferðaáætlun. Við héldum okkur við nefndarálitið frá í fyrra og reyndum að laga ágreiningsatriðin, er þá voru, og miða sem næst við það sem verið hefir, með það fyrir augum, að landssjóðstillagið þyrfti ekki að hækka. Eg játa að það er betra fyrir Norðurland, að þessi ferð gæti orðið fyr á árinu, en annars getur samnefndarmaður minn af Norður- og Austurlandi, sem kunnugri er þar en eg nú er orðinn, gefið betri upplýsingar um þetta atriði.

Eina kröfu hefir þó nefndin tekið til viðauka, þá, að Laura verði látin koma við á Seyðisfirði í fyrstu ferð. Nefndarmaðurinn úr Múlasýslu lagði mikla áherzlu á þetta atriði, og við hinir nefndarmenn hans vorum honum samdóma um það, enda því fast haldið fram í fyrra.

Tilgangurinn með umræðunum um þetta mál og nefndarálitinu er að eins sá, að gefa stjórninni bendingar um óskir landsmanna og hið eina, sem getur verið ályktunaratriði nú, var það, að skora á stjórnina að undirbúa þetta mál fyrir næsta þing, og að hafa á takteinum fleiri en eitt tilboð, ef vera vill frá sama félagi með mismunandi fyrirkomulagi á ferðunum og misháu tillagi.

Ólafur Briem: Það er eitt atriði í nefndarálitinu, sem eg vildi minnast á, af því að mér fanst h. framsm. (Þ. B.) ekki leggja nóga áherzlu á það, en eg álít, að það hafi talsverða þýðingu; og það er, hvort það sé ekki haganlegt, að strandferðabátarnir fari hvor um sig alla leið í kringum landið. Að undanförnu hefir ferðum þeirra verið hagað svo, að annar hefir farið frá Reykjavík vestur um land, en hinn austur um land, en hvorugur farið lengra áleiðis en til Akureyrar, og hafa

þeir svo farið sömu leið aftur til Rvíkur. Afleiðingin af þessu fyrirkomulagi er sú, að þegar hafís liggur t. d. við Horn, svo að báturinn, sem vestur um fer, kemst ekki norður fyrir, þá fara allar hafnir á Skagafirði og Húnaflóa á mis við strandferðirnar, þótt íslaust sé á þessum fjörðum og alla leið að austanverðu við landið, með því báturinn, sem kemur austan um (Hólar), á ekki eftir áætlun sinni að fara lengra vestur en á Akureyri. Eins er t. d. þegar ís liggur við Langanes og teppir skipaferðir austan um landið en íslaust er við Horn. Þá verða Þingeyjarsýslurnar út undan, því sá báturinn, sem fer vestan um landið (Skálholt), fer ekki lengra austur en til Akureyrar. Þessi vankvæði, sem hér er drepið á, komu einmitt ljóslega fram á síðastliðnu vori. Því þá var skipaleiðin vestan um landið miklu lengur tept en að austanverðu. En á þessum vankvæðum mætti ráða bót með því, að láta strandferðabátana, hvorn um sig, fara alla leið í kringum landið, eða svo langt sem þeir kæmust óhindraðir af ís.

Með því að þetta fyrirkomulag, sem hér er bent á, ekki gæti orðið til skaða að neinu leyti, og það hins vegar getur haft mikla þýðingu í ísárum fyrir talsverða hluta Norðurlands, þá væri æskilegt að það kæmist á sem fyrst.

Framsm. (Þórh. Bjarnarson): Má eg að eins upplýsa það, að það var einmitt þetta sama, sem vakti fyrir nefndinni og h. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) mintist á, er hún í áliti sínu gaf þessar bendingar um breytingu á ferðum strandbátanna?

Ari Brynjólfsson: Eg álít þessar hringferðir mjög æskilegar, en mér virðist það að eins vanta í og vera nauðsynlegt, að bátarnir hittist á einhverjum vissum stað, t. d. Akureyri, svo að hægt væri að fara úr öðrum í hinn, og að slíku fyrirkomulagi mundi verða hin mestu þægindi fyrir ferðafólk, enda hefi eg oft heyrt kvartað yfir því, að bátarnir eigi skuli vera látnir mætast á Akureyri. Það var að eins þessi stutta athugasemd, sem eg óskaði að gera við nefndarálitið, því að öðru leyti hefi eg ekkert við það að athuga; með því líka að aðrir eru búnir að gera þær athugasemdir við það, sem eg álít nauðsynlegar.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Það var að eins lítil athugasemd, er eg ætlaði að gera. Engum dylst, að nauðsynlegt er að strandbátarnir væri betri ísskip en nú gerist. Það væri því vel til fallið, að þeirri ósk væri beint að félaginu, ef það tæki strandferðirnar að sér, að sterkari skip væri notuð til þeirra. Fyrir norðan heyrði eg marga, er kunnugir voru siglingum og ísfari, tala um það í vor, að á góðum skipum hefði alt af mátt fara þar með ströndum fram, og þó var þetta vor óvenjulega mikið ísavor. Til slíkra ferða, þar sem hætt er við ísum, ætti að nota tréskip í stað járnskipa, líkt gerð og selveiðaskip þau, er Norðmenn stunda veiði á í norðurhöfunum. Á þennan hátt mætti oft komast fyrir þá hættu, að ísar hefðu skipaferðir fyrir Norðurlandinu.

Annars skal eg geta þess, að eg er þakklátur þeim h. þm., er hafa bent á, að Vesta ætti að leggja fyr á stað frá Höfn. Hún þyrfti að fara þaðan svo snemma, að hún gæti verið komin fyrir Horn í síðasta lagi um miðjan marzmánuð.

Framsm. (Þórh. Bjarnarson): H. þm. S-Múl. (A. B.) leizt vel til fallið að tiltaka einhverja höfn, þar sem bátarnir skyldu mætast, t. d. á Akureyri. Þetta kom líka til tals í nefndinni; en með því að hún vildi ekki fara að búa til neina ferðaáætlun, lét hún þess ó-

getið. Hitt kom þar aftur á móti ekki til tals, er h. 2. þm. Skgf. (St. St.) vék að, að fara fram á, að sterkari skip væri höfð til strandferðanna. Slíkur sérstakur útbúnaður til þess að komast betur áfram í ísárum mundi hafa mikinn kostnað í för með sér, og því getur það naumast komið til mála. Hæstv. landsh. hefir skotið því að mér, hvort hægt væri að banna áfengissölu á skipunum inni á höfnum, einnig að því er til farþega tekur. Sú sala fer nú mestmegnis fyrir milligöngu farþega.

Bannið er gagnslaust og þýðingarlaust, nái það ekki einnig til farþeganna. Einasta undantekning, sem maður getur hugsað sér þar, er að farþeginn megi kaupa áfengi til neyzlu við sjálfar máltíðirnar í skipum inni á höfnum.

ATKV.GR.: Tillaga til þingsályktun- (þgskj. 24, 143) samþ. í e. hlj. og send til Ed.

Þráðlaus rafskeyti.

I.

TILLAGA til þingsályktunar um þráðlaus rafmagnsskeyti (þgskj. 19); ein umr., 4. ágúst.

Flutningsm. (Guðlaugur Guðmundsson): Eg ímynda mér, að h. deild sé mál þetta allkunnugt. Eins og allir vita, hefir það á síðari árum verið mikið áhugamál manna, að koma á telegrafsambandi milli Íslands og útlanda.

Á þingi 1895 var málinu hreyft, og á þinginu 1897 var boðið fram fé til að koma málinu í verklega framkvæmd, og síðan hefir verið veitt fé í fjárlögunum til hins sama, ef til kæmi að á þyrfti að halda. Menn hafa þannig verið sammála um það, að nauðsyn bæri til að koma Íslandi í ritsímasamband við útlönd, en ágreiningur hefir orðið um fyrirkomulagið; en það má telja aukaatriði í máli þessu. Mest er um það vert, að fá sambandinu komið á, annaðhvort ritsíma-sambandi milli útlanda og Austfjarða eða útlanda og Reykjavíkur, eins og svo mikið hefir verið rætt og deilt um, eða þá öllu helzt þráðlausu rafmagnsskeyta-sambandi, eins og nú er farið að ympra á.

Tilefnið til þess, að máli þessu er nú hreyft hér, er einkum það, að utanþingsmaður einn hér í Reykjavík hefir komist í samband við Marconifélag það í Lundúnum, sem vinnur að útbreiðslu þráðlausra rafmagnsskeyta. Félag þetta hefir skrifað honum og tjáð sig fúst á að koma Íslandi í rafmagnsskeytasamband við umheiminn, ef samningar gætu komist á milli þingsins og þess. Utanþingsmaður þessi, sem eg nefndi, bar málið í þingbyrjun undir marga þingmenn, og mun það hafa fengið góðar undirtektir hjá þeim. En nú er svo komið, að von er á sendimanni hingað til lands frá félaginu, og er alllíklegt, að hann verði kominn hingað fyrir þinglok.

Ætlunarverk nefndar þeirrar, sem farið er fram á í tillögunni að skipuð sé, verður þá það, að leita sér sem beztra upplýsinga og að undirbúa málið eftir því, sem föng eru á, undir samninga við sendimann félagsins. Vér vitum það, að Marconi hefir hepnast að senda hin þráðlausu skeyti sín á sjó yfir lengri veg en er á milli Íslands og næstu landa.

Að því leyti eru engir óviðráðanlegir örðugleikar fyrir hendi með að koma Íslandi í rafmagnsskeytasamband við útlönd. Vér vitum það líka, að hann hefir annarsstaðar mætt töluverðri mótspyrnu gegn því, að uppgötvun hans væri hagnýtt svo, sem hann hefir ósk-

og sjálfsagt svo sem mátt hefði. Félög þau sem kostað hafa stórfé til að leggja ritsíma milli landa og um löndin, líta alt annað en hýrum augum á uppfundning Marconis, og berjast með oddi og egg móti hagnýting hennar, eru sem sé hrædd um að slíkt mundi gera sér stórhnekki.

Hér á landi horfir þessu öðru vísi við; hér er ekki ástæða fyrir neina til að amast við tilraunum Marconis; þvert á móti. Fyrir félagið, sem eg nefndi, ætti það og að vera áhugamál, að gera tilraun hér, þar sem það veit, að eigi verður varpað steini í götu þess. Takist hún vel, sem full ástæða er til að vona, þá hefir það sýnt í verkinu, hve mikilvæg uppgötvunin er, og með því greitt stórum fyrir hagnýting hennar.

Lárus H. Bjarnason: Eg stend að eins upp til að lýsa gleði minni yfir því, að þessu máli hefir verið hreyft. Það er sitt hvað, að styðja þetta mál eða sæsímamálið forðum, með öllum öngum þess út um vort strjálbygða og hrjóstruga land. Þó sé eg ekki nein tök á því, að þetta mál verði rannsakað svo á jafnstuttu þingi, að til nokkurrar hlítar sé; enginn meðal þm. er sérstaklega inni í þeim efnum, og eg veit ekki af neinum utanþingsmanni hér í bæ, er leitað verði upplýsinga til. En úr því málið nú er komið inn á þetta þing, þá sakar ekki að nefnd sé skipuð í það.

ATKVGR.: Tillagan á þgskj. 19 sþ. í einu hlj.

Kosnir í nefnd:

Tryggvi Gunnarsson	með	13	atkv.
Guðlaugur Guðmundss.	—	12	—
Pétur Jónsson	—	12	—
Jón Jónsson	—	12	—
St. Stefánss., þm. Skagf.	—	12	—

II.

TILKYNNING frá landshöfðingja 5. ágúst.

Landshöfðingi: Eg skal leyfa mér að tilkynna háttv. deild, að eg meðtók í gær bréf frá stjórninni, þar sem hún skýrir frá, að hún sé byrjuð á samningum við félag eitt í Belgíu, um að taka að sér að koma á þráðlausu firðritunarsambandi bæði innanlands á Íslandi og milli Íslands og Færeyja, og svo sjálfsagt þaðan annaðhvort til Shetlandseyja, Noregs eða einhvers annars staðar erlendis.

Þegar bréfið var ritað, var samningunum ekki lokið; en búist er við, að félagið muni þó heimta líkt tillag og lofað hefir verið frá Íslandi og Danmörku til rafsegulþráðarlagningar til Íslands, og að það muni vilja binda fjárveitinguna við svipaðan árafjölda og hin fjárveitingin var bundin við, og að það muni enn fremur áskilja sér einkarétt til skeytasendinga til Íslands um það tímabil. Samningum var ekki komið lengra en þetta, þegar stjórnarbréfið var ritað, svo að hún gat þá ekki gefið frekari skýringar, en hún býst sterklega við, að samningarnir muni komast á, og því vill hún fá heimild hjá þinginu til að mega verja þeim 35,000 kr., sem í fjárlögunum eru ætlaðar til rafsegulþráðslagningar, til þess að koma á loftritun þeirri, er hér ræðir um; hefir hún falið mér að fá komið fram breyt.till. við fjáraukalögin í þessa átt, og hefi eg þegar skrifað nefndinni í því máli um þetta. Sé ekki þessi vegur farinn, þá er það fyrst eftir þing 1903, að stjórnin getur haft heimild til að lofa ákveðnu fjárframlagi frá Íslands hálfu til þessa nauðsynlega fyrirtækis, en eftir því sem mér skilst á bréfi stjórnarinnar, mun slíkt geta orðið til að tefja fyrir mál-

inu, því að svo er að skilja, sem brátt muni verða byrjað á framkvæmdum, eftir að samningum er lokið.

Vinnuhjúalög.

FRUMVARP til laga um vinnuhjú og daglaunamenn (þgskj. 168); 1. umr., 19. ágúst.

Hermann Jónasson: Það er ekki þörf á því að halda langa tölu um mál þetta nú, því að það er sjálfsagt kunnugt flestum h. deildarmönnum. Það hefir verið tvívegis fyrir á þingi áður, og sætt í bæði skiftin góðum undirtektum.

Það sem einkum liggur til grundvallar fyrir þessu lagafrv. er það, að koma á meira jafnrétti milli húsbænda og hjúa en nú er. Önnur ástæða fyrir því að málið hefir verið borið fram, er sú, að ýms ákvæði í vinnuhjúatilskipuninni frá 23. jan. 1866 eru orðin úrelt, en það er jafnan leiðinlegt að hafa þau lagaákvæði, sem alls eigi geta staðist eða átt lengur við.

Enn ein ástæða er fyrir því, að frv. þetta er komið fram, og hún er sú, að vér þörfnumst að fá lagabálk um daglaunamenn, oss vantar hann með öllu, og má það telja harla óheppilegt, þar sem nú er svo komið, að daglaunamenn eru orðnir fjölmennir mjög hér á landi, og fer sífjölgandi. Það er ekki ofsögum sagt, að slíkur lagabálkur snertir því nær hvern mann á landinu, annaðhvort sem vinnuveitanda eða sem vinnuþiggjanda.

Þegar málið var fyrir á þingi 1899, var skipuð í því 5 manna nefnd í Ed. Sú nefnd athugaði málið mjög vandlega, og kom fram með nokkrar breytingar á því. Þá var málið samþykt nálega með öllum atkv. í deildinni; síðan gekk það til Nd., en komst þá eigi út úr þinginu sökum tímaskorts.

Á síðasta þingi var málið fyrst borið upp hér í deild, og nefnd skipuð í því, og gekk það með samhljóða atkv. til Ed., en þar dagaði það þá uppi.

Nú á þessu þingi hefir málið enn á ný verið athugað í nefnd í Ed., og fór það úr þeirri deild með samhjóða atkv. Ef enn ætti að setja það í nefnd í þessari deild, þá væri það sama sem að eyða málinu enn einu sinni. Nefndarskipun nú væri og harla tilgangslítil, þar sem málið hefir áður verið athugað jafn-rækilega á þingi eins og eg benti á. Og enn minni ástæða er til að skipa nefnd nú að nýju, þegar þess er gætt, hve lítilfjörlegum breytingum málið hefir tekið síðan það kom úr nefnd frá Ed. 1899, og að sumar af þeim breytingum, sem gerðar hafa verið, hafa verið teknar aftur og málinu hrundið í sitt upphaflega horf. Þannig var önnur sú höfuðbreyting, sem gerð var á frumv., feld í Ed. nú.

Þær breytingar, sem háttv. Ed. hefir gert nú, má segja að séu lítilfjörlegar, en þó fremur til bóta að undantekinni einni, sem eg er í vafa um, hvort svo megi teljast. Við þessa umr. get eg annars ekki rakið breytingar þessar, en vona að betri kostur gefist á að víkja að þeim við aðra umr. málsins. Eg vona að h. deild sé mér samdóma um það, að breytingar á frumv. frá því það fór héðan í fyrra séu svo lítilfjörlegar, að engin þörf sé á að skipa nefnd að nýju í málið í þessari deild. Eg skal taka það fram, að eg sé ekki betur en að í þessu frumv. felist ýmsar þýðingarmiklar breytingar frá vinnuhjútilskipuninni 1866, og að það hafi að geyma ýms áríðandi ákvæði, sem í hana vanta, einkum að því er daglaunamenn snertir, sem varla voru hér til, þegar sú tilskipun var gefin.

Eg hefi enn eigi getað fundið, að í frumv. þessu séu nein skaðvænleg ákvæði fyrir verkmannalýðinn né vinnuveitendur; að minsta kosti mun mér óhætt að fullyrða það, að gallarnir á frumv. þessu séu minni en á vinnuhjúatilskipuninni gömlu, eins og eðlilegt er, þar sem það er sniðið eftir nútíðinni, en hún miðuð við löngu breytt ástand.

Sigurður Stefánsson: Eg hefi þó nokkuð kynt mér frumv. þetta ekki einungis á þessu þingi, heldur líka á þinginu 1899, en verð að segja það, að eg hefi aldrei getað orðið mjög hugfanginn af því. Það er oft viðkvæðið hjá þm., þegar ný lagafrv. eða önnur nýmæli eru borin fram: Hver hefir óskað þessa? Hvaða nauðsyn liggur til grundvallar fyrir þessu frá þjóðarinnar hálfu? Eg hygg, að það muni örðugt fyrir formælendur málsins að svara svofeldum spurningum, og mér er ekki kunnugt um neina sérlega óánægju með vinnuhjúnlögin gömlu.

Það er jafnan vandaverk og viðsjárvert, að breyta gömlum lögum, sem þjóðin er búin að lifa sig inn í, og sem hún virðist ánægð með; en því varúðarverðara er það hér, þar sem sú stétt á hlut að máli, sem hér á enga fulltrúa, sú stétt, sem hvorki á kost á að láta í ljós skoðanir sínar á þingmálafundum, né taka þátt í þingmannakosningum. Þegar svo er ástatt, er það varúðarvert að breyta kjörum þessarar stéttar, svo framarlega sem ekki koma fram almennar raddir um, að knýjandi ástæður séu til breytinganna. Að minsta kosti munu þurfa miklu sterkari ástæður að vera fyrir breytingunum en fram hefir komið að nú séu. Yrði það með rökum sagt, að vinnuhjúaeklan stafaði af óhagkvæmri vinnuhjúalöggjöf, þá skal eg játa það, að full ástæða væri til að taka þá löggjöf til yfirvegunar. Eg held nú að engum detti í hug að segja að svo sé. Það er víst langt frá því, að vinnuhjúalögin verði talin óhagkvæm í garð vinnuhjúanna. Af því að nú er 1. umr. málsins, get eg ekki gengið inn á einstök atriði þess; að eins get eg tekið það fram með almennum orðum, að aðalflytjandi málsins, hátt. 1. þm. Húnv. (H. J.), hefir játað það, að frv. hefði að innihalda að eins óverulegar breytingar á núgildandi lögum. En það er einkennilegt, að allar þessar smábreytingar ganga í þá átt, að þröngva kosti vinnuhjúa fram yfir það, sem nú er. Það er rauði þráðurinn, sem gengur gegnum frumv., og það er þessi stefna, sem eg álít að sé svo varúðarverð, ekki sízt eins og nú stendur á.

Það er alkunnungt, að lítið tillit hefir verið tekið til vinnuhjúatilskipunarinnar í framkvæmdinni; það er eins með hana og önnur lög, sem mest grípa inn í daglega lífið, að þar ráða meir samningar og samkomulag en hinn skrifaði lagabókstafur.

Eg tek það aftur upp, að eg tel það mjög óheppilegt, að gera tilraunir til að þröngva kosti hjúa einmitt nú á þeim tíma, þegar bændur kvarta hvað mest yfir vinnuhjúaeklu; það er sannarlega nokkuð kynlegur vegur til þess að reyna að ráða bætur á þeim vandræðum.

Eg skal játa það, að einstök atriði í vinnuhjúatilskipuninni 1866 eru nokkuð þungbær fyrir húsbændur; en það kemur fremur sjaldan fyrir, að bændur fái á því að kenna, að minsta kosti svo sjáldan, að ekki er það næg ástæða til þess að fara að umsteypa tilskipuninni í heild sinni fyrir þá sök.

Eg get varla skoðað frumv. þetta öðru vísi en árás — eg leyfi mér að

nefna það því nafni — á vinnuhjúastéttina, miklu betur fallna til að espa vinnufólk gegn vinnuveitendum og gera það ófúsara á að ganga í vist, en til þess að útvega þeim meiri og betri vinnukraft. Sú breyting, sem ætti að leiða til þess að fólk yrði fúsara á að vistráða sig en nú er, hún yrði að ganga í alveg öfuga átt við frv. þetta.

Að endingu skal eg taka það upp aftur, sem eg sagði í byrjun ræðu minnar. Eg sé enga nauðsyn á frv. Það hefir engin yfirlýsing komið fram frá hjúum eða bændum um, að þeim þyki breytingin æskileg, og það er langt frá, að eg telji frumv. þetta til bóta frá því sem nú er, og því vildi eg leggja til, að það væri þegar felt frá umræðum.

Pétur Jónsson: Eg skal játa það, að eg er ekki svo kunnugur breytingum þeim, sem frv. þetta gerir á gildandi lögum eins og æskilegt væri. Þó er eg svo kunnugur þeim, að eg get eigi fallist á skoðun h. 2. þm. Ísf. (Sig. St.) um, að frv. þetta stefni að því, að þröngva kosti vinnuhjúa. Mér finst h. þm. (S. St.) hafi ekki valið rétt orð yfir áhrif þau, sem breytingarnar mundu hafa, að kalla það að þröngva kosti vinnuhjúa.

Það er satt, að það er gert ráð fyrir í frv., að réttur hjúanna á heimilinu verði í sumum greinum takmarkaðri en hann er eftir núgildandi lögum; en það get eg ekki beinlínis kallað að þröngva kosti þeirra, einkum þegar þess er gætt, að í öðrum greinum er hann aftur rýmkaður, og að ákvæðin um skyldur og réttindi húsbænda og hjúa hvors gagnvart öðru eru ákveðnari, samræmilegri og ljósari í frv, en í vinnuhjúalögunum gömlu.

Eg hygg að þetta hafi svo mikið að segja, að eg kvíði því ekki, að eg muni verða óhjúasælli eftir en áður, þótt frv. þetta verði að lögum. Ekki kvíði eg því heldur, að hjú muni þykkjast við mig fyrir það, þótt eg haldi því fram, að rétt sé að setja lög, sem afmarki sem glöggast réttindi hjúanna.

Þau öfl, sem mestu ráða í viðskiftum hjúa og húsbænda, eru sterkari en svo, að þessi lög muni verka að nokkrum mun á þau.

Eftirspurnin eftir vinnukrafti og vinnuhjúum er svo mikil nú á dögum, að það er engin hætta á því, að rétti hjúanna gagnvart húsbændunum muni ekki vel borgið, sérstaklega þegar þessi lög miða að því, með hinum nákvæmu ákvæðum sínum, að fyrirbyggja prætur og vernda hjúið gegn ýmsum órétti af hendi húsbænda, fram yfir það, sem eldri lög gera.

H. 2. þm. Ísf. (S. St.) sagði, að breytindar frá eldri lögum væru óverulegar. Eg er honum samdóma um það, að stórvægilegar séu þær ekki, og þar sem eg fæ ekki séð að þær séu skaðvænlegar, heldur þvert á móti, þá sýnist það óviðkunnanlegt, að frv. fái ekki framgang á þessu þingi, og því leiðara er það, þar sem bæði á undanförnum 2 þingum og nú hefir verið varið töluverðum tíma til að athuga málið, bæði af bændum og lögfræðingum, svo að það má heita full trygging fyrir, að ákvæði frumv. séu bæði orðin skýr og full-viðunanleg. Þegar svo er, þá sé eg satt að segja ekki, í hvaða tilgangi á að vera að draga málið enn á ný.

Eftirspurnin eftir vinnuafli er nú svo sterk, að það er sjálfsagt miklu meiri hætta á að húsbændur verði að gera sér að góðu, hvernig unnið er, og að þeir verði að beygja sig fyrir hörðum kröfum um kaupgjald og viðurgerning, máske harðari en þeir geta risið undir, það er meiri hætta á þessu en hinu, að húsbændur traðki rétt hjúa eða beiti harðræði við þau. Hér er um þá hættu

að ræða fyrir þjóðfélagið, sem eigi má loka augunum fyrir, og ástæða til að athuga, hvort eigi verði sett hæfileg og sanngjörn takmörk.

Eg lít nú svo á þetta mál, að það sé orðið þannig úr garði gerð, að engin vansæmd sé að sleppa því nefndarlausu gegnum deildina, og að frv. sé þannig vaxið, að vér eigum að samþykkja það.

Landshöfðingi: Það er gömul og góð regla, að eigi beri að breyta gömlum lögum né innleiða ný lög, nema brýn nauðsyn krefji.

Þessari reglu var svo stranglega fylgt hjá Grikkjum í fornöld, að í einu ríki þar voru það lög, að ef einhver vildi bera upp nýtt lagafrumv. á þjóðsamkomunni, þá átti hann að mæta á torginu, þar sem lögin voru borin fram, með snöru um hálsinn, svo að hann yrði hengdur upp, ef frumv. hans félli.

Eg álít nú að þetta frv. sé eitt af þeim, sem ekki hefðu átt að koma fram á þingi, ef hinni fornu reglu hefði verið fylgt. Eg fæ ekki séð að það sé til bóta eða hagfeldara en gildandi lög. Hin fáu nýmæli í því ganga flest í þá átt, að halla rétti hjúanna, og það situr ekki vel á löggjafarvaldinu, að ráðast þar á garðinn, sem hann er lægstur.

H. þm. Húnv. (H. J.) taldi frumv. það til gildis, að í hin gildandi hjúalög vantaði ákvæði um daglaunamenn, en að úr þeirri vöntun væri bætt með frv. þessu. Eg hef nú ekki orðið var við neina tilfinnanlega vöntun í þessari grein.

Það er oftast vant að lýsa sér, ef ákvæði um eitthvað vantar í lögum, þá rísa málaferli út af því; en eg man ekki eftir að eg hafi orðið áskynja um nein málaferli milli daglaunamanna og vinnuveitenda, svo að eg sé ekki neinn sérlegan feng í kaflanum um daglaunamennina, eða að hans sé nein brýn þörf.

Eg hefði í stuttu máli sagt óskað, að frumv. þetta hefði aldrei komið fram. Það er auðvitað á valdi h. d., hvað hún gerir við það; en hefði eg setið á þingmannabekkjum og átt að greiða atkv. um það, þá mundi eg hafa greitt atkv. á móti því.

Ari Brynjólfsson: Eg hefði búist við, að fyrst mál þetta hefir verið svo lengi fyrir þinginu og verið athugað svo vel, þá mundi það svo úr garði gert, að það ætti ekki skilið að fá eins harðan dóm eins og það hefir nú fengið hjá h. 2. þm. Ísf. (S. St.) og hæstv. lh., þar sem það á undanfarandi þingum hefir verið yfirvegað og athugað af beztu mönnum þjóðarinnar.

Það hefir verið lögð áherzla á, að hér ætti að fara að þröngva kosti hjúanna; væri svo, þá væri full ástæða til að andæfa gegn frv.; en þrátt fyrir nákvæma yfirvegun málsins hef eg ekki getað fundið að svo sé.

Vér verðum að gæta þess, að eins og nú hagar til, þá er það ekki bóndinn, sem mestu ræður í viðskiftum sínum við hjúið, heldur er það vinnulýðurinn, sem ræður yfir þeim, sem honum eiga að stjórna; þessu vék alt öðruvísi við, þegar vinnhjúalöggjöfin var lögleidd. Því er það frá mínu sjónarmiði ekki verið að þröngva meir að hjúum en bændum. Það er að eins farið fram á jafnrétti þeirra á milli.

Hér er annars um engar stórbreytingar að ræða frá hinni gildandi vinnuhjúatilskipun, þar sem þetta frumv. er að eins lítil breyting frá henni, nema hvað daglaunamenn snertir. Við þessa umr. er ekki tækifæri til að tala nákvæmlega um þær, og sýna fram á, að það sé misskilningur, að með þeim

eigi að kreppa að hjúunum, en það tækifæri gefst líklega síðar.

Það sem eg legg áherzlu á, er þetta, að jafnt eigi að gæta réttar húsbóndans sem hjúsins, og því takmarki er leitast við að ná í frv. þessu. Eins tel eg stóran kost við það ákvæði um daglaunamanninn, sem hér ræðir um.

Hæstv. lh. kvaðst ekki vita til þess, að málaferli hefðu átt sér stað milli bænda og daglaunamanna. Hvað því viðvíkur hér syðra skal eg ekki um segja, en eystra veit eg þó dæmi til að allmikil óánægja hefir komið upp milli þeirra; og eg veit að eg stend ekki einn uppi með þá skoðun, að betra sé að hafa lög til að fyrirbyggja þess konar ágreining og skera úr honum.

Eg verð að lýsa yfir því, að eg óska að frv. þetta fái framgang nú, og sé ekki ástæðu til að fresta því enn einu sinni.

Hermann Jónasson: Háttv. 2. þm. Ísf. (St. St.) byrjaði og endaði ræðu sína á því, að frumv. þetta væri óþarft sökum þess, að engar óskir hefðu komið frá þjóðinni um það, að breytingar yrðu gerðar á vinnuhjúalöggjöfinni — Þetta vil eg ekki viðurkenna sem alls kostar rétt, því að það er auðsætt að málið er ekki alveg nýtt eða þjóðinni ókunnugt, þar sem það hefir legið fyrir 2 þingum áður.

Hins vegar getur það verið erfitt, að færa sönnur á það, að hin og þessi lög séu komin fram og ráðin til lykta eftir óskum þjóðarinnar. — Eg vil taka t. d. friðun æðarfugls.

Það leikur enginn efi á því, að þeir menn eru fæstir hér á landi, sem hafa arð af dúntekju, og þannig mundu óska friðunar á fuglinum; þeir munu þvert á móti fleiri, sem enga hagsmuni höfðu af friðuninni, heldur fremur ógagn, þar sem þeim ekki leyfðist lengur að skjóta æðarfuglinn. — Hefði þar verið farið eftir óskum þjóðarinnar í heild sinni, þá mundi friðunin naumast hafa orðið að lögum. — Eg gæti talið mý-mörg dæmi þessu lík.

Þó að nú óskir hefðu komið fram um það, að hreyfa þessu, þá hefði að eins annar málsaðili átt þar hlut að máli, sem sé húsbændurnir, því að eg veit ekki til þess, að vinnuhjú hafi nokkurn tíma látið óskir sínar í ljósi við löggjafarvaldið, og álits þeirra hefir heldur ekki verið leitað.

Eg verð að segja það, að eg get ekki skilið hugsana-gang háttv. 2. þm. Isf. (S. St.); hann sagði, að kosti hjúa yrði hallað og þröngvað með þessum lögum; en rauði þráðurinn í frumv. er einmitt sá, að veita hjúunum jafnrétti og bæta stöðu þeirra gagnvart húsbændunum.

Eftir gömlu vinnuhjúa-tilskipuninni frá 26. jan. 1866 er húsbændum gefinn svo mikinn forréttindi, að þeir geta algerlega »tyranniserað« yfir hjúunum, og enda beitt líkamlegri refsingu. — Ef háttv. 2. þm. Isf. (S. St.) væri vinnumaður hjá mér, þá fyndist mér þessi réttur sanngjarn; en nú er ekki svo vel, og verð eg því að ráða til þess, að þessu verði breytt.

Hæstv. landshöfðingi sagði, að það væri óheppilegt, að óska breytinga á lögum án þess, að knýjandi nauðsyn bæri til; þetta mætti segja um fjölda af lögum, sem komið hafa bæði frá þingmönnum og stjórninni sjálfri gegnum fulltrúa sinn.

Hvað snertir orð hæstv. landsh. um hengingar fyrir ónauðsynlegan frumvarpaflutning, þá skal eg leyfa mér að lýsa efa mínum á því, hvort hæstv. stjórnarfulltrúinn stæði nú á meðal vor til að mæla á móti framgangi þarfra

laga, ef þessum grísku ákvæðum, sem hann svo nefndi, hefði ávalt verið beitt þegar með þurfti.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg skal viðvíkjandi þessu frumv. láta þá skoðun mína í ljósi, að eg hefi sjaldan séð mál minna athuguð koma hér inn á þingið. — All-flestar breytingarnar, sem frumv. fer fram á, eru þýðingarlitlar eða jafnvel þýðingarlausar; en hins vegar er mörgum atriðum slept, er heppilegt hefði verið, að í frumv. hefði staðið.

Mér hefði þótt heppilegt, að vistaskifti yrðu höfð tvisvar á ári, og ýmsar aðrar breytingar hefði eg óskað eftir, að gerðar yrðu á núgildandi lögum, sem þetta frumv. fer ekki fram á. — En eg skal ekki við þessa umræðu fara neitt út í nein »speciel« atriði. — Eg skal að eins geta þess, að háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) hefir ekki rétt fyrir sér, er hann kallar gildandi vinnuhjúalög harðstjórnarlög, því að þau vaka fyllilega yfir rétti hjúa.

Frumv. fer ekki fram á, að breyta neinum aðal-atriðum laganna, heldur eingöngu lítilfjörlegum auka atriðum, svo að breytingarnar verða ekki annað en kák og vindhögg. — Mér finst frumv. vera svo óskýrt og vanhugsað, að einasti vegurinn til þess, að hjálpa því við, væri að setja það í nefnd.

Hvað snertir það, að frumv. eins og háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) tók fram, auki rétt hjúanna, þá skal eg að eins leyfa mér að endurtaka orð eins háttv. fyndins þingmanns, sem kallaði frumv. frumv. til laga um ófriðun á vinnukonum.

Eg skal svo ekki orðlengja þetta meir, en að eins geta þess, að eg er á móti frumv. eins og það liggur fyrir, en greiði atkvæði með því, að skipa nefnd í það.

Björn Bjarnarson: Þetta frumv. fer eins og háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) tók fram skamt í breytingum sínum. — Það hefir þess utan marga galla og mörg ósanngjörn ákvæði. — Eg álít, að bezt væri að láta það bíða til næsta þings, því að mér fyndist það jafnvel hneykslanlegt, að samþykkja það eins og það liggur fyrir, og álít langt um betra að fresta því um eitt ár, og fá það þá betur úr garði gert; að minsta kosti get eg með engu móti gefið því atkvæði mitt, nema það taki miklum stakkaskiftum.

Eg skal ekki við þessa umræðu tala um einstök atriði í frumv. af því, að það er ekki leyfilegt við 2. umræðu málsins, en að eins benda á 11. og 12. grein, sem mér finnast mjög óheppilegar.

Eg skal og nefna eitt dæmi upp á það, hvað frumv. er mjög ósanngjarnt. — Í 33. gr. frumv. segir, að daglaunamaður skuli sjálfur annast flutning á sér þangað sem hann er ráðinn í vinnu, og í 35. gr. stendur, að það varði daglaunamann eftir 12. grein, komi hann ekki í vinnuna án lögmætra forfalla, en í 9. grein eru taldar upp allar ástæður, sem geta verið til þess, að fara ekki í vinnuna; af þessu leiðir það, að daglaunamaður er skyldur til þess, að elta vinnuveitanda alt að því þrjár þingmannaleiðir til þess, að vinna hjá honum vissan tíma, og kosta sjálfur ferðina fram og aftur, eða þá borga honum jafn-mikla upphæð og daglaunamaðurinn ætti að fá í kaup.

Eg er samdóma háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) um það, að einasti hjálpræðisvegur frumv. væri það, að skipa nefnd í það, og þá mundi eg gefa því atkvæði mitt.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal vera stuttorður. — Eg skal að eins láta það álit mitt í ljósi, að mér finst það

ástæðulaust, að skipa nefnd í þetta mál að svo stöddu. — Hingað til hefi eg ekki heyrt nema almennar, lítt rökstuddar aðfinningar gegn málinu. — Komi við 2. umr. fram tilteknar, rökstuddar aðfinningar, má skipa nefnd í málið þá.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 13 : 3 atkv.

Uppástunga um, að kjósa fimm manna nefnd, felld með 12 : 9 atkv.

Önnur umr., 21. ágúst.

Ólafur Briem: Það er máske tilgangslítið, að fara að tala um þetta mál eða reyna til að mæla þessu frv. bót, eftir þeim undirtektum, sem málið fekk síðast hér í deildinni. — Samt sem áður ætlaði eg að gera fáeinar athugasemdir.

Aðal-andmæli móti þessu frv. hafa komið frá h. háttv. 2. þm. Isf. (S. St.). Eftir því, sem mér skildist, þá hafði hann það aðal-lega á móti frumv., að það hallaði rétti vinnuhjúanna, stéttar, sem okkur öllum kemur saman um, að er mjög gagnleg og nauðsynleg. — Eg get nú ekki fundið það, að þetta sé aðal-tilgangurinn, og því síður eini tilgangur frumv.

Aðal-tilgangur frumv. er að laga löggjöfina eftir því breytta ástandi, sem er í landinu, og koma á samræmi á réttar-samband milli húsbænda og hjúa, en að því leyti, sem frumv. virðist ganga út á það, að takmarka þann rétt og þá vernd, sem tilskipunin frá 1866 veitir hjúunum, þá er tilgangurinn alls ekki sá, að veikja réttarstöðu hjúanna á neinn hátt, heldur er það eingöngu af því, að hjúin eru orðin svo sjálfstæð stétt, að þau hafa ekki lengur neina þörf fyrir þessa sérstöku réttarvernd, sem tilskipunin veitir þeim.

Yfir höfuð gengur frumv. út á það, að koma á jafnrétti milli húsbænda og hjúa.

Ein aðal-breytingin frá eldri lögum er í 22. grein um fæðiskostnað vinnuhjúa, sem sýkjast eða slasast, án þess um sé að kenna ótilhlýðilegri breytni þeirra sjálfra eða húsbænda þeirra. — Eftir tilsk. 1866 er húsbóndinn, þegar þannig er ástatt, skyldur til að ala hjúið til ársloka, en eftir 22. grein í þessu frumv. er hann ekki skyldur til þess að veita því endurgjaldslaust fæði lengur en þrjá mánuði. — Þetta er all-mikil breyting frá því, sem nú er, og það getur verið, að hún að sumu leyti sé skerðing á rétti vinnuhjúsins, en ástæðan til hennar er sú, að ákvæðin í tilskip. eru hreint og beint ranglæti. — Eg efast líka um það, að þessi ákvæði séu enn komin almennt inn í réttar-meðvitund almennings, þrátt fyrir það þótt tilskipunin sé nú orðin 36 ára gömul, enda veit eg dæmi þess, að þeim ákvæðum er ekki stranglega fylgt.

Eg get heldur ekki kannast við það, að þetta ákvæði frumv. í þessari grein miði eingöngu að því, að minka rétt vinnuhjúsins; það miðar jafnframt að því, að bæta hann, því ef þessi ákvæði um fæðis-kostnaðinn eftir tilskip. eru tekin til greina við vistráðninguna, þá hljóta þau að verða til þess, að lækka kaupgjaldið; en hins vegar hefir ekki nema minsti hluti vinnufólksins hag af þeim.

Við 1. umr. var bent á eitt atriði í þessu frumv., sem væri hjúunum í hag, nefnilega afnám húsagans; eg skal benda á annað atriði: að hjúin eru ekki lengur bundin við það, að mega ekki ráða sig í vist hjá öðrum en húsbónda sínum fyr en eftir jól. — Þetta er heldur ekki þýðingarlaus breyting.

En svo er eitt nýmæli í þessu frv., sem eg verð að álíta mjög mikilsvert fyrir vinnuhjúin; það er ákvæðið í 15. grein um það, að kaupgjald vinnuhjúa skuli ætíð borgað í peningum, sé ekki öðru vísi um samið. — Í tilskip. 1866 segir svo, að rétt goldnir séu hjúi í kaup peningar og allir aðrir aurar þeir, er gjaldgengir eru í kaup eftir sveitarvenju, og að þegar peningar skulu lagðir í hundruð, þá skuli meta þá eftir meðalverði verðlagsskráa. — Auk þess, sem ákvæði þessi eru flókin og óglögg, þá geta þau verið ósanngjörn gagnvart hjúunum. — Gangverðið getur verið orðið alt annað í gjalddaga kaupsins en eftir verðlagsskránni. — Eg held að það sé einmitt með greiðslu á kaupinu, sem réttur hjúanna er hvað mest fyrir borð borinn; þeim er nú goldið oft á tíðum í skjalda-skriflum og baugabrotum, en með þessum ákvæðum í 15. grein er réttur þeirra fullkomlega trygður. — Þetta ákvæði er líka í samræmi við þá stefnu, sem þingið hefir tekið um greiðslu á kaupi verkamanna.

Viðvíkjandi 2. kaflanum um daglaunamenn var það tekið fram við 1. umræðu af hæstv. landshöfðingja, að það væri ljós sönnun fyrir því, að hann væri óþarfur, að engin málaferli hefðu komið fyrir milli daglaunamanna og vinnuveitanda. — Sem betur fer, er þjóð vor ekki mikið gefin fyrir málaferli, nema ef vera skyldi að hún léti tælast til þess af »lummu-prokuratorum«; en svo framarlega, sem hægt er að draga nokkra ályktun af því, að lítil eða engin málaferli hafa risið út af þessum atriðum, þá er það sú, að menn hafa álitið það gagnslaust, vegna þess, að það vantaði öll laga-ákvæði um það efni, og yrði því að dæmast eftir almennum reglum um skaðabótakröfur, sem geta verið ærið flóknar. — Það er miklu betra fyrir báða parta, að hafa skýlaus ákvæði, svo þeir geti vitað, að hverju þeir hafi að halda sér.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði, að það vantaði í lögin ákvæði um tvo fardaga á árinu, svo fólk gæti vistað sig til ½ árs í senn. — Með þessum orðum hefir háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) viðurkent það, að það sé þörf á laga-ákvæði um vinnusamninga til styttri tíma en árs, eða með öðrum orðum, á laga-ákvæði um daglaunamenn. — Það er alvanalegt nú, að menn ráða sig um vissan tíma árs, svo sem yfir vorið, yfir sumarið og yfir veturinn, sem vormenn, er einkum ráðast til jarðabóta, og kaupamenn er heyskap stunda, og vetrarmenn, til að gegna fjárhirðingu. — Allir þessir heyra beint undir daglaunamenn í 2. kafla frumv., og eg sé ekki betur en að það sé eins mikil þörf á því, að hafa laga-ákvæði um þá, eins og vinnuhjúin.

Það hefir einnig verið sagt, að þetta mál væri illa undirbúið. — Eg verð að vera á gagnstæðri skoðun um það; eg álít, að málið hafi einmitt fengið rækilegri undirbúning en mörg önnur mál. — Það hefir tvisvar sinnum verið meðhöndlað í nefnd í h. háttv. efri deild með mikilli alúð og eg álít það með fram fyrir þá sök mjög óviðkunnanlegt, ef þessi háttv. deild hrindir málinu frá sér í hugsunarleysi.

Björn Bjarnarson: Við 1. umr. þessa máls tók eg það fram, að eg áliti að mál þetta væri ekki svo vel úr garði gert sem skyldi. Þá gafst mér ekki kostur á að tala um einstakar greinar frumv., en við þessa umr. mun eg aftur gera það.

Við það að ganga gegnum frv. hefi eg orðið þess var, að í það vantar ákvæði, sem þar hefði þurft að vera, og

enn fremur að í því eru ýms ákvæði meira og minna óheppileg. Skal eg nú finna þessum orðum mínum nokkurn stað.

Skal eg þá byrja á því, að í 5. gr. er sagt, að sá sem ræður hjú, sem hann veit að er ráðið hjá öðrum, skuli skyldur að greiða skaðabætur eftir óvilhallra manna mati. Þar er ekki tekið fram, hverjum skaðabæturnar skuli greiddar. Eg tel nú að vísu líklegast að það sé til þess, sem hjúið hefir verið vistað hjá. En vel getur það orðið, að fleiri verði fyrir skaða við þetta en þessi maður; það getur t. d. verið að hann hafi gert samning við þriðja mann um að lána honum hjúið, og að sá maður hefði líka skaða af vistrofunum. Eg álít því betra, að beint væri tekið fram, hver skaðabæturnar ætti að fá.

Í 1. lið 7. gr. segir svo, að húsbóndi geti neitað að vitja hjús eða taka á móti því, ef það drýgir glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur, eftir að það var ráðið í vistina; þar sýnist mér að alveg sama regla ætti að gilda, þó að húsbóndi hefði óafvitandi ráðið hjú, er búið var að drýgja slíkan glæp áður en hann réð það, og að mætti hann einnig neita að veita því viðtöku.

I 2. lið 7. gr. er það tekið fram meðal annars, að húsbóndi þurfi ekki að taka við hjúi, ef það tekur næman sjúkdóm, eða ef næmur sjúkdómur gangi á heimili þess, eða ef það er svo vanheilt, að vissa sé fyrir því, að það verði ófært til vinnu fram að þingmaríumessu eða lengur; þó geti hjúið krafist vistarinnar þegar það sýni læknisvottorð um, að það sé albata eða geti eigi flutt sóttnæmi.

Nú vil eg spyrja, hvort það sé meiningin, að hjúið geti komið í vistina hve nær sem vera skal á vistarárinu, ef það að eins getur sýnt hið fyrirskipaða læknisvottorð. Sé svo, þá verð eg að segja, að þetta ákvæði geti verið óþægilegt fyrir húsbóndann; það getur verið harla óþægilegt fyrir hann, að þurfa að taka við hjúinu þegar vistarárið máske er hálfnað eða meir, ekki sízt ef hann er þá búinn að vistráða annað hjú í þess stað, sem hann verður líka að sitja með.

Í 9. gr. er í 1. liðnum ákveðið, að hjú geti neitað að fara í vist, ef húsbóndinn hefir, eftir að hjúið vistaðist, drýgt glæp, sem að almennings áliti er svívirðilegur. Um þetta má fyrst og fremst segja líkt og um fyrsta liðinn í 7. gr. En að öðru leyti getur og ákvæði þetta komið nokkuð hart niður á húsbóndanum; það getur t. d. verið nokkuð hart, að hjúið geti að sjálfsögðu neitað um að fara í vist, þótt húsbóndinn hafi gert sig sekan í þjófnaði. Eg sé ekki, að það hafi svo mikla þýðingu fyrir hjúið, að það geti undantekningarlaust neitað um að fara í vistina fyrir það; og eigi þarf heimilið máske hjúsins síður við, þótt húsbóndanum hafi orðið eitthvað á.

Í sömu grein (9. gr.) segir og, að hjú sé ekki skyldugt að fara í vist, ef húsbóndi flytur eftir að vistaráðin eru gerð, en áður en vistarrtíminn byrjar, þrjár þingmannaleiðir á landi eða 5 vikur sjávar burt frá þeim bústað hans, þar sem hjúið átti að fara í vist. Af greininni virðist það auðsætt, að hjúið sé skylt að fylgja húsbónda sínum hvert á land sem vera skal, ef hann að eins flytur sig eftir að hjúið er komið í vistina; það er að eins undanþegið þessu samkvæmt 28. gr., ef húsbóndi flytur af landi burt. Þegar þessar tvær greinar eru bornar saman, þá sýnast þær annars ekki fyllilega samrýmilegar Eg fæ ekki betur séð en að eftir 9. gr. sé hjú skyldugt að fylgja húsbónda sínum vestan úr Ísafjarðarsýslu og austur í Skaftafellssýslu, þótt

hann flytji sig þangað rétt eftir að það er komið í vistina til hans. Þetta ákvæði verður í framkvæmdinni því viðsjárverðara fyrir hjúið, þar sem svo stendur á eins og vér vitum, að vinnuhjúaskildagi er hjá oss nokkru á undan fardögum bænda. Ef hjúið vill ekki ílengjast í þessari nýju bygð, sem hæglega getur verið nauðungarbygð fyrir það, verður það að kosta töluverðu fé, ef það á annað borð hefir það til, til þess að komast í hina fornu átthaga; að öðrum kosti verður það að sitja kyrt, hve illa sem því kann að falla.

Í 10. gr. er gert ráð fyrir, að húsbóndi eigi að gjalda hjúi skaðabætur, ef hann heldur því ólöglega kyrru hjá sér í vist. Þar vantar inn í ákvæði um, að óvilhallir menn eigi að meta skaðabætur þessar. Eg gæti hugsað mér, að því væri þannig fyrir komið, að húsbóndi kysi einn matsmann og hjúið annan, og að þessir menn svo annaðhvort kysu oddamann eða að skipaður væri í sveitinni fastur maður til þess starfa. Þessi mál mundu venjulega vera svo lítils háttar, að hitta þyrfti eitthvert fyrirkomulag, sem lítinn kostnað hefði í för með sér.

Í 11. gr. segir svo, að ef húsbóndi riftar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal hann gjalda hjúi áskilið kaup fyrir umsaminn vistartíma, og auk þess skaðabætur.

Í 7. gr. eru taldar upp þær orsakir, sem frá sjónarmiði þessara laga munu eiga að teljast hinar einu lögmætu orsakir; en í raun og veru mætti í þessu sambandi telja töluvert fleira, svo sem það, ef bóndi verður að bregða búi eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum eigi getur tekið við hjúinu. Þegar svo stendur á, finst mér það nokkuð hart, að hann skuli bæði verða að gjalda hjúinu kaup og skaðabætur; mér finst skaðabæturnar einar nægilegar. Eins og nú stendur á, getur hjúið víst oftast átt von að fá nýja og góða vist, þótt ein bregðist; það getur því eftir fyrir mælum þessarar greinar búist við að fá tvöfalt kaup sama árið, og ef til vill þar að auki skaðabætur fyrir vistarrofin.

Líkt ákvæði er í 12. gr. að því er hjúin snertir, og líkt um það að segja og ákvæðin í 11. gr. Í öllu falli er það hart, ef hjú kemur ekki í vist fyrir einhverjar aðrar og afsakanlegar orsakir en þær, sem taldar eru upp í 9. gr., að því skuli þá vera skylt að borga húsbóndanum jafn-mikla upphæð og kaupið, sem það átti að fá, og auk þess skaðabætur. Það geta verið margar ástæður fyrir hjúið til að fara eigi í vistina, eigi síður en fyrir húsbóndann að taka ekki við hjúinu. Mér sýndist, að við það mætti t. d. una, að hjúið útvegi annað forsvaranlegt hjú í sinn stað, og borgaði ef til vill auk þess einhverjar skaðabætur, en svo ekki meira. Eg get ekki annað en talið ákvæðin í 11. og 12. gr. mjög ósanngjörn.

Í 24. gr. stendur, að samningur milli húsbónda og hjús, um að vistinni skuli lokið, ef hjúið sýkist, skuli því að eins bindandi fyrir hjúið, að það þurfi eigi að flytja sig eða telji sig vel ferðafært.

Eg skil ekki í því, hvers vegna þetta »því að eins« er haft hér. Annaðhvort finst mér samningurinn eigi að vera bindandi í öllum tilfellum, eða þá alls eigi í neinu tilfelli. Eg fæ ekki betur séð en að hjúið eigi að geta fengið að vera áfram á heimilinu, sé það ekki ferðafært, þótt það haldi ekki áfram að vera í vistinni.

Seinast í þessari sömu grein stendur, að flytji húsbóndi hjú burt, án þess að

hafa fengið læknisvottorð fyrir því, að það sé óhætt, þá skuli hann sæta sektum fyrir, og standast að auki allan kostnað af hjúkrun og lækning sjúklingsins.

Við þetta hef eg það að athuga, að eg tel það ósanngjarnt, að húsbóndi verði að borga lækning á sjúkdómi, sem hjúið hefir áður en hann flutti það, einsfyrir það, þótt það hefði ekkert tjón beðið við flutninginn, en af því einu, að hann gat ekki náð í læknisvottorð áður en hann flutti hjúið. Hér þyrfti að finna einhvern sanngjarnari milliveg.

Í 26. gr. eru ákvæði um, hve nær húsbóndi geti rekið hjú sín burt. Eitt af ákvæðum þessum heimilar húsbónda að reka hjú burt, ef það skreppi burt af heimilinu á helgum degi, þó ekki sé nema stutta bæjarleið, og það beri ekki við nema einu sinni, í óleyfi. Í 27. gr. fylgir sá dilkur, að hjúið, auk þess að missa vistina fyrir þessa sök, verður að greiða húsbóndanum jafnmikla upphæð og það átti að fá í kaup. Þessi ákvæði eru mjög hættuleg og ósanngjörn, þar sem húsbændum er veitt færi á því að ná sér niðri á hjúunum, ef þeim er illa við þau og reka þau burt fyrir mjög litlar sakir, og hafa af þeim allmikla fjárhæð.

Í 28. gr. er hjúinu heimilað úr vist, ef húsbóndi ber á það glæp; ef nú t. d. er stolið á heimilinu og húsbóndi hefir ástæðu til þess að gruna eitt af hjúum sínum um stuldinn, en getur ekki sannað áburð sinn, sem oft getur verið mjög örðugt, þá getur hjúið orðalaust farið úr vistinni og krafist kaups síns og skaðabóta að auk, þó það hafi í raun og veru drýgt glæpinn. Í 27. og 29. gr. eru prentvillur, sem víst ekki geta dulist h. þm.; í staðinn fyrir 27. og 29. gr. á auðvitað að standa 26. og 28. gr.

Eg skal í sambandi við 28. gr., þar sem hjúinu að eins er leyft að ganga úr vist, ef húsbóndi flytur af landi burt, en verður að fylgja búi bóndans, þó hann flytji landshorna á milli, taka það fram, að mér, sem eg nefndi við 9. gr., finst þetta órétt, því að hjúinu er ekki gefinn kostur á að komast aftur heim í bygðarlag sitt, það fær engan ferðakostnað goldinn og getur því neyðst til að verða kyrt þar, sem það er komið. Þetta er auðvitað undirbúningsleysi frv. að kenna.

Það er eitt ákvæði, sem ekki er í frv., en eg vildi hafa í því; en það er, að húsbóndinn og hjúið skuli fyrir vissan dag, t.a.m. 1. des., skýra hvort öðru frá því, ef það vill ekki endurnýja vistarráðin um næsta vistarár. Hafi því húsbóndi eða hjúið ekki skýrt hinum málsaðila fyrir hinn ákveðna tíma frá því, að það ætlist ekki til, að vistarráðin standi lengur en til næsta skildaga, þá skal skoða svo, sem vistarráðin hafi verið endurnýjuð um næsta vistarár og með sömu skilyrðum og kjörum.

Þá kemur annar kafli, sem er um daglaunamenn, þ. e. alt verkafólk, sem ekki er í fastri vist. Í 33. gr. stendur: Hver sem ræður sig í vinnu hjá öðrum, án þess að vera hjú hans samkvæmt 1. kafla, skal sjálfur annast flutning á sjálfum sér og farangri sínum til þess staðar, sem hann er ráðinn í vinnuna, nema öðru vísi sé um samið. Þetta getur orðið til þess, að ef daglaunamaður hefir lofað að vinna hjá manni, t. a. m. vikutíma, þá er hann skyldur að elta vinnuveitanda, ef hann flytur búferlum alt að 3 þingmannaleiðir á landi, eftir að samningurinn var gerður, án þess að fá goldinn ferðakostnað; geri hann það ekki, þá skal hann greiða vinnuveitanda jafn-

mikla upphæð og hann átti að fá í kaup. Í 34. gr. stendur, að vilji húsbóndinn ekki taka við daglaunamanni, sem hjá honum er ráðinn, þá skuli vinnuveitandi borga daglaunamanninum fult kaup og skaðabætur. Mér fyndist nægilegt, að bóndinn borgaði að eins skaðabætur eftir óvilhallra manna mati, ef daglaunamaðurinn verður fyrir skaða af þeirri orsök; það getur sem sé viljað til, að húsbóndinn geti ekki haft gagn af vinnunni á þeim tíma, sem daglaunamaðurinn var ráðinn til hennar; hann getur t. a. m. verið veikur, og þá er það ósanngjarnt, að daglaunamaðurinn skuli eiga heimtingu á fullu kaupi og geta þó hatt vinnu annarsstaðar.

Einnig hefði mér fundist rétt, að sams konar ákvæði, sem standa í 21. gr., hefði verið sett í þennan kafla.

Þessar athugasemdir, sem eg nú hefi gert við frv., finnast mér vera nægar til þess að sýna, hve frv. er ábótavant og hve mjög þurfi að breyta því. Eg skal ekki fara fleiri orðum um þetta, en að eins taka fram, að eg áskil mér rétt til þess að koma með brt. við 3. umr., ef frumv. á annað borð kemst svo langt, sem eg vona að ekki verði, því að tíminn leyfir ekki að gera það svo úr garði, sem vera skyldi.

Hermann Jónasson: Eg er því miður ekki heyrnargóður, og gat því ekki fylgt vel með ræðu h. þm. Dal. (B. B.). Af þessu leiðir, að eg get ekki svarað ræðu hans, sem eg máske annars hefði getað.

Margt af því, sem hann tók fram, heyrði til tilskipuninni frá 1866.

Eg tók það fram við 1. umr., að vegna naums tíma áleit eg ekki heppilegt, að setja málið í nefnd. En eg skal hins vegar játa, að eg kysi þó heldur, að frv. gengi ekki í gegnum þingið á þessu ári, en að á því væru tilfinnanlegir gallar; og eg skal játa, að eg er ekki alls kostar ánægður með frv., og vil leyfa mér að koma með brt. við 3. umr.

Eg get ekki skilið mótbárur h. þm. móti frv. í heild sinni, og veit heldur ekki, á hverju það byggist, að frumv. halli kosti hjúanna. Eg er þakklátur h. 1. þm. Skagf. fyrir það, að hann hefir sýnt mönnum fram á, að þetta er rangt.

Eg hefi ásett mér að koma með brt. sérstaklega við 22. gr. frv. við 3. umr. Þessi gr. getur að mínu áliti valdið misskilning, og er ef til vill nokkuð viðsjárverð. Í fyrra var þessari gr. breytt allmikið, og nú hefir Ed. breytt henni aftur, og er það máske til bóta; en þó hefir ekki verið gengið svo langt í breytingunni, sem eg hefði getað óskað. Eg vona samt, að h. d. verði ekki mjög andvíg breytingunni.

Því hefir verið haldið fram hér í deildinni, að niðurlag 13. gr. herti á kosti hjúanna; en mér finst, að hver maður hljóti að skilja, að hér er þvert á móti haldið uppi jafnrétti hjúanna.

13. töluliður 27. gr. hefir verið enn harðara dæmdur. Eg skal játa, að í kaupstöðum getur þetta ákvæði sýnst hart, en í sveitum finst mér það mjög eðlilegt. Hér er átt við almenna kurteisi gegn húsbóndanum. Eg álít ákvæðið jafnvel nauðsynlegt fyrir hjúið.

Hugsum oss, að hjú fari burt af heimili, og slasist það svo á leiðinni, að það komist ekki heim, þá er sjálfsagt að húsbóndi sæki það og hjúkri því; en þetta yrði ekki mögulegt, ef hjúið fer burt að húsbónda fornspurðum, og enginn veit, hvar það er niðurkomið. Enn fremur geta menn hugsað sér, að næmir og banvænir sjúkdómar gengju á næstu heimilum; þá finst mér ekki nema sjálfsagt, að húsbónda sé heimilt

að vísa hjúi burt af heimili sínu, sem farið hefir í leyfisleysi á bæina, sem veikindin ganga á.

Húsbóndinn hefir siðferðislega skyldu gagnvart hinum hjúum sínum, að vaka yfir velferð þeirra og vernda þau; en það getur hann ekki gert, nema því að eins, að hann hafi vald yfir þeim; og til þess verða lögin að hjálpa honum.

Eg veit ekki, hvort mér hefir auðnast að gera mig skiljanlegan fyrir h. þm., en finst undarlegt, ef menn ekki sjá, að hér er að ræða um brýna nauðsyn og réttlátt lagaboð.

Sigurður Stefánsson: Eg gat þess við 1. umr. þessa máls, að mér fyndust allflestar breytingar frv. ágildandi lögum einungis til þess að þröngva kosti vinnuhjúanna, og allflestar þeirra að öðru leyti þýðingarlitlar eða algerlega þýðingarlausar. Eg skal því nú leyfa mér að benda á þau atriði í frv., sem sanna þessi orð mín.

Það er þá fyrst 12. gr. Í henni stendur: Ef hjú riftar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann hefði átt að gjalda því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið, og auk þess skaðabætur eftir því, sem óvilhallir menn kunna að meta. Þetta síðasta ákvæði er viðbót við núgildandi lög; hér er beinlínis þröngvað kosti þess frá því er stendur í tilsk. 26. jan. 1866. Tilskipunin fer að eins fram á, að hjúið verði að gjalda slíkt, er kaup þess nemur, en sleppir öllum skaðabótum.

Í 13. gr. stendur, að vistarráðum sé lokið, ef búi er brugðið; þetta verður hjúið að sætta sig skaðabótalaust við eftir þessu frv., en tilskipunin leggur svo fyrir, að dánarbúið verði að útvega hjúinu nýja vist jafngóða, eða að öðrum kosti gjalda því sem fyrir vistarrof.

En svo koma merkileg nýmæli í 14. gr. Eg vil biðja h. þm. að hlusta nú á og taka vel eftir. Þar stendur: Þó leggur hjúið til það, sem þarf til þjónustunnar, svo sem efni til bóta, sápu, handklæði og því um líkt. Verst er, að smiðum þessa frumv. hefir gleymst að taka skóbætur, skóþráð og enda lúsakamb með í ákvæðið. Eg get ekki annað en kallað slík og önnur eins fyrirmæli smásmugleg í lögum, og í raun og veru alveg þýðingarlaus, því svona smámunir verða að vera samningamál milli húsbænda og hjúa. Þetta sýnir eingöngu húskalegan hugsunarhátt löggjafanna gegn hjúum.

Í 16. gr. stendur, að ef hjú sé ráðið til ákveðinna starfa, skuli því þó skylt að ganga að öllum heimilsverkum og öðrum störfum, þegar þörf krefji. Mér þykir líklegt, að það verði að mestu leyti á dómsvaldi húsbóndans, að meta slíka þörf. Þetta er einnig til þess að þröngva kosti hjúanna, því að það getur orðið mjög ósanngjarnt, að hjú þurfi að vinna vinnu, sem því er ekki hentug og það máske ekki fært um að að vinna.

Þá er 23. gr. Hún felur í sér aðalbreytinguna frá núgildandi vinnuhjúalögum. Eg skal fúslega játa, að það hefir mörgum þótt hart aðgöngu og ósanngjarnt, að húsbændur skuli skyldir til þess, að fæða veikt hjú sitt endurgjaldslaust alt árið, og að þetta því í raun og veru er eina breytingin í þessu frumv., sem nokkur þörf er á. — En samt sem áður álít eg það ekki svo knýjandi nauðsyn, að tilvinnandi sé, að verja miklu starfi á mörgum þingum til þeirrar breytingar einnar. — Og auk þess álít eg það líka óþarfa nart í rétt vinnuhjúa, að vera að stytta um helming þann tíma, er hjúin mega vera veik, án þess að það skerði kaup þeirra. — Í núgildandi lögum er það

hálfur mánuður um sumartímann, en mánuður um vetrartímann. — Hér í þessu frumv. er tíminn færður niður um helming í báðum tilfellunum. — Þetta er þrenging á kosti hjúanna.

Þá er eitt atriði enn, er minnast má á. — Í tilskipuninni eru taldar upp 12 burtrekstrarsakir. — Í frumv. eru þær orðnar 13. — Það er hvorttveggja, að talan er óheillatala, enda er líka breytingin óheillabreyting. Viðbótin er sem sé sú, að reka megi hjú úr vist, ef það fer af heimilinu, þótt á helgum degi sé, án vitundar og vilja húsbændanna. — Má vera, að ýmislegt mæli með þessari viðbót; en fleira er það þó, sem mælir á móti henni, eftir því, sem nú hagar til. — Vilji húsbóndinn það við hafa, getur hann notað þetta til þess að gera hjúið vistrækt og bakað því þar með ósanngjarnan kostnað, því að samkvæmt öðrum fyrirmælum frumv. og hjúalögunum, þá á hjú, sem rekið er úr vist fyrir löglegar sakir, að gjalda húsbónda skaðabætur.

Þó þessi upptalning á burtrekstrarsökum standi í vinnuhjúalögunum, þá er það í rauninni óþarft ákvæði, að eins dauður bókstafur, sem aldrei er beitt af neinum húsbónda. — Eins og nú er háttað vinnuhjúahaldi hér á landi, þá leika húsbændur sér ekki að því, að reka hjú sín burt, þó að enda meiri sakir séu til en þessi viðbót; vinnufólkseklan er meiri en svo.

Það játa eg, að frumv. hefir líka nokkra kosti til að bera; en þeir eru næsta litlir. — Þar sem kjör húsbænda eru bætt, þá er það á kostnað vinnuhjúanna; og í þá átt álít eg það ekki heppilegt, að breyta vinnuhjúalögunum.

II. kaflinn hljóðar um daglaunamenn. Sú fyrirsögn er að minni skoðan mjög ónákvæm. Hér eru margir þeir taldir, sem alls ekki eru daglaunamenn, svo sem vetrarmenn, menn, sem ráðnir eru upp á kaup um lengri eða skemmri tíma, t. d. kaupamenn á vertíð, og enda líka kaupafólk að sumarlagi. Orðið »daglaunamaður« skil eg um þann mann, sem ráðinn er upp á víst kaup fyrir þann og þann daginn; fyrir þá daga, sem hann vinnur ekki, þá missir hann af kaupi.

34. gr. ræðir um vinnuhjúasamninga. Yfirleitt eru laga ákvæðin um vistarsamninga milli hjúa og húsbænda og vinnusamningar í raun og veru dauður bókstafur. — Eg fyrir mitt leyti veit sárfá dæmi þess, að skriflegir vistarsamningar hafi verið gerðir, og enn þá færri dæmi þess, að skráðir hafi verið vinnusamningar við daglaunamenn. — Og þó nú þetta ákvæði yrði sett í lögin, þá er hætt við því, að það verði ekki til þess, að menn geri fremur skriflega samninga eftir en áður, en án slíkra samninga er mjög erfitt að koma fram ábyrgð á hendur þeim, er samningi riftar.

Í 37. gr. stendur: að ákvæði 5., 7., 9.—13., 15.—21., 25.—32. gr. gildi um daglaunamenn og húsbændur þeirra, að svo miklu leyti, sem þau geti gilt um þá. — Í sambandi við þetta vil eg athuga ákvæði 16. gr. Þar stendur svo: »Nú er hjú ráðið til ákveðinna starfa, og skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, þegar þörf krefur«. — Eftir frumv. á nú þetta líka að gilda um daglaunamenn. — Ef eg t. d. ræð til mín smið upp á dagkaup, þá get eg, ef mér svo lízt, skipað honum í róður eða sent hann í kaupstað. — Slíkt er þó næsta ósanngjarnt, þar sem hann nú einmitt er ráðinn til þessa vissa verks, og kann ef til vill ekki að öðrum verkum. — Eða ef eg t. d. tek vefara um vetrartíma, þá gæti eg sett hann við fjárgeymslu, þrátt fyrir það, þótt hann

væri lítið gefinn fyrir útivinnu og þyldi illa kulda. — Eða taki eg barnakennara — þeir ráða sig oft upp á dagkaup — eftir frumv., þá get eg tekið hann frá krökkunum og skipað honum til annarar vinnu, sem mér sýnist. — Þetta gæti engan veginn talist réttlátt gagnvart mönnum, hvort heldur eru daglaunamenn eða hjú, sem ráðnir eru til einhvers ákveðins verks.

Annars skal eg játa það, að vinnuhjúalögin yfirleitt eru ófullnægjandi. — En til þessara ófullkomlegleika finna menn lítið, því að það kemur svo örsjaldan til þess, að til þeirra þurfi að leita. — Helzt er það, þegar veikindi koma fyrir. — Annars eru þau sjaldan tekin upp úr skúffunni, og mega heita dauður bókstafur. — Og þó nú yrði farið að kokka þau upp á ný, þá mundi það koma til harla lítilla nota, sérstaklega ef breytingarnar væru ekki verulegri eða heppilegri en þær, er þetta frumv. fer fram á. — Það er svo mjög margt í daglega lífinu, er hér kemur til greina og örðugt er að sigla fyrir með lögum; sambúðin milli húsbænda og hjúa og það, hvernig þarfirnar líka skiftast, það verður jafnan mestu ráðandi í þessu efni.

Háttv. þingm. Húnv. (H. J.) svaraði þeim ummælum mínum, að engar óskir hefðu komið fram um þessar breytingar, með því að vitna til æðarfugla-laganna; hann kvað þær breytingar hafa verið gerðar áu þess, að nokkur ósk í þá átt hafi verið látin í ljósi um þau. — En þar skjátlast h. háttv. þm. Húnv. (H. J.). — Félag eitt á Breiðafirði hafði einmitt borið fram óskir um það, að æðarfugla-lögunum yrði þá breytt. — Auk þess er alt öðru máli að gegna um lög, er snerta einn af aðalatvinnuvegum landsins, en um vinnuhjúalög. — Þegar slíkum atvinnuvegi er hætta búin, þá er það sjálfsagt, að löggjafarvaldið reyni að veita honum þá vernd, sem auðið er. — Aftur á móti er engin slík nauðsyn fyrir hendi að því er vinnuhjúa-tilskipunina snertir.

Eftir því ástandi, sem nú er hér á landi, þá þyrfti að gera gagngerða breytingu á vinnuhjúa-tilskipuninni, ef annars er farið að hreyfa við henni. — En þær breytingar, sem farið er fram á í þessu frumv., eru — með allri virðingu fyrir þeim mönnum, sem um það hafa fjallað — helbert kák. Stórvægilegar eru þær ekki; en miða þó allar heldur í þá áttina, að þröngva kosti vinnuhjúa, og er það mjög óheppilegt, þar sem fólkseklan er svo mikil hér á landi um þessar mundir. — Og sé nú sambandið milli húsbænda og hjúa eftir vinnuhjúa-tilskipuninni svo harðstjórnarlegt, sem sumir hafa gert orð á, þá verður það ekki síður harðstjórnarlegt eftir þessum lögum. — Þar fer jafnan bezt á heimilum, er húsbændurnir skoða hjúin eins og börn sín, láta sér mjög ant um þau og tekur sárt til þeirra. — Þar sem húsbændurnir hafa fylgt þeirri reglu, á þeim heimilum hefir hjúahald gengið bezt, og tilskipunin aldrei tekin ofan af hillunni, heldur alt farið fram með friði og ró. — Í þessum tilfellum er það líka svo óendanlega margt, sem ætíð verður samningamál; löggjafarvaldið getur aldrei gefið út svo nákvæm vinnuhjúalög, að þar sé siglt fyrir öll annes.

Þetta frumv. miðar miklu fremur í harðstjórnar-áttina en tilskipunin frá 26. jan. 1866; það er miklu harðara gagnvart hjúunum en tilskipunin; hún er margfalt föðurlegri en frumv.

Eg tók það líka fram við 1. umræðu þessa máls, að engin óánægja með vinnuhjúatilskipunina hefði heyrst meðal landsmanna, og því er alls engin á-

stæða til þess, að fara að gera breytingar á henni, sérstaklega þegar þær eru ekki merkilegri en hér er farið fram á.

Hermann Jónasson: Fátt eitt af því, er háttv. 2. þm. Ísf. (S. St.) sagði, álít eg í rauninni svaravert. — Hann kvað 12. gr. »þröngva óþarflega mikið kosti hjúanna. — En hann gætir ekki þess, að 11. grein er alveg jafn-hörð gagnvart húsbændunum. — Hvernig er hægt að segja, að ákvæði þetta þröngvi kosti hjúanna, þegar því eru samfara önnur ákvæði, er auka réttindi þeirra? Það verður að finna samræmið á milli ákvæðanna, áður en sagt verður, að þau halli rétti annars hvors aðila. — Ef 12. gr. er rifin út úr sambandinu og skoðuð út af fyrir sig, þá er ósköp auðvelt að segja, að hún sé hörð. — En sé hún athuguð í sambandi við 11. gr., þá leynir það sér ekki, að þar er að sama skapi hert að kosti húsbónda, svo að nákvæmt jafnrétti fáist á milli beggja aðila.

Háttv. 2. þm. Ísf. (S. St.) gerði mjög mikið gys að því ákvæði í 14. grein, að hjúið skyldi leggja sér til efni til bóta, sápu, handklæði og því um líkt. — Eg get ekki séð neitt smásmuglegt í þessu. — Þó að hér sé ef til vill um smámuni að ræða, hvað einstaklinginn snertir, þá liggja þó miklir peningar í þessu, þegar litið er til heildarinnar. Eg álít einnig nauðsynlegt, að taka þetta ákvæði upp í lögin af því, að í sumum sveitum er það siður, að húsbóndinn leggi alt þetta til, en í öðrum sveitum er það gert hjúinu að skyldu. Mér er kunnugt um það, að þetta getur oft valdið miklum ágreiningi. — Ef hjú kemur úr fjarlægum héruðum, þá getur það orðið fyrir vonbrigðum, að því er kaup sitt snertir, með því að það hefir ekki búist við því, að þetta yrði reiknað því til útgjalda fremur í nýju vistinni en þar sem það hafði áður verið.

Eg fæ ekki skilið, að menn skuli ekki sjá, að hér er alls ekki verið að þrengja að kosti hjúanna, heldur að eins gengið út frá því, að sömu reglu sé fylgt um alt land.

Væri þetta ákvæði ekki sett í lögin, þá mætti öllu fremur segja, að það væru svik gagnvart mörgum hjúum á landinu. — Að vísu er hér ekki um mikla upphæð að ræða. — En það mun oft verða hér, sem mælt er, að »margur ristir breiðan þveng af annars skinni«. — Mönnum hættir einatt við því, að vera aðgæzluminni og ósparari á annara fé en sjálfra sín. — Þó álít eg þetta ekki vera aðal-atriðið, heldur hitt, að koma í veg fyrir ágreining. — Auk þess er það hugsun mín, að hjúin fengi aftur á móti þeim mun hærra kaup, svo að þeim bættist upp þessi kostnaður.

Háttv. 2. þm. Ísf. (S. St.) fór mörgum og hörðum orðum um niðurlag 16. gr.; kvað þar bætt við ákvæði, er stæði ekki í vinnuhjúa-tilskipuninni frá 1866. En þar hefir hann ekki rétt fyrir sér. — Með leyfi hins háttv. forseta, þá vil eg lesa ákvæðið upp, eins og það stendur þar: »Nú er hjú ráðið til ákveðinna starfa, og skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem eru samboðin stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa«. — Ef á að fara að telja þessa grein ófæra í frumv., þá er hún ekki síður ófær í tilskipuninni, því að þótt ofurlitlar orðabreytingar hafi verið gerðar, þá get eg ekki séð það, að þær hafi neinar efnisbreytingar í sér fólgnar.

Þá er að víkja að 33. gr. Háttv. þm. Isf. (Sig. St.) vill ekki skoða þá menn sem daglaunamenn, er ráðnir eru til lengri tíma. Það leiðir af sjálfu sér, að þá menn, sem hér er um að ræða, verður að skoða sem daglaunamenn, enda mundi enginn dómstóll gefa annan úrskurð. Hjú er að eins sá flokkur vinnufólks, sem ráðinn er til ársvinnu.

Það játa eg að er mjög óheppilegt, hversu sjaldgæfir vistarsamningar eru, hvort sem er við hjú eða daglaunamenn. En er það ekki einmitt sprottið af því, að engin lagaákvæði eru til gagnvart daglaunamönnum, og tilskipunin frá 1866 ósamrýmanleg við nútímann í sumum atriðum? Væri nú ráðin bót á þessu, get eg ekki annað séð en að það mundi leiða til þess, að vistarsamningar yrðu tíðari en verið hefir, og sömuleiðis vinnusamningar, og tel eg slíkt horfa til mikilla bóta.

Háttv. 2. þm. Ísf. (Sig. St.) misskildi ennfremur orð mín um æðarfuglalögin. Eg tók það fram við 1. umr., að þeir, er skotið hefðu, hefðu eigi óskað eftir breytingum á þeim, heldur þeir, er vörpin áttu. Í því sambandi bar að skilja orð mín. Hann kvað líka öðru máli að gegna um æðarfuglalögin, þar sem þau hefðu svo almenna þýðingu.

En má eg spyrja: Hvaða lög hafa almennari þýðingu en þau, er ákveða sambandið á milli vinnuveitanda og vinnuþiggjanda? Hver maður hér á landi, sem kominn er til vits og ára, þarf að lifa undir þessum lögum, og því verður ekki annað álitið en að frv. það, sem hér liggur fyrir, snerti almennings hag.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. á þgskj. 168 feld með 12 gegn 11 atkv.

Frumv. í heild sinni þar með álitið fallið.

Dómaskipun.

TILLAGA til þingsályktunar um nefndarsetning til að íhuga dómaskipunina (þgskj. 26); ein umr., 4. ágúst.

Flutnm. (L. H. Bjarnason): »Með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða«. (*Sig. Stefánsson*: Svo!). Eg hefði sízt búist við, að maðurinn, sem gengið hefir gegnum latínuskólann og prestaskólann, væri svo ófróður, að hann kannaðist ekki við jafn-alkunnugt og óyggjandi spakmæli sem þetta er, spakmæli jafn-gamalt íslenzkri tungu.

Það er ekki nóg að eiga góð lög í lagasöfnunum; hins þarf eigi síður með, að þeim sé vel beitt; en það er aftur að miklu leyti komið undir dómaskipuninni. En eitt af aðalskilyrðunum fyrir því, að dómskipanin gefist vel, er það, að almenningur beri fult traust til þeirra, sem laganna eiga að gæta, en það traust verður því að eins heimtað, að almenningi sé gefinn kostur á að kynna sér meðferð allra dómsmála.

Fyrsta krafa vor er því sú, að allri leynd sé bygt út. Það verður að opna allar dyr og alla glugga í dómstofunum; því að þar sem alt er opið og öndvert, þar kemst grunsemdin og rógurinn síst að.

Eins og allir vita, hefir þjóðin töluverða hlutdeild í löggjafarvaldinu og umboðsvaldinu; hún kýs sér fulltrúa á alþingi, í hreppsnefndir, sýslunefndir og amtsráðin. Aftur á móti hefir þjóðin svo sem engin tök á dómsvaldinu.

Næsta krafan verður því að vera sú, að þjóðin fái meira atkvæði um, hvernig lögunum er beitt, enda er ekkert sanngjarnara en að sá, sem lögin setur, hafi og hönd í bagga með framkvæmd þeirra. Þessi krafa er heldur ekki nýmæli. Forfeður vorir viðurkendu hana að vera réttmæta. Til forna gengu dómarnir á vorþingunum

og á alþingi, í fjórðungsdómunum og fimtardóminum, og dómendurnir voru teknir úr tölu þingmanna.

Nú er ekkert orðið eftir af opinberu málsmeðferðinni í opinberum málum, og það má heita svo sem dómsvaldið sé með öllu gengið úr höndum þjóðarinnar.

Dómarinn á að vísu samkvæmt dönsku lögum Chr. V. og tilskipun frá 3. júní 1796 að kalla til meðdómsmenn í líflátsmálum og »æru«-málum, og svo í landamerkjamálum samkv. lögunum frá 17. marz 1882; en það er líka alt og sumt.

En það er ekki nóg, að meðferð dómsmálanna sé á allra manna vitorði, og að þjóðin hafi hlutdeild í henni.

Þriðja atriðið er engu þýðingarminna; það verður að skifta svo verkum milli þeirra, sem um málin fjalla, að sem mest trygging fáist gegn því, að réttur nokkurs manns verði fyrir borð borinn. Í einkamálum er þessu viðunanlega fyrir komið; þar standa málspartarnir hvor gagnvart öðrum og dómarinn út af fyrir sig. En í opinberum málum horfir þetta öðru vísi við. Þar er sakborningi að vísu gefinn kostur á að kynna sér málsskjöl og fá sér svaramenn, en þó eigi fyr en rannsókn er lokið. Á meðan á henni stendur, er hann verjulítill og aðstoðarlaus.

Þar er dembt á einn og sama manninn þrem störfum: ákærustarfi, verjandastarfi og dómarastarfi. Þessi þrjú störf eru svo gagnólík, að þess er varla að vænta, að sama manninum láti þau öll jafnvel; því er það nauðsynlegt, að þeim sé skift milli fleiri manna.

Yfir höfuð er réttarfar vort mjög gallað. Í einkamálum er málspörtum gefinn of slakur taumur; dómarinn hefir þar svo sem ekkert að segja. Í opinberum málum hefir dómarinn aftur á móti því nær alt að segja. Gallar þessir eru því þýðingarmeiri, þar sem þar oft og einatt er um velferð manns að ræða. Tillaga mín stefnir einkum að því, að ráða bætur á dómaskipuninni í opinberum málum. Það er líka tímabært að hreyfa máli þessu, því að í öllum siðuðum löndum um víða veröld er, að því eg veit bezt, komin á opinber meðferð í dómsmálum, komnir á kviðdómar og ákæruvaldið skilið frá dómsvaldi. Ísland og Danmörk munu vera einu löndin, þar sem alt situr við sama, gamla keipinn.

Á meginlandi Norðurlandi komust kviðdómar fyrst á á dögum Karlunganna, eftir 800. Síðan fluttust þeir til Englands á 11. öld, en fulla festu fengu þeir þar með magna charta 1215. Stjórnarbyltingin mikla á Frakklandi tók málið á sína stefnuskrá, þótt ekki væri því fullskipað fyr en 1808 í Code l'instruction criminelle.

Á Rússlandi eru öll mál dæmd af kviðdómi, nema pólitisk mál.

Í Danmörku hefir málinu verið hreyft hvað eftir annað, 1857, 1868 og 1892, og nú er það eitt af þeim málum, sem hin frjálslynda stjórn, með dómsmálaráðgjafann í broddi fylkingar, ætlar að berjast fyrir, og þess má vænta, að hann muni áður en langt um líður fá málinu framgengt.

Vér Íslendingar erum því einir meðal siðaðra þjóða, sem eigi höfum hreyft málinu til þessa; en það má ekki lengur svo til ganga; því hefi eg nú leyft mér að bera það fram. En af því að málið er all-umfangsmikið, býst eg ekki við, að það geti orðið útkljáð á þessu þingi. Eg leyfi mér að eins að leggja það til, að h. deild sýni málinu þann sóma, að setja nefnd í það, og þá 5 manna nefnd.

Eg býst við, að sumir kunni að segja, og enn fleiri að hugsa, að íslenzka þjóðin sé ekki svo þroskuð enn, að hún kunni að fara vel með jafn-vandasamt vald og dómsvaldið er.

Eg trúi því nú samt ekki, að þetta sé rétt skoðun, og þótt svo væri, þá liggja þó þau svör til slíkra andmæla, að ef aldrei væri slept höndunum af barninu, þá mundi það seint læra að ganga, enda ber þess að gæta, að það er alment lögmál, að æfingin eykur þroskann, og að því meira vald sem einstaklingnum er fengið, því meiri líkindi eru til þess, að siðferðistilfinning hans styrkist.

ATKVGR.: 5 manna nefnd samþ. í einu hlj. og í hana kosnir:

Lárus H. Bjarnason með 17 atkv.
Björn Bjarnarson með 14 atkv.
Guðl. Guðmundsson með 12 atkv.
Hermann Jónasson með 12 atkv.
Ólafur F. Davíðsson eftir hlutkesti milli hans og St. St., þm. Eyf.

Afnám manntalsþinga.

FRUMVARP til laga um manntalsþing (þgskj. 40); 1. umr., 5. ágúst.

Flutningsm. (L. H. Bjarnason): Frv. þetta hefi eg og meðflutningsmenn mínir borið fram ekki einungis í þeim tilgangi, að létta starfi á sýslumönnum, heldur einnig í þeim tilgangi, að létta örðugleika á bændum.

Eins og kunnugt er, er starf sýslumanna hér á landi nú orðinn svo mikið, að það er lítt kleift fyrir einn mann. Hins vegar mundi mikill tími vinnast, ef manntalsþingaferðir legðust niður. Í þær fara að meðaltali líklega kringum hálfur mánuður, eða með öðrum orðum $^1/_{24}$ partur úr árinu, og þær kosta sýslumanninn frá 150—200 kr. Launalög sýslumanna frá 14. des. 1877 eru nú orðin nokkuð gömul. Þá voru launin nóg, því bæði var þá ódýrara að lifa og minna að starfa. Það er þó ekki ætlun mín að fara fram á, að aukin verði laun sýslumanna. Eg álít, að þessi fámenna þjóð leggi nóg í söl-urnar til þess að launa embættismenn sína. En svo framarlega sem manntalsþing að meinfangalausu gætu lagst niður, er það ekki nema sanngjarnt, að létta þeim þunga af sýslumönnum.

Eitt aðalverk sýslumanna á manntalsþingum er gjaldinnheimta. Eg veit það af eigin reynslu, og svo hafa líka ýmsir háttv. embættisbræður skýrt mér frá, að sumstaðar gelzt oft nálega ekkert á þessum þingum, því að víða greiða kaupmenn gjöldin fyrir viðskiftavini sína.

Annað aðalverkið á manntalsþingum eru þinglýsingar. Aðaláherzlan liggur á innfærslunni í bækurnar, enda þótt hún eftir bókstaf laganna sé lögð á upplesninguna, og væri því ef til vill réttast að láta sitja við bókfærsluna eina; en fram á svo gagngerða breytingu höfum við þó ekki viljað fara.

Þinglýsingar gerninga hér á landi eru ekki gamlar; munu ekki vera eldri en frá 1700. Þær fóru upprunalega fram á lögþinginu, en voru síðan fluttar þaðan í landsyfirréttinn 1800 og þaðan aftur með tilsk. 24. apríl 1833 inn á manntalsþingin.

Þriðja verk sýslumanna á manntalsþingum er fyrirtekt mála, en það má nú heita svo sem að dómsmál sé ekki lengur tekin fyrir á manntalsþingum. Eg man ekki til að eg hafi haft nema 3 dómsmál til meðferðar þau 10 ár, sem eg hefi rekið sýslu, og líkt segja mér embættisbræður mínir þeir, er eg hefi talað við, enda er það vel skiljanlegt, því að bæði verður að segja sýslumanni til um málin, áður en hann dag-

setur þingin, og svo eru fá mál svo óbrotin, að útkljáð verði í sama réttarhaldi, en úr því sýslumaður þarf að koma aftur, munar það minstu, þó alt sé gert í sömu ferðinni.

Eitt af störfum sýslumanna á manntalsþingum fram að 1. ágúst 1878 var það, að birta ný lög og tilskipanir. Nú er eigi lengur áskilið, að þeir geri það, enda þótt eg og fleiri sýslumenn birti enn helztu lög á þingunum.

Eg þykist nú hafa sýnt fram á, að manntalsþingin séu lítt nauðsynleg; og sé svo, hví skyldu þau þá ekki vera látin falla niður? Eg sagði, að þingaferðirnar gerðu almenningi bæði óhagræði og óþarfan kostnað. Á landinu munu vera um 4000 bændur. Af þeim býst eg við að sæki þing um 3000, og ganga þá til ónýtis 3000 dagsverk eða 7500 kr., reiknað hvert dagsverk á 2 kr. 50 a., og það verð eg að segja, að þessum peningum væri sannarlega betur varið til jarðabóta eða annara nytsamra verka en til óþarfra manntals þingaferða.

Mér dettur ekki í hug að frumv. sé gallalaust, svo að eigi megi það bæta, og lýsi eg því yfir, að eg tek með ánægju á móti hverri bendingu um breytingar, er til bóta mega verða, enda leyfi eg mér að stinga upp á að 5 manna nefnd sé skipuð í málið þegar umræðunum er lokið.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 22 atkv.

5 manna nefnd samþ. með 22 atkv.

Þessir 8 deildarmenn óskuðu hlutfallskosningar:

Guðlaugur Guðmundsson, Magnús Andrésson, Ólafur Briem, Þórður J. Thoroddsen, Björn Kristjánsson, Þorgrímur Þórðarson, Eggert Benediktsson, Sigurður Stefánsson.

Fór síðan fram hlutfallskosning, og hlutu þessir kosningu:

Lárus H. Bjarnason.
Jón Magnússon.
Eggert Benediktsson.
Stefán Stefánsson, þm. Eyf.
Jón Jónsson.

Önnur umr., 9. ágúst (þgskj 40, 69, 84).

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Við 1. umr. þessa máls þóttist eg sýna fram á, að manntalsferðirnar væru þýðingarlitlar og mættu gjarnan missa sig.

Nefndarálitið staðfestir, eins og menn sjá, þennan dóm til fulls. Háttv. þm. Vestm. (J. M.) vill að eins ekki, að manntalsþingaferðirnar verði lagðar niður á þessu þingi, og höfum við komið okkur saman um að ræða það atriði nánar við 3. umr.

Annars er að eins þess að geta, að nefndin telur réttara, að fella niður skyldu manna til að sækja manntalsþing, og hefir því komið fram með viðaukatill. þar að lútandi við 1. gr.

Þá vill nefndin og taka það skýrt fram, að sýslumaður beri ábyrgð á gjaldheimtu hreppstjóra gagnvart landssjóði, og loks vill nefndin fella burtu orðið »sínum« á eftir hreppstjórum í 3. gr.

Auk tillaga nefndarinnar hefi eg á þgskj. 84 borið fram dálitla viðaukatill. við 2. gr., til þess að taka af allan efa um, að varnarþingsreglunum væri ekki haggað.

Annars hefi eg að svo stöddu ekki meira að segja, en vona að eins að h. deild sé samþ. nefndinni, og láti málið ganga til 3. umr.

Ari Brynjólfsson: Eg hefi að eins litlar aths. að gjöra við þetta mál. Mér finst frumv. vera ofur-meinlaust, en jafnframt fremur gagnslítið. Manntalsþingin eru orðin gömul venja, og eg efast um, að almenningur mundi

taka vel í, að breytingar yrði gerðar á þeim; mér virðist að þingið eigi að fara varlega í að breyta gömlum venjum að þjóðinni fornspurðri, og því fremur, sem hún hefir aldrei látið óánægju í ljósi yfir manntalsþingunum. Ennfremur finst mér að þetta mál hefði getað beðið til næsta þings, og það því fremur, sem flutnm. þess hefir haft frumv. um dómsmál til meðferðar hér á þinginu. (*Lárus H. Bjarnason*: Eg hefi ekkert frumv. um dómsmál). Þá tillá þgskj. 26 um dómaskipunina, og fyndist mér ekkert á móti, að þessu frv. yrði vísað til nefndarinnar í því máli, og látið verða samferða dómsmálunum inn á þing 1903.

Mér finst það eiga vel við, að sýslumennirnir láti sjá sig endur og sinnum í héraði, og þess utan eru mörg mál, sem koma fyrir einmitt á manntalsþingunum, og eg er viss um, að flestir mundu vilja láta þau haldast, eins og þau eru.

Finnist sýslumönnum þeir vera of þyngdir með þessum ferðalögum á manntalsþingin, sem víðast hvar eru fyrirhafnarlítil, og vilji þeir endilega gera einhverjar breytingar, þá væri hægt að rýmka um verksvið hreppstjóranna og fela þeim fleiri verk, sem sýslumenn hafa á hendi, auðvitað mót borgun af launum sýslumannanna. (*Lárus H. Bjarnason*: Þm. er máske hreppstjóri?) Nei. *Lárus H. Bjarnason*: Kannske hreppstjóraefni.). Þannig lagað ákvæði gæti þá komið í frumv. til næsta þings. (*Lárus H. Bjarnason*: Þm. getur flutt breyt.till. við 3. umr.). Já, það hefði eg gert, ef eg hefði verið hreppstjóri í Snæfellsnessýslu, og þá þannig lagaða, að eg gæti náð í eitthvað af launum sýslumannsins þar, með því að létta af honum manntalsþingunum o. fl.

Að lokum skal eg taka það fram, að mér finst þetta frumv. ekki vera til neinna verulegra réttarbóta, og eg held að bezt væri að það færi ekki lengra í þetta sinn.

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Háttv. 2. þm. S.-Múl. (A. B.), talaði það, sem ekki heyrir þessari 2. umr. til, heldur 1. umr.

Annars finst mér það harla léttvæg mótbára gegn frumv., að manntalsþingin séu gömul; því megi ekki missa þau. Það er ekki nóg að venjan sé gömul; hún verður líka að vera góð, ef halda á hana. Höldum vér í manntalsþingin af því einu, að þau séu gömul, fer oss líkt og Englendingum, sem halda í hárkollurnar af því einu, að dómararnir þeirra hafa borið þær svo lengi.

Háttv. þm. sagði eitthvað um, að eg hefði frumv. um dómsmál, og væri bezt að vísa þessu frumv. til þeirrar nefndar, er kosin var í það mál; manntalsþingafrumv. lægi ekki meira á en því. Þetta er ekki rétt. Eg hefi að eins stungið upp á, að nefnd yrði kosin til að íhuga dómaskipun vora; en það mál er svo mikið vandaverk, að ólíklegt er að háttv. þm. lifi þann dag, að sjá því máli vel skipað, og ættu manntalsþingin þá helzt til langt í land, ef þau ættu að bíða þess tíma. Danir hafa t. d. haft dómaskipunina á dagskrá síðan 1850 og eru þó ekki búnir enn þá.

Það er svo sem auðvitað, að sýslumennirnir eru ekki of góðir til þess að fara þessar þingaferðir; en þeir verða þó að hafa eitthvert erindi.

Háttv. þm. talaði um, að hreppstjórarnir gætu bætt við sig verkum; eg sem sýslumaður skyldi aldrei hafa neitt á móti að verksvið hreppstjóra yrði fært út; en hvaða störf ætti að fá þeim?

Jón Magnússon: Það er rétt, að við háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) höfum talað um, að lengja ekki mjög umr. nú, af því að framorðið er; en úr því þó

hafa orðið nokkrar umr. um málið, þykist eg þurfa stuttlega að gjöra grein fyrir því, að hverju leyti eg hefi eigi getað fylgst með h. meðnefndarmönnum mínum.

Eg get að vísu játað, að manntalsþingin séu orðin fremur þýðingarlaus, og megi því falla burtu: en eg tel tæplega rétt, að þau falli í burtu án þess nokkuð komi í staðinn. Þau störf, sem taka á fyrir á manntalsþingunum á skrifstofu sýslumanns, verða fremur þýðingarlítil þar. Þannig á eftir frv. á vorþinginu að taka þar t. a. m. á móti tíundareið, nefna menn í landamerkjadóm, borga hreppstjórum laun þeirra, fríðlýsa eggver o. s. frv., fyrir utan þinglýsingar, sem litla þýðing hafa á manntalsþingum í hreppunum, en enga á skrifstofu sýslumanns.

Á þetta atriði legg eg samt eigi mikla áherzlu.

Meira vert er hitt, að þingsóknarmenn geti gengið að því vísu, að sýslumenn komi í hreppana á fyrirfram ákveðnum tímum að minsta kosti einu sinni á ári. Bændur og aðrir hreppsbúar geta þá borið upp fyrir sýslumönnum ýms mál, og leitað ráða hjá þeim. Að þessu leyti verð eg að fallast á það, sem h. 2. þm. S.-Múl. (A. B.) sagði. En eg legg samt eigi aðaláherzluna á þetta.

Hitt er í mínum augum mest um vert, að manntalsþingin eru hinn eini snefill af föstum dómþingum hér á landi utan Reykjavíkur. Hjá öllum siðuðum þjóðum eru haldin fastákveðin dómþing, og hér þyrfti heldur að fara í þá átt að fjölga þeim, heldur en að taka alveg af þau, sem eru.

Loks sé eg eigi, að rétt sé að hrapa að því, að samþ. lagafrumv. það, sem hér liggur fyrir, án þess að spyrja hvorki þjóð né stjórn.

Að vísu verð eg samt að vera á því, að rétt hafi verið að hreyfa þessu máli; en eg álít ekki að það eigi fram að ganga á þessu þingi, og í sjálfu sér hefði eg eigi lagt neina áherzlu á það, að það yrði felt hér í deildinni, ef tilgangurinn hefði eigi verið að útkljá það nú. En með því að út lítur fyrir, að endilega eigi að koma því í gegn á þessu þingi, þá get eg eigi fundið annað ráð, en að hin heiðraða deild felli nú þegar frumvarpið.

Ari Brynjúlfsson: Eg stend upp til þess, að svara háttv. Snæf. (L. H. B.) nokkrum orðum. — Hann sagði, að hjá mér hafi verið aðal ástæðan fyrir því, að manntalsþingin yrðu ekki úr gildi numin, að þau væru orðin svo gömul. Þetta er ekki rétt. Eg sagði, að vegna þess þau væru svo gömul, þá ætti ekki að afnema þau að þjóðinni fornspurðri. Mér finst sjálfsagt, að þjóðinni gefist kostur á því, að íhuga þetta mál, og frumv. sé ekki samþykt að henni fornspurðri.

Það er alkunnugt, að menn bíða með óþreyju eftir komu sýslumanns, og það sýnir það, að þingaferðirnar eru ekki alveg ónauðsynlegar, þar sem oft kemur fyrir, að sýslumaður tefst 3 eða 4 daga í sama hreppi, til að gera út um mál manna.

Viðvíkjandi því, að færa út verksvið hreppstjóranna, þá er það auðvitað margt, sem þeir gætu gert, t. d. að þeir gæfu veðbókar-vottorð, þegar um lántökur í bankanum er að ræða, því það er oft bæði erfitt og dýrt, að fá einmitt þau vottorð hjá sýslumönnum. — Eitt sem mælir líka með þessu er það, að hreppstjórarnir eru oftast eða ávalt kunnugir ástæðum þess manns, sem vottorðið á að fá, en sýslumenn hafa ekkert við að styðjast annað en bækur sínar og skjöl, enda sýnir það sig, að slík vottorð eru oft þannig útbúin, að lánin fást ekki.

Auðvitað þyrftu allar veðsetningar og fleira að innfærast í þar til gerðar bækur hjá hreppstjórunum.

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Eg verð að játa, að mér þótti jómfrúræða háttv. þm. Vestm. (J. M.) nokkuð spönsk; mér þótti hún koma nokkuð í bága við álit hans sem nefndarmanns.

Eg vil með leyfi háttv. forseta lesa upp sér-álit háttv. þm. Vestm. (J. M.): »Eg hefi eigi getað orðið með öllu samferða meðnefndarmönnum mínum um framanritað álit. — Þótt eg verði að játa, að manntalsþing muni vera orðin nú fremur þýðingarlítil, svo vera megi, að leggja mætti þau niður, þá get eg samt eigi séð, að rétt sé, að hrapa svo mjög að þessu, að samþykkja frumv. þar um á þessu aukaþingi. — Annars hefi eg eigi álitið þörf, að gera ágreiningsálit í þessu efni«.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) var oss í flestu samdóma, en stendur þó upp og segir: »Niður með frumvarpið«.

Ef það er gild ástæða til þess, að manntalsþingunum sé haldið, að sýslumenn brýni horfellislögin fyrir bændum, bjóði upp vistlaus hjú o. s. frv., þá þykir mér skörin fara að færast upp í bekkinn.

Eg held, að það mætti láta hreppstjóra gera það á hreppaskilaþingunum, sé annars ástæða til þess, að halda í slíkan hégóma.

Það er reyndar ekki svo undarlegt, þótt háttv. Vestm. (J. M.) líti öðru vísi á þetta mál, þar sem hann að eins hefir verið sýslumaður í Vestmanneyjasýslu, og því þekkir ekki neitt til manntalsþinga.

Sumir telja manntalsþingin nauðsynleg af því, að mál manna á milli séu tekin þar til meðferðar; en það finst mér léttvæg ástæða; því að hér á landi eru, guði sé lof, mjög lítil málaferli. — Það er því engin ástæða til þess, að halda í manntalsþingin sem dómþing.

Heldur ekki get eg séð, að það sé nokkur skaði, þótt sýslumenn komi ekki í hreppana einu sinni á ári, svo framarlega sem það er satt, að þeir eigi þangað lítið eða ekkert erindi.

Eg get heldur ekki séð neina ástæðu til þess, að þetta frumv. ætti heldur að koma frá stjórninni en svo mörg önnur. — Hún fær líka að sjá það, fari það frá þinginu.

Hvað snertir ræðu háttv. 2. þm. S.-Múl. (A. Br.), þá finn eg enga ástæðu til þess að svara henni, en skal þó að eins geta þess, að það er ekki svo auðvelt fyrir hreppstjóra, að gefa veðbókarvottorð, af því að veðbækurnar eru ekki geymdar hjá hreppstjórum, heldur hjá sýslumönnum sjálfum.

Ekki get eg heldur kannast við það, að þjóðin eigi fremur heimtingu á því, að sjá þetta frumvarp, heldur en svo mörg önnur, sem hún er ekki spurð um.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg var í upphafi dálítið við mál þetta riðinn, en ætlaði mér ekki að taka til máls. — En ræða h. háttv. þm. Vestm. (J. M.) gaf mér ástæðu til þess, að standa upp. — Hann kvað enga ástæðu til þess, að fara að breyta þessu nú á þessu þingi, og vildi halda nokkuð fast í manntalsþingin.

Þessi manntalsþing hafa algerlega tapað þeirri þýðingu, sem þau áður höfðu. — Öll þau störf, sem nú fara fram á manntalsþingum, geta miklu betur farið fram á öðrum stöðum, t. d. að taka tíundareiða, o. s. framvegis. — Að bjóða upp vistlaust fólk á manntalsþingum er algerlega gengið úr móð, eins og kunnugt er, þar sem vinnu-

fólkseklan er orðin svo mikil, og er miklu fremur eftirspurn eftir vinnuhjúum en að þörf gerist, að bjóða þau upp.

Það eru ýms störf, sem ætlast er til þess, að fram fari á manntalsþingum, eins og t. d., að birta verðlagsskrár, friðlýsa eggver, lýsa vogreki, erfingjalausu fé, fundnu fé og spyrja um lausafólk, og á meðan samgöngur vantaði, þá var þetta alt gott og blessað, en nú er það orðið úrelt, og ef maður ætti að þræða allar gamlar forordningar og kancellibréf viðvíkjandi manntalsþingum, þá yrði maður hreint og beint að athlægi, og þess vegna »hummar« maður alt þetta úrelta og óþarfa fram af sér, eins og maður viti ekki af því.

Eftir eru gjaldheimtur; en þeim er nú hætt, því vanalega er mönnum gefinn frestur, svo þær fara heldur ekki fram á manntalsþingum.

Það eru þá þinglýsingar, sem enn fara þar fram, en í raun réttri hefir það ekki neina sérstaka þýðingu, að þinglýsa þar, því það ætti að vera öldungis nægilegt, að innrita skjölin í veðmálabækurnar.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) sagði, að manntalsþingin væru hin einu dómþing; en þau eru alveg ónýt dómþing. — Eg veit ekki, hvort það er löglegt, að taka mál fyrir á manntalsþingi, en eg veit, að það hefir verið gert; en efast um lögmæti þess.

Ef föst dómþing kæmust á, þá ættu þau að vera með alt öðru fyrirkomulagi.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (A. Br.) taldi manntalsþingunum það til gildis, að á þeim væri hægt að fá skýringar á ýmsu hjá sýslumanninum. — En slíkar fyrirspurnir og skýringar geta ekki verið mikils virði, því séu þær nokkuð vandasamar, þá verður að bera þær upp skriflega, og ekki hægt að svara þeim viðunandi á einu augnabliki. — »Skjótur úrskurður er sjaldan skýr«. — Setjum svo, að h. háttv. 2. þm. S.-Múl. (A. Br.) beri upp eitthvert ágreiningsatriði milli sín og nágrannans fyrir sýslumanni, og lýsi málavöxtum frá sínu sjónarmiði máske ekki alls kostar rétt, þá gefur sýslumaður, ef hann er fljótfær, svar, sem er vitlaust, og síðan kemur nágranninn, og lýsir málavöxtum alt öðru vísi. — Hver maður getur séð, hve mikið gagn muni vera að slíkum skýringum?

En aftur á móti ber ekki því að neita, að spurningarnar geta verið svo einfaldar og óbrotnar, að sýslumaður geti leyst úr þeim þegar í stað, en slíkt eru undantekningar, svo ekki er hægt að gera mikið úr nytsemi manntalsþinganna í þessu efni.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (A. Br.) sagði, að mönnum þætti það ilt, að sjá aldrei framan í sýslumanninn sinn; en eg býst við, að sú gleði sé nokkuð blandin hjá sumum, þegar aðal-starfið er það, að krefja menn skulda; auðvitað geta þeir verið ánægðir, sem hafa samvizkuna glaða og góða.

En ekki fæ eg séð, að þetta sé ástæða til að halda í manntalsþingin í þeirri mynd, sem nú er, því að sjálfsögðu, þá yrðu yfirreiðar sýslumanna engu að síður, svo að ánægjan að sjá framan í sýslumanninn yrði ekki frá þeim tekin, sem ánægju hefðu af því.

Auk þess gengur svo afar-mikill tími í þessi manntalsþing.

Í einu umdæmi, sem eg þekki til, þá fara 25 til 28 dagar til manntalsþinga, og er það ilt, að eyða þannig hinum dýrmæta tíma frá öðrum þarfari störfum. (*Þórður J. Thoroddsen*: Hvaða

störfum?). Hvaða störfum, spyr hinn háttv. 2. þm. G.-K. (Þ. J. Th.); því er fljótt svarað, t. d. frá fátækramálum sunnan frá Faxaflóa og ýmsu öðru, sem meira rekur á eftir en manntalsþingin.

Eg ætla ekki að lengja umræðurnar mjög, en leyfði mér að eins að koma fram með þessar örfáu athugasemdir, enda er mér ekki svo mikið kappsmál, að koma málinu fram einmitt á þessu þingi.

Árni Jónsson: Frumv. þetta fer fram á, að afnema skyldur; en það fer líka fram á, að afnema réttindi þjóðarinnar, og er það ekki vert, að hrapa að slíkum málum, heldur verður að athuga þau vandlega. — Eg álít einnig, að þjóðin eigi rétt á, að koma fram með álit sitt og atkvæði um þetta mál, áður en þessi fornu réttindi eru af henni tekin.

Eg er samdóma h. háttv. 2. þm. S.-Múl. (A. Br.) um það, að það sé bæði gagn og gaman að sjá framan í sýslumanninn sinn á manntalsþingunum, og eg get sagt um oss Þingeyinga, að vér erum ekki hræddir við, að sjá framan í hann, eins og heyra mátti á ræðu h. háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), enda er sýslumaðurinn okkar lipur og ljúfur á svip, og því ímynda eg mér, að Skaftfellingar eigi líka að venjast (Hlátur), og þótt Snæfellingar séu svona að afbiðja sýslumanninn sinn á manntalsþingin, þá er ekki víst, að allir sé svo. (Hlátur).

Eg er samdóma h. háttv. þm. Vestm. (J. M.) um það, að við eigum ekki, að hrapa að því, að afnema þessar leifar af fornum dómþingum.

Eg álít, að þetta mál eigi ekki fram að ganga að þjóðinni öldungis fornspurðri.

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Eg þarf að svara h. háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) örfáum orðum út af ræðu hans. — Hinn háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) talaði um það, að frumv. þetta færi fram á það, að afnema réttindi þjóðarinnar. — En hefir h. háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) gert sér grein fyrir því, í hverju þessi réttindi eru fólgin? — Eg held, að h. háttv. N.-Þing. (Á. J.) hafi ekki gert sér það ljóst, hve mikilli vinnu er slökt niður við þessi manntalsþing; setjum svo, að hér um bil 3000 bændur sæki þau, og gerum svo hverjum þeirra 2 kr. 50 aura á dag, þá er þetta beint fjártjón, sem nemur hér um bil 7500 kr., og þetta kemur því þyngra niður á bændum, sem þeir eru margir einyrkjar.

Þeir, sem nokkuð þekkja til þess, hversu hver stundin er dýrmæt fyrir bændur, vita það, að betur má verja dagsverkinu en til þess, að sækja manntalsþing.

Það hljómar að vísu ofurvel, að veifa með orðum eins og »réttindi þjóðarinnar«, en h. háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) verður að koma með ástæður fyrir sínu máli, og sýna fram á það, í hverju þessi réttindi eru fólgin.

Eg vona, að hann verði með því, að hleypa málinu til 3. umræðu, þó ekki væri til annars en til þess, að telja þá upp réttindin.

ATKV.GR: Viðaukatill. nefndarinnar við 1. gr. samþ. með 14 atkv.

1. gr. frv. með áorðinni breytingu samþ. með 15 atkv.

Viðaukatill. á þgskj. 84 við 2. grein samþ. með 15 atkv.

2. gr. frumv. með áorðinni breytingu samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. nefndarinnar við 3. grein samþ. með 16 atkv.

3. gr. frumv. með áorðinni breytingu samþ. með 15 atkv.

4. gr. frumv. óbreytt samþ. með 15 atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 16 atkv.

Þriðja umr., 11. ág.

Framsm. (Lárus H. Bjarnason): Eg hef ekkert frekara að segja um þetta mál, og það því síður, sem engar brtill. hafa komið til þessarar umr., en skal að eins óska, að málið nái að komast óhindrað gegnum deildina.

Jón Magnússon: Það var komið undir miðnætti þegar frv. var til annarar umr., svo að eg vildi þá ekki lengja umræðurnar svo mjög; háttv. flutnm. beindi þá til min nokkrum ummælum, sem eg þykist verða að svara stuttlega.

Flutnm. fann mér það til saka, að eg sýndi ósamkvæmni í áritun minni á nefndarálitið og í framkomu minni í nefndinni annars vegar, og framkomu minni hins vegar við aðra umr.

Úr því háttv. fluntm. hefir fundið ástæðu til að segja frá því, sem gerðist í nefndinni, verð eg og að hafa heimild til þess.

Það er alveg rétt hjá háttv. flutnm., að eg sagði það í nefndinni, að mér virtist ekkert verulegt út á frumv. að setja, eins og það lægi við, annað en það, að þetta sem frumv. setur í stað manntalsþinga væri hégóminn einber. Þetta stend eg við enn.

Frá sjónarmiði háttv. flutnm. er ekkert því til fyrirstöðu, að afnema í raun réttri manntalsþingin, en láta þau standa að formi til, og þetta er að sumu leyti handhægra. — Eg stakk upp á því í nefndinni, að setja heldur mánaðarþing í stað manntalsþinganna, og enn fremur hreyfði eg því, að rétt væri að aftaka þinglýsingar, sem litla þýðing hefði nú, en enga eftir frv., og láta bókunina eina gilda. Loks fór eg fram á það við meðnefndarmenn mína, að ráða til þess að láta frv. ekki fara lengra að sinni, en semja till. um að sþ. þingsál. um það, að skora á stjórnina að taka þetta mál til íhugunar, og leggja fyrir þingið lög um afnám manntalsþinga eða breyting á þeim. Eg þykist því eigi hafa gert mig sekan í þeirri ósamkvæmni, er háttv. flm. bar mér á brýn.

Það væri hægt að breyta réttarfari þannig, að mál gætu útkljást á einu dómþingi, og svo væri hægt að skifta sýslunum í 3 eða 4 dómþing hverri.

Eins og eg tók fram í hinni fyrri ræðu minni, þá er mér sárt um að missa manntalsþingin, þessi einu föstu dómþing utan Reykjavíkur, án þess að nokkuð komi í staðinn. Það má vel vera, að manntalsþing séu ei mikið notuð sem dómþing; en það má þó gera það, og eg er smeykur um að það sé nokkuð sýslumönnunum að kenna, að þau eru eigi meira notuð sem dómþing.

En það sem aðallega gerir mér í þessu efni, er það, að eg hygg að það bæði megi og eigi að breyta þannig mjög bráðlega réttarfarinu í einkamálum, að mörg mál gætu orðið útkljáð á einu dómþingi. Þá mætti það koma að notum, að hafa föst (fyrir fram ákveðin) dómþing, á t. a. m. 3—5 stöðum í sýslu hverri, og vil eg óska, að slík dómþing kæmi í stað manntalsþinganna. Væru manntalsþingin eigi afnumin, áður en þetta kæmist á, mundu ferðir sýslumanna á slík dómþing ekki þurfa að kosta hvorki landssjóð né málsparta neitt.

Að því leyti sem háttv. flutnm. sagði að eg ekki vissi, hvað manntalsþing væri eða þekti til þeirra, þá skal eg ekki þræta neitt við hann um það, en aðrir háttv. þingdm. vita, hvað manntalsþing eru, og geta sjálfir gert sér ljósa hugmynd um það, hvaða gagn

hafa megi af návist sýslumanns að minsta kosti einu sinni á ári í hverjum hreppi á fyrirfram ákveðnum tíma. Háttv. flutnm þóttist geta skilið það, að eg vildi eigi flýta máli þessu, af því að eg væri afturhaldssamur skrifstofumaður. Eg skal ekkert um það segja; en hitt hygg eg eigi ósennilegt, að rekja megi kapp það, — eg bið fyrirgefningar, mér varð mismæli — áhuga þann, er háttv. flutnm. sýnir á því að koma þessu frumv. áfram, til jafn-mikilsvirts sýslumanns í Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu.

Sighvatur Árnason: Eg er í flestu sammála háttv. þm. Vestm. (J. M.) og eg vil að orð hans séu tekin til greina.

Eg vil ekki að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi. En ef á að taka manntalsþingin af, þá vildi eg að hreyft yrði ýmsu öðru í réttarfari voru, t d. að sýslumönnum yrði fækkað. Það fer mikið fé til sýslumanna, sem sé c. 50,000 kr. á ári. Eg ímynda mér að hægt væri að fækka sýslumönnum um helming, og á þann hátt yrðu sparaðar hér um bil 25,000 kr.

Ef manntalsþingin yrðu afnumin, mundi það hafa mikinn sparnað í för með sér fyrir sýslumenn, þar sem bæði talsverður tilkostnaður og tími sparaðist þeim, þeir sem sé losuðust við allar þingferðirnar.

Eg álít að ef þessi breyting kemst á, væri hægt að fela hreppstjóranum fleiri verk, sem sýslumenn hafa nú, en til eru tekin í frumv. Hreppstjórar gætu t. d. tekið að sér meiri hlutann af uppboðum, sem haldin eru, enn fremur ýmsar innheimtanir o. fl. Þetta mætti fela hreppstjórunum á hendur o. fl.

Eg hef ekkert á móti að frv. gangi í gegnum þessa deild og nái til Ed., til þess að henni sé gefinn kostur á að fjalla um málið, án þess þó að það sé alfarið samþykt í þetta sinn, svo landsmenn geti fengið það til athuguuar til næsta þings.

Framsm. (Lárus H. Bjarnason): Háttv. þm. Vestm. (J. M.) reyndi að gera bragarbót fyrir síðustu ræðu sína í þessu máli. Hann sagðist ekki álíta það rétt, að menn keptu svo mjög á þessu þingi að koma málinu í gegn. En eg vil spyrja, hvers vegna má ekki sýna frv. þann sóma, að samþ. það hér í deildinni og lofa Ed. að fjalla um það? Það er þó ekki sagt, að hún sþ. það að svo stöddu.

Háttv. þm. kvaðst ekki vera samdóma nefndinni; en mér finst hann hafa sýnt harla litla alvöru í málinu, þar sem hann ekki hefir komið fram með neinar brt. við frv.

Því hefir verið haldið fram, að afnám manntalsþinganna ætti ekki að fara fram fyr en gerð væri gagngerð endurskoðun og breyting á embættaskipun vorri.

Eg mundi ekki hafa neitt á móti því að embættismönnum yrði fækkað á þessu fólksfáa, fátæka landi; en eg býst við, að vér mættum bíða nokkuð lengi eftir afnámi hinna ónauðsynlegu manntalsþingaferða, ef bíða ætti eftir jafngagngerðri breytingu.

Dómaskipuninni hefir t. d. verið hreyft í fyrsta skifti á þessu þingi, og það má ætla, að nokkur tími líði, unz henni verði breytt, enda er ekki heppilegt, að sú breyting fari fram nú; þegar breyting sú, er hlýzt af stjórnarskrárbreytingunni, verður á embættaskipaninni, má ef til vill bæta nokkru á sýslumenn, en þó því að eins, að einhverju verði létt af þeim.

Háttv. þm. Vestm. kannast alt af við, að manntalsþingin séu orðin harla þýðingarlítil, en hélt því jafnframt fram, að þing þau, er sett yrðu í stað þeirra, yrðu enn þýðingarminni; en það

er ekki rétt. Það á að gera alt það sama á fyrra manntalsþinginu nýja og nú er gert á hreppamanntalsþingunum.

Aðdróttunum um, að eg flytji þetta frumv. af eigingjörnum hvötum, hirði eg ekki að svara.

Eg vil að lokum enn einu sinni benda á þann sparnað, sem frv. leiðir í för með sér. Ef hreppamanntalsþingunum væri slept, mundi almenningi sparast hér um bil 7500 kr.

Hæstv. landsh. hristir höfuðið; en eg skal leyfa mér að færa sönnur á mitt mál. Það má segja að bændur sé um 4000 allir á landinu, og af þeirri tölu geri eg ráð fyrir, að 3000 sæki manntalsþingin, og er þó slept öllum öðrum gjaldendum en bændum. Eg geri að 1 dagur ónýtist fyrir þeim, er þingin sækja, og reikna hvert dagsverk á 2 kr. 50 au., og getur þá hæstv. landsh. sjálfur reiknað út, hvort eg hafi ekki rétt í þessu atriði.

H. þm. V-Sk. (Guðl. G.) rakti það svo ljóst og greinilega sundur, hve þýðingarlítil manntalsþingin væru orðin, að það var næsta leiðinlegt, að hæstv. landsh. skyldi ekki heyra ræðu hans.

H. 2. þm. Rangv. (S. Á.) vildi ekki sleppa málinu frá þinginu að þessu sinni, en h. þm. Rangv. (S. Á.) veit það sjálfsagt, að það er ekki þessi deild ein, sem því ræður. H. Ed. á líka atkvæði um það, og er ekki nema rétt, að hún fái líka að segja álit sitt um það.

Þegar botnvörpumálið var til umr. hér í deildinni, þá var því lagt það líknaryrði, að rétt væri, að báðum deildum gæfist kostur á að ræða það. Það mál var þó fult svo athugavert frá almennu sjónarmiði eins og þetta mál, og vona eg að því verði gert heldur hærra en lægra undir höfði en botnvörpumálinu.

Landshöfðingi: Eg var ekki viðstaddur, þegar mál þetta var rætt hér við 2. umr., og bjóst eg satt að segja við, að það mundi þá fá sæmilega útför og eigi komast lengra. Eg tel það nefnilega mikið mein, ef frv. þetta skyldi verða að lögum eins og það nú er. Manntalsþingin eru víst einhver hin elztu og þjóðlegasta stofnun hér á landi; þau eiga ætt sína að rekja til vorþinganna gömlu, og í Jónsbók eru fyrirmæli um þau. Eg get ekki sagt, að eg þjáist mjög af þjóðernissýki, þó get eg ekki neitað því, að það mundi særa þjóðernistilfinningu mína, væru manntalsþingin afnumin. Þó játa eg það, að eigi væri fullgild ástæða til að halda þingunum fyrir þá eina sök, að þau eru gömul, ef ekki mælti fleira með því. Væru þau allsendis óþörf og nauðsyn að upphefja þau, þá væri svo sem sjálfsagt að gera það. En eg fæ ekki séð að svo sé; eg sé varla aðra meiningu í því en að auka verukærum sýslumönnum leti og spara þeim fáeinar krónur. Væru manntalsþingin afnumin, þá er það sannfæring mín, að margir sýslumenn mundu sjaldan eða aldrei koma í hina fjarlægari hreppa sýslu sinnar, og verða með öllu ókunnugir bændum þar. En eg álít það nauðsynlegt, bæði fyrir sýslumenn og bændur, að þeir hafi kynni hvorir af öðrum, og að þeir hittist að minsta kosti einstöku sinnum til að bera sig saman um ýms mál.

Eg man það, að það var algengt í æsku minni, að bændur komu á manntalsþing eigi að eins til að borga gjöld sín, heldur einnig til að bera ýms mál undir sýslumanninn sinn. Sýslumennirnir aftur á móti höfðu þá venju, að halda ræðu á þingi fyrir bændum, hvetja þá til framkvæmda og benda þeim á ýmislegt, er betur mætti fara.

Það var áður patriarkalskt samband

milli sýslumanna og bænda; bændurnir skoðuðu sýslumanninn sem föðurlegan ráðgjafa og leiðtoga, og það að eiga kost á að tala við sýslumanninn að minsta kosti einu sinni á ári, styrkti þetta samband.

H. þm. Snæf. (L. B.) heldur því fram, að manntalsþingin séu þýðingarlaus. Á þetta get eg ekki fallist. Á manntalsþingunum eiga bændur að borga þing gjöld sín. Það stendur í flestum skattalögum vorum, að skatturinn skal greiddur á manntalsþingi. Eftir því á hver bóndi lagaheimting á, að geta átt kost á að borga hann þar. Því hefir verið haldið fram, að bændur séu hættir að borga gjöld sín á manntalsþingum. Þetta mun ekki vera alls kostar rétt. Og af hverju kemur það, að svo er, að bændur borga eigi alment gjöldin þar? Það kemur af verzlunarólaginu. En nú er verið að berjast fyrir að kippa verzluninni í lag, og ef hægt verður að laga hana svo, að hönd seldi hendi, þá mundu bændur alment borga þinggjöld sín í peningum á manntalsþingunum, og eftir gildandi lögum hafa þeir fullan rétt til þess; þeir eiga ekki að þurfa að ómaka sig heim til sýslumanns með þau. Eg sé að í 3. gr. frv. er að vísu sett það ákvæði, að sýslumaður megi fela hreppstjóra á hendur að taka við þinggjöldunum, en það er engin skylda hans að gera það, og engin trygging fyrir að hann geri það. Eg get vel trúað því, að sýslumaður, sem mjög vill spara öll gjöld, vilji líka spara þá 2%, sem hann á að gjalda hreppstjóranum í innheimtulaun. Hér er því hallað rétti bænda um lög fram. Það er ýmislegt fleira, sem fram á að fara á manntalsþingum, og sem yrði hálfóviðkunnanlegt að framkvæma á þessum blessuðum manntalsþingum, sem frv. gerir ráð fyrir. Á manntalsþingum á t. d. að lesa upp friðlýsingar á æðarvarpi og selalátrum o. s. frv.; og það væri hálfóviðkunnanlegt, að vera að lesa upp út á Vatneyri um friðun í Geiradal, eða lesa upp í Kirkjubæjarklaustri friðun fyrir Lóni. Sömuleiðis á að bjóða upp vistlaus hjú á manntalsþingum, og væri það hálfskrítilegt að gera þetta á skrifstofu sýslumans, ef til vill fjarri sveit manns ins, í stað þess að gera það heima í sveit hans.

Yfir höfuð eru manntalsþingin svo samgróin þjóðlífi voru og löggjöf, að það er ekki auðvelt að kippa þeim burtu svona alt í einu.

Þess er og að gæta, að oft má nota manntalsþingin til að spara landssjóði fé. Amtmennirnir geta stundum falið sýslumönnum á hendur að leita þar upplýsinga um almenn mál; þar má halda próf o. fl. þess háttar.

Þessi tvö manntalsþing, sem frumv. gerir ráð fyrir, eru í raun og veru mesta aflægi. Orðið þing á við samkomu, þar sem margir koma saman, en á þingunum, sem frumv. ræðir um, þurfa ekki aðrir að mæta en sýslumaður og 4 réttarvottar. Það er annars dálítið undarlegt, að endilega skuli þurfa að hafa 4 réttarvitni á þessum nýju manntalsþingum, þar sem fátt eða ekkert annað mun fram fara en þinglýsingar.

Þessi þing munu sjálfsagt verða sviptuð þingum þeim, sem bæjarfógetinn í Reykjavík heldur, og þar mæta ekki aðrir en bæjarfógetinn og vottarnir.

Eg skal ekki trúa því fyr en eg tek á, að allur þorri bænda verði með því að afnema manntalsþingin; og þótt svo fari, að frumv. þetta verði samþykt hér á þingi og verði síðan að lögum, þá er engin trygging fyrir því, að þjóðin vilji lög þessi. Það er hálfgert að svíkjast að þjóðinni, að fara að eins og hér er gert. Mér er ekki kunnugt

um að málinu hafi verið hreyft í blöðunum eða á fundum; það kemur því hingað inn á þing órætt og óundirbúið af þjóðarinnar hálfu.

Mér finst að bændur eigi fullan rétt á, að fá að segja um, hvort þeir vilji hafa manntalsþingin eða eigi, áður en farið er að hagga við þeim, en það fengju þeir ekki, ef frumv. yrði samþykt á þinginu og staðfest af stjórninni.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg get að vissu leyti fallist á ýmislegt, sem hæstv. landsh. sagði um manntalsþingin.

Það er satt að þau eru gömul og þjóðleg stofnun, sem höfðu ákaflega mikla þýðingu lengi fram eftir tímum. Eg benti á það við 2. umr. að nú væru tímar og kringumstæður svo breytt, að ástæða væri til að fara nú að breyta þessari stofnun, þótt gömul væri.

En þó að eg tæki það fram, að eg væri frumv. hlynntur, þá vil eg þó sízt fylgja því fram með kappi, að málið sé útkljáð á þessu þingi. Það var skökk tilgáta hjá hæstv. landsh. að málið sé að nokkru leyti borið fram til þess auka sýslumönnum leti eða til þess að spara þeim nokkrar krónur. Frumv. er borið fram til að spara dýran tíma bæði bændum og landinu. Það er dýrt fyrir landið, að tefja störf sýslumanna með þessu, og verða fyrir þessi störf að hafa þá fleiri en ella væri þörf. Mér finst nú vera líkt að farið eins og ef bóndi léti sækja lækni og héldi honum hjá sér 3—4 daga, ekki til að lækna sjúklinga, heldur til að moka fjós og mjólka kýr. Það mundu flestir álíta þann bónda ráðlausan, sem héldi þannig kaupdýran mann til að vinna þá vinnu, sem hann gæti fengið eins vel unna fyrir miklu minna kaup. Svipað þessu finst mér að farið, þegar verið er að snúa sýslumönnunum svo og svo langan tíma árlega í því að halda manntalsþing, eigi þýðingarmeiri en þau eru nú orðin.

Hæstv. landsh. tók það fram, að afleiðingin af því að manntalsþingin í hreppunum væru afnumin, mundi verða sú, að sýslumenn kæmu aldrei í suma hreppa sýslunnar, og mundu verða miklu ókunnugri bændum en nú gerist. Það er ekki hætt við þessu, ef sú skipun kæmist á, sem eg hefi hugsað mér, nefnilega að sýslumönnum sé gert að skyldu að gera yfirreið yfir sýsluna eftir sem áður einu sinni á ári, en munurinn yrði sá, að þeir yrðu ekki eins rígbundnir við að gera það á vissum árstíma eins og með manntalsþingin, heldur mættu sýslumenn haga yfirreið sinni eftir því sem haganlegast væri, og fara eftir því hvernig störf lægju fyrir í þeim og þeim parti sýslunnar. Slíkar yfirreiðar ættu að geta orðið sýslubúum hagfeldari en manntalsþingaferðirnar. Hæstv. landsh. vildi að manntalsþingin væru notuð til þess að bændur bæru vandkvæði sín upp fyrir sýslumanninum, og hefðu hann fyrir »föðurlegan ráðgjafa« sinn, enn fremur til þess, að sýslumennirnir héldu uppörfunarræður fyrir bændum. Það er satt að manntalsþingin voru fram um miðja síðustu öld, eða jafnvel fram um 1870, að meira eða minna leyti notuð til þessa. En nú veit eg ekki betur en að blöðin hafi tekið að sér það hlutverk að halda föðurlegar leiðbeiningarræður fyrir bændum, og að þær séu betur þegnar þar en af sýslumönnunum, enda heyrir slíkt fremur undir verksvið blaðanna en sýslumannanna.

Afnám manntalsþinganna er spor í þá átt, að fækka undirdómurum, eins og eg álít að gerlegt væri, ef hreppstjórunum væri fengið ýmislegt af störfum þeim, sem hvíla á sýslumönn-

um, og yfir höfuð fylgt þeirri reglu, að leggja eigi á þá nein þau störf, sem fá má fullfæra menn til að leysa af hendi á ódýrari hátt. Þetta ætti og að geta leitt til þess, að hægt væri að koma á betri dómþingaskipun en nú er. Vitaskuld mætti breyta þannig réttarfari í einkamálum, að þau gætu orðið útkljáð með einu réttarhaldi. Sömuleiðis mætti stækka dómþinghárnar. En þetta mun eiga nokkuð langt í land. Það er því varla gerlegt að halda við þessum forngrip, manntalsþingunum, þangað til það er alt komið í kring; þessum forngrip, sem eins og svo margir aðrir forngripir getur verið skemtilegur, þótt eigi sé hann hagfeldur fyrir nútímann; og vel get eg sett mig inn í það, að sumir viija halda honum og varðveita hann, rétt eins og þeir geyma gömul trafakefli, rostungstannabauka og gapastokka. En því verð eg að halda fram, að manntalsþingin hafi eigi lengur neina verulega verklega þýðing, og því eigi þau að hverfa úr sögunni nú á þessum dögum, er menn leggja mesta áherzluna á, að hverju verklegu gagni hlutirnir geti orðið.

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Það gleður mig að hæstv. ldsh. er kominn inn, því að það voru 2 atriði í ræðu hans, sem eg þarf að svara, og vildi eg að hann heyrði það. Eg hefði þó helzt óskað, að sum af orðum hans hefði ekki fallið.

Eg þykist standa hér sem þm. Snæf., en ekki sem sýslumaður þeirra, og þykist því ekki þurfa að taka við snuprum eða sneiðum um það, að eg flytji þetta frumv. af værukæru eða leti. (*Landshöfðingi*: Það hefi eg aldrei sagt.). Það á sér heldur engan stað, að eg sé að svíkja þetta frv. inn á þjóðina, að henni fornspurðri, enda hefði hæstv. landsh. oft »svikist að« þjóð sinni, ef eg gerði það nú, því hversu mörg frumv. hefir hann ekki flutt inn á þingið að þjóðinni fornspurðri? Eg ímynda mér að hæstv. landsh. geti ekki vel dæmt um þetta frumv., því að manntalsþingin eru nú orðin mjög ólík því, sem þau hafa verið, er hann kyntist þeim í ungdæmi sínu. Það kemur víst aldrei fyrir nú, að það þurfi að bjóða upp hjú á manntalsþingum, að minsta kosti hefir það aldrei komið fyrir mig, og eg efast mikið um, að amtmenn geti skipað sýslumönnum, að halda rannsóknir einmitt á manntalsþingum. Friðlýsing eggvera og selalátra mun nú heldur ekki vera algeng á manntalsþingum, enda mætti fela hreppstjórum slík smástörf á hreppskilaþingum.

Ekki skil eg heldur, að bændur mundu sjá mjög eftir manntalsþingunum sem *gjaldheimtuþingum*. Eg gæti heldur trúað því, að þeim kæmi betur að borga til hreppstjóra, þegar þeir hafa peninga, heldur en á vissum degi, enda er það líka orðið vanalegt, að kaupmenn borga þinggjöldin fyrir viðskiftamenn sína, og margir borga hreppstjórunum löngu eftir manntalsþing. Gjaldheimtan er því víða orðin mjög þýðingarlítið verk á þingunum. (*Landshöfðingi*: Þetta getur breyzt.). Jú, svo gæti farið, að þetta breyttist, en svo virðist þó sem það sé alt af að draga úr greiðslu gjalda á *þingunum*.

Hæstv. landsh. gat þess, að í hans ungdæmi hefðu sýslumenn skoðað sig sem nokkurs konar feður bænda, og mér skildist hann ætlast til að svo ætti það að vera. Eg þekki ekki þenna metnað; eg skoða bændur ekki sem börn mín eða mig sem föður þeirra, heldur skoða eg bændur miklu fremur sem jafna mér.

Hæstv. landsh. sá eftir yfirreiðum

sýslumanna; en til hvers á að vera að ómaka þá í hreppana, eigi þeir þangað ekkert erindi?

Hæstv. landsh. þótti óviðkunnanlegt, að 4 væru vottarnir á þingunum; en það er ekkert hægra en gera við því. Það má fækka þeim um helming. Að því er það snertir að þingin sé gömul, þá er mér það vel kunnugt, og það er einmitt af ræktarsemi gagnvart aldri þeirra, að eg vil halda þeim að nafninu til. Þau eru að minsta kosti nefnd í Jónsbók.

Eg get ekki séð að neitt mæli með því, að kostað sé dýrum dómum til þess að halda þessum ferðum uppi, sem ekki að eins kosta sýslumann 1/2 mánuð eða 1/24 úr árinu, heldur og 1/15 hluta af launum hans, og ekki nóg með það, heldur og kosta landið í heild sinni og bændur sjálfa töluverðan tíma og þá um leið peninga.

Eg skil vel, að sumum sé ekki um að hraða málinu af á þessu þingi, enda fer eg ekki fram á það hér, en eg hygg þó að það væri meinlaust, að leyfa málinu að ganga til háttv. Ed., svo að henni gefist einnig kostur á að ræða það.

Árni Jónsson: Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) tók það fram, að manntalsþingin væru orðin þýðingarlítil, en eg álít, eins og eg tók fram við 1. umr., að þau séu ekki svo þýðingarlítil, heldur að þau hafi meir að segja talsverða þýðingu, enda kom það skýrt fram í ræðu hæstv. landsh. Eg vil lýsa því yfir gegn þeim, sem segja, að gjöldin sé ekki greidd á manntalsþingunum, að á öllum þeim þingum, sem eg hefi verið á, hafa verið greidd gjöld meir og minna í peningum, og gerð yfirleitt sú grein fyrir manntalsbókargjöldunum, sem sýslumaður hefir gert sig ánægðan með. Og úr því að menn eiga hvort sem er að gjalda á ákveðnum degi, og er skylt að greiða gjöldin þá, þá sé eg ekki að betur fari þó breytt sé, heldur að það muni gjaldast öllu lakara en með því fyrirkomulagi, sem nú er.

Það gladdi mig að heyra svo skýra skoðun hæstv. landsh. á því, að manntalsþingin væru ekki óþörf, og eg vil halda mér við það.

Þórður J. Thoroddsen: Eg tek undir með þeim háttv. þm., sem álíta, að frv. þetta eigi ekki fram að ganga. Eg álít að það verði fremur til skaða en góðs, og skil ekkert í flutnm. þess, að koma með það, og sækja það svo fast, sérstaklega þar sem það eru menn, sem stjórna eiga manntalsþingunum. Þar sem þeir nú gera svo lítið úr þýðingu manntalsþinganna, þá finst mér það vottorð þeirra sýna það, og bera vott um, að einhverir sýslumenn hér á landi hafi gert þau að þessum hégóma. Ef sambandið er rétt á milli sveitabúa og sýslumanna, þá álít eg að manntalsþingin geti gert mikið gott og mikið gagn. Eg þykist líka viss um það, að ef þjóðin væri spurð um það, hvort hún vildi að manntalsþingin væru niður lögð, þá svaraði hún með nei. Eg veit ekki um, hvernig þessu er varið í Snæfellsnessýslu; þar þekki eg ekki svo til; en víðast þar sem eg þekki til er mönnum vel við þau, en ekki illa, og álíta að þau séu nauðsynleg. Eg sé ekki, til hvers góðs það ætti því að vera, að afnema þau. Að bændum sé gert betra með því, skil eg ekki; eg sé ekki ástæðu til að gera eins mikið úr vinnutapinu og háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) virtist gera; eg sé ekki annað en að fólk geti unnið á heimilinu, þó að bóndinn bregði sér burt 1 eða 1/2 dag. Það má líka gæta að því, að með því að afnema manntalsþingin getur lagst óbeinlínis kostnaður á bændur.

Maður veit svo mörg dæmi til þess, að fátækir menn oft verða að láta ýms mál bíða, sem þeir þurfa leiðbeiningar sýslumanns í, þangað til hann kemur að þinga, til þess að þurfa ekki að kosta ferð hans.

Ef þingin verða afnumin, þá verða þeir að kosta ferð sýslumanns í því skyni. Sömuleiðis er því varið með þinglýsingarnar; þær eru líka nauðsynlegar, og einmitt að þær séu gjörðar heima í héruðunum. Það er mikill munur á, hvort þeim er lýst í hreppunum sjálfum, eða á skrifstofu sýslunnar. Það getur líka oft verið bagalegt fyrir menn, að vita ekki, hvaða skjölum hefir verið þinglýst; það getur og haft kostnað í för með sér fyrir menn, að þurfa að grenslast eftir þinglýsingum í bókum hjá sýslumanni. Eg get ekki séð, að sýslumenn hafi svo mikið að gera, að þeir komist ekki til að halda manntalsþing. Þegar eg spurði h. þm. V. Sk. (Guðl. Guðm.) við síðustu umr., hvað þeir hefðu að vinna, þá gat hann engu svarað nema því, að þeir hefðu nóg að gera að svara bréfum og snúast í ýmsum fátækramálefnum. Ef þeir hafa nú ekkert annað að gera, og þegar litið er til þess, að nú er búið að skipa milliþinganefnd í fátækramálum, og skyldi nú sú nefnd komast að þeirri niðurstöðu, að heppilegra væri að láta einhverja aðra fjalla um fátækramál en sýslumenn, þá fer nú að minka um störf þeirra.

Ef nú svo reynist, að sýslumenn þurfa hvorugt að gera, hvorki að halda manntalsþing né sinna fátækramálum, þá væri ekki úr vegi að koma með frumv. um það á næsta þingi, að afnema sýslumannaembættin; hreppstjórarnar gætu þá kallað inn þinggjöldin og annaðhvort þeir eða þá aðrir menn fært bækurnar og þinglýst skjölum o. s. frv. Frumv. þetta álít eg til ills; það er réttasspillir, en ekki réttarbót, og því réttast að það falli. Að minsta kosti finst mér réttara að spyrja þjóðina fyrst að því, hvort hún vilji láta afnema manntalsþingin, áður en frv. þetta er gert að lögum.

Jón Magnússon: Eg ætla að eins að gera stutta athugasemd við orð h. þm. Snæf. (L. B.). Hann sagðist að minsta kosti óska, að vér sýndum málinu þann sóma, að leyfa því að ganga til Ed. Þetta skil eg ekki. Það getur ekki verið um annað að tala en annaðhvort að fella eða samþykkja hvert frv. í hvorri deild fyrir sig, og á ábyrgð hvorrar deildar fyrir sig, en ekki um hitt, að lofa því að ganga inn í hina deildina, svo sem til þess að leita álita hennar. Um það, hvort þjóðin vilji leggja niður manntalsþingin eða eigi, verður ekki sagt neitt með vissu; en hitt var mér sagt á laugardaginn var, að það hefði komið til tals í kjördæmi hér nálægt, að leggja þau niður, og hefðu bændur risið öndverðir á móti því. (*L. H. Bjarnason*: Hvar var það?) Það var einn af h. þingdm., sem sagði mér það, og getur hann, ef honum lízt, nefnt kjördæmið.

Framsm. (L. H. Bjarnason): Það má heita að bera í bakkafullan lækinn, að fjölyrða meira um þetta mál. Þó vildi eg svara nokkrum atriðum í ræðu h. 2. þm. G-K. (Þ. J. Th.), einkum af því, að mér skildist hann vera þessu máli fylgjandi fyrir stuttu. Eg vona, að hann muni eftir samtali okkar um það mál. (*Þ. J. Thor.*: Hve nær?) Fyrir fáum dögum. (*Þ. J. Thor.*: Misskilningur).

Háttv. þm. sagði, að það mundi vera sýslumönnunum að kenna, að manntalsþingin væru orðin hégómi; en það skil eg ekki. Við þingum enn eins og gert var fyrir 6—700 árum. En verði

dauðadómurinn yfir þingunum er það, að almenningur notar þau ekki.

Háttv. þm. sagði líka, að bændur munaði ekki mikið um það, þó að þeir yrðu að verja einum degi til þess að sækja manntalsþingin; en þar er eg á öðru máli. Eg álít það tilfinnanlegt fyrir allan fjölda bænda, alla einyrkjana að minsta kosti, að verða að eyða heilum degi um hæsta vortímann til þess að ríða á þing, til einskis eða sáralítils. Hann sagði, og að bændur þyrftu að bera ýms mál undir sýslumenn, og ættu að geta gert það á manntalsþingunum, til þess að þurfa ekki að kosta ferð sýslumanns. En eg skil ekki, að þeir þurfi fremur að bera undir sýslumann mál, þó að manntalsþingin væru afnumin. Þetta er því spá og ekkert annað. Eg get hér talað af reynslu, og mín reynsla er það, að á þeim 10 árum, sem eg hefi gegnt þessum störfum, hafa að eins 3 mál verið rekin á þingunum. Sömu reynslu hafa embættisbræður mínir, sem eg hefi talað við, svo sem háttv. 1. þm. Eyf., þm. Dalam., þm. V-Sk. Það er heldur ekki rétt, að það sé kostnaðarsamara að leita úrskurðar sýslumanns á skrifstofu hans en á manntalsþinginu. Það kostar ekki nema 10 eða 20 aura undir bréfið, og ekki það, sé bréfið sent utanpósts.

Með því móti, að spyrja sýslumann bréflega, geta menn líka fengið miklu betra og rækilegra svar. Það er munur fyrir sýslumanninn að hugsa um málið heima á skrifstofu sinni í næði, heldur en að kasta svarinu fram munnlega á þinginu, enda hafa margir sýslumenn það fyrir reglu, að svara engum slíkum spurningum fyr en þeir eru búnir að bera málið undir báða málsparta, og þá reglu hefi eg, þar sem því verður við komið, og mundu Snæfellingar kannast við, að eg er ekki æðilatur að leysa úr spurningum þeirra. Hann var líka að tala um, hvað þinglýsingarnar væru skemtilegar; en eg er viss um það, að þó að maður spyrði hann í þinglok, hvaða skjöl hefðu verið þinglesin, þá myndi hann það ekki. Að minsta kosti gleymi eg að jafnaði þinglesnu bréfunum undir eins og eg er staðinn upp, og svo held eg sé um marga, sem þing sækja. Hvað snertir útdrátt úr veðmálabókum, þá kemur hann ekkert þessu máli við; menn verða eftir sem áður að kaupa hann, því að hann heimta opinberir sjóðir og allir skynsamir menn.

Háttv. þm. sagði líka, að sýslumenn hefðu lítið að gera; en ekkert skil eg í hvernig hann getur farið að segja þetta, maður, sem setið hefir í sýslunefnd og hreppsnefnd og hlýtur því að vera vel kunnugur störfum sýslumanna. Sýslumenn eru »factotum« þessa lands, þeir eru alt í öllu í héraðinu, því að öllu er dembt á þá. Og verði amtmannsembættin lögð niður, gæti eg hugsað, að þyngdist á sýslumönnunum, enda mætti þyngja á þeim, ef búið væri að létta manntalsþingunum af þeim áður. Þar sem nú sýslumenn missa $^1/_{24}$ úr árinu í þessar ferðir og $^1/_{15}$ af launum sínum, þá ættu menn þó að sjá, að það er ekki lítill kostnaður, sem af manntalsþingunum leiðir, en vilji þingið heldur borga sýslumönnum skrifstofufé en létta af þeim óþarfaverkum, mundu sýslumenn sætta sig við það.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) gat ekki skilið í því, hvers vegna eg vildi gefa h. Ed. kost á að íhuga málið; en metur hann þá dóm sinn á nefndarálitinu svo lítils, að ekki megi flytja hann upp í Ed., og lofa henni að ræða málið? Viðvíkjandi orðum h. þm. N-Þing. (Á. J.)

þá skal eg segja það, að mér hefir ekki dottið í hug að neita því, að nokkuð gjaldist á manntalsþingunum, en lítið er það að minsta kosti í Snæfellsnessýslu, og sama hefir h. 1. þm. Eyf. og fleiri sýslumenn sagt mér úr þeirra sýslum. (*Forseti*: Mikið goldið á þingum, en mest utan þinga).

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 15 gegn 5 atkv.

Afgreitt til Ed.

Sala á Arnarhólslóð.

FRUMVARP til laga um heimild til að selja hluta af Arnarhólslóð (þgskj. 51); 1. umr., 7. ágúst.

Flutnm. (Tryggvi Gunnarsson): Með lögum 21. júní 1900 er stjórninni veitt heimild til að selja lóðir í Arnarhólstúni, en í þessum lögum er undanþeginn blettur í Skuggahverfi, sem er hér um bil 3 dagsláttur að stærð og liggur svo langt í burtu frá miðbænum, að engin ástæða er til að ímynda sér, að landið þyrfti að brúka hann undir söfn landsins eða aðrar opinberar byggingar, en sem komið gæti til mála með vesturhluta túnsins. Þar sem nú ekkert útlit er fyrir, að landið þurfi á þessum blett að halda, og Smíðafélagið hér í bænum, sem þingið sýndi þá velvild í fyrra, að veita styrk til að koma upp trésmíðafabrikku, hefir beðið um þennan blett, þá vona eg að háttv. þingdeild taki vel í málið, og haldi áfram að styðja þessa fyrstu framfaratilraun handiðnamannastéttarinnar. Blettur þessi liggur haganlega fyrir slíkt fyrirtæki, þar sem hann er fjarri íbúðarhúsum og nálægt brúkanlegum uppskipunarstað fyrir trjávið.

Hingað til hafa mest verið styrktir af opinberu fé landbændur og nokkuð sjómenn, en iðnaðarmannastéttin harla lítið; virðist því vera tími til kominn, að fara að gefa þessari stétt gaum. Það er oft talað um, að Rvík eigi að vera fyrirmynd landsbúa, og eg óska að Rvíkurbúum auðnist að verða það, þótt þeir séu enn skamt á veg komnir í þeirri grein; en æskilegt væri það, að þeim færi svo fram í iðnaði, að menn út um land gætu sent syni sína hingað til að læra smíðar o. fl. iðnað, eins og þeir senda dætur sínar hingað í kvennaskólann til að læra og fullkomnast.

Pétur Jónsson: Enda þótt hér sé ekki um eins dýrmætan blett að ræða eins og »Batterlið« sæla, þá finst mér þó réttara að athuga málið, og vísa því þessu til nefndar þeirrar, sem á að fjalla um fjármálin á þessu þingi, nefnilega fjáraukalaganefndarinnar.

Flutnm. (Tryggvi Gunnarsson): Viðvíkjandi þessari tillögu h. þm. S-Þing. (P. J.) vil eg geta þess, að forseti lýsti því yfir í morgun, að þessi nefnd hefði lokið störfum sínum, og veit eg því ekki, hvort hægt er að vísa málum til þeirrar nefndar; að minsta kosti verð eg að ráða frá því.

Þórður J. Thoroddsen: Eg er ekki á móti því, að stjórninni sé veitt sú heimild, sem hér er um að ræða; eg kynni að eins betur við, að stjórninni væri veitt heimild til þess að selja bæjarstjórninni í Reykjavík þenna blett, en ekki trésmiðunum. Þeir geta þá aftur fengið blettinn hjá bæjarstjórninni, ef henni sýnist svo; en eg get ímyndað mér, að hún vilji hafa umráð yfir þessum bletti, eins og öðrum lóðum hér í bænum, og finst mér það í alla staði eðlilegt. Eg hefi þess vegna hugsað mér að koma með brt. um þetta við 2. umr.

Flutnm. (Tryggvi Gunnarsson): Eg verð að svara h. þm. því, að hér

á þinginu liggur ekki fyrir nein beiðni frá bæjarstjórninni um þennan blett, og eg sé þess vegna ekki ástæðu til að veita kauprétt á lóðinni þeim, sem ekki biðja um hana, en neita þeim, sem hafa falast eftir henni. En það er óþarfi að ræða frekar um þetta atriði nú, þar sem brt. ekki liggur fyrir. En ræða má um það við 2. umr., ef brt. kemur þá frá h. þm.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 gegn 2 atkv.

Önnur umr., 9. ág. (þskj. 51, 75, 76).

Þórhallur Bjarnarson: Þær 2 breyt.til. er hér liggja fyrir eru báðar sama efnis, og skiftir það því minstu, hver þeirra er tekin aftur.

Eg heyri að háttv. flutnm hinnar brtill. haldi henni ekki fram, og verður þá mín ein eftir. Mín brtill, á þskj. 75, er fólgin í því, að lóð sú sem hér er um að ræða verði seld Reykjavíkurkaupstað.

Í dag hefir verið lagt fram á lestrasalinn erindi frá bæjarstjórn Reykjavíkur, þar sem hún óskar að mega kaupa téða lóð, og gefur um leið yfirlýsingu um, að ef lóðin verði seld kaupstaðnum, þá álíti hún sjálfsagt að láta trésmíðafélaginu í té nægilega stórt svæði af lóðinni til að koma upp hinni fyrirhuguðu trésmíðaverksmiðju, gegn sama verði tiltölulega, sem kaupstaðurinn greiðir fyrir lóðina alla, og felst í þessu trygging fyrir því, að trésmíðafélagið fái nægilega lóð fyrir sama verð og bærinn greiðir.

Eg skal enn fremur láta þess getið, að bæjarstjórnin óskar, að kaup þessi gerist svo fljótt, að trésmíðafélagið geti notað lánsheimildina í yfirstandandi fjárlögum, og bæjarstjórnin telur fyrirtækið þarflegt og gott fyrir bæinn, og því þarf eigi að óttast að hún láti ekki í té nægilega stóra lóð, enda þarf stórt svæði bæði fyrir geymslu á timbri, og vegna brunahættunnar þarf að vera rúmt í kringum svona stofnun.

Hér þarf sem sagt ekki að óttast neina meinbægni frá bæjarstjórnarinnar hálfu, heldur vill hún að eins hafa forkaupsrétt á þessari lóð, í samræmi við það, sem samþykt var á þingi 1899, að stjórninni veitist heimild til að selja Reykjavíkurbæ, en ekki öðrum, lóðir í norðurhluta Arnarbólstúns, enda er það eðlilegt, að bærinn eignist þegar selt er; bærinn er ekki ofhaldinn, þó hann fái sitt lóðargjald; það er svo margfaldur kostnaður, sem fellur á bæinn, við vegagerðir, rennur, ljósker og fleira.

Landshöfðingi: Eg skal að eins leyfa mér að gera þá stuttu athugasemd, að þar sem farið er fram á, að lóð þessi skuli seld eftir dómkvaddra manna mati, þá álít eg eigi rétt, að stjórnin sé bundin við það. Matið gæti verið svo lágt, að það væri með öllu óaðgengilegt, og hefði eg því gjarnan óskað, að þessu yrði breytt í þá átt, að lóðin mætti ekki seljast fyrir minna verð en dómkvaddir menn meta, en að stjórninni sé heimilt að setja verðið hærra, ef henni virðist nauðsyn bera til þess; og ef háttv. flutnm. eigi vilja breyta þessu, mun eg sjálfur við 3. umr. koma fram með breytingartillögu um þetta atriði.

Flutninsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Samkvæmt yfirlýsing háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) finst mér eg geta hallast að brtill. hans, að bænum sé gefinn kostur á að kaupa lóðina, þar sem hann hefir lýst því yfir fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur, að fái hún yfirráð yfir lóðinni, þá skuli eigi verða fyrirstaða á því frá hennar hendi, að félag það, sem lóðina hefir falað til kaups, fái nægilega stórt svæði af

henni til sinna þarfa, og með alveg sama verði sem bærinn kaupir hana.

Eg hafði fyrst hugsað mér, að landssjóður seldi stykki það sem hér ræðir um, án nokkurra milligöngumanna, félagi því, sem nú sækir eftir kaupunum, og er hið sama félag sem hið h. þing veitti 15,000 kr. lán í fjárlögunum í fyrra, og eigi getur notað það lán nema það fái þennan lóðarblett.

Lánveiting sú bar vott um, að þingið vildi hlynna að handiðnamannastéttinni hér á landi, sem er mjög hyggilegt, því hún er mjög skamt á veg komin enn þá, og þarf stuðning.

Af þessum ástæðum fanst mér eðlilegt, að þingið væri fúst til að selja félagsmönnum lóð þá, sem þeir þyrftu til þess að geta komið verksmiðjunni upp. En nú mun eg ekki gera nokkurt kappsmál úr því, þar sem þingm. Borgf., sem líka er bæjarfulltrúi Reykjavíkur, hefir lýst því yfir fyrir hönd bæjarstjórnarinnar, að félagið skuli fá þá lóð, sem það þarfnast, og með sama verði sem landssjóður selur hana; þetta álít eg nægilega trygging, bæði fyrir félagið og hina háttv. þingm., sem hafa ætlað sér að styðja félagið.

En hvað snertir þá athugasemd hæstv. lh., að landsstjórnin þyrfti eigi að vera bundin við mat dómkvaddra manna, þegar lóðin er seld, þá finst mér það eðlilegt, að hún hafi heimild til að selja lóðina hærra en hún kann að verða matin, því að eg treysti því, að hún muni ekki hækka söluverðið fram úr matinu, nema hún sjái fulla ástæðu til þess, og eg, sem er eigi einungis þingmaður Reykjavíkur, heldur á líka að líta á hag alls landsins, get gengið að því, að koma með brtill. við frv. í þá átt, sem hæstv. lh. bent á.

Þórhallur Bjarnarson: Eg sé ekkert á móti því, þótt niðurlagi frv. sé breytt í þá átt, sem hæstv. lh. benti á. Reyndar skil eg svo, að í heimild þeirri er frv. gefur til sölunnar liggi hið sama, enda er frumv. orðað eftir lögunum frá þinginu 1899 um sölu á Arnarhólstúni, en breyting sú, sem hæstv. lh. vill gera á frv., er frá hans sjónarmiði til bóta, og eg get ekki séð, að bæjarstjórn Reykjavíkur hafi ástæðu til að hafa á móti henni.

ATKVGR.: Brt. á þskj. 75 sþ. með 18 samhlj. atkv.

Frumv. greinin með áorðinni breytingu sþ. í e. hl.

Fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 11. ágúst. (þgskj. 51, 100).

Flutningsmaður (Tryggvi Gunnarsson): Eg álít að eg þurfi ekki að fara mörgum orðum um þetta mál; at kvgr. við 2. umr. frv. sýndi að málið hefir fylgi meiri hluta deildarinnar. Eg skal að eins minnast lítið eitt á brt. á þskj. 100, sem eg hefi komið fram með eftir bendingu hins hæstv. landsh. hér í deildinni um daginn. Það kemur oft fyrir í virðingargerðum til bankans, að virðingarmenn meta ekki verðmæti húsa eða jarða eins, þótt á líku reki séu, og þó efast eg ekki um, að virðing þeirra beggja sé gefin eftir beztu sannfæring.

Færi nú svo, að stjórninni í þessu tilfelli þætti virðingin á lóðinni of lág, svo ástæða væri til að selja hana yfir virðingu, þá þykist eg vita, að hæstv. landsh. sem gamall Reykvíkingur, og á hina hliðina ágætur fjárvörður landssjóðs, ráði svo um söluna, að þessi lóð verði seld með sanngjörnu verði fyrir kaupanda og seljanda. Eg er ekkert hræddur um, að heimild sú, sem stjórninni er veitt með brt, verði misbrúkuð.

Eg skal að endingu að eins láta þá von mína í ljósi, að þetta litla frv.

komist vel og klaklaust gegnum háttv. deild.

ATKVGR.: Brt. á þskj. 100 sþ. m. 19 samhlj. atkv.

Frv. með áorðnum breyt. sþ. með 21 samhlj. atkv. og afgr. til Ed.

Presthólamál.

Hæstv. landshöfðingi svarar fyrirspurn frá háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) um Presthólamálið (þgskj. 154), 22. ágúst.

Flutningsm. (Árni Jónsson): Eg hefi leyft mér að koma fram með þessa fyrirspurn eftir óskum kjósenda minna, að vísu ekki skriflegum, en þó alvarlegum og einlægum óskum þeirra.

Þeim kom það óvænt og varð það að áhyggjuefni, þegar sú fregn kom á næstliðnu hausti, að Presthólar voru á ný veittir síra Halldóri Bjarnarsyni. — Honum hafði verið vikið frá prestskap rúmu ári á undan, og fluttist hann þá burt frá Presthólum að Sigurðarstöðum.

Þegar hann var þangað kominn, þá sögðu nokkrir menn úr Presthólasókn sig úr þjóðkirkjunni, og einnig Ásmundarstaðasóknarmenn. — Ásmundarstaðarsókn er fámenn og lítil sókn á Melrakkasléttu. — Þessir menn, sem úr þjóðkirkjunni gengu, vildu mynda fríkirkjusöfnuð og hafa síra Halldór fyrir prest sinn, en eigi náði hann staðfestingu fyrir því embætti, þótt hann muni hafa unnið þar prestsverk og notað Ásmundarstaðakirkju alveg átölulaust. — Á þennan hátt klofnaði Presthólasöfnuður. — Mestur hluti Presthólasóknar hélt trúnað sínum við þjóðkirkjuna, og fekk þjónustu nágrannaprests. — Eftir miðjan júnímánuð í fyrra fekk prófasturinn í Norður-Þingeyjarsýslu bréf frá biskupi um það, að síra Halldór Bjarnarson sækti um Presthóla, og jafnframt kvaðst biskup hafa fengið bréf, undirskrifað af 16 utanþjóðkirkjumönnum, um það, að þeir mundu ganga inn í þjóðkirkjuna aftur, ef síra Halldóri Bjarnarsyni yrðu veittir Presthólar á ný. — Biskup fól nú prófasti, að spyrja þessa menn, hvort þeir mundu standa við þá yfirlýsing, er þeir höfðu gefið. — Hlutaðeigandi prófastur, síra Þorvarður Þorvarðsson á Víðihóli, gerði það sem fyrir hann var lagt. — Hann fór til þessara 16 manna og spurði, hvort yfirlýsingin væri rétt fram borin. — Það kemur þá í ljós, að 2 af þeim, sem undir yfirlýsinguna höfðu ritað, könnuðust ekki við nöfn sín, og virðist svo sem þau hafi verið tekin í heimildarleysi, og þess utan reyndist ein undirskriftin varhugaverð. — Prófastur skaut svo á fundi á Presthólum þann 21. júnímánaðar, og voru þar samankomnir 19 atkvæðisbærir menn úr söfnuðinum. — Þar lagði prófastur þá spurning fram, hvort menn væru því samþykkir, að veita þessum eina umsækjanda brauðið. — Brauðinu hafði, eftir að það varð prestlaust, verið þjónað af nágranna-prestinum, síra Páli á Svalbarði.

Af þeim 19, sem fundinn sóttu, voru 18 með því, að brauðinu yrði þjónað áfram af síra Páli, en einn vildi það, að brauðið yrði veitt síra Halldóri Bjarnarsyni.

Þannig stóð þá málið, að 13 menn kváðust mundu ganga í þjóðkirkjuna aftur, ef síra Halldóri Bjarnarsyni væri veitt brauðið, og þessi eini, sem atkvæði greiddi með honum; en hins vegar stóðu hinir 18, sem á fundinum voru, og þess utan þeir 2, sem gengið höfðu frá undirskriftum sínum. — Eftir skýrslunni urðu þannig 14 með, en 20 á móti síra Halldóri.

Þessa skýrslu sendi svo prófastur biskupi. — Eins og málið þá lá fyrir, þá datt engum manni í hug, að brauðið yrði veitt þessum eina umsækjanda. — Skoðun manna var sú, að þeir einir hefðu kosningarrétt, sem teldu sig til þjóðkirkjunnar, en hinir væru ekki atkvæðisbærir, og kosningarlögin næðu ekki til þeirra.

Það stendur í 3. gr. laga frá 8. jan. 1886, að »meðlimum þjóðkirkjunnar«, þeim, er kosningarrétt hafa, skuli gefinn kostur á, að greiða atkvæði.

Einnig stendur í 8. grein sömu laga, að ef einhver vill kæra yfir kosningunni, þá skal hann gera það innan 8 daga til »formanns kjörstjórnarinnar« o: prófastsins.

En engin slík kæra kom hér fram.

Mönnum kom því veitingin algerlega á óvart, og þeir skildu ekki, hvernig á því gæti staðið, að brauðið væri veitt þvert ofan í skýrslu prófastsins. — Lögin geta ekki skýrt þetta fyrir þeim, og þess vegna hafa þeir falið mér að flytja þessa fyrirspurn fram, og óskað skýringar og svars hjá hæstv. landshöfðingja.

Landshöfðingi: Eg hefi nú ekki mikið að athuga við skýrslu hins háttv. fyrirspyrjanda, þm. N.-Þing. (A. J.), um gang þessa máls, en vil þó segja sögu þess frá mínu sjónarmiði til saman burðar.

Síra Halldóri Bjarnarsyni var vikið frá embætti 30. marzmánaðar 1900, og síra Páli Hjaltalín Jónssyni á Svalbarði falið að þjóna brauðinu í hans stað; síðan var brauðinu slegið upp sem lausu.

En skömmu seinna gekk rúmur helmingur kjósenda í prestakallinu úr þjóðkirkjunni og kaus síra Halldór Bjarnarson fyrir prest sinn, og sótti um konunglega löggilding handa honum sem utanþjóðkirkjupresti, en af ónógum undirbúningi málsins, þá gat hann ekki fengið þessa löggilding sem fríkirkjuprestur þá þegar.

Nú leið fult ár og kom þá loks ein umsókn um brauðið, og var hún einmitt frá síra Halldóri Bjarnarsyni. — Um sama leyti og biskupi barst þessi umsókn, þá fekk hann bréf frá 16 mönnum í Presthólasöfnuði, sem höfðu sagt sig úr þjóðkirkjunni, um, að ef síra Halldóri væri veitt brauðið, þá mundu þeir á ný ganga inn í þjóðkirkjuna. — Veitingarvaldið áleit rétt, að gefa söfnuðinum kost á því, að láta álit sitt í ljósi um það, hvort þeir vildu hafa síra Halldór Bjarnarson fyrir prest sinn aftur; þessu var prófasti falið á hendur að komast eftir á þann hátt, að leita atkvæða þjóðkirkjumanna á fundi og gefa þeim utanþjóðkirkjumönnum, sem höfðu ritað nöfn sín undir áðurnefnda yfirlýsingu, færi á því, að kannast við undirskriftir sínar. — Að láta fara fram reglulega prestskosningu eftir lögum 8. jan. 1886 var ómögulegt eins og á stóð. — Árangurinn af þessu varð sá, að prófastur hélt fund með þjóðkirkjumönnum, þar sem mættir voru 12 bændur; af þeim voru 11 á móti síra Halldóri Bjarnarsyni og að eins einn með honum; þess utan voru mættir 7 búlausir menn, og þeir voru einnig á móti prestskap síra Halldórs Bjarnarsonar; að lokum var einn maður enn þá staddur á fundinum, og greiddi hann einnig atkvæði á móti síra Halldóri, en efasamt var, hvort atkvæði hans væri gilt.

Þannig voru 18 eða 19 menn á móti því, að síra Halldóri Bjarnarsyni væri veitt brauðið.

Af þeim 16, sem biskupi höfðu skrifað, þá gengust 13 við undirskrift sinni um að fá síra Halldór Bjarnarson fyrir

prest, 2 könnuðust ekki við undirskriftir sínar, og 1 undirskrift var athugaverð. — Þannig voru 13 þeirra vissir, og þar að auki þessi eini þjóðkirkjumaður, sem á Presthólafundinum fylgdi síra Halldóri Bjarnarsyni; með öðrum orðum: 14 menn með því, að honum væri veitt brauðið, en á móti því 18 eða 19.

En viðvíkjandi skýrslu prófasts er það að athuga, að hún er ekki alls kostar rétt að því leyti, að 2 menn, sem greiddu atkvæði á fundinum á Presthólum, reyndust eftir skýrslu hins þjónandi prests að vanta skilyrði fyrir kosningarrétti; guldu ekki til prests og kirkju. — Í annan stað var skýrsla prófastsins miður fullkomin, þar sem að eins þeim kosningarbærum mönnum í utanþjóðkirkjusöfnuðinum, sem höfðu skrifað nöfn sín undir oftnefnda yfirlýsingu til biskups, hafði verið gefinn kostur á því, að segja álit sitt um það, hvort þeir vildu kjósa síra Halldór Bjarnarson fyrir prest sinn eða ekki. — Eftir að prófastur hafði samið og afgreitt skýrslu sína, þá gáfu sig fram 7 búlausir menn úr utanþjóðkirkjusöfnuðinum, sem eftir skýrslu hins þjónandi prests guldu til prests og kirkju, og höfðu kosningarrétt á safnaðarfundum, og lýstu þeir allir því yfir, að þeir vildu hafa síra Halldór Bjarnarson fyrir prest.

Þannig voru í raun og veru 21 atkvæði með honum, en 16 eða 17 á móti.

Eg skal játa það, að álits safnaðarins var ekki leitað fullkomlega eftir þeim kosningarreglum, sem settar eru í lögunum frá 1886, en það var ekki auðið að fara öðru vísi að en gert var, eftir því sem á stóð með tvískiftingu safnaðarins.

En eg legg ekki svo mikla áherzlu á atkvæðafjöldann með eða móti síra Halldóri Bjarnarsyni; hvort þeir, sem vildu fá hann fyrir prest, voru lítið eitt fleiri eða færri en þeir, sem höfnuðu honum, var ekkert aðal-atriði í augum veitingarvaldsins. — Veitingarvaldið er sem sé eftir beinum ákvæðum í 10. gr. prestskosningarlaganna ekki bundið við tillögu safnaðarins, þegar um einn umsækjanda er að ræða; því er alveg fjálst, hvort það vill taka hana til greina eða ekki. — Það var því ekki beinlínis atkvæðafjöldinn með eða móti því, að síra Halldóri Bjarnarsyni væri veitt brauðið, sem réð úrslitum hjá veitingarvaldinu.

Það átti úr mjög vöndu að ráða, þar sem annars vegar var að líta á ástandið í söfnuðinum: fullur helmingur genginn úr þjóðkirkjunni, og hinn hlutinn varð að sætta sig við harla ónóga guðsþjónustu, en hins vegar hættan á því, að ef síra Halldór yrði settur inn aftur, þá mundi gamli æsingurinn og óvildin blossa upp aftur, enda haft í hótunum, ef síra Halldóri yrði veitt brauðið, að þá mundu þeir, sem vildu hafna honum, segja sig úr þjóðkirkjunni. — En þar sem kirkjustjórnin sá fram á það, að ástandið í söfnuðinum og kirkjulífið gæti ekki orðið með öllu bágara en það var, en hins vegar all-mikil von um, að það kynni að verða betra, og mótspyrnan móti síra Halldóri átti að nokkru leyti rót sína í kergju út af því, að helztu mótstöðumenn hans höfðu sætt sektum og málskostnaðar-útlátum út af illmælum, sem þeir höfðu haft um prest sinn, og ekki getað fundið neinn stað — þá áleit veitingarvaldið, að á það ætti að hætta, að veita síra Halldóri brauðið, í þeirri von, að honum mundi takast, að koma á spekt og eindrægni í söfnuðinum, því fremur, sem kirkjustjórnin þóttist viss um, að

síra Halldór hefði einlægan vilja á því, að sýna af sér umburðarlyndi og sáttfýsi, og gera alt sem í hans valdi stæði til þess, að fyrri mótgerðir gleymdust og friður og samlyndi kæmist aftur á. — Auðvitað var veitingarvaldið sér meðvitandi um, að það tefldi á tvær hættur með veitingunni, en því gekk hið bezta til, og vissi, að ástandið gat trauðlega orðið verra en það var, en vonaði að það mundi skána, og hvort sú von muni rætast, er ekki full-séð enn. — Eitt er víst, að veitingarvaldið hefir staðið á fullum lagagrundvelli í þessu máli, og gert það eitt, sem því var í fylsta máta heimilt að lögum. — Það má lengi þræta um það, hvort það hafi verið heppilegt og vel ráðið, að veita síra Halldóri Presthólana, en úr því verður reynslan að skera, og hún er ekki full-fengin enn.

Flutningsm. (Árni Jónsson): Eg skal leyfa mér, að láta í ljósi ánægju fyrir mig og mína kjósendur að því leyti, að hæstv. landshöfðingi hefir nú gefið svo skýra skýrslu í þessu máli um það, hvernig þau atkvæði eru til komin, er virðast hafa verið látin ráða úrslitunum. — En eg held, að þetta sé eina dæmið, þar sem ekki hefir verið farið eftir skýrslum prófasts í svofeldu máli.

Eg verð líka að láta í ljósi, að eg álít, að það vanti upplýsingar um það, hvort þessar auka-skýrslur, sem gerðar eru eftir á og á bak við prófastinn, hafi verið réttar og réttmætar.

Eg álít það ósannað, að þessir tveir menn, sem teknir eru út af skýrslu prófastsins, hafi eigi átt kosningarrétt.

Eg get alls eigi álitið, að skýrsla prófasts hafi eigi verið fullnægjandi; eg veit ekki betur en að hann hafi leitað atkvæða safnaðarins, en þá held eg að þeir kjósendur hefðu átt að gefa sig fram, sem vildu hafa síra Halldór fyrir prest. — En það gerir þetta enn þá óskiljanlegra, hvernig utanþjóðkirkjumenn, er ekki töldust til safnaðarins, hafi farið að ranka við sér af sjálfs dáðum löngu eftir á, svo sem þessir sex vafasömu vinnumenn gerðu. — Það var rétt frá sjónarmiði prófasts, þar sem því var lýst yfir með 18 atkvæðum gegn 1, að menn vildu hafa þann prest, sem þjónað hafði, en ekki umsækjandann. — Hitt skal eg ekkert um segja, hvers vegna veitingarvaldið hefir skorið úr eins og það gerði. — En það finst mér kenna mótsagnar, að veitingarvaldið skuli vonast eftir því, að sátt og samlyndi komist á, þar sem sóknarmenn hafa einmitt lýst því yfir, að þeir ekki vildu hafa hinn eina umsækjanda fyrir prest sinn, því að gangur málsins sýnir það bezt, að söfnuðurinn vildi hann ekki fyrir prest sinn, og eg vil leggja áherzlu á það, að þetta var sá hluti safnaðarins, sem hafði staðið stöðugur í þjóðkirkjunni, og vildi vera stöðugur í henni. — Þegar maður svo lítur á það, að málaferli hafa staðið þannig yfir 16 ár eða lengur: síðan 1884 eða 1885, þegar síra Halldór fekk brauðið, þá er varla hægt annað en virða söfnuðinum það til vorkunnar, þó hann sé orðinn þreyttur á slíkum presti.

Hinn hæstv. landshöfðingi fann ástæðu til þess, að benda á mótþróa þeirra og rit, sem þeir hefðu sent út um prestinn. — Hann gaf mér þannig tilefni til þess, að minnast lítið eitt á þessi málaferli.

Eg vil þá benda á það, að þess er ekki gætt í sambandi við þetta, hve mörg mál það eru, sem síra Halldór hefir verið hvatamaður að, síðan 1884 eða 1885, svo að flestum finst, sem til þekkja, að söfnuðurinn hafi haft fulla ástæðu til þess, að kvarta undan slík-

um presti, en eg skal gjarnan játa það, að þeim hafi kannske yfirsést í það sinn, er þeir sömdu þetta rit eða grein um atferli síra Halldórs, en í samanburði við málaferli hans er þetta hverfandi.

Hæstv. landshöfðingi sagði, að veitingarvaldið hefði gert þetta, af því, að það með því hefði vonast eftir því, að friður og spekt kæmist á í prestakallinu, en þetta hlýtur að vera af ókunnugleika.

Söfnuðinum var það stórt áhyggju- og sorgarefni, þegar það band var hnýtt á ný, sem var slitið frá kristilegu sjónarmiði af prestsins hálfu, og þessu þurfti því algerlega að breyta, því að annars var ekki hugsanlegt, að friður eða kristilegt samband gæti komist á milli prests og safnaðar.

Afleiðingarnar komu líka strax í ljós, þegar allir þeir, sem ekki gátu felt sig við prestinn urðu að leysa sóknarbandið á næstliðnu vori, þótt það væri þeim hálfu örðugra, til þess að fá prestþjónustu heldur en áður. Eftir því sem eg þekki síra Halldór bæði að fornu og nýju, þá er hann ekki sá maður, sem geti grætt sár safnaðarins, eða komið á kristilegri og kirkjulegri samvinnu við söfnuðinn, og hann mun heldur ekki reyna til þess, hversu fagurt sem hann hefir talað, þegar hann var að fá Presthólana aftur. Hann er heldur ekki slíkur maður, að hann gæti það, þótt hann kannske vildi. Reynslan er líka bezt búin að skera úr þessu, þar sem söfnuðurinn er búinn að fá sér annan prest, nefnilega prestinn á Viðihóli, þótt hann sé hér um bil í 8--10 mílna fjarlægð, og bendir það þó á kristilega þrá hjá söfnuðinum, hvað sem blöðin eða aðrir segja um þetta mál. Þeir halda sér enn við þjóðkirkjuna, þrátt fyrir það þótt þeim hafi verið þröngvað til að hafa þann mann fyrir prest, er þeim var gersamlega ómögulegt að sætta sig við

Það er heldur enginn efi á því, að kristileg þrá á sér virkilega stað í þessum söfnuði, og ef þeir hefðu ekki orðið svona illa úti í þessum málum, þá þori eg að fullyrða það, að friður og ró hefði komið á í söfnuðinum, sem var orðinn svo lamaður af langvarandi ýfingum frá prestsins hálfu. Í tilefni af þessu, að málinu hefir nú verið hreyft hér, þá hefi eg hugsað mér að bera fram rökstudda dagskrá, einkum þar sem eg sé, að skýrsla prófasts í þessu máli hefir verið vefengd og brotin á bak aftur. En það atriði álít eg að þyrfti að rannsaka, af hvaða rótum það er runnið, og hverir hafa unnið að því, að rugla þeim atkv. og áliti, sem prófastur hafði gefið skýrslu um, eftir því sem honum var fyrirskipað.

Eg leyfi mér því að afhenda h. forseta rökstudda dagskrá, er svo hljóðar:

»Í því trausti, að landsstjórnin láti rannsaka, hvort atkv. þau, sem voru látin ráða úrslitum við veitingu Presthóla 3. sept. f. á., hafi verið rétt fengin, tekur þingdeildin fyrir næsta mál á dagskránni«.

Pétur Jónsson: Eg get ekki stillt mig um að taka til máls um þetta efni, af því að eg er kunnugur ýmsum þeim mönnum, sem hér eiga hlut að máli, enda þótt eg reyndar sé ekki síra Halldóri svo vel kunnugur, að eg geti um hann dæmt fyllilega, eða hæfileika hans í þá átt, að koma á sætt og samlyndi í söfnuði sínum.

Fyrirspurn sú, er lögð hefir verið fyrir hæstv. landsh., hefir tvær hliðar: 1. hvort veitingin, sem hér er um að ræða, hafi í raun og veru getað verið lögmæt; 2. hvort hún sé heppileg. Hæstv. landsh. hefir svarað á þá leið,

að hvað sem undirbúningnum liði, þá væri veitingarvaldið samkvæmt 10. gr. prestkosningalaganna ekki bundið við álit safnaðarins. Þetta svar álít eg fullnægjandi að því er hina lagalegu hlið málsins snertir. Það má segja eins og þar stendur: »ekki dugar að deila við dómarann«. Maður gæti því hugsað sér málinu lokið með þessu. En af því að þessi Presthólamál hafa svo mjög vakið eftirtekt allra þjóðarinnar, margsinnis verið uppi á baugi í blöðunum, og orðið til þess, að þungum steini hefir verið kastað á ýmsa menn, þá virðist mér það svo vaxið, að ekki verði hjá því komist, að líta á hina hliðina líka, sem sé, hvort veitingin hafi verið heppileg. Og sérstaklega væri það ekki ómerkilegt fyrir kirkjustjórnina að fá að vita það. Þessi spurning veltur að miklu leyti — þegar tekið er tillit til framtíðarinnar — á því, hvert samband síra Halldórs var við söfnuðinn til þess tíma, er hann var settur frá prestskap. Til þess að glöggva menn á þessu, get eg ekki hjá því komist að fara ögn út í málaferlasögu Presthólasóknar. Hún stendur í nánu sambandi við þetta mál, og byrjar með prestskap síra Halldórs. Honum var veitt brauðið 1884, og sat hann fyrsta veturinn (1884—85) ekki á Presthólum, heldur á Sauðanesi, en fekk nágrannaprest sinn til að þjóna brauðinu til vors. Þegar hann tók við, stóðu óútkljáð landamerkjamál við 2—3 bændur á næstu jörðum við Presthóla. Samkomulagi varð ekki komið á, og varð úr þessu þras mikið, regluleg landamerkjamál. Þetta varð þegar til þess að koma inn töluverðum kala í garð hins nýja prests, og það því fremur, sem vel látnir og málsmetandi menn í sókninni voru gagnaðilar hans. Skömmu síðar kom annað fyrir, er hafði enn meiri áhrif á samband síra Halldórs við nágranna sína; það var kæra, er hann sendi amtmanni — á bak við sýslumann —, út af því, að nokkrir menn í nágrenni við hann hefðu farið óráðvandlega með vogrek. Hve nær þessi kæra var send, þori eg ekki að fullyrða nákvæmlega, en að því er eg frekast man, var það fyrir 1886, eða á því ári. Hún er merkileg að því leyti, sem hún sýnir nokkurn veginn ljóslega, hvernig málaferli þessu fóru á stað. Með leyfi hins h. forseta vil eg lesa upp lítið eitt af inntaki hennar. Hún byrjar svo: . »Hér með leyfi eg mér að kæra fyrir yður, hávelborni herra amtmaður, að bóndinn Halldór Sigurðarsson á Einarsstöðum hefir rænt við af reka mínum, þeim sem kallast Magnavíkurreki, sem er eign Presthólakirkju«. Síðan minnist hann á heimildir fyrir eignarrétti kirkjunnar, og lýsir rekanum, og getur þess jafnframt, að Halldór hafi hirt málviðinn eftir skipan föður síns. Svo segir síðar í bréfinu: »Yfir höfuð er mér ómögulegt að álíta þessa viðbáru um leiguliðanot annað en marklaust slúður og neyðarvörn, og skoða því þetta mál svo, að ekki eigi við að fara með það öðruvísi en sem sakamál, og bið eg yður því, ef skoðun mín er rétt, að láta sýslumann taka það fyrir sem fyrst má verða; en ef skoðun mín er röng, þá bið eg yður að leiðbeina mér og segja mér, hvernig eg á að sækja það. Sömuleiðis vildi eg, að þér vilduð gera svo vel og láta mig vita, hvort eg eigi hafi fullan rétt til að heimta bætur fyrir vogrek þau, sem ábúendur Presthóla tóku haustið 1884, og ef eg get gert kröfu til þeirra, hvort það þurfi að ganga fyrir sáttanefnd, eða það eigi að sækja það sem sakamál, sem mér finst liggja beinast við. Eg læt þetta ganga fyrst fyrir yður, því mér finst full þörf á, að hér sé tekið kröftuglega

í strenginn, þegar menn svífast ei við að ganga svona í berhögg við lög og rétt, og eignarréttur kirkjunnar er fótum troðinn, eins og þessir herrar leyfa sér, og er það rétt eftir öðrum tiltektum þeirra Sigurðar á Snartarstöðum og Ingimundar bróður hans í landamerkjamálum þeirra og kirkjunnar hins vegar«. Þessir bræður, Ingimundur og Sigurður, voru einmitt meðal þeirra, er hafið höfðu landamerkjamál við síra Halldór, og voru taldir mjög merkir menn í sinni sveit. Þetta mál gekk svo sinn gang, var dæmt í héraði, og því næst áfrýjað til landsyfirréttarins; báðum dómstólunum bar saman og sýknuðu ákærðu; töldu þá ekki hafa farið neitt óærlega að, heldur álitu að þeir hefðu að eins ekki gætt allra »forma« viðvíkjandi vogreki. Í sambandi við þetta mál stendur einkamál, sem síra Halldór höfðaði, er hann kærði nágranna sína 2 fyrir óheimila notkun á málvið, og einhverjum blöðruselsræfli. Þetta var talin nauðsynjalaus málshöfðun, enda urðu kærðu alsýknir saka. Um þessar mundir, eða sumarið 1886, fekk Ingimundur á Brekku 3 stefnur frá síra Halldóri, og um veturinn eftir aðrar þrjár. Má ætla að þetta hafi fremur veriðýfingar frá síra Halldórs hálfu. En út af þeim gerðist þó engin frekari saga, og komu þau aldrei fyrir landsyfirrétt. Þegar hér er komið sögunni, var kviknuð töluverð óvild á milli síra Halldórs og safnaðarins.

Svo líður og bíður þannig, að hlé er á málum þangað til 1893. Þá hefjast málaferlin á milli síra Halldórs og Þórarins bónda í Efri-Hólum, út af landamerkjaþrefi. Þau enduðu á þá leið, að landshöfðingja og stiftsyfirvöldum — Efri-Hólar eru sem sé landssjóðs eign —, kom saman um, að hleypa því ekki í mál, og sátu Efri-Hólar eftir með þrætustykkin. Þá urðu líka þrætur milli þeirra síra Halldórs og Þórarins út af skuldaskiftum. Síra Halldór stefndi Þórarni fyrir kirkjuskuld, og Þórarinn Halldóri um aðra skuld. Bæði málin komust fyrir landsyfirrétt, og varð niðurstaðan sú, að Þórarinn skyldi greiða kröfu Presthólakirkju að $^2/_3$, en Halldór Þórarni kröfu hans að $^4/_5$.

Um sömu mundir, 1893 eða 1894, hefjast hin naínfrægu sakamál gegn síra Halldóri. **Eg** held nú að það sanna um þau mál sé, að »sjaldan veldur einn þá tveir deila«. Það mun að mörgu leyti ekki hafa verið rétt að farið gegn síra Halldóri. En eigi að síður litu flestir fyrir norðan, og sömuleiðis amtmaður, svo á, sem hér mundi um eitthvað ískyggilegt að ræða. Þrennar sakir voru bornar á síra Halldór, og um eina þeirra komst landsyfirréttur svo að orði: »Þannig hefir það og verið með ákærða og Þórarinn; fégirnd hefir knúð þá til yfirgangs og hvor þeirra framfylgir svo freklega sínum meinta rétti, sem hann ítrast getur, svo sem komið hefir fram um áðurnefnt kjölsvín og stefnispart« (Landsyfirr.dóm. V. 18[illegible]—98, bls. 435). Þetta er útdráttur, er landsyfirréttur gerði úr skýrslu, er fyrir lá í málinu, og sýnir, hvernig samkomulagið var milli prests og helztu manna í söfnuðinum; rekaviður hafði stöðugt verið bitbein á milli þeirra. Út úr þessu urðu síðan meiðyrðamál, er lítt eru kunn af blöðunum. Þeir alkunnu vitnisburðir, er því miður alt of margir í Presthólasöfnuði létu af utansóknarmanni tælast til að skrifa undir, urðu til opinberrar minkunar og knúðu síra Halldór til að fara í meiðyrðamál. Tólf eða þrettán menn urðu dæmdir í þungar sektir. Jafnframt þessum málum stóðu yfir önnur meiðyrðamál, er þrjár ekkjur

höfðuðu gegn síra Halldóri um ókvæðisorð um látna eiginmenn sína. Auk þess stóðu yfir ýms fleiri mál um þessar mundir, er síra Halldór var við riðinn.

Fyrstu mál hafin gegn honum voru sakamálin, og fyrsta sökin í þeim var fram borin af utansveitarmanni, en ekki söknarmanni.

Saga þessi er að eins bygð á sönnum viðburðum. Að vísu er hún ekki svo ítarleg sem skyldi, en þó næg til næg til að sýna, hvernig samkomulagið hefir verið. Athugavert er það sérstaklega, að síra Halldór hefir verið sækjandi í öllum málunum, þar til er sakamál gegn honum hófust um 1894.

Það sem eg vildi hafa tekið fram með ræðu minni var að eins þetta, að hvað sem mannkostum síra Halldórs liði að öðru leyti, sem eg ekkert vil bera um, vegna ókunnugleika míns, þá liti út fyrir að hann hefði ekki svo heppilega skapsmuni, að nokkur líkindi væru til, að hann mundi geta komið sér saman við söfnuðinn eftir öll þau málaferli, sem þar hafa farið á milli, og því fremur, sem nýafstaðið er meiðyrðamál milli prestsins og 12 af safnaðarmeðlimum hans. Eg skil ekki að þessum mönnum sé runnið úr geði, að minsta kosti fyr en þeir eru almennilega orðnir lausir við þær sektir, sem þeir hafa verið dæmdir í út af þessum síðustu málum. Eg held þess vegna að enginn hlutur hafi komið óvænna kunnugum mönnum, en að kirkjustjórnin skyldi ekki álíta það hreint og beint óhæfu, að veita síra Halldóri aftur þetta sama brauð. Eg efast ekki um, að það hafi verið af ókunnugleika kirkjustjórnarinnar; en hins vegar furðar mig stórlega á, að kirkjustjórnin skuli ekki hafa kynt sér framkomu síra Halldórs í þessum málaferlum betur en hún sýnist hafa gert. Eg vil ekki fara að tala um öll þau meiðyrði, sem viðhöfð eru í málsskjölum þessum; þess mun ekki þörf hér; en eg er viss um að kirkjustjórnin hefði getað kynt sér málsskjölin og séð, hvers eðlis alt þetta Presthólaþref hefir verið. Hverjum þeim, sem þetta er kunnugt, hlýtur að koma það undarlega fyrir, að kirkjustjórnin skyldi álíta síra Halldór hæfan sem prest í Presthólaprestakalli.

Forseti: Eg skal leyfa mér að lýsa því yfir, að mér hefir borist svo hljóðandi rökstudd dagskrá frá h. þm. N-Þing. (Á. J.):

»Í því trausti að landsstjórnin geri það, sem í hennar valdi stendur til þess, að friður og sátt komist á í Presthólasöfnuði, tekur þingdeildin fyrir næsta mál á dagskránni«.

Landshöfðingi: Eg skal lýsa því yfir, að eg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti þessari rökstuddu dagskrá h. þm. N-Þing. (Á. J.), því hún er í fullu samræmi við þær óskir stjórnarinnar, að friður og spekt komist sem fyrst á í Presthólasöfnuði, og það því er ásetningur hennar, að stuðla að því á allan hátt.

Guðl. Guðmundsson: Eg hafði hugsað mér að koma fram með rökstudda dagskrá, meðan ekki lá önnur fyrir deildinni en sú er fyrst kom kom fram, en fell nú frá því, af þeirri ástæðu, að í þessari rökstuddu dagskrá h. þm. N. Þing. (Á. J.), er síðast var lesin upp, felst fullkomin sanction á gerðum stjórnarinnar í þessu Presthólamáli.

Annars er það mjög óheppilegt og óviðkunnanlegt, að vera að draga gömul ófriðarefni inn á þingið, svo gömul, að ekki er hægt að gera nokkurn skapaðan hlut við þau. Hæstv. landsh. hefir nú skýrt frá því, hvað stjórnin hafi gert í þessu máli, og hvernig á því stendur, að hún hefir orðið að haga

sér dálítið öðruvísi í þessu máli en hún er vön í slíkum tilfellum. Það er til lítillar bótar að vera að grafa upp úr gömlum haugum gamlar erjur og miður falleg sakarefni, og bera það fram hér á þingi, sérstaklega þegar málið er skýrt að eins frá annari hliðinni, en ekkert frá hinni. Það getur skakka hugmynd um málið og ekki hægt að byggja neinn dóm á því, þótt annar málsaðili sé heyrður. Eg er málum þessum ekki persónulega kunnugur; en eg hygg að mér sé óhætt að taka upp orð h. þm. S Þing. (P. J.), að »sjaldan veldur einn þá tveir deila«. Annars sýndist mér ræða hans ganga út á það, að sýna fram á að síra Halldór hafi einn verið valdur að þessum deilum, en það er ekki rétt, og þó eg ekki vilji segja, að hann sé með öllu án saka, þá er honum að minsta kosti í sèinni tíð ekki meir að kenna ófriðurinn heldur en mótstöðumönnum hans, og hann hefir víst beðið fult eins mikinn skaða af honum og þeir.

Pètur Jónsson: Háttv. þm. V Sk. (G. G.) vildi skoða mig eins og annan málspart í þessu máli, en eg mótmæli því; mér eru þessi mál persónulega alveg óviðkomandi, og eg hefi ekki komið fram sem málspartur á hvoruga hliðina. Eg hefi skýrt frá málinu eins og eg vissi það sannast og réttast, án þess þó að taka alt með, sem fram í því hefir komið. Eg hefi skýrt frá báðum hliðum, og ekki lagt neinn dóm á það annan en þann, að eg hefi talið lítil líkindi til þess, að um heilt gæti gróið milli prestsins og safnaðarins í Presthólaprestakalli meðan síra Halldór væri prestur þar, og verð að halda því fast fram, að þetta atriði er ekki þýðingarlaust, og legg það undir dóm þeirra andlegrar stéttar manna, sem hér eru í deildinni.

Flutnm. (Árni Jónsson): H. þm. V-Sk. (G.G.) talaði eins og honum er lagið, hógværlega og stillilega, en þótti það ekki eigi við að vera að draga hér inn á þingið gömul mál, grafin úr haugum. Eins og eg tók fram áðan í ræðu minni, er þessi fyrirspurn að eins áframhaldandi hlekkur í langri keðju, en ekki neitt nýtt mál eða upp grafið gamalt. Hverjum þessi málaferli öll eru um að kenna, það veit eg menn greinir á um; mig langar að eins til að taka eitt dæmi. Einn blettur er okkur öllum kær og ein minning er okkur öllum dýr; það er bletturinn þar sem framliðnir nánustu ættingjar okkar hvíla og minningin um þá. Það mun vera fágætt, að ekkjur þurfi að fara í mál við sóknarprestinn sinn til þess að vernda minninguna um eiginmenn sína, svo þeir fái að hvíla í friði; en það hafa ekkjurnar eftir þessa merkismenn: Ingimund á Brekku, Guðmund í Grjótnesi og Sigurð á Snartarstöðum orðið að gera. Þetta er sorglegt og lítil fróun í því, að leita dómstólanna. Þetta dæmi vona eg að nægi til þess að sýna, hvað margs konar mein og mótlæti safnaðarmenn hafa orðið að líða í þessum langa málarekstri.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg verð að halda því fram, að það sé óheppilegt að vera að ala á slíkum ófriðarmálum sem þessu; það er sízt til þess að sefa þau eða láta þau gleymast, einkum ef svo er undir þau tekið, að málsýfendum finst þeir fá vind í seglin. Þingið verður því að fara mjög varlega, þegar það fær slík mál til meðferðar.

Mér fanst koma fram í ræðum háttv. þm. Þingeyinga (Á. J. og P. J.) — það getur verið að það sé ekki rétt tilfinning, — einhver kaldur gustur og jafnvel þjóstur um skör fram gegn Presthólaprestinum.

Vér megum hér ekki láta tilfinningarnar ráða; vér þurfum að íhuga málið með mestu rósemi, og reyna að komast að sem hyggilegastri niðurstöðu í því. Vér þurfum hér að reyna að sefa í stað þess að æsa, og í þann strenginn, í friðarstrenginn, finst mér landstjórnin hafa tekið. Það er ekki laust við það, að það verði til að siga manni á stað, að vita til þess, að prestafundur í Skagafirði fer að kveða dauðadóm — að eg komist svo að orði — yfir Presthólaprestinum og tveim öðrum prestum, fjarverandi og óheyrðum, eða það, að héraðsfundur í öðru prófastsdæmi setur sig í dómarasess í máli, sem í raun og veru heyrir honum ekki til að dæma í, og þar sem hann getur ekki haft full gögn til að dæma réttlátan dóm eftir. Hann blandar sér inn í og fer að dæma um þau mál, sem heyra undir dómsvald hinnar æðstu kirkjustjórnar.

Það sé fjarri mér að vilja mæla bót þessu, sem háttv. þm. N.-Þing. (Á.-J.) mintist síðast á; en það er nú svo, að víða er pottur brotinn bæði hér á landi og annarstaðar.

H. þm. (Á. J.) reyndi með sínu venjulega málskrúði og þægilega tali, að spila á tilfinningarnar, og vekja fremur kala gegn prestinum, með því að draga dóm hans um dauða menn inn í málið. En ætti hér að fara að rekja upp allar æsandi og ýfandi aðgerðir einstakra presta hér á landi, þá yrði það of langt mál, og margt verra en þetta.

Eg skal ekki taka nein einstök dæmi hér á landi; það er alt of vanþakklátt verk að finna að hlutunum hér hjá oss sjálfum; en minnast á innri-missionsprestana dönsku; það er kunnugt að þeir hlífast ekki við að fella dóm um hina dauðu, þótt harðir séu. Sérstaklega skal eg nefna prestinn, sem yfir kistum sjódruknaðra manna og í viðurvist nánustu vandamanna þeirra hlífðist eigi við að skamta hinum framliðnu vistarverur, setja tölumerki á líkkisturnar, og kveða upp, að nr. 1 og nr. 2 o. s. frv. hefðu farið beint til helvítis, en nr. 3 og 4 til himnaríkis o. s. frv. En halda menn annars, að Presthólaprésturinn sé svo miklu »syndugri« en sumir aðrir prestar hér á landi, þó að meir hafi borið þar á ófriði en annarstaðar?

Flutningsmaður (Árni Jónsson): Háttv. þm. (G. G.) fór víst að minsta kosti eins langt út fyrir umræðuefnið í ræðu sinni, eins og prestafundurinn og héraðsfundurinn gerði með því að minnast á Presthólamálið.

Eg verð nú að vera þeirrar skoðunar, að hver kristilega sinnaður maður, og hver kristileg samkoma, sem lætur sér ant um kristindómsmál og tekur sárt til þess, sem aflaga fer í kirkjunni, hafi rétt á að ræða um kirkjuleg málefni alment, láta álit sitt í ljósi um þau og fylgja þeim með vakandi áhuga.

Þetta er ekki einungis réttur þeirra, heldur er það bein skylda.

Það er því síður en svo, að það sé tiltökumál eða gremjuefni, þótt prestafundur norður í Skagafirði færi að ræða um kirkjumál austur í Skaftafellssýslu eða hvar annarstaðar sem væri á landunu; en það er hér um bil bein afleiðing af því, að samkoman er svo vakandi, að hún tekur málin til umr., að hún þá einnig láti í ljósi gleði sína yfir því, sem vel fer, en óánægju yfir því, sem miður gengur í kirkjumálum.

Þetta er nú mín skoðun; en hún hefir máske ekki stranglega lagalegan skilning við að styðjast, og þá er svo eðlilegt, að hún finni ekki náð í augum h. þm. V.-Sk. (G. G.), sem er svo gjarn á að halda sér fast við lagabókstafinn og koma með kreddur sínar.

Af formlegum ástæðum tók fyrir-

spyrjandi aftur þá rökstuddu dagskrá, sem hann bar upp í lok fyrstu ræðu sinnar, en kom fram með í hennar stað svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

Í því trausti, að landsstjórnin geri það, sem í hennar valdi stendur, til þess, að friður og sátt komist á í Presthólasöfnuði, tekur þingd. fyrir næsta mál á dagskrá.

ATKVGR. Hin rökstudda dagskrá sþ. m. 20 atkv.

Yfirsetukvennalög.

FRUMV. til laga um breyting á yfirsetukvennalögum 17. des. 1875 (þskj. 134); 1. umr. 14 ágúst.

Flutningsm. (**Sighvatur Árnason**): Tilefnið til þess, að eg er flm. þessa frumv., sem hér er fram komið, er það, að sýslunefnd Rangárvallasýslu skrifaði þm. sýslunnar áskorun um að fá breytt ákvæðum yfirsetukvennalaganna í þá átt, sem hér er farið fram á. — Þetta mál hefir verið flutt hér á þingi víst tvívegis, og þá haft töluvert fylgi, en þó ekki náð fram að ganga, og eg veit að það er talsverður áhugi fyrir málinu víða í héraðinu. Eg lít svo á þetta mál, að þessar útgjaldagreiðslur, sem nú hvíla á sýslusjóðum, ættu í raun og veru að hvíla á landssjóðnum. Í fyrsta lagi vegna þess, að alþingi tók það upp hjá sjálfu sér fyrir fáum árum síðan, að hækka þessa útgjaldagreiðslu á sýslusjóðum, án þess að sýslunefndirnar fengju að leggja þar nokkuð orð í belg, eða óskir væru um slíka hækkun. Það var eins konar valdboð frá þingsins hendi, að leggja þennan viðauka á sýslusjóði, sem sé þriðjungshækkun frá því sem var, 20 kr. í viðbót við 40 kr. o. s. frv. Mér finst vera full ástæða til að líta á þetta.

Svo er líka önnur ástæða, sem er til stuðnings því, að þessi útgjaldagreiðsla eigi að færast yfir á landssjóðinn, nefnilega sú, að grundvöllurinn undir gjöldunum til sýslusjóðs er ekki jafnréttilegur, sem er fasteignar- og lausafjárhundruð; t. d. í þeim sveitum, sem eru bæði til lands og sjávar, þá verður sá hlutinn, sem lifir á landbúnaðinum, að gjalda miklu meira til sýslusjóðs en sá hlutinn, sem lifir af sjávarafla, jafnvel þótt sá hluti sem af sjávaraflanum lifir, sé margfalt mannfleiri en hinn, og þar af leiðandi noti yfirsetukonurnar miklu meir.

Það er enn ein ástæða til að losa sýslusjóðina við þessi gjöld, að þeir eru undirokaðir af útgjaldabyrði, ýmsum lántökum og fleira, og að þeir eru þeir einu sjóðir, sem héraðsmenn hafa einir umráð yfir, og að þessum sjóðum er meir og meir farið að verja til framkvæmda verklegra fyrirtækja innanhéraðs, landbúnaðarbóta o. fl., og það finst mér þingið ætti líka að taka til greina. Síðan eg fór að yfirvega þessar ástæður allar, þá hefi eg fundið meiri hvöt til að vera máli þessu fylgjandi.

Eg vonast til þess, að háttv. þd. taki svo vel í þetta mál, að hún leyfi því að ganga til 2. umr.

Ari Brynjólfsson: Að eg gerðist flutnm. þessa frumv. ásamt háttv. þm. Rangv. (Sighv. A.) kom til af því, að mér þótti það mæla það eitt, er sanngjarnt var, jafnvel þótt eg þykist sjá það fyrir, að tíminn leyfi því ekki að ná fram að ganga á þessu þingi.

Eg sé ekki betur en að yfirsetukonurnar séu opinberir embættismenn og að mörgu leyti nauðsynlegri en sumir þeirra. Það verður að líta á, hvað þær hafa gert til að frelsa líf nauðulega

staddra meðsystra sinna, og að þær eru skyldugar til þess að fara, þó að veður sé nærri ófært. Það vita allir, að þær hafa oftlega farið út í ófært veður, grenjandi kafaldsbylji og hörkur, sem lítt hefir verið fært karlmönnum, og þannig lagt líf sitt í sölurnar fyrir aðra.

Það vita einnig allir, að sýslusjóðirnir hafa orðið svo þung gjöld á sér, að hrepparnir ætla varla að rísa undir þeim afarbáu útborgunum til sýslusjóðanna. Þannig eru gjöld þau, sem hvíla á Breiðdalshreppi, orðin svo mikil, að ef þeim væri jafnað niður sérstaklega, þá mundu þau nema frá 20—50 kr. fyrir hvern bónda, enda hafa álögurnar í þeim hreppi og auðvitað fleirum orðið svo þungar, að bændur hafa yfirgefið jarðir sínar og flúið til sjávarins, sem allir munu játa að sé mjög óheppilegt. Það er því fátt nauðsynlegra en að létta gjöldum á sveitar- og sýslusjóðum.

Í þriðja lagi er á það að líta, að kvenþjóðin okkar hefir ekki þegið svo mikið úr landssjóði, að þingið þess vegna þyrfti að vera á móti þessu frumv.

Að þess að hafa fleiri orð hér um, skal eg óska þess, að háttv. þingd. leyfi málinu að ganga til 2. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 12 : 2 atkv.

Önnur umr., 16. ágúst (þgskj. 134).

Flutningsm. (Sighvatur Árnason): Eg hefi ekki miklu við það að bæta, sem eg tók fram við hina fyrri umræðu í þessu máli.

Það er álitið sanngjarnt og rétt, að hver þjóð hafi heimastjórn út af fyrir sig; eins verður það að álítast sanngjarnt og rétt, að hvert einstakt hérað fái völd yfir sínum eigin málum. — Það er því eðlilegt, að sýslunefndirnar fái að hafa ráð á sýslusjóðunum, og geti varið þeim til góðs fyrir hlutaðeigandi hérað. — Mér finst því rétt, að styrkja sýslusjóðina. — Ef nú laun yfirsetukvenna væru lögð á landssjóð, þá væru sýslusjóðirnir styrktir að því skapi. — Sýslusjóðirnir gætu þá varið því fé, sem annars fer til launa yfirsetukvenna, til ýmsra annarra umbóta og fyrirtækja í héraði.

Eg vona, að háttv. deild samþykki frumv., og lofi því að ganga óhindruðu til efri deildar.

Ari Brynjólfsson: Eg þarf ekki að hafa langt mál um þetta frumv., þar sem engar breyt.till. eða mótmæli hafa komið gegn því.

Eg skal að eins láta þá von mína í ljósi, að háttv. deild leyfi því að ganga til 3. umr.; þá eru líka meiri líkur til þess, að háttv. efri deild komi því í sömu gröfina, sem hvalveiðafrumv. mínu til sællar minningar.

Landshöfðingi: Þetta frumv. hefir verið oft til meðferðar hér á þinginu áður, og ávalt verið felt af góðum og gildum ástæðum.

Í yfirsetukvennalögunum er ákveðið, að amtsráð og sýslunefndir skuli ráða því, hve margar yfirsetukonur skuli vera í hverri sýslu. — Mér finst þá ekki nema eðlilegt, að laun þeirra séu goldin af sýslusjóði.

Ef laun yfirsetukvenna væru lögð á landssjóð, er ekkert því til fyrirstöðu, að sýslunefndirnar fjölguðu yfirsetukonum svo, að margar yrðu í hverjum hreppi, og gætu þannig óbeinlínis lagt útgjöld á landssjóð.

Háttv. 2. þm. Rangv. (Sighv. Árnas.) talaði um, að það ætti að létta á sýslusjóðunum; en eg vil syrja: hefir það ekki verið gert? Mér finst engin ástæða til þess, að fara lengra í þessu efni, en vil láta gildandi lög um að

sýslusjóðirnir borgi yfirsetukonunum, haldast.

Flutningsm. (Sighvatur Árnason): Viðvíkjandi því, sem hæstv. landshöfðingi sagði, að sýslunefndirnar mundu ekki hlífast við því, að fjölga yfirsetukonum, ef frumv. þetta yrði að lögum, þá er þess að gæta, að sýslunefndir eru ekki einráðar í þeim efnum, því slík mál heyra líka undir amtsráðin.

Hæstv. landshöfðingi kunni ekki við það, að eftirlaun og launabætur yfirsetukvenna væru greiddar úr sýslusjóði, ef landssjóður á annað borð greiddi launin. — Við höfðum einmitt tekið þetta til athugunar, og satt að segja fanst okkur það eðlilegt, að eftirlaunabyrðinni væri líka létt af sýslusjóði; það var að nokkru leyti af hlífð við landssjóð, að við fórum ekki fram á það, og annað hitt, að þá mætti sýslunefnd ekki hafa nema að eins tillögurétt því viðvíkjandi.

Eg mundi því ekki hafa neitt verulegt á móti því, þótt landssjóði væri upp á lagt, að greiða alt, bæði laun, launabætur og eftirlaun yfirsetukvenna. — Það eina, sem eg hefi að athuga við það er, að yfirsetukonum sé gert nokkuð erfitt fyrir, ef þær eiga að þurfa að sækja um eftirlaun sín úr landssjóði.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. feld með 12 : 3 atkv.

Frumv. þar með fallið.

Hagfræðisskýrslur.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur (þgskj. 139); 1. umr., 15. ágúst.

Flutningsm. (Hannes Þorsteinsson): Eg ímynda mér, að þetta mál þurfi ekki að valda eins óviðurkvæmilegum óstillingarræðum og haldnar voru í síðasta máli (skiftingu Ísafjarðarsýslu), ræðum, sem eg tel þinginu til vansa.

Þetta mál hefir verið flutt af oss nefndarmönnum, er háttv. deild valdi til að íhuga stofnun lífsábyrgðarfélags, en það mál er alveg órætt og óundirbúið í alla staði, og hefir aldrei fyr verið tekið til meðferðar á þingi. — Allar nauðsynlegar skýrslur og upplýsingar vantar, í stuttu máli, það vantar alt til þess, að byggja á. — Vegna þess gat nefndin ekki annað gert, til undirbúnings málinu, en leggja þetta frumv. fyrir hina háttv. deild. — Í þetta sinn skal eg ekki fara út í, hvort tiltækilegt sé, að stofna hér innlent lífsábyrgðarfélag; eg mun síðar fá tækifæri til að víkja að því, er þingsályktunartillagan kemur til umræðu.

Það fyrsta verk, sem nefndin áleit, að hún ætti að gera, var það, að reyna að leita sér upplýsinga hjá helztu lífsábyrgðarfélögum hér um starfsemi þeirra, en árangurinn af þessari tilraun varð harla lítill. — Við lögðum ýmsar spurningar fyrir umboðsmenn þeirra lífsábyrgðarfélaga, er starfa hér í bænum, svo sem: hve margir hefðu trygt sig í félaginu, hve miklu ábyrgðarupphæðirnar næmu, hve hátt iðgjaldið væri, hve mikið félagið hefði borgað út hér á landi, síðan það hefði tekið til að starfa, og hve miklu iðgjaldagreiðslan hefði numið síðasta ár. — Hjá sumum umboðsmönnunum fengum við engar upplýsingar. — Að eins hjá umboðsmanni eins félagsins, sem hefir töluverða útbreiðslu, félagsins »Star«, fengum við töluverðar upplýsingar, en þó hvergi nærri nógu fullnægjandi. — Um félagið »Scandia« gátum við engar upplýsingar fengið, að undanteknu

starfi þess hér í Reykjavík. — Hjá umboðsmanni dönsku lífsábyrgðarstofnunarinnar fengum við þau svör, að hann gæti engar upplýsingar gefið, og hefði heldur ekki leyfi til þess. — Þetta kann ef til vill, að vera rétt hjá honum, en á þessu strönduðu tilraunir okkar allar um, að fá hinar nauðsynlegu upplýsingar. — Þess vegna hugkvæmdist nefndinni það ráð, að koma með þetta frumv., sem skyldar forstöðumenn og aðal-umboðsmenn lífsábyrgðarsjúkdóma- og slysa-ábyrgðarfélaga til þess, að senda landshöfðingja skýrslur um starf félagsins og ágrip af reikningum þess við hver áramót. — Í Danmörku eru slíkar skýrslur gefnar bæði frá brunabótafélögum og lífsábyrgðarfélögum, og líka frá ríkislífsábyrgðarfélaginu (Statsanstalten), enda veit eg ekki til þess, að það sé nein leynistofnun. — Skýrslur frá þeirri stofnun og fleirum eru birtar í »Danmarks Statistik«. — Eg hefi hér fyrir mér árganginn 1901. — Eru þar skýrslur frá ýmsum ábyrgðarfélögum t. d. ábyrgðarfélagi verkmanna, ölgerðarmanna, smjörgerðarmanna og fleira. — Oss fanst það nú einnig sjálfsagt, að félög, sem störfuðu hér á landi, væru einnig látin gefa líkar skýrslur. — Ættu þær að vera gefnar á sérstökum prentuðum eyðublöðum, eftir fyrirmynd, sem landshöfðingi ákveður, og útbýtti þeim til allra aðal-umboðsmannanna. — Að þeim gæti orðið mikill stuðningur, enda tæplega hægt að gera neitt í málinu fyr en þær fengjust.

Eg skal ekki fara neitt út í einstakar greinar frumv. nú, en mun gera það við 2. umr.

Eg vona, að deildin sjái, að hér er um þarft mál að ræða, og leyfi því þess vegna að ganga hindrunarlaust áfram; því miður er tíminn svo naumur, að málið getur ekki komist fram á þessu þingi, ef það yrði fyrir nokkurri töf hér í deildinni eða breytingu í h. efri deild; annars hefir mér talist svo til, að það geti orðið afgreitt frá þinginu þingslitadaginn.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 17 atkv.

Önnur umr., 18. ágúst (þgskj. 139).

Flutningsm. (Hannes Þorsteinsson): Við fyrstu umræðu þessa máls, þá skýrði eg frá því í almennum orðum, hvaða ástæður nefndin hefði haft til þess, að koma fram með frv. þetta, og hve nauðsynlegar þær skýrslur væru, sem farið er fram á að gefnar séu. — Við þessa umræðu skal eg því láta mér nægja með fáum orðum að minnast á einstök atriði.

Það er fyrst í 1. gr.; þar höfum við sett inn, að skyldan til að gefa skýrslur hvíli bæði á forstöðumönnum og aðalumboðsmönnum; hér er »forstöðumönnum« bætt inn í vegna þess, að annars mundu innlend ábyrgðarfélög, er stofnuð kynnu að verða, ekki falla inn undir lögin, með því að þau hefðu enga aðalumboðsmenn.

Enn fremur eru í 1. gr. talin upp ábyrgðarfélögin, svo sem: lífsábyrgðarfélög og sjúkdóma- og slysaábyrgðarfélög. — Þessi síðast nefndu félög höfum við tekið með vegna þess, að þau eru nú einnig farin að teygja út angalýjurnar hingað til landsins; skal eg nefna þar t. d. slysa-ábyrgðarfélagið »Tryg«, sem nýlega hefir verið auglýst í blöðunum; í útlöndum eru þessi félög algeng, annaðhvort sem sérstök félög eða þá í sambandi við lífsábyrgðarfélög.

Enn fremur höfum við álitið nauðsynlegt, að benda á það, hvað ætti að taka upp í þessar skýrslur, svo sem:

tölu ábyrgðarhafa, upphæð tryggingarfjárins í heild sinni, iðgjaldagreiðslu á yfirstandandi ári og árlegar útborganir, enn fremur ábyrgðarreglur félaganna og ágrip af reikningum þeirra.

Jafnframt því, að leggja þessa skyldu á herðar lífsábyrgðar-, slysa- og sjúkdóma-ábyrgðarfélögum, þá höfum við einnig álitið það rétt, að taka brunabótafélögin og öll önnur vátryggingarfélög með.

Nefndin hafði í fyrstu hugsað sér, að telja upp þessi ýmsu vátryggingarfélög, en fanst réttara að orða það svona yfirgripsmikið, bæði vegna þess, að eitt einstakt félag hefði hæglega getað skotist undan, og eins má þá ætíð síðar telja þau upp í reglugerð, sem á að verða gefin út af landshöfðingja.

Í 3. gr. höfum við sett inn það ákvæði, að slíkar skýrslur skuli samdar eftir nákvæmri, prentaðri fyrirmynd, er landshöfðingi fyrirskipar með sérstakri reglugerð, svipaðri reglugerðinni frá 20. apríl 1897, er gefin var út samkvæmt lögunum 8. nóvember 1895. — Aftur á móti þótti okkur óþarft að taka fram, að landshöfðingi ætti að útbýta þeim, er skýrslurnar eiga að gefa. — Það liggur í hlutarins eðli.

Í 4. gr. er nýtt ákvæði, að öll útlend ábyrgðarfélög skuli skyld að hafa einhvern aðal umboðsmann hér á landi. — Þetta ákvæði er alveg nauðsynlegt, vegna þess, að annars mundi hver umboðsmaður vísa frá sér, og bera það fyrir sig, að hann hefði engin tæki til, að gefa slíkar skýrslur, enda munu líka sum félög enga aðalumboðsmenn hafa hér á landi. — Ákvæðið er því bráðnauðsynlegt, og sömuleiðis það, að félögin tilkynni landshöfðingja, hver aðal-umboðsmaðurinn sé, svo hægt sé að vita með áreiðanlegri vissu, hver skyldur sé til þess, að gefa skýrslurnar.

Þá er í 5. gr. beint tekið fram, að brot gegn 1. og 2. grein skuli varða sektum samkv. 8. gr. laga 8. nóv. 1895. — Þetta var nauðsynlegt að taka fram vegna þess, að í 8. gr. laga 8. nóvbr. 1895 eru sektir að eins lagðar við því, að gefa skakkar skýrslur um þær upplýsingar, sem heimtaðar eru í 3., 4. og 5. gr. sömu laga, en ekki í 6. gr. um sparisjóði og lánsstofnanir.

Hefði þessu ákvæði því ekki verið bætt inn í þetta frumv., þá hefði mátt skilja það svo, sem þessar skýrslur, sem hér er skipað að gefa, heyrðu undir 6. gr., og væru því undanþegnar þessum sektar-ákvæðum.

Aftur þótti okkur óþarft að taka upp 7. gr., um að heimta megi að hlutaðeigendur votti upp á æru og trú, að skýrslur þessar séu gefnar eftir beztu vitund. Það leiðir af sjálfu sér, að það ákvæði gildir einnig gagnvart þessum viðaukalögum.

Eg vona að háttv. deild sjái það, að þessi viðaukalög eru nauðsynleg til að hrinda áfram hinu mikla velferðarmáli um stofnun innlends lífsábyrgðarfélags, og að hún þess vegna leyfi því að ganga tafarlaust áfram, svo það geti komið til háttv. Ed., sem getur afgreitt málið nú á þessu þingi, ef hún vill.

ATKVGR.: 1. gr. sþ. með 21 atkv.
2. gr. samþ. með 21 atkv.
3. — — — 21 —
4. — — — 21 —
5. — — — 21 —
Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.
Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr., 20. ágúst (þgskj. 139).

ATKV.GR: Frumv. á þgskj. 139 sþ. í einu hlj. og sent Ed.

TILLAGA til þingsályktunar um stjórnarvalda-auglýsingar (þgskj. 186, 194); ein umr., 22. ágúst.

Flutningsm. (Björn Bjarnarson): Þessi tillaga er þannig vaxin, að eg þykist ekki þurfa að fara mörgum orðum um hana.

Tilgangur hennar er sá fyrst og fremst, að útvega landssjóði tekjur. Að vísu er hér ekki um stóra upphæð að ræða, ekki nema nokkur hundruð krónur, en það eru árlegar tekjur og getur munað, þegar saman dregst, og það tel eg skyldu þingsins, að reyna að afla landssjóði tekna, þar sem það getur orðið, án þess að íþyngja landsmönnum, og án þess að gera öðrum rangt til. Auk þess koma hér ýms önnur atriði til greina. Blað það, sem hefir stjórnarvalda-auglýsingarnar í það og það sinn, verður ekki eins bundið í skoðunum sínum eftir því fyrirkomulagi, sem tillagan gerir ráð fyrir, eins og eftir núverandi fyrirkomulagi. Eins og nú hagar, má búast við, að blaðið muni kinnoka sér við að beita sér móti stjórnarvöldunum; en ef blaðið hefir vissu fyrir, að geta haldið auglýsingunum um þrjú ár, og að þeim liðnum að geta að nýju tekið þátt í viðurkepni um þær við önnur blöð, þá má gera ráð fyrir að það geti haldið fullri einurð gagnvart stjórnarvöldunum, og að þeim takist ekki að fá blaðið í sína þjónustu vegna auglýsinganna.

Vér höfum bundið leyfið við þrjú ár, því að það er örðugt bæði að sjá fyrir um langan tíma, hvað bjóða megi, og hins vegar má búast við, að auglýsingarnar vaxi ár frá ári, svo að boðin fari alt af smáhækkandi.

Vér höfum hugsað oss, að þrjú elztu blöðin í Reykjavík fengju að taka þátt í því að bjóða í auglýsingarnar; vér gerðum þetta af því, að vér vildum binda auglýsingaréttinn við þau blöð sem líklegt væri, að einna tryggilegust væru og útbreiddust, en alls ekki af því, að vér álitum þau að sjálfsögðu beztu blöðin. Hér er líka um það að ræða, að auglýsingarnar komi fyrir sem flestra manna sjónir.

Eg sé, að það er komin fram breyt till. við tillögu vora. Þessi tillaga fer fram á, að í stað orðanna: »þeim útgefendum hinna þriggja elztu þjóðblaða« komi: »þeim af útgefendum hinna almennu fréttablaða«. Eg hefi ekki á móti þessari breyt.till., því að eg treysti því, að landstjórnin muni sjá um það, að auglýsingarétturinn komist ekki í hendur þeirra blaða, sem hafa sárlitla útbreiðslu.

Í tillögunni er ákveðið, hvað hver þumlungur auglýsinganna megi kosta, og jafnframt tekið fram, hvað breiður dálkurinn eigi að vera. Þetta er gert til þess, að blaðið geti ekki fært auglýsingagjaldið upp eftir eigin geðþótta, hvorki beinlínis með því að hækka gjaldið, né óbeinlínis með því að mjókka dálkana.

Vér höfum komið með breyt.till. við tillöguna sjálfa, um það, að sleppa 20 aurunum. Vér komumst nefnilega að því, að auglýsingagjaldið er nú ekki nema 1 kr. fyrir dálkinn, og því vildum vér halda.

Eg vona að háttv. deild taki þessu máli vel, og tel ekki þörf að tala meira um það, að svo stöddu.

Jón Jónsson: Eg hefi eigi margt um till. að tala. Háttv. flutnm. hefir tekið það fram, er fyrir oss vakti, nefnilega þetta, að láta þessar auglýsingar verða að keppiefni fyrir fleiri blöð, að það yrði sem rúmast svið fyrir blöðin til að keppa um að fá auglýsingarnar, og vér treystum því, að landsstjórnin sé fullfær um að dæma

um það, hvaða blað hafi nægilega útbreiðslu til þess að auglýsingar komi öllum í hendur.

Eg vona því að menn greiði atkv. með þessari breytingu.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 207 samþ. með 16 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 194 samþ. með 17 atkv.

Till. með áorðn. breyt. sþ. með 16 atkv.

Málið afgreitt til landsh. sem *þingsályktun frá Nd.*

Frímerki.

TILKYNNING frá landshöfðingja, 5. ágústs.

Landshöfðingi: Eins og h. deild mun reka minni til, þá var á síðasta þingi samþ. þingsályktun þess efnis, að skora á stjórnina, að láta búa til ný íslenzk frímerki og bréfspjöld með annari tilhögun en hin núgildandi frímerki.

Í tilefni af þessari þingsál. hefir ráðgjafinn lagt fyrir mig að tilkynna þinginu, að hann hafi gjört ráðstöfun til þess, að búin væru til ný íslenzk frímerki með mynd konungs á. En af því að frímerki þessi væru með annari gerð en áður hefir tíðkast í Danmörku, þá tæki undirbúningurinn og frímerkjagerðin nokkuð langan tíma, svo að varla væri við því að búast, að hin nýju frímerki gætu komist á gang fyr en um næstu áramót.

Enn mun ekki vera búið að taka fasta ákvörðun um það, hvort þessi nýju frímerki skuli koma í stað hinna eldri, eða þau skuli að eins viðhöfð jafnhliða þeim, svo lengi sem birgðirnar af núgildandi frímerkjum endast.

Reglur um notkun skjala þingsins.

TILKYNNING frá forseta, 5. ágúst.

Forseti: Það hefir oft komið fyrir, að ýms skjöl hafa verið send inn á þing, án þess að nokkur þm. hafi tekið það að sér, að bera þau fram. Þetta stríðir á móti þingsköpunum, og vil eg vekja athygli á því, að framvegis mun slíkum skjölum ekki verða viðtaka veitt.

Sömuleiðis skal eg vekja máls á því, að stundum að undanförnu hafa þm. tekið aftur ýms skjöl, sem þeir hafa flutt inn á þing, og lögð hafa verið fram á lestrarsalnum. Hafa þannig tapast ýms þau skjöl, sem að réttu lagi hefðu áttu að geymast í skjalasafni alþingis. Til þess að ráða bætur á þessu eftirleiðis, hefir okkur forsetunum komið saman um, að semja regur um notkun skjala þingsins, og hafa þær verið festar upp á lestrarsal þingsins í sambandi við reglur, sem þingskrifurunum hafa verið settar. Skal eg leyfa mér að lesa upp héðan frá forsetastólnum, það af reglum þessum, sem snertir umrædd skjöl.

1.

Öll skjöl, sem þingmenn flytja inn á þingið, gangi fyrst í gegnum skrifstofuna, en sé ekki dembt inn í nefndir bak við hana, eins og oft hefir við gengist.

2.

Ekkert skjal né fundur sé af lestrarsal þingsins tekið kvittunarlaust.

3.

Öllum skjölum, sem nefndir, þingmenn, eða aðrir fá léð af lestrarsal þingsins, sé aftur skilað skrifstofunni, og þingmenn mega að þinglausnum upp héðan ekkert skjal með sér taka heim í hérað upp á sitt eindæmi, sem ósjaldan hefir komið fyrir.

4.

Engir eiga heimting á, að þeim sé aftur skilað skjölum, sem þinginu eru send og bókfest verða, öðrum en þeim, sem eru persónuleg meðmæli með umsækjanda, eða uppdrættir, sem ekki verða kopíeraðir. Þurfi þingmenn að fá önnur skjöl aftur í opinberar þarfir, eiga þeir heimting á að fá staðfesta afskrift þeirra ókeypis, og segi þá til, ekki síðar en að þinglausnum, á hverjum skjölum þeir þurfi að halda.

Ávarp til konungs.

TILLAGA til þingsályktunar um ávarp til konungs (þgskj. 212); ein umr.

ATKV.GR.: Ávarpið (þgskj. 212) samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja.

Þinglokaræða forseta,

25. ágúst.

Forseti: Störfum þingsins er nú lokið að þessu sinni, og er því eðlilegt, að manni verði það fyrir, að renna augunum til baka og líta yfir, hvað gert hefir verið. Þegar haft er tillit til þess, að þetta er aukaþing, er það auðsætt, að það, sem afrekað er, er eigi eins mikið að vöxtunum og framkvæmt er á reglulegu þingi; en auk þess, sem það að vöxtunum mun hafa afrekað tiltölulega eins mikið, eins og unnið hefir verið á reglulegu þingi, þá er ekki á vöxtuna að líta, heldur á innihald og þýðing laganna. Ein einustu lög geta haft margfalt meiri þýðingu fyrir þjóðina heldur en 10 önnur. Og einmitt nú á þessu stutta þingi höfum vér afgreitt þýðingarmeiri lagaboð en ef til vill nokkuru sinni áður, svo að þetta aukaþing 1902 mun eflaust lengi í minnum haft, og þess jafnan getið sem eins hins þýðingarmesta og merkasta þings; því að í fyrsta lagi hefir þetta þing samið kosningalög, sem gera öllum greitt að kjósa á þing; en það hefir víða verið mönnum alveg fyrirmunað hingað til, þótt kosningarrétt hafi haft, nema þá með ærnum kostnaði og fyrirhöfn; einnig er kosningalögum þessum þannig háttað, að enginn veit, hvern hver einstakur kjósandi velur, en það er alkunnugt, að margur kjósandi hefir greitt þingmannsefni atkvæði nauðugur og á móti sannfæringu sinni, og þarf ekki að lýsa því, hvílík áhrif þetta ákvæði því hefir fyrir siðferði þjóðarinnar. Svo hefir þingið og samþykt lög um innlendan brunabótasjóð, mjög þarfleg og góð lög í sjálfu sér, hvernig sem tekist hefir með samninguna í einstökum atriðum, því að bæði þessi lög hafa það sameiginlegt, að þau eru samin af þingmönnum og borin upp af þeirra hálfu, án þess stjórnin hafi þar liðsint í nokkru.

Enn fremur hefir þingið hreyft ýmsum nauðsynjamálum þjóðarinnar, og skorað á stjórnina að undirbúa þau til næsta þings, og um leið gefið henni ýmsar mikilsvarðandi bendingar um málin.

En ekkert af þeim er þó nægilegt til þess að réttlæta þau ummæli mín, að þetta þing hafi sérstaka yfirburði yfir öll önnur hin fyrri þing; en það sem gerir það, er það, að nú, loksins nú hefir þingið borið gæfu til að gera enda á hinni langvarandi, æsandi og jafnvel hatursfullu innanlandsstyrjöld um fyrirkomulag hinnar æðstu stjórnar þessa lands, sem varað hefir fram undir 20 ár. Eg segi: gera enda á

þessari baráttu, því að þótt næsta þing eigi eftir að segja sitt síðasta orð, þá er því svo farið, að það verður annaðhvort að staðfesta frumvarp það til stjórnarbótar, sem þetta þing með öllum samhljóða atkvæðum hefir samþykt, eða þá að kasta þjóðinni á ný út í nýja og vonlausa baráttu, sem auk þess má búast við að verði enn æstari, enn hatursfyllri, því nær sem vér höfum verið takmarkinu. En til þess mun enginn gerast svo djarfur, enda þjóðin í einu hljóði þagga slíkt niður, því nú gildir það að verða samtaka, þótt óeining hafi áður ríkt. Það er því mín sannfæring, að þetta þing hafi grundvallað það stjórnarfyrirkomulag, sem vér væntanlega eigum lengi að búa við, og rætist nú sú von, sem vér án efa allir berum í brjósti, að þessi nýja stjórnarskipun reynist til blessunar fyrir land og lýð, til eflingar atvinnuvega, mentunar og menningar í landinu; þá mun það þykja því þýðingarmeira og merkilegra í augum eftirtíðar sinnar.

Með þessum orðum og með mínu hlýjasta þakklæti fyrir mér auðsýnda velvild af hendi h. deildarmanna, segi eg

fundi slitið.